

SLÉNDINGUR

SÖGUR.

II. BINDI.

Biblioteka  
U. M. K.  
Toruń

128355

II

Kurl. Gesellschaft  
für Literatur u. Kunst.

Fortlauf. Nummer:

2036

Band: Brett:

2 162



N<sup>o</sup> 5533,

about 1/2 the Grand paper



# ÍSLENDINGA SÖGUR.

2036.

EPTIR GÖMLUM HANDRITUM

ÚTGEFNAR

AT TILHLUTUN

HIINS KONÚNGLIGA

NORRÆNA FORNFRÆÐA FÉLAGS.



---

URÐAR ORÐI

KVEÐR ENGI MADR,

*FJÖLSVINNSMÁL.*

---

ANNAT BINDI. 2

LJÓSVETNINGA SAGA, SVARFÐELA SAGA, VALLA-LJÓTS  
SAGA, VEMUNDAR SAGA OK VÍGASKÚTU,  
VÍGAGLÚMS SAGA.

---

KAUPMANNAHÖFN.

PRENTADAR HJÁ S. L. MÖLLER.

1830.





128355

D.





LJÓSVETNÍNGA SAGA,  
SVARFDÆLA SAGA,  
VALLALJÓTS SAGA,  
VEMUNDAR SAGA OK VÍGA-  
SKÚTU,  
VÍGAGLÚMS SAGA.

---

EPTIR GÖMLUM HANDRITUM

ÚTGEFNAR

AT TILHLUTUN

HINS KONÚGLIGA

NORRENA FORNFRÆÐA FÉLAGS.

---

KAUPMANNAHÖFN.

PRENTADAR HJÁ S. L. MÖLLER.

1830.



PROSPECTING SAGA

STANDARD SAGA

VALUABLE SAGA

MINERAL SAGA OR VISA

SMITH

MINING SAGA

MINING SAGA

MINING

AT THE

MINING

MINING SAGA

MINING SAGA

MINING SAGA

MINING



**S**ögur þær, er hér koma fram í öðru bindi Íslendinga sagnaflokksins, viðkoma allar Norðlendingafjórðungi, ok voru því hér saman valdar; fara þær og að mestu leiti yfir sama tímabil, og geta víða við sömu manna og atburða, eru og allar líkar að frásagnar hættinum; en að útgáfu hvörrar sögu sérilagi hefir svo búið verið, sem nú skal greina:

**1. LJÓSVETNINGA SAGA**, er og nefnist *Reyk dæla*, en stundum *Sagan af Guðmundi ríka* (bls. 1—112), er prentuð eptir pappírshandritinu Nr. 485 í 4blf. (*A*), er það rituð með hálfsettu letri og nýligri réttritun, sem hér hefir hvervetna löguð verið að þeim hætti, sem eldri er og í slíkum ritum heldur viðhafður; handrit þetta þikir nærst fara skinnbók-*arbroti* því, er kallast *C*, og má vel vera skrifuð eptir því, áður meiri hluti þess glataðist, sem nú er. Pappírshandritinu Nr. 35 í arkarf. í bókasafni konungs í Stokkhólmi með hálfsettu letri (*S*) ber allvíðarst saman við *A*-bókina; en því er pappírshandritið Nr. 554 í 4blf. með nýligri hendi og réttritun að öllu leiti samhljóða, og er þess því eigi frekar viðgetið; bæði hafa þau kapitula fyrisögn umfram *A*, og er hún úr þeim tekin. Þessi handrit voru þau ein, er hér voru til fullkonnust af sögunni, þó enn vanti nokkuð aptanvið hana í þau, hefir og eigi tilspurzt annarra, er betur væri farið, þótt borð hafi verið undir fróða menn á Íslandi, og mun því niðurlag sögunnar eigi framar tilvera. Þá hefir enn verið samantorð skinnbók-*arbrot* úr sögunni í Nr. 162 *A* í arkarf. (*C*); fyrsta blaðið hefst í 5ta kap. og nær þangað fram í 7da kap., sem í athugasemdum um er tilbendt; annað blaðið byrjar í 11ta og nær fram í 13da kap., og það eð þriðja, tekur við í 24da og nær fram 25ta kap. Bókin, sem blöðin eru úr, hefir verið í stóru 4blf. og eigi mjög vel rituð, en er þó að líkendum frá 14du aldar lokum; á henni hafa fleiri Íslendinga sögur verið, því brot er enn til í sama Nr. af Finnþoga sögu ramma, er við hin á. Enn hefir hagnýtt verið brot af sögunni á kálfskinnsbók, Nr. 561 *C* í 4blf. (*D*); það er vel rituð, og eigi líkliga seinna enn á 14du öld. Við réttritun þess er það helzt aðgætanda, að *a* er þvinær hvervetna í upphafi orða brúkað fyrir *e*, líka er *ai* víða viðhaft fyrir *á*. Fyrri



brotið byrjar á sögunni, og nær fram í 4ða kap., þar sem til er bændt; það er nokkuð frábrugðið, og er helzti orðamunur þess tekinn; síðara brotið byrjar í 13da kap., þar sem þess er viðgetið, segir þar frá með öllum öðrum orðum, er og nokkuð frábrugðið innihaldið, og fer á þann hátt fram allt inn í 18da kap., var eigi hæft að tilgreina þann orðamun allan; en úr því, og þángað, sem brotið endar í 21sta kap., er orðamunurinn stöðugt tilfærður. Þá hefir enn viðhaft verið pappírshandritið Nr. 514 í 4blf. með settaskrift (*B*), og keimur því víðarst saman við *A*, meðan það nær til; en þar sem með 21sta kap. er lokið að segja frá málalyktum eptir Þorkel hák og seinast frá æfilokum Guðmundar ríka, skilur þækurnar, og bindur *B* með tuttugasta og öðrum kap. enda á söguna, er þari ágríp af seinni viðskiptum Ljósvetninga og nokkuð um ætt þeirra, og lýkur sögunni þar með, sem sjá má af kap. þessum, er í athugasemd er tilfærður. Þaræð frásögunni í *B*, sem nú var sagt, lýkur með æfidögum Þorkels háks, og sagan er í fyrirsögninni við hann, Guðmund ríka og Þorgeir, kend, er eigi ólíklegt, að frásögn þessi sé sú en sama, er menn kallað hafa sögu Þorkels háks\*), því eigi finnst hér nú í handritasöfnum önnur saga, er við hann sé kend; er og all-líklegt, að Ljósvetninga sagan hafi áður verið í tveim sögum, og hafi sú fyrri, eða eldri sagan, farið yfir æfidaga Þorkels háks og Guðmundar ríka, og sé það nú talda handrit þesskonar; en seinni parturinn sagt frá æfi Eyólfs Guðmundssonar og ósátt þeirri, er gjörðist milli afkomenda Guðmundar ríka og Þorkels háks, álíka og Vemundar saga og Vigaskútu eru aðgreindar í skinnbókinni Nr. 561 A í 4blf.

2. SVARFDÆLA SAGA (bls. 113—198), er prentuð eptir pappírshandarriti Nr. 161 í arkaf. (*A*), með settleturslendi Síra Jóns Erlendssonar í Villingaholti, en kapitula fyrirsögunni er seinna viðbætt; rættitunin í bók þessari er á þann veg, að líklegt er hún sé rituð eptir allgóðri skinnbók. Í handriti þessu eru nokkrar eyður í sögunni, og tvær þeirra mestar í niðurlagi 9da kap. og inni í þeim 10da, og er þar mikið úr fallið; hinar í 10da, 11ta, 14da og 25ta kap. skerða lítt meininguna; en ekkert handrit það, er tilfækkst bætti í sköðin. Að visu hafði Herra Prófessor Rask á ferð sinni í Islandi eignast uppfylling til beggja aðaleyðnaanna, er hann af ljúfmensku sinni lèð hefir við útgáfuna, og er sú uppfylling orðrétt prentuð eptir eginhandarriti hans aptanvið söguna; en bæði bera mörg orðatæki í henni og líka einstök orð merki þess, að hún er sjálfri sögunni mikið yngri, enda má og sjá af samauhurð við Landnámu, að höfuðatriðin eru þaðan tilfengin,

\*) Sjá *Cfr. Erichsens brev til Sæhm i hans Samlede Skrifter, 15de Deel, Kh. 1798, bls. 445.*



en hinu viðbætt, eptir ágizkun, og því, sem sé, er úrbætti, hefir þelzt ráðið af efni sögunnar að hlyða mundi; hefir hann því og tvisvar (bls. 195, 196, sbr. bls. 139, 140) sett mannanöfn þau milli aðgreiningar strika, er sjálf sagan telur síðar öðruvis en Landnáma, en haldið þó Landnámu-nöfnunum; má það og einn sjá og segja, að traudla hefir sá, er úrbætti, annað viðhaft til uppfyllingar sinnar, einn Landnámu, og líka það, að einn vantar nokkud í innihaldið, er þó verður að hafa staðið áður í sögunni, þar sem manna er getið eptir seinni eyðuna (t. d. Griss), sem hvorki uppfyllingin, eða það, sem til er af sögunni, nefnir hvörnin ástandi. En því þótti hæft að láta uppfylling þessa, sem svo er ástatt, fylgja sögunni, að svo má strax sjá aðalefni þess, sem glatað er. Glöggst má sjá af eyðunum og öðru, að öll handritin, sem tilfengust af sögunni, og saman hafa verið borin við *A*, eru skrifuð annaðhvort eptir sömu skinnbók sem *A*-bókin, eða þó heldur flest eptir sjálfri henni; eru það: pappirsbók i 4blf. Nr. 484, með fljótaskriftarhendi (*B*); þá pappirsbók Nr. 144 i arkarf. með settlettri (*C*), á henni eru fleiri Íslendinga sögur; þá pappirsbók i arkarf. (flugelsbindisbókin) Nr. 160 (*D*), á henni eru og margar Íslend. sögur; þá pappirsbók i 4blf. Nr. 483, með látinu lettri (*E*); þá pappirsbók úr viðbæturnum Nr. 27 i arkarf. (*F*), á henni eru allmargar Íslendinga sögur. Að síðurstu er og samanborin pappirsbókin á bókasafni konungs i Stokkhólmi, Nr. 68 i arkarf. með settlettri (*S*); framan á henni stendur, að hún sé skrifuð eptir gamalli skinnbók.

3. VALLA-LJÓTS SAGA, eða Sagan af viðskiptum þeirra Svarfdæla og Guðmundar ens ríka (bls. 199—228), er prentuð eptir pappirshandritinu Nr. 161 i arkarf. (*A*), sem nú var lýst við Svarfdælu, en i sögu þessari er aungri kapitula fyrisögu viðbætt i handritinu. Handrit þau, er saman hafa verið borin við það eð nú nefnda, eru mjög samhljóða því, og líkliga annaðhvort skrifuð eptir því, þar sem flest eru þau því yngri, eða upprunnin af sömu skinnbók sem það, eins og áður var viðgetið um nokkur þeirra við Svarfdælu; eru það: pappirsbókin Nr. 496 i 4blf. (*B*) með snarhendi, hefir hana átt Þorlákur Skálhólts biskup; þá pappirsbókin Nr. 158 i arkarf. (*C*) með fljótaskrift; þá pappirsbókin Nr. 558 A i 4blf. (*D*) með fljótaskrift; þá pappirsbókin Nr. 558 B i 4blf. (*E*) með fljótaskrift; þá pappirsbókin Nr. 27 i arkarf. úr viðbæturnum (*F*); henni er pappirsbókin Nr. 4 C i viðbæturnum samhljóða; og að síðurstu, pappirsbókin Nr. 68 i arkarf. úr konungsis bókasafni i Stokkhólmi (*S*), sem fyrir var getið.

4. VEMUNDAR SAGA ok VÍGASKÚTU, er og kallast Reykdælingu saga eða Reykdæla (bls. 229—320), er að nokkru leiti prentuð eptir pappirshandritinu Nr. 161 i ark-



arformi (*A*) með settaskriftarhendi Sira Jóns Erlendssonar, sem Svarfdæla og Valla-Ljós saga líka eru á, og nær það fram að eyðunni í 30asta kap. En nokkuð af sögunni, nefnilega frá því í aptara hluta 13da kap., og allt þángaðtil í miðjan 20asta kap. fram, og þá aptur frá því framarlaga í 21sta kap. og fram í miðjan 28da kap., þar sem við er getið í athugasemdunum, er sagan prentuð eptir kálfskinnsbókarbrotinu Nr. 561 A í 4blf. (*D*); það er úr góðri skinnbók í 4blf. og allgamalli, líkliga ritaðri á 14du öld, og með sönu hendi og úr sönu bók, sem *D*-brotið, sem getið er við Ljósvetninga sögu; meðan það er við, er orðamunur úr *A* við það tekinn; í það vantar, framanvið söguna, nokkuð inn í 13da kap., líka er niðurlag 20asta og byrjun 21sta kap., sem tekur yfir eina blaðsíðu í því, gjörmáð, og þá vantar einn aptanvið söguna í því úr miðjun 28da kap. og fram að eyðunni í 30asta kap. Eit má það fullyrða, hvort *A* er skrifuð eptir *D*-handarritinu, áður enn af því glataðist það, sem nú var talið að vantaði, þó er það all-líkligt, því mjög litill orðamunur er þeirra hvervetna, og minni þeirra, enn annarra handritanna, og er þessháttar, að vel má vera afskrifara að kenna; var því og *D* fylgt, að því, er hún tók yfir, að hún virðist frumritið, hefði það ella eigi verið hæft. Kapitula fyrisögn er engin í *A* eða hinum handritunum, en í *D* víðarst máð, og varð þó lesin, og er því viðgetið í athugasemdunum, að hún eigi náði yfir alla söguna. Svo má virðast, sem saga þessi hafi áður verið sundurgreind í tvær sögur, því þar, sem frá Vemundi kögur lýkur að segja, byrjar 17di kap. í *D* með slíkri fyrisögn: saga Vigaskútu, sonar Áskels. Niðurlag sögunnar, er eptir eyðuna kemur í 30asta kap., er prentað eptir aptari blaðsíðu fyrsta blaðsins í skinnbókar brotinu Nr. 561 B í 4blf. (*D*), þar er og á brot af Gullþóris sögu, og er allt í fyrstu úr sönu bók, sem aðalbrotið *D* hér að framan. Fyrri síða blaðs þessa er gjörmáð, og ekkert handrit hefir það uppspurzt, sein þá auðn fylli, er þar verður, í niðurlagi sögunnar; en af efninu má ráða, að eigi vantar meira í söguna, enu á því enu máða hálfblaði staðið hefir, og samsvarar það  $1\frac{1}{2}$  blaðsíðu prentaðri. En þessi handrit hafa við hin samanborin verið, og orðamunur úr þeim tekinn: fyrst pappírskókin Nr. 496 í 4blf., sem Valla-Ljós og fleiri Islendinga sögur eru á (*B*); þá pappírskókin Nr. 158 í arkarf. með allmörgum Isl. sögum (*C*), og að síðustu pappírskókin Nr. 507 í 4blf. (*E*) með fljótaskrift; aptantil í hana er viðskrifað með hendi Árna Magnússonar niðurlags brot sögunnar, er í öll handritin vantar, nema skinnbókina *D* og þessa bók; en þau 3 nú töldu handrit má þvímær kalla *A* og *D* samhljóða, þó *C* beri helzt nokkuð útaf.

5. VÍGAGLÚMS-SAGA, er og kallast Glúma, og þá líka Esphælinga saga (bls. 321—98), er áður prentuð í Ágætum Fernmanna-sögum, að forlagi Vice-



lögmanns B. Marcússonar, á Hólum 1756, í 8blf., bls. 180—240, og betur umvönduð, ef rættitunin er fráskilin, enn hvör önnur sagna þeirra, er þar eru; öðru sinni er sagan útgefin með titli: Vigaglúms saga, sive Vita Vigaglumi, e Manuscriptis Legati Magnæani, Havniæ 1786, í 4blf., og hefir Guðmundur Sýslumaður Pétursson samið látinsku útleggínguna, sem þar er í, og búið á allan hátt að þeirri útgáfu. Nú er sagan prentuð eptir kálfskinnsbókinni Nr. 132 í arkarf. (á bls. 131-41) (A), eins og áður Kaupmannahafnar útgáfan, og eru þó eigi óviða þar afbökun eða rángt lesin orð, úr því, sem í skinnbókinni stendur, er slikt nú allt lagfært. Skinnbók þessi er mikil, og ágæt að letri og rættitun, og litt fábreytlig að því, ber þó stundum til, að stafavillur verða fyrir í henni; hefir það og orðið, þar sem örkun skipti í skinnbókinni, að gleymzt hefir niðurlag vísunnar við lok 23da kap., og í öðrum stað nokkur orð úr byrjun seinustu vísunnar í 26ta kap.; svo virðist, sem hún sé skrifuð snemma á 14du öld, og eru enn margar Islendinga sögur þar á, auk þessarar. Pappirshandritið Nr. 508 í 4blf., með settleturshendi Ásgeirs Jónssonar, er orðrætt skrifað eptir skinnbókinni, og þurfi því eigi að samanberast; sama er að segja um pappirsbækurnar Nr. 144, 153 og 164 B í arkarf., því þó litill sé orðamanur þeirra og A, mun hann einungis sprottinn af gáleysi þeirra, er afskrifuðu. Við A er sagan í Hóla-útgáfunni (B) samanborin, ber þeim eigi til muna á milli, nema það, er B ein bætir úr stöku-eyðunni, sem í A og hinum handritunum er. Enn er orðamanur tekinn úr pappirsbókinni Nr. 455 í 4blf. með snárri settleturshendi Sira Helga Grimssonar á Húsafelli (C), og er hún allregluliga skrifuð; á þeirri bók eru ýmsar aðrar Islendinga sögur; handrit þau, er nú voru talin og hana, skilur það helzt, að hún bætir við í upphafi sögunnar nokkrum ættartölum, sem í þau vanta. Samhljóða C eru að mestu pappirsbækurnar í arkarformi Nr. 143 með settletri, Nr. 160 með settleturshendi Sira J. Erlendssonar, Nr. 164 A með snarhendi Sira J. Gizurssonar, allrættliga rituð, og Nr. 217 B, mjög óregluliga rituð; og þá enn Nr. 509 í 4blf. með fljótaskristarhendi Sira J. Erlendssonar, Nr. 565 B og Nr. 582<sup>9</sup> í 4blf., og þó bækur þessar víki stundum í stöku orðatiltæki frá C, og hvör frá annari sin ímillum, má þó eigi síður fullyrða, að þær eru allar af sömu skinnbók eða fruniriti sprottnar sem hún, og virðist því óþarft að taka smá-orðaman úr þeim.

Öll handrit þau, sem hér að framan hafa talin verið við sérhverja sögu, og eigi var viðgetið hvaðan sèi, eru úr handritasafni Arna Magnússonar á Sivala-torni í Kaupmannahöfn.

Að afskrift frunritanna, samanburði handrita og leiðrættíngu prófarka við söguruar í bindi þessu, hafa í sameinngu



starfað tveir af meðlimnum fornritanefndar Félagsins, Cand. ÞORGEIR GUÐMUNDSSON og ÞORSTEINN HELGASON, en sá fyrrnefndi hefir samið bæði registurinn aptanvið bindið. Þess má hér og geta, að Ljósvefninga saga er sérilagi útgefin úr bindi þessu, líka Svarfæla og Valla-Ljóts saga báðar saman, og þá einn Vemundar saga og Vigaskútu ásamt Vigaglúms sögu, og titilblað o. s. frv. prentað við hvörja þessara þriggja deilda úr bindi þessu.

KAUFMANNAHÖFN, DAG 28 JAN. 1830.



LJÓSVETNÍNGASAGA.



LIBRERIA



---

## Ljósvetningasaga<sup>1</sup>.

---

*Vidreign þingmanna Þorgeirs goða í Reykjadal  
ok þarumkrting.*

**Þ**ORGEIR goði bjó at Ljósavatni, höfðingi mikill. Forni hèt maðr, er bjó í Haga í Reykjadal<sup>2</sup>, góðr bóndi. Þá bjó Arnór í Reykjahlíð, faðir Þorsfinns, kappi mikill; þeir voru menn<sup>3</sup> Þorgeirs goða. Þat er sagt, at þeir Þorsfinnr ok Grettir fundust, ok ræð þar hvorgi á annann, ok má af því marka, hvörr kappi hann var. Í þann tíma bjó Ófeigr Járngerðarson í Skörðum, höfðingi mikill ok garpr. Ölver hèt maðr, er bjó at Reykjum, góðr bóndi. Þeir bræðr Sölmundr ok Söxólfr<sup>4</sup> bjuggu at Gnúpum, Viðarssynir, garpar miklir ok ójafnaðarmenn; [þeir bjuggu fyrst fyrir austan ána<sup>5</sup> í dalnum, ok voru óeirðarmenn miklir um kvennamál<sup>6</sup> ok vígafærli, ok höfðu<sup>7</sup> svá mikinn yfirgáng, at fáir treystust á móti þeim at

---

<sup>1</sup>) Þannig *A, D*; hér hefr sögu af Þorgeiri goða, Guðmundi ríka ok Þorkeli hák, *B*; hér byrjast Ljósvetningasaga eða Reykdæla, *S*. <sup>2</sup>) Reykjardal, *D*. <sup>3</sup>) Þingmenn, *B*; þingmenn ok vinir, *D*. <sup>4</sup>) Þannig *D*; Eyólfr, *hin*. <sup>5</sup>) ok bjuggu fyrir austan, *D*. <sup>6</sup>) kvennafar, *D*. <sup>7</sup>) því, *b. v. B. D*.



gánga eðr þeirra vilja; ærit voru þeir frægir ok þó at illu. Sölmundr var fyrir þeim; hann veur komur sínar til Ölvis at hitta dóttur hans [ok án<sup>1</sup> vilja frænda hennar, ok fêkst þó engin forstaða af litilmenni<sup>2</sup>. Þat er at segja, at Ófeigr átti för inni hérað; ok hitti Ölver hann, ok bað hann koma þar, er hann færi apir, ok sagði honum ósæmü þeirra bræðra Viðarssona. Ófeigr mælti: illa mun sjatna ójafnaðr þeirra bræðra, en koma mun ek hær, er ek fer heim. Ölver þakkar Ófeigi góð orð. Ölver hafði 18 þræla. Ófeigr kom þar um kveldit. Nú er at segja frá þeim Viðarssonum, þeir fara heiman til Ölvis; þá tekr Sölmundr til orða ok mælti: Þið bræðr skuluð standa í dyrum ok horfa við drengiliga, vænti ek at rír verði þræla ættin fyrir oss. Sölmundr gekk inn, ok sókti eptir konunni ok hafði á brott. Þá mæltu þrælarnir: hvat munum<sup>3</sup> vèr nú 18, [ef þeir koma til 3 Viðarssynir<sup>4</sup>. Síðan spratt Ófeigr upp, tók vopn sín ok gekk út eptir þeim, voru þeir þá komnir at túngarðinum; ok í því, er Sölmundr vill taka við konunni ok hafa<sup>5</sup> hana útaf garðinum, grípr Ófeigr til hennar ok kippir henni innaf garðinum, ok mælti: hvartil ætlar þú, Sölmundr! segir hann, um þína<sup>6</sup> ósæmd, er þú gjörir eptir bóndadætrum, ok máttu svá tilætla, at menn muni eigi þola þær þat; í Skörð máttu sækja hana, ef þú vilt, ok reynum við með okkr. Sölmundr mælti: ekki munum við þetta til þrætu<sup>7</sup>

<sup>1</sup>) þannig B; í mótt, D; at ná henni án, S; ok ná, A. <sup>2</sup>) litilmennsku föður hennar, D. <sup>3</sup>) gjörðu, D. <sup>4</sup>) er þeir V. synir komu at 3, D. <sup>5</sup>) hefja, D. <sup>6</sup>) þá, B. <sup>7</sup>) þrautar, D.



leggja, ok skildust at því, at þeir fóru í burt, ok tókust af fillíngar síðan ok ósæmd af tilkomu Ófeigs; sat Ölver síðan í friði. Litlu síðarr kom (út) Hallvarðr Arnórsson í Húsavík; Sigurðr hèt maðr, er í skipi átti með honum, norrænn; þeir Austmenn vistuðust þar<sup>1</sup>, ok var Sigurðr með Fornu í Haga; hann seldi varnúng sinn um vetrinn<sup>2</sup>, ok fór um sveitir ok hèreð; svá bar til, at hann reið fyrir neðan garð Sölmundar, ok lá hestr hans í keldu; Sölmundr sá þat ok fór til, ok bauð honum til sín, tók við honum vel ok gjörði honum beinleika, ok falaði varnúnginn at honum, ok hèt verði fyrir. Austmaðrinn fór heim, ok sagði Fornu, at hann hefði seldt Sölmundi varnúnginn. Forni lét illa yfir ok sagði, at hann mundi illa gjalda. Var nú kyrt um vetrinn. En um vorit ferr Austmaðrinn at heimta varnúngs verðit. Sölmundr svarar um illa, ok kvað fúinn vera varnúnginn, ok vildi ekki gjalda; Austmaðrinn ferr á burt. En bráðla eptir þetta fóru þeir stefnuför til Sölmundar Forni ok Arnór, þeir voru 15 saman; þeir bræðr voru [í virki sínu<sup>3</sup>, ok hlýddu til um hríð. Þá mælti Sölmundr: eigi er einsætt at þola þeim slíkan ójöfnuð; þá skaut Söxólfr spjóti til Austmannsins, ok fékk hann af því bana. Þeir fóru við þetta á burt; Arnór flutti hann uppi Reykjahlíð. Þeir [bjuggust allir<sup>4</sup> til þings, ok var leitast um sættir, ok kom þar, at Söxólfr skyldi fara utan, ok eigi út-

1) um vetrinn, *b. v. D.* 2) ok sagði Forni, hvar skuldarstaðir voru beztir, *b. v. D.* 3) í virki einu, *B;* 3 heima, *D.* 4) bjuggu málit til þings; þeir fóru nú, *D.*



koma, en Sölmundr skyldi utan vera 3 vetr. Fara þeir nú utan, ok lagðist Sölmundr í víking; [ok reyndist hinn hraustasti drengr<sup>1</sup>.

*Orðsendingar Hákonar jarls, ok samtök þeirra Guðmundar ríka ok Þorgeirs goða.*

2. Í þann tíma ræði Hákon jarl fyrir Nor-egi; fór Sölmundr til hans, þá er honum leiddist í víking at vera, mat jarl hann mikils. Sölmundr fýstist um sumarit til Íslands. Jarl kvað þat óráðligt, slikt sem hann [ætti þar<sup>2</sup> um at vera, ok kvaðst fyrr mundi senda út<sup>3</sup> gripi nokkra, ok hylla<sup>4</sup> svá fyrir honum; hann sendi girzkan hatt [Guðmundi enum ríka, en Þorgeiri Ljósvetningagoða taparöxi<sup>5</sup>. Sölmundr var 2 vetr í Noregi; eptir þat fór hann út til Íslands, ok hittir [Guðmund ok segir honum orð jarls, at hann hefir sendt hann þeim til trausts ok halds. Guðmundr tekr við honum, ok fèkk honum 4 menn til fylgdar; hann færði Þorgeiri þá ena góðu gripi, er jarl hafði sendt honum<sup>6</sup>. Þorgeir mælti til Sölmundar: Guðmundi varstu sendr, því hann var jarli handgenginn. Guðmundr mælti: Þorgeiri<sup>7</sup> voru gripirnir sendir, ok sæki hann af því þitt traust, en ef þú vilt eigi við honum taka, þá skulum vèr allir saman veitast at málum þeim. Þorgeir svarar: ek er vandt viðkominn, er synir mínir ok þingmenn eiga hær hlut í;

<sup>1</sup>) ok þeir bræðr, *D.* <sup>2</sup>) átti hær, *D.* <sup>3</sup>) skip ok, *b. v. D.*  
<sup>4</sup>) hlyna, *D.* <sup>5</sup>) ok taparöxi þeim *G.* ok *Þ.* goða til trausts, *D.* <sup>6</sup>) þá, ok sagði þeim vingan jarls ok orð, en afhendi þeim gjafirnar, ok gripi þá, er jarl hafði sendt; þeir tóku við honum, ok voru honum fengnir 4 menn til fylgdar, *D.*  
<sup>7</sup>) þær, *D.*



mun ek nú eiga hlut í ok styðja at, segir Þorgeir, en þú vert fyrir málum. Guðmundr svarar: ek kann ekki í móti [lögum at mæla<sup>1</sup>. Sè ek ráð til, segir Þorgeir, at við komum honum á [þínar sveitir<sup>2</sup>, á Eyfirðinga leið, ok Reykdæla leið, ok Ljósvetninga leið, ok höldum [saman leiðum þeim öllum<sup>3</sup>, þótt mínir þingmenn sè meirr norðr þar, ok mun þá maðrinn vera friðhelgaðr, ef svá gengr. Þorgeir átti fjóra<sup>4</sup> sonu: Tjörfa<sup>5</sup>, Höskuld, Finna ok Þorkel<sup>6</sup>. Þorfinnr var þá utan úr Reykjahlíð, en Arnór frændi hans fór þá at hitta Þorgeir goða, ok biðr hann veita sonum sínum. Þorgeir svarar: eigi mun ek vera á móti Guðmundi hinum ríka, vin mínum. Arnór mælti: [þat væri ráð mitt, at eigi gengir þú<sup>7</sup> í móti sonum þínum<sup>8</sup>. Þorgeir svarar: mèr þikir þeir<sup>9</sup> illt ráð hafa upptekit, at leggja sæmd sína<sup>10</sup> við eins manns mál útlends, ok sá nú þó dauðr, ok mun ek Guðmundi veita. Arnór mælti: kynlig veizla, ok at illu mun verða. Síðan riðr Arnór á Vagla; þar bjó Höskuldr [Þorgeirsson; hann<sup>11</sup> hittir þá bræðr alla, ok segir, hvert efni hann ætlar í vera um samband þeirra höfðingjanna, ok kvað þat ráð, at þeir færi at hitta þórd frænda<sup>12</sup> sínu, vitran mann ok yðr velviljaðan; ok svá gjöra þeir. Nú liðr á sumarit, ok setja þeir njósnir í lið þeirra höfðingja, ok verða við þat var-

1) því at mæla, er þú hefir lögin í þínu valdi, *D.* 2) þrjár leiðir, *B*; Þverárleið, *D.* 3) sama leiði, *D.* 4) 3, *B.* 5) norræna, *B*; Torfva, *D, S.* 6) þannig réttara *B, D, S*; Þorlák, *A.* 7) eigi veit ek hvat í slíku er fölgit, ok gakk þú eigi, *D.* 8) er málinu vilja fylgja, *t. v. D.* 9) þú, *D.* 10) í verðing, *t. v. D.* 11) Þorgeir, *r. ugt, D.* 12) föðurbróður, *B, D.*



ir, at þeir ætla at koma manningum á 3<sup>1</sup> leiðir, svá at þeir synir Þorgeirs mætti ekki vita. Guðmundr ok Þorgeir ætla nú at fjölmenna mjök. Þeir safna ok saman liði bræðr; ok er þeir eiga skamt til leiðmóts, þá segir Finni Þorgeirsson, at þeir muni ríða í mót liði þeirra höfðingja, ok svá gjöra þeir, ok stíga nú af baki hjá sauðahúsinu, ok láta hestana á baki húsinu, en þeir ganga inni húsit; [á húsinu voru 2 vindaugu<sup>2</sup>, en svá lá til, at þeir Guðmundr urðu at ríða fyrir dyrnar; nú berr þá at brátt. Finni Þorgeirsson var vel skygn; hann mælti: Þat ræð ek, ef yðr er hugr á at banna Sölmundi leiðina, þá missið eigi klyfjahestsins, er í milli þeirra er rekinn höfðingjanna. Höskuldr mælti: ek skal þat hæfa<sup>3</sup>. Ok er þeir ríða fyrir dyrnar, skýtr Höskuldr spjóti ok fyrir brjóst Sölmundi<sup>4</sup>, þeir bræðr hlaupa út úr húsinu ok til hesta sinna, ok ríða til liðs síns, En þeir Guðmundr ok Þorgeir bregða við skjótt, þegar er þeir vissu, hverir ollat höfðu, ok ríða eptir þeim; ok er þeir finnast, slær þegar í bardaga með þeim; þar féll Arnór úr Hlið af liði þeirra Þorgeirssona, þar féll ok húskarl Guðmundar, ok einn maðr af þeim bræðrum; ná þeir Guðmundr nú eigi leið sinni. Þórðr, [frændi þeirra Þorgeirssona<sup>5</sup>, gekk þar mest í milli mauna, ok kvað þorgeiri þat mjök missýnast, at hann gekk í móti sonum sínum með orrostu. Skilja þeir nú við þetta at sinni.

<sup>1</sup>) Þverár, *D.*    <sup>2</sup>) svá var háttat húsinu, at 2 voru vindaugu á hlöðummi, *D.*    <sup>3</sup>) annast, *D, S.*    <sup>4</sup>) þar sem þeir fóru með hann, *b. v. D.*    <sup>5</sup>) bróðir Þorgeirs, *D.*



*Samræður ok liðsafnaðr hvorutveggju at  
málum.*

3. Eptir fundinn var Þorgeiri sagt, at Höskuldr son hans væri sárr mjök<sup>1</sup>. Þorgeir svarar ok mælti til Guðmundar, at illt hlyti af málum þessum, ok mun ek skiljast við þik<sup>2</sup>. Guðmundr svarar: Þat er nú ráð, at við söfnum okkr liði. Ekki mun nú at því verða, segir Þorgeir; ok ferr hann heim. En frá Höskuldi er þat at segja, at hann var ekki sárr; var þetta því til bragðs tekit, at menn vildu at Þorgeir skildist við Guðmund, sem var. Þeir bræðr voru nú allir saman ok óhelguðu Sölmund, þeir lögðu nú ok fjandskap á Guðmund, sem lengi hélzt síðan. Þeir bræðr sátu nú einir yfir sæmdum, ok áttu fund um vorit, ok bundu þat saman, at skiljast eigi við málit; þeir búa til vígsmálit eptir Arnór ok fjórráð við sik. Guðmundr átti amann fund við menn sína. Þeir bræðr hittu Ófeig, ok báðu hann [koma til liðveizlu við sik<sup>3</sup>, ok sögðust enn<sup>4</sup> atfylgja, þótt þeir höfðu þann óhelgaðan, er fyrst fór með vélræði, en síðan með því hann kom fyrr út enn hann átti. Ófeigr hafði áðr setit hjá málum þessum, ok latti hann, ok kvað ófallit at deila við föður sinn: en mér þikir enn allóráðit, hvort hann skilst við málit, ok vilda ek at þú<sup>5</sup> sættist á málit með jafnaði, ok er sá beztr, ok mun ek riða til með þér. Höskuldr kvaðst til litils erendis hafa farit á hans fund: ok ertu kallaðr skör-

<sup>1</sup>) ok báðu menn hann skiljast við mál þessi, ok vera eigi á mót sonum sínum, *b. v. D.* <sup>2</sup>) ok svá gjörir hann, *b. v. D.* <sup>3</sup>) koma á leið t. l. v. s., *B, S;* fara til leiðar, *D.* <sup>4</sup>) réttu, *D.* <sup>5</sup>) þú, *B.*



úngr<sup>1</sup>, en ek má ekki af því hæla. Ófeigr mælti: mikit tekr þú af þessu, en leita mætti ek um sættir fyrst, en skiljast<sup>2</sup> ekki við þik í þraut; en þat ræð ek þér, at þú farir vægiliga með yðru máli, en tak eigi sættum fyrr, enn vær komum. En hálfum mánaði fyrir þing<sup>3</sup>, reið Tjörfi í Guðdali<sup>4</sup>, fyrir því at hann var þar mægðr, ok þaðan reið hann til þings. Guðmundr hittir Þorgeir, ok spyr um afla þeirra sona hans. Þorgeir kvaðst ætla, at þeir mundi hafa fjölmenni. Mun þat satt, segir Guðmundr, at til sè búit vígsmálit, ok óhelgaðr Sölmundr? Þorgeir mælti: [víst er þat<sup>5</sup>, en hafa munum við mannfjölða í móti þeim; ok fara nú allir til þings, hvörr með sínu liði.

*Málalyktir á Fjósatúnguþingi í Fnjóskadal.*

4. Arnsteinn hét maðr, er bjó í Öxarfirði at Ærlæk<sup>6</sup>; hann átti Þriðjúng í goðorði með Þorgeiri, en synir hans Þriðjúng. Ófeigr var þá kominn til þings með 50 manna. Þeir Tjörfi fóru austan nær<sup>6</sup> 100 manna, ok voru á þingi nótt eina. Þá gengu þeir á fund Arnsteins Tjörfi ok Höskuldr, ok kölluðu hann til máls við sik; hann bað þá inni viðtalast; þeir báðu hann útganga, ok svá gjörði hann. Þá mælti Höskuldr: hær horfist til málaferla, ok horfir mjök í móti oss frændum, en þér vandi á báðar hendr, ok kalla þeir oss ómæta<sup>7</sup> í kviðinum; en nú egum vèr Þriðjúng í goðorði, en faðir vor annan, en þar<sup>8</sup> ræðr, hvar þú snýst at, ok þeir hafa meira

<sup>1</sup>) drengr góðr ok garpr mikill, D. <sup>2</sup>) þannig, D; þetta, A. og hin. <sup>3</sup>) Guðdali, D. <sup>4</sup>) þat er vegr, D. <sup>5</sup>) Arlæk, L. <sup>6</sup>) með, D. <sup>7</sup>) ómaga, D. <sup>8</sup>) þat, B, S; þú, D.



hlut, er þú snýst at með. Arnsteinn svarar: Þat er vandi mikill, mēr er vel við þorgeir, ok er þat ráð mitt, at þið leggið á hans vald. Höskuldr svarar: ekki fara málaefni svá til. Höskuldr stóð utan fyrir búðardyrum, en Tjörfi í búðinni, en Arnsteinn í milli þeirra. Tjörfi mælti: engin sæmd er boðin fyrir Arnór vin vorn. Höskuldr mælti: þat hæfir, at þú gjörir þat, sem vēr viljum, en þó er nú ekki at draga fyrir þer lengr<sup>2</sup>, gjör sem vēr biðjum, eðr reyn ella, hvort öxin bitr! Tjörfi mælti: með óhöppum hefir hafizt, ok svá mun slitna. Tak af enn vildra kost, (segja þeir), ok er svá þetta upphafit, at eigi mun niðrfalla. Hann tekr þat ráðs, sem þeir vildu, ok skildust at því, ok skyldi hann fara á fund þeirra um morguninn eptir; þeir taka við mönnum hans ok tjalda húð hans, ok ætla til dóma at gánga. Guðmundr mælti til þorgeirs: synir þínir gánga nú fast fram, en þú eldist, eða hvort er raunar, at þú vilt eigi í móti þeim gánga, ok þeir hafa allt málit undir sèr ok dómendr? Þorgeir mælti: allt mun koma fyrir eitt, bjargat mun málinu verða at lögum. Guðmundr mælti: þat er nú sem tekst til við þá, sem um er at eiga, ef þeir koma til alþingis; þar munu þeir framkoma, þó eigi komi þeir hær fram, eðr hafi eigi til fjölmenni. Síðan mælti Höskuldr: hvi seti þer eigi dómendr niðr? Þat má vera, sagði Tjörfi, at þeir [af]la minur<sup>3</sup>, enn þeir ætluðu. Höskuldr mælti: illt er þat, ef föður minn þrýtr drengskapinu, ok gaungum nú

<sup>1)</sup> þannig D; ef, hin.    <sup>2)</sup> hér endar fyrsti partr brotsins D.  
<sup>3)</sup> sè af]a minni, B, S.



at þeim Guðmundi. Ófeigr mælti: eigi hæfir þat, leitum heldr um sættir; en ef þetta kemr til alþingis, munu eigur yðvarar uppganga hér til, megi þér þá eigi haldast í öðrum [kostum enn' sættast, ok gjöri þorgeir um mál þessi. Höskuldr mælti: eigi mun þat, ef nokkr er annar til. Ófeigr svarar: sættast munum vèr þorgeir, þóat Guðmundr vil ekki sættast, þvíat þeir eru enn aflamenn miklir. Þeir kváðust fúsastir bræðr, at þeir reyndu með sèr, en Höskuldr kváðst mundi bera kviðinn í móti þeim at öðrum kosti, ok mun þá framganga. Ófeigr mælti: lítit ráð, ok er illt at gjöra þings afglöpum<sup>2</sup>. Þorgeir setr eigi niðr dómendr sína, ok má stefna honum af goðorði sínu, [segir Höskuldr<sup>3</sup>. Ófeigr mælti: hvörr mun þat gjöra? þar sè ek eigi mann til. Höskuldr mælti: ek skal stefna honum af goðorðinu. Ófeigr mælti: þá mun atgángr takast. Höskuldr mælti: vèr skulum rjóða oss í goða blóði at fornum sið, ok hjó hrút einn, ok kallaði sèr goðorð Arnsteins<sup>4</sup>, ok rauð hendrnar í blóði hrútsins. Arnsteinn nefndi sèr votta, en vildi eigi nefna sèr<sup>5</sup> dóma, fyrir því hann vildi eigi berr verða í málum þessum. Síðan gekk Höskuldr í þingbrekku, ok stefndi þorgeiri af goðorðinu, ok nefndi votta þar at ok síðan dóma. Þeir áttu þá þing í Fjósatúngu uppfrá Illugastöðum, þvíat þeir kvomu eigi fram á vorþingi, ok riðu ofan á þingit at finna þorgeir, ok létu standa dóminn á meðan, ok horfðist þá til

<sup>1</sup>) þannig B; köstum ok, A. <sup>2</sup>) er, er ofaukið hér í A, S. <sup>3</sup>) v. í A; tekið úr B. <sup>4</sup>) Hallsteins, B. <sup>5</sup>) v. í B.



atgaungu. Ok þá gekk at með fjölmenni Snorri Hliðarmannagoði, ok mælti: óvænt efni horfist hér til; nú eru tveir kostir fyrir hendi: at láta þá Höskuld dæma mál sín, ok kann vera, at þeir komi því fram með sinum afla, at Þorgeir missi goðorðsins; hinn er annar, at sættast, ok erum vèr þess fúsari, þvíat með kappi voru málin upptekin, ok kann vera þeim aukist vandræðin. Er þat nú einráðit at sættast, ok var þat nú ráð tekit, ok gjörðu þeir þat mest fyrir bænastað vina ok frænda, ok voru handsölut mál í dóm, ok menn til gjörðar nefndir; höfðu þeir Höskuldr virðingarhlut af málum þessum. Sölmundur féll óheilagr; mikil voru fègjöld eptir Arnór, ok þá ekki ákveðin. Arnsteinn fèkk eigi aptr goðorð sitt.

*Sörli Broddhelgason biðr Þórdísar, dóttur Guðmundar ríka.*

5. Þat er sagt, at Guðmundr hinn ríki var mjök fyrir öðrum mönnum um rausn sína, at hann hafði 100 hjóna ok 100 kúa; þat var ok siðr hans, at láta laungum vera með sèr göfugra manna sonu, ok setti þá svá ágætliga, at þeir skyldu aungan hlut eiga at iðja, en vera ávalt í samseti með honum; en þat er<sup>1</sup> þó sá<sup>2</sup> siðr þeirra, er þeir voru heima, at þeir unnu, þó þeir væri af göfgum ættum. Þá bjó Einar á Þverá. Þat var eitt sumar sagt, at af þingi riði með Guðmundi Sörli, sonr Broddhelga, enn siðmannligasti maðr, ok var með honum í góðu yfirlæti. Þá var heima þar með Guðmundi Þórdís dóttir hans, er

1) var, B.      2) þá, B, S.



Þá þótti vera hinn beztu kostur, ok þat var mál manna, at tal þeirra Sörla bæri saman opt; kom þat fyrir Guðmund, ok kvaðst hann ætla, at eigi þyrfti orð á því at gjöra; en þá er hann fann, at eigi varð viðsæt, lagði hann þó aldrei eitt orð í við Sörla, en lét fylgja ofan til þverár þórdisi til Einars. Þat varð enn svá, at þangat bar komur Sörla. Ok einn dag, er þórdis gekk út til lèrepta sinna, var sólskin ok sunnanvindr ok veðr gott; þá getr hún at líta, at maðr reið í garðinn mikill; hún mælti, er hún kændi mannninn: nú er mikit um sólskin ok sunnavind, ok riðr Sörli í garð; þetta bar saman. Ok liða nú fram stundir, ok fór svá fram til þings um sumarit, ok ætlaði Sörli aptr til frænda sinna; ok á þinginu gekk hann einn dag til Einars þverærings, ok heimti hann á tal við sik, ok segir svá: ek vildi hafa liðsinni þitt, til at vekja þónorð við Guðmund bróður þinn til þórdisar, dóttur hans. Ek skal þat gjöra, segir Einar, en opt virðir Guðmundr annarra manna orð ekki minna enn mín; síðan gekk hann til húðar Guðmundar, ok hittust þeir bræðr, ok settust á tal. Þá mælti Einar: hversu virðist þær Sörli? Guðmundr mælti: vel, því slikir menn eru vel mannaðir fyrir hvervetna sakir. Einar mælti: hversu er þá? eigi skortir hann ættina góða ok mannvirðing ok auð fjár. Satt er þat, segir Guðmundr. Einar mælti: koma mun ek orðum þeim, er Sörli lagði fyrir mik, sem er, at biðja þórdisar dóttur þinnar. Hann svarar: ek ætla þat fyrir margs sakir vel fallit, en þó fyrir orðs sakir annarra manna,



[ok orðróm<sup>1</sup>, er á hefir leikit, mun ekki af því verða. Síðan hitti Einar Sörli, ok segir honum, at fast var fyrir, ok þat með, hvat til var fundit, er viðbar. Hann svarar: heldr þiki mēr þungliga horfa svá búit. Þá mælti Einar: nú mun ek leggja ráð fyrir þik; maðr heitir þórarinn tóki Nefjólsson, vitr maðr, hann er vinr mikill Guðmundar; far þú á fund hans, ok bið hann at leggja ráð á með þèr, ok svá gjörði Sörli; kom norðr á fund þórarins, heimti hann á tal við sik, ok mælti: sá hlutr er um at væla, er mēr þikir miklu máli skipta<sup>2</sup>, at þú vildir tilráða at fara með orðum mínum til Guðmundar Eyólfssonar, at biðja Þórdísar dóttur hans mēr til handa. Hann svarar: hví leitar þú þessa við mik? Hann segir honum þá hvar komit er, at menn hafa til orðit at tala um, en eigi lágu svörin laus fyrir. Þórarinn mælti: þat ræð ek þèr, at þú farir heim, en ek mun forvitnast, ok senda þèr orð, ef nokkut vinst, þvíat ek sè at þèr þikir þetta miklu varða. Hann lét sèr þat vel lika; síðan skildu þeir. Fór þórarinn á fund Guðmundar, ok fékk hann þar góðar viðtökur; síðan gengu þeir á tal; þá mælti þórarinn: hvort er svá, sem komit er fyrir mik, at Sörli Broddhelgason hafi beðit Þórdísar dóttur þinnar? Satt er þat, segir Guðmundr. Þórarinn mælti<sup>3</sup>: vel mannaðr, sem þú veizt<sup>4</sup>. Guðmundr mælti: ekki skortir hann þá hluti, ok gengr þat meirr til, at

1) eekið úr B. 2) hér byrjar fyrsta brot af C. 3) hvat læztu svara til verða; eigi sýndist mēr þat, kvað hann; hefir hann eigi ættina til eða er hann eigi, b. v. C. 4) vilt, B, C.



ek vil ekki gefa þeim' þórdísi, er orð hefir áðr áleikit un hag þeirra. Þórarinn mælti: einskis er þat vert; annat berr til, þat þú annt honum ekki ráðsins, ok veit ek þat, þótt þú látir á þessu brjóta. Guðmundr mælti: eigi er þat satt. Þórarinn mælti: ekki muntu mega leynast fyrir mër, ok veit ek, hvat í býr skapinu. Guðmundr mælti: ekki kann ek nú hlut í at eiga, ef þú veizt þetta gjörr, enn ek. Þórarinn mælti: far þú svá með<sup>2</sup>! Guðmundr mælti: forvitni<sup>1</sup> er mër á, hvat þú ætlar mër í skapi búa. Þórarinn mælti: eigi mundir þú mik tilspara at kveða þat upp, er þer þikir. Guðmundr mælti: þar er nú komit, at ek ætla at ek vil þat. Þórarinn mælti: svá skal ok vera; því viltu eigi at ráðahagrinn takist, at þú sèr fyrir landsbygðinni<sup>3</sup>, at eigi verði sá maðrinn fæddr, at hann sè dótturson þinn, er maðrinn ert rikastr, ok ætlar þú, at landsbygðin megi eigi bera ríki þess manns hær á landi, er svá göfugra manna er. Guðmundr mælti ok brosti at: því munum vèr nú ekki gjöra þetta þá at álitamálum? Síðan voru Sörla orð send, ok kom hann heim til mála þeirra, ok gekk hann at eiga þórdísi; þau áttu 2 sonu, Einar ok Brodda, ok voru báðir ágætir menn. Nú er því frá þessu sagt, at Guðmundi þótti gott lofit, en hinn sýndi eptirleitni vitrliga, ok gat nærri skapi mannsins. Dætr 3 [átti Kolbeinn ok Guðriðr<sup>4</sup>; eina dóttur Guðrúnu átti Sæmundr hinn fróði, ok 2 dætr hans áttu þeir<sup>5</sup> bræðr Sæmundar. Kolbeinn Flosa-

<sup>1</sup>) honum, B. <sup>2</sup>) sem þú vilt, b. v. B; þá, b. v. C. <sup>3</sup>) þann-  
ig B, C, S; landsbygðinni, A. <sup>4</sup>) áttu þau, B. <sup>5</sup>) tveir, C.



son var grafinn í Fljótshverfi, en hún færði hann til Rauðalækjar.

*Frá hreppaskilum í Reykjadal ok tiltækjum*

*Ófeigs í Skörðum.*

6. Í þann tíma, er Guðmundr hinn ríki bjó á Möðruvöllum í Eyjafirði, þá bjó á þverá Einar bróðir hans. Guðmundr [var bæði ríkr ok fjölmennr; hann<sup>1</sup> var því vanr, at fara norðr um hæröð á vorin ok hitta þingmenn sína, ok ráða<sup>2</sup> um héraðsstjórn ok skipa málum með mönnum, ok stóð þeim af því hallæri mikit, en höfðu litt áðr skipat til búa sinna; hann reið opt með 30 manna ok sat víða 6 nætr, ok hafði jafnmarga hesta. Þorbjörn hét maðr, er bjó á Reykjum í Reykjahverfi; hann var mikill maðr ok sterkr, vinsæll ok auðigr. Þá bjó Ófeigr Járngerðarson í Skörðum; Önundr hét faðir hans, Hrólfssonar<sup>3</sup>, Helgasonar hins magra. Ófeigr ræð mestu áðr norðr þar; hann var vin þeirra bræðra, Guðmundar ok Einars. Eitt haust er fundr fjölmennr í Skörðum at tala um hreppaskil ok ómegðir manna, ok var því skipt at lögum, en hallæri var mikit norðr þar. Þá mælti Þorbjörn: Þik kveð ek at þessu, Ófeigr! ok mæli ek fyrir margra hönd, þvíat mikil er óöld á mönnum norðr hingat, en þú veizt siðvenju Guðmundar ens ríka höfðingja<sup>4</sup>, at hann ferr norðr hingat á vorin, ok sitr í sumum stöðum lengi; nú kynnum vér<sup>5</sup> vel, ef hann færi við 10<sup>da</sup> mann, en

<sup>1</sup>) v. í B.    <sup>2</sup>) ræða, B, C.    <sup>3</sup>) þannig öll.    <sup>4</sup>) vors, b. v. B, C.    <sup>5</sup>) því, b. v. C.





Þetta er oss ofrefli. Ófeigr svarar: Þar sè ek gott ráð til: Guðmundr hinn ríki skal sitja hjá mèr hálfan mánuð með öllu liði sínu, ok skulu þèr færa honum þángat gjafir þær, er þèr gefið honum, ok leysa hann þaðan á burt. Þorbjörn svarar: reyndr ertu at stórmennsku ok stórlyndi, en þó viljum vèr þenna kost eigi. Ófeigr svarar: Þá mun vandast taka, svá eigi mun öllum vel líka; nú skulu þèr setja inn hesta yðar einum fátt í 30, ok alla feita, þeir skulu allir vera grað-ir<sup>1</sup>, en sækið hey til mín, ef þèr þurfið. Þeir kváðust þetta vilja, ok skilja at svá mæltu. Liðr nú svá, at kemr efsta vika lángeföstu; þá kemr svá, at Ófeigr lætr senda eptir þeim, sem hestana hafa, ok komu þeir í Skörð; [Ófeigr tók<sup>2</sup> þeim vel. Fimmtadaginn bað Ófeigr þá leggja söðla á hesta sína, ok svá gjörðu þeir; en er þeir voru albúnir, var útleiddr hestr Ófeigs ok lagðr á söðull, var hann bæði mikill ok feitr ok graðr; Ófeigr stígr á bak honum, ok var maðr hinn skörugligasti. Ok er þeir ríða úr garði, mælti Ófeigr: þèr munuð þikkjast fara mjök at óvissu ráði, en nú mun ek sjá ráð fyrir oss; þeir játuðu því allir. Þeir ríða upp eptir héraði til Reykjadals, ok svá til Ljósavatns, ok svá til Fnjóskadals<sup>3</sup>, ok svá til Vöðlaheiðar, ok komu til þverár um kvöldit til Einars; hann tók við þeim vel, ok bauð þeim þar at vera fram yfir páska. Ófeigr þakkar honum boðit, en kvaðst ríða mundi upp at Möðruvöllum á laugardaginn. — Þat vil ek,

<sup>1</sup>) gráir, B.    <sup>2</sup>) með hestana, ok tekr Ófeigr við, C, S.  
<sup>3</sup>) Fnjóskadals, S *alstaðar*; sèzt ekki í C.



sagði Einar, at þú komir hér, er þú kemr aptr, ok segir mér tal ykkar Guðmundar bróður mins. Ófeigr kveðst svá gjöra skyldu. Ríða þeir nú uppá Möðruvöllu á laugardaginn; ok er þeir nálgast hæinu, gekk út húskarl einn ok inn aptr, ok sagði Guðmundi, at menn riðu at hænum eigi allfáir. Guðmundr kvað (þat) öngva nýlundu þar í Eyjafirði, þótt menn riði þar um hérað; nú er eitt til marks, hvort þetta eru héraðsmenn vorir, þessir munu ríða þar í hlið, sem þeir koma at, en ef lengra eru atkomnir, þá munu þeir ríða í þjóðhlið, ef nokkrir eru merkismenn í förinni. Húskarlinn kom inn í annat sinn, ok sagði svá: ekki er til efs, at þeir menn ríða at grindhliði, ok ríðr maðr þar einn fyrir í blárri kápu. Ok er þeir komu út, mælti Guðmundr: vera kann at þeir eigi hingat nokkurt erendi Reykdælarnir, eðr nýtt um at vera norðr þar, er kappinn þeirra er hér kominn Ófeigr.

*Viðskipti Ófeigs ok Guðmundar hins ríka.*

7. Guðmundr hinn ríki fagnar vel Ófeigi ok félögum hans, ok býðr þeim þar at vera, svá lengi sem þeir vildu. Ófeigr kvað þá þat þiggja mundu: en vandæfi mun þèr þikkja á vera, at láta geyma hesta vora, þvíat þeir eru allir graðir, ok má enginn við annann eiga, en vèr erum at þeim vandir mjök, þvíat þetta eru stóðhestar vorir töðualdir. Guðmundr kvaðst ætla, at húskörlum mundi eigi vel hlýða at geyma eigi<sup>1</sup> svá hesta, at eyrði<sup>2</sup> allvel, ok sagði endast mundi

<sup>1</sup>) v. í A, B; tekis úr C.    <sup>2</sup>) dugði, C.



hús at Möðruvöllum, þvíat heldr skal leysa út nautin úr fjósinu, ok búa þar um hestana. Þeir Ófeigr sátu þar fram um páska. Enn fjórða dag páska, er Ófeigr var upprisinn, kom at honum einn förunautr hans ok mælti: hvorsu lengi ætlar þú, at vèr skulum hèr sitja? Ófeigr svarar: fram um páska viku. Sá svarar: þat kemr litt við, því nú var farit at kaupa bæði hey ok mat. Ófeigr mælti: sitjum nú sem fastast, ok vilda ek gjarnan, at þú segðir satt. Á mánudaginn eptir paskaviku bjuggust þeir í burt. Guðmundr bað þá enn sitja lengr ok skemta sèr, ok er enn margt vantalat. Ófeigr kveðst mundu riða. Guðmundr lét taka hest sinn, ok ríðr í veg með þeim. Þeir komu at stakkgarði einum; Guðmundr mælti: hèr munum vèr af baki stíga ok ægja, eigi vil ek at Einar bróðir minn eigi at hlægja at því í kvöld, at hestar yðrir sèu svángir; ok svá gjöra þeir. Guðmundr mælti: þú hefir verit með oss, Ófeigr! um hríð, ok vitum vèr ekki erendi þitt, nú vildum vèr vita, hvört þat væri. Ófeigr svarar: þat er vel, at þú hefir atspurt, Guðmundr! ok beið ek þess at; en þat var erendi mitt, at færa þèr heim sanninn, þvíat þeim norðr þikir þú hafa ofslitinn áðr; nú veiztu þat er vandi þinn, at fara á hendr þíngmönnum þínum norðr um sveitir á vorin með 30 manna, ok setjast at eins bónda 6' nætr; nú er þat lítil vægð við þá, sem lítil fè, eigu, ok hafa ekki betr enn skipat til búa sinna á haustit, ok verðr þeim slíkt mikil yfirskipun; nú höfum vèr ekki svá lengi

<sup>1)</sup> 7, *hin*.



hèr verit, ok þótti mèt sem þú þyrftir at kaupa bæði hey ok mat, ok áttir allt nóg, ok ert höfðingi yfir mönnum; ek hygg, at þú værir aldri minni höfðingi, þó þú farir til vina við 10<sup>da</sup> mann, mundu því allir vel kunna<sup>1</sup>. Guðmundr mælti: þetta er harðla vel talat, sem von er at þèr, er þat ok mest von, at ek hafi þetta<sup>2</sup>, en athuga er verðt, at þú munir vera í móti mèt, er mín sæmd liggir við, ok er þat víst. Ófeigr mælti: ekki varði mik slíkra orða af þèr, ok ekki hefir mèt þat í huga verit hertil; varð Ófeigr fárr við þetta, ok varð ekki margt um kveðjur með þeim Ófeigi ok Guðmundi at skilnaði, ok þótti Guðmundi hvorgi betr sannrinn, enn Ófeigi þótti um grununa<sup>3</sup> Guðmundar. Skildu þeir við þetta, ok reið Ófeigr til þverár un kvöldit; tók Einar við þeim ágæta vel, ok sagði Ófeigr honum allt tal þeirra Guðmundar. Þá mælti Einar: mannlig er orðin ferð þín, en eigi veit ek, hvorsu yðr ferr Reykdælum, en eptirganga oss Eyfirðingum spár Guðmundar bróður míns. Um morgunina eptir riðr Ófeigr norðr ok heim. En um vorit fór Guðmundr heiman norðr með 10<sup>da</sup> mann, ok sat þar nú 2 nætr, er fyrri sat hann 6<sup>4</sup> nætr; hann gisti at Ófeigs í Skörðum, ok var þar tekit við honum forkunnar vel, sat hann þar viku; en at skilnaði gaf Ófeigr honum 2 uxa rauða, 6<sup>5</sup> vetra gamla, ok voru þat hinir beztu gripir. Guðmundr mælti: þetta er vel gefit, en ek á aðra 2 uxa alsvarta, er at öngvu

<sup>1</sup>) hér endar fyrsta brot af C. <sup>2</sup>) gjört, k. v. S. <sup>3</sup>) grun-  
niina, B; grunana, S. <sup>4</sup>) 7, B, S. <sup>5</sup>) 7, B, S.



eru verri, ok vil ek gefa þér hvorutveggju til þess, at þú leggir ekki í móti mér, þá er min sæmd liggur við. Ófeigr mælti: þiggja máttu gjöfna af því, at eigi fylgir undirhyggja við þik. Guðmundr kveðst eigi vita, hvat bætast mundi í því, þó hann þægi eigi; síðan fór hann, ok þótti Ófeigr mjök hafa vaxit af þessum viðskiptum þeirra Guðmundar.

*Vöðubrandr Þorkelsson frá Laxamýri ferr utan.*

8. Þorkell hét maðr, er bjó á Mýri, hann var góðr bóndi; Brandr hét son hans, hann var mikill maðr ok sterkr, ok var kallaðr Vöðubrandr; hann var maðr ódæll ok illr viðreignar, ok heldr óvægin, svá at trautt mátti faðir hans halda vinnuhjónum fyrir honum. Eitt sumar kom skip af hafi norðr við Tjörnes, þat áttu þrænzkir menn, hét annar Þórðr, en annar Sigurðr<sup>1)</sup>; þat var þá siðr, at hásetar vistuðust fyrr, enn stýrimenn. Einn dag reið Vöðubrandr til skips, ok fann stýrimenn; þeir spurðu, hvat manna hann væri; hann kvaðst vera bóndason. Þeir spurðu, ef faðir hans mundi vilja taka til vistar menn; en hann kvað þar ekki útlendra manna vist: er þar fámennt ok daufligt, en þó er annar meiri annmarki á; þeir spyrja hvörr sá væri; hann svarar: sá, at enginn má við mik skapi koma; þeir kváðust á þat mundu hætta. Brandr svarar: þá mun ek þetta mál tala við föður minn. Hann riðr heim, ok segir föður sínum, at hann hefir tekit við stýrimönnum. Þorkell kvað þat vera hætturáð: en vel þætti mér, ef þér yrði sæmd

<sup>1)</sup> Sigmundr, B.



at; en hann kvað einn<sup>1</sup> föður sinn ráða skyldu: en betra þikir mér, at við höfum eigi svikit þá. Þorkell bað hann fyrir ráða: en þó kemr mest til þín. Síðan fór hann til móts við Austmennina, ok sagði þeim væri kostur vistarinnar; þeir kváðust þat þiggja mundu, ok fara þeir heim með honum. Þat töluðu margir menn, at þeim helði kynliga umsèzt. Síðan var [heim borinn<sup>2</sup> varningr þeirra stýrimanna, ok reið<sup>3</sup> hann [með honum<sup>4</sup> norðr til Hnjóskadals, ok seldi hann þar. Þat töluðu þar margir menn, at Brandr mundi enn hafa vana þann, at hann mundi enn illa við þá lúka, sem við alla aðra, en stýrimenn gáfu at því öngvan gaum, hvat sem hvörr talaði. Brandr fór allt til Eyjafjarðar með varninginn, áðr enn hann gat seldt allan; ekki gat hann um fyrir stýrimönnum, hvar hann hafði seldt varning þeirra, þá er hann kom heim. En um vorit fór hann at heimta saman fê Austmanna, ok sýndist öngvum at halda fyrir honum rêttri skuld, ok heimti hann hvörja alin, þá sem hann átti at heimta; en er hann kom heim, sýndi hann stýrimönnum, ok virðtist þeim vel, ok báðu hann sjálfan kjósa sèr laun fyrir; en hann kvaðst vildu fara utan með þeim; þeir sögðu þat til reiðu skyldu, ok báðu hann vera skapvaran: eða hvat er til fararefna? hann kvað þat mjök undir föður sínum vera. Þeir tóku nú tal við Þorkel; hann kvaðst hyggja þeir<sup>1</sup> mundi vera góðir drengir; ok mun ek láta til við þik 15 hundruð, ok er mér þó grunr á, at ykkir kosti

<sup>1</sup>) enn, B.    <sup>2</sup>) þannig S; borinn, A, B.    <sup>3</sup>) Brandr með, b. v. S.    <sup>4</sup>) v. í B, S.



meira, ef þið vilð honum nokkra ásjá veita. Þeir kváðust á þat hættu mundu. Fóru þeir nú utan um sumarit, ok líkar þeim vel við Brand, þvíat hann var bæði knár ok liðvaskr; þeir voru úti lengi, ok komu at norðr við Þrándheim; buðu þeir bræðr Brandi til sín, ok þat þiggr hann; þar áttu menn gleði saman, ok var þar fjölmenni mikit. Þeir bræðr buðu Brandi með sér at vera, en sögðu vandt at vera í stórum samdrykkjum; hann kvaðst ekki mundu leita á aðra fyrri: en eigi veit ek hvorsu mér bregðr við, ef aðrir leita á mik. Þeir komu til þess manns, er Hárekr hét, hann var ættstórr ok mjök áleitinn, ok hafði sveit manna um sik við sitt skaplyndi; en er hann sá Íslending, spottaði hann hann á marga vega. Nú fór svá um hrið, at þeir ortust á vísur, ok varð Brandr hlutdrjúgari, ok fékk Hárekr úr verra. Hárekr kvað Brand ekki hafa beðit<sup>1)</sup> bygðarleyfis; en fylkismenn sögðu, at þeir bræðr ættu heimila sveitarvist þeim sem þeir vildu. Hárekr var hinn mesti vígamaðr, ok bætti öngvan mann fè. Einn dag gekk Hárekr fyrir Brand með horn mikit, ok bað hann drekka til háls við sik; en Brandr kvaðst ekki drekka til móts við hann: hefir ek vit ekki ofnikit, þótt ek drekki þat ekki frá mér, sem ek hefi áðr, muntu ok þurfa vit þitt allt, at því er mér lízt á þik. Hárekr drekkur af til háls, ok bauð Brandi at drekka hállt, en hann vildi ekki viðtaka; Hárekr kvað hann skyldi verða at þjóna honum, ok lýsti horninu í höfuð honum; en drykkriinn slæst niðr á

<sup>1)</sup> sik, b. v. B, S.



Brand. Síðan gekk Hárekr til rúms síns, ok slær nú til spotts við Brand; en Brandr gjörði sik ekki óðan, ok sló í gaman. [Hárekr kvað honum svá við þetta verða, sem hann hetði opt barðr verit<sup>1</sup>. En um morguninn, er menn voru komnir í sæti sín, gekk Brandr fyrir Hárek, ok keirði öxi í höfuð honum, ok vo hann; nú spretta upp hváirtveggju, ok varð þraung mikil. Þeir bræðr gátu Brandi í burt skotit, ok buðu boð fyrir hann frændum Háreks; en með því, at hann var óvinsæll, þá tóku þeir fêbætr; gekk þá upp fê þat allt, er Brandr hafði haft af Íslandi, ok meira annat. Síðan spurðu þeir bræðr, hvat Brandr vildi ráða sinna; hann kvaðst vilja fara til Íslands, þótt nú væri eigi sýn fararefni. Sigurðr kvaðst eigi við fleiri mönnum tekit hafa af Íslandi enn svá, at hann skyldi hafa peninga slíka, sem hann hafði til hans haft: ok eru hær nú 15 hundruð þín, ok varit í norrænan eyrir. Síðan fylgdu þeir bræðr honum til skips, ok skildu við hann eigi fyrr, enn þeir létu í haf; þakkaði Brandr þeim sína liðveizlu, ok skildust vinir. Skipi því byrjaði litt, ok tóku þeir Reyðarfjörð at áliðnu sunri; snemma tók at hausta, ok gjörði færðir þúngar sökum snjófa.

*Tiltektir Vöðubrandr hjá Þorkeli Geitissyni  
í Krossavík.*

9. Þorkell Geitisson bjó<sup>2</sup> í Krossavík í Vopnafirði; þá var á vist með honum sá maðr, er Einar hét, hann var Reykdælskr; en er hann frétti at Vöðubrandr var útkominn, þá bjó hann

<sup>1</sup>) v. l. B.    <sup>2</sup>) þá, b. v. B, S.



sik. Þorkell spurði, hvört hann ætlaði? Hann kvaðst á burt ætla, þvíat ek hefí spurtt, at Vöðubrandr er útkominn, en ek veit rýsnu þína, at þú munt taka við honum, en til hans má enginn maðr sæma. Þorkell svarar: snemt er þær at kvíða við honum; en ef hann kemr hær niðr, þá skal ek sjá ráð fyrir þær, ef þær er eigi viðvært; en ef þat er, at Brandr er hær, ok leitar hann ekki á þik, þá er þær marglæti at bregða vist þinni. Hann lét nú setjast. Fám nóttum síðarr kom Vöðubrandr í Krossavík, ok var þar vel við honum tekit; en er hann hafði þar vérit 3 nætr, þá talar hann við Þorkel bónda, ok bað hann taka við sér um vetrinn. Þorkell svarar: gjöra mun ek þær kost á því; þú ert ódæll ok úeyrinn, nú vil ek taka við [lögheimilu þinni<sup>1)</sup>, því mér þikir þat óvandast, en þú skalt fá varning þinn í mitt vald, hvat sem at borði kann bresta. Þenna kost vil ek, kvað Brandr, þvíat mér er leiðt at rekast í ófærðum, en illt til heyja. Hinn fyrsta hálfan mánuð, er Brandr var í Krossavík, var hann svá fylgisamr Þorkeli, at hann gekk út ok inn með honum, hvört sem hann fór; en annann hálfan mánuð brá nokkut hætti hans, þá var hann eptir í stofu á kveldin, er Þorkell gekk at sofa, ok hefir frammi margskonar ertingar, ok þat hafa menn sagt, at hann hafi fyrst fundit uppá Syrpuþings lög; menn komu víða af bæum, ok gjörðist þar af þys mikill. Þorkell sat at drykkju við annann mann. Nú er getit um fyrir Þorkeli, at konum þikja ríkt bornir

<sup>1)</sup> lögheimili þinu, B, 5.



kviðirnir, er þær komu eigi fram búsyflu, ok eigi réðu þær sjálfar ferðum sínum. Þorkell heintar nú Brand á tal við sik, ok mælti: ekki hefi ek hlutsamr verit um hagi þína ok háttu hertil, en þat kemr fyrir mik, at konur ráði varla ferðum sínum fyrir þèr ok sveitúngum þínum, en þèr hæfir<sup>1)</sup> varla; er hèr því líkast, sem nýr höfðingi sè kominn i sveit, ok gáangi menn af hendi þeim, sem áðr er fyrir; ek geng fram við annann mann, en þú ert eptir við alla sveitina, ok nú vil ek at láta gjöra. Brandr kvað bætr mundu áráðast. Ok um kvöldit fór Brandr til rekkju, en þingmenn komu at vana sínum, ok mátti þá eigi þingit heya, er formaðrinn var enginn; var þá farit eptir honum, ok fór hann ekki at heldr; þá komu þingmenn annann aptan, ok fór enn sem fyrr; tók þá af komur manna, en Brandi kom aldri orð frá munn i hálfum mánaði. Þá mælti Þorkell til Brands: örskiptamaðr ertu mikill! nú taktu gleði þína hæfiliga. Hann kvaðst eigi kunna, ok eigi vita, hvorsu hann skyldi með fara, er engan veg líkaði: ok er engum manni hjá þèr vært, ok skal ek á burt fara. Þorkell mælti: þú ert minn heimamaðr, ok þat þikir mèr þú gjöra mèr til svivirðingar, er þú hleypr burt úr vist þinni. Brandr reið nú á burt eigi at síðr vestr til föður sins; þar tókust upp leikar. Þorbjörn var þar knástr maðr frá Reykjum; þeir lèkust við Brandr; báðu menn þá at Þorbjörn skyldi leika af öllu alli, ok sýna þat at hann var sterkr; hann kvað

<sup>1)</sup> þat, b. v. B, S.



Þat vel mundu mega. Ok einn dag, er leikr var, keirði Þorbjörn niðr Brand fall mikit, ok leikr nú eptir megni, ok hafði Brandr ekki við, líkaði honum nú illa; ok at skilnaði veitti Brandr honum mikinn áverka; þar var þraung mikil; þar var kominn Ófeigr úr Skörðum. Brandr fór nú heim til föður síns, ok segir, hvar komit var. Þorkell svarar: þú hefir stýrt oss í mikit vandræði, ok var mjök at ófyrirsynju, er þú fórst í burt frá Þorkeli; nú er þat mitt ráð, at þú farir aprt á hans fund. Brandr kvaðst þess ófúss vera, ok þó fór hann austr, ok segir Þorkeli þessi tíðendi; en hann kvað betra, at hann hefði kyrr verit: en þó mun ek við þær taka, þvíat ek man eigi, at ek hafi heimamann minn [fyrir róða<sup>1</sup> látit.

*Málatilbúningr Þorkels úr Krossavlk í móti Guðmundi ríka.*

10. Síðan fór Þorkell á fund Guðmundar, ok bauð fè fyrir manninn: ok vil ek at þú gjörir sjálfr. Guðmundr kvaðst eigi vilja taka fè fyrir sekan óeyrðarmann, er hlaupa vill í höfuð saklausum mönnum, ok er landhreinsun at slíkir menn sèu afráðnir at lögum. Fèkk Þorkell ekki af; en Guðmundr fór norðr í Reykjahverfi, ok tók mál af Þorbirni, ok bjó til vorþings. En Þorkell fór austr í Álptafjörð nokkru síðarr, á fund Þorsteins Síðuhallssonar vinar síns, ok tók hann vel við honum. Þorkell mælti: svá<sup>2</sup> er betr<sup>3</sup>, at Brandr er mikill ónytjúngr, hann hefir unnit á

<sup>1</sup>). þannig B; fyrr ráða, A; fyrir voða, S.   <sup>2</sup>) sá, B, S.  
<sup>3</sup>) (svá er í vetr), b. v. S.



einum bónda, en hann er nú heimamaðr minn, ok hefir Guðmundr hinn ríki búit mál til Vöðluþings, en þat kann vera, at hann hafi eigi þat hugat, at hann er eigi þar í fjórðungi, ok hefir ek handsalat honum lög ok grið, ok [kemr mér þat í hug, at oss muni veita mál<sup>1</sup> til laga; nú vilda ek þitt liðsinni þiggja, ok<sup>2</sup> sækja til þings, ok verja málit með kappi fyrir Guðmundi, ef hann skal þó eigi fébótum fyrircoma, en [reyna skal<sup>3</sup>, hvort ek sé annarar handar maðr hans, sem hann svaraði Bjarna Broddhelgasyni, frænda sínum, um sumarit á alþingi. Þorsteinn kvaðst sjá at vörn var í málinu: en þó mun þá þikja með kappi atgengit, ok fara mun ek með þer. Um sumarit búast þeir austan með 60 manna hvorir, ok ríða til Jökulsár, en þá voru góð vöð víða. Þá mælti Þorkell: nú munu vèr skipta liði voru, skal Þorsteinn, ok vèr 5 saman, fara á<sup>4</sup> almannaleið vestr til þings, en flokkurinn allr annar skal ríða fyrir ofan Mývatn til Krossdals ok Bleikmýrardals, ok fyrir neðan heiði; var þar víða skógi vaxit; ok ríða þeir ofan eptir Fnjóskadal<sup>5</sup>, er<sup>6</sup> þeir Þorkell fóru á Akreyri, þviat<sup>7</sup> þeir höfðu tjöld samlit við skóga; þeir finnast þar, sem ákveðit var, varð enginn maðr varr við ferð þeirra. Þeir Þorkell ok Þorsteinn ríðu á þing á drottinsdaginn, ok þeir 5 saman. Þorkell bað menn sína skynja, ef hann þyrfti liðs við, kvaðst hann þá mundi gánga á hól þann, er var á milli þings ok þeirra, ok hafa í hendi handöxi sína

<sup>1</sup>) muntu veita oss til laga, B. <sup>2</sup>) at, B. <sup>3</sup>) b. v. B, S; v. í A. <sup>4</sup>) v. í B, S. <sup>5</sup>) Fnjóskadal, B. <sup>6</sup>) en, B. <sup>7</sup>) v. í B.



hina reknu, ok veifa henni yfir höfuð sér. Síðan riða þeir á þingit til búðar Ófeigs Járngerðarsonar 5 saman; hann bauð þeim þar búðarvist. Maðr kom inni búð Guðmundar ríka; furðu fámenntir riða þeir Þorkell á þingit, segir sá; hvorsu þá? segir Guðmundr; þeir voru með 5<sup>ta</sup> mann, segir hann. Guðmundr kvað marga menn riða mundu með meira flokki á völlinn, ef þeir ætluðu at eyða málum fyrir honum: en kemr mēr í hug, at vanhugat mun í máli voru; þeir Þorkell munu kalla hann sinn heimamann, en þó er ólíkligt, at Þorkell eyði málum fyrir oss við 5<sup>ta</sup> mann, en vera má hann búí um brögð nokkr við oss, ok hafi þeir fleiri saman verit; sendir hann þá menn þegar at spyrja at gistingarstöðum þeirra, ok kann enginn þat at segja, þar sem þeir hafa gist, at þeir hafi fleiri verit saman enn 5. Þá mælti Guðmundr: vera kann at þá megi hlýða, ef þeir hafa eigi fleiri austan riðit, ok munu vèr þá eigi senda eptir fleira liði at þeim, ok gánga mál þessi sem auðnar.

*Guðmundr rtki ok Þorkell Geitisson stefna hvorr  
öðrum til alþingis.*

11. Guðmundr hinn ríki sækir nú málit í Norðlendingadóm, ok setr dóminn, ok býðr til varnar. Þá mælti Þorkell Geitisson: þat vilda ek, Guðmundr! at þú takir sættir ok sjálfðæmi sakalaust. Guðmundr svarar: þat munda ek þiggja, ef þú ættir eptir dugandi mann at bjóða, en nú nenni ek eigi um vanmennu þá, er ek hefi þó starfa fyrir haft. [Eptir þetta nefndi Þorkell<sup>1</sup>

<sup>1</sup>) þannig B; þetta mælti Þorkell ok nefndi, A, S.



sèr votta, ok setti þelm<sup>1</sup> lýrittí, ok fyrirbauð þeim at dæma. En Guðmundr kvað hann nú með kappi atganga at verja, ok segir hann skuli þar öngvum sínum málum framkoma. Þá mælti þorkell: enn munum vèr þetta handsala fyrir manninn, ef þú vilt sjálfðæmi taka. Guðmundr kvaðst eigi sækja manninn í þeirra svöit, ef þeir vildu eyða þar<sup>2</sup> málum fyrir honum: ok skal at vísu maðrinn sekr verða. Þá gekk þorkell uppá hólinn, ok brá upp öxi sinni; dynja þeir þá þegar fram á þíngit, ok hleypa upp dóminum, ok kom þetta á alla óvara. Guðmundr nefndi sèr votta, ok stefndi þorkeli um þingsafglapan; en þorkell stefndi Guðmundi um rangan málatilbúnað, ok stefndu báðir til alþingis um sumarit, ok fjölmenntu mjök. Var þar Bjarni Broddhelgason, ok hafði hann mikinn flokk, ok vissu menn eigi, hvort hann mundi atsnúa um liðveizlu. Þorkell ok þorsteinn voru fjölmennir, en þó var Guðmundr miklu fjölmennari. Þorkell átti búð upp við Fángabrekku; var nú leitast um sættir, ok var fast fyrir. Einn dag snemma gekk þorsteinn Síðuhallsson til búðar Ófeigs Járngerðarsonar, ok talar við hann. Þorsteinn spyr: hvorsu segir þèr hugr um sættir manna? Ófeigr segir sèr þungt um segja, ok þungliga áhorfa. Þorsteinn mælti: ek vil þèr kunnugt gjöra, [at þar sem eruð um hvorirtveggju<sup>3</sup>, at hèr muni áðr vandræði afgjörast, ef eigi er sæzt á málit; þeir ætla at bjóða Guðmundi einvígi, ok vill hann heldr hafa bana, enn

1) v. í B, S. 2) v. í B. 3) v. í B.



svívirðing [ofmikla, ok hætta á við Einar bróður hans<sup>1</sup>; nú væri þat ráðligr, at menn leiti um sættir, ok eigi þar í Einar hlut þann, sem vèr egum allir; hefir þorkell þat mjök við orð, at biðja Jórunnar, dóttur Einars á Þverá; nú vil ek at við hittum Einar. Ófeigr svarar: vel þikir mèr þeirra mála leitandi við Einar, en hin mála-leitan sýnist mèr óvitrlig. Síðan hitta þeir Einar, ok gánga nú [ok tala<sup>2</sup> allir saman. Ófeigr mælti: svá er, sem þú veizt, Einar bróðir<sup>3</sup>! at hèr horfir til stórra vandræða með mönnum, ok eiga þeir menn í hlut, er vitmenni<sup>4</sup> eru báðir, ck þó kappsfullir, en vèr erum beggja vinir, ok skyldir til at gánga vel á milli; þá vill þorkell Geitisson hafa þat mál uppi við þik, at biðja til handa sèr Jórunnar, dóttur<sup>5</sup> þinnar. Einar kvað þessa vel leitat: en þó mun Guðmundr hèr mestu um ráða, þá et við finnum hann. Þeir kváðust ætla, at hann mundi<sup>6</sup> vera rèttr lögráðandi fyrir dóttur sinni, þó at eigi væri Guðmundr at fundinn: muntu á líta, at Guðmundr heldr þèr<sup>7</sup> lengst um lítt<sup>8</sup> til metnaðar eða virðingar. Einar mælti: er þorkell ekki fèlitill? en dóttur minni hæfir mikit fè. Ófeigr svarar: hvörr er stórlyndari enn þorkell, þvíat hann geldr fè fyrir menn á þingum, eða hvers þeirra bú stendr með meira blóma? hvat er þá undir um penínginn, er hvorki verðr honum gjald af<sup>9</sup> nè öðrum? ok sitr hann yfir virðingu allra Austfirðinga. Allvel er nú flutt<sup>10</sup>

1) v. t. B. 2) á tal, B. 3) bóndi, S; v. t. B. 4) þannig B, S; vitminni, A. 5) Hér byrjar annað brot af C. 6) hær mestu umráða ok, b. v. B. 7) sèr, B. 8) b. v. C. 9) at, B, C, S. 10) Ófeigr, b. v. B, C; Ófeigr, segir Einar, b. v. S.



enda hefir Guðmundr góðs spáð Jórinni dóttur miuni, ok gánga jafnan eptir spár hans, [ok má nú ok vel tala um þeirra mál, ef sýnist, ok vill Þorkell hingat gánga. Þorsteinn kvað þat eigi mundu atbila<sup>1</sup>.

*Festar ok brúðkaup Þorkels Geitissonar ok mála-  
lok þeirra Guðmundar ríka.*

12. Þorsteinn gekk þegar til búðar Þorkels, en hann heilsar honum vel, ok spurði, hvat hann árnar. Þorsteinn svarar: eigi veit ek nú at hvörju verða vill, en konu hefi ek beðit í morgun til handa þér. Þorkell mælti: mikit er um liðveizlu þína, er þú gjörir þat ekki síðr [enn ek býð þér um<sup>2</sup>, en hvör er sú kona? Þorsteinn svarar: sú mæð heitir Jórunn, ok er dóttir Einars frá Þverá. Þorkell mælti: þá mey vilda ek ok helzt eiga á Íslandi. Þorsteinn mælti: þá er nú ráð at gánga til festarmálanna. Síðan finnst þeir Einar, ok tala um málit, ok urðu á allt sáttir, ok ákveðin brúðkaups stefna; síðan fóru festar fram, skyldi brúðkaup vera at Þverá hálfum mánaði eptir þing. Síðan gekk Þorsteinn þar nær, sem Guðmundr hinn ríki var, ok þótti honum vel, at tal þeirra bæri saman, ok svá varð. Guðmundr mælti: gaungult verðr þér, Þorsteinn! um þingit, ok munu þér mikit afreka. Þorsteinn svarar: ekki síðr mun þér þat þikja<sup>3</sup>, ef þú veizt gjörla. Guðmundr spyr: hvat er nú nýrra tíðenda? Þorsteinn svarar: smá eru tíðendi, sem ek

<sup>1</sup>) v. í B. <sup>2</sup>) er ek bið þik eigi, B. <sup>3</sup>) þannig B, S; v. í hín.



hefi at segja, en Þó þat helzt, at Þorkell Geitison festi sèr konu. Guðmundr mælti: sú kona er vel gefin, er honum er, þvíat hann er hinn mesti hreystimaðr, þótt nú sè með okkr fátt, eða hvör er sú kona? Þorsteinn svarar: Jórunn, bróðurdóttir þín. Guðmundr mælti: eigi var Einari þat í hug áðan, er við skildum. Þorsteinn mælti: nú rétt gekk ek frá festarmálunum, ok var ek vottrinn ok Ófeigr Járngerðarson. Guðmundr svarar: satt muntu segja, ok þar mun hugrinn minn mest hafa fyrirborizt, en þessu mun mest hafa ráðit Ófeigr Járngerðarson. Síðan var um sættir leitast, ok gekk nú mest at Einar ok Ófeigr Járngerðarson. Þá mælti Guðmundr: nú er þat framkomit, Ófeigr! er ek spáða þèr um vorit, at mín virðing mundi hallast af þínu tilstilli. Ófeigr svarar: eigi hefi ek hallast virðingu þinni at heldr, þóat ek hafi fengit þèr mága betri ok fleiri enn áðr. Þorkell mælti: enu vil ek, Guðmundr! bjóða þèr þau hin sömu boð, at þú gjörir sjálfur um fyrir áverkann, en ek gjöri fyrir mála tilbúnað, er ek hefi haft við þik. Guðmundr sá nú, at sèr gjörði eigi annat, ok tók þetta boð, ok gjörði svá báðum hugnaði vel, en Þó eldi hèr lengi af með þeim bræðrum, en Þorkell sat yfir allri sæmdinni. Ok einn dag á þinginu fundust þeir Guðmundr hinn ríki ok Bjarni Broddhelgason; þá mælti Bjarni: svá sýnist mér, Guðmundr! sem þú hafir þurft báðar hendr við Þorkel frænla minn, ok hafi þó ekki af veitt um, ok man ek enu þat, Guðmundr! er ek bað þik, at þú skyldir sætta okkr Þorkel, ok [svar-



aðir ódregiliga, er þú sagðir<sup>1</sup> hann ekki vera mundi meira, enn annarar handar mann gilds mams, ok kvað hann hafa hálfþinu<sup>2</sup> eina í hendi, en mik höggspjót gildt á háfu skapti; en ek em nú minni höfðingi enn þú, ok sýnist mér sem hann muni ekki þar lengi gengit hafa skaptamuniun<sup>3</sup>. Síðan fóru menn af þingi, ok var brúðkaup at þverá, ok gaf Þorkell upp Guðmundi mál þat, er hann hafði rángt tilbúit, er hann sókti í Norðlendingafjórðung þat, er hann átti í Austfirðinga dóm at sækja; síðan fór Þorkell heim með konu sína, ok þótti hann mjök vaxit hafa af þessari ferð. Jórunn var hinn mesti kvennskörúngr í ætt hennar; hún kom ok því til leiðar, sem enginn hefir<sup>4</sup> áðr komit, at þeir sættust frændrnir Geitissynir<sup>5</sup> ok Bjarni Broddhelgason, ok hældu þá sætt vel ok dregiliga síðan. Þorkell bjó í Krossavík til elli, ok þótti ávalt hinn mesti garpr, þar sem hann kemr við sögur. Vöðubrandr fór austan, ok bjó á föðurleifð sinni, ok samdist mikit ok þótti góðr bóndi, ok þóttist aldri full-launat geta Þorkeli Geitissyni eina liðveizlu ok góðvilja, [ok lýkr þar þessum þætti af Vöðubrandi<sup>6</sup>.

*Kvönfáng Þorsteins verkstjóra Guðmundar ríka.*

13. Guðmundr hinn ríki átti Þorlaugu, dóttur Atla hins ramma; Herdís hét móðir Þorlaugar, dóttir Þórðar frá Höfða. Þar óx sá maðr upp

<sup>1</sup>) svaraðir þú, B; svaraði engi dregiligar, em þú, ok sagðir, B. <sup>2</sup>) hálmýnu, B; hálfþynnu, C. <sup>3</sup>) þannig C; skiptamuniun, hin. <sup>4</sup>) hafði, C, S. <sup>5</sup>) Þorkell Geitisson, B. <sup>6</sup>) v. í B.



með Guðmundi, er Þorsteinn hét, ok gjörðist verkstjóri; ekki var hann stórrar ættar, en mannaðr vel. Þá bjó Þórir Helgason, Valþjófssonar, Helgasonar hins magra, at Langalandi<sup>1</sup> í Hörgárdal, hann var goðorðsmaðr ok garpr mikill; Geirlaug hét kona hans, hún var skörúngr mikill ok vel mennt. Einar bjó þá at Þverá, spekingr mikill, ok vinr Þóris<sup>2</sup> Helgasonar; þeir veittust at öllum málum. Fátt var með þeim bræðrum, Einari ok Guðmundi, þvíat Guðmundr sat mjök yfir metorðum manna norðr þar. Þorkell hákr, son Þorgeirs lögsögumanns, bjó þá at Öxará í Ljósavatnsskarði; hann var einlyndr ok hetja mikil, hann hatði fátt hjóna, ok átti þá<sup>3</sup> sökótt. Brun<sup>4</sup> hét maðr, er bjó í Gnúpufelli; Eylifr<sup>4</sup> hét bróðir hans, ok var kallaðr skyti, mikill ok vaskr maðr; þeir höfðu goðorð, ok voru komnir frá Helga hinum magra. Þat er frásagt, at Þorsteinn kom at máli við Guðmund ok mælti: svá er mál með vexti, at ek hefi hér uppsezt at þer, ok tekit hér þrifnað, nú vilda ek leita mæð kvonfánga, ok hafa þartil yðart liðsinni. Guðmundr mælti: þú munt þetta áðr hugsat hafa, hvar niðr skal koma, en heimil munu þartil vor orð. Hann svarar: rétt getr þú, hugfest hefi ek þetta; kona heitir Guðrún, ok er frændkona bóndans á Bæsa<sup>5</sup>, ok er þar matselja fyrir þúi, hennar vilda ek at þú beiddir mæð til handa; þín orð munu þar meira metin fá, enn mín mörg. Guðmundr svarar: ek kalla þat jafnligt ok vel leitast,

<sup>1</sup>) Langarlandi, B. <sup>2</sup>) Þórir, C hér. <sup>3</sup>) þó, B, C. <sup>4</sup>) Eylifr, B. <sup>5</sup>) Bæisá, B alstadar; Bægisá, C alstadar.



en lítt er mér um at fara í sveit Þóris Helgasonar, ok at hann eigi meiri afla enn ek; en er hestaþing er á Oddeyrri í Hörgárdal, þá mun ek vekja til, en gjöra ekki at því ferðir mínar einvirðuliga. Síðan var hestaþingit, ok kom þar margt manna; þar kom ok Guðmundr, ok brá bónda á eintal þegar frá Bæsa, ok mælti: Þorsteinn heitir maðr, er upp hefir fæðst með oss, ok höfum vèr hann at góðu reynt; hann vil mæla til ráðahags við Guðrúnu frændkonu þína, viljum vèr flytja mál mannsins. Bóndi svarar: allvel er maðrinn tilfenginn at flytja hans mál, ok munum vèr mikils meta þin orð; síðan hiti hann konuna, ok spurði hversu henni væri umgefit, en hún bað hann gjöra sem hann vildi. Síðan er ákveðit um brúðlaups stefnu, ok skal vera at Bæsa. Þorsteinn mælti: nú er ætlat, at ek muni fara til brúðlaups mins, en ek vil biðja þik, Guðmundr! til ferðar með mér, þvíat mér er mestr sómi at þèr. Hann svarar: þetta em ek ófúss at veita þèr, ok fær þú ærna menn til þessa. Þorsteinn segir: meiri sæmd er at þèr einum, enn at mörgum öðrum, ok mun dælt við mik þikja, ef þú ert eigi í för. Guðmundr mælti: ek mun ok fara, en fyrir því þikir mér. [Nú var farit til brúðlaupsins<sup>1</sup>. Guðmundr sat í öndvegi, en Þórir Helgason gagnvart honum, en konur sátu á palli, ljós brunnu björt, ok voru horð framsett; brúður sat á miðjan pall, ok Þorlaug á aðra hönd, en Geirlaug á aðra; kona fór með vatn fyrir pallinn, ok hafði dúk á öxl, ok fór fyrir

<sup>1</sup>) ekki úr B; v. í hin.



Geirlaug, þvíat hún hafði verit með henni fyrri vetrinn. Geirlaug tók til orða: Þú ferr með góðum vilja, en eigi með nógum álitum: færðu þorlaugu fyrr vatnit, svá á at vera; hún gjörði svá. Þorlaug drap við heindi öfugri, ok mælti: ofgjörð er beinan, Geirlaug! Þvíat sú kona gjörir rétt, eigi býr þat í mínu skapi, at mēr leiki á þessu öfund; er sýnt at<sup>1</sup> önnr sè konan göfugri í hèrðinu, enn þú? sagði hún. Geirlaug mælti: ofgjörð<sup>2</sup> er beininn, þorlaug! enn hefir þú metnað til at vera mest metin, hefir ek<sup>3</sup> engan hlut til jafns við þik, nema gjaford. Þorlaug svarar: víst held ek þik vel gefna, [nú er þat komit fyrir þvi, at ek veit eigi<sup>4</sup> aðra framarr gipta enn mik. Geirlaug svarar: þá værir þú vel gefin, ef þat væri einmælt um, at bóndi þinn væri vel hugaðr eða snjallr. Þorlaug svarar: þetta er illa mælt, ok muntu fyrst mæla. Hún svarar: [satt er þat, fyrir þvi at<sup>5</sup> fleiri mæla, en þorkell hákr hefir haft þat<sup>6</sup> fyrst ok þórir bóndi minn, ok hvörr maðr mælir þat sá, er túngu hrærir. Þorlaug mælti: ber hingat vatnit, kona! ok hættum tali þessu; siðan hneig hún upp at þilinu ok mataðist ekki. Ok er menn voru at boðinu<sup>7</sup> í fyrstu, þá hvíldu sèr hvorir konur ok karlar; ok um morguninn risu menn upp ok sóru til kyrkju; ok er at messum kom, sá Guðmundr at þorlaug var ekki í kvennaliðinu; hann spurði konu eina, hvörju þat sætti; hún kvað hana hafa tekit sótt. Guðmundr mælti: sit þèr hèr eptir, en einhvörr gáangi með

<sup>1</sup>) eigi, b. v. B. <sup>2</sup>) þannig B; ógjörðr, A; sènt ekki í C.  
<sup>3</sup>) hèr endar annað brot af C. <sup>4</sup>) en eigi veit ek, B. <sup>5</sup>) v. í B.  
<sup>6</sup>) þannig B, S; þik, A. <sup>7</sup>) boðum, B.



mèr; hann gekk at rúminu; ertu sjúk, Þorlaug? sagði hann; hún kvað, at ósýnt væri um heilsuna, en þó vilda ek í burt í dag ok leggjast eigi hær. Guðmundr mælti: Þetta er mèr mikill skaði, en fúsari væri ek at kyrt væri á meðan boð þetta stæði. Hún svarar: engi hlutr má mèr í hald koma, ef ek em hær, ok hafi ek nokkut vel til þin gjört, þá lát þú þetta eptir mèr. Guðmundr mælti: mikils krefr þú nú, hvat sem þèr í brjósti býr, ok gekk í burt. Ok er tíðum var lokit ok dagverði, þá mælti Guðmundr: nú skal taka hesta vora, nú vil ek heim fara, þvíat Þorlaug er sjúk. Húskarlinn<sup>1</sup> Þorsteinn mælti: gjörðu þat eigi, Guðmundr! at þú farir heim þegar. Hann segir: beiðtu nú eigi framarr, enn ek vil veita þèr, því þat mun eigi stoða. Síðan riða þau á burt; ok er þau komu í skógana frá Laugalandi, þá veik Guðmundr hestinum aptr, ok mælti við þann mann, er fylgdi hesti Þorlaugar: rittu nú fyrr, en ek mun fylgja Þorlaugu; ok svá var. Síðan mælti Guðmundr: við þik vil ek tala, ek sè þú ert ekki sjúk, seg mèr hvörju þat gegnir. Hún segir: ek mun svá gjöra, en sjaldan hefi ek þat mælt fyrir þèr, er þèr megi þat verr líka enn áðr, en nú eru þau efni í, er eigi má ek leyna þik; síðan sagði hún honum, hvat þær höfðu talat, ok fjandmæli manna við hann. Guðmundr mælti: nú þætti mèr ek betr ráðit hafa, at við hefðum hvorgi farit, ok væri þá óhættara við orðum manna, en af verðr at ráða nokkut úr hvörju vandræði, ok

<sup>1</sup>) Brúguminn, B.



heim munu við fara, ok skaltu nú fyrst liggja viku, ok láta þér þá enn batna hægt, at jöfnu skal ek við þik tala, en eigi þiki mēr þat ráðit, hvort oss verðr þetta at öngvu. Þaðan riðu þau ok komu heim, ok fór sem Guðmundr gjörði ráð fyrir. Síðan riðr Guðmundr norðr í Reykjadal á fund Einars Konálfssonar, fóstura síns ok ens bezta vinar; Einar var spekingr mikill. Síðan mælti Guðmundr: svá er mál með véxti, Einar! at ek vil segja þér tjandnæli þau, er menn hafa frammi við mik, Þorkell hákr ok [Þórir Helgason<sup>1</sup>, vissa ek ok óvingan þeirra til mín. Einar mælti: illa er slíkt gjört við göfga menn, en ek vil biðja þik, at þú hafir þrótt við, ok verði því meiri hefndin, sem lengr er. Guðmundr svarar: ekki er þess at leita, hefna skal, hvort sem þat verðr fyrr eða síðarr<sup>2</sup>. Einar mælti: þá vil ek tilhlutast með þér; ek vil svá ráð setja, at þú tak sök hvörja, er þú fær, á hönd þingmönnum þóris Helgasonar, ok mun þat fê brátt safnast. Guðmundr þakkar honum þessi ráð ok fleiri önnr, ok ferr síðan á burt. Liða nú eigi lángr stundir, áðr Guðmundr hendir sakir á þingmönnum þóris. Þórir<sup>3</sup> hét maðr, ok var kallaðr Akra-  
karl<sup>4</sup>, ok var þingmaðr þóris Helgasonar, auðigr ok eigi vinsæll, ok slægr í kaupum við mennu. Skip kom í Eyjafjörð, ok átti sá maðr, er Helgi<sup>5</sup> hét, ok var Arnsteinsson, farmaðr mikill, ok var

1) þannig B; þeir Helgasynir, rángt lesið úr bandi í A. 2) Í viðræðu þessari byrjar apter D, en segir hér frá öllu með öðrum orðum og frábrugðnum. 3) Þorgils, D alst.ðar. 4) Akraþórir, B riðarst. 5) Ingjaldr, D alst.ðar, án þess at geta, hvers son hann sð.



ávalt með Guðmundi, er hann var út hær, mikils virðr. Guðmundr reið til skips ok mælti: Þat er mitt erendi, Helgi! at bjóða þær heim hvört sinn, er þú ert hær á Íslandi. Hann svarar: Þat mun ek þiggja, Guðmundr! ok kunna þær þökk fyrir; hann var með Guðmundi um vetrinn, ok fór með þeim vingjarnliga. Þeir Akraskeggi komu til skips ok hitta Helga, ok kváðust vilja kaupa at honum. Helgi lét þat vel mega, ok tók upp varning, ok voru þar mæltir fyrir vararfeldir, ok skilit, hvorsu þykkröggaðir vera skyldu. Helgi bjó skip sitt<sup>1</sup>; en er hann var alþúinn, þá riðr hann á Möðruvöllu at hitta Guðmund; síðan mælti Helgi við Guðmund: nú er, [herra! at lita á<sup>2</sup> vistarlaunin, þó minni sè, enn þú værir verðr; þat var skikkja, ok peldregin yfir skinnia ok [gullband á týglinum<sup>3</sup>, ok var hin mesta gersemi. Guðmundr mælti: haf þökk fyrir! ok hefir ek eigi betra grip þegit, ok skildust þeir góðir vinir. Síðan fór Helgi til skips, ok hældu þeir mjök til flýtis, ok var mjök borit á skip. Þórir hafði eigi ofan komit. Ok einn dag sjá þeir at maðr gekk af landi ofan til skips, þat var Þórir Akraskeggi; hann hitti Helga, ok bað hann taka við gjaldinu, en Helgi kastaði inni tjaldit, því honum var annt, ok leysti eigi til, ok kvað hann sið komit hafa. Þórir kvaðst fleira eiga at sýsla, enn sjá uppá kaupmenn, ok fór í burt. Þeir drógu upp segl, ok fóru út til Hriseyjar, þá tók af vindinn; þeir

<sup>1</sup>) um vorit, *b. v. B.* <sup>2</sup>) hær á at lita, *B.* <sup>3</sup>) gullbönd á týglum, *B.*



lögðu' þá seglit; þá leysti Helgi baggana ok fann þar í feld, ok voru margar raufar á feldinum; þá mælti Helgi: þetta eru mikil svik, ok skal honum at illu verða. Hann reri þaðan til lands, ok fèkk sèr hest ok reið á Möðruvöllu, ok kom þar snemma; hann heimti Guðmund á tal við sik; hann fagnaði honum vel: eðr hvat er tíðenda? Hann læzt engin tíðendi hafa, en orðit hefir í prettr nokkr við oss. Guðmundr mælti: hvat er í því? Helgi segir, hvorsu farit hafði með þeim þóri Akraskegg<sup>2</sup>: en ek vil at þú takir við málinu, þvíat ek vil sigla. Guðmundr mælti: opt hefir þú mèr hallkvæmr verit, en eigi mun nú smærstu ráða, ok má mèr þetta koma at miklu haldi. Heimti Guðmundr til sín 2 menn, ok tók sök á hönd Akraþóri, en Guðmundr gaf Helga góðar gjafir ok skildust at því, ok fór Helgi utan ok byrjaði vel.

*Guðmundr settist við Einar bróður sinn, ok stefnir Akraþóri.*

14. En litlu síðarr lét Guðmundr taka hest sinn, ok reið ofan til þverár, en menn voru ekki upprisnir, nema sauðamaðr; hann kvaddi Guðmund, ok spurði, hvi hann riði einnsaman; hann lét ýmsa vega at gegna: eða hvort er Einar bróðir minn heima? Sauðamaðr svarar, at hann sè heima; hann gekk inn ok mælti: maðr er úti ok vill hitta þik. [Einar mælti: hvörr er hann? Hinn mælti: Guðmundr bróðir þinn<sup>3</sup>. Einar mælti: hvat er með honum? Hann er einnsaman, segir hann. Einar mælti: þat er honum eigi opt

<sup>1</sup>) lægðu, B. <sup>2</sup>) Akrakalli, B. <sup>3</sup>) tekið úr B; v. l. A.



tiðt, at riða sveinalausum, ok skil ek eigi þetta. Hann gekk út ok heilsaði Guðmundi. Hann tók því vel, ok mælti: setjumst við niðr, bróðir! ok tölumst við; en svá er mál með vexti, at fátt hefir verit með okkr um frændsemi, ok vilda ek því leita meira minnar sæmdar, enn at gæta frændsemi minnar við þik; hefir þú trautt afla við mæ, en þú ert maðr vitrari, en ef við værum báðir at einu ok samhuga, þá ætla ek at fátt skyldi viðhaldast; nú vilda ek at betr væri enn fyrr, þvíat þú hefir þat gnægara, er mest þarf við, skal ek í millum leggja vingunar þinnar; síðan tók hann upp skikkju góða ok gaf honum. Einar svarar: þetta er góðr gripr, ok ferr þetta nú annann veg, enn líkligt væri, ok kalla ek mínu kaupi vel keypt, ok allgóðr er meðalaukinn. Tókust þeir nú í hendr at guðs vitni, at veitast at öllum málum, [því þat er makligast, ok svá gjörðu þeir<sup>1</sup>. Síðan reið Guðmundr í burt, en Einar skipaði sauðamanni sinum at hann skyldi snemma upp-rísa hvern dag, ok fylgja sólu, meðan hærst væri sunars, ok þegar er úthallaði á kveldum, skyldi hann halda til stjörnu, ok vera úti með solsetrum: ok skynja alla hluti þá, er þær bera fyrir augu ok eyru, ok segja sér öll nýnæmi<sup>2</sup> stór ok smá. Einar var árvakr ok ósvefnaugr, gekk hann út opt um nætr, ok sá himintúngl ok hugði at vandliga, ok kunnir [þará gott<sup>3</sup> skyn. Þat var einn morgun, at sauðamaðr hafði útgengit; hann litadist um, þá sá hann reið 20 manns ofan með Eyjafjarðará hvatliga; hann gekk inn til rúms Ein-

<sup>1</sup>) v. í B. <sup>2</sup>) nýnæmi, B. <sup>3</sup>) þannig B; þá alls göðs, A.



ars, ok sagði honum, hvat hann hafði sèt; hann stóð upp þegar ok gekk út, hugði at reið mauna ok starði á um hrið. Einar var skygn ok heyrðr vel, ok glöggþekkin; en er sólin rann upp ok skein um héraðit, þá mælti Einar: með skjöldu riða þessir menn, mun þat annathvort, at þeir eru utanhéraðs menn, er virðing er at, ok munu þeir hafa farit at sækja hein Guðmund bróður minn, þó vèr höfum þat eigi spurt, eðr Guðmundr mun þar riða sjálfr, ok þikir mèr þat miklu likara, en eigi mun örvænt hvört hann stefnir, eða hvört erendit mun vera, en skamt mun til, at vèr munum þess vísir verða. Einar bað at húskarlar skyldu gefa geymdir at, er hann riði aptr, ok látið hesta vora vera nærri túni. Einar gekk inn aptr til rekkju sinnar, ok lagðist niðr. En um daginn um nónskeið riðu þeir Guðmundr aptr. Einar reið á móti bróður sínum, ok kvöddust þeir vel; þá mælti Einar: hvört hafi þèr farit, eða hvat er at erendum? Guðmundr svarar: ek reið nú til Hörgárdals, ok stefnda ek mann-niðingnum Akraþóri fyrir burtöku fjár Helga Arnsteinssonar, ok hefir hann<sup>1</sup> á hverjum manni<sup>2</sup> vèlar lengi haft, hefir hann samandregit of fjár; ok segir honum inniliga frá kaupinu, ok hvar þá var komit, er Helgi fór burt: vil ek nú, bróðir! hafa liðsinni þitt til þeirra mála, svá sem við höfum áðr mælt. Einar svarar fá, ok reið Einar aptr at annari stundu, ok voru<sup>3</sup> kveðjur með þeim at skilnaði. Þegar eptir stefnu þessa, reið Akraþórir á fund þóris Helgasonar,

<sup>1</sup>) sök, b. v. B, S. <sup>2</sup>) ok, b. v. B, S. <sup>3</sup>) góðar, b. v. B, S.



ok sagði honum, hvat tíðt var, ok bað hann liðs, þvíat ek er í þingreið með þèr. Þórir svarar: leiðt er at fást í með þèr, en veita mun ek þèr, ok setti þá átölur við hann um þæfni sína ok ránglæti. Þórir mælti: ek mun gefa þèr vingaþír, ef at þú leggir hlut þinn við þetta. Litlu síðarr reið þórir Helgason til þverár á fund Einars, ok mælti: nú er ek hèr kominn at sækja lið þitt, Einar! sem við höfum mælt. Hann svarar: svá má vera, stírtir erum við nokkut, en hitta má ek Guðmund ok leita um sættir, ok mun ek fara til þings, áðr enn alls er fótum undan mèr skotit, en grunr er mèr á, at hann vill ekki annat, enn framfari sektir. Síðan reið hann á fund Guðmundar, ok kvöddust þeir vel; síðan mælti Einar: þórir Helgason býðr gjörð sína á þessu máli, ok veit ek, bróðir! at þar mun þikja margt til þess fundit, fyrst fastmæli okkar ok frændsemi. Guðmundr svarar: eigi ann ek þess þóri, at fara sektalausum af þessu máli, ok ann ek ekki öðrum manni hèr um at mæla<sup>1</sup>, enn mèr. Einar svarar: þá mun ok<sup>2</sup> velta til vandans, at þú munt öngvan meta, nema þik einn, í þessu máli, ok kann vera at skamt taki frá borði. Guðmundr mælti: engin vorkunn þiki mèr þat þèr, at þú leggir hlut þinn við mál okkar þóris, er hann ok ekki bundinn í vináttu við þik, en hann flestum mönnum óþekkr, ok engin héraðshót at honum. Þá skildust þeir at svá búnu. En er menn komu á Vöðluþing, var Guðmundr allfjölmennr; þórir Helgason var ok fjölmennr, en Einar var

<sup>1</sup>) dæma, *B.*    <sup>2</sup>) enn, *B, S.*



eigi til þings kominn; ok var leitat um sættir; en Guðmundr kvað eigi þat þurfa at leita um sættir, ok vil ek eigi annat, enn þórir sè gjörr sekr. Þórir Akraskeggr svarar: viltu at þið þórir Helgason gjörð um málit? Guðmundr svarar: ekki ætla ek at við verðum samdóma um málin, en mèr virðist þú makligr at láta þitt fyrir þungsvik við oss. Akraþórir hitti nafna sinn, ok spurði, hvort þar mundi staðar nema, at hann mundi eigi á lita með sèr: er hèr til lítills at slægjast [ok sjá, er þú ert; ávalt fær einn veg, at þú lætr<sup>1</sup> þinn hlut fyrir Guðmundi. Þórir svarar: mikill ríkismunr er með okkr Guðmundi, þó<sup>2</sup> má hann mèr margt illt þola<sup>3</sup>. Akraskeggr kvað þá mjök undir fótum troðna: ok væri betra, at menn tali þat við Guðmund varliga, enn láta sæmd sína. Ok er at dómum kom, vildi þórir Helgason eigi afláta at verja málit, ok kom málit í dóm; þá gekk at þórir Akraskeggr, ok bauð sættir at nýu, ok kvað sæzt á slík mál. Guðmundr kvaðst engin gjöld vilja: [en eigi muntu mjök aptr halda ójafnaðinum, þórir! sagði hann<sup>4</sup>, má enn eigi svá vera, at þú þættir<sup>5</sup> hlutlauss hjá. Þórir Akraskeggr varð sekr, ok þótti mönnum fast fylgt málinu; grunuðu margir at annat mundi meir búa undir fjandskapnum, enn þá var bert gjört. Þeir sjá nú hvar komit var, ok fóru norðr í Húsavík um þingit með mikit lausafè, en lönd stóðu eptir, ok óhóf kvikfjár á skuldastöðum<sup>6</sup>.

1) er þú lætr ávalt, B. 2) ok, B. 3) b v. S; v. l hin.  
4) ok hefir þú, þórir! eigi mjök til þessa aptr haldit ójafnaðinum, B. 5) sèrt, B. 6) leigustöðum, B.



Þórir fór utan, ok er hann úr sögunni<sup>1</sup>. Guðmundr frètti þat, ok vissi at æfarsè mikit var eptir. Fèransdóm átti Þórir Helgason at nefna eptir Þingmann sinn, en Guðmundr átti at sækja, ok svá gjörði hann, ok var þeim tilboðit, er heimta áttu at Akraþóri, ok var þángat boðit öllu fè, sem fèransdómr átti at vera. Guðmundr var fjölmennr, ok var enginn mannaflí á mót. Guðmundr háði fèransdóm eptir Akraþóri, en síðan lét hann safna kvikfè þóris öllu, ok fèkk til menn at reka í burt; en er fèt var rekit með túngarðinum, þá hlupu geldingarnir innfyrr garðinn í tún. Sauðamaðr Guðmundar setti eptir ok elti sauðina eptir túninu, ok út at garðinum; þar stóð sauðahús; sauðamaðr hljóp fyrir dyrnar; þá sá hann, at nær 30 hafra voru þar inni í húsinu. Þá mælti sauðamaðr: mörgu ræðr þú nú fènu, Guðmundr! Hann svarar: fèringir<sup>2</sup> verða þeir nú þingmenn þóris. Sauðamaðr svarar: svá væri, ef þú hefðir gjørsamliga allt fèt. Guðmundr mælti: hvat skortir? Eigi mikit, en sèt hefir verit eptir minna, ok segir honum til hafranna. Guðmundr mælti: verða má þèr þetta at gælu, ok munda ek svá helzt kjósa, at þórir gjörði skóggánga sök á hönd sèr. Guðmundr reið á iund þóris, [ok kveðst eigi vilja stelast at honum. Guðmundr leit til<sup>3</sup> ok mælti: hús stendr þar útvið garðinn, [ok mun maðrinn satt sagt hafa<sup>4</sup>, ok rýkr þaraf upp, ok mun þar fè inni; ok nú hlupu þar út 30 hafrar, ok

<sup>1</sup>) hannsettr stelarinn, b. v. A, S, með rínastöfum. <sup>2</sup>) þannig B; tædrjúgir, A. <sup>3</sup>) v. í B. <sup>4</sup>) v. í B.



voru allir nýmarkaðir, ok fært til marks Þóris Helgasonar. [Síðan reið Guðmundr aprt til fóðr Þóris, ok spyrr<sup>1</sup>, hvörju gegndi, er þar var fè inni markat. Þórir svarar: Akraþórir gaf mèr haфра þessa á vori til liðs sèr, þegar þú hafðir stefnt honum, en nú var með markit fyrir fè-ránsdóma, ok á ek hafrana. Guðmundr svarar: mundi sú gjöf nokkut löglig, meðan sakir voru hafðar á hendr honum? Þú vissir at fèt var allt læmt. Síðan nefndi Guðmundr sèr votta, ok stefndi Þóri Helgasyni um fè þat, er hann hafði markat ok villt ú heimildir, er Akraþórir hafði átt, síðan er sök var hafin á hendr honum, ok telr hann eiga verða sekan fjörbaugsman<sup>2</sup>, ok stefndi til alþingis. Þórir svarar: eigi kantu nú hófi þínu um ágáinginn! Guðmundr kvað þetta upphafit mega heita: ok er seint mann at reyna, [ek þeinkti þú mundir hlutvandr maðr vera<sup>3</sup>! Þórir svarar: geistr ferr þú nú! Fè þetta var stórliga mikit, er Guðmundr fèkk, ok tók Einar Konálfsson við.

*Samtal Einars ok Guðmundar Eyólfssonar.*

15. Guðmundr [var nú heina<sup>4</sup>; ok er þetta spyrr Einar Eyólfsson, þá mælti hann: svá mæli ek um, at tröll hafi þá skikkju, hefir hann<sup>5</sup> komit á vitsmuni við mik, ok hefir þat ekki fy r orðit. Síðan reið Þórir Helgason til þverár, ok sagði Einari, hvar þá var komit málum þeirra Guðmundar, ok bað hann úsjár, ok taldi til fornrar vináttu. Einar svarar: þat ætla ek, at Guðmundr

<sup>1</sup>) Guðmundr spyrr Þóri, B. <sup>2</sup>) fjórðungsmanu, S. <sup>3</sup>) v. i B. <sup>4</sup>) ferr nú heim, B. <sup>5</sup>) Guðmundr, B.



hyggi at reka þat fjandskapar við þik, er honum er sagt frá orðum þínum, meira enn honum gáangi siðvandi<sup>1</sup> til við héraðsbygð, þó Akraþórir næði eigi at sitja hjá mönnum í bygð fyrir honum, hefir þú margt satt í þínu máli; vera kann Guðmundi þiki ek ekki torsóktligr<sup>2</sup> eptir, ef hann kvistar af mēr slíka vinina, sem þú ert, eða aðra þvilíka; ætla ek þat sannast, at ek skal aldri bregða okkar vináttu, meðan þú vilt halda. Síðan reið þórir heim; en Einar fór á fund Guðmundar, ok hafði skikkjuna með sér, ok mælti: ek vil bjóðast til þess, frændi! at sætta ykkur þóri, ok mik til ummæla í milli ykkar, ok munu menn þat mæla, at þínu máli sè framarr komit, þóat á þetta sè sæzt<sup>3</sup>. Guðmundr svarar: ek mun nú ok hafa liðveizlu<sup>4</sup> til mála okkra þóris, svá sem þú hefir áðr heitit mēr at guðs vitni; væri þat þó hin mesta óhæfa, at verða mēr ekki at liði ok fulltíngi, þótt frændsemi ein væri til at telja, en nú er þat ógjöranda, með því þú hefir því áðr til guðs skotit, ok þegit af mēr dýrgripi. Einar svarar: ærnir eru skyldugleikar í milli okkar, eigi varðveitir þú þá betr enn svá; þikist þú nú hafa komist<sup>5</sup> á spektar mun við mik, en ek kalla þat vèlar, ok læt ek at brugðit sè öllu ummælli okkru, þvíat þú hefir mik at viðsjármanni um mál þessi, en til einskis trúnaðar, skilr ok ekki svá mikit vizku okkar, at eigi sjái ek þau ráð, er þú gjörir; tak nú við

<sup>1</sup>) þannig B; siðvani, A, S. <sup>2</sup>) torsókt, B. <sup>3</sup>) hlt vantar aþtr í D 1 blaðs., og er á hana yfirskrifað ágríp innihaldsins með nýrri hendi, að byrjun þess 18 kap. <sup>4</sup>) þína, b. v. B, S. <sup>5</sup>) komit, B.

Íslendinga Sögur, 2 bindi.



skikkju þinni, er þær hafa lengi áðr augu tilstaðit! ok kastaði Einar skikkjunni til hans. Guðmundr mælti: eigi mun ek við henni taka, selt hefi ek hana ok fullu verði, haf þú nú allsaman, skikkjuna ok andvirðit! ok get ek at svá búist þú um, at þær verði at bæði heimska ok klækis-skapr; nú mun ek eigi kaupa at þær vandraun nè frelsi<sup>1</sup>, ok ertu makligr at sitja í nokkru vandkvæði. Einar mælti: er nú jafnmjúkliga mælt, ok þá, er þú komst á fund minn með skikkjuna? ok væri þat víst góðr gripr, ef eigi hefði vèlar undir búit. Guðmundr mælti: kasta þú niðr skikkjunni, ef þú vilt! fyrr skal hún fúna, enn neinn taki hana upp. Einar reið heim með skikkjuna, ok skildu þeir bræðr at því.

*Frá þeim bræðrum, ok því, er þórir býðr Guðmundi til hólmgöngu.*

16. Þat er sagt frá þeim bræðrum, þá er þeir voru úngir, at Guðmundr átti sèr fóstura sköllóttan, ok unni hann honum mikit; ok einn dag svaf hann úti í sólskini, ok settist mý margt á skalla honum, en Guðmundr rakaði á burt með hendi sinni, ok þótti honum sem fóstura sinum mundi mein at verða. Einar mælti: högg þú til öxi þinni, vinr! í skalla karlsins. Hann gjörði svá; skallinn blæddi, en mýit hófst upp, en karlinn vaknaði, ok mælti: erviðt er nú, Guðmundr! er þú vinur á mèr. Hann svarar: nú finn ek í fyrsta sinn, at ráðin Einars eru eigi af heilu við mik; má vera at því komi opt, at heldr eldist<sup>2</sup> hær lángr óþokki af. Einar [fann

<sup>1</sup>) ófrelsi, B.    <sup>2</sup>) þeim, ofaukið í A.



nú Þóri, ok segir honum frá viðskiptum þeirra Guðmundar<sup>1</sup>, kveðst nú vandt viðkominn fyrir frændsemis sakir ok svá fyrir gjörða sakir. Síðan riðu menn til þings allfjöldmennir; var nú um sættir leitat. Þórir kvaðst ætla, at hann mundi seint betr framleggja fyrir þetta mál; en Guðmundr [lét sér ok ekki betr falla; en sakir hans var Guðmundr miklu fjölmennari<sup>2</sup>. Ok eitt sinn spurði Einar Þóri á þinginu, hvörja meðferð hann ætlaði at hafa: eða því ætlar þú at Guðmundr þingi svá fast um þetta? ok kann vera, at honum þiki þèr framarliga talat hafa<sup>3</sup>. Þórir mælti: eigi hefi ek varorðr verit við Guðmund, sem margir aðrir, en auðsætt er nú, at hann ætlar at vèr munum engin faung í móti hafa. Einar mælti: hvat berstu fyrir? Þórir mælti: þat er ætlun mín, þá er vèr komum til lögbergis, at hjóða honum hólmgangu, ok mætti þá mýkjast ofsi hans. Einar svarar: þat er erendi gott, en eigi lítillmannligt. Þat var venja þeirra bræðra Guðmundar ok Einars, er þeir voru á alþingi, at þeir gengu til tíða háðir saman, ok sátu sunnan undir kyrkju, en flokkur Einars stóð vestr frá þeim, en Guðmundar flokkur austr, var svá, hvort eð var í millum þeirra margt eðr fátt. Þórir Helgason sat nærst Einari, en nærst Guðmundi sat Vigfús Vigaglúmsson, ok voru nokkrir félagar hans á þingi. Margir menn leituðu um sættir með þeim Guðmundi ok Þóri, ok gjörði þat ekki, því Guðmundr vildi ekki annat, enn

<sup>1</sup>) b. v. B. <sup>2</sup>) lezt eigi mundi heldr tilhalla, B. <sup>3</sup>) úðr, b. v. B.



sjálfðæmi sitt, en Þórir vildi ekki fê bjóða. Einn dag at lögbergi, þá er menn höfðu lokit þar lögskilum at mæla, þá spurði Þórir Helgason, hvort Guðmundr væri at lögbergi. Hann kvaðst þar vera. Þá mælti Þórir: vinir vorir margir ok göfugir menn hafa lagt ámæli við mik um málaferli okkar, ok veita mèt ámæli fyrir þat, at ek vil eigi fê bjóða fyrir sakir þær, er þú hefr á hendr mèt, skal nú eigi svá lengr framfara; skal nú bjóða þèr þess betr, sem ek hefi lengr frestat, ok vil ek bjóða þèr handsöl mín, ok gjörð Einars bróður þíns. Guðmundr svarar: öngvum manni ann ek at gjöra um þessi mál, nema sjálfum mèt, ætla ek nú at þú skulir vita, at þèr Hörgdælir hafið lengi haft tvímæli á, hvorr okkar væri rikari. Þórir mælti hátt: eigi mun ek enn láta þrjóta boðin við þik, Guðmundr! Þvíat ek veit at þèr þikir annat miklu stórmannliga við mik, enn um haframerkingina þóris Akrakarls, þvíat ek veit at þú kennir mèt þat, er margir mæla, ok [eru eigi minna afvaldir, at ek hafi mælt rángliga við þik<sup>1)</sup>; vil ek þat nú reyna [at þat eru eigi sannmæli<sup>2)</sup>, því ek vil skora á þik til hólmgangu, at þú komir á 3 náttu fresti í hólum þenna, er liggir í Öxará, ok menn hafa áðr vanir verit á hólum at gánga, ok berjumst þar, svá sem forn lög liggja til; ætla ek, áðr enn þeim fundi ljúki, at færast skal af tvímælit, hvort sannara er, at þú sèrt maðr snjallr ok vel hugaðr, eðr sè hinn veg, sem vèr höfum

<sup>1)</sup> er ek eigi minna afvaldr, enn aðrir, B. <sup>2)</sup> hvort þetta eru sannmæli eða eigi, B.



áðr orðum tilkomit, ok allmargir hafa sagt fyrir oss, at þú sèrt eigi snjallr. Þá er mikit óp gjört at orðum hans; en menn skildu óhappalaust þar um sinn at lögbergi.

*Ráð Vigfúsar Vigaglúmssonar, ok vitrleiki Einars Eyólfssonar.*

17. Þeir bræðr Guðmundr ok Einar gengu þat kvöld til aptansaungs, sem þeir voru vanir, ok var Guðmundr allkátr; en eptir um nóttina, þá er heldr tók at morgna, vaknar Vigfús Vigaglúmsson, ok mælti til Guðmundar: litt sefr þú í nótt, hyggur þú eigi gott til hólmgangunnar við þóri? eðr hvern veg ætlar þú at fara með málum þínum? Guðmundr svarar: smátt bregðr slikt svefni minum, en ráðit hefi ek skjótan úrskurð um þetta mál okkar þóris, þvíat hann bauð mèr þat, er ek átta honum at bjóða; ætla ek at hamingja ok málaefni muni skipta með okkr hólmgangunni; ætla ek mál vera, at færa af hendi illmælit. Vigfús mælti: nú mun ek því viðbregða, at ek hefi eigi fyrr náð við þik at tala, Guðmundr! at ek mun vera maðr miklu vitrari enn þú, fyrir því at ek sè at þú ert verr enn dáðlauss, en ek kann þèr gott ráð hèr til, þat er virðing þín má vaxa við, en þú munt verða í öngri mannhættu, muntu eigi þurfa minna til at kosta, en af málum hafa þat er þú vilt. Guðmundr leit við honum ok mælti: nú er enn komin gautun þín, eðr kvat þikist þú kunna at sjá þat í þessu máli, er ek sè eigi? Vigfús svarar: ek mun ganga til lögbergis í dag; síðan



mun ek skora til hólmgængu<sup>1</sup> Einar bróður þinn, at hann berist nú við mik í dag, skal ek veita formæli þar at miklu frekligara, enn við þik var mælt, ef Einar vill eigi berjast við mik; skortir þar eigi nógar sakir til minnar handar við hann, er þess er óhefnt, at Einar rak oss föður minn af þverár landi af allri mannvirðingu, ok horfir Einari öngvum mun betr hólmgángen við mik, enn þèr við þóri; nú látum hann fyrst hafa hnikunar<sup>2</sup> rúmit, ef svá er, at hann þorir eigi<sup>3</sup> á hólmi at gánga, en ef hann berst við mik, þá mun ek drepa hann, en höfðingjarnir munu leita annars ráðs, enn þið bræðr sæuð höggvir niðr á þingi báðir. Guðmundr mælti: slíka menn getr varla til vitrleiks, sem þú ert, þótt menn eigi góða marga kosti. Vigfús mælti: láttu nú eigi finna á þèr feginleikinn, þviat ef Einar finnr af vizku sinni, at skiptir skapi þínu, þá mun hann hitta bragð til af viti sínu, at þetta ráð komi eigi upp. Ok um daginn, þá er þeir gengu til tíða, sátu þeir þá enn í rúmunum sínum. Guðmundr var hljóðr, ok mælti ekki orð, ok hafði höfuðit í feldi sínum. En þar varð lítill atburðr: barn eitt hvarflaði þar á hellunum fyrir Guðmundi ok fretaði, en sumir menn hlóu at. En er Einar ok þorir komu til búðar, þá mælti Einar við þóri: hvörn veg leizt þèr nú á Guðmund bróður minn við kyrkjuna? Hann mælti: svá sem ek vilda, ok þótti mèr hann eigi hefja höfuðit sitt, ok mun hann vera þvi hryggri, er meirr dregr at óvirðing hans, þeirri er hann

<sup>1</sup>) við, b. v. B. <sup>2</sup>) hnikunar, B. <sup>3</sup>) v. l B.



á fyrir höndum. Einar mælti: eigi sýndist mér þat svá í gær at aptansaung, þú þótti mér hann allglæðligr<sup>1</sup>: sástu eigi at feldarröggvarnar hrærðust, er hann hló? nú munu þeir hitt hafa ráð nokkut, er oss mun illu gegna, ef fram keimr, ok skal eigi þess biða; ok skal nú þegar ganga á fund Guðmundar, ok lúka málum þar, sem framast má koma. Síðan gengu þeir Einar til búðar Guðmundar, ok mælti Einar: þat er erendi mitt hingat, at makligt er, at ek vil sætta ykkir þóri, ok hefi ek komit honum til þess, at hann vill bjóða þér sjálfðæmi, svá sem þú hefir áðr beiðt um mál ykkar öll. Þá laut Vigfús at Guðmundi ok mælti: þú hefir eigi gætt at bera af þér feginleikinn, ok hefir Einar nú fundit af spekt sinni gleði þína, en þó er nú einsætt at þiggja þenna kost, er svá er vel boðit. Margir tóku undir, ok fluttu þetta með Einari. Síðan lét Guðmundr koma til sín höfðingja ok vini sína þá, er honum höfðu áðr liði heitit, ok varð til þess fundar allfjölmennt. Síðan handsalaði þórir Guðmundi sjálfðæmi. Þá mælti Guðmundr: ek gjöri á hönd þóri hundrað silfrs, ok veit ek at þat eru stinn manngjöld, ok kveð ek þess vert; þú skalt ok sekr, ok vera utan 3 vetr svá sem fjörbaugsmaðr, en fyrir hvörn vetr, ef þú ert hær á landi, skaltu gjalda hundrað silfrs. Svá kom þar orðrómr, at Guðmundr hefir haft mestan sæmdarhlut af málu þessum.

<sup>1</sup>) láta allglæðlign, en var þó hryggr raunar, en nú sýndist hann hljóðr, en, B.



*Frá utanferð Þóris Helgasonar, ok frá Þorbirni Rindli.*

18. Þat sumar fór Þórir Helgason utan [í Skagafirði<sup>1</sup>, en bú hans stóð eptir á Laugalandi; hann var vetr þann í Orkneyjum; en eptir um vorit kom hann út apr til Íslands [í Eyjafirði<sup>2</sup>, er 3 vikr voru af sumri, ok reið þá heim til Laugalands, ok tók sèr hjú, ok reið eptir um sumarit til alþingis, ok svá var hann á Vöðluþingi, ok hèldu þeir Einar flokkum sínum saman; hann var heima um sumarit at búsyslu sinni, ok fór utan um haustit, ok þá til Noregs litlu fyrir vetrnætr, ok var þó í Orkneyjum þann vetr; en eptir um sumarit fór hann til Íslands, ok fór hann allá sömu leið, sem hit fyrra sumar. Þórir fór utan um haustit, ok var í Noregi þann vetr, ok fèkk sèr húsaviðu, ok stýrði skipi sinu apr til Íslands ok kom í Eyjafjörð, fór þá heim til búsyslunar á Laugaland, ok bjó þar til elli, ok þótti skörúngr mikill. Ok á þessum hinum sama tíma, sem nú var frásagt, höfðu margir höfðingjar liði heitit Guðmundi; ok þegar at þinglausnum dró, gekk hann í búðir, ok þakkar mönnum lið; hann gekk í búð Svínfellinga; ok er Guðmundr snýr utar at dyrunum, þá sá hann at maðr gekk í búðina, ok bar inn bagga ok söðulreiði; Guðmundr leit við honum, ok snýr við Vigfúsi ok mælti: hefir þú nokkut þann sèt, at siðr sè nokkrs verðr, em þessi maðr? Vigfús svarar: eigi veit ek þat þegar. Guðmundr mælti: eigi hefir ek sèt þann mann, at betr er fallium

<sup>1</sup>) v. í B. <sup>2</sup>) v. í B.



til flugumanns; hann veik at honum, ok mælti: hvat heitir þú? Ek heiti Þorbjörn<sup>1</sup>, segir hann, ok kallaðr Rindill, austfirðskr<sup>2</sup> at ætt. Guðmundr mælti: yltu kaupa við mik nokkru? Hann svarar: hvörr ertu? Ek heiti Guðmundr, ok er Eyólfsson. Vel veit ek nú, kvað hann; ek heyri sagt, at flestir fráfaelist [af þèr<sup>3</sup>, en fátt hefi ek til kaupa, ek em fèlitill. Guðmundr svarar: meirr kemr mèr fleira enn fè; máttu nú koma [á leið vora<sup>4</sup>, ok leita þá til margra vista, en ráð þik hvörgi, en ek mun þá tilkoma<sup>5</sup>. Þetta var nú ráðit, ok riðu menn af þinginu, ok komu þeir á Eyfirðinga leið; þar kom Rindill, ok varð allhjaldrjúgr við marga menn. Þá mælti Guðmundr: hvörr er sá maðr, er nef hefir í eyra hvörjum manni, ok falar til missra<sup>6</sup> vistar, en ræðr enga? Hann svarar: ek heiti Þorbjörn, eðr viltu taka við mèr, Guðmundr? Hann kvaðst þat gjöra, ef hann vildi: þvíat við þursfum marga vega manna; síðan fór hann þángat, ok var þar um hrið. Ok einn dag mælti Guðmundr: mun nú eigi ráð, at þú takir til sýslu? Hann lét þat vel fallit; ok var honum fenginn ljár, ok sló hann. Guðmundr mælti: ekki muntu þessu verki vanr vera, eða þiki þèr nokkut hægra, at riða með til laugar um daga? Hann kvað þat enn hægra. Svá fór enn fram, at eitt sinn mælti Guðmundr: nú er á þá leið, at nokkut er á höndum; ek vilda hafa nokkut fyrir mitt, ok er eigi örvænna, at ek gjöri þik tignum mönnum kunn-

1) Þorsteinn, *D alstaðar*. 2) sunnlenskr, *D*. 3) þik eigi, *B*. 4) þannig *B*; þángat í sumar, *A*, *S*. 5) þannig *B*; koma, *A*; koma, segir hann, *S*. 6) ýmsra, *B*.



ugan, ok mun þat annathvort, at þer mun verða af því gæfa eða gæfu þrot. Þorbjörn mælti: þessu muntu [fyrir trúnaði þínum<sup>1</sup> atráða, en hugat mun mér at gæta lífs míns, ok treysta vil ek því, at ek mun þer trúr; en ef hætta er í sendiförum, ok vilir þú þat fyrir mik leggja, þá mun ek um njósna, en áráði er ek ekki trúr, þó má vera at oss komi [í hald. Guðmundr svarar<sup>2</sup>: ek mun nú leggja fyrir þik stór-ræði, er ek berumst fyrir; maðr er nefndr þorkell ok er kallaðr hákr, ok býr norðr í Ljósa-vatnsskarði; hann vil ek hafa at dauðamanni; þángat vil ek þik senda, at njósna fyrir mér, þvíat ek mun brátt eptir sækja. Þorbjörn svarar: því mun ek heita þer, at ek mun þer trúr at njósna slíkt, er þú vilt, en eigi rétti ek hendr mínar at vinna á þorkeli. Guðmundr mælti<sup>3</sup>: ek mun setja til ráðit: þú skalt hverfa hëðan á burt, en ek mun fá þer í hendr hesta 2 magra ok baksára, ok þarmeð [klyfjar á ok ost-ar í<sup>4</sup> veskjum<sup>5</sup>; þú skalt fara Hellugnúpsskarð ok ofan Bárðardal; er nú á hallæri, en hval-reiðar ár er mikit norðr um Tjörnnes, en þú ert öngvum mönnum jafnlíkr, sem þeim, er komit hafa austan úr Hálfánartúngu, ok skaltu látast þaðan vera; stiltu svá til, at þú komir til þorkels í vondu veðri, ok lát vesalliga, ok gakk eigi á burt; taktu steina úr læk, ok lát vera jafnmarga, sem menn eru fyrir, ok [hafi þer<sup>6</sup>

<sup>1</sup>) v. i B. <sup>2</sup>) at haldi, segir Guðmundr, B, S. <sup>3</sup>) svá skal vera, njósna skaltu einasta, en, b. v. B. <sup>4</sup>) kláfa, B. <sup>5</sup>) ok vorskinn, S; v. i B. <sup>6</sup>) hefi ek þat, B.



til marks; ek ætla mér þáingat. Síðan fór Ríndill, ok kom til Öxarár í drápveðri miklu. Þorkell var úti, ok mælti: hvörr er sá herra-maðrinn, eðr því komstu hær, eðr hvört skaltu fara, eðr hvar áttu heima? Hann svarar: ek heiti Þórhalli, ok bý ek vestr í Hálfðánartúngu, ok fer ek til hvalkaupa, en því kom ek hær, at mér þótti mál at hvilast, ok mun ek deyja undir húsnum þínum úti, ef ek má eigi inn gánga, ok mun þat þikja illt at vita, svá mikill garpr sem þú ert. Þorkell svarar: litit er oss um ókunna menn, þvíat vèr egum litt vingat við stóra höfðingja, en vitum ógjörla, hvört erendi hvörs í verðr. Hann svarar: þiki þèr ek grunsamligr vera? enda mun ek hær niðr leggjast, ef þú lætr mik eigi inn. Þorkell svarar: ek á sel skamt hèðan, vertu þar í nótt! Hann svarar: eigi geng ek feti frá þær; hann skalf mjök. Þorkell mælti: mjök vesalliga lætr þú, ok lát sjá hestana; hann gjörði svá, ok tók ofan kláfana; voru hestarnir baksúrir ok fóthrumir. Þorkell mælti: satt muntu segja, lúngan veg ertu tilkominn, ok muntu vera kothóndi nokkr, þvíat þessligr er varningr þinn, ok ber inn reiðinginn, fretkarl! Hann kvaðst þat gjarnan vilja. Þorkell var kvongaðr maðr; þorgerðr hèt kona hans; hún tók til orða: hvörn leiðir þú eptir þèr þar, herjans soninn? Hann svarar: eigi sýnist mér sá maðr svá bráðhættligr, en eigi nenni ek at hann deyi undir görðum mínum, ok sè mér þat í brixli fært. Hún svarar: gjörla skil ek nú at þú ert feigr; nú lát hann



orna sèr, ok fari síðan til sels vors. Rindill svarar: ekki mun ek fara at geipun þinni. Hún svarar: hlýta mun ek ok því, er þorkell bauð. Síðan var hún allæf í orðum við hann, en Rindill svarar henni illa; tók nú at náttu. Þá mælti þorkell: sit hær hjá mæ, Rindill! sè ek at konur hafa þúngan hug til þín. En eptir mat fór gestr at sofa, ok svá þorkell, ok lá hann í lok-rekkju, en gestrinn utarfrá; konur fóru ekki í rekkju. Þorkell spurði: hví terr þú ekki í rekkju, húsfreyja? Hún svarar: ek trúi verr gestinum, enn þú. Þorkell svarar: þúngt er þær til hans; síðan sofnaði hann, ok hvíldi Guðrún dóttir hans hjá honum; hún var 4 vetra. Ok er myrkt var orðit, reis Rindill upp ok skaut frá lokum; síðan gekk húsfreyja<sup>1</sup> eptir gólfi, ok utar í öndina, [ok mælti<sup>2</sup>: varð svá þó, ok lét fyrir lokurnar. Þorkell vaknaði, ok mælti: hvat er nú, húsfreyja? Slíkt sem mik grunaði, segir hún, at gestrinn vill svikja þik, ok hefir skotit frá<sup>3</sup> lokum. Rindill mælti: mikinn fjandskap sýnir þú við mik, hvenær sem at gjöldum kemr. Þorkell mælti: eigi mun gáð hafa verit at setja fyrir lokurnar; síðan sofnaði hann. Ok er stund leið, skreiddist Rindill úr rúmi sínu, ok skaut frá lokunum, ok mælti: enn mun þorkell dyljast við, ok gekk í eldhúsit, ok svaf þorkell þá; ok þegar jafnskjótt sprettr Rindill upp, [ok skaut frá lokum<sup>4</sup>, ok heyrði þá hundgá, ok at menn riðu at bænum; hann hljóp þegar, ok hafði föt sín

<sup>1</sup>) þannig B, S; hand, A. <sup>2</sup>) tekið úr B, S; v. í A. <sup>3</sup>) þannig B; fyrir, A. <sup>4</sup>) v. í B.



í fangi sèr, en sjálfr var hann naktr, ok fór nú í klæðnað.

*Drepinn Þorkell hákr, ok sæzt á málit.*

19. Síðan<sup>1</sup> drifu menn at bænum<sup>2</sup>, var þar kominn Guðmundr ok þeir 20. saman; ok við gnyinn vaknaði Þorkell, ok varð ekki ráðrúm til at fara í brynjuna; hann tók höggspjót í hönd sèr, ok setti hjálm á höfuð sèr; mjólkrketill stóð í húsinu í horninu, ok var þraungt. Þá mælti Guðmundr: þat er nú ráð, Þorkell! at sýna sik, ok skriða ekki í hreisi. Nú skal víst sýna, Guðmundr! kvað Þorkell, ok eigi komstu fyrr, enn ek ætlaði, eða hvörja leið fórstu hingat? Hann svarar: ek fór Brynjubrekku<sup>3</sup> ok Hellugnúpskarð. Þorkell mælti: þú hafðir bratta leið ok erfiða, ok trautt kann ek at ætla, hversu rassinn mundi sveitast ok erfiði hafa í þessari ferð. Síðan hljóp Þorkell fram með brugðit sverðit, ok hjó þegar til Guðmundar, en hann hopaði undan; hann lét sem hann sæi öngvan mann í atsókn, nema Guðmund; þá hlupu menn at ok hjuggu til hans, en hann varðist hraustliga, ok fengu margir menn sár af honum. Þorsteinn hét maðr, ok var kallaðr hinn rammi, hann gekk mest í móti Þorkeli, ok varð hann mjök sárr, þvíat margir voru um einn, ok var hann eigi at óákafari, þóat iðrinn lægi úti á honum. En þá er Guðmundr hopaði, hrapaði<sup>4</sup> hann í mjólkrketilinn; þat sá Þorkell, ok hló at ok mælti: nú kveð ek, at rassinn þinn haf

<sup>1</sup>) Hæðan frá gjötist D ok mestu samhljóða hinum. <sup>2</sup>) ok inn, b. v. B, D. <sup>3</sup>) Grimubrekku, D. <sup>4</sup>) hrataði, D.



áðr leit at flestra lækjanna<sup>1</sup> annarra, en mjólkina hygg ek hann ekki fyrr hafa drukkit, enda ráðstu nú hingat ok finnumst við, þvíat nú liggja úti iðrin mín, [þat hefir þèr jafngjarnt verit, er þik lysti þessa<sup>2</sup>. Síðan drápu þeir hann. Þá mælti Guðmundr: vill húsfreyja ekki tilbeina [með oss<sup>3</sup>, at þorkell sè jarðaðr? Hún svarar: þat vil ek víst eigi, ok verið á hurt sem fyrst, ok betra þiki mèr at vera hjá honum dauðum, enn yðr lifandi. Síðan riðu þeir á hurt, ok hittu Einar Konálfson; hann fagnaði Guðmundi vel, ok spurði tíðenda. Guðmundr mælti: dauðan segi ek þèr þorkel hák. Einar svarar: eigi þarf at sökum at spyrja, ætla ek nú at þú munir taka við fè þínu, ok bjóða bætr Ljósvetningum. Síðan var fundr átt, ok kom þar Guðmundr ok Einar Konálfson ok þeir synir þorgeirs, Tjörfi ok Höskuldr. Einar mælti: spurt munu þèr hafa liflát þorkels, ok munu þat eigi margir kalla sakleysi, en Guðmundr vill yðr bætr bjóða ok stinn manngjöld, en ekki er þess at vænta, at Guðmundr flýi land sitt, mun hann ok um kyrt sitja. Höskuldr svarar: þat er nú framkomit, er þèr hafið lengi umsetit, ok ótrúligri munu sættir vorar verða, þótt Guðmundr hafi nú ríki mikit. Tjörfi svarar: eigi mun þat mitt ráð, at neita fèboðinu. Síðan greiddi Guðmundr fè upp, ok voru sáttir at kalla.

*Eylifr í Gnúpufelli drepr Rindil, ok frá því, er Hlenni í Saurbæ kemr honum undan.*

20. Rindill fór heim með Guðmundi, ok lét

<sup>1</sup>) klækjanna, D. <sup>2</sup>) v. í B, D. <sup>3</sup>) vorn, D.



hann vel yfir honum, ekki var hann þó þokkaðr af alþýðu. Þeir bræðr í Gnúpufelli voru ok bundnir í tengdum við þorkel hák. Eylifr<sup>1</sup> átti Þórdísi skjaldkonu<sup>2</sup>; hann var maðr mikill ok knárr, hann var bogmaðr, laungetinn var hann. Bruni átti Álfdísi Koðránsdóttur, ok voru<sup>3</sup> bræðr-úngar, ok þorlaug Atladóttir, kona Guðmundar; en móðir þorkels háks var Guðríðr, er þorgeir goði átti, [en eigi Hjalti Eiríksson<sup>4</sup>, en hennar móðir var dóttir Hrólfis Íngjaldssonar í Gnúpufelli<sup>5</sup>. Hlenni hèt maðr, hann bjó í Saurbæ, hann var kallaðr Hlenni hinn spaki<sup>6</sup>; þeir voru bræðrasynir ok þorgeir goði; Hlenni var þá blindr ok gamall. Þar kom um sumarit, at menn riðu til leiðar. Guðmundr var vanr at riða fjölmennur, [ok fór út<sup>7</sup> frá garði, en þeir, er ofan riðu, fóru [hratt neðra<sup>8</sup> með ánni, ok hittust at ákveðnum stað<sup>9</sup>. Menn voru þá mettir, ok voru rekin heim hross, ok kom eigi hestr Rindils; Guðmundr bað leita hestsins. Rindill svarar: þat hæfir eigi, at aðrir menn leiti míns hests, er ek veit hvar hann er, ok riðið<sup>10</sup> fyrst. Guðmundr [hafði virðing mikla á honum, ok hældt hann vel, ok mælti: far þú, sem ek mæli! en enginn vildi sinn hest láta fyrir Rindli<sup>11</sup>. Þeir Guðmundr riðu fyrir; en Rindill ok maðr einn var eptir hjá honum, ok tóku til dagverðar [á meðan<sup>12</sup> hestrinn var fundinn. Rindill hafði skyr, ok mataðist skjótt, þvíat

<sup>1</sup>) þannig A, D; ðeifr, B, S alstaðar. <sup>2</sup>) skáldkonu, B, D. <sup>3</sup>) þeir, b. v. hin. <sup>4</sup>) v. í D. <sup>5</sup>) ok var frændsemi með þeim þorkeli ok bræðrum í Gnúpufelli, b. v. hin. <sup>6</sup>) skakki, D. <sup>7</sup>) at, D. <sup>8</sup>) it efra, D. <sup>9</sup>) fra fyrra [ v. í B. <sup>10</sup>) þannig hin; riðr, A. <sup>11</sup>) v. í B. <sup>12</sup>) þegar, D.



skyrit var þunt, ok riðu út frá garði í skóginn; síðan riðu menn á móti þeim, ok var þar Eylifr<sup>1</sup> ok maðr með honum; þar varð ekki af kveðju. Eylifr setti þegar kesjuna á Rindil miðjan, en skyrit sprændi úr honum, ok ofan yfir hann Eylif; en förunautr Rindils sagði Guðmundi; hann varð óðr við, ok snýr þegar ferðinni eptir þeim, en fèkk mann til at helga leið. [þeir Bruni<sup>2</sup> urðu varir við, ok snèru aptr, en<sup>3</sup> þeir Eylifr snèru í Saurbæ; Hlenni var úti, ok bjó ferð húskarls síns, ok skyldi fara í Seljadal<sup>4</sup> með kálfa; þeir sögðu honum, hvat þeir hefðu gjört, ok biðja hann á sjá, þviat Guðmundr vill hafa fjör vort, ok riða eptir oss. Hlenni svarar: hvat er til? Eylifr svarar: ek hefi skotit Rindil, ok hefir Guðmundr því reiðst. Hlenni svarar: lítill mannskaði, en ek má lítið traust veita, en þó gáangi þið inn, ok verist úr bænun! ok svá gjörðu þeir. Síðan komu þeir Guðmundr í túnit, ok kvöddust þeir Guðmundr ok Hlenni. Guðmundr mælti: eru þeir hær ódáðamenninnir hjá þèr, Hlenni! Eylifr ok förunautr hans? Hlenni mælti: hær eru þeir, Guðmundr! ok er eigi sem harmsaga<sup>5</sup> sè, þótt Rindill sè drepinn. Guðmundr mælti: gjör annathvort, sel þá fram, eða við munum brenna upp bæinn; öngvum skal hlýða at drepa heimamenn mína. Hlenni svarar: vera má þat, at nú megir þú gjöra slikt, er þú vilt, en verit mundi hafa fyrr

<sup>1</sup>) þannig D; rétt hær og framvegis í A, eptir þvi, sem fyrst stöð. <sup>2</sup>) þannig D; Björn, A, S, líkliga rángt. <sup>3</sup>) frá [ v. í B. <sup>4</sup>) sel, B. <sup>5</sup>) þannig D, hrein saga, hin.



meir, at fjölrædt mundi í héraðinu, ef þú gjörir mér óvirðing; en þann veg er mér um gefit, at betra þiki mér, at þeir sæu eigi fyrir mér dreppir, svá ek sjái þat, vil ek nú senda þá í Eyrarskóg. Guðmundr mælti: viltu því heita, at þeir komi þar? ok vil ek þann kost taka, því jafnt þikja mér þín heit, sem handsöl annarra manna. Síðan gekk Hlenni inn, ok mælti: nú er Guðmundr hér kominn, ok vill hafa líf þitt, en ek hefi öngva viðstöðu í móti hönum. Eylífr svarar: slíks er at von, ok skal ek útganga. Þá mælti Hlenni: þú skalt eigi svá skjótt hvata þessu, en lítit mun verða undanbragðit, ok skulu þið fara yfir í Eyrarskóg með þeim hætti, at í sínu hripi skal vera hvorr ykkar, ok bera á ykk gras, en kálfr skal liggja á hvorjum ykkra, en þó má vera, at Guðmundr sjái eigi þetta undanbragðit fyrir reiði sakir, en ef þik berr skjótt framhjá, þá skifðu<sup>1</sup> þegar hnappinn úr hripsgrindinni, enda mun auðna ráða. Svá var um þá búit, sem Hlenni mælti; ok er hann<sup>2</sup> kom yfir ána í skóginn, þá drifu þeir Guðmundr at þeim, ok mælti: því eru þeir Eylífr svá seinir? Hann svarar: ek ætla at þeim þiki eigi til öls boðit, en þó voru þeir búnir, er ek fór áðr; en hann reið framhjá þeim; þá hljóp hann þegar aptr hjá hestinum, ok hleypti þeim niðr úr hripunum, ok þegar hlupu þeir í skóginn ok til Gnúpufells. Þá mælti Guðmundr: nú erum vèr villtir, þeir hafa verit í hripunum, ok nú sè ek eptir, hvorsu fast at hestrinn stè at

<sup>1</sup>) kiptu þegar, *D.* <sup>2</sup>) húskarl, *B.*



grjótinu, er hófarnir lögðust fyrir; nú mun Hlenni eigi þikjast at mèt logit hafa, ok er hann vit maðr, ok snúum nú eptir þeim. Síðan komu þeir í Gnúpufell, ok gengu at dyrum, en hurðir voru aptr, ok stóð Eylifr fyrir innan hurð með skey:i sín. Guðmundr mælti: seldu [upp hurðina, Eylifr'! eða munum vèr leggja eld at bænum. Hann svarar: eigi mun ek hirða út at gánga, ok endimligt er þat, ef þèr sýnist þat, at hafa stórvirki á vorum frændum, ok mæla eptir um slíka, er einskis eru verðir. Guðmundr mælti, at taka skyldi eldinn; þá var farit eptir. Þá gekk kona til hurðarinnar, ok mælti: má Guðmundr heyra mál mitt? Hann kvaðst heyra: eða er þorlaug þar, ok er einsætt at gánga út? Hún svarar: eigi mun ek skilja við Alfdísi frændkonu mína, en hún skilr eigi við bónda. Guðmundr mælti: ef þú vilt kjósa heldr at deyja með skömm hèr, enn lifa með mèt með sæmd ok virðingu, þá skal þó eigi verkit fyrirfarast. Þá gekk maðr í dyrnar úngr, ok mælti: hvort má Guðmundr heyra mál mitt? Hann kvaðst heyra: eða hvort er Haldór þar, sonr minn? Hann kvað svá vera. Guðmundr mælti: gakk þú út, frændi! Hann svarar: eigi þarftu þess svá mjök at eggja, því at þèr skal enginn verri enn ek, ef móðir mín brennr inni. Síðan áttu menn hlut at við Guðmund, at hann gjörði eigi svá mikla óhæfu, ok svá var. Síðan fór Guðmundr burt, ok var aldrei síðan vel með þeim. Guðmundr sat yfir metorðum mestum í héraðinu.

1) fram, Bruni! Eylif ódátamanninn, D.



*Frá draum Guðmundar ok viðræðum; fráfall hans.*

21. Þat bar til eitt sinn, at Guðmund dreymdi draum mikinn; síðan fór hann á fund Drauma-Finna norðr í Köldukinn undir Fell, ok mælti: draum vil ek segja þèr, er fyrir mik bar. Hann svarar: óþökk er mèr á öllum draumum<sup>1</sup> þínum sakir harma vorra. Guðmundr mælti: engin kemr grind til þessa, ok þigg af mèr fingrgull þetta! Hann tók við, ok mælti: hvat dreymdi þik? Hann svarar: ek þóttumst riða norðr um Ljósavatnsskarð, ok er ek kom gegnt bænum at Öxará, þá sýndist mèr vera höfuð þorkels háks á þá hlið, er at bænum vissi; ok er ek reið norðan, sat höfuðit á annari öxl mèr<sup>2</sup>, ok stendr mèr ótti af þessu. Finni mælti: sjá þikjumst ek þenna fyrirburð; þat get ek í hvört sinn, er þú riðr norðr ok norðan, komi þèr í hug víg þorkels háks, ok frændr hans sitja hèr í hvörju húsi, ok mun þèr ótti af þeim standa; en þvi skiptist þat á öxlum þèr, at svá berr [bæum til<sup>3</sup>, ok eigi kemr mèr þat at óvart, at nær stýrt verði nokkrum þínum frændum. Síðan reið Guðmundr á burt, ok norðr í sveitir til þingmanna sinna, ok gisti á Tjörnnesi, ok var honum skipat í öndvegi, en innarr frá honum sat Ófeigr Járngerðarson; ok er borð komu fram, þá setti Ófeigr hnefann á borðit, ok mælti: hvorsu mikill þiki þèr hnefi sá, Guðmundr? Hann svarar: vist mikill.

<sup>1</sup>) kvomun, *D.* <sup>2</sup>) þeirri, er þá horfði við bænum, *b. v. D.*  
<sup>3</sup>) bænum til, *B.*; bænum við, *D.*



Ófeigr mælti: þat muntu<sup>1</sup> ætla, at afl muni í vera? Guðmundr mælti: ek ætla þat víst. Ófeigr mælti: mikit muntu ætla at [höggit verði<sup>2</sup>. Stórmikit, segir Guðmundr. Ófeigr mælti: [hvat mikit<sup>3</sup> muntu ætla at saka muni? Guðmundr svarar: beinbrot eðr bana<sup>4</sup>. Ófeigr mælti: hvorsu mun þèr þikja sá dauðdagi? Guðmundr mælti: stórrillr, ok eigi munda ek vilja. Ófeigr mælti: sittu þá ekki í rúmi mínu. Guðmundr mælti: svá skal vera, ok settist öðrumegin. Þat fannst á, at Ófeigr vildi þar mest metinn vera, en hann svífðist einskis þess, er honum bjó í skapi. Kona hèt Þórhildr<sup>5</sup>, ok var kölluð Vaðlaekkjja, ok bjó at Naustum, hún var forn í skapi, ok vinr Guðmundar mikill. Guðmundr fór á fund hennar, ok mælti: forvitni er mèr á því mikil, Þórhildr! hvort nokkr mannhefnd muni framkoma fyrir þorkel hák. Hún svarar: kom í öðru sinni, ok hitt mik einnsamann. Síðan liðu stundir; ok einn morgun reið Guðmundr heiman einnsaman, ok kom til Vaðla, ok var Þórhildr úti, ok girð í brækr, ok hafði hjálm á höfði ok öxi í hendi; hún mælti: far þú með mèr, Guðmundr! Hún fór ofan til fjarðarins, ok gjörðist heldr þristilig; hún óð útá vaðlana, ok hjó fram öxinni á sjóinn, ok þótti Guðmundi<sup>6</sup> öngva skipun taka. Síðan kom hún aprtr, ok mælti: ekki ætla ek at maðr verði til, at sjái<sup>7</sup> mannhefndir við þik, ok muntu sitja mega í sæmd þinni. Þá mælti Guðmundr: nú

<sup>1</sup>) munda ek, *D.* <sup>2</sup>) högg verði af, *D, S.* <sup>3</sup>) þannig *B;* þetta, *A.* <sup>4</sup>) þannig *B;* bani, *A.* <sup>5</sup>) Þórhildr, *B.* <sup>6</sup>) þat, *b. v. hin.* <sup>7</sup>) slá í *D.*



vilda ek at þú vissir hvort synir mínir mundu undan stýra. Hún svarar: nú gjörir þú mér mikit fyrir. Síðan óð hún út á Vaðlana, ok enn hjó hún á sjóinn, ok varð af brestr mikill ok blóðugr allr sjórin; síðan mælti hún: þat ætla ek, Guðmundr! at nær stýrt verði einhvörjum syni þínum, ok mun ek nú ekki optarr þraut til gjöra, því öngvan veg kostar mig þat lítit, ok mun hvorki tjá við ógnir nè bliðmæli. Guðmundr mælti: ekki mun ek þessa þraut optarr fyrir þik leggja hær eptir. Guðmundr sitr í virðingu sinni; ok er áleið æfi hans, þá er þess getit, at maðr hæt þórhalli<sup>1</sup>, ok bjó á bæ nokkrum í Eyjafirði; hann dreymdi draum, ok fór hann norðr á fund Finna; ok er hann kom í dyr, mælti þórhalli: draum vilda ek at þú reðir, er mik hefir dreymt. Finni mælti: far þú í burt, ok vil ek eigi heyra drauminn, ok rak aptr dyrnar, ok mælti: far þú í burt sem skjótast, ok seg Guðmundi á Möðruvöllum, eða þú munt með vopnum burt keirðr þegar. Síðan fór hann í burt ok á Möðruvöllu; en Guðmundr reið<sup>2</sup> um daginn út eptir héraði, ok var heim von um kvöldit. Einar bróðir hans lagðist niðr, ok sofaði; hann dreymdi þat, at uxi gekk upp eptir héraðinu skörugligr<sup>3</sup> mjök ok hyrnr fast, ok kom upp á Möðruvöllu, gekk til<sup>4</sup> hvors húss, er var á bænum, ok síðarst til öndvegis, ok féll þar niðr dauðr. Síðan mælti Einar: slíkt mun fyrir miklum tíðendum, ok er þetta manna fylgjur<sup>5</sup>. Þá

1) Þórhallir, *D* alstaðar. 2) var ridinn, *D*. 3) skrautligr, *D*. 4) hær endár *D*. 5) mannsfylgja, *B*.



kom Guðmundr heim, ok var þat siðr hans, at koma til hvörs húss, sem á bænum var; ok er hann gekk til öndvegis, þá lagðist hann upp, ok talaði við Þórhall, ok sagði hann honum draum sinn, ok eptir þat réttist hann upp, ok var þá fram kominn matr; mjólk var heit, ok voru á steinar. Þá mælti Guðmundr: ekki er heitt. Þorlaug mælti: kynliga er þá, ok heitti steinana. Síðan drakk Guðmundr, ok mælti: ekki er heitt. Þorlaug mælti: eigi veit ek nú, Guðmundr! [hvar kemr til' heitfengi þitt. Ok enn drakk hann, ok mælti: ekki er heitt; þá hneig hann á bak aptr, ok var þá andaðr. Þá mælti Þorlaug: mikil tíðendi, ok munu víða spyrjast, en engi maðr skal taka á honum, en grunat hefir Einar [opt minni tíðendi<sup>2</sup>. Síðan kom Einar ok veitti honum umbúnað. Einar mælti: eigi hefir draumir þinn, Þórhalli! lítinn krapt, ok þat hefir Finni sèt á þèr, at sá væri þæigr, er þú segðir drauminn, en þat unni hann Guðmundi; kaldr hefir hann nú verit innan, er hann kendi sín eigi<sup>3</sup>.

<sup>1</sup>) hvaðan kemr, B. <sup>2</sup>) v. í B.

<sup>3</sup>) Í B lýkr hér sögunni þannig: 22. Synir Guðmundar Eyólfr ok Koðrán tóku fe eptir hann; vildi Eyólfr eigi unna bróður sínum jafnaðar, ok eigi vildi hann at hann byggi hjá sèr á Möðruvöllum; samdiðt þá svá, at Koðrán bjó í Möðrufelli, hann var maðr efniligr ok vinsæll. Eyólfr var rikastr maðr fyrir norðan land. Þorvarðr Höskuldsson, Þorgeirssonar goða, bjó þá á Fornastöðum, vitr maðr ok stiltr; Höskuldr hét son hans, uppvöðslumaðr mikill. Þorkell hét maðr Hallgilsson, hann bjó á Veisu; móðir hans hét Solveg Þórðardóttir; Þórðr var bróðir Þorgeirs goða. Rafn Þorkelsson háks bjó þá at Lundabrekku; þessir voru Ljósvefningar kallaðir. Deilur hófst með þeim Eyólfi ok Ljósvefningum, ok þar kom um siðir, at þeir réðu til bardaga við Eyólfr eitt sinn, er hann reið norðr þánnig. Höskuldr Þorvarðsson ok Rafn Þorkelsson voru mjök fýsandi fundarins, en Þorvarðr var eigi við í fyrstu, því vináttu-



*Af sonum Guðmundar ríka ok afkomendum**Þorgeirs goða.*

22. Síðan tóku synir hans fè Eyólfr ok Koðrán. Koðrán var manna vænstr, efniligr ok vinsæll; hann óx upp með Hlenni. Haldór Guðmundsson var þá utan farinn, hann féll í Brjáms orrostu. Eyólfr vildi einn hafa föðurlífð sína, ok unni eigi jafnaðar bróður sínum; Eyólfr var vænn maðr ok miklll. En er Koðrán var fullkominn til aldrs, þá beiddist hann fjárskiptis við Eyólf. Hann svarar: eigi vil ek hafa tvíbýli á Möðruvöllum, ok eigi rísa upp fyrir þær. Síðan

mál höfðu farit úr í milli Eyólfs ok hans; þó fór svá, at Þorvarðr kom til fundarins, ok veitti Ljósvetningum; honum fylgdi Hallr Ötryggsson, dótturson Þorkels háks; fundr þeirra var við hól þann, er neðnist Kakalahóll. Koðrán Guðmundsson kom til liðs við Eyólf bróður sínn, ok var þá hlívd orðin á bardaganum, svá eigi börðust aðrir, enn þeir, sem sakir áttust við; Koðrán gekk í milli, ok skildi menn; þá hljóp at Hallr Ötryggsson, ok ljó á höfuð honum, ok var þat banasár; Ötryggf faðir hans var þá veginn. Sæzt var á víg Koðrans á Hegraness þingi, fyrir meðalgaungu Skeggbrodda ok Gellis; voru gjörð 8 hundruð silfrs fyrir víg Koðrans, ok skyldi Hallr utan fara, ok eiga eigi aptrkvæmt; Þorvarðr, Þorkell ok Hóskuldr skyldu utan vera 3 vetr. Þorvarðr gekk suðr; ok á meðan hann var utan, drap Eyólfr Þórarinn Hóskuldsson á Brettingsstöðum, bróður Þorvarðs, því hann undi illa við, at eigi skyldu mannhafudir koma eptir Koðrán. Þorvarðr frétti víg bróður síns, þá hann kom sunnan frá Róm, í Saxlandi; hann mælti þá: língt er nú óxa vorra í milli, ok þat vilja þeir Möðruvellíngar, at þær tæki enn saman, ef ek kem til Íslands, ok verði nú, sem Þétr postuli vill! Skömmu þareptir andaðist Þorvarðr. Eyólfr bætti víg Þórarins stínum manngjöldum. Hallr Ötryggsson var með Haraldi konungi Sigurðarsyni, er hann barðist við Hákon jarl Ivarsson; ok er Hallr ljó ísinn, hljóp at honum Þorinóðr Ásgeirsson, frændi Möðruvellínga, ok veitti honum bana, sem segir í sögu Haralds konungs. Deilur Eyólfs ok Ljósvetninga hófust af því, at Brandr Gunnsteinsson á Ljósalandi barnaði Friðgerði, dóttur Friðgeirs bónda, þingmanns Eyólfs, ok vildi síðan eigi undirgánga; Brandr var ísðbróðir Hóskuldar Þorvarðssonar, ok féll á Englandi með Haraldi Sigurðarsyni; ok lýkst hér svá þessi saga.



hitti Koðrán Hlenni fóstura sinn, ok segir honum svá búit, at eigi mundi sannlig vörnin, ef ek skal rænast arfinum. Hlenni svarar: ekki kemr mér á úvart ofsinn Eyólfs, en eigi ræð ek at þú dæmir þik sjálfr af arfinum, heldr gjörir þú hús út frá garði á Möðruvöllum, ok þat var ráð haft; en þat ráð samdist svá síðan, at Koðrán bjó í Möðrufelli. Einar Arnórsson bjó þá at Hrafnagili, vitr maðr, göfugr ok ættstórr. Eyólfr var ríkastr maðr fyrir norðan land. Þorvarðr Höskuldsson, Þorgeirssonar, bjó þá at Fornastöðum í Hnjóskadal, hann var fyrir þeim Ljósvetningum; hann var vitr maðr ok stiltr vel, ok nokkut aldraðr; Eyólfr sendi menn á fund hans, ok bauð honum heim til sín, ok þann kost tók hann. Eyólfr tók vel við honum, ok mælti: undir þínum þokka þikir mér mest af þínum frændum, ok þótt fátt hafi verit um með oss af hinum fyrri atburðum, þá vil ek nú vingast við þik, ok skaltu þiggja at mér stóðhest, þessi er hér beztr í héraðinu. Þorvarðr svarar: þiggja mun ek hestinn, ok haf þökk fyrir! ok hlýða mun okkr, ef eigi spilla aðrir menn um; hann fór heim síðan. Höskuldr hét son Þorvarðs, hann var mikill maðr ok sterkr, ok uppvöðslumaðr mikill. Þorkell hét maðr, hann bjó at Veisu, hann var Hallgilsson; móðir hans hét Solveig Þórðardóttir; Þórðr var bróðir Þorgeirs at Ljósavatni; með honum var at uppfæðslu Höskuldr Þorvarðsson. Gunnsteinn hét maðr, er bjó at Ljósavatni, Þórðarson; Brandr hét son hans; hann var jafnaldri



Höskuldar, ok voru báðir með Þorkatli, ok áttu mikit lag við Þveræringa. Þorvarðr Höskulds-son var maðr óafskiptinn með málaferli; hann bauð nær jafnaði, enda gekk eigi af því. Þeir fóstbræðr voru skaplíkir, ok urðu hýbýlin skörugsöm, en fátt var um með þeim frændum Þorvarði ok Höskuldi, því þeir voru óskaplíkir í sínum háttum. Maðr hét Ísólfr, ok bjó norðr á Tjörnum, hann var þingmaðr Eyólfs Guðmunds-sonar; Friðgerðr hét dóttir hans, hún var væn ok ættgóð ok sköruglig, sýslumaðr mikill. Gríms-eyingr einn ungr ok fráligr gjörðist til, ok slóst á tal við hana; en föður hennar gatst ekki at því, ok hitti hana, ok mælti: ekki er mēr um vistir þínar hér lengr, at í því aukist vor ósæmd; nú sendi ek þik til Eyólfs vinar míns, ok muð hann vel við þik gjöra. Hún svarar: þat er vænligt ráð. Síðan fór hún, ok maðr með henni; ok er þau komu á Fornastaði til Þorvarðs, gjörði veðráttu illa. Þá mælti Þorvarðr: aldri þiki mēr óvænna at snúa norðr aptr. Hún svarar: þann veg er mēr um farit at, síðan ek fór norðan, at eigi komi ek þar svá búit; Þorsteinn hét maðr, ok var kallaðr drafli, hann bjó á Draflastaðum: hann er nú norðr, ok mun ek vera þar, meðan óveðráttan batnar ekki. Þorvarðr svarar: ek hefi nú ok umrædt slikt, er mēr sýnist, en ekki kemr mēr óvart, at þessu sè misráðit. Síðan fór hún ofani dalinn ok á Draflastaði, ok var vel við henni tekit. Þetta frèttist brátt; Veisusynir spurðu ok þetta, ok settu<sup>1</sup> þángat

<sup>1</sup>) sóktu, S.



leika, ok har saman tal þeirra fóstbræðra ok Friðgerðar, ok fór hún þángat, ok var þar. Þess er getit, at skip kom út í þetta mund norðr, ok ætlaði þat at fara tvívegis; þeir fóstbræðr fóru til skips, ok könnuðust við kaupmenn. Þá mælti Höskuldr: þat höfum við ætlat<sup>1</sup>, at fá yðr tveim mönnum fleira, enn áðr. Stýrimaðr svarar: er eigi þat þá, Höskuldr! Hann svarar: þat er í ætlan, ef kostr er. Stýrimaðr svarar: þess skal víst kostr; ok tók (Höskuldr) sèr ferju, ok fór síðan heim. Ok er þeir voru mjök búnir, þá heintu þeir Þorkel á tal; þá mælti Höskuldr: við fóstbræðr ætlum utan at fara, en við viljum fá þèr í hendr sókn ok vörn mála þeirra, er okkr snerta, ok höfum votta við. Þorkell svarar: fátt hefi ek á móti ykkur látit, en varla sýnist mèr þetta vandalaust, ok kann margt til þess at bera, en þið skuluð ráða; ok þetta gekk fram, at þeir fóru utan, ok voru vel virðir. En Friðgerð var eptir, ok þótti vera kona sæmilig, ok allmikill gleðimaðr, ok samdi sik mjök hátt<sup>2</sup> með úngum mönnum; hún var verkmaðr mikill ok umsýslumaðr. Hún kom at máli við Þorkel: svá er, sem þú veizt, segir hún, at ek hefi haft umönnun ok verknað hèr, en nú fellr mèr þat allt þýngra, þvíat vöxtr minn er í þrotnan, ok þýngist heldr gángan, en ek hefi eigi þurft annarra hèrtil, en nú þiki mèr þat ráð þurfa, at eigi beri svá til, ek em nú kona eigi heil. Þorkell svarar: hvörr veldr því? Hún kvað Brand valda því. Þorkell svarar: þó hefir hann þetta óvinliga gjört

<sup>1</sup>) felagar! b. v. S. <sup>2</sup>) hætt, S.



ok sagt mér ekki til, er mér þetta vandsæt mál; hefir hér verit gleðivist mikil, en þú kona ekki fálýnd, ok veit ek ekki, hvort hann veldr þessu, eða aðrir hleypimenn, þóat eigi sè jafnrifligir sem Brandr, ok þiki mér þeim ólið veitt fóstbræðrum, ef þá skal sanna gjöra at þessu. Hún fèkk af þessu mikla ógleði, ok fór til föður síns; honum eyddist skjótt fèt, ok kvað hún sína ferð óþekkiliga orðit hafa, sem von var at. Hann svarar: eigi hefir vel orðit, enda var ekki góðu ráði til at bregða. Hann gjörði ferð sína á fund þorkels, ok vissi hann gjörla, at hann var kominn þar til hreytingar, en ekki til bótar; hann brá þorkeli þegar á tal, ok mælti: þat er undir för minni, at ek vilda at þú greiddir málit Friðgerðar, ok sómir yör þat vel, at eigi standi hér illt af, sem von er at hermingar muni vera; mæli ek til þess, at hún sè með þèr, ok mun ek leggja fè fyrir hana, en sættast hægliga á málit ok vera hægr i biðun, ok mun ek eigi mæla til framáða<sup>1)</sup>, en vèr sèum eigi ræntir sannendum. Þorkell svarar: saklauss er ek um þetta mál, er dóttir þin kona eigi fálýnd, ok eigi einn líkligri enn fleiri til þokka með henni. Síðan fór Ísólfr á burt, ok reið leið sína, ok fór á fund Eyólfs Guðmundssonar á Möðruvöllu, ok var þar vel við honum tekit; hann brá honum á tal ok mælti: ekki mun þèr til virðingar mitt erendi, en þó ætlum vèr til þinnar ásjá, þingmenn þinir; virðun vèr at gild svivirðing sè i þeirra tiltæki Hnjóskdæla, hafa sumir hlaupizt á burt af landi,

<sup>1)</sup> framarlá, S.



er vèr ætlum hlut í hafa þessu máli, en þeir svara öngvu til, er nú eru fyrir mál settir; stóðst þat svá í fyrstu, at ek ætlaða at senda dóttur mína á fund yðvarn, ok firra hana ámæli vondra manna, en þeir heptu ferð hennar, Brandr ok Höskuldr, ok dvöldu hana til svívirðingar. Eyólfr svarar: þetta er illa viðkomit, ek vildi undan eyra við Ljósvetninga, en þó ertu illa viðkominn, ætla ek ráð at hún spari við mik, eða til mín, ek má ekki aka<sup>1</sup> undan öllum fæti, en svá mun þikja, ef þetta er kyrt. Ísólfr svarar: þann veg mun virðt vera, at eigi haldi þér sæmdum, nema tilhlutist yðr tignari meum. Ek mun við máli taka (segir Eyólfr), þótt eigi sè vandalaust, ok fylgja honum<sup>2</sup> til mín, ok mun ek þó litilþægr at yfirbót; vænti ek at þorvarði bezt, ef hans ráð eru höfð, en litrur sæmdar vænta at öðrum þeim, er hær eiga hlut í; ok tókust þeir í hendr, ok seldi Ísólfr honum málit.

*Eyólfr Guðmundsson fylgir máli Ísólfs, ok frá sklrslu Friðgerðar.*

23. Síðan fór Ísólfr heim ok leið vetrinn. Ok einnánáð öndverðan var samkoma at Hálsi í Hnjóskadal, en nú er í Kaupáangi. Eyólfr kom seint, ok var þar lokit öllum samkómu málum; var þorvarðr í burt ok bændr. Eyólfr spurði: hvat er titt um ferðir þorvarðs? Honum var sagt, at hann var heim farinn. Eyólfr segir: þat er oss engin gefa, eða hvort er hær þorkell Hallgilsson? Hær er ek, kvað hann. Eyólfr mælti: við höfum vel hitst at málum, eðr hvorsu viltu

<sup>1</sup>) þannig S; taka, A. <sup>2</sup>) henni, S.



svara málum þeirra Friðgerðar ok Ísólfis, en<sup>1</sup> menn kalla yðr endataka-félaga; mér er sagt þú egir sókn ok vörn mála þeirra, er við eru kendir Brandr ok Höskuldr, nú mun ek ekki mikilþægr at um yfirhætr, ef vel er svarat. Þorkell svarar: Þetta berr breytliga til, er þú hefir at ganga eptir kvittun óvísra manna; nú mun ek veita fyrst bræðrum mínum eigi ólið, eða sanna þá at því máli, er allir eru jafnlikligir til samlags við Friðgerði; nú mun ek eigi svara betr, en vita hvör sannendi til eru af þeim, er þèr kennið málit. Eyólfir svarar: Þá erum vèr tregari, enn vèr mundum vilja, en ek mun hógliga til mæla: viltu handsala í lögrèttu, ok skíri hún sik, ok handsala faðerni, ef hún verðr skír. Þorkell svarar: Þúngr verðr hlutrinm vor, ef ek handsala faðerni, en annar verði sannr at, en skírslunnar mun ek ekki varna, sunir kveða þó lángræðit, ok vil ek handsala rètt presti þeim, er skírslu gjörir. Hann svarar: Þat mun ilýsast, at ek vil sættast, ok kýs ek þetta af. Síðan gjörði Þorkell svá, at hann handsalaði presti rètt, ef hún yrði skír, ok eindaga á fènu; skírsla skyldi vera í Laufási, en sá prestur hèt Ketill, er gjörði skírsluna, er kallaðr var Möðruvellíngaprestur; þá var í Skálholti Ísleifr biskup. Síðan fastaði hún; en Eyólfir bauðst nú til at sjá skírsluna, ok kvað auðveldt, at þeir vildi enn tefja málit, ok skal því meiri hug áleggja eptir at sjá. Þorkell kom, ok var nú leyst til handarinnar; prestur veitti eigi skjót atkvæði. Þá mælti Þorkell: Því [er nú<sup>2</sup>

<sup>1</sup>) er, S. <sup>2</sup>) ertu, S.



svá mikill verrfeðrúngr, at segja eigi, at hún er brunnin? ok nefndi sèr votta at því. Prestur mælti: nú ferr úliðliga, er þið dæmið, ok takið málit fyrir hendr mèr fram, er ek á atkvæðit at veita, ok skal vera enn tilraun önnr skírari. Eyólfr svarar: eigi má skírari vera, en fyrir fjandskap þinn ok mútur, er þú hefir til tekít, þá skal ek heimta sem föðurarf minn. Þorkell svarar: vitum vèr þat Ljósvetningar, at ósparir hafi þèr lengi verit við oss um fjandskapinn. Eyólfr svarar: Þèr hófuð fyrri fjandskapinn, en komuð niðr hart eptir verðleikum. Þorkell svarar: fyrir þessa sök skal ek láta annathvort allt fè mitt, eðr ekki. Eyólfr svarar: eigi mundi þorvarðr svá svara, frændi þinn. Síðan skildu þeir at því. Þá kom skip at Gásum, ok voru þeir á fóstbræðr, Brandr ok Höskuldr. Þorkell hitti þá brátt, ok mælti: heimil mun vist með mèr sem fyrr, þó vandt<sup>1</sup> sè. Þeir þágu þat, ok fóru til Veisu. Þá mælti Þorkell: svá er nú málavöxtr, at Eyólfr vill bera þik sökum, Brandr! með þeim hætti, at þú hafir legit dóttur Ísólfis, ok mælt svá ferliga, at hann mundi svá heimta rétt hennar, sem arfinn eptir Guðmund föður sinn; en ek ætla hún gjöri litt þat eptir sannri raun, þvíat skírslur hygg ek at honum<sup>2</sup> gáangi æ<sup>3</sup> til smánar, ok sá ek fyrir<sup>4</sup> hönd hennar ófegri enn áðr, ok sýndist í því fjöllyndi hennar; en Eyólfr vill enn vekja forna óhæfu við oss frændr. Brandr svarar: öngvan greiða mun ek á því gjöra, at ek sè þar í meiri venzlum, enn aðrir menn. Þorkell mælti: hvörja

<sup>1</sup>) voutd, S.    <sup>2</sup>) henni, S.    <sup>3</sup>) þannig S; eigi, A.    <sup>4</sup>) v. t. S.



meðferð vilh þær hafa? Þvíat frændr vorir allir vilja með Eyólfi vera, nema Hrafn Þorkelsson frá Ljósavatni, hann bjó þá at Lundabrekku í Bárðardal, hann vænti ek oss sinni eigi síðr, hann skortir eigi vit; kona Hrafn's var ættuð úr Guðdölum<sup>1</sup>; nú vænti ek at hann fái til nokkut ráð, at vèr fáum hærra hlut, ok yrði svá vel, at Eyólfr ræðist norðr hingat, at hann hefir skamt-aðar erendi. Höskuldr mælti: auðsýnt er, at vèr stöndum við. Síðan hittu þeir Hrafn, ok bar Höskuldr málit upp, ok mælti: spurt muntu hafa óþykktar svip Ísólfs ok Eyólfs til vor enn at nýu; nú viljum vèr í móti risa með þínu ráði. Hann svarar: þú segir satt, Eyólfr vill nú gánga yfir alla þjóð, en þeim þikir ekki til vor koma, nema til þorvarðar eins, ok er mèr til nokkrs; en farið nú til Oðslu, ok hittið Ótrygg, ok bindið hann í liði með yðr, ok til vina vorra í Hnjóska-dal, þvíat ek kenni ofsa Eyólfs, at hann mun norðr hingat leita, verum þá viðbúnir ok leyn-um þorvarð. Þat er sagt þat sumar, at Eyólfr átti samkomu í héraði, ok mælti: þat er yðr kunnugt, at ek em kallaðr höfðingi yðvarr; nú þiki mèr sem þat muni sannligt kaup með oss, at hvorir veiti öðrum at rættum málum, ok at þær styrkið oss til imóts við mína ágangsmenn, en ek sè yðarr liðsinnismaðr í yðrum nauðsynjum. Mönnum þótti þetta vel sagt. Síðan reið Eyólfr til Hrafnagils til Einars Arnórssonar, hann var virðingamaðr ok vinr Eyólfs, ok mælti: svá er því máli háttat, er ek vil ræða við þik: mèr

<sup>1</sup>) Guðdölum, 5.



er nú at sækja eindagann, en ef ek fer fjölmennr, þá mun ek viðleita at þrengja at þeim með fjarðskap, en þorvarðr einn er vægðar verðr. Hann svarar: gamall maðr er hann nú víst, ok góðr drengr er hann, þviat hann barðist við Girði, þá er hann var með þórólfi, er honum vel varit, hann er varúðigr ok mikill fyrir sèr, ok þviat eins dugir þeim frændum, ef hann sezt fyrir málit; er þat mitt ráð, at þú farir með 18da mann, ok seg, at þú farir eptir fángi til Flateyjarðals. Síðan bjóst Eyólfr, ok með honum þorsteinn rami af Arnarstöðum, ok þórir, son Finnþoga hins rama, heimamaðr hans; veðr var hvast, er þeir riðu á Vaðlaheiði. Þeir komu á Draflastaði til Atla bónda, hann var maðr auðigr ok þingmaðr Eyólfs; þeir komu síð, ok var vel við þeim tekit. Bóndi spurði um ferðir Eyólfs. Hann kvaðst ætla út til Flateyjarðals: en þú skalt vita hvat undir býr; ek vil at þú gjörir mann yfir til Veisu, ok vita hvat þar er heima manna. Bóndi var fámálugr. Eyólfr mælti: því ertu svá fálátr? Atli svarar: ek væri glaðari, ef þú værir með 100 manns. Eyólfr svarar: vel er þat mælt, eðr veiztu nokkut til tíðenda frá Veisu? Hann svarar: ekki nema kyrt, en ekki er þeim um þik. Eyólfr bað hann senda húskarl sinn til Veisu, ok vita hvat til tíðenda væri. Hann gjörði svá. Húskarlinn kom til Veisu. Höskuldr stóð úti í dyrum, ok mælti: snemma ertu á fótum, fèlagi! ok brá honum til glímu, ok kvað hann hafa vanda til at glepja konur<sup>1</sup>, ok tók

<sup>1</sup>) vorar, b. v. S.



hann at reika á fótunum; hann ætlar þá at ganga at öðrum dyrum, ok var Brandr þar fyrir ok mælti: eigi muntu hær inn ganga, sofa vill hún; en þeir reiddu hann aptr ok fram eptir vellinum, ok rifu af honum klæðin, ok varð hann því feginn, at hann komst á burt. Síðan fór hann heim, ok spurði Eyólfr at um ferðina. Hann lét hana orðna illa: voru þeir fóstbræðr úti, ok ætla ek þeir hafi grunat mik, ok gjörðu mærafarir margar, ok rifu af mæraf klæðin, ok voru hurðir aptr fyrst, er ek kom, ok fækk ek þó sæt frá hurðinni, hvat tíðt var inni, ok gruna ek at fjölmenni muni fyrir, ok þeir hafi njósn af um ferðir þína. Eyólfr svarar: eigi er þat ólíkligt. Þat var síðan vanr at mæla þorvarðr þorgeirsson, þá er hark var haft: höfum nú Veisubragð. Atli mælti: slíks grunaði mik. Eyólfr svarar: eigi er förin góð svá búit. Atli svarar: ek býð þær 10 menn vel búna, ok far aptr, ok legg eigi menn þína í hættu.

*Frá fundum þeirra Eyólfs ok Ljósvetninga.*

24. Síðan riðu þeir Eyólfr at ánni; þá sjá þeir at menn riðu frá húsunum, ok eigi færri enn 70, ok létu þeir þegar drífa at þeim grjóti, ok voru þeir menn Eyólfs dumpaðir illa um herðarnar, ok snæru þeir aptr. Atli kvað farit hafa, sem hann grunaði. Eyólfr mælti: nú skal senda eptir Odda Grímssyni í Höfða, vin vorum, ok svá var gjört; menn voru ok sendir til fjarðarins eptir mönnum. Ok er þeir Koðrán ok Þóroddr heyrðu þetta, mælti Hlenni: lángsærr hefir Eyólfr verit



nú, ok snèrust menn vel við, ok voru menn meir vanir at harðfengi, enn fjölda. Oddi brást þegar við, ok fór með 10<sup>da</sup> mann, ok reið Eyólfr þegar í mót honum. Þá mælti Oddi: hvort gjöra Ljósvetningar þèr eigi greiðfært um vöðin, eðr hvör er ætlan þín um ferð þína, er svá er stofnuð? Eyólfr svarar: ek ætla at riða at þeim aprtr [á annat<sup>1</sup> land ok þar eigast<sup>2</sup> við. Oddi svarar: mikilmannligt er þat, ok eigi ráðligt, mun þeim eigi þikja þúngt falla at svá búnu. Eyólfr mælti: hvat leggr þú til? Oddi mælti: riðum hart fram at ánni, en þá skulum vèr snúa upp til Hestavaðs, þar er mikit djúp at landi; þetta var allt fyrir, áðr þeir Koðrán komu, ok riða þeir nú til vaðsins. Þetta sjá Veisumenn, ok reðust í móti, ok þraungdust at vaðinu, en þeir snèru þá hestunum uppmeð ánni. Þá mælti Hrafn: bragð hitta þeir nú í. Höskuldr svarar: látum þat fyrir litit koma, ok rennum upp á móti; ok svá gjörðu þeir, ok snúa Ljósvetningar at, ok riða útá ána, en hinir riða undan; skauzt hestr Eyólfs í kaf, en þeir þorsteinum ok þórir tók sínu megin í brjóstgjörðina hvorr<sup>3</sup>. Þá mælti Oddi: eigi gengr nú fram, Eyólfr! ok snúum aprtr. Eyólfr svarar: aldrí skulum vèr nú undan fara. Höskuldr snèri at Odda örðigum, er þeir snèru hestunum, ok nam axarhrynan í milli herða honum; þeir komu aprtr til sama lands. Þá mælti Oddi: eigi sækist skjótt reiðin, Eyólfr<sup>4</sup>! eigi munum vèr enn skildir. Þá var enn mönnum hleypt

<sup>1</sup>) tekið úr S; v. í A. <sup>2</sup>) þannig S; eignast, A. <sup>3</sup>) ok hófu svá upp hestinn undir Eyólfi, ok snèru aprtr, b. v. S. <sup>4</sup>) mælti, b. v. S.



til fêransdóma á hvörn bæ. Síðan báru Ljósvetningar ráð saman; þá mælti Höskuldr til Hrafns: hvat liggr nú til, frændi! eða þiki þer ekki ráð, at vèr förum í móti þeim til Þriðjungavaðs, þviat þángat munu þeir leita? Hrafn svarar: til er slikt, en þess get ek, at nú leiti þeir þángat til, er þeir hafa meira traust enn nú; þat er nú ráð mitt, at gjöra njósnaðmenn til Þriðjungavaðs ok á þingmanna leið, at sjá ferðir manna. Höskuldr svarar: þat munum við Brandr gjöra fóstbræðr, en þá var víða skógi vaxit. Þeir sjá at menn fóru at Beljarskarði, ok snèru aptr síðan, ok sögðu mönnum sínum. Þá mælti Hrafn: nú erum vèr farnir, nema þorvarðr ráðist í. Höskuldr mælti: þat mun yðr ráð þikja, at ek fari á Fornastaði, ok biði þorvarð liðs; hann gjörir nú svá, ok kom á Fornastaði; hann gekk inni stofu, hún var skipuð öll af mönnum, þat voru frændr ok vinir þorvarðs. Höskuldr mælti: skjótt er mitt erendi: liðs er þörf, vèr munum skjótt ofrliði bornir af Eyólfi, nema vèr njótum þíu, at ok sagði honum hvorsu farit hefði. Þorvarðr svarar: sið hefi ek at þessum málum kvaddr verit, mundi vera hógligar at farit, ef ek ræða; nú fýsi ek ekki mína menn at fara í heimsku þessa. Höskuldr mælti: eigi skal lengi litils biðja þik, ok muntu lítit veita ok óhallkvæmt, en aldrí skal ek við þá skiljast. Þá tók kona þorvarðs til orða: hitt er at lita, at til þín muni koma þikja, ef Höskuldr er drepinn, ok er eigi betra eptir at mæla. Þorvarðr svarar: veit ek ákafa



kvenna, en gott man at hepta vandræði þetta. Hún svarar: þú munt illa mæla eptir hann dauðan, er þú þorir eigi at veita honum lifanda, en eigi skal ek þá annann ala son, ef þú selr þenna undir vopn. Þorvarðr svarar: er eigi þat ólíkligt, at opt standist ráð yðar kvenna, ok látið búinn náttvörð nokkrum mönnum i kveld, ok spratt upp. Hún svarar: ek skal þat annast. En þorvarðr sendi mann á fund Gunnsteins, ok svá til Ótryggs, er átti Guðrúnu, dóttur þorkels háks. Hallr Ótryggsson var á þverá i Hnjóskadal með konu þeirri, er þorgerðr hét, ok gekk at sauðum þann morgin, ok hafði skipt verkum við þann, er fjár geymdi, því hann var opt á Grítubakka i Höfðahverfi, ok hafði þar sláttu; hann fór uppi dalinn. Ótryggr faðir hans var þá gamall, ok þó hinn vaskasti; honum komu orð þorvarðs at nýu, ok þá er sendimaðr kom, var hann at höfuðþvætti, ok kvað eigi búinn. Þá mælti Guðrún: satt var þat, at þorkell hákr var mér skyldr, en ekki skyldr þèr, enda skal ek fara. Ótryggr svarar: mér sómir förin, enda skal ek fara; fór hann þá síðan til þorvarðs. Gunnsteinn fór til fundar við þorvarð; þá kom at þræll hans, ok bað hann at fara. Gunnsteinnu mælti: þú skalt heima vera, ok halda hýbýlum upp. Þrælinn svarar: hvat sèr þú þat á mér, at ek skal heima vera? nú mun ek þó fara, ok hirða ekki um fé þitt; svá skal vera, sagði Gunnsteinn. Þeir þorvarðr fóru nú með 70 manna, ok fóru tveimmegin árinna. Nú var ekki varit Eyfróingum vaðit; þeir Koðrán komu ok þór-



oddr, Hjálmr ok Einar Arnórssynir, ok höfðu mikit lið; þeir komu til hólss þess, er kallaðr er Kakalahóll, þar var mýri blaut ok lækjarfall, ok stöðvaði þar fyrst áhlaup manna. Á aðra hönd Eyólfi stóð Oddi Grímsson, hann var sköllóttir ok gannall; Kodrán hafði einn sér lið. Þeir þorsteinn hinn rami fylgdu Eyólfi allra fastast, er Eyólfr veik undan á mýrina, ok lá hestr hans í feni, ok hljóp af baki, ok snýr at þorvarði, ok tóku til at berjast í sólar upprás; Ótryggr snéri þegar at fram. Þorvarðr virðti, sem Eyólfr vildi þar at eins til snúa, sem honum þætti næst standa hefndinni. Eyólfr íhugaði at þorvarðr hefði vitat óþokkann þeirra á milli. Þá mælti Ótryggr: Hjálmr inn úngi! hvörr skal hær í dag víg vekja? Hvörr nema þú, Háks mágr! Síðan tókust áhlaup mikil. Ótryggr lét sem hann sæi öngvan mann, nema Eyólfr. Þorvarðr var ekki í fyrstu bráðorðr. Ótryggr lagði spjóti til Eyólfs, en Eyólfr var í skarlatskirtli rauðum, ok hafði drepit upp skautunum, en Ótryggr lagði felina, en þorsteinn hinn rami laust ofaná axarhamrinum svá hart, at fal eggina spjótsins. Ótryggr laut eptir; en er Eyólfr sá þat, þá lagði hann Ótrygg í gegnum með spjóti; hann snaraðist við, ok féll í lækinn, ok dó þar; þá frýðu menn ei þorvarð fram. Stari hæt maðr, er var með þorvarði; hann átti Herðísi, dóttur Haldórs Guðmundssonar, bróður Eyólfs; hann var son þorgerðar Tjörfadóttur, ok var hann beggja viur. Þorvarðr gekk hart fram, ok bar hann yfir Ótrygg; þá rann Stari á hann, ok hældt hon-



um; ok í því hjó Eyólfir á þumalfingrinn á honum, ok loddi köggullinn í sinunum. Þá mælti Þorvarðr til Odda frá Mývatni, hann var sonr Þorgeirs öxarstafs Grenjaðarsonar, ok kominn frá Fjall-Oddi; hann átti Vigðisi, systur Þorvarðs. Síðan hljóp Oddi at Stara, ok gaf honum axarhamars högg, svá at fætrnir hortðu upp. Þorvarði hrumdi sárit, ok vildi snara af sér fingrinn. Þá mælti Oddi: lát lafa, muna þeir mein, er þiggja, er þú kemr heim jafnan, ok svá gjörði hann. Höskuldr Þorvarðsson gekk í móti Odda, ok áttust þeir við. Þá mælti Gunnsteinn: fremstr vill Höskuldr frændi vorr vera, ok er ráð at fylgja honum vel, er þó er margr um einn. Þá mælti Þorsteinn, heimamaðr Gunnsteins<sup>1)</sup>: ekki er í hættiligra lagi hjá þér í dag, bóndi! er þú berst við hann Þveræring, Einar Járuskeggjason; nú mun ek ráðast fyrst í burt; síðan snýr hann at með húskarla 4, ok setr í höfuð Odda, ok var þat svöðusár í enninu, ok blæddi mikit; þá spratt hann upp, ok mælti: búinn em ek at berjast. Þá mælti Þorsteinn skuldarmaðr: nú mun ek í burt, Höskuldr! ver nú hendr þínar þórálfr! hëðan frá. Brandr gekk vel fram Gunnsteinson. Nú er at segja frá Halli Ótryggssyni; hann kom til Ness, ok var jökulbarinn; hann spurði, hvort at sauðamaðr væri heima. Konur svörðu: hvat mun þér undir því um sauðamann, viltu eigi tilráðast, er frændr þínir berjast<sup>2)</sup>? Hallr mælti hratt: fáid mër heldr vopn nokkut! Síðan tóku þær viðaröxi eina ok fengu honum; ok er

<sup>1)</sup> Þannig réttara S; Eyólfs, A. <sup>2)</sup> ef Þorir, b. v. S.



hann kom aptr at, stóð hann, ok mælti: hvat er hær tíðenda? Maðr svarar: sèr þú eigi, at faðir þinn er veginn, ok liggir hær fyrir lóttum þèr? ok Eyólfur Guðmundsson vó hann. Síðan gekk Hallr fram. Koðrán gekk í kviuna, ok skildi menn, ok var þá svá komit, at þeir einir menn börðust, er sakir áttust við, ok stóðu velflestir, ok þurfti enginn meir at skilja þá; en Koðrán tók sinni hendi hvörn þeirra, ok skaut þeim svá tveggja vega frá sèr; í því hjó Hallr í höfuð honum; þá kallaði maðr: þar fór nú einn bezt maðr úr Eyjafirði. Hallr mælti: var Guðmundsson, þóat góðr væri. Koðrán var þá borinn í burt á skildi, ok bundin sár hans, þvíat Ljós-  
vetningar voru við skóg nokkrn. Eyólfur eggjaði nú fast, at hvörr dygði, sem mætti. Þá svarar Þóroddr ok Hjálmr: þat hugsar þú nú, Eyólfur! hvat gjört er, en miðr hyggir þú at vægja bróður þínum, er nú ok veginn húskarl Einars á þverá. Eyólfur svarar: tjaldið um Koðrán, ekki nenni ek at leita honum hær lækningar, ok skal færa hann til Svalbarðs til þorvarðar læknis. Þá sögðu ok menn, at Hrafn gætti ekki miðr skógarins, enn fundarins. Þá mælti Hrafn: þat er ráð, at fela sik í skóginum, ok þat annat, at segja þorvarð sáran til ólifis. Þá svarar Höskuldr: þat er örrugt ráð ok fjærri skapi föður míns, en ræða má ek þetta við hann, ok svá gjörði hann. Þorvarðr svarar: seg þú honum þau mín orð, at hann segi svá vesalan sem hann vill, en ljúgi ekki á mik, ok þar liggir á mín reiði. Nú var framorðit dagsins; Eyólfur eggjaði atgaungu. Hrafn hafði verit um nóttina



á Hálsi, ok kom utan úr Flateyjardal, ok var þat meirr af atburð, enn honum þætti þar allgott. Hrafn fann Eyólf, ok mælti: sá fundr hefir harðr verit, Koðrán sárr mjök, en þorvarðr óvígr, ok er einsætt at hætta. Þá mælti Koðrán: já skilið nú! ekki mun mik saka. Síðan skildu þeir. Eyólfr vissi eigi, hvorsu mjök Koðrán var sár. Ok er þorvarðr spyr þetta, mælti hann: heyrðu á endini, at ljúga til sára manna! verði fundr sá, sem auðnar, erum vèr seinir til óhæfu, en skilja eigi nú fyrr, enn öðrum þikir mál. Ekki urðu menn til þess, at segja Eyólfi þessi orð. En þeir Eyólfr fóru til Svalbarðs, ok fundu þorvarð' lækni, ok leysti hann til sársins; Eyólfr spyr, hvorsu honum segði hugr um. Hann svarar: ef Koðrán hefði kyrr verit, þá væri von í, en nú er engi. Eyólfr svarar, at honum mætti á<sup>2</sup> einum fingri dreira vekja. Síðan var eldr gjörr, ok afklæddust þeir þar við; Eyólfr mátti eigi komast úr kirtli þeim, er hann var í, svá var hann þrútinn; en Koðrán andadist um nóttina, ok hörnuðu menn þat mjök; hann var færðr inn til Eyjafjarðar, ok búit vel um hans líkama.

*Lidsafnadr til eptirmála.*

25. Síðan er sagt frá Ljósvetningum, at þorvell Hallgilsson<sup>3</sup> mælti: bjóða vil ek öllum mönnum til mín, sem hér hafa verit viðstaddir, nema Halli Ótryggssyni. Gunnsteinn mælti: slíkum orðum vil ek mæla. Þá mælti þorvarðr: ek vil bjóða öllum til mín í kveld, ok fyrst Halli Ótryggssyni, er skömm hefir af oss fengit ok höggit, ok skal

<sup>1</sup>) Þorbjörn, S. <sup>2</sup>) hér byrjar 3ðja brott af C. <sup>3</sup>) b. v. S.



eitt yfir oss gánga. Síðan fór Þorvarðr heim með allan flokkinn á Fornastaði, ok mælti: hitt er nú, húsfreyja! at leysa beinann af hendi. Hún svarar: eigi mun skorta beinann í kveld. Höskuldr Þorvarðsson var kátr, ok veitti mönnum beina, ok mælti: faðir! hvort skal skipta mönnum at mannvirðingu, eðr eptir framgaungu? Hann svarar: Hrafn skal mēr næstr sitja. Hallr hvarf í eldhúsdyrum, ok vissu menn eigi um nóttina hvað af honum mundi orðit, en hann var þá í eldhússkoti at baki Þorvarði. Síðan sendi hann orð þingmönnum, ok mælti, er þeir komu: nú höfum vēr hitt í stór vandræði, ok munum vēr nú ráða við þurfa, skal ek nú senda menn fyrst til Eyjafjarðar með boðum til Eyólfs; hann gjörði svá. Þeir sögðu Eyólfi, at hann vill gjalda tvö hundruð silfrs fyrir Koðrán, ok utanferð Halls, ok kæmi hann aldri út. Eyólfr mælti: ekki ætla ek at hafa þenna dóminn Þorvarðs í bróðurbætr, ok neita ek þessu. Sendinenn fóru apr. Eyólfr sendi menn til allra höfðingja at biðja þá liðveizlu, ok svá vestr til Gellis vinar sins, at hann fjölnennti til Hegraness þings. Gellir var góðr drengr, ok bauð hann Eyólfi eyri silfrs fyrir nef hvört, ok hvörjum höfðingja, er til þings riði, hálfá mörk; hann sendi menn til sona Eyðs í Ási í Borgarfjörð, ok bauð þeim fè til liðveizlu, ok svá Guðdælum; þá var un-ræða ú, at Hrafn mundi þar fyrir sökum halðr, þvíat honum þótti ekki manuhættligr verit hafa fundrinn; vel flestir höfðingjar hētu honum<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Eyólfi, C.



liði. Hárekr hèt maðr, er hjó at Ási í Keldu-  
hverfi, hann átti Þorgerði, dóttur Þorvarðs, hann  
var þingmaðr Skeggbrodda; Þorvarðr sendi hann  
austr til Skeggbrodda at biðja hann liðs: ok vil  
ek gefa honum gullhring. Skeggbroddi átti Guð-  
rúnu, Þórarinsdóttur sælings ok Haldóru, dóttur  
Einars at Þverá. Eyólfr sendi menn þángat, ok  
gistu at Hrafns at Lundarbrekku, ok mælti til  
vináttu við hann, ok kunni hann eigi um sakir  
skyldast við, ok vera í öngri ráðagjörð með  
Þorvarði, ok sendi<sup>2</sup> Hrafni hálfan eyri gulls; ok  
er sendimenn komu, tók hann þenna kost; ok  
síðan hittu þeir Skeggbrodda, ok báru fyrir hann  
málit. Hann svarar: ekki veit ek um liðveizlu  
þá, lítinn sóma hafa þeir gjört frændkonu sinn-  
ar Möðruvellíngar, enda munu þeir eigi þurfa  
lið úr Austfirðinga fjórðungi, en koma mun ek  
til þings, en liðinu heiti ek öngvu. Þeir fóru  
aptr, er sendir voru.

*Draumr Eyólfs, ok för þeirra Þorvarðar til  
Vallnalaugar þings.*

26. Síðan kom Hárekr austr til Skeggbrodda,  
ok bar honum kveðju Þorvarðs, ok sýndi hon-  
um hringinn. Hann svarar: spurt hefi ek mála-  
ferli þeirra, en þat hefir ek mælt, at ek mun þeim  
veita, sem færri eru, en hringrinn mun dveljast  
eptir. Síðan komu þau í rekkju hjón; þá mælti  
hann: gesti egum við, Guðrún! Hún svarar:  
hvört er erendi þeirra? Hann svarar: Þorvarðr  
sendir þér hring þenna, at þú værir ekki í móti  
honum. Hún svarar: ekki virði ek hringinn svá

<sup>1</sup>) menn, ok báðu hann, S. <sup>2</sup>) Eyólfr, b. v. S.



mikils, at ek virði þik ekki meirr, ok veit ek at þèr er sendr hríngrinn til liðveizlu. Hann svarar: koma mun ek ok til þings. Nú fóru sendimenn á burt. Eyólfr átti sèr fósra; Eyólfr var hljóðr mjök um vetrinn ok ihyggiusamr; ok einn morgun kom hann í stofu, ok mælti: dreymt hefir mik í nótt: ek þóttist riða norðr Háls, ok sá ek nautaflokk koma í móti mèr, þar var í oxi einn mikill rauðr, hann vildi illa við mik gjöra, þar var ok graðúngr mannygðr, ok margt smáneyti; þá kom yfir mik þoka mikil, ok sá ek eigi nautin. Fóstri hans svarar: þat eru mannafylgjur óvina þinna, ok oxi fylgir þorvarði, en graðúngr Halli, en þat, er myrkr kom yfir, sè ek eigi fyrir annann enda um mál yðar. Eyólfr bjó mál til, ok bannaði þat enginn maðr; þá riðu þeir, ok var ill færð um fjöll, ok var fêfellir mikill. Þorvarðr hitti vini sína, ok mælti: man ekki þat ráð, at snerpast<sup>1</sup> við um þingförima? ef þèr vilið mèr lið veita, þá sè ek ekki til vænna, enn menn fari, ok hafi tvennir saman hest, því ek veit at Eyólfr mun fjölmennr. Menm urðu vel við, ok fêkk hann vígliga 100 manna; þeir fóru degi fyrr, enn Eyólfr, ok fóru Öxnadalsheiði, ok ofan Norðrárdal, ok áðu í Svínanesi. Eyólfr hafði nærri 300<sup>2</sup> manna, þar voru í för þóroddr ok Hjálmr<sup>3</sup>, ok Einar þveræringr; ok er hinir riðu úr Svínanesi, riðu þeir Eyólfr í nesit. Þá varð þeim þorvarði farartálmi, at klyfbera bandit brast í sundr, ok fóru

<sup>1</sup>) þannig C, S; sneipast, A. <sup>2</sup>) þannig líkl. réttara C; 30, A, S. <sup>3</sup>) þannig C, S; Hjálfr, A hér.



ofan klyfjar. Þorvarðr mælti: hvat er nú til ráða, Hrafn frændi? Hann svarar: ekki sè ek annat til, enn hafa sik undan. [Þorvarðr svarar<sup>1</sup>: [eigi er þat<sup>2</sup> drengiliga skilist við menn sína, ok er nú verra, enn fyrr, at hitta Eyólf? ok þótt þá væri hlýdt ráðum þínum, þá mun ek nú eigi hlýða þeim, ok voru hinir þá ekki þínir. Einar sá þá, ok þótti búit til mikils voða, ok leitaði sèr fangaráðs, ok reið fram hjá Eyólfi, ok mælti: sjái þèr flokkinn þeirra Þorvarðs? Hann kvaðst sjá, ok sýnist mèr sem skamt muni verða til fundar vors. Einar svarar: hvar kemr fè þat, er þú hefir heitit höfðingjum til liðs þèr? Eyólfr svarar: ekki mun nú illa fallit, at vèr reynum með oss, ok vill fram riða. Þá brá Einar öxi á söðulgjörðina, ok gekk Eyólfr af baki, ok varð þá dvöl á eptirreiðinni, en þeir Þorvarðr riðu undan. Þeir Eyólfr riðu á Silfrastaði, en þeir Þorvarðr riðu ofan eptir héraðinu á Miklabæ; þá reið maðr í móti honum. Þorvarðr mælti: þú stefnir til vor. Sá mælti: hvar er þorvarðr? sagði hann, Þorgerðr húsfreyja bauð þèr heim. Hann svarar: hafa munum vèr þar náttverð, ok riða síðan til Vallalaugar, svá at vèr komum til þingstaðar fyrri. Þorgerðr var ekkja, ok hafði hana átt Haldór, bróðir Þorvarðs. Þá mælti húsfreyja: nú hafi þèr vel gjört, sèt hýbyli mín; nú vil ek fá yðr tjöld ok við, ok 30 manna vist. Hann svarar: sýnir þú stórmennsku þína, en ekki eru gistíngarlaunin; [en eigi<sup>3</sup> skulu þeir fara, ok leggja þá<sup>4</sup> í hættu, en annann beina munum vèr þiggja;

<sup>1</sup>) b. v. C, S.    <sup>2</sup>) er þá, C.    <sup>3</sup>) þannig C; ok, A, S.    <sup>4</sup>) þat, C.



svá var gjört; þeir tjölduðu ágæt herbergi við Þinghelgi til vægðar við Eyólf.

*Málahokin á Vallalaugar þingi.*

27. Eyólfur kom á þing með miklu fjölmenni, ok átti öllum mönnum búðarrúm at fá, ok var þat mikill mannfjöldi. Gellir kom at vestan með 200<sup>1</sup> manna; ok er þeir riðu á þingit, þá skipuðu þeir svá liðinu, at hvörr rann eptir öðrum, ok þótti mönnum þat frágerða lið til at sjá, ok stöðu menn á, en einn var sá maðr, er þeim fannst einna mest um, er á baki var; þat þótti mönnum lýtit á, at þeim sýndist hann riða folaldi. Ok er þeir stigu af baki ok hestar voru lausir látnir, þá þótti sá hestr miklu mestr, er sá maðr hafði riðit, er þar var kominn, en þat var Skeggi hinn rami, bróðir Álfs úr Dölum. Ok er menn höfðu eina nótt á þingi verit, þá sáu þeir ferju á firðinum, ok 12 menn á, ok einn í [vararskinns úlpu<sup>2</sup>, ok um utan í blárri kápu, ok hafði verit hvast veðr; þeir voru afburðarmenn á at líta, ok bar þó höfðinginn af öllum. Þeir Eyólfur gengu upp í móti þeim í lendingu, en þeir þorvarðr gengu þar í móti þeim, er verra var upp at ganga, ok er þeir höfðu hlaðit seglun; síðan ræð Skeggbroddi á liðit, ok mælti: hingat munum við fara í lið þessara. Þorvarðr mælti: kom þú nú heill! ok kunnum vèr allir þökk, at þú farir til búðar með oss; þeir gjöra nú svá, ok var þar rædt um við Skeggja, hvorsu fúss at hann mundi ganga í móti Skeggbrodda, ef saman lysti liðinu. Þat

<sup>1</sup>) þannig líkl. réttara í C; 20, A, S. <sup>2</sup>) varskinns-ólpu, C.



ætla ek eigi (segir hann<sup>1</sup>), at mér endist<sup>1</sup> afl við Skeggbrodda, er þó hugr, en hámingju<sup>2</sup> uggir mik at ek hafi eigi við honum. Síðan var rædt við Skeggbrodda þetta sama mál. Hann svarar: mikil von er mér á, at Skeggja skorti ekki afl, en þat ætla ek þó, ef svá væri tilskipat í voru liði, sem hér er, at þorvarðr yrði eigi aflvani. Morguninn eptir gekk Skeggbroddi til búðar Eyólfs, ok var engin bliða við hann af Eyólfi. Skeggbroddi mælti: er þat vænst at sættast? Eyólfr mælti: má sem vill. Skeggbroddi svarar: fast er nú fyrir, ok gengr til ok hittir Gelli vin sinn. Þá mælti Skeggbroddi: fastliga horfir ræða Eyólfs. Gellir mælti, góðan málahluta Eyólfs. Skeggbroddi svarar: þat sómir vel, enda væri þá nokkrstaðar: eru með okkr þeir<sup>3</sup> menn, er eiga hér í hlut, at aukast munu vandræði, ef þeir verða sekir, ok mun þá meiri vandræði um at tala, enn fyrr um; sækjum nú háðir eitt ráð, ok frium menn óhöppun. Gellir svarar: ek veit vilja Eyólfs, at hann vill sjálfr ákveða ok fjársektum ráða, vill hann eigi sættast við þorvarð, ok Brandr ok Höskuldr, þorkell ok Hallr fari utan skógarmenn ferjandi. Skeggbroddi svarar: ek veit ok vilja Eyólfs, at hann vill at hann gjöri einn um fjársekt milli þeirra, ok eigi þeir eigi útkvæmt, nema Hallr, ok vilda ek sá burtgjöri væri lagðr fyrir okkr, at ákveða mannsektir. Gellir mælti: mundu fyrst, hvat fyrir komi! Síðan hittu þeir Eyólf, ok mælti Skeggbroddi: óráðligt

<sup>1</sup>) meir, b. v. C. <sup>2</sup>) hámingjan ræðr, S. <sup>3</sup>) hér endar 3ja brotið af C.



er enn at vilja eigi sættast, þvíat eigi munu allir á móti þorvarði ganga, láttu mæla um Gellir við sannvini hans. Eyólfr svarar: ekki sè ek þat, at ek muni skyldr til vera, at virða þinn vilja. Skeggbroddi svarar: svá er litit mitt traust, nú hefi ek ekki vísgengi at veita mínum mönnum, en þó skulu nokkrir tannsárir verða, áðr enn þorvarðr er drepinn. Þá svarar Gellir: þá ferr illa málahlutrinn vorr, ef vandræðin aukast, ok þó Skeggbroddi hafi nú fá menn, þá sómir eigi at fyrirlita' hann. Höskuldr<sup>2</sup> svarar: eigi horfir þorvarði vænliga dómrinn. Þá var um rædt, at dómur mundu útfara, ok treysti Eyólfr fjölmenni sínu, ok bað fylkja við dóminn, meðan þeir hefði fram mál sin: en ætlum þeim í kvíarnar at ganga, ef þeir vilja. Ok er þorvarðr spurði þetta, mælti hann: hvat liggur nú til? mun þat eigi betra ráð, at við berjumst, ef vèr erum áðr sektaðir? tókum til vopna, en sumir færi heim hesta, þvíat fundr sá mun verða, at í hurt munu komast nokkrir; svá gjörðu þeir, ok snèru at hart. Dagr hèt maðr, er var með þorvarði, ok átti Sigríði, dóttur þorgeirs goða; hann gekk fyrstr, en þá 5 saman, ok þá 10, ok skipuðu liði sínu öllu, þvíat fáum var þekkt í þeirra liði at fara seint. Þá mælti Skeggbroddi til Gellis: hèr kemr illa í hald, at góðir menn margir eru hèr viðstaddir; þú ert fjölmennr mjök, Gellir! ok vel vingaðr við Guððæli, snú svá til fjölmenni þínu, at þú verðir betri drengr af, ok fyllum báðir einn flokk, ok gaungum í milli þeirra, snú-

<sup>1</sup>) fyrirláta, S. <sup>2</sup>) þannig S; v. i A.



umst at með þeim, er okkar orð vilja virða. Gellir svarar: nú er skipt með okkr, þú hefir drengskapinn, en ek fæt. Síðan gengu þeir með dómum með liði sínu, áðr enn málaferli færi fram, en þá var svá komit, at hvorutveggju var búinn at berjast. Þá mælti Skeggbroddi: má Eyólfr heyra mál mitt? Heyri ek, segir hann. Skeggbroddi mælti: hær horfir óvænt, at menn skuli hær berjast fyrir þitt tilstilli, kalla ek þat heldr bezt ráð, at hvorr sætti sína menn. Gellir segir: öllum er þat auðsætt at sjá, at verstr hlutr er, at berjast, ok mun ek bjóðast til, at gjöra um málin. Eyólfr svarar<sup>1</sup>: mun eigi<sup>2</sup> þeim draga<sup>3</sup>, er drengrinn er beztr, ok gef ek þær eigi fè til afrkosta. Gellir mælti: þá at þessu<sup>4</sup> mjök ráð vanda<sup>5</sup>, er þú verst nú fyrir, ok snýst í móti þorvarði. Þorvarðr mælti: hvat vil þær nú gjöra, Gellir? ferr þú nú mjök, en friðarmenn skulum vèr. Gellir mælti þá: meir hyggr þú nú at ofrkappi, enn forsjá, er þú gengr at, slikt ofrefli sem fyrir er; gángið eigi at dómum svá, at þreyngt verði at yðr. Þorvarðr svarar: þat er eigi örvænt, at þeir unni oss jafnaðar un höggit, en verra er þó, at vèr sèum fyrr sakteknir, en drepnir síðan. Skeggbroddi svarar: mun eigi annat ræliga<sup>6</sup>, enn færa menn í slik vand-ræði? ok sættast heldr. Þorvarðr svarar: óvanr em ek, at láta draga alla sæmd úr hendi mèr. Skeggbroddi mælti: hyggr þú nokkut at þessu, hvat at er? Þótt ek veiti þær lið, þá eru þó

<sup>1</sup>) b. r. S. <sup>2</sup>) ek, S. <sup>3</sup>) duga, S. <sup>4</sup>) er, b. r. S. <sup>5</sup>) vand-  
anda, S. <sup>6</sup>) ráðliga, S.



margir á móti, sýnist mér svá betr, at þú munir játa vorum ummælum. Hann svarar: ek skal játa. Síðan stöðvaðist liðit, ok var þá framgengit, tóku þeir þar tal við. Þá mælti Eyólfr: hvi mun nú eigi ráð, at snúa til loka máli voru? Skeggbroddi svarar: þat er einsætt, en láta Gelli fyrirjá um sinn, en þer mun ekki gjöra at meira mein. Eyólfr svarar: hvi mun hann meirr kunna, enn allir aðrir? Er þetta mál um síðir lagt undir Gelli, ok skyldi hann kveða á mannsektir, en þeir sögðu þat upp, at allir menn skyldu eiga aptrkvæmt, nema Hallr; þat likaði Eyólfi illa. Gellir gjörði 8 hundruð silfrs [fyrir Koðrán', en þat stóðst á, víg Ótryggs ok atfarir þeirra Höskuldar í fyrstu við Eyólfr; áverkar þorvarðs ok Odda voru líkir kallaðir; víg hús-karls Einars Guðmundarbróður var bætt fè; þorvarðr skyldi vera utan 3 vetr, þorkell, Brandr ok Höskuldr, en Hallr eiga ekki utan von. Síðan var mælt fyrir trygðum, ok fè uppgoldit. Eyólfi þótti sinn hluti til lágr, ok stóð þat meira af kappi, ok drap ókæti fyrir honum mest.

*Frá Eyólfi, þorvarði, ok Halli Ótryggssyni.*

28. Skip stóð uppi í Svarfaðardals ósi, er átti Kálfr enn kristni. Þorvarðr ætlaði sér ekki heim, ok fór til skips, en þeir frændr skildu ekki, sem fyrr voru nefndir, ok höfðu tjald á landi. Þorvarðr skoraði á Kálf um skipkaup. Hann mælti: eigi mun skipkaup fyrr ráðit, enn þú skipar at hólmingi, þvíat þer mun þat bezt lika.

1) b. v. 5.



Þorvarðr kvað svá vera skyldi. Hrafn Þorði eigi eptir at vera, ok vildi hann fara með Þorvarði. Eyólfr spurði þetta, ok ihugaði hvat látit var, ok reið í Hlið til Þorkels vinar síns, ok sagði honum, at hann ætlaði at Þorvarði, ok drepa hann. Hann lét illa yfir því, at ganga á sættir, ok latti mjök, ok sagði, at þeir heldi tjald á skipi. Eyólfr kvaðst fara mundu, ok kvaðst eigi nema at engi kæmi manuhefnd fyrir. En er menn komu í rekkju, þá var barit á hurð, ok gekk bóundi út, ok kom inn aptr. Eyólfr spurði hvörr kominn væri. Bóndi segir, at sá var utan úr Dalnum. Eyólfr mælti: hvat mun tíðt um Austmennina? Bóndi segir þá hafa utan látit. Eyólfr kvað þá eigi orðit hafa, sem hann vildi, ok reið heim; ok tveim nóttum síðarr spurði hann, at þeir höfðu eigi út látit, ok sagði reiði á bónda, ok kvað hann rángt hafa við sik gjört; ok er Þorvarðr spurði þetta, sendi hann honum 20 skjólna ketil ok stóðhross af Fornastöðum. Síðan lögðu þeir Þorvarðr skipinu út undir Hris-ey; byrr var enginn, en bátinn lauss, ok' fór þá innan frá landi, þar var rekkjumaðr<sup>2</sup> í skut; þá stóð maðr upp, ok mælti: hvort er sá maðr á skipi, er Márr heitir, ok hafi sèr far tekit? Hann kvaðst þar vera. Þá mælti maðrinn: tak þú við þorvaldi hinum líkþráa, frænda þinum, eða vèr munum hanna þèr far. Síðan tók hann við honum: ek á fè á landi inn hjá mönnum, (segir hann), ok skal ek þángat fara með hann; síðan kom hann aptr, ok kvaðst sèt hafa ráðstafa fyrir

1) bát, S. 2) skrifast rekkjumaðr í A.



honum. Síðan haustaði, ok gaf þeim eigi byri. Austmenn báru ráð sín saman, ok kváðust mundu eyða skip, eðr láta Hall af skipi. Þorvarðr svarar: tókum annat ráð: föstum 3 daga, ok vitum hvört guð sýnir hvat veldr, ok fari hlutir í sveitir, ok dæmum þann af skipi, er hlýtr, hvort sem er yðarr maðr eða vorr. Hlutir voru vígðir, ok komu upp hlutir þeirra Kálfs, en Márr var þar í sveit, ok kom hans hlutr upp. Síðan stefudu þeir honum á land, ok kváðu honum illa mundi farit hafa við frænda sinn. Honum fannst fátt um, ok voru þar efni til, hafði hann myrðtan hann; síðan vildu þeir drepa hann, en þat var þó ráðs tekit, at hann yðraðist, ok gaf hálfan hluta eigu sinnar fátækum mönnum, en annann helmíng frændum mannsins. Síðan hældu þeir undan Hrísey, ok kom þá skip af hafi; þat átti Eldjárn Arnórsson kellingarnefs ok Þorlaugar Vigaglúmsdóttur. Þá mælti Eldjárn til Þorvarðs: hafið eigi Hall í gaungum<sup>1</sup>, fullboðit er oss þó. Þorvarðr svarar: hvat annat sæmiligra, enn hann fari með oss frændum sínum? Síðan gjörði útnyrðing ok kaldt veðr, ok heimtu þeir Þorvarðr upp ankeri sín, ok brast hnakkböndin; Þorvarðr bað nokkurn sýna atgjörfi sína, ok fari til. Austmenn þeir urðu eigi tilbúnir. Hallr svarar: ek em eigi sparandi til, ok fá mēr snærit! Síðan lór hann úr stakki sínum ok kafaði niðr, ok kom snærinu í ankeris hringinn, ok náði upp ankerinu, ok fékk hann af þessu gott orð.

<sup>1</sup>) gegnum haf, S.



*Utanför Þorvarðs, ok frá þeim félögum.*

29. Síðan slutu þeir út hjá þeim Eldjární, ok var færít á strenginum, ok hafði maðr vöttu á höndum, ok mælti: Hallr félagi! segir hann, óhræddr mun ek fyrir þér gánga, er þú vattar streng. Síðan lögðu þeir margir gott til Halls, er áðr höfðu óþokkast við hann; síðan létu þeir í haf. Hallr var knárr maðr ok liðgóðr. Þá bar norðr at Noregi, ok sigldu suðr síðan, ok höfðu byr hvassan, ok sáu við sker nokkr bát einn, ok voru á sveinar 2, ok hældt annar skipinu, en annar jós. Þá mælti Þorvarðr: hjálpum mönnum þessum, er at dauða eru komnir, ok er skip þeirra fullt. Kálfr svarar: þú leggr oss í hættu ok vort fè. Hann svarar: ek skal skip ábyrgjast, ekki áttu betra til at láta fè, enu ek. Kálfr svarar: góð þikja mèr þín ráð. Síðan skutu þeir báti Þorvarðr ok Hallr, ok hlupu þar á, ok var þá skip sveinanna fullt, en hundar 2 voru hundnir í skipinu, ok fjötraðir við innviðu. Þorvarðr greip þann svein, er við árarar sat, en Hallr annann, ok hældt á hundinum, ok brá þeim á knörinn, ok heitti at eyjunni. Þorvarðr spurði, hvörir þeir væri. Þeir sögðu, annar hèti Óspakr, en annar Ósvifr: en við erum hundasveinar Úlfs stallara, ok höfum við þetta af hundunum hlotit, ok tjáði okkr ekki at biða, en þá við komum voru þeir þá í burtu, ok erum við systursynir hans, ok ætluðum heim eptir þeim. Þorvarðr mælti: hvat er islenskra manna með komíngi í mestum virðingum? Þeir svára: Úlfr er þar mest virðir; enn er þó annar



maðr, ok heitir Járnskeggi; síðan gaf Þorvarðr þeim feldi ok vopn; síðan skildu þeir, ok höldu þeir eptir konungi, ok spurðu þeir hvar hann drakk, ok komu þar. Úlfr fagnar þeim vel, ok spurði um ferðir þeirra. Þeir kváðust hafa komit skipi sínu á voginn, ok eru (hèr) aðrir<sup>1</sup> góðir drengir, ok lifgjafar vorir. Úlfr mælti: hvörir eru þeir? Þorvarðr heiti ek, ok er Ljósvetningr, Höskuldsson, ok annar Hallr ok er Ótryggsson, afreyndr maðr. Þá mæltu menn: ykkir mundi ekki nær fallit, er Íslendingar dugðu<sup>2</sup>. Úlfr mælti: gjörð ekki mikit um þetta. Skeggi heyrði þetta, ok hitti konung ok mælti: ek vilda at þú veittir mér lið at drepa menn þessa, er sakaðir eru við oss, ok sagði honum allan málavöxt. Konungr mælti: þat er eigi til, at láta drepa mína þegna, en þótt þú gjörist til, þá mun ykkir á því umbun verða. Hann hitti marga menn konungs, ok gaf þeim tæ til. Þá mælti sveinninn Ósvífr: því lætr þú svá, Járnskeggi? [Úlfr segir<sup>3</sup>: hann ásakar menn þá, er ykkir hafa lið veitt. Sveinninn svarar: skaltu ekki athafast? Þverr nú drengskaprinn þinn. Hann svarar: eigi mun ek þeirra mun gjöra. Sveinninn svarar: illt egum vèr, at þjóna yðr, mundum vèr nú dauðir, ef þeir hefðu eigi hjálpat oss. Úlfr svarar: þetta fær ykkir mikils. Sveinninn svarar: litit megum við, en með þorvarði skulum við vera, ok hlupu til strandar, ok sögðu þorvarði hvat tíðt var. Þorvarðr mælti: enn er vandræði um at vera, Kálfr! nú vil ek kaupa at þèr skipit, en þèr gángið af, ok

<sup>1</sup>) á, S. <sup>2</sup>) þannig S; deyðu, A. <sup>3</sup>) b. v. S.



gjaldi vor eigi aðrir menn, en vèr munum flytja út grjót. Kálfr svarar: eigi skal svá vera, eigi munum vèr við þik skilja; allir þeir vildu honum fylgja. Skeggi hafði fengit til skip, ok hitti konúng. Hann mælti: nú er liðit fengit, herra! Konúngur mælti: hefir þú fundit Úlf, eðr hefir þú haft fulltingi við? Þá eru við sáttir. Síðan hitti Skeggi Úlf, ok segir honum nauðsyn sína. Úlfr svarar: vel hefir oss við þik líkat, ok munum vèr þarfyrir veita þèr, er þú biðr. Síðan kemar Skeggi fyrir konúng, ok segir honum þessi orð Úlfs. Konúngur mælti: þá hefir hann vel við orðit, en undir væri þèr, hvorjumegin hann snèri at. Nú er þar frá at segja, at þorvarðr<sup>1</sup> mælti til sveinanna: farið til Úlfs! endast skal oss. Nú skilr þat drengskap vorn (segja þeir), ok munum vèr eigi við þik skiljast. Nú fara skip á voginn, ok er þar Úlfr. Hvört mun hans erendi? segir þorvarðr. Osvífr mælti: hart mun hann at róa, ef hann vill illa. Síðan komu þeir at kaupskipinu, ok røru kyrt, ok lögðu skip sín á sitt borð hvort. Þorvarðr spurði, hvørr fyrir skipum ætti at ráða. Úlfr mælti: friðmenn, ok hafi þèr til þess unnit. Síðan gekk konúngur út, ok sá hvat tíðt var, ok mælti: Skeggi fèlagi! lát kyrt vera, ok leyfi ek öngvum manni at berjast við Úlf, en mínir menn leggi á höndr, hefir þú hugat þá menn sektalesa, ok er svá fyrir mik komit; ok er nú eptir vitnum leitit, ok gengr þorvarði vel. Skeggi kvað þá ekki við sik sátta. Konúngur mælti: ek hefi athugat málit, ok sýnist mèr sem eigi hæfi

<sup>1</sup>) þannig S; hann, A.



ágánger við þá, sem goldit hafa ofr fjár, ok flúit land sitt, ok lætr konúnger þá í friði fara. Síðan hældu þeir til Danmerkr, ok fóru austr til Víkr; þar hitti þorvarðr góðan dreng, er Bárðr hét, ok vingaðist við hann, ok fékk honum í hendr Hall Ótryggsson; en þorvarðr bjóst til Róms. En Bárðr hældt skipi sínu í Austrveg, ok komu at þeim víkingar, ok buðu þeim kost, hvort þeir vildu uppgefa, ok halda lílinu, ef þeir veittu fét. En Bárðr kvað þat mundi sitt kjör at berjast eigi, ok því tóku flestir skipverjar. Hallr svarar: eigi mun ek þrautarlaust uppgfast. Bárðr mælti: hættum við eigi á vald víkinga. Hallr svarar: versnar nú skulduneyti mitt við stórvirkjum, ok bið þú eigi þess, ok mun ek gjöra þat, er ek em fúsari til, ok tók beitiás einn, ok varði öðrumegin borðit, ok barði á tvær hendr ok örkunslaði menn; ok er þat sáu skipverjar hans, tóku þeir til ok vörðu öðrumegin borðit, ok höfðu þeir sigr. Kaupinenn ok Brandr fóru til Róms með þorvarði frænda sínum.

*Eyólfr drepr þórarinn, bróður þorvarðs, ok frá eptirmálum.*

30. Nú er at segja frá Eyólfi Guðmunds-syni, at hann undi svá illa við vig Kodráns, at eigi komu mannhefnir. Hann gjörði heiman för sína, ok voru saman 40 manna, ok fór norðr í Flateyjardal á Brettingsstaði; þar bjó þórarinn Höskuldsson, bróðir þorvarðar; þar var Eylifr eptir með honum ok Einar Járnskeggjason. Forni hét maðr, er farinn var til rétta, en sá maðr var fyrir búí hans, er þorgeir hét, er bjó



at þverá í Hnjóskadal; eun hét Ketill sá maðr, er farinn var til rétta, ok gistu þeir hjá Eyólfi, ok höfðu þar góðan beina. Þá mælti bóndi: hvört er ætluð förin? Eyólfr svarar: frek gjörast nú boðin vor Eyfirðinga, ok þarf tilfanga at ætla, ok til Flateyjar eptir fangi. Bóndi svarar: þó skal nú mjök skipa virðingamönnum í för þessa. Eyólfr svarar: viðrkvæmilt er, at við förum allir frændr. Öngvan höfðu menn grun á um ferð hans, frá því allir voru sáttir. Eyólfr fór nú, ok komu þeir til þórarins, ok gengu þar inni hús, ok báru þegar vopn á hann ok vóu hann, ok 2 menn aðra. Ok er þeir komu ofan yfir Vöðlaheiði frá viginu, þá ræddu þeir um atburðinn; þá hrapaði hestr undir Eyólfi, ok féll hann af baki; ok er hann vildi uppstanda, þá varð honum stirðr fótrinn, ok gekk hann haltr; ok er menn riðu til alþingis, þá bauð hann öngvar sætir, en svá var honum fótrinn stirðr, at hann mátti eigi gánga, ok reið hann í milli búða. Þeir fundust Finni ok Eyólfr. Finni spurði, hvorsu hann hefði fengit meinit. Hann segir honum þat. Finni mælti; þess munda ek geta, at þar mundir þú eigi hafa staðizt fylgjur þeirra þorvarðs ok frænda hans, er fjandskap leggja á þik. Eyólfr mælti: ætlar þú at þeirra fylgjur sæu meiri fyrir sèr, enn mínar ok minna frænda? (Finni mælti): eigi kveð ek at því, þó er þat reynt, ef vèr spyrjum um för þorvarðs. Hrólfr hét sonr þorkels Tjörfasonar, þorgeirssonar frá Ljósavatni; hann fór með Ljósvetninga goðorð á þinginu, ok var leitat um sættir. Eyólfr kvaðst óráð-



inn til at bæta fè; en þeir höfðu búit mál til á hendr Eyólfi hálfan 5ta tug manna. Hrólfr bað sèr liðs; ok er hann fann þorkel Geitisson, mælti hann slikum málum við Hrólfr: hann svarar: þú mæltir sannara, en eigi nenni ek at gánga í móti Eyólfi. Síðan hitti Hrólfr Skeggbrodda, ok mælti: flestum mönnum mun nú kunnugt mál mitt, ok riðr þegar út um þingvöllinn: ok virða menn meirr afla Eyólfs, enn sannsæi. Hann svarar: ek ætla þik atgánga at liðsbón, en hafa litit at sök; öngvan tek ek af um liðveizlu við þik, en halda mun ek rættyrði þeim, er menn virðast hær at; en ef Eyólfr vill öngvu bæta, enda fáir þú öngvum málum framkomit, þá(er) laust. Hrólfr svarar: eigi mun ek þik lengi þæfa um liðsbeina, en segja mun ek þær ætlun mína, ef ek má eigi mál fram hafa fyrir fjölmenni: Eyólfi mun ek bjóða hólmgaungu, hvort hann vill við 4ða mann, eðr við eigumst við 2; vilda ek þá tilkjósa Einarana tvo, Þórð ok Hjálm, er mæru falastir til þungs hlutar, en ek ætla í móti starfsmenn ok ræningja. Skeggbroddi mælti: þú ert hetja mikil! ok ertu eigi ráðlauss, ok haltu þessu fram, en ek skal til með þær, ok munu menn ráðast í móti þeim nöfnum, ef þarf, ok má þat verða, at þú skilir eigi með óvirðingu. Síðan hitti Skeggbroddi Gelli vin sinn, ok segir honum þetta. Hann svarar: illa læt ek yfir því, er hólmgaungur takast upp, ok er þat heiðinna manna. Skeggbroddi mælti: hvörs var at von, ef maðr býr allilla til sitt mál, enn menn muni þat illu gjalda, ok drepr saklausa menn á gjörvar



sættir? Þetta var sagt Eyólfi. Hann svarar: fjandmaðr vorr gjörist Skeggbroddi, hefir hann nú tveim sinum brugðizt mér. Skeggbroddi svarar: ek firrta' þik ok næst á Hegranessþingi vandræðum, sem von var at verða mundi, ef þú sæktir þorvarð ok frændr hans; drapstu bróður hans, ok viltu þat nú öngvu bæta, eða hvar ætlar þú til? eru nú tveir kostir fyrir höndum, láta okkr Gelli ráða ok dæma, eðr hólmgangur munu framfara. Eyólfr kvaðst ætla, at betra muni at bæta. Þá áttu margir hlut í, ok kom þar, at manngjöld skyldi lúka, ok galdst þat fè allt. Ok er þorvarðr kom sunnan frá Róm, ok í Saxland, þá hittu þeir Norðmenn, ok sögðu þeir víg þórarins, er orðit hafði um haustit. Þorvarðr mælti: langt er til öxanna vorra í milli ok þeirra Möðruvellinga, ok þat vilja þeir enn, at þær takist til, ef ek kem til Íslands, ok verði nú, sem Pètr postuli vill! ok ætla ek at betr væri, at ek kæmi eigi út aptr; ok þat segja menn, at fáar mílur gekk hann þaðanfrá, ok misti auga síns af verk, en andaðist síðan. Brandr fór síðan til Haralds konúngs Sigurðarsonar, ok var með honum, ok svá Hallr Ótryggsson, hann var með honum austr í Gautlandi, er Haraldr konúngr. barðist við Hákon Ívarsson. Ok er Haraldr vildi á burt, þá fraus skip hans inni; þá hjuggu þeir isinn í milli skipanna; þá mælti Haraldr konúngr: engi höggz sterkligra isinn, enn Koðránsbani. Maðr er nefndr Þormóðr, ok var Ásgeirsson, frændi Möðravellinga; hann var á skipi Magnúsar konúngssonar, ok

1) friðaði, S.



kom þá af Íslandi, ok sat um hann; ok í því konúgr nefndi Koðránsbana, þá hljóp Þormóðr at honum, ok hjó hann banahögg, ok hljóp síðan á skip konungssonar. Haraldr konúgr var reiðr mjök, ok bað leggja at þeim; ok er þeir þreyngdust at honum, þá brast ísinn, ok druknuðu margir, en Magnús konúgr komst í burt; en Þormóði kom hann af landi, ok létti hann eigi fyrr, enn hann kom út til Miklagarðs, ok gekk þar á mála; en þeir konúgr ok son hans sættust síðan.

*Dauði Brands, ok frá þeim fleirum félögum.*

31. Brandr fór vestr með Haraldri konúgi til Englands; ok er þeir gengu upp í seinasta sinni, þá hafði Brandr einn brynstakk, en allt annat lið konúgs höfðu eptirlátit brynjur at skipum. Konúgr átti brynju þá, sem Emma hèt, ok tók á miðt hein, ok var svá sterk, at aldri festi vopn á. Brandr bauð konúgi brynstakk sinn. Konúgr svarar: víst ertu góðr drengr, en hafðu sjálfr brynstakkinn. Þar féll Brandr með konúgi. Menn Höskuldar komu út á Eyrum ok Hrærekr, ok fóru þaðan norðr á fjall um Kjöl, en flokkr Eyólfs Guðmundssonar var fyrir á leiðinni, ok sat Eyólfr þar. Höskuldr mælti: nú er færi at drepa fjandann, ok snýr á rás. Hrærekr hleypr eptir honum, ok grípr í fang sèr, ok mælti: still þik, vinr! Þetta er ekki færi. Menn Eyólfs mæltu: verið hefir þú stundum snerti bráðari, ok riðum nú eptir þeim! Eyólfr<sup>1</sup> mælti: eigi skal nú launa svá guði [ok góðum mönnum, er hafa<sup>2</sup> á sæzt vandræði vor; ok skildu þeir við þat. Oddi

<sup>1</sup>) Einar, S. <sup>2</sup>) er hefir, S.



Grimsson gekk utan, ok fór suðr, ok kom sunnan fèlauss á fund Knúts konúngs ens ríka, ok gekk fyrir hann, ok kvaddi hann, ok mælti: fèþurfi eru við, herra! Konúngr mælti: gef þeim 3 merkr silfrs! Oddi mælti: eigi höfun við fyrri svá ríka manna heimsókt, ok hæfir oss ekki at sjá eigi í mót þessari gjöf, ek vil gefa þér fè. Konúngr mælti: þíki þér lítit fèt? Oddi svarar: herra! einum þætti mér vel gefit, en vèr erum 12. Svá mun satt vera, sagði konúngr, ok gefið 3 merkr hvörjum þeirra. Þá mælti konúngr: hvort harðist þessi Oddinn við frændr sína á Íslandi? Oddi svarar: þar voru þeir menn, er mér voru skyldir, en ek væri í móti. Hann fór út síðan, ok þótti ræsimaðr; hann var faðir Guðmundar, er augat stakk úr Katli biskupi; en svá barst at því, at óvinir Guðmundar<sup>1)</sup> báru þat í eyru Katli, þá er hann bjó á Möðruvöllum, at hann siflaði konu hans, dóttur Gissurar biskups, ok fundust á förnum vegi, ok veitir Ketill honum tilræði, ok varð þó sá munr, at Guðmundr varð efri, ok stakk úr honum augat; ok síðan vildi Ketill framfæra mál á hendr honum, en síðan urðu nokkrir til at lemja þat niðr, ok jókst af því óvirðing. En síðan Guðmundr varð fèlauss, ok þurfti annarra, þá bauð Ketill honum til sín, ok veitti honum, meðan hann lifði, ok snérist Katli síðan hvörr hlutr til sóma, en at lyktum var hann til biskups kjörinn, ok gafst honum svá sitt góðræði. En er þorsteinn skuldarmaðr Gunnsteinsson, sem fyrr gátum vèr í sögunni, varð fèlauss, fór hann til Odda Grímssonar. Oddi mælti: mikit

<sup>1)</sup> Gvendar og Gvendr, S.



er þat um góðan dreng, at engi forlög verða, ok þótt þú værir nokkut mótsnúinn mèr, ok litaðir á mèr skallann, þá mun ek leggja til með þèr; síðan fékk hann honum hústað, ok þat með, er hann þurfti, ok sýndist þat í þessu, hvörr drengr hann var. En þat er at segja frá Hræreki, at hann fór at finna Skeggbrodða, ok mælti: forvitni er mèr á um, hvorsu sterkr þú ert, mikit er af sagt, en em ek kallaðr aflamaðr, en þó mun ek eigi við þèr hafa, en vit þú fyrst, hvort þú kemr höndum úr höfði mèr. Skeggbrodði svarar: óskyldt ætla ek þat, ok tók þó til, ok sviptir þegar í burt höndum hans; en er hann gekk at Skeggbrodða, þá stóð hann fyrir, ok hafði hendr í höfði sèr; þá kom hann at, ok kom hvorgi í burt, ok mátti sjá hvorr þeirra var meiri. Þá mælti Skeggbrodði: ekki þiki mèr þú sterkr, en drengr ertu góðr.

*Frá þórarni ofsa, er drap Þorgeir Hávarðsson.*

32. Þórarinn hét maðr, er kallaðr var ofsi, hann bjó at Stokkahlöðum í Eyjafirði, ofláti mikill ok afbragðsmaðr; hann var son Þóris<sup>1</sup>, er mjök verðr getit við Esphælinga sögu, en Hildir var móðir hans, dóttir Gauta Armóðssonar; Þórarinn var farmaðr mikill. Þat var eitt sinn, at Þórarinn kom skipi sínu í Hrútafjörð, ok hafði sókt sèr húsavið; þar lá fyrir skip Þorgeirs Hávarðssonar, ok hafði hann sekr orðit um sumarit um vig Þorgils<sup>2</sup>, fèlaga Grettis Ásmundarsonar, ok um launvígsmál Þóris<sup>3</sup>. Þórarinn kallaði

<sup>1</sup>) Þannig leiðrætt úta síðunni í A; Þórðar, A, S. <sup>2</sup>) Þannig réttara S; Þorsteins, A. <sup>3</sup>) sonar, ofaukið hér í A, eða súðurnafnið vantar fyrir framán; Þóris á Hrossá, S.



saman menn sína, ok mælti: svâ er viðlátit, at hær liggja þeir menn, sem fyrir mörgum eru kunnugir at óspekt, ok hafa þeir drepit frændr vora, ok er nú mál eptirsjá at veita, ok er hann hinn versti maðr; síðan bjuggust þeir til at vinna knörinn; Ívar hêt maðr, en annar þórir, er voru með honum. En er þorgeir vissi þetta, þá bað hann sína menn sýna þórnarni<sup>1</sup> drengskap ok verja sik. Síðan gjörðist orrosta mikil, ok sóktu at 40 manna, ok var allmikill liðsmunr. Þorgeir varði stafninn alldrengiliga; en er þyntist skipunin með borðunum, þá er<sup>2</sup> atsóknin um stafninn, ok í þeirri svipau feldi þorgeir þá Ívar ok þóri, ok tvo menn aðra, ok féll þar sjálfr; þá hafði hann alls vegit 14 menn. Þórarinn feldi þar 7 menn, ok hjó af þeim höfuð, ok hafði með sèr til Eyjafjarðar, ok lagði í salt, er hann kom heim. Þessi tíðendi spurðust víða; þetta verk lofuðu menn mjök, ok þótti þat mesta snar-ræði í vera; en Eyólfur kvað hinn veginn optarst farit hafa, ok at húskarlar Ólafs konúngs hafi fáir óbættir drepnir verit: en þó er enn eigi vist, hvorsu lengi þeir eigu allir sigri at hrósa; hefir mēr ok svâ tilspurzt, sem þorgeir hafi átt við liðsmun, þótt hann væri óvinsæll, þá var hann þó kær konúngi. Eyólfur var hirðmaðr Ólafs konúngs, sem Guðmundr faðir hans. En er menn búast til alþingis, þá lét þórarinn taka höfuðin, ok kvað þá hafa skyldu þau með sèr, ok sýna hvat þau höfðu unnit<sup>3</sup>. En er þórarinn kom til lögbergis, var þar sem mest fjölmenni; tók hann þá

<sup>1</sup>) þannig leiðrétt fyrir Þóri í A; v. í S. <sup>2</sup>) óx, S. <sup>3</sup>) b. v. S.



til orða: kunnugt mun hær öllum mönnum vera um atburð þann, er gjörðist í fyrra haust í lífláti Þorgeirs; en þeir menn er fæ hafa gefit til höfuðs honum, ok harms sakir áttu at reka, þá ætla ek at mæi muni berast vitni um, at ek veld því verki; þikjumst ek þess fjár egandi orðinn, at menn sögðu til, at þetta verk væri unnit; ef nokkr grunar sögu mína, þá má her nú líta höfuð af þeim, ok lét þá upphalda. Þá mælti Eyólfur Guðmundsson: þat ætla ek at Þorgeir muni mjök harmdauða vera, ef ek sèst vel um í alla staði, því vèr vitum at Ólafur konungur var vin hans, ok hirðmaðr var Þorgeir hans; en þú ferr at þessu með ofrkappi miklu, en mikil er alvalds raun, ok mörg konúngs ráð. Síðan skilja þeir, ok hafði þórarinn norðr með sér höfuð þeirra. Þá mælti þórarinn: þá mun flestum mönnum í hug koma dráp Þorgeirs, ef vèr leggjum í haug höfuð þeirra hjá Vaðilshorni; ok svá var gjört. En er skip gengu á milli landa, þá komu þeir á milli, sem þessa sögu báru fyrir Ólaf konung um líflát Þorgeirs ok förunauta hans. Konungur spurði, hvörr því olli; en þeir segja þórarinni hafi gjört, ok hvorsu ferliga hann hafi með farit, saltat höfuðin um vetrinn, en flutt til alþingis um sumarit; ok varð konungur ákafliga reiðr, ok mælti: opt hafa menn drepnir verit, en þess veit ek eigi dæmi, at svá hafi menn með farit, en víst vil ek, at hann hafi feigum höndum gjört'. Í þann tíma var þormóðr Kolbrúnarskáld farinn at drepa þorgrím trölla

<sup>1)</sup> Hær hefir S kapti. yfirskrift þannig: Greifi þræll drepr þórarinn ofsa.



til Grænlands, en hefna Þorgeirs Hávarðssonar; hann orti ok erfdrápu, ok mun sanna þann atburð. Konúgr heimi á tal við sig þann mann, er Sigurðr hêt, hann var þá búinn til Íslands. Konúgr mælti: þá er þú kemr til Íslands, far þú á fund Eyólfs Guðmundssonar, vinar míns ok hirðmanns, ok fá honum þetta fê, þat eru 8 merkr vegnar, vil ek gefa honum fêt, ok þar með vingan mína, en ek vil þat í móti hafa, at hann ráði af Þórarinn ofsa. Sigurðr tók við fênu, ok fór leiðar sinnar, ok kom til Eyjafjarðar skipi sinu, ok tekst brátt kaupstefna með mönnum. Eyólfr reið til skips, ok hitti stýrimann; þeir töluðust við um vistir ok kaup, ok bauð Eyólfr honum til sín, en hásetar vistuðust um Eyjafjörð. Sigurðr kom heim á Möðruvöllu; hanu segir Eyólfi orðsending konúgs, ok bar fram fê: en hêr í mót vill hann at þú drepir Þórarinn ofsa fyrir víg Þorgeirs. Eyólfr þakkaði konúgi fyrir gjafir sínar ok vinmæli: en þat álag, er hann vill ek gjöri, þá mun ek til stýra með konúgs hamingju. En um haustit, er menn riðu til leiðar, reið Eyólfr með flokk sinn. Þórarinn ofsi reið ok með mikla sveit, ok þræll hans, er Greifi het, mikill ok sterkr. Menn riðu hart um daginn, ok hleypti þrællinn hjá þórarini svá klæði hans vörguðust<sup>1</sup>. Þórarinn mælti: vertu allra þræla armastr gjörandi mêt slíkt! ok lýstr hann á hrygginn með sverðshjöltum; en þrællinn snýst við, ok spyrr, ef hann vill nokkut leggja til bóta \* \* \*<sup>2</sup>.

<sup>1</sup>) förguðust, S. <sup>2</sup>) Framhaldið hêðanfrú vantar í öll handrit.



SVARFDÆLASAGA.



SYMPHONIA

Handwritten text at the bottom of the page, possibly a signature or date.



---

## Svarfdælasaga.

---

ÞAT er upphaf at þessi sögu: Haraldr kon-  
úngr hinn hárfagri ræð fyrri Noregi. Í þann  
tíma hafði sá maðr forræði fyrri Naumudölum,  
er þorgnýrr<sup>1</sup> hét; hann átti tvo sonu, ok hét  
þórólfr hinn ellri, en þorsteinn hinn yngri;  
þeir uxu upp með föður sínum, þartil er þeir  
voru frumvaxta; þeir voru ólíkir í skaplyndi.  
þórólfr var mjök við alþýðuskap, vitr maðr ok  
forsjáll, vinsæll, ok gjörðist kaupmaðr ok fór  
landa í milli, ok þótti hinn bezti drengr; [hann  
var ekki mikill maðr, en<sup>2</sup> vel á sikkominn, vænn  
at álit<sup>3</sup>. Þorsteinn var eigi<sup>4</sup> við alþýðu, mik-  
ill vexti; hann byggði eldahús, ok fékk mikit ást-  
leysi af föður ok móður, ok öllum frændum  
sínum; en þórólfr fékk því meiri virðing, sem  
hann flutti meira heim; þorsteinn var því leið-  
ari [föður sínum<sup>5</sup>, sem hann fagaði þá iðn  
lengr, ok eigi vildi þorgnýrr láta hann sinn son

<sup>1</sup>) Þorgeir, E allstaðar. <sup>2</sup>) þannig S; ok, A, B, C, E.  
<sup>3</sup>) frá [vantar í D. <sup>4</sup>) þannig D; nær, hin. <sup>5</sup>) v. í B, D, S.



kalla. Fór nú svá, þartil sem þeir voru rosknir menn; þá var þorsteinn svá inikill, at hann' lá milli setstokka sem hann var lángur til; öskuhaugur var á aðra hönd hönum, en eldr á aðra hönd, ok fëllu menn um fætr honum.

*Þorsteinn ris úr fletinu.*

2. Þessu nærst er þat sagt, at þórólfr kom heim í land til föður síns með mikinn fjárlut ok margar gersimar, ok gerði faðir hans veizlu ímóti honum með svá marga menn, sem honuma þótti sinn sómi<sup>2</sup> meirri enn áðr. Nú fór þórólfr heim með föður sínum, þat var síð um kvöld; gekk hann inn einnsaman, því honum voru gaung kunnig, en leið hans lá um eldhúsit, þar þorsteinn, bróðir hans, lá í. Í þann tíma dags var þorsteinn vanr at leggjast til svefnis. Þórólfr gengr nú um eldahús; þorsteinn lá í milli setstokkanna; þórólfr gekk at, ok ætlaði trèdrumb vera, en þar barst svá at, at hann lá fallinn um þorstein, ok hraut á öskuhuginu öðrum megin, en þorsteinn skeldi upp, ok hló; ok þá mælti þórólfr: til ills höfum vèr þik uppdregit, er þú hlær at óförum vorum. Djarfr ertu, sagði þorsteinn, at þú krytr<sup>3</sup> um, þóat þú hafir fallit um fót mèr, þar sem (ek) get eigi, þótt þú farir með eigu okkra alla, ok hafir sem þú egir; [skaltu þat vita, at (mèr) þikkir þú einn eyða því, sem við egum háðir<sup>4</sup>, ok kaupir þèr með því orðlof ok vinsæld. Þórólfr segir: vittu þat fyri vist, at ek vilda gefa minn eyri til, ok risir þú upp or fletinu, ok færir á brutt úr þessu

<sup>1</sup>) náði ok, b. v. C. <sup>2</sup>) sonr, C. <sup>3</sup>) kriter, C. <sup>4</sup>) v. i D.



húsi. Þorsteinn sagði: seint ætla ek mik fyriláta<sup>1</sup> húsit, fyri því, at ekki fær ek mér æðri athöfn, enn liggja hér í fletinu. Þórólfr segir: Þat vilda ek, at þú gerðir fyri mín orð, ok skal ek þér því meirri<sup>2</sup> vera, sem ek á meira kosti enn aðrir frændr þínir, ef þú lætr at orðun mínum. Þorsteinn segir: engi þökk get ek at föður þínum sé á fleipri þessu, en mér litil, því mér er meiri von, at hann gjaldi þér fjandskap fyri, þvíat hann vill mik eigi sinn frænda láta kalla fyrir ástleysis sakir við mik. Þórólfr segir: engu þikki mér varða, hvort honum þikkir vel eðr illa, fyri því, at mér þikkir ekki undir, hvort ek er hér lengr eða skemr; hinu mun ek heita, sem ek skal efna, at við þik mun ek aldrei skilja, meðan við lifum báðir. Þorsteinn segir: von þikki mér, bróðir! at þú munir þat efna, er þú heitir, fyri því, at þú ert reyndr at drengskap, en þó vil ek fyriskilja um þat mál, ef við kaupum saman. Hvat er þat? segir Þórólfr: ek mun til vinna flest, þat er þú beiðir, ef þú gjörir nú mínn vilja. Þorsteinn sagði: kynligt mun þér þikkja, hvörs ek beiði: vil ek einu ráða, ef okkr skilr á, jafnan. Þórólfr segir: kyuligs hlutar beiðist þú, frændi! ok þikki mér þat meirri vandi enn virðing, en þó vil ek þat gjarna til vinna, at þú mættir sæmdarmaðr verða. Svá er þó, segir Þorsteinn, at ek hygg mik þat mæla meirr í þína þörf, enn mína, ok munu við nú þessu kaupa, ef þú vill þessu játa, en grunr er mér á, at þú munir þetta eigi efna þá mér þikkir

1) fyrilíta, D. 2) vin, b. v. S.



mestu máli skipta. Þórólfr segir: eigi ætla ek at vanvirða svá orð mín, því þat hefir ek aldri gjört áðr. Hvörsu sein þat ferr, segir Þorsteinn, þá munu við nú þessu kaupa; hann tekr þá upp hnakk sinn, ok gengr út með, ok brýtr í sundr, segir, at eigi skal konum gagn at verða. Þórólfr gekk til móður sinnar, ok bað hana kerlaug gera. Hún spurði, hvat skyldi. Þórólfr segir: Þorsteinn son þinn ris nú upp úr fletinu, ok vill hafa kerlaugina. Góðu heilli! segir hún; ok nú færir hún Þorstein af klæðum, vararvoðar stakki ok hökulbrókum þeim, er hann var vanr at vera í; var honum nú þvegit ok kembt hár hans ok skorit; kom Þórólfr nú með klæði, ok bað hann í fara; klæddist Þorsteinn nú skjótt. Eptir þat tók Þórólfr af sèr seilamöttul, þat var skarlats möttull, ok undir gráskinn, ok lagði yfir Þorstein; en er hann stóð upp, tók hann honum eigi meirr enn á bróklinda; tók hann þá af sèr skikkjuna, ok bað hann sjálfan með fara, en bað hann fá sèr aðra yfirhöfn, þó hún væri eigi jafngóð. Þórólfr fèkk þá eina loðkápu, ok bað hann í fara; hann steypir yfir sik kápu, ok var hún hvorki síð, nè ofstutt. Þá tók Þórólfr af sèr sverð, ok gaf honum, þat var góðr gripr ok vel búit; Þorsteinn tók við sverðinu ok brá þegar, tók blóðrefilinn ok dró saman milli handa sèr, svá uppi lá blóðrefillinn við hjöltin, þá lét hann aptr hlaupa, ok var þá úr allr staðrinn; seldi hann þá Þórólfi aptr sverðit, ok bað hann fá sèr annat vopn sterkara: ok skal mèr ekki sneis þessi. Þórólfr tók við sverð-



inu, ok þótti spillt; það hann þá gánga til vopnastu sinnar um morguninn, ok kjósa þar af þat vopn, er honum þætti vænligast. Eptir þat gengu þeir til borðs, ok settist þórólfr nærst föður sínum, en þorsteinn á aðra hönd honum. Þorgnýrr sér þá bræðr, ok lætr síga brún á nef, ok kvaddi þorstein engu; en þórólfr orti orða á hvern mann, ok var hinn kátasti. En um morguninn gengu þeir bræðr til vopnastu þórólfs, ok fann þorsteinn þar bolöxi þá, er honum þótti við sitt skap vera, ok færir hana á breiðöxar skapt, gekk síðan til lækjar, ok hvatti hana; þessa öxi bar hann síðan at vopni.

*Þeir bræðr fara í vikingu.*

3. Nú eptir þetta sátu þeir með föður sínum um vétrinn; en um vorit spurði þórólfr þorstein, hvat hann vildi ráða sinna; en hann það þórólfr ráða: þikki mér vel, at þú sjáir (fyrir) hit fyrsta sinn, er við förum báðir saman. Bjó þórólfr þá skip sitt, ok ræð til háseta. Síðan héldu þeir skipi sínu til kaupstaða, er þat eigi sagt, í hvörja þeir héldu, en hitt er greint, at þeir kvomu heim at hausti; tók þorgnýrr við þórólfi eptir vana virkta vel, en hann lét sem hann sæi eigi þorstein, ok ekki höfðu þeir viðmæli á hinum fyrrum misserum, síðan hann reis úr fletinu; þar voru þeir þann vetr, ok var samt með þeim feðgun, þorgný ok þorsteini, svá fátt, at aldrei mæltust þeir við. Nú lagðist engi mannvirðing á þorstein, meðan svá búit var. Þá spurði þórólfr þorstein bróður sinn, hvat hann vildi athafast um sumarit: mér virðist



svá, sem þær þikki lítit gaman at kaupferðum. Rætt getr þú, segir Þorsteinn, þikkja mér kaupferðir vera manni meirr til þryði ok ágætis, enn til hreysti. Þá sagði Þórólfr: hvat skulu við þá fyrir okkr leggja. Þorsteinn sagði: hugsat hefir ek nokkut til þess: ek vilda at þú keyptir okkr lánskip 2, en þú heldir knerri okkrum í kaupstaði<sup>1)</sup>, sem þú ert vanr. Annat ætla ek fyrri, segir Þórólfr, því þat skal ek enda, sem ek hefir heitit, at við þik mun ek aldrei skilja, meðan við lifum báðir. Þorsteinn sagði: þetta gjörir þú illa, því faðir þinn mun svá virða, ef þú kemr eigi aptr, sem ek hafi setit um lif þitt, ok er þat mikill skaði, ef þær verðr nokkut, en alls enginn um mik, en þetta er mikil háskaferð. Eigi at síðr keypti Þórólfr 2 lánskip, ok seldi knörrinn, hældu þeir þeim í hernað, ok varð gott til fjár um sumarit, hældu heim um haustit, ok höfðu 5 skip; ekki er getit hvar þeir herjuðu. Svá fór fram 3 vetr, ok höfðu þeir þá 12 skip ok auð fjár.

*Þorsteinn leitar Ljóts.*

4. Svá er sagt, at hit þriðja haust gekk Þorgnýrr ímóti Þorsteini, ok heilsaði honum fyrri; hann tók vel föður sínum, ok voru þeir þar um vetrinn bræðr, en hásetar vistuðust annarstaðar. Þorgnýrr bauð þeim bræðrum, at þeir tæki við húi ok fjár forráðum; en þeir bræðr sögðu báðir sem einum munni, ok kvóðust ekki vilja fylgja nema hans ráðum, meðan hann væri til: enda höfum við enn ekki reynt okkr,

<sup>1)</sup> kaupferðir, c.



segir Þorsteinn, í einvígum eða víkingu, ok mun-  
um enn freista lengr; vilda ek, faðir! Þú vísaðir  
okkr til víkings nokkrs þess, er mér væri nokkr  
frægð í, ok biða ek annathvort bót eða bana, ok  
væri mín síðan getit at nokkru. Þat er líkast ok,  
segir Þorgnýrr, at þat fáir þú, þegar þú beið-  
ist, ef þèr þikkir allmiklit undir at deyja skjótt;  
nú mun ek vísa þèr til þess manns, at uppi mun  
vera, meðan heimrinn stendr, ef þú sigrar hann.  
Lúk heill munni í sundr! segir Þorsteinn, ok  
vísa mér til hans sem skjótast. Svá skal vera,  
segir Þorgnýrr: Ljótr hinn bleiki heitir maðr,  
hann er austr í Svíaskerjum við Gautland, ok  
hefir 15 skip, ok dreka þann, er járne er varðr  
allr ofan, hann siglir í gegnum hvört skip, káll-  
ar hann drekann Járnbarda; Ljótr er mikill maðr  
vexti, vænn at álitu; enn segja sumir menn, at  
hann bitu eigi vopn. Nú hefir þú vel sagt,  
sagði Þorsteinn, ok skal ek annathvort biða hel,  
eðr hafa feldan Ljót at hausti. Bjó Þorsteinn  
þegar skip sitt or landi, en keypti knör einn,  
svá Þórólfr vissi eigi. At sumri bjuggust þeir  
til ferðar; ok er þeir kvomu til skips, sagði Þor-  
steinn Þórólfi fyrirætlan sína: knör þenna, er  
ek hefi keypt, ætla ek at þú skulir halda í kaup-  
ferðir í sumar, en ek mun fara í hernað. Þór-  
ólfr segir: hví viltu, bróðir! at við skiljum, þar-  
sem ek hefir því heitit, at við skyldum aldrei  
skilja? Þorsteinn segir: nú er þar komit, frændi!  
at ek vil ráða, eptir því sem ek hefi skilit fyrri,  
þvíat mörgum mun þikkja mikill skaði um þik,  
ef þèr verðr nokkut til meins, en alls enginn um



mik, þó ek komi eigi aptr. Þórólfr segir: ekki þarftu at mælast undan þessu; mæ þikkir verra líf enn hel, ef ek skil við þik. Þorsteinn segir: fór sem mik varði, at þú mundir eigi efna þat, er þú hêzt, en þó mun ek eigi láta letjast ferðarinnar, ok segir mæ svá hugr, at við munum eigi báðir aptr koma, ok eigi örvænt, at hvorgi komi. Þórólfr segir: engi má komast yfir<sup>1</sup> sitt skapadægr, þikki mæ meiri sæmd at deyja með þèr, enn lífa við skömm ok hneisu eptir. Þú munt nú ráða, sagði þorsteinn; ok hældu síðan skipunum til Gautellar, ok gáfu nú engan gaum at víkingum. Þeir sigldu at skerjunum, ok sá þar kastala einn; þorsteinn bað þá þar at leggja; þetta var síð um kveld, er þeir lögðu undir skerin, þar sem kastalinn var uppi á; þorsteinn bað þá hljóða vera, ok tjalda yfir sèr. Þorsteinn bað menn sína nokkra fara um þvert skerit, ok vita, ef þeir sæi tíðendi nokkr. En er þeir kvomu uppá skerit, sá þeir hvar drekahöfuð kom upp, var sem á gull eitt sæi; þar töldu þeir 15<sup>2</sup> skip hjá drekanum, ok var tjaldat yfir svörtu, ljós var undir tjöldum, þar sátu menn við drykkju; síðan fóru þeir aptr, ok létu ekki verða vart við sik, sögðu þeir þorsteini slíkt, er þeir höfðu sèt. Þá skulu vèr (kvað hann) í starfi í nótt, ok færa varnað allan af skipi, ok grafa niðr nokkut, en flytja út grjót í staðinn, fyri því, at ek ann þeim einskis eyris at njóta, ok þegar skulum vèr leggja at þeim, er vígljóst er.

<sup>1</sup>) fyri, C, D.    <sup>2</sup>) 12, B, E, S; 14, D.



*Fall Ljóts víklings ok Þórólfs Þorgnýssonar.*

5. Þá er ljóst var um morgininn lagði Þorsteinn farm sinn, ok lét greiða atróðr, ok sagðist vilja tala við víkinga; en er þeir kvomu at þeim, stóð upp maðr á drekanum, ok gekk útá borðit, sá var í rauðum skarlatskirtli ok hekle blá yfir sèr, hlaðbúna húfu á höfði; sá kallaði [af drekanum<sup>1</sup>, ok spurði, hvern þar gjörði svá gyldan atróðr. Þorsteinn sagði til sin: eðr hvern spyr at? Sjá heitir Ljótr, sagði hann. Þat er vel, segir Þorsteinn, at við höfum hér fundizt, þviat þín hefir ek lengi leitat. Ljótr mælti: hvat hefir þú mèn nú hugat? hefir ek þik eigi sèt fyrri, en heyrð hefir ek þin getit. Þorsteinn segir: skjót eru eyrendi við þik: ek vil gera við þik fèlag. Ljótr spurði: hvorsu er fèlagsgjörð sú? Skjótr er kost, sagði Þorsteinn, þú skalt gánga á land upp, ok hafa vopn þín ok klæði, en menn þínir í skirtu ok linbrókum. Ljótr segir: újafuligr kost lizt mèn þessi, eðr hvern er annar? Sá er annar, segir Þorsteinn, at við skulum berjast. Ljótr sagði: hvar<sup>2</sup> er liðskost sá, [er þú hefir til þess, at þú megir mèn slíka afrkosti gera? Hèr er liðskost sá<sup>3</sup>, er ek hefi, sagði Þorsteinn, þessi 10 skip. Þá brosti Ljótr, ok mælti: allúlíkligt þikki mèn þetta, ok vil ek miklu heldr eiga bardaga við þik, enn láta fè mitt svá skammsamlíga. Þá leggi fram skip öll, segir Þorsteinn, móti mínum skipum! Ljótr sagði: eigi unni ek við þann kost, at

<sup>1</sup>) þannig S; á drekaun, A og hin. <sup>2</sup>) hvöur, hin. <sup>3</sup>) v. í B, C, D, E, S.



láta fleiri skip til enn þú, því þat hefir ek aldrei fyrr gert, heldr hefir ek jafnan haft færri skip, ok hefik þó sigr haft. Þorsteinn sagði: eigi þarftu at spara mik til þess. Ljótr segir: eigi mun ek þó fleiri framleggja, enn jafinnörg, en ef þú vill berjast við liðsmun, þá mun ek láta annat til, þá annat er hroðit, meðan til eru. Svá skal vera, segir Þorsteinn. Brugðu þeir nú tjöldum, ok leggja saman skipum sínum, 10 hvorir; tóku þeir til bardaga; gekk fyrst grjóthrið mikil af skipum Þorsteins, en hvörr steinn, er Þorsteinn sendi, gekk annathvort í egnum skipin eðr hafði mann; börðust þeir nú þann dag allan. En frá lyktum er þat at segja, at þá hafði Þorsteinn hroðit 14 skip af Ljóti, en 5 (voru hroðin) af Þorsteini, ok margir mjök sárir, en sumir drepnir; voru þá sett grið ímillum þeirra til morgins. Ljótr hað Þorstein burtu færa öll þau skip, sem hann hafði fengit um daginn af honum: ok ertu svá frækinn maðr, at enginn hefir mër svá á bug ekit, sem þú, ok mun engi þèr þetta til ámælis leggja. Þorsteinn sagði: eptir munu þó enn gripir góðir nokkrir á drekanum, ok ætla ek annathvort, at eignast allt, eða liggja hær eptir. Ljótr mælti: dulinn ertu at þèr, at þú hyggr at vinna drekann með 5 skipum, þar sem mër þætti mitt vænna, þó at þú legðir at með 10 skip, ok fýsi ek þik frá at leggja. Þorsteinn sagði: sè ek, at þú þorir eigi at berjast við mik, ok far þú leið þína, ok ber niðingsorð hvar sem þú ferr! Ljótr sagði: verfa beiðist þú, enn þú átt kosti, enda skaltu



Þat hafa, at þú liggir hær eptir, áðr annat kvöld komi, ef ek má ráða. Fór Þorsteinn nú til lands með skip sín ok tjalda yfir sèr, ok bundu sár sín, gengu síðan til borðs eptir þat. Þá mælti Þorsteinn: eigi megum vèr í kyrðum sitja í nált, ef vèr skulum geta unnit drekann á morgun; skulu vèr leggja at eyju þeirri, sem hær er nær oss, hún er skógi vaxin; vèr skulum höggva stór trè ok fella á annat borð drekanum, get ek at hann hallist við, ok má vera at vèr komunst þá uppá drekann. Ok nú gera þeir svá, ok leggja at drekanum ok veita harða atsókn; en er þeir höfðu fellt viðuna á drekann, þá hallaðist hann eptir, en þeir á drekanum skutu skjaldborg. Nú fór sem at Þorsteinn gat, at þeir gengu á annat borð drekans, þeim megin, sem sóknarinnar var at von, lét þá skipit eptir, var nú eigi ofhátt at vega. Þat er sagt, at Þorsteinn komst fyrst uppá drekann ok Þórólfr bróðir hans; tókst nú harðr bardagi af hvorumtveggjum. Þá kastaði Þorsteinn öxi sinni, ok þótti hún of seinfeng til vopns, en liðsmunr mikill, greip hann þá ásstubba einn ok bardist með. Þórólfr bróðir hans gekk fram á aðra hönd honum, ok hlifði þeim báðum, því Þorsteinn sá fyrir engu öðru, enn drepa allt, sem fyri verðr; þeir börðust allt til kvölds; var Þorsteinn nú kominn aþtr at lyptingu. Ljótr sèr nú hvar komit var, ok fleygir frá sèr sveiðinu til þeirra bræðra, en ætlar at steypa sèr útbyrðis, ok sèr þá eigi undanbragð annat; en Þorsteinn lýstr hann niðr við skiphorðinu með ásstubbanum svá hart, at höfuð ok



herðar fèll útbyrðis, en fótahlutrinn inni skipit; þá var svá myrkt af nótt, at hvorki mátti ryðja skipit blóði nè búkum. Þá svipaðist þorsteinn um, ok sá eigi fleiri menn upp standa af liði sínu enn 12; ok eptir þat ræru þeir til lands, ok ætluðu til herbúða sinna. En er þeir voru skamt frá ströndu komnir, þá tók þórólfr til orða: nú mun ek gjöra lykkju á leiðinni, ok nenni ek eigi at gánga lengra. Þorsteinn segir: ertu sárr, bróðir! Ekki dyl ek þess, sagði þórólfr, þvíat þá er Ljótr kastaði sverðinu, stefndi hann á þik meirr, ok brá ek við skildinum ok var ek þá herr fyrir, ok bar sverðit at kviðnum fyri neðan bringspölu, ok hljóp á hol, svá út fèllu iðrin; sveipaði ek þá at mèr klæðunum, ok svá hefir ek gengit síðan, mun nú ok lokit minni gaungu. Þá segir þorsteinn: þá hefir farit sem ek gat, at annarhvorr okkarr mundi eigi aptr koma, ok vilda ek hafa gefit til mikit, at við hefðum för þessa aldrei farit. Þórólfr segir: ekki má nú sakast um þat, fyri því, at engi getr komizt yfir sitt skapadægr, ok þikki mèr betra at deyja við góðan orðstýr, enn lifa við þá skömm, at hafa eigi fylgt þèr, sagði hann, en þó vil ek biðja þik bænar, ef þú vildir veita, ok kennir þat metnaðar. Hvat er þat? frændi! segir þorsteinn. Þórólfr segir: þat mun ek segja þèr: mèr þikkir nafn mitt eigi til lengi hafa uppi verit, ok mun þat falla niðr sem sina, ok mun mín at engu getit, þegar þú ert liðinn, en ek sè, at þú munt auka ætt vora ok lifa lánган aldr, muutu verða hiun mesti heillamaðr, vilda ek, ef



Þær yrði sonar auðit, at þú 'létir Þórólfr heita, en allar þær heillir, sem ek hefir halt, vil ek honum gefa, fyri því þá væntik, at mitt nafn muni uppi, meðan heimr er hygðr. Þorsteinn sęgir: Þetta vil ek veita þær gjarna, því ek væntir at þat sè vor sæmd, ok góð heill mun fylgja nafni þínu, meðan í vorri ætt er. Þórólfr mælti: nú þikkjumst ek hafa beidt þess, sem mēr þikkir á liggja.

*Þorsteinn fór á fund Herrauds jarls.*

6. Eptir þetta andast Þórólfr. Binda þeir nú sár sín, ok sofa af náttina; en um [daginn eptir' fóru þeir til drekans, ok ruddu hann búkun ok blóði, en sluttu fjárhlut í kastalann; þar voru þeir viku, ok græddu sár sín. Þeir gerðu kistu at liki Þórólfs, kvað Þorsteinn hann þar eigi jarða skulu. Þá er þeir þóttust færir, tóku þeir eina róðrarskútu, ok höfðu af fè þat, er honum þótti bezt, hældu síðan til Svíþjóðar, ok höfðu lik Þórólfs með sèr, en allr þorri fjárens var eptir í kastalanum. Þeir komu þar við land í Svíþjóð, er jarl einn ræð fyri, sá Herraudr er nefndr, hann var skamt á land upp. Þorsteinn gekk á land upp, ok til hallar jarls með elletta mann, ok kom þar at dagverðardrykkju. Dyrverðir sögðu þat engan vana, at úkunnir menn gáangi þar inn með vopnum í drykkjustofu jarls. Þorsteinn kvaðst ekki þat hirða: ok högg ek þar hvörn sem komium er, ef þið farið eigi frá. Þeir fóru skjótt frá dyrnum, því þeim sýndist maðrinn ógrligr, ok

<sup>1)</sup> morguninn, S.



Þorðu eigi fyrir at standa. Síðan gekk Þorsteinn inn með alvæpni fyrí jarl, ok þeir 11 saman. Þorsteinn kvaddi jarl; hann tók vel kveðju hans, ok spurði, hvern hann væri; hann kvaðst Þorsteinn heita, ok vera Þorgnýsson, norðan or Naumudölum. Jarl sagði: heyrte hefir ek þín getit, at þú sèrt ágætr maðr, ok mun tíðendum gegna um þínar ferðir, ok gakk til sætis, ok drekkum báðir saman í dag, ok seg mèr tíðendi, ok sit gegnt mèr í öndvegi! Þorsteinn gjörir nú svá, ok drekka um hrið. Jarl spurði, hvar Þorsteinn hafði herjat um sumarit. Þorsteinn segir: ekki hefir ek víða herjat í sumar, en við Ljót hinn bleika hefik nú harizt fyrí skemstu, ok látit fyrir honum alla mína menn, utan þessa 11, ok þarmeð Þórólfr, bróður minn, er ek mun aldrei bætr bíða. Sliks var vãn, segir jarl, ok er þat mikil gæfa, at þú komst undan heill, því engan veit ek þann verit hafa annann, enn þik. Þorsteinn segir: ek bið, at þèr ljáið mèr höll yðar ok mínum mönnum, vil ek drekka erfi eptir bróður minn, ok heygja hann hèr með yðru lofi, skal ek kosta fè til, svá yðr skaði ekki í því. Jarl kvaðst þat gjarnan vilja: af því at ek hygg mína höll eigi betr skipaða, enn þó þú skipir eða þínir menn.

*Frá Molda berserk.*

7. Þorsteinn tekr nú til haugsgerðar ok hans menn; gekk þat skjótt; var Þórólfr í haug lagðr ok nokkrt fè honum til sæmdar. Síðan bjó Þorsteinn veizlu, ok bauð til jarli ok mörgum



öðrum dýrum mönnum; sátu menn at henni 3 nætr, sem siðr var til, leysti Þorsteinn menn á hurt með góðum gjöfum, ok aflaði sèr svá vinsælda. Jarl spurði nú Þorstein, hvat hann vildi ráða sinna: Því nú er mjök sumar liðit, en þú átt farveg lánan. Þorstein sagði: ek veit eigi hvørs ek á kost. Jarl segir: til reiðu er yðr hær veturvist, ef þèr vilið, ok kann ek yðr þökk fyrir. Þorsteinn sagði: þetta er vel boðit, herra! ok skal gjarnan þiggja; er Þorsteinn þar um vetrinn, ok hans menn, í góðu yfirlæti; virðir jarlinn hann fram yfir hvörn mann, ok svá gerðu aðrir eptir. Nú leið at jólum, ok gjörðist skipan á lund manna; þar hafði verit glaumur ok gleði mikil, en nú tókst þat af, ok gerist hljóðlæti mikit í höllinni, var þat af því, at jarl gerði svá fyrir. Þat var einn dag, at Þorsteinn spurði hirðmann einn, hvat til bæri um ógleði manna. Hirðmaðrinn segir: vorkunn mun þèr á þikkja, ef þú veizt, en þó þikki mèt þú héraðsdaufr maðr, er veizt eigi hvat til berr. Ekki hefik at því hugat, segir Þorsteinn, en stórtiðendum þætti mèt ega at gegna, er tignir menn lata sèr svá mikils fá. Hirðmaðr sagði: gesta egu vèr von at jólum, þeirra sem oss er mikil óþurft í. Hverir eru þeir? sagði Þorsteinn. Hirðmaðrinn segir: maðr heitir Moldi, hann er víkingr eðr hálf-berserkr, ef svá vill kalla, þeir eru 12 saman, ok hafa komit hær tvisvar áðr; Molda bita eigi járn; þeir vaða eld

1) svá vera ok, b. v. B, C, D, E, S.



ok bíta í skjaldarrendr. Þorsteinn segir: hvörja kosti gera þeir jarli? Hirðmaðr segir: Moldi vill mæla til mægða við jarl, en til samfara við dóttur hans Íngihjörgu, elligar býðr hann honum á hólmi þrin náttum eptir jól, en ráðast skal hvat jarl vill; mundi hann skjótt kjósa, ef hann væri úngr maðr, en nú er hann or bardögum fyrir aldrs sakir. Þorsteinn segir: engi vorkun þikki mēr á, at honum fái slíkt svá mikils. Þessu var svá snúit, at Þorsteinn hefði boðizt til at gánga á hólmi fyri jarl. Ok litlu síðarr fundust þeir jarl ok Þorsteinn, ok spyr jarl, hvort þat gengdi nokkru, at hann hafði boðizt til at leysa hann undan, ok gánga á hólmi við Molda. Þorsteinn sagði: við því geng ek eigi, en þat sagða ek, at mēr þætti líkligt, at maðr mundi til verða at leysa þik undan hólmgángu, ef þú leggr nokkr gæði til við hann. Þat hefik talat, segir jarl, at þeim manni munda ek gipta dóttur mína, er þenna mann gæti afráðit. Þorsteinn segir: ekki spurða ek þessa af því, at ek ætli mēr þetta, heldr fyri þat ek veit fleiri munu til verða, svá sem fleiri vita. Hætta þeir nú þessu tali, ok liðr at jólum; gladdist jarl nú heldr við orð Þorsteins; lét jarl búast við veizlu fjölmennri, ok bauð þáingat frændum sínum ok vinum, ok öllum hinum beztu mönnum í hans ríki. Atfángadag jóla drífa flokkarnir at bænnum. Jarl lét auðt 12 manna rúm utar frá öndvegi; gleði var mikil í höllinni. En þá eldarnir voru sem bjartastir, var jarli sagt, at Moldi riði at höllinni ok menn hatas; en er þeir kvomu,



stigu þeir af baki, gengu síðan inní höllina 12 saman, ok vóðu þegar eldana, ok bitu í skjaldarrendr. Moldi gekk fyri jarl, ok kvaddi hann vel ok virðugliga. Jarl tók vel kveðju hans, ok bað hann gánga til sætis. Hann kvaðst ekki mundu þiggja veizlu at honum: ok er mēr jafnt í hug við þik, sem fyrr. Jarl sagði: ek mun nú ok segja þér: ek vil, at þú drekkir með mēr um jólin, en ek leita við menn mína, hvort nokkr vill mik undan leysa þessu vankvæði. Moldi segir: vil ek þá at þú leyfir mēr at gánga um höllina fyrir hvern mann, ok spyrja, hvort nokkr þikkist mēr jafnsjallr, ok er þat mikil gleði, at skemta sèr með því, en eigi mun ek þat til þín tala, jarl! því ek vil ekki þat mæla, er þér þikkir metnaðarskarð í vera. Jarl kvaðst eigi mundu banna honum þat, at mæla slíkt, er hann vildi ok honum þætti gaman at. Síðan gengr hann utar frá öndvegi fyrir hvern mann, ok spurði, hvort nokkr teldist honum jafnsjallr, þartil er hann kom fyrir öndvegis mann, sá lét draga fætr af stokki, ok hafði breiddan feld yfir höfuð sèr. Moldi segir: hvörr sá herkinn (væri), er þar lægi, en sæti eigi upp, sem aðrir menn í öndvegi. Þorsteinn kvað hann engu skipta. Moldi segir: þú ert drjúglátr, eða telst þú jafnsjallr mēr? Þorsteinn sagði: eigi nennik því, at kallast jamsjallr þér, því ek kalla þik þess kvikendis læti hafa, sem gengr á fjórum fótum, ok vèr köllum meri. Moldi segir: þá skora ek á þik til hólmgángu 3 nóttum eptir jól.



steinn segir: at heldr eptir jól, at mèt þikkir því betr, sem við berjumst fyrr, ok þó þú vilir þegar í stað. Moldi segir: ekki vil ek spilla goðahelginni, ok er mèt ekki óðt um þetta; síðan gekk hann í brott, ok þeir allir úr höllinni, ok stigu á hesta sína, ok riðu í braut.

*Viðbúningr Þorsteins til hólmgöngu.*

8. Nú þakka menn þorsteini fyrir, er hann tókst þessa hólmgöngu á hendr, ok urðu menn fegnir, drukku nú glaðir ok kátir um jólin. Eptir jólin fjölmennti jarl mjök til hólmgöngunnar, ok kvomu þeir þorsteinn fyrr til hólms, ok settust niðr á völlum. Þá spyr jarl þorstein, þvar sverð þat væri, er þorsteinn ætlaði at berjast með. Þá brá þorsteinn undan skikkju sinni einu sverði, ok sýndi jarli, ok mælti: hær er sverð þat, er ek mun hafa. Jarl brá sverðinu ok leit á, ok mælti: hvörsu komstu at sverði Ljótis hins bleika? Þorsteinn segir: hann gaf mèt þat á deyjanda degi með öðru gózi sínu. Jarl segir: segir þú mèt hann dauðan? Þorsteinn segir: dó hann um sinn. Jarl mælti: þessa varði mik eigi, ok seg mèt: hvörsu fóru ykk skiptin? Þorsteinn sagði: sem farit hafði. Jarl mælti: frægðarmaðr ertu mikill, þorsteinn! en sverð þetta dugir þær eigi við Molda, mun ek sýna þær hvat þat dugir; tók í blóðrefilinn ok dró (saman), svá oddrinn lá í hjöltunum, lét síðan hlaupa aþr, var þá or staðrinn. Jarl mælti þá: hær er sverð, þorsteinn! er ek vil gefa þær, þetta skaltu bera ímóti Molda, ok taka eigi fyrr upp, enn þú ert búinn at høgga, en haf hitt til sýnis, er þú



berr, áðr. Þorsteinn tók við, ok brá sverðinu, ok sýndist riðfrakki einn verra. Jarl bað hann fá sèr; hann gerði svá; jarl laust niðr hjöltunum á stein, ok féll af rið allt, var þá bjart sverðit sem silfr. Þetta sverð mun bita Molda, sagði jarl, en hann deyfir hvört vopn, er hann sèr, fyri því skaltu gæta, at eigi verði hann varr við, fyrr enn þú höggr til hans.

*Þorsteinn fellir Molda á hólmi.*

9. Þorsteinn tekr nú við sverðinu, ok reið Moldi þá at með flokk sinn, ok mælti: eigi hefir svá tekizt fyrr, at ek hafi orðit seinni á þetta leikmót, enn aðrir, heldr hefir hitt verit, at ek hefir vorðit nokkrum mun<sup>1</sup> skjótari. Þorsteinn segir: Því seinna skaltu í burtu komast, sem þú komst siðarr, ok sprettr upp eptir þat. Jarl bauð at halda skyldi fyri þorstein; en hann sagði, at enginn manna skyldi sik í hættu hafa fyrir hann: mun ek sjálfr bera skjöld minn. Síðan gengu þeir þartil, sem þeir skyldu berjast, ok kveðst Moldi mundi segja upp hólmgangulög: Því ek hefir á þik skorat: sinum feldi skal hvorr okkarr kasta undir fætr sèr, skal hvorr standa á sinum feldi, ok hopa eigi um þveran fíng, en sá sem hopar, beri niðings nafn, en sá sem framgengr skal heita vaskr maðr, hvar sem hann ferr; 3 mörkum silfrs skal sik af hólmi leysa, sá er sárr verðr eðr úvígr. Þorsteinn segir: Þó þar liggi 6 merkr (við), heldr enn 3, þá þikki mèr því betr, sem ek tekr meira. Ekki er þer því heitit, sagði Moldi, fyri því, at ek hefir þat opt-

<sup>1</sup>) þannig B, D, E, S; mönnum, A, C; minnum, F.



arr átt at taka, enn gjalda. Þorsteinn segir: eigi mun nú svá þó. Nú kasta þeir feldum undir fætr sér, ok gánga þar á. Þat er vandi vorr, segir Moldi, at 3 skjöldu skal taka hvorr, ok hlifa sér með, ef höggur verða; eðr hvörsu er sverð þat, er þú ætlar at vega með? Þorsteinn seldi honum sverðit; en hann tók við ok brá því; hann mælti: hvörsu komstu at sverði Ljóts hins bleika, bróður míns? Þorsteinn segir: Ljótr sendi þér kveðju á deyjanda degi, ok þat með, at honum þótti þú líkast til at hefna hans. Moldi segir: segir þú mēr líslát Ljóts bróður míns, ok at þú hafir verit hans skaðamaðr? Ekki má þess dylja, sagði þorsteinn, ok muntu nú vilja hefna hans, ok fresta eigi lengr. Moldi segir: mēr þikkir mikill skaði, at drepa svá vaskan mann. Þorsteinn segir: þat er þó satt at segja, at eigi má geta til; þat var sagt, at þú kynnir ekki at hræðast, hver ógn sem þér væri boðin; nú skil ek, at þú villt hera bleiðiorð fyrri mēr, hvar sem þú ferr. Eigi skaltu þess bíða<sup>1</sup>, segir Moldi, ok högg nú þegar, því mēr er annt at drepa þik, síðan þú villt ekki annat, enn deyja. Þorsteinn hjó til hans með [sverðinu jarlsnaut<sup>2</sup>, ok klauf skjöld hans allan niðr í munðriða; Moldi hjó ímóti til þorsteins, ok klauf skjöld hans, \* \* \*<sup>3</sup>.

*Þorsteinn fær Ingibjargar jarls dóttur.*

10. Þat var einn tína, er þeir voru tveir

<sup>1</sup>) segja, *D.*    <sup>2</sup>) þannig *S;* sverði, *A* og *hin.*    <sup>3</sup>) Hér vætar í öll handritin, ok er þar eyða í fleirstum, sem samsvarar prentaðri blaosíðu.



á tali, jarl ok Þorsteinn, ok spurði jarl, hver laun Þorsteinn vildi hafa fyrir þat mikla þrekvirki, er hann hafði<sup>1</sup>: ok er oss orðin mikil sæmd at því öllu. Þorsteinn sagði: þat vilju vér at yðr þiggja, sem þær vilð frammi láta, en varla er von, at vér fáum þat, sem hugrinn stendr til fyrir mannvirðingar sakir, sagði hann. Jarl mælti: raun mun mjök undir þær vera, hvers þú heiddist, því þat skal til reiðu af mér, sem þú beiddir. Þorsteinn segir: auðkveðin eru þá launin, ef ek skal ráða: þat er Íngibjörg dóttir yðar, með þvilikri heimanfylgju, sem [henni sómir<sup>2</sup> ok yðr úti at láta. Jarl sagði: fyrir laungu vissa ek þat, ok hefir lengr frestast enn ek hugða, skal ek allt efna við þik, þat ek hefi heitit, en þó vil ek mæla nokkut mínu máli þar um ok þínu: mun ek auka þína sæmd í því, at [þú takir jarlsnafn ok<sup>3</sup> þú ráðir ríki þessu eptir minn dag, ok komir aldrei til Noregs. Þorsteinn sagði: því vil ek heita, at vera hér 3 vetr, en eptir þat vil ek kjósa hvort ek vil hafa jarldóm, fyrir því þá mun ek sjá, hvort ek þá þikkjunst mega halda ríkit eðr eigi. Vitrliga er kjörit, segir jarl, ok mun ek því samþykkr verða, ef Íngibjörg vill sem ek; Þorsteinn kvaðst eigi mundu bekkjast til þess, ef henni væri eigi ljúft. Þeir gengu nú til tals við hana, ok sögðu henni sína fyrirætlan, ok spurðu, hvörsu henni væri um gefit; en hún sagði, at faðir hennar skyldi

<sup>1</sup>) unnit, b. v. C, D, E; gjört, b. v. S. <sup>2</sup>) þannig D; þeim s., A, B, C, E; henni s. viðtaka, F; þeim s. at meðtaka, S.  
<sup>3</sup>) b. v. S.



fyri ráða, kvað sèr þat vel mundu gegna; var þetta nú at ráði gert, ok var búin til sænilig veizla, ok mörgum mönnum til boðit; sátu menn at veizlu, til þess at lokit var; leiddi þorsteinn menn í burt með góðum gjöfum, ok varð hanin af því vinsæll ok viðfrægr. Nú sitr þorsteinn þar um vetrinn, ok gátu þau sèr barn, þegar þat mátti verða; ok er at þeirri stundu kom, sem hún skyldi létтари verða, ól hún sveinbarn, ok var hann vatni ausinn, ok kallaðr þórólfr; hann vóx þar upp, ok var allbráðgjörr, ok líkr hinum fyrra þórólfi. En er þorsteinn hafði þar verit 3 vetr, sagði hann jarli: nú hefir ek hær verit alla þá stund, sem ek hefir heitit ok mær er hugr á. Jarl sagði: ekki megu vèr halda á þær, ef þú villt burtu fara, ok far þú, hvört er þú villt. Þá lét jarl búa skip með þeim farmi<sup>1</sup>, sem þorsteinn hafa vildi til Noregs, ok leiddi (dóttur) sína út með sæmdum miklum. Þorsteinn mælti: þess beiðir ek yðr, herra! ef svá berr við, at yðar missi við, at mínir erfingjar, af dóttur yðvarri tilkomnir, taki lönd ok lausa aura eptir yðr, ef ek sendir þá til. Jarl segir, þat skulu svá vera, sem hann vildi at væri, \* \* \*<sup>2</sup> ok höfðu menn engi vopn, nema lurka, ok börðust þeir<sup>3</sup>; þar voru sumir drepnir, en sumir lamdir, þar fellu 17 menn; þar heitir Stafsholt síðan, en dalrinn Deildardalr. Uni hældt til lið-

<sup>1</sup>) förum, B, D, E, S. <sup>2</sup>) Hær er eyða í öllum handritunum; í A, D eru rúmar 2 arkir auðar; í B, E, S stendr ritað: í því, sem þetta var eptirskrifat, stóð: hær vantar ark í söguna; í C, F, er 1½ bls. auð. <sup>3</sup>) með þeim, B, D, E, S; þeir svá ok, F.



veizlu þar sem Ljótólfr var, en þeir bræðr þar sem þeir Karl ok Þorsteinn eru, því Uni er<sup>1</sup> jafnskildr Ljótólfi, sem þeir bræðr Þorsteini, ok er þess síðarr getit í sögunni. Nú er at segja, hverir til liðs snèrust með Þorsteini: Ólafr or Ólafsfirði, [Hèðinn or Hèðinsfirði, þeir voru bræðr<sup>2</sup>, ok Svarthöfði . . .<sup>3</sup>, er<sup>4</sup> druknaði, ok heita þar Svarthöfða steinar, er hann druknaði, því Siglunes, at þar rak seglit, því Siglufjörðr at þar rak siglutrèt; Hèðinn átti son, er Svarthöfði hèt; Ólafr átti 2 sonu, Þórð<sup>5</sup> ok Vermund<sup>6</sup>; þessir hnigu allir til liðs við Karl hinn rauða ok margir aðrir göfugir menn. Sá maðr bjó í dalnum, er Höskuldr hèt, hann var lögmaðr; þar voru jafnan þing, ok má enn sjá þar merki; hann átti þann son, er Ögmundr hèt; þessir hniga enn til<sup>7</sup> með Þorsteini ok Karli, ok slikir bægja þeim Ljótólfi, ok leggja undir sik allan dalinn öðru megin, því þá var dauðr Bárðr<sup>8</sup> digri, afi Ljótólfs. Þorsteinn svöfr<sup>9</sup> fór nú millum fjalls ok fjöru, ok lagði undir sik allan dalinn öðru megin, er<sup>10</sup> hann ferr til fjalls, ok gerir þar kennimark, sem hann kom fram-arst, ok braut þar í sundr kamb sinn, ok kastaði niðr kambs brotunum, ok lætr eptir silfr í þremr stöðum, hálfá mörk í hvörjum stað, ok er sá rimi kallaðr at Kambi; ok nefnir Þorsteinn sèr vátta, ok fellir<sup>11</sup> hann með því dalinn sèr til

<sup>1</sup>) var, D, F. <sup>2</sup>) v. t S. <sup>3</sup>) hær er eyða fyrir einu eða tveim orðum í A, C, F. <sup>4</sup>) síðan, h. v. S. <sup>5</sup>) er með nýari hendi skrif-at í A, B; en þil fyrir orði í C, E, F, S. <sup>6</sup>) Vermund, E, S. <sup>7</sup>) liðs, h. v. S. <sup>8</sup>) þannig S; í hinum stendr einasta B. <sup>9</sup>) á-giðkað; garpr, lékl. rángt lesið, öll. <sup>10</sup>) en, hin. <sup>11</sup>) þannig B, E, S; fyllir, hin.



vistar, ok gaf af sèr nafn, ok kallaði Svarfaðardal. En þó fátt hefði verit með þeim þorsteini ok Ljótólfi, þá var nú í datt efni komit, svá at þeir leggja fèlag með sèr<sup>1</sup>, þorsteinn, Ljótólfr Nefglitason, Bárðr greipr frá Hrauni<sup>2</sup> ok Þorkell Skeggjason af Skeggjastöðum, ok Ögmundr Höskuldsson; þat var fèlagsgerð þeirra, at þeir gera skip, ok hafa í ánni, ok veiða fyrir hvörs manns landi fiska. Þetta var kært fyrir Höskuldi lögmanni, hvörsu þeir ætluðu at fara. Hann sagði: at land skal taka fjórðung veiðar, þar sem þeir veiddu; [en þeir<sup>3</sup> sögðu<sup>4</sup> engum til, ok tóku þat hrafnar, en menn höfðu þá eigi, heldr enn áðr, ok þóttust þeir þá gjalda mundi álits<sup>5</sup>, sem Höskuldr hafði dæmt<sup>6</sup>. Þá tóku þeir upp leika í dalnum, ok vildu reyna hnáleik<sup>7</sup> sinn, ok var Karl hnástr<sup>8</sup>; óx nú sundrlindi í dalnum af nýu.

*Gríss færir þorsteini börnin.*

11.<sup>9</sup> Í þenna tíma kom sá maðr í dalinn, er Gríss hêt, ok fyrr var getit; hann var nýkominn út, ok ferr hann til vistar með Ljótólfi, frænda sínum, ok var þar um vetrinn; um vorit fór hann til Steindyra, ok setti þar bú saman, ok hafði mjök skapast um byggðir síðan, meðan hann hafði burtu verit; urðu flestir at leita til vináttu þar sem voru aðrirhvorir, þorsteinn eða Ljótólfr. Nú leitar Gríss þar til, sem þor-

<sup>1</sup>) einn, b. v. A; allir, b. v. F; enn, b. v. B, E, S. <sup>2</sup>) Hrauni, B, D. <sup>3</sup>) þannig S; ok, A, B, C, E; þeir gjörðu nú svá, skiptu, ok skildu eptir landhlut, ok, D; v. í F. <sup>4</sup>) þeir þá, b. v. F. <sup>5</sup>) þess, b. v. F, S. <sup>6</sup>) hér stendr útá síðunni í S: vantar lítil; í hinum er hér engin eyða. <sup>7</sup>) knáleik, D. <sup>8</sup>) knástr, D. <sup>9</sup>) hér sleppr kapitula tölunni í öllum hendritunum, svo eigi má vita, hve marga kapitula hér að framan vantar.



steinn er; en hann tekr honum ekki fljótt, en sagði þó, ef Griss kynni hóf sitt, at hann mundi ekki amast<sup>1</sup> við [bygð hans<sup>2</sup>: en þó er mér lítið um bygð [frænda Ljótólfs<sup>3</sup> þessu megin ár. \* \* \*<sup>4</sup> Griss var vel til Asgeirs rauðfelds. Ásgeirr hafði selför þat sumar \* \* \*<sup>5</sup> hafði kona hans þar umsýslu búss ok smalaferðar. Sá atburður varð, at hún varð lættari í smalaferðinni, ok fæddi sveina 2 í Vatnsdals hólum þeim, er Viðihólmar hétu<sup>6</sup>; heim kom hún með sveinana um kvöldit, ok tók Ingöldr<sup>7</sup> dóttir hennar við þeim, ok vann sveinunum beina<sup>8</sup>, ok fann at öðrum blæddi, ok hafði þar komit við krókyllkill, er hún hafði haft á sér; þat varð henni á munni, er hún sá þetta: sjá ben markar spjóti spor. Þessir sveinar vaxa þar upp, ok hét sá þorleifr, er benina hafði fengit, en hinn Olafir. Eptir þetta ferr Griss af landi burt, ok var um vetrinn í Þrándheimi; en eptir um vorit bjó hann skip sitt til Íslands, ok gekk honum eigi lengra, enn út til Niðáróss, ok lá þar um stund. Kona kom til fundar við Grís, ok hafði 2 börn meðferðar, ok beiddi Grís, at hann mundi flytja börnin til Íslands. Hann segir: hvat ega börnin þar, segir hann. Hún kvað móðurbróður barnanna í því héraði, sem hann átti bú: ok heitir þorsteinn svörfr. Griss mælti: hvat heitir þú? Ek heiti þórarna. Eigi mun ek þat gera

1) aukast, S. 2) honum, C; hann, B, D, E. 3) Ljótólfs frænda, C. 4) hér er eyða fyrir tveim línum í A, B, C, F; en heil blaðsíða auð í D; vantar lítt, síendr á spájuinni í S. 5) hér er bil fyrir tveim orðum í A, C, F. 6) heita, D. 7) þannig A, F; Ingvöldr, B, E; Ingveldr, hin. 8) b. v. D; v. í hin.



vitnalaust, segir Gríss. Hún vatt þá undan yfirhöfn<sup>1</sup> sinni kefli, ok seldi honum, voru þar á mörg þau orð<sup>2</sup>, er kend voru þorsteini svörf. Frekr mun þær ek þikkja til fjár, segir Gríss. Mæl ok slíkt, er þú villt, sagði hún. Fjögr hundruð silfrs, segir hann, af allgóðu silfri, ok skaltu þó sjálf fylgja hörnunum. Þess er ekki at leita, at ek fylgi þeim (segir hún), en greiða mun ek fê þat, sem þú heiddir; ok þá sagði hún honum nafn barnanna, ok hêt sveinninn Klaufi, en mærin Sigríðr. Gríss mælti: Því ertu svá dálígg orðin af svá góðum ættum? Hún segir: ek var hertekin af Snækolli Ljótssyni, ok hann á börn þessi við mæ, síðan rak hann mik frá sèr nauðga. Þegar gaf Grís byr, er hann hafði börn þessi í skip tekit, ok sigldi til Íslands, í sama ós, sem hann var vanr; ok þegar hann var landfastr, færði hann af hendi bæði börnin, svá engvir vissu fyrir hans komu. Á því kvöldi kom hann á Grund til þorsteins, ok tók hann forkunnar vel við honum, ok kom þat mest til, at Karl son hans hafði utan farit á því móti<sup>3</sup>, er Gríss hafði utan verit, ok vildi hann spyrja at ferðum hans. Gríss var fárr heldr. Þorsteinn spurði, hvort hann hefði þýngd nokkra. Gríss segir, at honum kvaðst eigi þikkja örvænt, at honum þætti nokkut at um tiltekjur hans, því ek hefir flutt hingat systurbörn þín 2. Hvörsu má þat vera, sagði þorsteinn, ok geng ek ekki við frændsemi þeirra vitnalaust. Þá sýnir Gríss

<sup>1</sup>) kápu, C.    <sup>2</sup>) b. v. D; verk, b. v. S; v. í A og hin.  
<sup>3</sup>) misseri, B, D, E, S.



honum keflit, ok kennir Þorsteinn þar orð sín, þó langt hafi verit síðan; hann sagði þá: litit mun ek at þessu gera kvöldlángt, en við mun ek gánga frændsemi barna þessara. Um morgunin, er þeir sátu undir borðum, bað Þorsteinn færa sér börnin, ok gerði hann meyjunni þann þykk, at hún grèt þegar, en sveininn læk hann miklu harðara, ok þagði hann. Gríss mælti: nú þikki mér, sem þú hafir viðgengit frændsemi barnanna. Þorsteinn mælti: þér ætla ek börn<sup>1</sup> at annast ok fulla fúlgu með; ek mun láta fylgja meyjunni 20 hundruð, en með sveininum 4 tigi hundraða. Gríss segir: því gjörir þú svá mikinn mun barnanna? Þorsteinn segir: kjós við þik, ok annast hvort þú villt. Þá steypti Þorsteinn silfri or sjóði, en Gríss taldi sér 40 hundruð. Þorsteinn lýsir kaupi með þeim undir votta, ok bað Grís ábyrgjast fyri Klaufa orð ok verk. Gríss kvaðst vildu þrælka Klaufa. Þorsteinn kvað þat vel vera, ef hann kæmi því við. Ferr Klaufi heim með Grís; var hann þá tvævetr, en Sigríðr fjöggra.<sup>2</sup>

*Frá glímu þeirra Klaufa ok Þórðar.*

12. Nú verðr þess at geta, hvörsu Ljótólfr lét laust skipit fyrir Karli, þat sem þeir áttu báðir saman; en skip þat hafði gjört verit uppi í túngunni, ok var þar högginn viðrinn, því þar var skógr<sup>3</sup> þykk; en til kjalarins var höfð eyk sú, er stóð niðri í Eykibrekku fyrir ofan Bláðsgerði<sup>4</sup>, ok færðu eykina í síki þat, sem suðr er

<sup>1</sup>) börnin, D. <sup>2</sup>) hér er því nær ein blaðsíða auð í D; hér vantar kanske nokkuð, stendr í R; vantar litid, st. í S. <sup>3</sup>) mikill ok, b. v. B, C, D, E, S. <sup>4</sup>) Bláðsgerði, S.



ok ofan frá Grund, ok lá hún þar þá<sup>1</sup> vetr, ok er þat kallat Eykisik síðan, en skip þat var kallat Íslendingr. En er skipit var algjört, var þat alfært<sup>2</sup> ofan eptir ísumum vetrinn gegnt Hofi, ok létu þar standa skipit ok skorðuðu, heitir þar Skorðumýr síðan, ok á því skipi hefir Karl utan farit. Sá maðr var á vist með Ljótólfi, er Þórðr fángari hêt. Ekki hefir gjörst til tíðenda í dalnum síðan Klaufi kom, ok til þess nú er komit sögunni, ok er Klaufi nú á ellefta vetr. Þat varð til nýlundu, at Þórðr fángari bauð Klaufa til glímu með ragmæli, ok var sá maðr sendr til Klaufa með rúnakefli, er Heklu-skeggi hêt, en Skeggi var vinr Klaufa; hann tók við keflinu ok varðveitti. En um morgunint kallar Klaufi til öxar við Grís, ok fèkk eigi, fyrr enn hann ógnaði honum til; þá ferr hann á Grund, ok ræðst um við Þorstein frænda sinn, hvort hann skyldi glíma við Þórð. Þorsteinn segir: þat vil ek, at þú ráðir sjálfr, er þèr kunnugra afl þitt enu mèr. Klaufi segir: þó ek sè úngr aldri, þá er mèr þó leiðt at liggja undir ragmæli þræls þess, ok vil ek, at þú farir með mèr, ok prófum hvörsu gengr. Þorsteinn sagðist þat mundu veita honum. Ok eptir þat stefna þeir fjölmennan fund at Hofi, því Þórðr vill hvergi glíma nema þar, ok fylgja þeir Klaufa Griss ok Þorsteinn. Þeir takast fángbrögðum ok glíma lengi, þartil ambátt ein kom í stofudyrnar, ok kallar þetta ambáttafáng, er hvorgi fèll, ok bað þá kyssast ok hætta síðan. Klaufi reiddist við þetta, ok tekr Þórð uppá

<sup>1</sup>) þann, C; v. t B. <sup>2</sup>) þannig, A, B, C, F, S; fært, D; atfært, E.



bringu sér, ok keirir niðr fall mikit, svá allir ætluðu hann meiddan; eptir þat girðir Klaufi hann svá fast, at hældt við meiðsl. Kellingein sat í stofuhorni, ok lét allvel yfir þessu verki. Griss mælti: nafn mun ek gefa þér, Klaufi! ok kalla þik Baugju, ok skaltu hafa glófa at nafnfesti. Þórðr komst til bekkjar með fulltingi annarra manna. Þá drífa menn út. Ok er Klaufi kom út, mælti hann: illa kann sá feginn at verða, er hann lætr eptir handagjörvi sína, þó hann þiggi aðra; gekk hann þá inni stofu, ok sá hvar Þórðr sat; hann færði þá oxina í höfuð honum, ok fèkk hann bana. Klaufi gekk út þegar. Þorsteinn spurði því oxin væri blóðug. Klaufi mælti: ek bannaði Þórði, at bjóða fleirum mönnum fáng. Þá urðu menn þegar vísir vigsins, ok leituðust um, hvern svara ætti sökinni, en Grísi bárust bætrnar, ok galdthann 6 hundruð silfrs. Fóru menn nú heim, ok er kyrt þat sem eptir var vetrarins.

*Klaufi vegr 3 menn.*

13. Þessa menn nefnum vèr til sögunnar: Þorvald í Þorvaldsdal, ok sonu hans, Vigfús ok Þorvald. Sá maðr var undir hans vernd, er Hrani hèt, hann bjó í Birnunesi; hann var bróðir Birnu<sup>1</sup>, er Birnunes er<sup>2</sup> viðkennt; en Þorkatla hin gamla var móðir Hrana, er Kötlu-fjall<sup>3</sup> er viðkennt, því Helgi hinn magri deyddi hana þar, ok kól hana í hel svá: hann sat henni þar mat þar til hún dó. Sá hinn sami Hrani bauð ójafnað mikinn bónda þeim, er bjó á Hellu, ok Þórarinn hèt; hann beitti upp engjar hans

<sup>1</sup>) Brin, C.    <sup>2</sup>) Briunes, C.    <sup>3</sup>) Kötluvell, C.



ok akra, en fyri því, at Þórarinn var skildr mjök Klaufa, þá sendi hann honum orð, ok ferr Klaufi þegar inn þángat, ok fundu þeir Hrana á akri Þórarins með fêt sitt, ok sat hann á hesti sinum með alvæpni; en er Klaufi fann hann, sækir Klaufi þegar at Hrana með vopnum, svá hann hefir ekki at gjöra nema hefjast undan, þartil er hann fèkk bana; þar heitir síðan at Hranareki<sup>1)</sup>, er hann var veginn. Heim fara þeir Þórarinn<sup>2)</sup> ok Klaufi, því þeir vilja gera fúlguföll Grisi í brautvistinni. En er Klaufi fór heim þá fann hann mann, ok reið sá hrossi Griss, ok drap Klaufi hann; sá maðr hèt Örn ok var húskarl Höskuldar lögmanns, náfrændi hans. Nú fór hann, ok mætti Griss honum, ok spurði, því öx hans væri blóðug ok klæði. Mat minn vil ek, sagði Klaufi, en ekki hirði ek um þetta. At liðnu matnáli Klaufa riða 12 menn at gárði; kendu þeir þar Þorstein svörf, ok með honum Hávarð or Þorvaldsdal, ok mæla eptir Hrana. Griss var þá til andvara, ok galdt hann 12 hundruð fyri vígit hans Hrana. Í þann tíma kom Höskuldr lögmaðr, ok heimti fyri víg frænda sins, ok varð Griss at gjalda 6<sup>3)</sup> hundruð fyri víg Arnar; síðan fóru hvorutveggju heim. En Klaufi var nú miklu verri viðreignar enn áðr, ok hældt þá Gris hræddum; en eigi at síðr kvaddi Griss hann til fiskiveiðar í ána ok ferr Heklu-skeggi með honum; Þórðr átti hálfá ána, ok veiðina við Gris. En er Klaufi kom

<sup>1)</sup> þannig B, E, S; Hranariki eða Hranariki, A, C, D, F.

<sup>2)</sup> þannig B, D, E, F, S; Þorsteinur, A, C. <sup>3)</sup> 7, B, D, E, S.



til ok Björn húskarl Þórðar, þá greindi þá þegar á, því Klaufi vildi hafa alla ána til veiðarinnar. Björn hleypr á Klaufa þveran, ok ætlar at fella hann útá ána, því hann var bæði mikill ok sterkr; en Klaufi leitar nú eptir, en Björn undan, ok finnast<sup>1</sup> með því, at Klaufi árepr Björn, ok ferr síðan heim. Ok brátt kom Hrólfr nefglita, ok heiddi bóta fyri Björn, ok varð Griss enn at gjalda 6 hundruð silfrs.

*Þeir Klaufi ok Karl finnast.*

14. Á þessu sumri bjó Griss skip sitt til utanferðar. Klaufi spurði: hverr skal hér fyri þú sjá meðan? Griss mælti: þér hefik þat ætlat, segir hann. Eigi ætla ek þat þó, segir Klaufi, því ek vil utan með þér. Griss ferr nú, ok hittir Þorsteinn svörf, ok spyr hvörsu með slíku skal fara? Þorsteinn segir: þat legg ek til, at þú flytir hann, því hann á alla kynslóð anstr þar, þætti mér af því líkligt, at hann mundi ekki fýsast út<sup>2</sup> hingat. Griss tók þessu vel, ok varð Klaufi í ferð með honum. Þorsteinn bað þá frétta at Karli syni hans: því lángeim tíma hefir ekki fréttst til hans. Nú hældu þeir skipi til hafs, ok kvomu til Þrándheims, var Griss þar um vetrinn; en um sumarit bjó hann skip sitt til Íslands, ok gekk eigi lengra enn til Niðaróss, lögðu síðan út undir Sólskel<sup>3</sup>, ok gaf nærst byr af útnorðri, ok mælti Klaufi með allillu skapi, at þeir mundu sigla suðr með landi. Griss sagði, at aflagi sá skal ekki því ráða, at ek

<sup>1</sup>) skiljast, S.    <sup>2</sup>) aþtr, b. v. S.    <sup>3</sup>) Sólskel, B, D, E, S.



sigli svá langt afleiðis. Klaufi svaraði: svá skal sigla, sem ek vil, eða siglir þú aldrei hëðan lífs; ok Klaufi varð at ráða; ok sigla nú suðr með landi, þartil þeir koma at einum hólmi; þar lágu 2 skip, ok voru aungvir menn á; þeir hlupu uppá annat skipit. Klaufi mælti: segðu, Griss! hverr skipi þessu hefir stýrt, því hër eru rúnir þær, er segja. Griss kvaðst eigi vita þat. Þú veizt þat, sagði Klaufi, ok skaltu verða at segja. Nú verðr Griss at segja hvort hann vill eðr eigi; en svá segja rúnir: Karl rëð þá skipi, at rúnir voru ristnar. Hljóp Klaufi þegar í bát, ok rëri at landi; svá var hann þá reiðr, at hann rak öxi sína í jörð niðr svá stóð á hamri; þá reif hann upp mikla kylfu, svá at aungvum sýndist hún vopnhæf, nema honum einum. Þeir heyrðu þá manna mál mikit, ok kvomu þar at, at 12 menn voru bundnir, en fjöldi manns var þar hjá, ok leystu menn or böndum, ok var hverr höggvinn, sem leyst var; þeir menn, sem í böndum voru, var Karl hinn rauði ok hans félagar. Einn maðr gekk mest at berbrynjaðr at höggva fólkit, hann reiddi sverð um öxl alleiguligt; þar snëri Klaufi at þeim manni, ok spurði hverr hann væri. Sá maðr svaraði allstórmannliga, ok kvað hann þat engu skipta. Klaufi snëri at honum, ok barði á báðar hendr \* \* \* <sup>1</sup> allvel at hlaupa fyrir Atla<sup>2</sup> nokkra hríð; svá hët vikingr sá, er barizt hafði við Karl; en þá er Klaufi náði til hans, þá hlífði hann honum eigi, heldr enn öðr-

<sup>1</sup>) Hër er cyða fyrí sám orðum í A, B, C, E, F, S; en í D hálf blaðsíða. <sup>2</sup>) þannig D, F; Atli, A og hin.



um, ok gekk af honum dauðum, tók síðan sverðit ok hjó á tvær hendr, allt til þess, er Griss kallaði hátt, ok mælti: Klaufi! Klaufi! kunn þú hóf þitt; þá gjörðist Klaufi svá úhnárr, at hann gat eigi valdit klumbu<sup>1</sup> þeirri, er áðr barði hann með. Þeir Karl voru nú leystir; varð þar mikill fagnafundr. Um vorit eptir fara þeir Griss ok Klaufi í hernað, ok eru í víkingu 3 sumr, ok fengu jafnan sigr; ok þá er þeir leggja af hernaðinn, halda þeir til Noregs, ok sigla í Þrándheims mynni, ok eru þar svá um vetrinn. En um vorit búa þeir Klaufi skip sitt til Íslands, ok fóru á því skipi Karl ok Ögmundr; koma þeir í þær stöðvar, sem þeir Griss áttu vanda til, ok lögðu skipit undir Melshöfða, ok fóru allir heim á Grund, ok fengu þar góðar viðtökur. Þá mælti Griss til Þorsteins: misjafnt verða fórnir til manna. Klaufi mælti: kenn þú þær þat ekki, skræfan<sup>2</sup>! er þú veldr engu um, en Karl má þar nokkut af segja, með hvörjum atburðum hann er heim kominn. Karl sagði sem farit hafði. Þorsteinn þakkaði Klaufa, frænda sínum. Vel samir at segja frá yfirlitum Klaufa: hann var þverrar handar ok 5 álna hárr, armleggi hafði hann bæði lánga ok digra, kinnr miklar ok þrekligar greipr; hann var úteygðr ok ennisbrattr mjök, munnljótr ok neflitill, háls-lánger ok hökumikill, skolbrúnn ok skarpleitr, lágu hátt kinnarbeinin; manna var hann svartastr bæði á brýn ok hár; hann var opinnmynt, ok skögðu

<sup>1</sup>) kuml, B, E.    <sup>2</sup>) skræðan, B, D, E, S.



2 tennr fram or höfðinu, ok allt var hann at álitu, sem hann væri kreptr ok knýtt. Nú fara þeir heim Gríss ok Klaufi, ok er hann nú 18 vetra. Þenna vetr bar ekki til tíðenda, nema þat, at maðr kom til Hofs eitt kvöld, sá er Skíði var nefndr; hann hafði stokkit undan annars manns ánauð, þess er Þorgrímur hinn grái hét, hann bjó á Áslandi<sup>1</sup> í Skagafirði. Skíði bað Ljótólf veita sér traust nokkrt. Ljótólfr kvaðst mundu veita honum fyri sakir Una, frænda síns. Skíði bar þræls nafn; eigi bar hann þat nafn af því, at hann hafði til þess ætt eðr eðli; hann var manna mestr ok friðastr; Ljótólfr skipaði hann fyri verkstjóra ok manna forræði. Um vorit eptir kom Þorgrímur vestr með 30 manna at vitja þessa manns, ok sömdu þeir Ljótólfr<sup>2</sup> svá ok Þorgrímur: at Ljótólfr galdt fè fyri þat hann hafði haldit Skíða um vetrinn, ok kölluðust sáttir; ok hafði Þorgrímur með sér þrælinn at sinni, þvíat Ljótólfr hafði fámennr heima<sup>3</sup> verit. Þá komu 60 manna til móts við Ljótólf, ok snýr hann þá málinu öllu til heimsóknar; þetta voru ráð Hrólfs nefglitu, ok kreptu þeir svá at Þorgrími, at hann varð at selja Ljótólfi sjálfðemi, ok lét laust bæði fèt ok þrælinn, ok fór heim við þat.

*Gríss drekkur brullaup sitt til Sigrtðar.*

15. At liðnum vetri, þá er menn voru á vorþingi á Höskuldsstöðum, varð mönnum viðrædt mjök um kvomu Karls. Þá gekk Gríss til tals við Ljótólf frænda sinn, ok mælti: vel samir

1) Óslandi, hin. 2) Ljótr, hér rángt í A. 3) v. í B, D, E, S.



nú at tala um launin skipsins við Karl hinn rauða, því nú eru margir góðir menn við. Skíði var þar viðstaddr, ok mælti: hygg at því, Griss! at þú leggir þat eina til með mönnum, at þá se eigi verr með mönnum eptir enn áðr. Ok eptir þat spyrr Ljótólfr Karl eptir, hvat hann vill leggja at launum fyri skipit, þat þeir létu gjöra báðir saman. Karl mælti: ek hygg at þú megir þar engvar heimtur fyrir hafa, því þú baðst mik ráða verðinu. Griss mælti: gött þætti oss hér at gera [Ljótólf þer at vin<sup>1</sup>, ok leggja<sup>2</sup> fram fè nokkut. Karl mælti: ekki mun framkoma fyri þín orð, ok einskis annars at þessu sinni; ok svá varð. En þeir frændr Karl ok Klaufi heimtu at Grís fjögurra ára<sup>3</sup> forgift, ok þá greiddi hann fílgu hans, ok fengu þeir<sup>4</sup> land til ábúðar, ok ekki skildu þeir um ábyrgð verka hans þaðan í frá, ok fór hann bygðum til Mela, ok sat þar um sumarit. Þá voru lögrèttir úti Túngunni<sup>5</sup>, ok ráku fèit til réttarinnar feðgar tveir úr Teigsfjalli, hèt annar Björn, en annar Sigurðr, ok mislikaði Klaufa fjárrekstriun, því hann átti á eina með, ok líkaði honum illa, er hún var elt afvega<sup>6</sup>; ok er þeir komu gegnt honum, hljóp Klaufi til allillu skapi, ok drap þar hvörn, sem kominn var, ok fór með þat til réttanna, ok mætti þar Karli<sup>7</sup> frænda sínum, ok hlupu þeir á réttargarðinn. Ljótólfr spyrr, hvat hann sæi til þeirra manna, er fèit ráku. Klaufi sagði: sá ek um stund hvar

<sup>1</sup>) L. þer at um, B, S; v. í D. <sup>2</sup>) legðir, D. <sup>3</sup>) h. v. C, E, S; fè þat með Klaufa var lagt, hefir D í staðinn fyri: fjögurra ára forgift. <sup>4</sup>) þat, B, C, E, S. <sup>5</sup>) Túngunum, B, D, E, S. <sup>6</sup>) af haga, C. <sup>7</sup>) Halli, B, D, E, S.



þeir ráku fêit; en nú far þú, ok vit hvar hvorr helir staðar numit; þá varð víst, at Klaufi hafði drepit þá báða. Eptir þetta varð Klaufi laust at láta Mela land, ok fêkk Karl honum nú aprt aðra [ok 20 hoskarga<sup>1</sup>, ok reistu þar bæ fyrir neðan ána uppí dalnum, þar sem nú heitir á Klaufabrekkum, er þá hêt fyrst í Klaufanesi, því þat stóð fyrst niðr við ána, ok þótti þar kominn illa, því mjök bar á hann stórum, sem siðarr bar raun á. Ok eptir þetta gjörðist fullr fjandskapr með mönnum í dalnum. A þeim vetri vænti hvorutveggi sêr liðs norðan or dalnum<sup>2</sup> af sínum frændum, Kolbeini ok Una<sup>3</sup>, þvíat sundrþykki þeirra var þá sem mest, en [því fórst<sup>4</sup> þat þó þau misseri, ok var þá kyrt at kalla í dalnum. En at liðnu sumri bað Gríss konu til handa sêr, Sigríðar Snækollsdóttur<sup>5</sup>; Þorsteinn svörf vær þar til andsvara, ok veik hann öllu til Klaufa. Þá fór Gríss at finna Klaufa, ok bað hann konunnar. Klaufi svaraði skjótt: mun þá eigi hraust kona illum manni gefin? en þó læt ek þat mitt ráð, sem frændr hennar vilja fyrirsjá. Gríss mælti: koma muntu til boðs mins, ef þeim sýnist at gipta hana. Koma mun ek víst, segir Klaufi; ok síðan var þessu keypt, ok var Ljótólfr ekki við þessa ráðagjörð. Nú var boðit búit á Grund, ok kom ekki margt manna, en þó<sup>6</sup> var sem mest vinfengi þeirra Ljótólfs ok Asgeirs rauðfelds, þvíat Íngöldr<sup>7</sup> fagrinn var

<sup>1</sup>) þannig *A, C, F*; hoskega, *B, E, S*; frá [ *v. l D.* <sup>2</sup>) dölumum, *F.* <sup>3</sup>) þannig *B, D, E, S*; Uni, *hin.* <sup>4</sup>) fyrirforst, *F.* <sup>5</sup>) þannig *F*; Klaufadóttur, *rángrt, A, B, C*; Kl. systur, *D, E, S.* <sup>6</sup>) þá, *B, E, F, S.* <sup>7</sup>) Ingvaldr, *C, D*; Ingvaldr, *hin.*



frilla Ljótólfs, ok var aungum boðit frá Brekku; varð mönnum skipat í sæti á Grund; sátu allir hinir ellri menn á annann bekk, enn Þorsteinn svörfir ok Karl son hans, ok Klaufi frændi þeirra, á annann. Gríss tók þá til orða: vel samir þat í svá góðu sausæti, at tala mest, þat eptir megi hafa, ok strengja heit, eða taka sèr jafnaðarmenn. Þorsteinn sagði þat úvitrliga tillagit: ok mun þaðan jafnan margt koma, sem Gríss er. Eigi at síðr halda þeir á þessu tali, ok hóf Karl hinn rauði þat fyrst, ok tók sèr jafnaðarmann Ljótólf goða, ok strengdi þess heit, at hann skyldi hafa heimilat ragnæli á hendr honum á þriggja vetra fresti. Gríss tók sèr jafnaðarmann, ok nefndi til þess Skíða, ok strengdi þess heit, at hæfa þá höfn, sem hann vildi, hvört sinn<sup>1)</sup>, er hann siglði landa í milli. Ögmundr sagðist eigi mundu þá sigla lengra, enn um þverran hroptann<sup>2)</sup>. Klaufi tók sèr jafnaðarmann Ólaf Ásgeirsson, ok strengdi þess heit, at koma í sömu rekkju Íngvöldi fagrinn, áu vilja Ljótólfs goða. Gríss mælti: ekki vita slik orð lítills, ok ekki mundi þreklausir menn slik tala, ok látum þetta nú eigi at engu verða, ok förum þegar úti Brekku eptir Íngvöldi fagrinn, ok setjum hana á brúðbekk hjá Sigríði. Þeir gera svá; standa upp 18 saman, ok ganga út til Brekku. Gríss settist á tal við Íngvöldi ok Þórhildi, móður hennar; en þeir Karl tala við Ásgeir bónda, ok báðu þau öll samt koma suðr síðarr dagsins, ok fóru þeir heim fyrir<sup>3)</sup>, ok mættu þeim manni fyrir heima, er Þórðr

<sup>1)</sup> þannig B, F, S; sem, A og hin. <sup>2)</sup> hrottan, C. <sup>3)</sup> eða fyrri, A.



gapa hèt. Gríss gekk at honum, ok mælti í eyra hljótt: allillt er þat, at hann Karl er svá matsparr, at hann býðr eigi slikum mönnum, sem þú ert; far nú til Hofs, ok svá muntu eigi hafa þar verri viðtöku, ef þú segir, hvat hær er í ráðagjörð. Þórðr hljóp þegar. Karl þekkti þegar, at maðrinn hljóp frá veizlunni, ok bað hlaupa eptir honum, ok elta hann; en hann hljóp á ána undan, ok létti eigi fyrr, enn hann kom til Hofs, ok sagði, hvat í leikum var. Ljótólfr brá þegar við, ok safnaði at sér mönnum, ok reið vestr yfir ána til Brekku. Maðr sá var úti á Grund, er hjó eldivið; hann hljóp inn, ok sagði, at 20 menn riðu yfir ána ok til Brekku. Þá standa þeir upp 18 saman, ok fóru út til Brekku, ok urðu við þat varir, at margir menn voru í húsunum, en byrgðar dyr. Þá kom Karl at, beiddi Ljótólfr út gánga. Þá heyrðu þeir hlátr mikinn inni bæinn, [er þau hlóu<sup>1</sup> Íngöldr ok Hrólfr nefglita. Íngöldr sagrkinn gekk þá fyrir dyrnar; þá gekk Klausi upp at dyrunum, ok kvað visu:

Hygg ek at hėti<sup>2</sup>  
 Hrólfr nefglita  
 sá býðr Klausa  
 kvon at verja;  
 munattu<sup>3</sup> böggvir  
 brúðar njóta,  
 ve<sup>4</sup> nefglita<sup>5</sup>  
 væmir<sup>6</sup> lífi,

<sup>1</sup>) þanning hin; eru þau lóg, A. <sup>2</sup>) heiti, B, D, E, S.  
<sup>3</sup>) máttu, B, D, E, S; nú máttu, C. <sup>4</sup>) b. v. B, E, S; v. í A og hin. <sup>5</sup>) vist þó, b. v. F. <sup>6</sup>) væmir, D; væminn, E.



Ok enn kvað hann:

Hlær mest at því  
Hrólfur nefglita,  
nærgi<sup>1</sup> er greppi  
gjöldum þeirra.

Þá gekk Karl hinn rauði at dyrunum, ok kvað visu:

Veit ek at seggir sátu,  
slikt er minniligt, inni<sup>2</sup>,  
ræðir sá er lof leiðir<sup>3</sup>,  
Ljótólfr, fyrir óskjóta;  
brims<sup>4</sup> get ek enn at ýmsir  
elskir<sup>5</sup> dauðar<sup>6</sup> verði,  
hlátr skal hirði njótum  
hegna brögðum fagnar<sup>7</sup>.

Karl brá þá sverði, ok setti i dyrustafinn, ok nefndi sèr votta, ok heimilaði ragnæli á Ljótólf goða, er hann vildi eigi út gánga, ok fylði svo orð sin, er hann hafði talat á Grund; hann bauð Ljótólfi enn útgaungu: ok munu vèr gánga frá dyrunum, segir<sup>8</sup> Karl. Ljótólfr vill eigi út hætta mönnum sínum, ok fór Karl heim, ok sátu þeir at boðinu. Eptir þat fór hverr til sinna heimkynna; var þá kyrt í dalnum þann vetr.

*Þau Klaufi ok Íngveldr gánga í eina rekkju.*

16. En um vorit eptir ætluðu hvorutveggju til liðs við þá Una ok Kolbein, sem þeir höfðu hit<sup>9</sup> fyrra vorit. Ljótólfr varð fyrri búinn, enn Karl, ok fóru synir Ásgeirs með Ljótólfi. Þá

<sup>1</sup>) nægarn, S. <sup>2</sup>) meirr, h. v. B, E, S. <sup>3</sup>) leyfir, B, E, S.  
<sup>4</sup>) búins, B, E, S. <sup>5</sup>) elsku, D, E. <sup>6</sup>) dauðir, C, E; dátt, D.  
<sup>7</sup>) þagnar, B, E, S. <sup>8</sup>) sèr, B, D, E, S. <sup>9</sup>) þannig: ht, A, B, E, F, S; haft, C; heitit, D.



spurði Þorsteinn svörfr Karl, son sinn, því hann lèti svá seint við um ferðina. Karl kvaðst eigi hirða, þó þeir bryti snjó fyrir honum um heiðina. Í þann tíma hafði Ásgeirr farit uppí dalinn at rýja gemlinga. Ok nú ferr Karl til heiðarinnar, ok kemst eigi lengra, enn uppí heiðina. Þá varð þat til tíðenda, at Klaufi féll af baki; þá drápu þeir hross eitt, er laust hljöp með þeim, ok flóu af skinn, ok þöndu um Klaufa, ok bundu hann um þvert bak á hrossi, ok snúa við þat ofan eptir dalnum, ok fundu Ásgeir fyri neðan Vatnsdalsá. Ásgeirr spurði, því þeir færi svá hverft. Sjá máttu, sagði Karl, at vèr förum hér með Klaufa veginn. Eigi er þat illa, sagði Ásgeirr, því hann hefir mörgum manni mikinn ójafnað sýnt, meðan hann lifði. Karl segir: eigi þarftu at hrósa því svá mjök, þvíat nú skaltu láta lif þitt, eða fastna Íngvöldi, dóttur þína, Klaufa vegnum. Þat kjöri Ásgeirr, at rétta fram höndina; ok nú sprettir Karl til handar Klaufa, ok verðr Ásgeirr þar í at taka, ok fara festar fram; þá kom kveðlingr úr húðinni:

Mál er í meyjjar hvílu,  
mjök emk styggiliga höggr,  
flýgr í' faðm mèr eigi  
fögr drós<sup>2</sup> gala mögrum<sup>3</sup>;  
munat oss um þrá þessa,  
þat kvóðu hjú, batna,  
rètt þau er reisa áttu  
rauð<sup>4</sup> þinn<sup>5</sup> hana inni<sup>6</sup>.

<sup>1</sup>) or, B, S; á, E.    <sup>2</sup>) rós, D.    <sup>3</sup>) mögum, B, E, S; mögr, D.    <sup>4</sup>) rann, E; í rann, D.    <sup>5</sup>) þeim, i, C, D, E, S.  
<sup>6</sup>) nianni, B, L, E, S; meiri, C.



Þá mælti Ásgeirr: segir þú Klaufa dauðan? Karl svaraði: Þat segi ek eigi, en þat sagðik, at hann væri veginn. Ásgeirr segir: við því átta ek ekki gjört, at þú færir með prettum eða ráðkrókum, eða lýgi. Eigi laug ek, sagði Karl, þótt ek segða hann veginn, því þat er sagt vegit, sem reidt er. Ok nú fara þeir ofan til Brekku, ok færir Karl þau í eina sæng, Klaufa ok Íngvöldi fagrkin, en Ásgeirr hafðist við uppi dalnum, á meðan þetta fór fram.

*Bardagi þeirra Klaufa ok Ljótólfs.*

17. Nú halda þeir vestan, eptir þingit, Ljótólfr ok hans menn, ok hafði þorgrinnr hinn grái mjök verit ímót þeim Ljótólfi ok Una. Ok nú koma þeir í dalinn í þann tíma, er þeir Karl ok Klaufi fara neðan' með konuna. Ásgeirr var þá kominn í för með Ljótólfi, ok hafði sagt honum þat, sem í hafði gjörzt, ámeðan þeir voru vestr. Nú fara þeir Ljótólfr yfir ána hjá Teig-arhöfða, en þeir Karl ok Klaufi neðan eptir eyrunum at Urðarhúsum<sup>2</sup>, var Ljótólfr við 30sta mann, en Karl við 15da mann. Karl hrópaði mikit á Ljótólf, ok bað hann heyra til þess, er hann talaði: hær er Íngölðr frilla þín í för með mér! Ljótólfr lætr eigi sem hann heyri, ok ferr heim við svá búit; var Karl með Klaufa, svá at um þat voru almæli um dalinn, at Karl bæri ægishjálrn yfir Ljótólfi, en þó má kalla kyrt um sumarit. Geta verðr þess, hversu fór með þeim Una ok Kolbeini, [at Uni hlaut þat<sup>3</sup>, er

<sup>1</sup>) undan, E. <sup>2</sup>) Viðarhúsum, B, C, D, E, S. <sup>3</sup>) þannig leiotu í A; um hlaut, hin.



Þeir deildu um, því allir voru ímóti Kolbeini; ok svá varð Kolbeinn reiðr, at hann stökk á skip ok sigldi í haf, ok braut skipit við klett þann, er liggir í útnorðr undan Grimsey, ok tyndist Kolbeinn þar, ok er eyinn við hann kend, ok kölluð Kolbeinsey; en Hjalti sitr þar eptir, ok minnar ekki virðing sína. Um haustit eptir tókst deila með þeim Klaufa ok Ljótólfi; þótti Klaufa menn Ljótólfs óskil-samliga reka tē þeirra þorsteins svörfs ok Karls. Klaufi bað Karl fara uppi dalinn til réttanna; en Karl kvaðst verða at fara útá Strönd til rétta. Klaufi riðr út eptir dal, en Karl útá Strönd. Ekki er sagt frá ferðum Klaufa, fyrr enn hann kemr upp at Krókamelum gegnt Búrfellshúsum, ok þar er hann fyrir fjallmönnum við vaðit. Nú er fèit rekit at vaðinu, en Klaufi verr vaðit, ok er við 5ta mann, en réttamenn margir, ok tekst þar þardagi; en lögrèttin var á Hæringsstöðum, ok bjó þar Hæríng; hann sèr at fèit dreifist þar við ána, ok hleypr heiman með 10da mann, ok komast þeir eigi yfir ána, þvíat Klaufi ræðst ímóti, ok var þá kominn at honum berserksgáingr, ok berjast þeir nú fyrir austan ána. Í þann tíma kom Ljótólfr at með 3ðja mann, ok snýr at með Hæríngi. Klaufi lætr nú, sem ekki sè annat at sækja, enn Ljótólfr, ok hopar Klaufi nú undan útá ána, ok berjast þeir nú á miðri ánni. Í þessu bili riða 9 menn utan eptir eyrunum hvatliga, var þar kominn Kar! hinu rauði; hann kallar hátt: Klaufi frændi! kunn þú hóf þitt. Klaufi mælti: illra heilla komstu mér, þvíat nú hefða ek sigrast ok drepit Ljótólfr, ef þú hefðir eigi konit, ok



hefðu við þá einir ráðit dal þessum. Þat skaltu eigi mæla, frændi! sagði Karl, þvíat Ljótólfr á marga frændr göfga um allt Ísland, ok mundu við sitja fyrir afarkostum, ef honum væri nokkut til meins gjört, ok sel honum nú sjálfðæmi fyrir allansaman ójafnað þann, sem þú hefir gjört honum. Klaufi reiddist þá, ok kvaðst þat aldrei skyldu gjöra. Eru þeir nú skildir, ok var Hæringr fallinn ok 15 menn aðrir, ok skildu við svá búit.

*Dráp Klaufa.*

18. Á þessu sama hausti sóktu þeir litgrös bræðr or' Brekku, synir Ásgeirs, uppá Klaufahlíð, er móðir þeirra sendi þá eptir, ok kvomu þeir heim í Klaufanes, er þeir höfðu sókt grösín, ok vildu finna Íngöldi systur sína, ok lögðu niðr úti baggana, meðan þeir dvöldust, var annat verja, en annat hit mikil. Þá keimr Klaufi at, ok saxar í sundr baggana með páli, ok gekk í burt síðan. En er þeir bræðr kvomu út, sáu þeir, at belgirnir voru ekki tiltækir, ok fara þeir heim, ok mæta móður sinni. Hún spurði, því þeir hefði ekki með at fara. Þá varð þorleifi vísa á munni:

Belg hjó fyrir mér  
 böggver snöggvan,  
 en fyrir Ólafi  
 ál ok verju;  
 svá skal verða,  
 ef vær lifum<sup>2</sup>,

<sup>1</sup>) til, B, C, S.    <sup>2</sup>) b. (líkliga: bræðr) ofaukt í öll.



við böl búinn  
höggver<sup>1</sup> höggvinn<sup>2</sup>.

Þat var eitt sinn, at Ingöldr fagrinn settist í knè Klaufa, ok var við hann allblið, ok bað hann lofa sèr at fara ofan til Brekku ákynniss<sup>3</sup> ok kvaðst eigi lengr skyldu í hurtu vera, enn hann vildi, [ok bað, at Heklu-Skeggi skyldi fara með henni. Klaufi leyfði þat. Hún fór síðan, ok var eigi lengr í hurtu, enn hann leyfði<sup>4</sup>. En er hún kom heim, settist hún í knè honum, ok var blið við hann, ok mælti: eigi ætla ek, at önnur kona sè betr gefin, enn ek, en þat likar mèr illa við bræðr mína, er þeir hafa drepit yxni mitt, er mest gersemi var, ok vilda ek gjarna, Klaufi minn! at þú létir þèr þetta mislika, ok sæktir yxnit, þar sem þat liggir, tilgjört í húðinni, gegnt dyrum í Brekku niðr. Klaufi svaraði: hvat mun þat varða? eigi mun þik hèr mat skorta. Hún svarar: eigi varði mik þess, at þú mundir vilja vera ræningi bræðra minna. Klaufi spratt þá upp, ok girði sik sverðinu Atlanaut, ok var hinn reiðasti, ok gekk ofan í Brekku, ok kom ekki á Grund, ok fann þegar húðina liggja í dyrunum, ok tók upp allt saman yxnisfallit, ok kastaði á bak sèr, ok hugðist mundu gánga út með, en þat gekk eigi, þviat við nam dyrigættinni, ok frá hafði hann þau öll saman, ok gekk með þau suðr at<sup>5</sup> garði, ok hristi þar af sèr dyrigættin öll, ok þar hurðina með, ok gekk síðan heim. En er hann kom heim, var lángt af nótt,

<sup>1</sup>) böggvi, F. <sup>2</sup>) höggum, D. <sup>3</sup>) þannig, A; at kynni, F, v. í hin. <sup>4</sup>) frá [v. í B, D, E, S. <sup>5</sup>) úr, B, D, E, S.



var þar borinn mjök snjór at dyrunum; gekk hann þá inni snjóbyrgit; þá kom Íngöldr inót honum, ok var allblið við hann, ok svá rann Klaufa þá reiðin, at hann gat þá þeim bagga eigi valdit, sem hann hafði áðr lengi borit. Hann laut mjök í dyrunum, er hún fagnaði honum, ok rendi sverðit Atlanaut fram með' sliðrunum, ok tók hún þat, ok kastaði úti snjóbyrgit ok mælti: neyti sá, sem neyta þorir! Hún dvaldi fyri Klaufa, þartil at hann var laginn ígegnum, svá hann fèkk þegar bana; þessu verki ollu þeir Ásgeirssynir<sup>2</sup>, ok tóku þeir Klaufa, ok dróu undir heygarð at húsbaki. Íngöldr fór þá í rekkju sína, en þeir bjuggust burt. Þegar kom Klaufi til sængr Ínguldar, er þeir voru burtu; hún lét þá kalla á þá bræðr, ok hjuggu þeir þá af honum höfuð, ok lögðu neðan við iljarnar. Þeir bræðr kvomu heim um kvöldit í Brekku, ok spurði faðir þeirra þá, hvat þeir hefði annazt. Þorleifr kvað þá visu:

Rauð ek á<sup>3</sup> randa gæði  
 ritorms sakar viti  
 meiðr í málma þiðri<sup>4</sup>  
 mens, tók sverð at grenja<sup>5</sup>;  
 svá at hættliga í hringa<sup>6</sup>  
 hnitsól<sup>7</sup> ara fítjar  
 felli guðr<sup>8</sup> meðal fjalla  
 fetils trölly hlóð ek þollr<sup>9</sup>.

Ásgeirr segir: finn ek nú, hvat þið hafid gjört,

<sup>1</sup>) úr, D, E. <sup>2</sup>) Ásgrimssynir, D, E. <sup>3</sup>) v. í D. <sup>4</sup>) þyðr, C; fiðri, D. <sup>5</sup>) geyma, C; glansa, D. <sup>6</sup>) huga, B, C, D, E, S. <sup>7</sup>) hvitsól, E. <sup>8</sup>) guðs, L, E, S; gnað, D. <sup>9</sup>) þollar, C.



en ekki ber ek traust til at halda ykkur hér, ok fari þið til Ljótólfs. Þeir fóru þegar til Hofs, ok gjörðu Ljótólfi kunnigt, hvat þeir höfðu gjört. Ljótólfir tók því verki allvel, ok bað þá fara til Griss: því vèr vitum allir saman þessi ráð; ok tók Griss því allvel, en þó treystist hann eigi til at geyma þá, svá at Sigríðr vissi eigi, kona hans, ok var hún nú vör við gjör, hvat til tíðenda var orðit, ok mælti [hún kaup til, at<sup>1</sup> leyna þeim, ok bað selja sér sverðit Atlanaut til geymslu, ok kvaðst eigi mundi segja til þeirra, fyrr enn nokkr segði annar, ok þat varð nú kaup þeirra.

*Bardagi ok sátt þeirra Karls ok Ljótólfs.*

19. Þat var á öðru kvöldi, at Karl hinn rauði sat við eld ok fylgdarmenn hans 8; þeir heyra at nokkut nauðar á húsinu, ok kom kviðlingr:

Sitk á húsi,  
sè ek til þess,  
hèðan munu vèr  
oss hefnda vænta.

Karl mælti: allíkt er þetta róm þeim, er Klaufi frændi vorr hafði, þá er vèr heyrðum til hans, ok má vera, at hann þikkist nokkrs mikils viðþurfa; fellr mèr svá í geð kveðskapr sjá, at vist er þetta fyrri tíðendum, hvort sem þau eru framkomin eðr eigi; ok fara þeir út eptir þetta alvopnaðir, ok ætla at snúa yfir<sup>2</sup> til Hofs; þá sá þeir ekki litinn grepp suðr við garðinn, ok var þar Klaufi, ok hafði höfuðit í hendi sér ok mælti:

<sup>1</sup>) hvör kaup til at leggja eðr, B, D, E, S. <sup>2</sup>) suðr, C.



Suðr er, ok suðr er,  
svá skulum' stefna.

Þeir snúa þángat eptir Klaufa, ok fara til þess,  
er þeir koma til Steindyra; þar nam Klaufi staðar  
ok laust höfðinu á dyrnar, ok mælti:

Hèr er, ok hèr er,  
því<sup>2</sup> skulum lengra?

Karl snýr at dyrunum, ok voru þær opnar, ok voru inni eldar, trapiza<sup>3</sup> stóð á gólfinu, en mikit slátr var fært upp ok soðit. Gríss stóð upp í móti þeim, ok fagnaði Karli vel: ok sezt niðr, mágr! ok tókum snæðing. Karl svarar: annara er oss at tala um tíðendi þau, sem orðin eru. Gríss sagði: engi koma ný tíðendi at oss, eðr hvat kantu segja? Þat er víst, segir Karl, at ek hygg Klaufi sè veginn ok dauðr. Hvat mun til vor koma annat, enn láta illa yfir því, segir Gríss. Karl segir: þik hyggjum vèr vita, hvörir unnit hafa verkit; ok sezt Karl nú niðr, ok semr nú heldr með þeim, ok snæða sumir menninnir. Gluggr var á húsinu sunnan, ok skildu þeir þar við sitja Ásgeirs synir<sup>4</sup>, ok sjá, hvat komit væri; þeir eru nú við glugginn; ok þá er þeir Karl eru komnir, þá mælti Þorleifr: glöggt þikkjumst ek sjá, hvörsu hèr mun tilætlat: sendt mun eptir Ljótólfi, ok munu þeir ega at veita Karli atgaungu, en ek þoli þat aldrei, at svá ágætr maðr sè svikinn. Þorleifr kvað visu:

Kveðar<sup>5</sup> sendir mik mundu

<sup>1</sup>) skuluð, D. <sup>2</sup>) hvat, D. <sup>3</sup>) þannig, C; leiðrétt I E, F; trapira, A og hin. <sup>4</sup>) Asgrimssynir, D. <sup>5</sup>) kveðjur, D.



mund hýrr rekast undan<sup>1</sup>  
 dyggr sá er hyggr<sup>2</sup> mun eggja  
 [dólgr mín rúm sína<sup>3</sup>;  
 ok blóðreyndan<sup>4</sup> brandi  
 blóðorm um knè góðan  
 hræfa<sup>5</sup> gifrs<sup>6</sup> með hreifum  
 heggr í bur á skeggi.

Ok em kvað hann:

Hèr svík ok hvetk hvassan  
 hlymbrand<sup>7</sup> jóru randa,  
 meðan úvinir orir  
 oss leiðar matveiðar<sup>8</sup>;  
 egum bernskligt báðir  
 ból þat, er litt<sup>9</sup> nýtr<sup>10</sup> sólar,  
 oss hlægir þat eigi,  
 útum hellis skúta.

Þetta heyrir Karl, ok kennir mál þorleifs, ok  
 kvað hann vísu þessa:

Hèr gélr hvass á húsi  
 hyrlunds mikils styrjar,  
 fleinhriðar<sup>11</sup> vegr<sup>12</sup> fæðir<sup>13</sup>  
 ferð, sá er hræddr skal verða;  
 því munu ljóð, en leiðar  
 linnsvagir rendu eigi,  
 bið þú gunnstara<sup>14</sup> grennir<sup>15</sup>  
 Grís hætt er ek vætti<sup>16</sup>.

Ok nú sprettr Karl upp; en Sigríðr Klaufa systir

1) undir, B, D, E, S. 2) hyggin, B, E, S. 3) v. í D.  
 4) blóðreyndum, D. 5) hæfa, E. 6) geifrs, E, S. 7) hlin-  
 brand, D; hlinibrand, E, S. 8) matreiða, D; matreiðar, E, S.  
 9) litri, D; litni, E. 10) v. í D. 11) fleinhriðar, B, E, S.  
 12) eða vekar A; vekra, B, E, S; vekja, D. 13) flæði, D. 14)  
 gimstara, C. 15) geymir, B, E, S; greinar, D. 16) mætti,  
 B, E, S.



gekk at honum, ok fèkk honum sverðit Atla-  
naut; hann tók þegar við sverðinu, en kastaði  
á' öxl sèr umgjörðinni. Griss var þá úti, ok  
bar flot á spjótskefti þeirra. Karl hljóp þá at  
Grisi, ok hjó hann sundr í tvo hluti með sverð-  
inu, ok mælti: svá brytjum vèr grísina<sup>2</sup> Grund-  
armenn<sup>3</sup>, aldrei meirr, enn í tö<sup>4</sup>. Hann sá, at floti  
var ryðit á öll spjótsköptin; hann tók spjót sitt,  
ok rak í skafinn, ok dró út at fjöðrinni<sup>5</sup>, ok  
þerði þannveg í snjónum, ok svá gjörðu allir,  
ok snúa síðan út or garði, ok sá fara mikinn  
grepp gagnvart sèr, ok var þar Klaufi kominn;  
hann kvað þá vísu:

Gúnga hèr fyri garð fram  
gunnhlaut<sup>6</sup> enni<sup>7</sup>,  
eruð vanir vígum,  
sem vær fyrri<sup>8</sup>;  
sèt höfum sólheim,  
sjá munum annann,  
eruð þèr, sem vèr,  
alls um duldir<sup>9</sup>,  
alls um dulins<sup>10</sup>.

Í urð ætla ek nokkrum í kvöld, Karl frændi!  
sagði Klaufi; ok sjá þeir fara 15 menn frá Bakka-  
vaði. Þeir mætast þar, sem nú heitir Kumla-  
teigr, ok var þar kominn Ljótólfr goði; voru  
engar kveðjur; hlupust menn þegar at, ok varð

1) um, B, D, E, S. 2) grísana, B, C, D, E, S. 3) grimd-  
armenn, C. 4) þannig (tav) A, C, F; tvo, hin. 5) þannig B,  
C, E, F, S; fjörinni, hin. 6) gunnhlut, E. 7) ein, D, E, F, S.  
8) fyrri part vísunnar <sup>10</sup> i C. 9) dulir, D. 10) dulins, B, C,  
E, S; dulir, D.



hinn harðasti bardagi; ok er þeir höfðu barizt um hrið, þá mælti Ögmundr Höskuldsson við Karl: gættu þín vel, Karl! eptir standa skór þínir í fönninni, ok mun ek standa fyri þèr, meðan þú kippir á þik. Karl kvað þá visu:

þoku sè ek upp, við ekka

oss hlífir sjá, drífa

kols<sup>1</sup> at Klaufa hvoli<sup>2</sup>,

kornèl gjörit<sup>3</sup> vèlum;

nærgi er þeyrr<sup>4</sup> af þeirri<sup>5</sup>,

þat er<sup>6</sup> mannligra, einu<sup>7</sup>

ræð ek þóat rigni blóði

randells<sup>8</sup> í böð<sup>9</sup> standa.

Þá kom Klaufi í bardagann, ok barði blóðugu höfði sínu á tvær hendr, bæði hart ok tíðum; þá kom flótti í lið Ljótólfs. Því var líkast, þá er Klaufi kom til bardagans, sem þá er vargr kemr í sauðadun<sup>10</sup>. Þeir Ljótólfr hèldu nú undan 9, [en 15 hèldu til<sup>11</sup>, en hinir voru 6, en 2 fallnir, ok ætlar Ljótólfr at snúa ofan Bleikjudal fyrir utan Bakkagarð, en þess var eigi kost, þvíat Klaufi var þar fyrir, ok bannaði þeim þar at fara út; snúa þeir undan, ok ætla út Nafarsdal, fyrir utan teginn; eigi var þess kost, því Klaufi var fyri; þá bar Karl at, ok tókst bardagi í annat sinn. Undan varð Ljótólfr at halda, þá þeir höfðu skamma stund barizt, því Klaufi var í bardaga; þá voru þeir Ljótólfr 8, er þeir

1) karls, E, S. 2) hveli, F. 3) gjört við, F; gjört, hin.  
4) þeir, C; þeyrr, D; þeggi, E, S. 5) þerri, S. 6) reim, D.  
7) einum, C, E, S; enju, F. 8) randelds, D, E, S. 9) þang,  
D. 10) sauðahnapp, D; sauðadaun, F. 11) v. í D; af þeim  
15, er til hèldu, F.



hèldu undan, en hinir 4. Fór Ljótólfr nú allt til þess, er hann kom at garðinum at Hofi; eigi var kostr, at fara í hliðit, því Klaufi var þar fyrir. Há bar Karl at, ok urðu þeir at berjast hit þriðja sinn, þegar þeim laust saman. Þá kvað Klaufi visu:

Dynr er um allan  
dal Svarfaðar,  
eru vinir vorir  
vals of fyldir;  
knýum, knýum  
karls um liðar',  
látum liggja  
Ljótólf goða  
í urð, ok í urð.

Þá mælti Ljótólfr, at þeir skyldu æpā upp allir, ok mun Skiði heyra, ok koma til liðs við oss með þá menn, sem hann hefir til. Skiði heyrði ópit, ok hljóp úti garðinn með þriðja mann, ok átti hann þó eigi kost á, at fara til bardagans, því Klaufi var þar fyrir, ok varði honum stiginn. Heim fór Skiði, ok fékk sèr eldibrand, ok vafði at næfrum, hljóp síðan úti garðinn, ok við þetta stökk Klaufi til bardagans; Skiði hljóp ok þángat við þriðja mann, ok sá á grundunni gölt ok hvítabjörn, ok gengust þeir at. Skiði skildi menn, ok lét eigi kost, at berjast lengr; þá voru 2 hvorir; Ljótólfr hófst undan, ok hlífði Skiði honum ok þeir 3 förunautar, en horfinn var þá göltrinn ok svá hessi. Nú fara þeir svá, þartil er þeir Ljótólfr náði dyrum á

1) lýðar, B, E, S; liðu, D.



útibúri sínu, því er hann átti þar í túninu; þeir voru með Ljótólfi synir Ásgeirs rauðfelds. Karl bar þá at dyrunum, ok var hann við annann mann, ok átti eigi kost inngaungu, því Skíði var þar fyri. Karl eggjar Ljótólf útgaungu, ok lét honum eigi annat sinn vænna til afburðar. Ljótólfir kvaðst nú svá mundu vera láta at sinni; ok ferr Karl heim eptir þetta, ok Ögmundr með honum. Þorsteinn svöfr fagnaði vel Karli frænda sínum, ok mælti: sezt niðr, frændi! ok seg frá tíðendum, ok þikkjumst ek eigi vita, því erliði þetta hefir svá á mik gengit, sem ek hafa verit í þardaganum með yðr, ok eigi má ek hëðan gánga. Karl mælti: vissa ek, faðir minn! at þú varst í bardaganum, ok veittir oss lið. Þá voru bundin sár þeirra Karls ok Ögmundar. Þorsteinn svöfr var borinn til hvílu af vanmætti, ok lá hann þá nótt alla; en um morguninn eptir veitti hann Karli syni sínum mörg heilræði, ok bað hann bregða búí sínu á Grund, ok fara til Upsa: þess vil ek ok biðja þik, son mian! at þú sèrt vinfastr við þá menn, sem þèr eru hollir í sveitinni. Nú mátti kalla kyrt um hríð. Þeir kvomu nú til fylgdar við Karl, Vermundr ok Þórðr ok Svarthöfði Hëðinsson. [Eptir um vorit læzt Þorsteinn svöfr<sup>1</sup>, ok var hann grafinn<sup>2</sup> niðri á melunum, gegnt Blakksgerði<sup>3</sup>. Eptirandlát Þorsteins svöfrs<sup>4</sup> gjörði Karl veizlu á Grund, ok bauð til Hávarði ok sonum hans, ok öllum vinum sínum innan dals. Þat tóku menn til ráðs,

<sup>1</sup>) þannig D; Svarfberar, A, B, E, F. <sup>2</sup>) síð [ v. í C.  
<sup>3</sup>) Blakksgerði, S. <sup>4</sup>) svarfaðar, B, C, E, S.



er þar voru komnir margir góðgjarnir [menn, at leita um sættir með þeim Ljótólfi<sup>1</sup>; Karl varð því samþykkr um síðir, ok fóru menn til Hofs eptir veizluna, ok leituðu um sættir við Ljótólf, ok gekkst þat svá við, at hvorutveggju fundust á Grund, ok mæltu mál sín, ok var Ljótólfr í öllu útreğari at sættast, enda voru mjök öll mál dregin undir Karl; þeir urðu utan at fara synir Ásgeirs. Skíði gekk þá at<sup>2</sup>, ok beiddi Karl, at hann legði til við Ásgeir rauðfeld hagjörð nokkra, því sú er fjarlæg, er hann á; Karl gjörði sem Skíði bað, ok gaf Ásgeiri miklar hagnýrar. Sú varð sætt, at Ljótólfr hlaut at gjalda Karli 3 hundruð silfrs. Í Siglufirði stóð skip uppi, ok fóru þeir á því Ásgeirs synir. Svá gengu sættir saman, sem nú var sagt, ok má nú kalla kyrt í dalnum, ok ferr Karl bygðum til Upsa.

*Hrakningr Skíða.*

20. Þessu nærst er þat at segja, at Ljótólfi er kona ætluð innan frá Möðruvöllum, þórðis, dóttir Guðmundar hins gamla. Þat bar til, at skip braut í Fljótum, ok komst ekki mannsbarn af, svá at alþýða vissi. Einn morgun var þat, at Heklu-Skeggi kom inn at Steindyrum; hann var á vist með Sigríði Klaufa systur; hann sá, at 2 menn höfðu vaðit yfir ána, sá hann því glöggt, at snjóföf var fallit, ok kallar<sup>3</sup> hann á Sigríði, ok kendu þau sporin, at Ásgeirs synir höfðu farit þar, þvíat táin hin mesta var miklu meiri á Ólafi, enn á öðrum mönnum. Hún bað

<sup>1</sup>) þannig F; v. í A, C; menn, með þeim Ljótólfi ok Karli sættum á at koma, B, D, E, S. <sup>2</sup>) út, B, D, E, S. <sup>3</sup>) kalsur, C.



hann fara til Upsa, ok segja Karli; hann gjörir svá. Þegar bregðr Karl við, ok ferr til Hóls við hinn 18da mann, en Ljótólfr var ekki heima, ok var hann farið inn til fjarðar. Þau voru fyri þúi Ragnhildr ok Skíði, þar var ok Íngölldr fagrkin. Skíði gat litit för þeirra. Nú voru sveinarnir þá nýkomnir, synir Ásgeirs, ok stóðu hjá Skíða, er hann ók á völlum; ekki sá hann annat lángaráð, enn þeir settust í hauginn, ok drap at þeim mykju, er frosit hafði; síðan mokaði hann at blautri myki; síðan fór hann suðr á völlum, ok bar þá Karl þar at, ok fréttu hann at, hvat manna komit væri til hans. Ekki er þat í mínu viti, sagði Skíði, at neinir menn sèu hær komnir. Leyndu eigi, Skíði! sagði Karl, því hær eru komnir synir Ásgeirs. Sagt er allt, þat ek man, sagði Skíði. Förum heim, sagði Ögmundr, ok þæfum ekki Skíða, ok ransökum bæinn, ok svá gjörðu þeir. Fyri sunnan hús læzt Ögmundr sjá rauðan kyrtil hánga úti á ási, ok dýglaði niðr úr, ok drap í munn sèr, ok kendi, at salt var; hljóp síðan suðr um húsinn, ok dró eptir sèr kyrtilinn, ok tók þar tük eina, ok hjó af höfuðit, ok færði búkinn í kyrtilinn, ok lét taka strjúpann or höfuðsmáttinni, ok dró at dyrunum, þar sem þær voru inni Ragnhildr ok Íngölldr; hann mælti: hær megi þið sjá, hvat vèr höfum fundit; illa hefir sá, er svá ótrúan vin hefir, sem Skíði er, því hann hefir sagt til þeirra bræðra, ok megi þið hær sjá annann þeirra; en þær létu, sem þær heyrðu eigi. Þeir hlaupa nú suðr á völlum, ok var þar Skíði fyri. Karl hljóp at



Skíða, ok tekr hann, ok keirir niðr fall mikit, ok mælti: seg nú, ef þer er nú betra enn fyrr! vísir eru vèr nú orðnir, at þeir eru hær Ásgeirs synir. Skíði mælti: Þat segi þeir, sem vilja segja, sagt hefir ek þat ek man. Þá tók Karl reip, ok rendi rúmsnörum at fótum Skíða, ok hnýtti í tagl hestinum, ok stè á bak, ok reið fyrir ofan um Skorðumýri<sup>1)</sup>; Skíði dragnaði eptir, ok var þá eydt skóginum, ok stóðu stofnarnir eptir; þar hlaut at nötra um, til þess er Ögmundr hjó í sundr taglit í hestinum, ok mælti: illa munu vèr þat, er faðir þinn mælti, er vèr kveljum Skíða, því hann var vinr hans. Þeir sáu þá, hvar riðu 30 manna utan at Hofi. Skíði var mjök meiddr, því honum blæddi víða; höku-beinit var rifit ok hakan með, or tennr tvær. Þeir fara þá<sup>2)</sup> yfir ána; allt var jafnskjótt, at Skíði kom í tún ok Ljótólfr, ok spurði, því hann væri svá illa leikinn. Skíði sagði: enginn veldr því, nema haldinyrði mín. Þeir Karl búast nú við á hólminum gegnt Grundar húsum, en hinir riða þángat at með 30ta mann<sup>3)</sup> ok 2 umfram. Þeir synir Ásgeirs voru með Ljótólfi. Vanda þeir nú yfir ána at Karli, ok tekst þar bardagi, ok lýkr svá, at fèllu 8 menn af Ljótólfi, en 2 af Karli. Bárðr sterki lypti Ljótólfi í söðul upp, ok bað hann undan riða, ok svá gerði hann, ok skildust við svá búit; fór Karl heim. Þat varð Ljótólfi á munni, er hann sá Skíða: kjóstu sjálf laun fyrir haldinyrði þín. Skíði svarar: þú

<sup>1)</sup> Skriðumýri, B, S. <sup>2)</sup> þar, B, E, S. <sup>3)</sup> þrjá tigu manna, B, C, E, F, S.



skalt gjöra sæmd mína slíka, sem þú villt, en laun eru auðkjörin, ef ek skal kjósa. Hver eru þau? sagði Ljótólfr. Ek vil at þú egir hlut at, segir Skiði, at ek fáí Ingöldar fagrkinnar, þikkjumst ek makligastr at njóta hennar fyrir hrakning þann, er Karl fékk mér. Ljótólfr svarar: Því beiðir þú þess, sem mik varði eigi, ok ætlak<sup>1</sup> þèr þat ekki at verða. Skiði svaraði: hvörsu sem þat ferr, þá vil ek þetta verðkaupit hafa, en þú ráð sjálfr, hvörja sæmd þú gerir henni. Þessa skulu við leita við hana, segir Ljótólfr. Þeir gánga þú til Ingöldar, ok vekja þetta mál við hana, hvort hún vill gánga með Skiða; hún mælti til Ljótólfs: lítis þikki mér þú virða mik, er þú villt gipta mik þræli þínum. Ljótólfr svaraði: ek mun þat bæta þèr, ek gef honum frelsi ok fè svá mikit, at þið seud eigi meiri menn, þó þið hafið meira. Nærr er þá, segir Ingölðr, ok mun ek þá mæla nokkut mínu máli. Ljótólfr spurði, hvat þat væri. Hún sagði: hann skal hafa fyllt skarðit í vör sinni á 5 vetra fresti, svá mér þikki vel fullt vera; þessu játar Skiði, ok var þetta at ráði gjört, ok gaf Ljótólfr<sup>2</sup> Skiða dal þann til forræðis, er síðan er kallaðr Skiða-dalr; mörk var svá þykk upp frá tungunni, at aldrei var rjóðr í. Skiði hefir reistan bæ sinn þar, sem síðan heitir á Möðruvöllum; Ljótólfr fékk honum húfè, svá at þau voru vel byrg. Þau Skiði ok Ingölðr áttu 3 sonu: þorkell hèt hinn eizti, annar Björn, þriði Grimr. Þá er þorkell var

<sup>1</sup>) ætla, B, E, S.    <sup>2</sup>) þeim, b. v. B, D, E, S.



nokkurra vetra gamall, býðr Ljótólfr honum til sin til fósturs, ok vex hann þar upp.

*Austmaðr leitar um sætt með þeim Karli ok Ljótólfi.*

21. Nú verðr þess at geta, er vèr hvurfum frá, at þá er Karl hafði heima verit eina nótt, þá riðr hann útá Strönd, en þoka var mikil; Ljótólfr hafði ok riðit utá Sand, at vitja um viðú, ok skyldi draga heim, fóru þeir 5 saman. Karl reið til þess, er hann kom í Holt hit ytra, ok mætti Geirdisi, er hún gekk frá goðahúsi; hún fagnaði vel Karli; hann frètti, hvort Geiri<sup>1</sup>, son hennar, væri heima; hún kvað hann genginn at fè uppi Holtsdal. Karl reið úr garði, ok snèri uppi hliðina<sup>2</sup>; Karl spurði, ef þeir sæi nokkut manna fyrì sèr; þeir sögðu, at maðr rak fè út<sup>3</sup> eptir hliðinni; þann veg munu vèr stefna, sagði Karl. Þeir mæta Geira við gerði þat, er upp er ok suðr frá Böggstöðum; Karl lét taka Geira ok drepa, ok er þat kallat á Geiravöllun; þá reið Karl heim til Upsa. Eigi lét Ljótólfr, sem hann vissi, hvat í hafði gjörzt, ok sitja nú hvorutveggju um kyrt þrjá<sup>4</sup> vetr. Ögmundr var einatt með Karli, ok Svarthöfði Hèðinsson, ok tóku mjök at eyðast fèin fyrì Karli af kostnaði þeim, er hann hafði, ok gjörðist eigi hægt til bændunum, ok varð hann eigi jafnvinasæll, sem verit hafði. Eitt sumar kom skip af hafi í Svarfaðardalsós, ok hèt Gunnar stýrimaðr fyrì skipinu; hann var Vikverskr maðr, ok mikill vin

<sup>1</sup>) Geir, B, D, E, S, *allstaðar*. <sup>2</sup>) brekku, B, D, E, S, *heiðna*, C. <sup>3</sup>) utan, B, E, S. <sup>4</sup>) þá, D.



Karls. Ljótólfr var á þingi, er skipit kom. Karl reið til skips, ok bauð Gunnari til vistar með sér við svá marga menn, sem hann vildi. Gunnar tók því vel: en biða mun ek Ljótólfs goða: er mēr sagt, at mikit missætti sè með ykk, ok mun ek ráðast þáingat til vistar, þikki mēr þá vænst, at ek komi nokkru á leið um sætt með ykk. Karl riðr heim til Upsa, en Gunnar biðr þar nokkra hríð, ok kemr Ljótólfr eigi heim. Karl elr á málit, at Gunnar mundi til hans fara: ok mun fara at auðnu um sætt með okkr Ljótólfi. Gunnar ræðr nú til Upsa með Karli ok nókkirir menn með honum; litlu síðarr kom Ljótólfr heim; er nú kyrt um vetrinn. Austnaðr fór jafnan upp til Hofs um vetrinn, at leita um sættir með þeim Karli ok Ljótólfi, ok því kom hann á leið, at sættarfundr var lagðr með þeim niðri á brekkunum<sup>1</sup> hjá Grafarhúsum; til þess fundar kom Skiði ok Íngölðr fagrkinn. Ok þá er mjök var ráðin sættarstefna með þeim Karli ok Ljótólfi, þá sagði Íngölðr, at seint mundi verða fyllt skarð í vör Skiða, ef sjá sætt skylði takast. Skiði mælti: mæl þú allra kvenna örmust ok vesölust! Gunnar svaraði: opt stendr illt af tali kvenna, ok kann vera, at afhljótist þessu tali, sém þá verst hefir afhlótizt. Nú var lokit öllu um sættina, ok skildust úsáttir<sup>2</sup>.

*Fall Karls.*

22. Ólafr kemr nú utan or Ólafsríði til Upsa, ok beiðir Karl, at synir hans mundu fara heim með honum, því hann mæddist mjök fyrir

<sup>1</sup>) brekku, B, D, S.    <sup>2</sup>) þannig B, D, F, S; úsáttir, rángt í A, C.



aldrs sakir; fóru þeir nú heim með honum synir (hans), Þórðr ok Vemundr, ok voru þeir ekki með Karli síðan. Um vorit eptir þjuggu Austmenn skip sitt, þartil þeir voru búnir, en Gunnar var at Upsum. Þat var einn morgun, er þeir voru úti staddir Karl ok Gunnar, ok hófði Karl uppí himininn, ok fór annar litr í hann, en annar or. Gunnar spurði, því hann væri svá litverpr. Karl svarar: lítit bragð mun á því vera, en fyri bar nokkut. Hvat var þat? segir Gunnar. Ek þóttumst sjá Klaufa, frænda minn, riða í loptinu yfir mèr, ok sýndist mèr hann á gráum hesti, ok dragnaði þar eptir sleði; þar þóttumst ek sjá ykkir Austmenn mína ok sjálfan mik í sleðanum, ok sköggðu útaf höfuðin, ok get ek mikk þá litum brugðit hafa, er ek sá þetta. Gunnar segir: ekki ertu svá mikill fyri þèr, sem ek ætlaða, sá ek slíkt allt, ok hygðu nú at, hvort ek hefi nokkut brugðit lit; ekki sè ek þat, sagði Karl. En þá er þeir ræddu þetta, þá kvað Klaufi í loptinu:

Mikit<sup>1</sup> mun mönnum þikja,  
 margr<sup>2</sup> sèr þar til hjargar,  
 svá greiðik lok liða<sup>3</sup>,  
 lángr<sup>4</sup> heimsfjotr þángat;  
 koma mun<sup>5</sup> sáð um síðir,  
 sið hygg ek at þat<sup>6</sup> liði,  
 jafnt læt ek við ský skrimta  
 skin<sup>7</sup> grams, ok rið fransi,  
 ok rið fransi.

<sup>1</sup>) mikil, B, D, E, S. <sup>2</sup>) margar, B, D, E, S. <sup>3</sup>) lýða, sum. <sup>4</sup>) lángr, B, C, D, E, S. <sup>5</sup>) muni, B, D, E, S. <sup>6</sup>) þar, B, D, E, S. <sup>7</sup>) skini, B, E, S; skrið, D.



Ok enn kvað hann:

Kól aldregi ela<sup>1</sup>  
eldrauga ske vèlum  
beit á seggja sveitum,  
svimm<sup>2</sup> ek nú við ský grimmum,  
svimm<sup>2</sup> ek nú við ský grimmum.

Ok þá mælti hann svá, at þeir heyrðu báðir: heim ætla ek þér með mér í kvöld, Karl frændi! Þá mælti Gunnar, at þeir mundu til skips um daginn. Karl mælti: ekki er annt um þat, því ekki er birligt; Gunnar lét ekki letjast. Karl gekk til þorgerðar, konu sinnar, ok sagði henni: nú mun ek flytja Austmenn mína til skips í dag, en ek mun segja þér, hvörsu háttu skal, ef ek kem eigi heim í kvöld, því eigi veit, hverjum heilli heiman ferr; hann sagði henni fyriburðinn: nú verði svá, at ek látumst, þá vil ek, at þú færir bygg þína uppá Grund, ok hefir mér allt þýngra fallit, síðan ek fór þaðan; ek vil láta færa mik yfir á þá, er hær er útá ströndinni, ef ek látumst á fundi okkrum Ljótólfs, þikki mér þar gott til-sýni, ef skip sigla út eðr inneptir firðinum; ek vil ok, at þú látir heita eptir mér, ef þú átt svein, því þú ert eigi heil kona, ok væntik, at nokkr heill fylgi. Þorgerðr svaraði: gjarnan vilda ek, at þú færir hvergi, ok er mér ekki at skapi fyriburðr sjá. Karl svaraði: ekki verðr atgert, svá verðr at vera, sem vera vill. Ok eptir þat búast þeir heiman Gunnar ok Karl, Svarthöfði ok Ögmundr, 2 voru Austmenn aðrir, en Gunnar ok Karl var við hinn óta mann. Ok

<sup>1</sup>) ala, B, E, S.    <sup>2</sup>) sveim, B, E, S.



er þeir komu ofaná hólana<sup>1</sup> [fyri Gervinessá<sup>2</sup>, ok til dælar þeirrar, er ofan er, ok suðr er frá ánni, þá spretta þar upp fyri þeim 30 manna, ok var þar Ljótólfr; tekst þar bardagi mikill ok harðr. Þá mælti Ljótólfr: grið vilju vèr gefa Austmönnum. Gunnar svaraði: annathvort munu vèr hafa grið allir, eðr engi. Ok er þeir höfðu barizt lengi, þá geta þeir gjört Karl fráskila sinum mönnum, ok sækja 7 menn (at honum); en hann hörfar undan, þartil er hann kom til Hylltínga nausta, þar feldi hann þá alla, er hann sóktu; ok þá kom Skiði at við 12ta mann; Karl hljóp uppá naustit. Skiði mælti: þat er vel, Karl! at við höfum hèr fundizt. Eigi lastik þat, sagði Karl, ok kann ek drengskap þinum at því, at þú munt vilja sækja einn at mèr, ok er þat þá nokkr frami; en ef þú sækir mik með fleiri mönnum, þá þikki mèr þú ekki enda skildagaun við Ingöldu þann, er þú hèzt, þá er þú fékkst hennar, ok þikki mèr því at eins fullt skarðit í vör þinni, ef þú berr einn af mèr. Skiði mælti: njóta mun ek nú liðsmunar, ok mun nú verða at leggja til slíkt hverr, sem sýnist; kalli sá fullt skarð Skiða, sem þat vill, en sá öðruviss, er þat vill mæla. Nú veita þeir Karli atsókn, er hann verst vaskliga; er svá sagt, at hann Karl vegr 3 menn Skiða, en særir flesta þá, sem eptir voru. Þeir Skiði lètta nú eigi fyrr, enn þeir drepa Karl. Þeir Ljótólfr ok Austmenn berjast í öðrum stað, ok falla þeir fyri Ljótólfi allir, ok svá Svarthöfði

<sup>1</sup>) hólmana, *D*. <sup>2</sup>) Gunnessá, *B, E, S*; Brinnessá, *C*; frá [ *v. i D.*



ok Ögmundr, fylgdarmenn Karls. Þat er sögn manna, at hálfnat hafi lið Ljótólfs; ok eptir þat ferr hann heinn. Ok er þetta fréttist til Upsa, þá lætr Þorgerðr færa Karl ok Austmennina upp til Karlsár, ok voru þar lagðir í skip, ok fê mikit með þeim, ok því heitir þat at Karlá síðan.

*Viðreign þeirra Þorkells ok Karls.*

23. Eptir þessi tíðendi færir Þorgerðr bú sitt uppá Grund, ok hefir þó annat bú at Upsum. Nú liðr af sumarit. Frá því er sagt, at Þorgerðr kennir sér sóttar, ok elr hún sveiubarn, er sá sveinu nefndr Karl, eptir föður sínum; hann vex þar upp, ok er sneinma mikill vexti; en er hann var nokkurra vetra gamall, þá uxu þó eigi mikit vitsmunir hans; hann mælti ekki orð, ok því var hann kallaðr ómáli, ok ekki maðr mikill. Þorkell Skiðason ferr þá heim til föður síns, ok vaxa þeir þar upp allir bræðr, synir Skiða, ok eru efniligir menn allir. Nú liðr svá fram nokkra vetr, at ekki gjörist til tíðenda. Ljótólfr amast ekki við byggð Þorgerðar, ok hefir einn mannvirðing alla. Karl Karlsson vex upp með móður sinni, unz hann var 12 vetra gamall, ok töluðu þat flestir, at hann væri fill. Þorgerði óhægðist fjárhagrinn mjök, því hún hafði mjök í kostnaði, en voru verk jafnan litil, en enginn fyrir utan stokk til umsýslu. Þat var þvínærst, at hestapíng var nefat uppi fyri Túngugerði, skyldu þeir etja hestum Ljótólfr ok Þorkell Skiðason; mörgum var þar öðrum hestum til-mælt, þó þeir menn sè eigi nefndir, er þá áttu.



Á Grund voru rekin at hross um daginn, þau er menn skyldu riða; þar var eitt hross þrèvett, ótamit, þat var svá mikit, sem þau stærst eru, ok fax á mikit. Karl ómáli var úti, er hrossin voru heim komin; hann sá hrossit ótamda, ok hleypr á, ok þrifr taglit; hann les sik fram með ok fær þrifit hálsinn, en þat æðist við, ok hleypr viðá um völinn. Karl fylgir vel ok létir eigi fyrr, enu komst á bak, ok krækir fótunum niðr undir kviðinn, en heldr sèr í faxit; hrossit hleypr aprt ok fram, til þess at þeir eru búnir, sem fara ætla; þá reið Karl með þeim uppeptir hólmunum, hljóp þá hrossit ýmist fyri þeim, eðr eptir, ok gjörðu menn óp mikit at honum. Upp koma þeir til mannamótsins, ok hleypr Karl af baki rossi sínu, ok settist niðr einnsaman; þar hafði maðr kastat niðr glófum, ok þar lá hjá öx silfrrekin; Karl tekr upp, ok leggr í knè sèr hvoru-tveggja, hann strauk einatt öxina; ekki gekk hann til hestaviga; en þorkell Skiðason hafði þar niðr-kastat. Ok þá er lokit var hestvígum, þá svipast hann um, hvar hann hafi lagt handagjörfi sína, ok þá sá hann, hvar Karl sat, ok strauk öxi hans; þá gekk þorkell at honum, ok mælti: þikki þer góð öxin, Karl? Hann þagði, ok leit frá honum við. Sjá þikkjumst ek, at þer þikkir góð öxin, ok ræð ek, at þú þiggir allt saman, ok glófana með, í föðurbætr. Karl spratt upp, ok kastar frá sèr öxinni, ok kom í stein, ok brotnaði or allr muðrinn, ok sezt niðr annarstaðar. En þorkell gekk til Ljótólfs, ok sýndi honum, hversu sá af-



glapi hefði leikit öxina: ok hefir hann nú sýnt, hværr fóli hann er. Ljótólfr svarar: heimskr sýnist yðr hann vera, en mæð lízt hann hyggjari enn þèr, ok svá mun reynast. Þetta hefir þú aldrei fyrr mælt, sagði Þorkell. Ekki hefik lagit til þess, segir Ljótólfr. Þetta skal reyna, sagði Þorkell, hvorr okkarr vitrari er: ek hefir hær 3 merkr silfrs, er ek skal bjóða honum í föðurbætr, ok hefir ek þat at marki, at hann er fífl, ef hann þegir við, en ef hann svarar, þá er hann ekki jafnheimskr, sem hann lætr. Freista máttu, ef þú villt, sagði Ljótólfr, en ráðligra þætti mæð, at þèr ættuð ekki við hann, meðan hann talar ekki til yðvar. Þorkell segir: freista mun nú verða um sinn; ok gengr Þorkell nú þar at, sem Karl sitr, ok hefir sjóðinn í hendi, ok réttir at honum, ok mælti: villtu fè, Karl? En Karl þagði við. Hann spurði annat sinn hins sama. Karl svaraði: villtu fè, Karl? Þorkell mælti: þat víska ek, at þú mundir mæla kunna; ek vil nú gjalda þèr fè þetta í föðurbætr, 3 merkr silfrs. [Karl tók við sjóðnum, ok<sup>1</sup> setti hann síðan á nasir Þorkeli svá fast, at brotnaði tvær tennr or höfðinu, ok stóðu blóðbogar or andlitinu, ok gekk Þorkell burt við svá búit, en Karl fór til sinna mauna; ok er Ljótólfr sèr þetta á honum, spyr Ljótólfr, því hann er svá. Hann svaraði: Karl laust mik með sjóðnum. Ljótólfr svarar: þèr var engin þörf á, at eiga við hann, ok munu þið ekki jafnir menn reynast, ef þið skuluð nokkut við egast.

<sup>1</sup>) Frd [ b. v. D, F; v. i A og hin.



*Karl ferr at hefna föður síns.*

24. Nú hlaupa menn í tvo staði, ok ríða síðan heim af hestaþinginu. Þeir Karl ríða þartil, er þeir kvoma út yfir á; þá nam Karl staðar, ok mælti: hvörir munu þér vera með þingmönnum mínum, ef ek þarf nokkurs við? Þeir spurðu, hvörs hann beiddi. Hann sagði: eigi meira, enn eins dags verks, þá ek krefr yðr til, [en . . . ekki í skaða<sup>2</sup>. Þeir svöruðu: hvat muntu framleggja at verkalaunum? Hann sagði: hundrað silfrs mun ek fá hvörjum yðrum, ok mun ek kjósa dag til, nær þér skuluð vinna mér, mun ek þá gjöra yðr vara við. Varði oss þess, sögðu þeir, at þú mundir góðr drengr vera, en ekki kom oss þat í hug, at þú mundir svá mikit verðkaup gefa einum degi; vilju vèr þat gjarna. Hvörsu margir vill þér vera? segir Karl. Eigi færri enn 18, sögðu þeir. Ek mun yðr afgreiða fèð þá þér vilid, en ráðit kalla ek kaupit, segir hann. Þeir játa nú þessu, ok skildu við svá búit; ok reið Karl á Grund, ok sat þar um vetrinn, þartil voraði; þá sendi hann eptir þeim bræðrum sínum, þorgrími, þorsteini ok þorvaldi. Ok er þeir koma, þá fagnar Karl þeim vel; ok þá lætr hann breiða úti eina öldúngshúð mikla, ok steypir þar niðr á gulli ok silfri því, sem innan veggjar var, því þeir bræðr vildu skipta láta, ok þótti þeim horfa til auðnu, ef eigi væri skipt. Karl stóð hjá, meðan þeir skiptu,

<sup>1)</sup> hér er bil fyrir tveim orðum í A, C, máske: yðr-mun. <sup>2)</sup> frá [v. í F.



ok lagði ekki til; en þá er skipt var, þá rótar Karl saman fènu, ok gekk burt þegjandi; þeir spurðu, því hann gerði svá; en hann þagði. Þeir skiptu þá enn apr; en Karl rótaði jafnan saman. Þeir spyrja, því hann geri svá: ok vilju við, at þú skiptir, en við kjósum; [en Karl kvað hvárki vilja<sup>1</sup>. Hvat þá? sögðu þeir. Þið skuluð gjöra annathvort: hafa fè allt, ok hefna föður vors, eðr ek mun hefna hans, ok hafa allt eptir því, sem þá vill auðna tilfalla, ok skulu þið úr öllum vanda þar um. Þeir kjöru heldr, at hafa ekki af fènu, ok fara þeir bræðr heim; ok líða nú stundir frá, ok heimtir Karl at sèr þá menn, sem honum höfðu verkum heitit. Þeir brugðu við skjótt, ok ætla at þeir skulu fara til verks nokkrs, gánga at garðlagi eðr hús-an, fyri því, at margt hús var komit at falli; en er þeir kvomu, tók Karl vel við þeim, ok eru þeir þar um nóttina. Um morguninn er Karl snemma á fótum, ok biðr menn uppstanda; ok er menn eru klæddir, biðr Karl þá gánga til dagverðar: ok vil ek [umsýsla þat oss varðar<sup>2</sup>; hann var frammi, á meðan þeir mötuðust, ok berr úti tún allskonar herklæði. Ok er þeir koma út, sjá þeir, at Karl var herklæddr; þá skaut þeim skelk í bríngu, ok vildu nú gjarna hafa engu keypt, [en þó varð nú svá at vera, sem komit var<sup>3</sup>.

<sup>1</sup>) frá [ b. v. B, F; i A er bil fyrir allka mörgum orðum; nokkuð meina i C, E, S. <sup>2</sup>) frá [ b. v. B, F; cyða fyrir því i A, E, S; ok svá gjörðu þeir, C, D. <sup>3</sup>) frá [ b. v. F; v. i A og hin.



*Karl selr Ljótólfi á hendr forráð fjár síns.*

25. Þeir stiga nú á hesta sína; veðri var svá varit, at þoka var svá mikil, at hvergi sá bæa milli. Karl riðr nú suðr or garði ok uppá hólma, ok allir þeir eptir; hann riðr, þartil hann kemr í Skiðadal á Möðruvöllu, þat var snemma morguns, ok var Íngöldr eigi upprisin. Karl riðr at húsbaki, ok segir, at þeir skyldu biða hans þar. Karl riðr at dyrum, ok gengr griðkona ein út. Karl spurði, hvort Skiði væri heima. Hún svarar: hann er farinn upp til rétta undir hliðina, ok þar eru synir hans. Hann spyrr: er Íngöldr heima? segir Karl. Hún er í rekkju sinni, sagði hún. Karl ok þeir förunautar hans riða nú upp til réttanna, ok handtaka þeir þá feðga þegar, ok leiða heim í tún; ok þá gengr Karl inni bæ, ok biðr Íngöldi uppstanda; hún stóð upp, ok vildi klæðast, ok komst eigi í fleira, enn í serk sinn; Karl tók í hönd henni, ok leiddi hana úti tún, ok setti niðr einhvörsstaðar í túninu; hún var faldlaus, ok hafði hárit bæði mikit ok fagrt. Karl brá þá sverði, ok mælti til Íngöldar: hvörsu mikit er nú skarð í vör Skiða? Nei, sagði hún: aldrei er þar nú skarð \* \* \*<sup>1</sup>; en hún svaraði hinu sama. Þá tók hann son þeirra hinn yngsta Björn, ok höggv höfuð af honum, gengr síðan til Íngöldar, þerrir nú sverðit eptir miðri skirtunni<sup>2</sup>, ok spyrr, hvort fullt væri skarð í vör Skiða. Hún sagði, at hann þyrfti ekki jafnan at klifa hins sama: ok

<sup>1</sup>) hér er eyða fyri 5 eða 6 línun í öllum handritunum. <sup>2</sup>) b. v. F; eyða fyrir orðinu í A, C, D.



hestr [þat allvel' gróit<sup>2</sup>. Þá gekk Karl at Skiða, ok spurði, hvort hann vildi þiggja líf at sèr. Hann kveðst þat gjarna vilja þiggja; þó ek þægja at miklu verra manni. Þá máttu fara hvert er þú villt, en ek mun taka bú þetta, en ek mun fá þèr fararefni, svá þú megir fara hvört er þú villt, en ekki vil ek, at þú finnir Ljótólf. Hvat leggr þú þá til? sagði hann. Þú skalt fara utan á einhvörju skipi, ek mun fá þèr fè þat, er ek vil; hann fékk honum 2 hesta. Karl mælti: þú skalt fara upp or Skiðadal<sup>3</sup>, ok svá vestr; far, sem ek kennir þèr, ella mun ek gjöra til þín, ok drepa þik. Skiði fór, sem Karl bauð honum, til þess er hann kom suðr á Eyrar, ok fór þar utan, ok er hann or sögunni fyrst. Karl tók upp búit, ok færði á Grund; hann lét Íngöldi fara með sèr, ok setti hana hit nærsta sèr; jafnan gekk Karl með bert sverðit þat, sem hann hafði vegit sonu hennar með, ok spurði hana jafnan, hvort fullt væri skarð i vör Skiða; hún sagði þat aldrei jafnvel gjört hafa verit, sein nú. Karl sat á Grund þann vetr. Ljótólfr lét eigi sem hann vissi, hvat fram hafði farit. Ok um vetrinn reðu þeir vinir Karls honum, at hann mundi færa bygd sína af Grund, ok þótti seta hans þar óvarlig, svá nærri Ljótólfi, ok báðu hann fara til Upsa; ok svá gjörði hann. Karl bjó at Upsun einn vetr, ok tók at þverra fjárkostr hans; móðir hans spurði hann, hversu hann ætlaði til um bú sitt; en hann gekk undan þegjandi. Um vorit einn morgun gekk Karl i burt, ok hafði heim hest

<sup>1</sup>) þú þat allnóg, F. <sup>2</sup>) þannig C; gjört, A og hin. <sup>3</sup>) þann-  
ig B, F, S; dalnum, C; dal, D; eyða í A, E.



sinn, ok riðr upp til Hofa; Ljótólfr var í hvílu. Karl drap á dyr, ok gekk út verkakona; hún heilsaði Karli, ok spurði, hvört hann skyldi fara. Hann kveðst eigi lengra mundu fara, ok spyrr, hvort Ljótólfr væri heima. Hún sagði hann heima: ok far þú í burtu hvatliga, því hann vill aungvan mann feigari, enn þik. Ek vil finna hann, segir Karl. Hvat er manna með þèr? segir hún. Ek er einnsaman segir Karl, ok bið þú Ljótólfr útganga. Hún gengr inn, ok kallar á Ljótólfr, ok sagði, at Karl ómáli vill finna hann. Hvörsu fjölmennr er hann? sagði Ljótólfr. Hann er einnsaman, segir hún. Margir menn stóðu upp, ok vildu gánga út með honum. Eigi þurfi þèr upp at hlaupa, ek vil einn útganga, ok vita, hvat hann vill. Nú gengr Ljótólfr út, ok heilsar Karli; hann tók því vel. Hvat villtu mèr, Karl? segir Ljótólfr. Ek vil, at þú gánger á götu með mèr, því við þik er erendit. Ljótólfr mælti: eru nokkrir menn með þèr? Ek er einnsaman, sagði Karl. Skamt mun ek fara, sagði Ljótólfr, því ek á lítt vanda til, at leiða menn á götu, allra helzt, ef eigi eru vinir mínir. Karl veik hestinum ofanfyrir hlaðit; Ljótólfr gekk með honum ofantil árinna, ok út með ánni til þingavaðs; hann kvaðst eigi mundu fara lengra: ok lúk erendum þínum. Ek vil, at þú takir við öllu fè mínu, löndum ok lausum eyri, ok haf á ávöxt, ok far með, sém þú egir, þartil sém ek kem til. Hvat ætlar þú fyri þèr? sagði Ljótólfr. Ek ætla utan, sagði Karl. Ljótólfr sagði: margir eru aðrir menn til at taka við fè þínu, ok er eigi víst, at þú náir, þá er þá



villt. Karl svaraði: Því hefir ek þessa leitast, at mér þikkir mitt hvergi jafnvel komit, sem hjá þèr. Ljótólfr svarar: undarligr maðr þikki mér þú vera, en þó vil ek játa, at taka við fè þínu, ok mun þat flestra manna mál, at þú verðir heimskr af þessu. Þrjá vetr var ráðit umboð Ljótólfi, ef Karl kæmi eigi til fyrr, en laust, þegar hann kæmi til. Hann sagði móður sinni þessa ráð-agjörð. Hún svarar: Þá<sup>1</sup> verðr þèr illt til manna at varðveita fè þitt, ok er þat vænna, at þú náir aldrei. Karl svarar: ek sè fyri því, en ekki þú.

*Karl selr Ingöldi.*

26. Þá reið Karl vestr til Skagafjarðar, ok keypti skip í Kolbeinsárósi at þeim manni, er Bárðr hèt, ok gerði fèlag við Bárð, ok ræðst til skips, þegar hann var búinn; hann lét fara með sèr Ingöldi fagrinn, ok gjörði hann þat til skapraunar við hana, en eigi fyri ræktar sakir. Eptir þat sigla þeir í haf, ok kvomu at Þrándheimi. Bárðr spyrr, hvat Karl ætlar fyri sèr. Karl svarar: ek vil afla mér tjár, því langt er sumars eptir, ætla ek at halda til Danmerkr. Bárðr sagði: þat likar mér vel, ok vil ek fara með þèr. Þeir halda til Danmerkr, ok koma þar síð um haustit; ok er þeir hafa skamma stund þar verit, koma 2 menn af landi ofan, miklir ok illiligr; ok er þeir koma í kaupstefnu, spurðu þeir, hvort nokkr maðr hefði ambátt at selja þeinu. Karl spurði, hvat þeir mundu við gefa. Þat sem vill, segja þeir. Karl sagði: á ek ambátt, ok mun ykkur dýr þikkja, ok eigi veit ek, hvort þið getið þjáð hana, því hún er

<sup>1</sup>) þó, B, D, E, S.



óvön verknæði. Þeir segjast mundu þat ábyrgjast: ok met þú hana, sögðu þeir. Karl segir: hún skal vera fyri 3 hundruð silfrs. Þess þyrfti, sögðu þeir, at hún ynni mikit ok vel, svá dýr sem hún er, ok vilju við sjá hana. Karl gengr á skip út, ok hregðr sverði, ok spyrr Ingöldi, hvort fullt væri skarð í vör Skiða. Hún sagði þat aldrei jafnfagrt verit hafa, sem nú. Þá skaltu ganga á land með mēr, sagði hann, ok tók í hönd henni, ok leiðir hana, ok sýnir þeim ámbáttina. Þeir kváðust aungva ambátt jafnfagra sèt hafa; þeir töldu honum nú silfrit. Karl mælti: þat vilik skilja í, at kaupa hana þviliku verði, ef mēr sýnist. Þeir segja: ekki muntu í raun koma um þat, ok er þat likara, at vēr sjáumst aldrei. Síðan gengu þeir á land; en hún sperðist við, ok tók annar í hár henni ok leiddi hana, en annar hafði svipu í hendi ok keirði hana. Karl gengr til skips. Bárðr spyrr, hvat hann vildi at þeir legði fyri sik. Karl segir: hēr munu við í vetr vera. Bárðr spyrr at vori, hvat Karl vildi athafast. Hann svarar: spurt hefir ek til víkings þess, er Björgólfr heitir, hann hefir lán skip ok lið vandat, þar vil ek fara í sveit með honum, ok afla svá fjár ok frægðar. Bárðr segir: þá munu við skilja fêlagit, því ek er enginn hermaðr. Karl mælti: þú skalt fara með skip okkart, sem þú egir, en er við finnumst, gjörum við sem okkr sýnist. Nú skiljast þeir góðir vinir, ok ferr Karl leiðar sinnar.

*Karl ferr í víkingu.*

27. Svá er sagt, at Karl fær sèr eina skúttu, ok heldr suðr með landi, þartil at þeir koma



at einni eyju; þar var Björgólfr fyrir. Karl ræri þar at skipunum, ok spyrr, hverr ræði fyrir. Einn maðr gekk útá vígit, ok sagði, at sá hëti Björgólfr: eðr hvat heitir þú? Ek heiti Karl. Hvaðan ertu af löndum? segir Björgólfr. Ek er af Íslandi, segir Karl. Hvört ætlar þú at fara? segir Björgólfr. Hann svaraði: ek hefi nú sókt mitt erendi, er ek hefir þik fundit, ok vilda ek ráðast í föruneyti með þèr, ok asla mèr svá fjár. Björgólfr tók við honum, ok gengr Karl á skip, ok setr Björgólfr hann hit nærsta sèr. Þeir halda síðan í Suðurríki, ok herja víða umlandit, ok hata sigr, hvar sem þeir koma; þeir liggja 2 vetr í vikingu. Þat var einu sinni, at Karl mælti við Björgólfr: nú mun ek lètta hernaði, ok fara norðu í land, til áttjarða minna. Björgólfr svarar: þú munt ráða, en gjarnan vildak, at við skildum eigi, þvi ek hefir engan slíkan dreng reyndan, sem þik; nú fara þeir háðir saman til Danmerkr, ok sitr Karl þar um vetrinn. En um vorit kaupir Karl knör einn, ok á einn allan farminn; ok er hann var mjök búinn, sèr hann, hvar 2 menn gánga, ok leiddu konu í millum sín; þar kennir hann kaupnauta sina ok Íngöldi, ok hëkk annar trefill fyrir, en annar á bak. Þeir sögðu Karli: hër fóru við með ambátt þá, er þú seldir okkr, ok höfu við engukaupi verr keypt; við börðum hana aldrei svá, at hún vill vinna fyrir okkr, ok vilju við nú gjarna selja þèr hana apr. Karl segir: ek vil ok nú kaupa hana; hann taldi þeim nú jafnmikit silfr, sem þeir fengu honum; hann leiddi hana til skips, ok lèt gera henni laug, ok klæddi



hana góðum klæðum, ok gjörði hana svá sæla, sem þá hún væri sælust. Eptir þat heldr hann til Íslands, ok kemr skipi sínu í Svarfdalsárós<sup>1</sup>, ok færir varnað sinn til Upsa; bú hans hafði þar staðit, meðan hann var utan; urðu menn fegnir mjök hans heimkomu. Þá er hann hafði heima verit um stund, gengr hann til Ingöldar, ok bregðr sverði því, sem hann hafði vegit með sonu hennar, ok mælti: hvort er fagrt skarð í vör Skiða? Hún kvað þat aldrei jafnfagrt verit hafa. Karl reið til Hofa einn dag, ok hittir Ljótólf goða. Ljótólfr fagnar honum vel, ok spyrr, hvört hann ætlar at fara. Hann kveðst eigi lengra fara mundu: vil ek nú taka við fè mínu. Ljótólfr svaraði: hefir þú eigi meðtekit áðr, ok sezt í búit? Karl svaraði, at engu væri eydt at svá búnu: ok muntu nú skipta af þinum hlut, því ek veit, at þú munt eiga búit at helmingi, eða meirr. Ljótólfr segir: þat þikki mèr ráð, at í vor sè skipt fènu, ok vil ek, at þú farir með, sem þú egir. Karl segir: þat mun vera verða. Þeir skilja nú við þetta, ok reið (Karl) heim til Upsa, ok sat þar um vetrinn með fjölmenni. At liðnum vetri reið Karl til Hofa, ok hittir Ljótólf; hann spurði, hvat Karl vildi. Ek vil, at við skiptum fènu, sagði Karl, ok er nú óhægra, enn nærst, er ek beidda, því ek hefir eydt miklu fè í kostnaði í vetr. Ljótólfr segir: hvat ætlar þú fyri þèr, ef fènu er skipt? Ek ætla utan, sagði Karl, því mèr er litt hendt búit. Ljótólfr mælti: hverr skal þá hafa umboð þitt, meðan þú ert burt? Karl svaraði: þèr hefik ætlat, ef þú villt. Ljótólfr

<sup>1</sup>) Sarfardalsárós, B, E, S; Svarfadardalsárós, D, F.



segir: þá þætti mér eigi skipta þurfa, en kynligt þikki mér, er þú villt jafnan fá mér í hendr fè þitt, því óvíst er, at ek verða jafn drengr í hvert sinn. Hversu sem þat ferr, segir Karl, þá mun ek þèr mitt umboð fá. Eigi þarf þá at skipta, segir Ljótólfr; ok tekr hann við umboðinu Karls í annann tíma.

*Karl ferr utan.*

28. Nú riðr Karl heim, ok lætr búa skip sitt; en er hann var búinn, leiddi hann Íngöldi fagrkinn til skips með sèr, ok voru skapsmunir hennar hinir sömu. Karl hældt í haf, ok gaf vel byri, ok tóku Þrándheim, var Karl þar um vetrinn; en um vorit hældt hann til Sviþjóðar; ok er hann kom í einn kaupstað, kemr maðr af landi ofan, mikill ok illiligr, ok falar ambátt, ef nokkr væri fól. Karl segir: ek hefir at selja, ok mun þèr dýr þikkja, eðr hvat heitir þú? Rauðr heiti ek, sagði hann, ok mettu ambáttina. Karl svarar: fyri 6 hundruð silfrs; ok þessu kaupa þeir; þikki mér því betr, segir Karl, sem þú gerir hana vesalli; síðan gengr Rauðr á land upp með hana. En Karl ferr í kaupferðir til ýmsra landa, ok var 3 vetr í þessari iðn. Karl var um vetr í Noregi, ok fór um vorit<sup>1</sup> í kaupstefnu þángat, sem Háleyri heitir. Ok einhvörn dag gengr maðr af landi ofan, ok leiðir eptir sèr konu, svá nakta, at aldrei beið á hana<sup>2</sup> riðanda<sup>3</sup> ræxn; hún var alblóðug öll. Karl spurði, með hvat hann færi. Þetta er ambátt ill ok aum<sup>4</sup>, er ek keypta hinn fyrra dag, en

<sup>1</sup>) b. v. B, E, S; v. i A, og hin.    <sup>2</sup>) henni, B, E, S.  
<sup>3</sup>) rifanda, D.    <sup>4</sup>) örn, B, E, S.



Þessi ambátt ferr mjök at kaupum, ok þikkist sá betr hafa, er lausa lætr, enn hinn, er viðtekr, ok vilda ek gjarnan selja hana. Karl mælti: hvat heitir þú? Ek heiti Brynjúlfr. Þú munt gera ambáttina (fala), segir Karl. Brynjúlfr segir: eigi nenni ek at selja hana með afföllum, heldr mun ek kvelja hana til dauða. Karl kaupir nú ambáttina, ok telr Brynjúlfi 6 hundruð silfrs; en Karl leiðir hana til skips, ok var þar Íngöldr fagrinn; hún lagði þá hendr um háls Karli, ok grèt, en þat hafði Karl aldrei áðr sèt, at henni hefði nokkrs fengit, hvat sem at henni hafði borizt. Karl lætr gera henni laug, ok fá henni góð klæði; þá gekk Karl til tals við hana, ok brá sverði því, hann hafði vegit með sonu hennar, ok spurði, hvort fullt væri skarð í vör Skiða. Hún sagði þat aldrei fullt mundu verða. Karl segir: þá mun ek afleggja hëðan í frá, ok svá mundak gjört hafa, ef þú hefðir þetta fyrr mælt: skal ek nú færa þik Skiða, bónda þinum, því ek veit nú, hvar hann er niðr kominn.

*Karl lættir utanferðum.*

29. Þegar byri gaf, siglir Karl til Írlands<sup>1)</sup>, ok hefir frëtt af, hvar Skiði var; hann hafði þá unnit undir sik mikinn hluta af Írlandi. Karl kom þar at landi, sem Skiði var fyrir; hann var þar genginn á land at berjast við Íra, ok ætlaði at þá skyldi til skarar skriða með þeim. Þá er Karl kom til orrostu, var Skiði búinn at flýja. Karl gengr þegar í lið með Skiða, ok hans menn, ok berjast þann dag allan, ok gekk Karl jafnan

<sup>1)</sup> Íslands, *rdngt. C.*



í gegnum lið Ira; er ok svá sagt, at hann feldi höfðingja þann, er fyri því liði var, er Skiði hafði barizt við, ok nálíga allt þat lið. Eptir bardagann gengr Skiði at Karli, ok spyrr, hvern honum hefði lið veitt. Þessi maðr hefir verið óvinr þinn mikill, ok heiti ek Karl, son Karls hins rauða; þat var mest erendi mitt hingat, at veita þer lið, ok bæta þer svá sonu þína. Þá fagnaði Skiði honum vel, ok býðr honum allar sæmdir með sèr at þiggja. Skiði segir: eigi vannstu þat framarr, at drepa sonu mína, enn þú áttir, þóat þú hefndir föður þins. Karl sagði: hær hefir ek Ingöldi fagrinn, konu þína. Skiði svaraði: ek vil eigi, at hún komi í augsyn mér; ek hefir ekki verra verk unnit, enn þat, ek af henni hlaut, er ek drap föður þinn. Karl var þar um vetrinn, en Ingöldi var fengin önnur vist. Um vorit býst Karl burt af Írlandi með miklum sæmdum, er Skiði fèkk honum, ok skildust góðir vinir. Karl hafði Ingöldi með sèr, ok heldr skipi sínu til Noregs, ok er þar vetr annann; síðan hældt hann til Íslands, ok kom skipi sínu í Svarfaðardalsáros; bú haus stóð at Upsum, ok annat á Grund, ok höfðu kvikfèn miklit framgengit at hvorutveggi búinu. Karl reið upp til Hofa; Ljótólfr fagnar honum vel. Karl mælti: nú er hær kominn Ingölfr fagrinn, vil ek, at þú takir við henni, máttu nú gipta hana hvörjum, er þú villt, þviat aungum mun hún nú ofstór þikkjast. Ljótólfr svaraði: þar er sú kona, er ek vilda aldrei sjá, því þat verk hefir ek verst unnit, er af henni leiddi til, þá



ek lét drepa föður þinn. Karl sagði: nú vil ek, at þú skiptir fè með okkr, vil ek taka við jafnmiklu, sem þú tókst af mèt, en ek ætla þæt ávöxt þann, sem orðit hefir. Ljótólfr svaraði: þat eina stendr saman at Upsum ok á Grund, at ek ætla mèt ekki af. Karl segir: gott þikki mèt, at þiggja sæmdir af þæt, sè ek, at þú gefr mèt allan ávöxtinn. Ljótólfr mælti: rið nú til Upsa, ok tak þar við húi þínu. Síðan sættust þeir heilum sáttum, ok hældu vel sína vináttu; reið Karl til Upsa. Ljótólfr tók við Ingólfi fögrukinn, ok kunnu menn þat eigi at segja, hvort hún hefir gipt verit, en sumir segja, at hún hafí tortýnt sèt af óyndi. Ljótólfr bjó at Hofi, þartil er hann læzt, ok fannst hann í óþokkadæl nokkurri á ofanverðum vellinum, ok stóð ígegnum hann saxit, er gert var úr sverðinu Atlanaut, er Klaufi hafði átt, ok Ljótólfr fékk eptir bardaga þeirra Karls hins rauða; Ljótólfr var færðr suðr ok ofan á völlinn.

*(Frá afkomendum Karls ok Ljótólfs.)*

30. Yfirgánger Klaufa gerðist svá mikill, at hann meiddi bæði menn ok fænað. Karli þóttu mikil mein á um Klaufa, frænda sinn, er hann gekk aptr; Karl fór til haugs hans, ok lét grafa hann upp; var hann þá enn ófáinn; hann lét gjöra hol mikit á steini þeim, sem er fyrir ofan garð at Klaufabrekku, ok brennir hann til ösku; Karl lét gjöra blýstokk, ok koma í öskunni, ok rekr á 2 járnháuka; síðan sökkr hann stokkunum í hver þann, sem er fyri sunnan garð at Klaufabrekku. Steinn sá, er Klaufi var brendr



á, sprakk sundr í tvo hluti, ok varð aldrei mein at honum Klaufa síðan. Karl sat at Upsum lengi æfi, ok er þat sumra manna sögn, at hann hafi utan farit, ok aukit þar ætt sína; en fleiri segja hann hafi átt Ragnhildi Ljótólfsdóttur, ok mörg börn með henni; Böggverr hét son hans, er bjó á Böggistöðum<sup>1</sup>; annar Hrafn, er bjó á Hrafnstöðum; Ingöldr<sup>2</sup> hét dóttir hans, er bjó á Ingarastöðum<sup>3</sup>. En er eyddist fè fyri Karli, þóttist hann eigi búa mega at Upsum fyri kostnaðar sakir, ok sakir Ljóts Ljótólfssonar. Ljótr tók við manna forræði eptir föður sinn, ok bjó á Völlum; tók þá at greinast með þeim Ljóti ok Karli, ok vildi Karl víkja burt or dalnum, ok segja menn, at hann hafi farit til Ólafsfjarðar, ok verit þar í elli sinni, ok hefir Karl sett þar bæ, sem heitir á Karlsstöðum, ok lét þar lif sitt, ok þótti hinn bezt drengur. Margir menn egu at telja til Karls únga. En Ljótr hafði manna forræði um allan dalinn. Böðvar hyggju vær búit hafa at Urðum, sonr Eyólfs breiðhöfða, er Urðamenn eru frá komnir; Eyólfr breiðhöfði var sonr Þorgils mjök-siglanda. Margar eru sögur af Vallaljóti, ok var hann hinn mesti höfðingi. Ljótr lét drepa Eyglu-Halla, bróður Karls únga. Nú lýkr hér Svarfdæla sögu með þvílíku efni.

<sup>1</sup>) þannig A, C, E, S; Banggversstöðum, B, D; Bangistöðum, F. <sup>2</sup>) Ingveldr, B, D, E, F, S. <sup>3</sup>) Ingarastöðum, B, E, S; Ingvöldarstöðum, D.



## Uppfylling til Svarfdælu,

Þá kap., niðrlags:

— taka þeir nú aðra skjöldu; högg þá Þorsteinn með sverðinu jarlsnaut; en Moldi ætlaði at slá við flötum skildinum; Þorsteinn sér þat, lætr því hönd síga, svá sverðit kemr á neðanverðan fótinn, ok tekr af kálfann ok jarkann; hopaði nú Moldi útá feldarskautit, svá hann hallast við; í því slamrar Þorsteinn á háls Molda, svá at hausinn fauk af; varð þá óþ mikit af jarli ok hans mönnum. En þegar félagar Molda sjá fall hans, vilja þeir undan halda; en jarl biðr menn, at láta þá ekki ná undanhlaupi; yáru þeir allir drepnir, nema einn, sem Þorsteinn kúgaði til sagna, hvar fólgit væri fè Molda; var þat [stórmikit fè<sup>1</sup>, því Moldi hafði verit mikill hólmgangumaðr, ok hinn mesti ræningi; féll þetta fè undir Þorstein, því jarl vildi ekkert af hafa. Þakkaði jarl Þorsteini sigr þenna, ok frelsi, sem unnit hefir sèr ok dóttur sinni. Varð nú Þorsteinn mjök frægr af þessu öllu; halda síðan heim til hallar; lætr jarl stofna til ágætrar veizlu, ok drekka hana glaðir.

Til 10da kapitula<sup>2</sup>:

11. Eptir þat bjóst Þorsteinn til brottferðar, ok fylgdi jarl honum til strandar; hann mælti þá við Þorstein: svá kveð ek at orði, at þú hafir hær mestr maðr komit á Gautland, síðan ek tilvissa, get ek, at við munim eigi optarr sjást, ok

<sup>1</sup>) heilmikill auðr, sum. <sup>2</sup>) þegar þeir eptirfylgjandi kapitular setjast inni söguna, umbreytist kapitula-talann við þann 10da, og verða þá alls í sögunn 34 kapitular.



er þat mikill harmr, at missa þín af ættjörðu vorri, en allstaðar muntu mesti maðr þikkja, hvar sem þú ferr, ok uppi man namn þitt, meðan heimr er bygðr, ok far þú heill ok vel! Eptir þat skildu þeir, ok hældt þorsteinn skipi sínu norðr til Norvegs, ok kom at hausti í Naumdal. Ok sem þorgnýrr vissi komu sonar síns, ferr hann ámóti honum, ok varð þar enn mesti fagnaðarfundr; bauð þorgnýrr syni sínum heim með konu hans ok alla fylgdarmenn; var þar gjör en bezta veizla, ok at henni var mest til skemtunar haft, at þorsteinn sagði frá ferðum sínum ok hreystiverkum; mátti þar heyra mörg afrekverk hans. Þorgnýrr frètti mjök um Þórúlf, son sinn, hvörsu hann hefði varizt mót Ljóti; en þorsteinn sagði allt, sem farit hafði: Þótti mēr, sem ek munda verða yfirbugaðr af Ljóti, segir hann, þá hann hafði felda alla menn mína, utan 12, en ek var sárr ok hlífarlauss fyrir honum. Þorgnýrr mælti: mjök var þá, sem ek gat til, at þú mundir fá þik fullreyndan fyri Ljóti bleika, ok hefir mjök atsvorfit fyrir ykkur báðum; mun ek nú auka namn þitt, ok kalla þik þorstein svarfað, ok gefa þèr at namnfesti bæ þenna ok bú, ok þarmed umráð þau, er ek hefi haft yfir Naumdölum; er ek nú mjök at ellí kominn, ok eigi fær til umsýslu, en þú virðist mēr vel til þess fallinn fyrir hvervetna sakir. Þorsteinn þakkaði föður sínum með mörgum fögrum orðum, ok var með honum um vetrinn; en er voraði, tók hann við búi ok umsýslu, ok gerðist



brátt vinsæll ok góðr forstjóri; hann átti annann son við konu sinni, enn Þórúlf, ok var sá nefndr Karl; ok sem hann eldtist gaf faðir hans honum auknemni, ok kallaði hann Karl enn rauða; dóttur áttu þau, er Góðrún hét (eða Þórarna); öll voru börn þeirra efnilig.

12.<sup>1</sup> Tveim vetrum síðarr, enn Þorsteinn tók við búí, tók Þorgnýrr sótt ok andaðist. Þorsteinn lét efla haug, ok lagði þarí föður sinn, ok mikit fè handa honum; síðan drakk hann erfi eptir föður sinn, ok bauð til mörgu stórmenni; ok at henni liðinni, leysti hann alla menn út með gjöfun, því hann var hinn mesti rausnarmaðr, átti hann ok gnótt fjár, síðan er hann feldi Ljót enn bleika ok eignaðist allt hans góts. Þar eptir bjó Þorsteinn nokkra vetr at föðurleyfð sinni, ok óx æ meirr ok meirr virðing hans; en er hann hafði lengi búit, þá tók Ingibjörg, kvona Þorsteins, þunga sótt, ok lá eigi lengi, áðr hún andaðist; þótti Þorsteini þat hinn mesti skaði, sem von var at; lét hann leggja hana í haug hjá föður sínum; harmaði Þorsteinn hana mjök, ok barr þar eigi yndi síðan, ok fýstist brott þaðan fyri þá skuld. Höfðu þá margir tignir menn í Noregi flúit óðul sín undan ofríki Haralds konúngs hárfagra, ok fóru sumir vestr um haf til Hetlands ok Orkneyja, ok bygðu þar, en margir fóru til Íslands, ok tók þat nú at verða mjök fjölbyggt. Ok fyri

1) Í handarritinu kallast þessi kap. enn 13di, og hinir, þar eptir, hefir því kapitulum þar verið öðruvíss skipt, eða einhvörv vantar hérá undan í.



Því Þorsteinn þóttist eigi verða varluta skuldalíkníngar ok hlýðni af Haraldi konungi; þess ok annars, at hann undi eigi eptir dauða konu sinnar; þá bjó hann skip sitt til Íslands-ferðar; börn hans voru þá fullþroskut. Ræðst Karl inn rauði til ferðar með föður sínum, en menn segja, at hann sendi Þorúlf, sun sinn, til Gautlands, ok at hann hafi tekit þat ríki litlu eptir dauða Herrauðs, móðurföður síns, ok aukit þar kyn sitt. Ljótr inn bleiki hafði áttan sun þann, er Hafþórr (Snækollr) hét; hann var víkingr. Ok er Þorsteinn svarfaðr var búinn til Íslands-ferðar, ok at ráðstafa eignum sínum, kom hann til bæar Þorsteins, ok hertók þaðan Þórögnu, dóttur hans, ok rænti fê miklu. En er Þorsteinn kom heim, þá vissi hann eigi hvört Snækollr hafði haldit, ok varð eigi af neinni eptirför; hældt Snækollr síðan við Þórögnu, ok átti við henni 2 börn, verðr frá þeim sagt síðarr í sögunni. Þorsteinn lét í haf eptir þetta, byrjaði honum seint, ok bar norðr fyrir Ísland, ok tóku land vestanverðt við Eyjafjörð, ok ræðu skipi sínu til hlunns.

13. Helgi inn magri, sun Eyvindar austmanns, Bjarnarsunar, Rólfssunar frá Ánu, bjó þá á Kristnesi í Eyjafirði; hann var höfðingi yfir öllu því héraði, ok mikils verðr; hann hafði komit út hingat vestan um haf; var hann uppálinn í Suðreyjum, ok síðan á Írlandi af móðurföður sínum, Kjarvali, Íra konungi; en þá hann var í Suðreyjum at fóstri, var hann sveltr, ok



sá egi á honum hold; ok sem faðir hans ok móðir komu þar, kölluðu þau hann Helga hinn magra. Helgi var primsigndr, ok trúði á Krist, ok kendi við hann bæ sinn, en þó hèt hann á þór til allra stórræða; hann átti 2 sunu, Rólf ok Íngjald, ok eina dóttur, er hèt Íngom; hana átti Hámundr heljarskinn. En er Helgi frá útkomu Þorsteins, reið hann til skips með marga menn, ok bauð Þorsteini til sín; var þá mjök komit at vetri. Þorsteinn tók þessu boði með þökkum, ok fór hann til Helga, ok voru þeir Þorsteinn ok Karl með honum um vetrinn í góðu yfirlæti; en hásetar vistuðust þar nærri um fjörðinn.

14. Um vorit bauð Þorsteinn Helga vísa sèr bústað. Helgi mælti: mjök er nú albyggd um hérað, ok veit ek eigi annarstaðar únuminn, enn í dal þeim, er liggur uppí land fyrir utan Hrisey, er þat mikit hérað; en þar hëfir tekit sèr bústað Ljótúlfr goði, er út kom austr í Sandvík með Hroðgeir hvíta Hrafnssyni, frænda sínum; en svá voru þeir skyldir, at Hroðgeirr var bróðir Álreks, föður Ljótúlfs, ok þat ætlak, hann mjök vilja helga sèr dalinn, ok verja fyri búsetu stórmanna. Eigi munu vèr at því fara, segir Þorsteinn. Ok eptir þetta fara þeir Þorsteinn ok Karl með sínum mönnum úti dalinn, ok tóku menn at efna sèr til bæa; bygði Þorsteinn sèr þar bæ, sem hann kallaði at Grund. En Karl inn ratði tók sèr bústað at Karlsá; fór hann síðan landa ámilli hvert sumar, en hëldt þó ávalt bú. Þetta var þeim megin ár, er Ljótúlfr átti



eigi bygð, en þat hêt at Höfl, er hann bjó; honum líkaði stórilla atgjörðir þeirra Þorsteins ok Karls, ok amaðist við þeim, ok gjörðist hêr af úvinskapr þeirra á millum. Þat var einn tíma, er Þorsteinn hafði farit at sækja varnað sinn, ok Karl sun hans, ok fylgdarmenn þeirra nokkrir, voru at skógarhöggi í dalverpi einu litlu; voru þá menn gjörvir af hendi Ljótúlfs, at ráða at þeim, hêt sá Björn digri, er at þeim fór með marga menn; en þar vâru eigi hjá þeim utan bolaxir þeirra<sup>1</sup>.

---

<sup>1</sup>) Hêr virðist svá, sem meira vanti enn við, því bæði er sam-  
anhengit annars stýft, og líka verðr manna getið, sem vâru þeir áðr  
nefndir, er þó hefir ekkert verið frásagt, s. d. Grís og fl.



VALLA-LJÓTS SAGA.



WILLIAM'S BAGA



---

Saga af vlöskiptum þeirra Svarfdæla ok  
Guðmundar ens ríka<sup>1</sup>.

---

SIGMUNDR<sup>2</sup> hét maðr, hann var son Karls<sup>3</sup> hins rauða, hann átti dóttur Íngjaldar í Gnúpu-felli. Hann átti 3 sonu, ok hét Hrólfr hinn elzti, Halli annar, en Böðvar enn þriðji, ok voru þeir heíma uppfæddir; þeir voru miklir menn ok sterkligir. Hrólfr var uppvöðslumaðr mikill ok fègeinn. Halli var gleðimaðr mikill ok lögmaðr, hávaðamaðr hinn mesti. Böðvar var hóglyndr<sup>4</sup> ok gjörðist farmaðr. Torfi hét maðr, er bjó í Torfufelli, auðugr, en ekki stórættaðr. Þá bjó Eyólfr á Möðruvöllum, [ok Guðmundr<sup>5</sup> sonr hans var með honum. Sigmundur tók sótt, ok heimti til sín sonu sína, ok bað þá vera samhuga, ok segist hann sjá mega hvers þeirra skaplyndi, ok [mjök vera athyggjandi: ok virðist eigi til smá-gjarnir<sup>6</sup>, ok gæti hverr sinnar sæmdar; síðan andaðist hann. Þá var Hrólfr 18 vetra, en Halli

---

<sup>1</sup>) þannig A, E, F; Sögubáttir um Vallna-Ljót, B, C, D; Hér byrjast sagan af Vallna-Ljót, S. <sup>2</sup>) Sigurðr, B, C, D, S, hér og framvegis. <sup>3</sup>) þannig B, C, D, S; þannig rétt úti síðunni í A; Ketils, E, F. <sup>4</sup>) góðlyndr, B, C, D, S. <sup>5</sup>) b. v. B, C, D, S; eyða fyrri því í A. <sup>6</sup>) megið nú athyggja, ok verið eigi til sinnu gjarnir, B, C, D, S.



14 vetra, Böðvar 12 vetra. Kona Torfa andað-ist; honum var vel til sona Sigmundar; hann fór þángat eitt sinn, ok kallaði Torfi þá á tal, ok mælti: nú hafa lengi kunnleikar<sup>1</sup> ímilli vor verit, ok enn vil ek þá auká minna vegna, ok nú leita mægða til móður ykkar bræðra, ok mætti oss hvorutveggjum frami íaukast, en þótt mannamunr sè, [uppá fè eðr umsýslu<sup>2</sup>. Hrólfir biðr hann tala við móður sína um þetta; fóru þeir þá á tal við hana. Húsfreyja svarar: þetta ráð vil ek undir sonum mínum eiga, [ef þeim sýnist þetta mitt jafnræði, ok stend ek ekki ámóti<sup>3</sup>, ef þeir samþikkja. Torfi mælti: hvat sýnist þèr, Halli? Hann svarar: þetta mál kemr meirr við Hrólfí, [sem vorr er elztr bræðra<sup>4</sup>, ok helzt kann forsjó fyrir at hafa. Torfi vekr við þá um brullaups tíma; en þeir Hrólfir ok Böðvar kváðu eigi óvænt, at hausti mundi verða samfarir þeirra. Þá mælti Halli: biða vilda ek ykkarra andsvara, ok var slíks at von, ok má ek eigi sjá, hvat þar er ráðligt, ok slíkr maðr er ósýnn til fullræða, (er) mjök hefír litlar mannvirðingar; mun ek ok ekki samþikki þartil gefa, at gefa móður mína göfga lausingjanum, svá<sup>5</sup> göfugt gjaforð; en Hrólfí kvaðst ekki svá sýnast; en hún<sup>6</sup> kveðst eigi mundi af höndum vísa: ok samþikki ek þessi ráð. En Hrólfir kvaðst ráða eiga<sup>7</sup>, kvað ok þat mundi framganga, sem hann vildi; var brullaup ákveðit at vetrnóttum; liða stundir.

<sup>1</sup>) barnleikar, B, C, D; kærleikar, S. <sup>2</sup>) þá kann þar fyrir at koma fè ok umsýslan, B, C, D, S. <sup>3</sup>) en ei við einræði mitt, en standa læt ek svá, B, C, D, S. <sup>4</sup>) ok Böðvari, þeir eru elztir bræðr, B, C, D, S. <sup>5</sup>) eptir, B, C, D, S. <sup>6</sup>) v. i E, F. <sup>7</sup>) Halli, v. v. B, C, D, S.



2. Þess er getit einn dag, at konur voru í dýngju sinni; Halli var ok þar kominn; móðir hans mælti: ek á at greiða málagjöld í dag griðkonum vorum; nú vil ek senda þik í Torfufell, ok seg, at Torfi sendi mér gris nokkrn, ok þyrfti þó, at þú værir eigi of-skapbráðr, þvíat grisinn mun vera illr með at fara, ok mun hann frammi láta, ef mín orð koma til. Fara mun ek, því þú átt þær þar hollan vin; ok er hann kom þar, þá var Torfi at vinnu, ok leit eigi til hans; Halli mælti þá til Torfa: móðir mín sendi mik hingat til þín, at þú sendir henni gris nokkrn at gjöra af snæðing konum sínum. Hann leit ekki til hans, ok mælti þó: þat má ek gjöra, taktu hann sjálfr, ok starfa at honum. Halli mælti: ekki er formannligt, at gánga í saur at giltu gamalli ókunnum mönnum, Torfi svaraði: hvat mælir ofrhuginn? Svá mun ek ok ekki hætta til þínanna (segir Halli), ok send þángat hvern, er þú villt. Torfi mælti: eigi ætla ek þik þikkjast jafnsnjallan giltunni. Halli svarar svá, betr vera þetta ómælt: ekki jafna ek snilli okkarri giltu saman, ok má þetta frýuorð kallast; hann hljóp at dyrunum, ok snaraði inn, ok þegar hjó hann af henni ranann, tók grisinn, ok gekk út. Torfi mælti: hafðu nú yfir þángat grisinn at færa henni. Halli svaraði aungvu, ok reið í burt, ok heim á leið, en skógr var um héraðit; hann steig þá af baki hesti sínum, ok sitr hann nú í skóginum, þartil hann sá mann ríða í blárri kápu yfir ána, ok þar kennir hann Torfa; hann spretr upp, ok hleypr at honum, ok hjó hann



banahögg; hann hafði bæði spjót ok sverð; Halli kastaði honum undir bakka, ok huldi hræ hans, en hafði hestinn með sér. Hann kom heim, ok hitti móður sína; hún spurði um erendi hans; en hann segir, hvar mál er komit, at Torfi mundi eigi koma í rekkju hennar, eða senda henni gris, er ek skilda við hann: er rennt þeim ráðahag, þóat yðr þikki þat eigi líkligt. Hún svarar: þat hygg ek, at opt réttir þú þínar hendr til ills, ok mun þetta upphaf ógiptu þinnar, ok muntu annathvort gjörir sekr, eða drepinn, slíkir menn sem hær eiga eptirmæli, þar sem Eyólfur er. Halli svaraði: eigi þarftu at ámæla mér svá fast fyrri þetta verk, þvíat litill var mannskaði at honum, þó þær þætti hann góðr. Hún kvað þat nær hófi: en betra væri þær óunnit verkit. Síðan fór hann í Gnúpufell til Íngjalds, frænda síns, ok sagði honum tíðendin. Hann svarar honum: far þú á fund Svarfdæla, vina þinna ok frænda; eðr hvat gafstu honum at sök? sagði Íngjaldr. Halli svarar: orð hans óviðrkvæmilig til mín, fyrri þat ek vilda ekki gipta honum móður mína, ok svavirða svá ætt vora; veit ek eigi, nema mér verði nærri stýrt un eptirmælit, ok ek anuni fara óvarliga, en ósnjallara kvað hann mik, enn giltuna. Þá svarar Íngjaldr: þat var illa mælt; ver nú með mér, þartil at lokit er málum þínum. Þá bjó Vigaglúmr at þverá, ok hittast þeir frændr; þeir fóru á fund Eyólfs, ok bjóða honum sáttt fyrri þingmann hans: vèr viljum virða þik til þess, ok bæta hundraði silfrs, en falli niðr gagnsakir við Torfa fyrir áþættisorð við Halla, er ok



ósýnt, at meira fáist af oss frændum, ok látum oss þetta ekki verða at misþikki. Eyólfr svarar: svá skal ok vera; oss er Halli skyldr, enda er hann ættstórr. Sættust þeir at því; var Halli þá 17 vetra, er fè þeirra var skipt.

3. Böðvar ræðst í kaupferðir, en Hrólfr gípr var heima á föðurleifð sinni. Böðvar var utan lánga hrið, ok var enn nýtasti fardrengr, vinsæll; hann var utan 12 vetr. Halli setti bú saman, ok átti Signýu Bessadóttur, frændkonu þeirra Möðruvellinga, ok gjörðist þá vel með þeim Eyólfi ok Halla: ok kvað þat vænst til þeirra vinfengis, at tengdir tækist; Eyólfr kvað hann rætt sèt hafa. Halli fór mjök með sakir. Litlu síðarr druknaði Eyólfr í Gnúpufellsá; hann var jarðaðr at Möðruvöllum í túnvellinum heima, ok var primsignðr áðr. Síðan tók Guðmundr enn ríki við virðingu, son hans, ok gjörðist með þeim vel Halla ok Guðmundi; veitti hann Halla í fjölmenni, en Halli var grjótpáll fyri málum hans, ok var hann kallaðr Hreðu-Halli, ok hefir hann mesta virðing halt af Guðmundi; þá var hann á fertugs aldri, er hær var komit sögunni, ok var eigi auðsókr með afla Guðmundar, en frankvæmd sinni. Bessi heitir son Halla, ok var vænligr maðr. Hrólfr var auðigr maðr ok grályndr. Þess er getit, at Guðmundr hældt boð fjölmennit eitt sinn á Möðruvöllum, ok var Halli þar, sem at hverju boði áðr<sup>1)</sup>, því er Guðmundr hældt; þar var mjök margt talat. Þá mælti Halli: mjök undarlíga feir fran höfðingjaskapr hær á Íslandi, ok þverr nú mjök

<sup>1)</sup> öðru, hin.



mannvalit norðr hingat, svá<sup>1</sup> helzt hérað þetta. Guðmundr svarar: opt finnst þat á, at ek er virðingargjarn, eða<sup>2</sup> munda ek annarstaðar heldr höfðingi vera í héraði, enn hær? Halli svarar: satt er þat, Guðmundr! enn eru þau hærud, er<sup>3</sup> þikkir langt imilli vera, þóat mannvalit sè hær mikit meira. Guðmundr spyr: hvört er þat? Hann svarar: þat er Svarfaðardalr. Guðmundr svarar: fleira muntu mæla sannara ok snotrligra, er þar snæsamt, ok liggr á vetrarnauð mikil. Halli svarar: hinn veg verðr þó lengstum í útdölunum, at fleiri fara þángat at kaupa mat, enn þaðan ok hingat, ok fleiri nærast þaðan<sup>4</sup> at peningum, enn héðan. Guðmundr svarar: hvat skal þetta at tala, er landakostir eru svá lofaðir? ok ekki sýnist mér svá. Halli svarar: þat hefir mér í hug komit, at breyta mínum ráðahag, ok færa þángat byggð mína í ættleifð vora. Guðmundr mælti: hví er þær þar betra at búa, enn hær? Halli mælti: þar hafa búit göfgir frændr mínir, enda fýsir mik þángat fara, enn sitja samkynniss<sup>5</sup> við þik, þvíat mér hagar þat til litilla vinsælda, segir Halli, ok em ek grjótpáll þinn, ok verða mér sumir of-jarlar<sup>6</sup> hær í héraðinu, ok mun þá þat ráð<sup>7</sup> falla, ef ek fer héðan, ok skal þó vera okkart vinfengi samt ok áðr; en ek mæli [eigi mjök óvitrliga<sup>8</sup>, at ek fékk óvinsældir af viðskiptum okkrum Einars bróður þíns, ok vil ek nú færa mér þat af hendi. Guðmundr svarar:

<sup>1</sup>) þó, hin. <sup>2</sup>) eigi, B, C, D, S. <sup>3</sup>) eigi, b. v. B, C, D, S.  
<sup>4</sup>) þannig E, F; þar, A og hin. <sup>5</sup>) samkjöra, B, C, D, S.  
<sup>6</sup>) athallnir, D, S. <sup>7</sup>) niðr, B, C, D, S. <sup>8</sup>) þat nú opinberliga, B, C, D, S.



Þetta er sumt satt, en sumt ætla ek þér þat minna til virðingar, enn óvinsældar. Halli svarar: hitt er eigi miðr reyndar, at þeir frændr mínir, synir Íngjalds, eru yfirmenn mínir, ok eigi má ek hær mestr maðr vera vorra frænda, meðan vèr erum hær allir, en þar má ek mestr maðr heita. Guðmundr mælti: eigi ætla ek, at þú fáir þar meiri virðing, enn slíka, sem þú hafir hær haft; ek sè þar þá 4 menn, at engi þeirra vill láta virðing sína fyri þér. Halli svarar: hvörir eru þeir 4, er ímóti mér munu standa? Guðmundr mælti: þat er einn Valla-Ljótr, [sonr Ljótólfs goða<sup>1</sup>, er mestr maðr er í dalnum, ok Þorgrímr, bróðir hans; enn þriðri er Björn at Hofi; fjórði er Þorvarðr, bróðir hans, þeir eru Þorgríms synir, kynstórir menn, (ok) Ljótr [Ljótólfs-son ok Þorgrímr<sup>2</sup>; ætla ek [svá um Þórir, frænda þinn, at þótt þú færist nær honum, at ofrefli muni ykkir í<sup>3</sup> við þá at eiga. Halli svarar: þat ætla ek þó muni framfara. Síðan fór hann á fund Þóris Vemundarsonar, ok sagði honum sitt erendi, ok vildi land kaupa, ok spyrr, hvar hann veit land falt. Þórir segir: veit ek land falt at Klaufabrekku, ok mun ek fá þér [engjar til, þvíat þar eru engi litil, en ek vil kaupa þat land til handa þér<sup>4</sup>, ef þú villt hingat<sup>5</sup> ráðast,

<sup>1</sup>) þannig S; Bersason goða, A; sonr Álfs goða, B, C, D; goði Bersason, E, F. <sup>2</sup>) þannig S; Bersason ok Þorgerðar, A, E, F; Álfsson ok Þorgerðar, B, C; Álfsson ok Þorgrímr, D; sbr. bls. 214. <sup>3</sup>) þannig E, F; um Þorvarð (Þórir, B, C;) frænda þinn, at þú munir færast at honum, þikki mér þér ofrefli, A, B, C; ætla ekki um Þórir fr. þ., at þú m. f. at h., þ. mér þ. ofrefli, D, S. <sup>4</sup>) frá [v. í B, C, D, S. <sup>5</sup>) þáingat, D, S.



en þó þikki mér þat ráðligast, at þú sèrt kyrr; hær mun at reyna fastnæma<sup>1</sup> menn ok stóryðga. Halli kvað sik þat ekki mundu í burt reka: ok kauptu landit; síðan ræðst hann þángat; ekki var bygðaleyfis beðit. Þeir láta sèr ekki umfinnast Svarfdælir, þvíat Ljótr var höfðingi yfir þeim frændum, ok undu þeir vel við þat, enda ræð hann einn öllu þeirra ímilli; hann var óhlutdeilinn umsýslumaðr, enginn stúrumaðr, mikill maðr; ok þat var til marks, hvörsu honum líkaði: hann átti tvennan búnað, blán kyrtil stuttan, ok öxi snaghyrnda, ok var vasit járn skaptit; þá var hann svá búinn, er víghugr var á honum; en þá honum líkaði vel, hafði hann þá brúnan kyrtil, ok bryntröll rekit í hendi.

4. Hrólfr hèt bóndi, er bjó uppfrá Klaufabrekku; hans synir voru þeir Þórðr ok Þorvaldr; hann var göfugr maðr; hann tók sótt ok andaðist. Þeir bræðr tóku erfð eptir föður sinn, ok vildu, at Ljótr skipti fè með þeim, bæði löndum ok lausum aurum, þeim er þeir áttu. Föer Ljóts frestaðist nokkra stund, en<sup>2</sup> kristnat var fyrir litlu landit, ok voru lögleiddir drottins-dagar; þá var Mikkaelismessa, er fundrinn var lagðr; voru þeir þar komnir Þórir ok Halli, ok höfðu þeir sèt mannaforina. Ljótr skipti löndum þeirra bræðra; srijór var fallinn á landamerki; hann skipti löndum, ok tekr sjónhending í stein nokkurn, en úr steininum í ána, ok ferr rætt svá fram, ok nam stað við ána, ok skar þar upp torflu eða jarðkross, ok mælti: svá kann ek at marka

<sup>1</sup>) þannig B, C, D; fastnæma, A, E, F; stóra, S. <sup>2</sup>) er, A.



landaskipti; þeim bræðrum líkaði vel, ok öllum, nema Halla. Þá mælti Ljótr: við höfum ekki við átst hér, Halli! en þú ert maðr hygginn, eðr hvörsu lízt þér þetta skipti? Halli svarar: vel at jafnaði ætla ek þik löndum skipt hafa, en er þú innir til þessa, þá ætla ek, at lögin mundu sveigð hafa verit, má ek svá heldr nokkut umræða landaskiptit, eðr hvörsu lögkænn maðr ertu, Ljótr? Hann mælti: eigi kann ek lögin vel. Halli segir: þat ætla ek við lög varða, at vinna á Mikkaelsmessu, þótt hún væri eigi á drottins-degi, ok mun ek stefna þér um helgi-brygði. Ljótr svarar: úng er ný<sup>1</sup> trúan. Halli mælti: svá er atkveðit, at kristnisþell sè í orðit, ok er eigi vel sèt fyrir hinum smærrum mönnum, er þér gjörð svá fyrir höfðingjarnir. Ljótr svarar ok segir: þetta er eigi vel gjört, ok mun eigi svá verða í annat sinn. Halli mælti: skjót eru ummæli mín við þik, Ljótr! gjör annat-hvort, gjald mér hált<sup>2</sup> hundrað silfrs, eðr ek mun stefna þér. Ljótr svarar: þat mun ráðligra, at eigi sè orðalaust við mik: ekki<sup>3</sup> bæta ek fyri vanhyggju mína, en þikkja bezt, at kyrt sè, en ek mun styðja þitt mál. Halli svarar: ekki sómir, at láta mennina fyrikoma hvorugum okkrum. Ljótr svarar: þú skalt eiga heimila hegning, ef optarr verðr, en legg nú samþikki við mik, ok nár þú þá þökk minni. Halli svarar: þat skal sannat<sup>4</sup> vera, ok gjör þú annathvort, gjaldt upp

1) nú, B, C; enn, D, S. 2) annat, b. v. C. 3) ok, B, C, D, S. 4) annat, B, C; annathvort, D, S.



fæt, eðr ek mun stefna þèr. Ljótr svarar: eigi vil ek, at þú stefnir mèt, heldr vil ek gjalda fæt, ok mun vingott ímóti koma; lengi hafa vorir frændr viðhnippst, vera má, at í kyn kippi; mun ek þegar gjalda fæt, því eigi vil ek reiði engilsins; nú ef þèr gengr til vinátta við mik, [þá muntu vera mín hlif ok skjöldr, en ef þèr gengr til fègirni, ok ágánger við mik<sup>1</sup>, sem ek ætla heldr at vera mun, þá má enn vera, at sjálft sýnist. Halli tók við fènu. Ok á sama hausti var boð á Möðruvöllum, ok kom Halli þar; þá var Bessi, sonr hans, kominn út, ok var at boðinu. Guðmundr setti Halla hit nærsta sèr, ok hafði haft frètt af viðskiptum þeirra Ljóts ok Halla, ok mælti svá: hvörsu líkar þèr þar í dalnum út? Halli kvað sèr vel líka. Guðmundr mælti: eru menn vel við þik út þar? en hann kvað þat með góðum hætti. Þat er sagt, sagði Guðmundr, at þú hafir fè upptekit af Ljóti fyrir litla sök. Halli svarar: eigi er þann veg jafnt, ek leitaða eptir með rættendum, ok kaus hann þann kost, er honum gegndi betr, ok máttu hèt sjá silfrit. Já, segir Guðmundr, sè ek, at þú þikkist vel leikit hafa, en svá segir mèt hugr um, at rauðt mun sjá í skörina fyrir hinar þriðju vetrnætr; vil ek þat nú ráða þèr, at þú komir eigi út þángat, síðan mun ek kaupa þèr hèt land, en ábyrgjast þik eigi út þar. Halli svarar: vel er þetta boðit, en vera þikki mèt þar á þeir brestir, at ek vil þat eigi, ok mun ek reyna enn meirr, ok fer ek eigi af þeim sökum enn burt.

<sup>1</sup>) frá [ v. l B, C, D, S.



siðan fór Bessi Hallason með honum, ok kvomu þeir út at jólum í dalinn. Þórir bauð Halla til jólaveizlu á Grund, þar var kyrkjubær, en Bessi, son hans, fór heim. [Þórir<sup>1</sup> lét fara andvirki, þvíat heyfátt var heima um jólin, er áleið<sup>2</sup>. Þau ein orð fóru af Halla til eyrna Valla-Ljóti um skipti þeirra, er heldr voru óvingjarnlig. En eptir jólin bjóst Halli brott; ok þann morgun hittust sauðamenn af Grund ok Völlum, spurðust tíðenda, ok ræddu um, hvorir betr mundu veitt hafa um jólin, ok fylgdi hvorr sinum bónda; sagði Þóris maðr eigi þar jafnvel skemt hafa verit: þvíat enginn er skemtunarmaðr betri, enn Halli, er þar var um jólin. Húskarl Ljóts spurði, hvenær Halli mundi heimfara; húskarl Þóris kvað hann affaradag jólanna fara mundu. Þórir spurði húskarl, er hann kom heim, hvat hanu hefði manna fundit; en hann sagði. Þórir frètti, hvat þeir hefði haft at tala; en sauðamaðr sagði allt þat, sem farit hafði. Já, kvað Þórir, vel er sagt, en þú, Halli! skalt hvörgi fara í dag, ok segir honum hvat tilbarr, ok svá, hvat þeir höfðu rædt húskarlarnir: er mēr ekki um, at þeir segi um ferðir þínar, er ok mēr þar grunnr á, at svá fari, sem Guðmundr sagði, at Ljótr mundi verða þèr drjúgr í málunum. Halli svarar: hvat er okkar Ljóts ímilli, nema gott? Þórir mælti: skuggi er honum í málum ykkrum<sup>3</sup>. Nú skal ek fara, kvað Halli. Þórir svarar: þá skulu þèr

<sup>1</sup>) mælti ok, *ofaukið í A, C.* <sup>2</sup>) *frá [ v. í D, S.* <sup>3</sup>) eptir endat tal ok ráðlagning Þóris, mælti Halli, *b. v. 5.*



fylgja húskarlar mínir 13, en mér er þungt, ok má ek ekki af því fara; Halli kvað þess eigi þurfa mundu.

5. Síðan fóru þeir upp um Hörðabrekku<sup>1</sup>. Þá mælti Halli: farið nú aptr, þvíat nú á ek skamt heim, ok munu mér aungvir fyri sitja; þeir gjörðu svá, sem Halli mælti. Sauðahús Halla voru á götunni. Þá [mælti förunautr<sup>2</sup> Halla: menn eru þar, [sagði hann<sup>2</sup>. Halli svarar: má vera, at þat sè Bessi, son minn. [Hann svaraði<sup>2</sup>: þat eru ekki vorir menn: þeir voru 12 saman, ok einn í blám kyrtli, ok hefir öxi snaghyrnda í hendi. Far þú heim ok seg Bessa, at Ljótr þikkist eiga smá erendi við mik, ok er engi þörf þín hér at vera. Hann tók þegar á rás mikilli. Halli var girðr í brókum, ok hafði skikkju yfir sèr, hann kastaði henni af sèr; hann hafði hjálm á höfði ok broddstaung í hendi, en girðr sverði, ok gengr ímóti þeim, ok hjá fram. Þá mælti Ljótr: dvöljum eigi við atgaungu, ok tökum hann. Þeir ráða at honum; en hann gengr snúðigt, ok komst hjá fram, er hann fór forbrekkt, ok fá þeir ekki við hann fest, er þeir gengu við brekkunni; síðan nam hann staðar á sléttu nokkurri. Þá mælti Ljótr: nú hælist hann um við oss, er hann stendr herra, enn vèr. Halli svarar: ek mun njóta frækleiks ok fráleika, en biða eigi. Ljótr mælti: biða mundi Karl, afi þinn, þá er þeir áttu enn efra hlut heimsins, ok aldri lét hann eltast, sem geit. Halli svarar:

<sup>1</sup>) Hörðabrekku, *E, F.* <sup>2</sup>) þannig *S*; mæltu förunautar, *A og hin*; sögðu þeir, *A og hin*; þeir svöruðu, *A og hin*.



staðar skal ok nema, ok berjunst við tveir, er þat sómi þinn, en hitt skömm. Ljótr svarar: eigi er á þat at líta, enda skal ok svá vera. Halli mælti, hvat gefr þú mèt at sök? Ljótr segir: sú er sökin, at þú skalt eigi optarr kenna mèt helgihaldit; nú ef þèr hefir gott tilgengit, ok vil engillinn gefa þèr sigr, þá muntu þess atnjóta; en ef þat var með fègirnd ok ágáng, þá hafðu minna hlut, ok sjái hann mál okkart, ok muntu nú njóta þess hálf's<sup>1)</sup> hundraðs silfrs, er þú tókst af mèt, ok haldit síðan; Ljótr gekk at honum með járnaðan skjöld. Halli lagði til Ljóts í skjöldinn, ok kom í bóluna svá hart, at sverðit festi. Ljótr snaraði þá skjöldinn svá fast, at sverðit brast í tanganum; en síðan hjó Ljótr Halla banahögg; þeir færa hann til sauðahússins, ok kvomu heim á bæinn, ok segja tíðendin, ok lýsti Ljótr vigi Halla á hendr sèr. Bessi ferr þegar á fund Guðmundar, ok sagði honum þessi tíðendi; hann kvað þat farit hafa eptir getu sinni. Bessi bað hann taka við málinu: en ek vil fara utan. Þá voru aftekin hólmgaungu lög öll ok hólmgaukur.

6. Guðmundr tók við málinu, ok býr til alþingis, ok fjölmenni mjök. Þá var leitit um sættir af vinum Ljóts; hann var fjölmennr, ok hafði traust margra höfðingja; en svá lauk því máli með frænda afla Ljóts ok vinastyrk, at hundrað silfrs var goldit fyri vig Halla, en þat hálf't hundrað silfrs, er Ljótr galdt Halla, þar kom ekki fyri, þvíat Ljótr vildi, at þat kæmi fyri vanhyggju

<sup>1)</sup> annars, b. v. C.



sína; en vinir hans báðu, at hann tæki þat hálf hundrað undir sèr, ok vildi hann þat með aungvu móti, sagði þat litit vera fyri sætt Ljóts, ok hólingaungu-boð Halla. Guðmundr undi illa við málalyktum, en varðveitti fè til handa frændum Halla. Skip kom út um sumarit í Eyjafirði, ok var þar kaupstaðr mikill; þeir sóktu út þángat Svarfdælir; þar voru þeir í för Þorgrims-synir, systur<sup>1)</sup> Ljóts, ok húskarlar hans, ok tóku sèr varning; þar var ok sá maðr, er Sigmundr hèt. Þeir dalbyggjarnir voru sofnaðir í dalverpi nokkru; en í lýsingina kom at þeim maðr, ok mælti: viti þèr, at Eylfirðingar eru öðrumegin óssins? ok fór ek at segja yðr, at þèr varist þá, þvíat þeir eru ekki trúligir, ok gakkstu út, Þorvarðr! ok tölumst við, sagði Sigmundr. Þorvarðr svarar: ekki þarf ek viðtals yðvars nokkrs, þvíat mèr þikkir þú ótrúligr; Þorvarðr gengr þó út or tjaldinu með honum á hólinn, ok töludust þar með; þá komu þar at þeim 9 menn svartklæddir. Þorvarðr vildi þá aptr snúa; en sá, er hann hafði teygðan með sèr, kippti honum í flokk þeirra; þeir báru vopn á hann þegar, ok vógu hann þar; Sigmundr vildi hefna hans, ok var honum haldit; þat verk gjörði Hrólfr gipa með svikum ok í orðum. En er Guðmundr hitti hann, kvað hann Hrólfr illa gjört hafa, at ganga á sættir manna, sagði þat illa reyfa mundu. Hrólfr kvaðst ekki at sættargjörð verit hafa. En Ljótr tók eptirmál um vig Þorvarðar, frænda síns. Guð-

<sup>1)</sup> þannig líkliga réttara C; sbr. blaðs. 207 og 217; systir, A, E, F; bræðr, B, D, S.



mundr sendir orð Ljóti, at hann vill sættast við hann: ok vilda ek, at þú hefðir hær fullar sæmdir fyrir, ok sagði sér þetta verk heldr mislika, ok lét svá bezt fara mundu héraðs-stjórnina, at þeir stilti menn at illvirkjum slikum. Á þingi kvomu til vinir beggja þeirra; var þá um sættir leitat, ok var til þess nefndr Skapti Þóroddsson<sup>1</sup>, vin Ljóts, með umleitun margra annarra. Ljótr kvaðst eigi enn vera mundu þverlyndr í sliku, en sagði þó slik verk illa uppheljast, ok kvað mörgum minna þikkja fyrir, at gjöra slíkt, enn í fyrstu, kvað enn<sup>2</sup> mega sýnast annarra<sup>3</sup> ágang fyrri við sik meirri, enn mótgjörðir sínar við aðra. Þorvarðr var bætt 2 hundruðum silfrs. Hrólfur undi betr við síðan, enn áðr, ok lifði 2 vetr uppfrá því.

7. Skip kom út um sunarit, ok var þar á Böðvar Sigmundarson<sup>4</sup> ok Bessi Hallason; þeir hittu skjótt Guðmund; hann sagði þeim, hvat í hafði gjörzt, ok hvar komit var mál manna. Böðvar var hófsamr ok stiltr vel, ok sagði sér vel lika forsjá Guðmundar, en sagði sér leiðt allt sundr-þikki manna í héraðinu, ok kvaðst enn mundu utan fara, ok vera eigi viðriðinu. Ok um vetrinu, er Guðmundr var eigi heima, komu menn utan með Ólafstirði frá Kviabekk til kaupa; sá hæt Ásmundr, er fyrri þeim var, ok keypti til 6 hundraða, ok kvaðst allt mundu útgjalda. Böðvar kvaðst vildu, at Guðmundr sæi honum: til handa skuldastaði. Ásmundr svarar: kunnugt mun þat, at vèr gjöldum skuldir vorar. Böðvar

<sup>1</sup>) Þóroddarson, E, F.    <sup>2</sup>) ekki, D, S.    <sup>3</sup>) þannig lítrætt; annann, 81k.    <sup>4</sup>) Sigurðarson, hin.    <sup>5</sup>) úr, B, C, D, S.



svarar: þá vil ek, at þú færir hingat fèit; en Ásmundr' kvaðst vilja, at hann tæki út þar vöruna; ok lýkr svá, at þeir kaupa þessu, en síðan fara þeir á brott. Guðmundr kom heim; þeir sögðu honum kaup síu; hann svarar: eigi skyldu þessi kaup verit hafa, ef ek hefða heima verit. Nú liða jólin, ok er veðrátta góð; þá bað Böðvar þá Bessa fara at heimta vöruna; en Guðmundr kvað þat óráðligt, at gánga í greipr þeim Svarfdælum: ok ætla ek þó, at eigi veiti Ljótr þer ágánga. Fóru þeir þó 4 saman; ok er þeir kvomu úti Ólafsfjörð, þá var varan eigi búin, því margir höfðu keypt, enn hann einn ibundinn skyldunni við Böðvar. Þeir höfðu haft ferjur út þangat, er Austmenn áttu; ok er dvölin var laung, þá rak á frost mikit, svá at eigi mátti á skipum fara. Ásmundr kvað þeim heimilt þar at vera; Böðvar kvaðst þat mundu þekkjast, ok voru þeir þar hálfan mánuð hriðfastir; síðan gjörði þurrafrost ok færðir góðar, ok leggr fjörðinn, svá at ekki mátti á skipum fara. Þá mælti Ásmundr: verið kátir ok velkomnir með oss, Böðvar! En hann kvað þat vel boðit: en fá oss heldr leiðtoga, ok munu vèr gánga. Ásmundr kvað þat síðr sitt ráð: ok vilda ek vel skiljast við yör; svá verðr at vera, segir Böðvar. Þeir fóru 12 saman til heiðarinnar, þartil skiptast vegir heiðarinnar; þá þykknaði veðrit ok dreif; færðin var þung, en Böðvar var ófrárr ok óvanr gaungu, ok ætluðu til Svarfæðardals um nóttina til Narfa; veðrit gjörðist myrkt, ok vissu þeir

1) Böðvar, C, S.



ógjörla, hvar þeir fóru. Þá mælti Böðvar: vill-ist þèr nú vegarins, en náttmyrkrit [við sik<sup>1</sup>. Þeir létu eigi fyrr, enn þeir drápu fótum í húsum nokkrum í náttmyrkrinu; þeir drápu þar á dyr, en menn sátu þá við elda; þá er gengit til dyra, ok spurt, hvörir komnir væri. Böðvar spurði: hvörr býr hèr, eðr hvat heitir bær sjá? Þorgrímr býr hèr, Ljótólfsson<sup>2</sup>, en bærinn heitir at Upsum, ok vill bóndi, at þèr gáangið inn, því at eigi er úti vært, bauð hann mèr svá at segja yðr, hverir sem úti væri. Böðvar svarar: eigi vilju vèr fyrr inngánga, enn bóndi býðr sjálfr. Maðrinn gengr inn, segir Þorgrími, at þeir menn, sem komnir eru, vilja at honum boð þiggja ok láta mikiliga. Þorgrímr gengr út, ok spyrr, hvörir komnir væri: ok þiggði hèr at vera í nótt. Böðvar svarar, ok kvað suma vera Íslenzka, en suma Norræna, ok nefnir sjálfan sik. Þorgrímr gekk inn fyrir, ok bað þá niðrsetjast ok þiggja heinann: ok skal ekki boði aptra, en kvað aðra eigi siðr öfusu-gesti þar vera, ok annarra eigi minni von verit hafa; Þorgrímr lét gjöra þeim elda. Sigmundur var þar á búi, er nefndr var fyrri, fóstbróðir sona<sup>3</sup> Þorgerðar Ljótisdóttur<sup>4</sup>; honum hregðr mjök við, segir Þorgrími leyniliga frá skilnaði þeirra Þorvarðar, frænda hans<sup>5</sup>. Þorgrímr kvað þat mál ekki til sín taka: ok vil ek þeim vel veita, er aungvir eru ills af mèr verðir, ok vil ek, at menn sèu þeim trúir, er mik hafa

<sup>1</sup>) er komit, *D, S.* <sup>2</sup>) þanrig (Ljót. son), *A*; Ljótsson, *B, C, D, S*; Bessason, *E, F.* <sup>3</sup>) Þorvarðssonar, *S.* <sup>4</sup>) réttara mun Ljótólfsdóttur, *sbr. blæðs. 207 og 214 hèr at framan.* <sup>5</sup>) sins, *A, E, F.*



heimsóktan. Þar eru þeir um nóttina. Þorgrímr býr um hurðina, ok bað aungvan mann fyrri hurðum uppljúka, enn hann vildi: en sá skal hörðu mæta er afbregðr. Sigmundr leitaði eigi at; en þeir sváfu fast; innangengt var í fjósit, ok svá kemst hann í brott; þá var rofit veðrit ok var jarðljúk; hann fékk sèr skip, ok kom um nóttina til Hofsár til Bjarnar, ok vakti hann af svefni; hann spurði, hvern kominn væri; Sigmundr segir til. Björn spyr, hvi hann fari svá óðliga. Hann kvað nauðsyn tilreka: ok muntu nú mega hefna bróður þíns. Hvörir eru komnir? segir Bjarni. Hann svarar: Böðvar, bróðir Halla, ok ætlar nú inn til Eyjafjarðar. Bjarni svarar: ekki samir vel, at kveikja ófrið, at gjörðum sættum, en sjá maðr er saklauss, ok aldrei verit við skipti manna hær á landi, væri nærr miklu at, ef Hrólfr væri, ok sæmdi þó eigi vel; kann ek ok kappi Þorgríms frænda, at honum mun þikkja svívirðing í um gesti sína, ef at þeim er illa farit. Sigmundr svarar: eigi skiptir þat' at höggum til, er þeir voru afteknir, er skaðinn er at, enn mannlæður slíkar lifa, sem þú ert, ok má oss hugkvæmt þikkja, þá er bróðir þinn var drepinn í gríðum fyrir oss, nú villtu eigi hefna hans; hann fær sèr menn, ok verða 8 saman. Björn kvaðst vilja hitta Ljót, frænda sínn, stóðst eigi ámælisorð Sigmundar ok hans kumpana, fóru þeir á Völlu. Ljótr spyr, hvat Björn vill, er hann ferr um nætr. Björn svarar: ek ætla mæ'r at fara ok hefna Þorvarðar, frænda<sup>2</sup>

<sup>1</sup>) þannig S; þik, kin. <sup>2</sup>) bróður, D, S.



míns. [Ljótr mælti: er Hrólfr kominn? Eigi er þat, segir Bjarni, hær er kominn Böðvar, bróðir hans í dal<sup>1</sup>. Ljótr mælti: eru þetta þín ráð, frændi! at drepa saklausan manninn, ok gánga á sættir? ok fer ek ekki þessa ferð, ok leggja virðing við þat, at sækja fram ok heim bróður<sup>2</sup> minn. Björn<sup>3</sup> mælti: eigi munu vèr þurfa at sækja heim bróður<sup>2</sup> þinn, til þess at ná þeim; sitjum nú fyrri þeim, er þeir fara burt. Sigmundur svarar: vèr munum sjá för þeirra. Ljótr kvaðst eigi mundu fara. Þeir fóru í burt; ok er þeir fóru, þá mælti Sigmundur: komu vèr til Tjarnar til þeirra feðga Þorsteins ok Eyólfs; þeir voru harðir mennu ok ofrhugar. [Svá gjörðu þeir<sup>4</sup>. Björn mælti<sup>5</sup>: liðs vil ek biðja þik, at eigi fari óvinir vorir um þveran dalinn í friði. Hann kvað þat einsætt, ok ræðst til feiðar með þeim; en Eyólfr, son hans, var farinn upp í Sauðadal.

8. Nú er at segja frá Böðvari, at hann býst um morguninn, ok hans förunautar. Þorgrím mælti: ekki er mèr um, Böðvar! at þú farir almannaleið, ek veit gjörla, at maðr hefir burt komizt í nótt, ok mun sagt hafa um ferðir þínar, en ek vilda, at ekki yrði at yðr, er þèr hafið mik heimsóktan. Böðvar kvað honum vel fara: ek mun ok svá gjöra. Þeir snúa nú á leiðina, ok fóru þó almannaleið. Sigmundur tók til orða í liði Bjarnar: nú sè ek þá, ok eru þeir fyrir oss komnir. Síðan sóktu þeir fast eptir þeim, ok fundust á Rísum<sup>6</sup> uppfrá Dalsbæ, milli bæanna

<sup>1</sup>) frá [ b. v. B, C, D, S; v. i hin. <sup>2</sup>) son, D, S. <sup>3</sup>) þannig D, E, F, S; Þorsteinn, rángt í A, B, C. <sup>4</sup>) frá [ b. v. E, F. <sup>5</sup>) til Þorsteins, b. v. E, F. <sup>6</sup>) Hrisum, D.



ok Hellu, er Narfi bjó. Menn fara þarna, segir Böðvar, ok hvat munu þeir vilja? Bessi svarar: ekki munu þeir gott vilja, ok má vera, at vèr drukknum nærri landi. Böðvar mælti: eigi skulu vèr renna. Bessi svarar: ekki ætla ek þat, segir hann, ok munu vèr hèr biða. Böðvar ok Bessi ok stýrimaðr, þeir voru fremstir, voru þeir 7 saman; en þeir Björn voru 11 saman. Þá mælti þorsteinn: förum at með ráðum, eigi ersýnt, hve vegnar svá búit, þeir hafa vígi nokkut, en menn harðsnúnir, ok sæki sumir á bak þeim, [ok vertu hèr, þorgrimr! Í því bili hljóp maðr mikill at baki þeim<sup>1</sup>, var þar ok kominn Eyólfr þorsteinsson. Þá mælti Böðvar: höldumst vèr við, ok hlifum oss. Björn var fremstr í atsókn. Þorsteinn skaut spjóti at Hávarði Austmanni, ok setti á hann miðjan; þat spjót þrífr Böðvar, ok sendir þat aptr, ok hæfir þorstein, ok varð honum at skaða; ok í því kom Eyólfr á bak Böðvari, ok hjó hann banahögg; ok í því þrífr Eyólfr til Bessa, ok rendi fótskriðu at honum ok í lið þeirra, ok hað þá Björn, at ráða til hans; hann hljóp at honum ok vó hann, ok mælti: vaskliga fórstu enn, Eyólfr! hafði Bessi vegit Sigmund áðr. Þar féll Böðvar, Bessi, Hávarðr Austmann, ok einn af förunautum þeirra, ok þorsteinn af Svarfdælum ok Sigmundr. Þeir gjöra orð Narfa, at hann sæki likin. Hann kunnir þessu illa, því hann var vinr hvorutveggju; hann riðr á Möðruvöllu, ok sagði Guðmundi; hann kvað þetta mikla óhamingju orðna. En þeir Björn

<sup>1</sup>) frá [ v. í B, C, D, S.



ok Eyólfr gjöra ráð sitt. Eyólfr kvað þat sýnast ráð, at hitta Ljót: þóat nokkr ýfis'-orð fylgi, þá er þar þó traust, mun hann mēr ásjá veita, mun ek hēr ekki dveljast, ef þú gjörir eigi svá, þvíat þú mátt ekki traust veita. Björn kvað hann letja, at mannahefndir færi fram. Eyólfr kvaðst ætla, at því fastari mundi hann til trausts, sem þeir þyrfti meirr: ok er þetta eitt til, ok þann veg helzt komnar<sup>2</sup> mannahefndir frænda hans af voru tilstilli. Þeir fara nú ok hitta Ljót, ok segja honum, at þeir hafa mannahefndir framdar eptir frændr þeirra. Ljótr mælti: eigi er gott, at eiga vonda frændr, þeir koma ok<sup>3</sup> í vandkvæði, ok er nú ok eigi gott til atgjörða. Þeir fara at hitta Þorgrím. Þá mælti Ljótr: því tókstu við óvinum vorum, Þorgrímr frændi? Hann svarar: þat eina sændi mēr, þótt nú kæmi til litils, þá var þat þó mitt, er ek gjörða, en þat Sigmundar, er hann gjörði, ok er því fjærri orðit, er ek vilda at væri. Þá mælti Ljótr: betr mundi, ef þessi ráð hefði höfð verit, en óráðligt sýnist mēr yðr, at sitja í búum yðrum í milli Tjarnar ok Upsa; kveð ek þat nú betr sama, at vèr sèum allir saman, heldr enn þeir drepnir, sem melrakkar í grenum, ok mun þá þikkja koma til vorra kasta, at veita lið at málum yðrum; ok mun ek nú leita fyrir at vera, en ek er tregr til stórvirkjanna, en þó þikki mēr illt, at láta hlut minn fyrir nokkrum manni. Þorgrímr mælti: slíkt liggr nú fyrir, eða hvat skal gjöra

<sup>1</sup>) ýfru, E; ýfrug, D, S.    <sup>2</sup>) komið, D; koma, E, S.  
<sup>3</sup>) oss, B, C, D, S; opt, E.



af Eyólfi, er mest er í sökum bundinn ok stórvirkjum? Ljótr svarar: hann má vera með mēr fyrst, en síðan mun ek senda hann [suðr á Hjalla, ok koma honum þar utan, en aðra suma<sup>1</sup> skal senda<sup>2</sup> til Hermundar Illugasonar, en 2 til Þorkels Eyólfssonar, ok væri þá auðveldt um sættir at leita, ef þeir kæmist utan; en Björn skal með mēr vera, ok eitt yfir okkr gánga.

9. Allt gekk þetta svá fram. Eyólfr fór utan, ok var í þingamanna-liði í Englandi. Narfi var at ræðu við Guðmund, ok þótti honum því verri þessi tíðendi, sem þeir fréttu gjörr, þó fór hann með Narfa útá ströndina til boðs, ok frétti þá glögggt um fundinn. Guðmundr mælti: eigi<sup>3</sup> hafa þeir gott orð af, ok er mikill skaði at um<sup>4</sup> slíka menn, er svá urðu vel við, en sjálfir saklausir, ok uppgánga þeir nú Svarfdælar, ok munu vel við una; eðr hvörsu eru þeir varir um sik Björn ok Þorgrímr? [Hann sagði: opt er Björn heima með fámenni, ok svá Þorgrímr. Gott hefir Þorgrímr<sup>5</sup> af málinu; en þó er Ljótr forstjóri þeirra, eðr hvörsu varr er hann um sik? Hann sagði, at Ljótr væri varr um sik. Eigi uni ek nú þó, at svá búit sè, sagði Guðmundr: vil ek nú hafa við ráð þín, ok sækja út í dalinn, ok forvitnast, ef vèr mætum ná nokkrum þeirra. Narfi kvaðst heinill til þess: er ek nú búinn, er mēr ok kunnug öll gaung ok leynivegar, en gæfu-vant er til slíkra ráða. Guðmundr kvaðst á mundu hætta; ok fóru þeir út í dalinn.

<sup>1</sup>) þrjá, B, C, S.    <sup>2</sup>) frá [ v. í D.    <sup>3</sup>) v. í B, C, D, S.  
<sup>4</sup>) missn, C.    <sup>5</sup>) frá [ v. í A, E, F; b. v. hin.



Narfi mælti: Ljótr mun ok riða hit efra með fjöllunum ok ofan at Vallabæ. Guðmundr mælti: hær munu vèr sitja ok biða, en þú forvitnast tíðenda af bænum! Ljótr átti sauðahús skamt frá þeim. Þat var til tíðenda á bænum, at þeir frændr voru þar komnir allir til boðs, ok höfðu þeir eigi þat vitat. Þat var vandi Ljóts, at vera snemma á fótum, ok sjá um verk sitt ok fænað; en þeir Guðmundr sátu í túngu einni milli gilja tveggja í skóginum, ok sá, at maðr gekk frá bænum í svörtum kyrtli, ok hafði bryntröll í hendi; hann ferr inni húsit, ok rekr út fæt; þá bað Guðmundr þá uppspretta ok taka hann höndum, en bera eigi vopn á hann. Ljótr sèr þat, ok snýr undan, en hafði fyrri sèr bryntröllit, ok hljóp í gljúfrit fram; en þar var undir hörið fönn reyndar í gilinu, ok rennir hann ofan eptir gilinu, ok sakaði hann ekki. Guðmundr mælti þá: þar fór hann núna, ok skaut eptir honum spjóti, ok hæfir í bryntröllit. Ljótr tók upp spjótit, ok fór heim. En Guðmundr fór í skóginn, ok mælti: handgóðr er Ljótr, ok er slikum mönnum vel farit; hann er óhlutdeilinn, en sjálfr fullhugi ok ráðkænn; þat eitt ráð lá honum til, er hann hafði, ok mun hann vitat hafa áðr, at fært var í gilit; biðum nú, ok vitum, hvörjar tiltekjur hann hefir; látum eigi þá elta oss, þó föru vèr nú helzti svipliga. En er Ljótr kom heim, þá varðveitti hann spjótit, þat var gullrekit. Þeir spurðu, hvaðan honum kæmi þat spjót. Hann svarar: Guðmundr enn ríki sendi mér þat. Þeir spurðu, hvern með færi. En Ljótr kvað ekki



öðrum at því hlyta: ok gjörði hann þat sjálf; þeir kváðu hann því oflengi leynt hafa. Hann kvað eigi þat vera: ek vissa þat, at ek mundu yðr eigi stöðvat fá, ef þèr hefðuð þetta fyrri vitat, en oss mundi þat illa sækjast, ok ofráð vera við þá Eyfirðinga; ok lætr Ljótr eigi þessum málum snúa áleiðis um fjörráð við sik. Ok liðr nú fram at þingi, ok varð þat allfjölmennt; kvomu þeir Norðlendingar, Ljótr ok Guðmundr; fór Guðmundr með vígsmálit á hendr Ljóti. Nú gengu menn um sættir at leita. Þeir Ljótr ok Skapti fundust, vinir, ok töluðust við, ok segir Ljótr honum allan atburðinn um viðskipti þeirra Guðmundar: ok ef við megum semja mál okkar, mun ek ekki til þessa taka, ok förum við at hitta Guðmund, ok ræðum við hann. Skapti svarar: vel er meðfarit þínar hendr, ok skal ek allan hlut í eiga. Já, sagði Ljótr, undan snèra ek þá, ok sýndist mèr þá eigi at biða, hvert orð sem á lèki; nú vil ek, at þú færir Guðmundi spjótit; Skapti bað hann fara með sèr; Ljótr kvað svá vera skyldu: ok má ek vel sjá hann. Guðmundr heilsaði Skapta, ok mælti: því sýndist þèr, at veita Ljóti gaungulið? Skapti kvað svá bera til: ok ekki er þat til óvinfengis gjört við þik; en spjót þetta vill Ljótr at þú hafir, ok kvað þik sendt hafa. Guðmundr svarar: svá var þat þèr sendt, Ljótr! at ek ætlaða þat til lítilla sæmda. Ljótr svarar: síðan svá hefir tilsnúzt, þá gjöri ek mèr þat ekki til fjár, spjót þetta. Hann kvaðst þat gjarnan vilja: en sverð þetta skaltu hafa; þat var gersemi mikil. Þá mælti



Ljótr til Guðmundar: Þigg af mér sverð þetta, en send mér eigi annat spjót þessháttar, en lúkum svá málum okkrum, at þú þykkist halda öllum sóma þinum, ok lúkum svá fjandskap okkrum. Svá skal vera, sagði Guðmundr. Björn var eigi á þingi, því hann var sendr út til Gríms-eyjar með ráði Ljóts, ok var á laun með þeim manni, er þrándr hèt; Björn sagði honum orðsending Ljóts, at hann var þángat sendr til þings, til ásjar ok trausts um þingit: en hann mun lúka málum fyri mik. Þrándr kvað þá fara mundu með slíku, sem verða mætti.

10. Hrólfr var heima um þingit; en á þinginu voru málin reitð; kvaðst Ljótr vilja bjóða utánferð manna, ok fèsekt virðuliga, ok lögðu margir hinir smærri menn hit verra til; hinir deildu sér góðan hlut af, ok þótti vel<sup>1)</sup>, at hvörr næði sættum, en Guðmundr fengi sóna af. Svá kemr, at Ljótr vill, at Skapti gerði af hans hendi; en Guðmundr vill sjálfr gera fyri sína hönd, var svá ok; urðu þeir vel ásáttir, ok skyldi Skapti gerð uppsegja, ok varð þar hjá fjölmenni mikit. Skapti mælti: Þat látu við jafnt í þessum málum: fyrisát fyri Böðvari ok víg Sigmundar, Bessa víg ok þorvarðs, en fyri kaupmannsins víg 2 hundruð silfrs, en fyri þat skal annat gjaldast, er kom fyri víg þorvarðar; en 9 menn skulu eigi eiga útkvæmt; Björn skal gjalda hundrað, ok vera þar með frjáls, ok gjalda 2 sumr á leið, ok sættust at þessu. En Björn var í eygni með þrándi

<sup>1)</sup> þat Ljóti at, E.



vel haldinn. Ok einn dag um Þíngit fýstist Björn at róa með þrándi; en hann kvað þess aungva þörf; ek vilda, at aungvar umsátur væri um þann mann, er Ljótr sendir mēr, ok óvænna er til trausts af smáskipum, enn á eyinni. Ekki mun þat saka, segir Björn; ok ræru þann dag 30 skipa frá eyjunni, ok flest smá; veðr var gott, ok voru menn kátir, þvíat skipin lágu nær. Þá mælti þrándr: skip ferr þar inneptir firðinum, ok kenni ek ferju Guðmundar, eðr hvörir munu þar vera? eða viti þer nokkut til, hvort Hrólfr gípr er á þíngi? Þeir svara fiskimenninnir, at hann væri heina. Þrándr mælti: hann mun hēr kominn, ok ætlar á fund þinn, Björn! ok muntu verða kendr fyrir oss, ok munu vēr illa verjast af smáskipunum, en menn eigi haldinorðir, en þeir hafa stórskip<sup>1</sup> ok fjölda manna; búumst þó við, at vörn verðr lítil; ok róa nú upp at eyjunni. Þá mæltu ferjumenninnir: geysa þeir nú róðrinn af miðunum, ok kann vera, at þeir uggi oss. Þá mælti Hrólfr: sækjum eptir þeim; ok gjöra þeir svá, ok fundust skjótt. Þá spurði Hrólfr, hvort Björn væri á skipi. Þrándr svarar: leiddu svá getur um. Hrólfr mælti: selið fram hann, ok leggið yðr eigi í hættu ok fè yðart, þvíat þer hafið ekki lið; [virðið fyrir<sup>2</sup> yðr vandkvæði, ok gjörið yðr ekki heimilis-sök á hendr yðr. Þrándr svarar: ekki áttu góðan hlut í málum manna, er þú setr þik fram fyrir höfðingja, ok má af því líku standa vandræði, en villt eigi halda gjörðir

<sup>1</sup>) skjótt skip, C. <sup>2</sup>) fyrrið, B, C, D.



höfðingja, ok gjörir þú í slíku sáttrof, ok kveikir svá upp með höfðingjum fullan fjandskap, kann ok vera at (þú) skapir Birni slíkan hlut, sem bróður hans, ok af þèr hafa hlotizt þessi víg öll; eðr hvat hefir þú spurt af þínginu? eru menn eigi sáttir? ok er þat óvandi þinn, þannin at sættast fyrst, en drepa menn síðan, ok eigi muntu í fyrstu hrið ná honum. Vèr munum ná honum, sagði Hrólfr, en drepa yðr. Þrándr svarar: villtu fè taka? Hrólfr svarar: sjálfðæmi vort. Björn svarar: illa gefast sjálfðæmin, ok hættum heldr til, hvörsu at ferr. Þrándr svarar: eigi skortir oss fè, en dreng fær varla slíkan, sem þú ert. Björn kvað margt mundi ígjörast, áðr þeir næði honum. Þrándr kvaðst vilja lúka málunum: ok kemr nú til mitt. Hrólfr mælti: nú þegar skaltu uppgjalda 2 hundruð silfrs fyri Björn. Þrándr svaraði: erfið verða oss gjöldin svá þraung; en skipamenn halda upp gjöldum með honum, ok fóru snauðir til lands, ok skildi svá með þeim þrándi ok Hrólfi. Ljótr kom heim af þíngi, ok hittust þeir Björn, ok segir hvorr öðrum þau tíðendi, er gjörzt höfðu. Ljótr kvað þránd eigi ámælis verðan, en Hrólfr sýnir skaplyndi sitt, ok hefir honum títt verit til gjaldanna; nú er hægra hjá: vèr egum at gjalda Guðmundi 2 hundruð silfrs á leið, nú munu vèr þat greiða, en eigi annat, ef þeir Hrólfr láta þat með ósæmd laust. Ljótr gjörði Guðmundi orð, ok kvaðst sjá sýnan ágáng í slíku, ok bað hann setja Hrólfr; hann kvað svá vera skyldu, ok kvað hann opt til óvirð-



íngar hafa stýrt, ok greiddi hann aptr allt fét  
eyjarmönnum; en Ljótr skipaði fyrri sína hönd  
bæði við þránd ok Guðmund, svá at hvoru-  
tveggjum líkaði vel, ok þótti Ljótr hinn mesti  
höfðingi; ok lýkr þar viðskiptum þeirra Guð-  
mundar hins ríka; en Guðmundr hældt virðingu  
sinni allt til dauðadags; ok lýkr þar þessari  
sögu.



SAGAN

AF

VEMUNDI OK VÍGASKÚTU.



WADSWORTH

II

WADSWORTH & COMPANY



---

## Saga af Vemundi ok Vígaskútu<sup>1</sup>.

---

**ÞORSTEINN** höfði hét maðr, hann bjó á Hörðalandi<sup>2</sup>, ok var hann faðir þeirra Eyvindar ok Ketils hins Hörzka. Þat var eitt sinn í tali þeirra bræðra, at Eyvindr kvodst heyra gott af Íslandi sagt, ok fýsti bróður sinn, Ketil, til Íslands-ferðar með sèr, eptir andlát föður síns. Ketill vildi eigi fara, en bað Eyvind svâ viðt nema land, at þeim ynnist báðum til vel, ef honum likaði þar landskostir. Eyvindr fór til Íslands, ok kom skipi sínu í Húsavík á Tjörnesi<sup>3</sup>, ok nam Reykjardal uppfrá Vestmersvatni<sup>4</sup>, ok bjó á Helgastöðum, ok þar var hann heygðr. Náttfari, sá er Garðari hafði út fylgt, hafði eignat sèr úðr Reykjardal, ok markat til á viði, hversu viðt hann skyldi eiga. En er Eyvindr fann hann, gjörði hann honum tvo kosti, at hann skyldi eiga Náttfaravík, ella alls ekki; þángat fór Náttfari. Ketill fór til Íslands at orðsending Eyvindar, bróður síns, ok seldi úðr jarðir sínar austr; hann bjó

<sup>1</sup>) Saga af Vígaskútu, sem öðru nafni kallast Reykdælingasaga, B.    <sup>2</sup>) Hörkslandi, B.    <sup>3</sup>) Tjörnesi, E.    <sup>4</sup>) Hestmannsvatni, B, C.



fyrstr á Einarstöðum í Reykjardal; hann var faðir Konáls, föður Einars, er þar bjó lengi. Eyvindr átti mörg börn; synir hans voru þeir Helgi á Helgastöðum, er þeir eru viðkendir, hann druknaði á Grímseyjarsundi, ok Áskell goði, er bjó í Hvammi, faðir Vigaskútu ok Þorsteins; Vemundr kögr ok Herjólftr at Mývatni voru ok dóttursynir<sup>1</sup> hans; en Vemundr átti dóttur Þorkels svarta. Dætr Eyvindar voru þær Þorbjörg, er átti Þormóðr or Laxárdal, ok Fjörleif<sup>2</sup>, er átti [Þórir leðrháls, son<sup>3</sup> Þorsteins Gnúpu-Bárðarsonar; þeirra synir voru þeir Vemundr kögr, Herjólftr ok Hallketill í Húsavík, Áskell ok Hávarðr, er bjó í Fellsmúla. Eysteinn hét maðr, hann var Mánason, ok Rómlendr<sup>4</sup> at kyni; hann bjó í Rauðaskriðum við Fljótshéiði, hann var ójafnaðarmaðr mikill; Mýlaugr hét nábúi hans, hann bjó á Mýlaugsstöðum; hann var barnfóstri Hávarðs Fjörleifarsonar; Mýlaugr var auðigr maðr ok síngjarn<sup>5</sup>. Eysteinn fór til við Óta manni, ok tók fyrri Mýlaugi 4 mælihlöss skíða-viðar, ok hafði með sér heim, þvíat hann vildi eigi selja honum; opt hafði hann fengit honum áðr viði, ok hafði eigi fyrri goldit. Mýlaugr sagði til Hávarði, en Hávarðr Áskeli goða, móðurbróður sínum. Áskell kvað Eystein eigi vera jafnaðarmann Mýlaugs viðreignar, ok vildi hann sjálf tilvekja um málit við Eystein, sem hann gjörði um vorit. Eysteinn lagði gerð undir Áskel um þetta mál, þvíat hann var maðr réttilátastr í

<sup>1</sup>) ágiðkað í samanhengi við það eptirfylgjanda; synir, öll handr.

<sup>2</sup>) Fjörleifr, B, C.

<sup>3</sup>) Þorleikr Hálsson, B; Þ. Hallsson, C.

<sup>4</sup>) útlendr, B, C.

<sup>5</sup>) samngjarn, B, C.



sættargerðum, hverir sem í hlut áttu. Áskell gjörði Mýlaugi við jafnmikinn, ok 12 aura silfrs fyri sakastaði<sup>1</sup>; þá var goldit silfrit þegar, en viðrinn þar litlu síðarr, ok kvoðst Eysteinn optarr skyldu undir Áskel leggja mál sitt; ekki taldi Áskell á því. Þat mund<sup>2</sup> kom Þorsteinn bollkamr eða bolltaung úti Hrossavík<sup>3</sup>, systurson þeirra Áskells, ok átti í skipi; hann fór til Hávarðar, ok lét bera varnað sinn til Eyjasjarðar, ok þótti ekki áverða nema starf eitt, ok seldi þar Eysteini or Rauðaskriðum 3 hundruð lèrepta ok klæða<sup>4</sup> fyri 10 hundruð, ok bauð Eysteini at flytja til skips í Húsavík verðit, áðr 4 vikr eru af sumri; Hávarði þótti þat í illa skuldastaði seldt, þá er hann vissi, en hélzt kaup sem áðr. Ok er vora tók, þá heimti Þorsteinn at Eysteini; hann kvað þorstein eigi þurfa at annast um. Ok annat sinn, er Þorsteinn kom at heimta at Eysteini, þá svaraði Eysteinn: ek hefir, segir hann, seldt öðrum mönnum<sup>5</sup> lèreptin, nú geldst mèr seint af þeim, sem ek á at heimta at; en verr hefir mèr gengit<sup>6</sup>, enn ek hugða til, at kaupa við þik, þvíat lèreptin voru verri, enn ek ætlaða. Þorsteinn kvað Eystein óspilltan<sup>7</sup> varning tekít hafa. Ok nú þikkir sinn<sup>8</sup> veg hvorum þeirra; ok [þar kom nú mál þeirra<sup>8</sup>, at Eysteinn kvað þat mundu bezt, at heimta ekki fyri varninginn, ok láta þar niðrfalla þat mál, sem nú var komit. Hávarðr svarar, at nú fór svá, sem

<sup>1</sup>) sjálfreði, E. <sup>2</sup>) haust, B, C. <sup>3</sup>) Krossavík, C. <sup>4</sup>) klæði, C, E. <sup>5</sup>) manni, B, C. <sup>6</sup>) greiðst, B, C. <sup>7</sup>) óspunninn, B, C. <sup>8</sup>) Hávarðr kon. ná svá máli sínu, B, C.



hann grunaði, ok hann gat til þá, þegar er þorsteininn sagði honum kaup þeirra; ok þar kom nú máli með þeim, at þeir skildu. Hávarðr mælti: þat sýnist mér fyriliggja, at sleita til Áskels<sup>1</sup> um þetta mál, sem öll onnur, þau er [hans sómi<sup>2</sup> liggr við ok frænda hans, ok er sá líkastr, at rétta þetta mál við Eysteinn. Þorstein kvoðst eigi vilja kæra frændr sína um þetta mál, ok bauð nú Eysteini hólmgangu, þá hann varnaði honum gjaldsins. Ok nú tókst hólmgangan með þeim, ok varð hún með því móti, at þorsteininn hjó af Eysteini skjöldinn, ok nær undan honum fótinn; tók hann þar 3 merkr silfrs, ok svá fékk hann þar vöru sína alla; ferr hann nú utan, ok þykkir hann mikit hafa vaxit af þessu máli. En frá Eysteini er þat at segja, at fótr hans var græddr, ok gekk hann jafnan haltr síðan, er hann hafði barizt við þorstein.

2. Svá er sagt, at Háls<sup>3</sup> Fjörleifarson gerði bú at Tjörnum í Ljósavatnsskarði, ok þar gjörðist vinátta mikil imilli Eysteins í Rauðaskriðum. Björn hét maðr, hann var frændi þeirra Fjörleifarsona; hann kemr einhvörju sinni at hitta Háls<sup>4</sup> Fjörleifarson, ok beiddi hann nokkrs tilbeina um ómegð sína: ok svá, at gefa nokkut til utanferðar mér. Háls sagði, at hann mundi annast ómegð hans, ef frændr hans Háls vildi beina til útferðar honum. Björn ræð þat nú af, at hann ferr nú til Reykjardals at finna frændr sína, ok hann kemr at kveldi til Eysteins, ok varð þeim

<sup>1</sup>) þannig B, C; vara þik við, A, E. <sup>2</sup>) þannig B, C; liðsemi, A; liðsimi, E. <sup>3</sup>) Hali, B, C. <sup>4</sup>) Hala, C.



margt talat, ok ræddu um hinar ok aðrar tiltekjur, er Björn ætlaði at hafa; ok þá spurði hann Eystein, hverju hann ætlaði til at beina til utanferðar hans. Villtu tilvinna nokkut þat, er hæfiligt er, eða nenna? Eigi kvaðst hann flugumann vilja vera, þóat Eysteinn vildi þat. Eysteinn segir: ek skal gera þær kost einn fullgóðan: þú skalt reka 15 geldinga til Háls, frænda þíns, þá sem ek á, ok þó með leynd á þessari nótt, ok setja þar inn ok byrgja, en kasta vöttum þínum ok staf hjá vökinni þar á tjörninni. Björn fór nú eptir ráðum Eysteins, ok rak 15 geldinga til Háls, frænda síns, á laun um nóttina; en Eysteinn fékk honum fararbeiða, ok fór hann utan<sup>1</sup> austr í fjörðum<sup>2</sup> með ráði Eysteins. En frá því er at segja, hvat Eysteini gekk til þess, er hann bauð honum, at kasta niðr stafnum ok vöttunum hjá vökinni, en hann hugði at menn skyldu þat ætla, at hann væri drukknaðr, ok ætla, at hvarf hans mundi af því vera. Um morguninn eptir fór Eysteinn í ransókn, ok með honum Þorkell Þorgeirsson<sup>3</sup> frá Ljósavatni, ok komu þeir til Háls, ok báðu þar ransóknar; ok hann ransakaði, ok fann geldinga sína 15 innibyrgða í geldingahúsi Háls, ok beiddist sjálfðæmis af honum. En Háls brást ókunnugr við þetta mál, ok vildi fyrir aungvan mun festa grið fyrri þetta mál, er hann hafði aungvan grun<sup>4</sup> um sauði Eysteins þessa, er þar voru komnir, eðr hvörju faraldi þeir hefði þar komit; ok var þat nú hans ör-

<sup>1</sup>) v. í C. <sup>2</sup>) fjörðu, C. <sup>3</sup>) þannig líkliga réttara, sbr. blæss. 238; Geitisson, eða Geitisson, A og hin. <sup>4</sup>) um þetta mál, ofaukið í A og hin.



endi, at fara á fund frænda sinna, Áskels goða ok Hávarðar, ok segir þeim til þessa, þat sem hann mátti af vita. Þeir svöruðu ok sögðu honum, at nú hafði svá farit vinátta þeirra Eysteins, sem von var, at hann mundi eigi vel gefast hvorki öðrum, nè þer; kváðu þeir mjök í bætr bera, er hann hafði einskis mátt<sup>1</sup> á leið koma<sup>2</sup> um [þenna áburð<sup>3</sup>. Ok nú var sú ráðagerð Áskels, at þeir mundu utan fara báðir<sup>4</sup>, Háls ok Vemundr, í Eyjafirði. Nú er eigi langt at bíða, áðr enn fréttist hvarf Bjarnar, [ok þótti mönnum þat með undarligu móti vera; ætluðu margir, at þat mundi hafa saman borit hvarfit Bjarnar<sup>5</sup> ok sauðanna [Eysteins; kváðu þat mikit<sup>6</sup> í huga mönnum einatt, at eigi væri örvænt við fêpurfi Bjarnar ok grunnseari, en við slægð ok illgirni Eysteins, ok mundu þeir<sup>7</sup> með nokkru móti hafa verit báðir á einu ráði; töldu eigi ólíkligt, at þann veg mundi Eysteinn [helzt mega þikkjast<sup>7</sup> reka svívirðingar sinnar, er hann fêkk af þorsteini bolltaung<sup>8</sup>, at láta frænda hans verða fyri þvílíku ámæli, sem meirr mundi þikkja líkligt vera, at Háls fengi af þessum hlut; þótti þat ok undarligt, ef hann færi svá djarfliga með, ok gengi svá gegnt at um ransóknina, nema hann vissi nokkut til áðr. Nú ferr málit til þings, ok lauk því svá, at Háls var sekr um sauðatökuna, fyri því, at Áskell vildi eigi svara fyri hann.

<sup>1</sup>) þannig E; muls, A og hin. <sup>2</sup>) komit, B, C. <sup>3</sup>) þannig E; cyða t A; þetta efni, B, C. <sup>4</sup>) bræðr, b. v. B, C. <sup>5</sup>) frá [ v. í B, C. <sup>6</sup>) þannig B, C; Eysteinn kvæð (kváðu, E.) þat nokkut ilugaverðt ok óreyndt, at eigi væri örvænt við fêpurfi B. grunnseai, en við slægð Eysteins ok illgirni þeirra nórðr, A, E. <sup>7</sup>) þannig B, C; eigi heilt virðast megu, A, E. <sup>8</sup>) bolltaung, sum.



3. Nú er at segja frá ferð þeirra Háls ok Vemundar, at þeir fóru utan, ok fundu Björn frænda sinn, ok spurðu, hverju atgegnli um ferðir hans. Hann varð fárr við kvomu þeirra, ok fann þat til utanferðar sinnar, at hann þóttist svá helzt mega forðast ómegð sína. Háls kvað þat mundu aungu gegna; hann<sup>1</sup> segir, hvörsu fór með þeim Birni<sup>2</sup>, at hann hafði heitit honum, at annast ómegð hans, ef bræðr Háls<sup>3</sup> vildu tilbeina til utanferðar honum; ok nú segir Vemundr, at hann hafi ekki komit at finna þá; ok þikkjast þeir bræðr nú skilja, at hann muni eigi it sanna uppi láta, ok leita nú eptir við Björn, þartil er hann lætr uppi it sanna, hversu farit hafði með þeim Eysteini; ok nú tóku þeir Vemundr Björn á sitt vald. Þeir Háls fara aptr til Íslands þegar hit nærsta sumar, ok koma sínu skipi í Húsavík, ok hafa nú Björn þar með sèr. Þat var ráðagerð Vemundar, at leyna Birni, þartil er þeir fyndi Áskel goða; Háls sagði þá þegar Katli, bróður sínum, er hann kom til skips. Nú láta þeir skamt at biða, áðr þeir fara á fund Áskels, ok segja sem nú var komit málinu, ok þikkir honum nú vel hafa gengit, ef Háls mætti fá réttíng síns máls, ok safnar nú at sèr mönnum, þartil er þeir verða saman 60, ok fara þá þegar til Eysteins, ok hugðust at koma þar á óvart; en þat bar svá til, at Eysteinn hafði þar ekki færra lið fyri. Þeir Áskell ok frændr hans bera upp sitt mál, ok duldi Eysteinn alls þess um þat, at svá væri, sem þeir sögðu. Þá var

<sup>1</sup>) en, C. <sup>2</sup>) ágríktar; Eysteini, öll. <sup>3</sup>) hans, B, C.



Björn til leiddr, ok sannar hann sögu Áskels; ok eigi dylr Eysteinn at síðr. Ok nú biðr hann liðs Þorkel, son Þorgeirs Ljósvetnings; en hann sagði, at hann mundi eigi gott mál tilbera, ok kvaðst þat vita, at Áskell vildi aldrei [fylgja raungu máli; sagði þá ok hafa sannanarmann sögu sinnar: ok berr sá ímóti því, er þú segir, ok er þat Björn, frændi Fjörleifarsona<sup>1</sup>; lauk hann svá sínu máli, at hann vildi ekki<sup>2</sup> lið veita honum um þetta mál. Áskell lét nú stefna Eysteinum um illmæli þat, sem hann hafði við Háls um sauðatökuna til alþingis. Aungvir menn urðu til at svara fyrir Eystein; ok nú verða þær málalyktir, at Eysteinn varð sekr. Ok þegar þeir koma heim af þingi, þá reið Áskell þángat með flokk sinn til Eysteins, ok ætlaði at taka hann af lífi. En í öðru lagi er þat at segja frá Eysteinum, at honum hafði í hug komit, at eigi væri örvænt, at þvilikar málalyktir mundi verða á þinginu, sem nú voru, ok þótti honum þurfa nokkurra orræða í at leita, ef duga skyldi, ok kom þat í hug, at eigi væri ráðit, hve langt tóms þeir gæfi honum til ráðagerðar, þegar þeir kæmi af þinginu, ef hann sættist eigi áðr fyrr; ok nú varð þat hans orræði, at hann safnaði saman öllu gánganda fè, því sem hann átti, ok rak inni húsin, ok lagði eld í húsin, ok brendi upp allt saman, bæinn ok fènaðinn, ok svá hjónin öll þau, sem verit höfðu hjá honum; en frá því segja menn ýmist, hvat honum sjálfum varð fyrir; er þat sögn sumra manna, at hann hafi farit utan

<sup>1</sup>) Hjörleifsson, líkl. rángt í B, C. <sup>2</sup>) frá [ v. í B, C.



suðr á Eyrum; ok er þat þeirra sögn, at hann hafi farit<sup>1</sup> í Vík austr, ok þaðan farit suðr til Danmerkr; en sumir segja, at hann muni hafa brunnit með hjónum sínum; ok vitu vèr þó eigi, hvort honum hefir heldr at bana vorðit; en jarðir þær, sem þar voru eptir, urðu nú sektarfè.

4. Hánefr hèt maðr, hann bjó í Órvegins-túngu; fátt verðr frá honum. vel sagt í þessari sögu, ok var hann óorðsæll maðr; hann græddi mikit fè, en þó hældust litt hjónin hjá honum. Svá er sagt, at Hánefr ferr til fundar við Vemund, ok bauð heim<sup>2</sup> þorkötlu, dóttur hans, ok ætlaði hann sèr þat mjök til trausts við aðra menn; Vemundr var engi jafnaðarmaðr kallaðr, ok vænti Hánefr af slíku, at hans hlutr mundi eigi fyri borð vera borinn, þóat hann bæri eigi ávalt gott mál til handa. Þat er at segja, at Vemundr þá barnfóstr, ok ferr Hánefr nú heim, ok þikkir sín för allgóð orðin. Nú verðr Áskell varr við þetta, ok þótti þat kynligt, at Vemundr vildi þiggja barnfóstr at svá skitligum manni, sem hann kvoðst hyggja at Hánefr væri, lèt ok þat líkligt þikkja, at hann mundi af honum nokkut illt hljóta. Vemundr kvað þetta ekki svá vera, sem hann talaði, lèt Hánefr vera vingóðan mann, ok kvað hann hafa sèr marga góða gripi gefna, ok kallaði sèr vel lika við hann, ok kvað hann vera góðan dreng. Áskell kvað eigi mundu langt biða, áðr hann mundi vita, hversu góðr drengr hann er: en hann þikkist

<sup>1</sup>) sèzt, B, C. <sup>2</sup>) honum at fóstra, C.



nú hafa fengit sèr örugt traust; ok nú hætta þeir umræðunni. Þorleifr hèt maðr, hann var kallaðr melrakki; hann kemr til Hánefs, ok skorar á hann til vistar; þá hafði húskarl Hánefs á burt hlaupit litlu áðr, ok tekr Hánefr við þorleili. Þat var siðvandi Hánefs, at hann lèt hvern dag gánga í haga til sauða sinna, ok lèt telja. Maðr hèt Hrafn, hann bjó at Lundarbrekku í Bárðardal, hann var góðr bóndi. Svá er sagt, at Hrafn hvurfu geldingar 16, ok spurði ekki til, ok þóttust menn eigi vita, hvat af var orðit. Þat er at segja, at Þorleifr melrakki varð varr við, at Hánefr hvarf margopt<sup>1</sup> or hvílu sinni um nætr, ok þar kom, at hann forvitnaðist hvörju gegna mundi; ferr hann nú út, ok leitar hans, ok í einni brekku fellr hann; ok er hann stóð upp, er blóð á hendi honum; ok nú hyggr hann at, hvar hann væri skeindr, er hann sá, at hann var blóðugr, ok varð hann ekki þess varr; ok nú grunar hann, hvörju gegna mundi. Þar voru hrísrunnar nokkrir, sem hann var, ok þar hittir hann jarðhúss munna; þar var þann veg unbúit, at þar var borinn fyrir hrísflekk<sup>2</sup>, ok stúngit í gegnum hríslum, ok var svá at sjá, ef eigi var allt atgengit, sem þar, er heilir runnar stóðu. Nú ferr hann í jarðhúsit, ok þreifast þar fyrir; hann hittir þar gærur ok sauðahöfuð, grábíldótt fann hann þar eitt, ok var þat mjök auðkennt; þat tekr hann á burt, ok byrgir aptr eptir sèr á þann veg, sem áðr var. Síðan kændi hann reykjarþef; ok því nærst sá hann eld, ok var

<sup>1</sup>) þannig E; margt, A og hin. <sup>2</sup>) hrísfleki, B; hríslóki, C.



ketill yfir eldinum, ok þar var maðr hjá, ok kennir hann Hánef, húsbónda sinn, ok gengr nú atfram at eldinum, ok lætr illa at Hánef, er hann er at slíku um nætr. Hánefr kvað hús-freyju rekkju illa, en sagði sèr annt um daga, svâ at hann mátti þá eigi at vera. Ok nú býðr hann Þorleifi elds<sup>1)</sup>; en hann kvaðst eigi þat vilja, ok segir, at hann mundi eigi lengr með Hánefi vera, ok kvað sèr vera illan grun á hans máli, ok þar skilja þeir; ferr hann nú þartil, er hann kemr til Hrafns, ok varðveitti áðr höfuðit, þat sem hann fór með. Vel fagnar Hrafn honum, ok spurði, hvi hann væri frá Hánef. Þorleifr taldi hvorntveggja þeirra geðlausan, ok hann hafði því í burt farit. Nú varð Hrafn rædt um sauðahvarfít, ok varð þann veg í orðum Þorleifs, at honum þóttu menn aungvan gaum at gefa slíku hlutum, er ekki skal eptir leita þvilikum hvörfum, er svâ eru stödd. Hrafn spurði, ef hann vissi nokkut til, hvert eptir mun vera at leita. Ekki vildi hann þó segja Hrafn greiniliga til, áðr enn Hrafn gaf Þorleifi hundrað silfrs; ok nú sýnir Þorleifr honum höfuðit ok markit<sup>2)</sup>. Fara þeir nú til jarðhússins, ok fundu þar ekki; þeir þóttust vita, at Hánef mundi hafa grunat, at Þorleifr mundi varr við orðit hafa, ok hafði nú á burt borit. Þeir Hrafn hitta nú Hánef, ok bera þetta á brýn honum, at hann muni vera nokkrs afvaldr un sauðatökuna; en hann duldi alls um þat. Þorleifr segir Hánef þann grun,

<sup>1)</sup> til elds, B; til ölds, C. <sup>2)</sup> ok kendi Hrafn, b. v. C.



sem hann þóttist af hafa, ok eigi dylr Hánefr at siðr. Hrafn bauð þat, at hafa jafnmarga sauði aptr, sem Hánefr hafði tekit frá honum; eigi vildi Hánefr þat; ok nú skiljast þeir. Fóru þeir Hrafn heim, ok þíkkist hann nú vist vita, at Hánefr hefir stolit frá honum geldingunum. Þat er nú at segja, at Hánefr ferr til fundar við Vemund, vin sinn, ok segir honum illmæli þat, sem haft var at honum. Vemundr spyr, ef hann væri nokkrs afvaldr um þetta mál; en Hánefr kvað þat fjærri fara, ok biðr nú Vemund styðja sitt mál; hann kvað svá vera skyldu.

5. Maðr hét Steingrímur Örólfs-sonar slitanda; hann var mikill maðr fyri sèr ok góðr bóndi; hann var kvongaðr maðr, ok hét Ástríðr kona hans. Þorbjörn hét maðr, er bjó á þeim bæ, er á Áskógi<sup>2</sup> heitir, þat er á Gálmaströnd; Þorbjörn hefir átt 2 sonu, er við þessa sögu koma at nokkru, [hét annar Steinn<sup>1</sup>, en annar Helgi; þeir voru efniligir menn, ok enn mun sagt verða frá þeim síðarr í sögunni. Dóttir Þorbjarnar er nefnd Ástríðr; þá konu átti Steingrímur Örólfs-son, er fyrr var nefndr. Steingrímur bjó at Kroppi í Eyjafirði; svá var sagt, at hann væri frændi Hrafn, er bjó á Lundarbrekku í Bárðardal. Nú er þat fyrst at segja, at Hrafn sendi Þorleif melrakka til Steingríms, frænda síns, í Eyjaljörð, ok vildi eigi hætta honum þar með sèr, ok kvað hann vera góðverðan frá sèr, svá sem honum hafði drengiliga farit í málum þeirra

<sup>1</sup>) Örólfs-son, E. <sup>2</sup>) Árskógi, B, C, *alstaðar*. <sup>3</sup>) Þannig B, C; sá eini hét Hersteinn, A og hin.



Hánefs; kvaðst þat vilja, at hann hlyti þar ekki illt af, segir, at hann mun koma um vetrinn at finna hann. Þorleifr kemr nú á fund Steingríms, ok tekr hann vel við honum at orðsending Hrafn, ok er hann nú með honum. Um vetrinn finnast þeir frændr, ok var þat í ráðagjörðum þeirra, at Hrafn skyldi selja jarðir sínar norðr, ok fara síðan vestr í nánd Steingrími, ok stefna Hánef um sauðatökuna, en þá kvaðst Steingrímr vilja taka við málinu síðan. Nú ferr Hrafn svá með, sem honum var ráð tilgesit, at hann stefndi Hánef um vorit; ok síðan fór Hrafn á burt þaðan or sveit með allt sitt í Eyjafjörð. En frá því er nokkut at segja, hvern veg Hánefi brá við stefnuna, at hann fékk sér hest, ok reið þegar á fund Vemundar, ok segir honum, hvar nú var komit málinu; ok nú lætr hann ásannast fyri Vemundi, at hann var valdr sauðatökunnar, ok biðr hann nú ásjár. Vemundi þótti illa, at Hánefr hafði dult hann tökunnar, ok sagði, at allt þótti honum nú óhægra hlut í at eiga, er hann hafði eigi áðr vitat; en þó er svá sagt, at Vemundr tekr handsölum á öllu fè hans, en hafði heim dóttur sína. Nú verðr Áskell brátt varr við þetta, ok býðr hann Hánef til sín, ok þótti hann vera þræls efri; segir nú, sem fyrr, at illt mun af honum hljótast; kvað eigi ólíkt því farit hafa, sem hann gat til fyrir öndverðu, þá er þeir Vemundr töluðust við, þá er hann þá barnfóstr at honum. Steingrímr ferr nú með málit til alþingis, ok lauk því svá, at Hánefr varð sekr um



sauðatökuna. Hrói hèt maðr; hann bjó norðr í Öxarfirði, á þeim bæ, er heitir í Klifshaga; hann var mikill bóndi fyri sér. Svá er sagt, at Steingrímur gaf Hróa hundrað silfrs til þess, at drepa Hánef, ef Vemundur sendi hann í Raufarhöfn til skips: Þvíat hann vill þar koma honum utan á Slèttunni; en Steingrímur kvoðst mundu varða at Gásam, at eigi kæmist hann þar utan; ok þetta vill Hrói; ok fara menn nú heim af þinginu. Vemundur ferr sandleið heim á Öndórstaði til húss síns í Reykjardal, ok kom hann í Hraunsás hjá Mývatni; þar bjó kona sú, er þorgerðr hèt; hún átti son, er þorkell hèt, hann var úngr maðr ok frækiligr. Vemundur biðr, at son hennar fari með honum norðr á Slèttu til skips, kvoðst gott þikkja, at slíkir menn færi með honum, sem þorkell var, er svá eru vænligr; hún leyfir, ok þikkir allmikit fyri; en þó ferr hann með Vemundi. Nú ferr Vemundur at finna Áskel, frænda sinn, ok ræðst um utanferðina Hánefs við hann; en Áskell latti utanferðina, ok bauð honum þar at taka við Hánef, ok sjá þat ráð fyri honum, sem honum líkaði; segir honum þann grun, sem hann þóttist vita á með þeim Steingrími ok Hróa í Klifshaga, en kvað aungva von, at hann mundi á burt komast í Eyjafirði, svá at Steingrímur yrði eigi varr við. Vemundur kvoðst þat eina vilja, at koma honum á burt. Aungvan hlut vil ek í því eiga, kvað Áskell, ok far þú með, sem þer líkar, en mikit illt mun af Hánefi hljótast. Vemundur sendi orð Háls, bróður sínum, at hann komi á hans fund; þó kom honum þat í hug,



at eigi væri ráðit, hversu at menn vikist við um hans crösending; ok því gjörir hann þat ráð heldr, at sendimaðrinn beri til orða Áskels þeim mönnum, sem hann vildi tilnefna; hann sendir annann mann til Þóris geitbegs<sup>1</sup>, er bjó í Laxárdal, á þeim bæ, er í Holti heitir. Þórir bjóst til sels, þá er sendimaðrinn kom. Þórir neitti ferðinni, áðr orð Áskels komu til; en þá var hann þegar búinn. Ljót at þverá í Laxárdal hitti hann, er þá var at skálasmiði sem óðast, ok hinn þriðja Þórodd harðjagl á Mánahjalla; hann var enn í selför; þessir köstuðu þegar niðr verki sínu, er Áskels orð komu til, en eigi fyrr. Þessir menn allir fara nú með Vemundi, þar er ok Hánefr í för með þeim; þeir voru 18 saman, ok fara nú síðan þann veg, sem leiðir lágu; taka gistingarstað í Reykjahverfi með þeim manni, er Geirrekr hèt; hann var vinr Vemundar; hann bauð, at hafa Hánef þar á laun, þartil at skip kæmi at náðugliga, svá at honum mætti utan koma, ok kvoðst þat þikkja ráðligra, enn sjá meðferð, er Vemundr ætlaði at hafa, ok sagði, at Hrói í Klifshaga hafði tð tiltekit, at drepa Hánef, af Steingrími, ef honum gæfi færi á, ef þangat væri fars leitát, sem þú ætlar nú til: ok því einu hefir hann þarum játat, at hann mun þat gjarnan enda vilja, ef hann má því ákoma. Hitt er líkara, segir Vemundr, at hann gefi at þessu aungvan gaum, ok munu vèr fara þann veg, er vèr höfum áðr ætlat. Þú munt því ráða, segir Geirrekr, ok annann veg mun reynast, enn hann Hrói

<sup>1</sup>) geitskeggs, C.



láti hjá sér liða þat, sem hann er heitbundinn í við vini sína. Þeir Vemundr kögr fara nú í Öxarfjörð, ok yfir Jökulsá at ferju hjá Akrs-höfða; sá maðr hèt Þórðr, er þar bjó; þar hafa þeir dagvörð at Þórðar. Svá er sagt, at Þórðr ætti þræl, er fyrr var nefndr; hann hafðist þat at um daginn, er þeir Vemundr kvomu, at hann ók heim viði; ok þegar er þrællinn varð varr við, hvörir komnir eru, þá veltir hann af hlassinu; síðan tekr hann á rás mikla, ok rennr þartil, er hann litr Hróa í Klifshaga, meðan þeir Vemundr mötuðust; ok nú segir hann Hróa, at Vemundr var kominn í Akrhöfða við 18da mann, ok þat, at þar var Hánefr í för, ok kvoðst þrællinn nú vilja launa bróka vaðnalit, er hann hafði gefit honum. Hrói sendi þrællinn at vita, hvörja leið þeir færi, hvat fremra, eða hvat efra, um hálsa. Þórðr í Akrhöfða bauð Vemundi at sitja þar, ok sagði þat nú um þrællinn, at hann hafði í burt hlaupit, þá er þeir höfðu komit, ok kvoðst ætla, at hann mundi hafa farit til Hróa, ok gert hann varan við kvomu þeirra. Vemundr vill fara, sem hann hefir ætlat, ok kvað Hróa ekki mundu þikkja undir um ferð þeirra. Þat er nú at segja, at Hrói safnar liði, ok hefir 30 manna, áðr hann fór heiman; vildi fóstura hans þreifa um hann, áðr enn hann fór heiman, ok þóttist hún þá gjörst vita, hvern veg honum mun farast; hún finnr á sæti honum, en annarstaðar þótti henni vel vera.

6. Nú ferr Hrói með föruneysi sínu 30 manna, ok sátu fyri þeim Vemundi í einstigi nokkru;



höfðu þeir eigi lengi þar verit, áðr Vemundr kom með flokk sinn at einstiginu. Ok nú hlaupa þeir Hrói upp fyrri þeim, ok biðr hann Vemund nú, at hann fái Hánef í hendr þeim, ok fari aldrei með slíkt illmenni: heldr láttu mik sjá fyrri honum, segir hann, þat er mër líkar. Nei, segir Vemundr, eigi munda ek þat vilja, Hrói! at þú kæmist þegar svá auðveldliga at hundraðinu því, sem þú tókst af Steingrími til höfuðs Hánef, at ek seli hann nú þegar fram þèr í hendr; verði þèr at sækja eptir betr, ef þèr vilð, segir hann. Nú slær þegar í bardaga með þeim, ok skýtr þegar Vemundr spjóti til Hróa í rist hans; en Hrói sendi þegar aptr spjótit til Þorkels í gegnum hann, en hann var sonr Þorgerðar í Hraunsási. Þóroddr harðjaxl vo Helga, bróður Hróa. Þat er nú sagt, at þeir vildu aptr hverfa þóroddr ok Hánefr, en Vemundr vill þat eigi. Ok nú kemr þar Áskell við 30 manna, ok vildi sætta þá; er svá sagt, at hann fór þegar, er hann spurði atferðina Vemundar, ok þótti þess eins von vera, at eigi kæmi þeir skemdarlaust fram ferðinni fyrir Hróa, ok kallar nú mikit á orðit, ok kvað þó þá betra at sættast, enn síðarr. Nú kemr þar til fundarins sá maðr, er Þórhallr hét; hann bjó í Hafrafellstúngu, góðr ok skilríkr; hann var með 30 manna; hann gerir nu tvo kosti: bað þá gera annathvort, at kjósa hvorn er þeir vildi, at þeir hætti at berjast, eðr hann mun ráðast til barðagans með þeim: ferr þá, sem auðit verðr; ok nú láta þeir af at berjast. Svá er sagt, at fallnir voru af liði Hróa: Helgi, bróðir hans, ok Þrællinn, en af Vemundi: Þóroddr harðjaxl ok



Þorkell, er fyrr var getit; Hánefr var ok fallinn, þótti þat fám mönnum skaði, þóat hann væri drepinn. Nú er þegar slegit í sætt málinu með því móti, at Áskell skal gera um þeirra ímilli. Sú var gerð Áskels, at vígin skulu ástandast Þorkels ok Helga, bróður Hróa, Hánefs ok Þrælsins, en þórodd skal bæta hundraði silfrs; land var goldit í Reykjahverfi, ok voru þat ráð Áskels. Eru þeir nú sáttir eptir þetta, ok fara nú hvoru-tveggju til sinna heimkynna. Nú segir Áskell, at nú hafði því nær farit, sem hann gat til, ok þótti þessi för betr ófarin. Vemundr kvað hvörn sinum forlögum fylgja verða, sagði nú hvorn-tveggja mega vel við una sinn hlut, ok segir, at þá mun hverr deyja, er feigr er.

7. Þá gjörði vetr mikinn þareptir hinn nærsta, ok eiga þeir fund Reykdælur at þverá at Ljóts hofgoða, ok þat sýndist mönnum ráð á sankomunni, at heita til veðrabata; en um þat urðu menn varla ásáttir, hvörju heita skyldi; vill Ljótr því láta heita, at gefa til hofs, en bera út börn, ok drepa gamalmenni; en Áskeli þótti þat ómælligt, ok kvað aungvan hlut batna munu við þat heit; sagðist sjá þá hluti, at honum þótti líkara til at batna mundi, ef heitit væri; ok nú spyrja meun, hvat þat væri; en hann sagði, at ráðligra væri at gjöra skaparanun tigu í því, at duga gömlum mönnum, ok leggja þar fê til, ok fæða upp börnin. Ok svá lauk nú þessu máli, at Áskell ræð, þóat margir menn mæltu ímóti í fyrstu, ok öllum þeim, er rættisýnis voru, þótti þetta vera vel mælt. Einhverju siuni kom Ve-



mundr at máli við Áskel, ok bað hann ljá sèr ferju at fara úttil Flateyjar eptir veiðiskap, kvaðst hann bæði mundi flytja at Áskeli ok sèr; hann sagðist ljá ferjuna þegar hann vildi. Áskell átti þar mikil faung í eyinni, ok hafði þann mann settan til at geyma, er Kálfr er nefndr; ekki er hann sagðr mikilmenni. Nú ferr Vemundr, þartil er hann hittir Kálf, ok biðr hann, at greiða sèr faung þau, er Áskell átti í hans varðveizlu, ok kvaðst vera eptir sendr. Kálfr svaraði, at hann kvaðst seldt hafa faungin þeim or Áskógi, þorbirni ok sonum hans, ok sagði nú Stein nýfarinn á brutt, ok at hann hafði kú viðtekit af þeim. Já, sagði Vemundr, þá varð ek heldrtil seinn, en þat væri makligt, at ek dræpa þjóf þinn, ok mættir þú þann veg eigi svíkja fleiri góða menn, sem Áskel, ok muntu vera hinn versti maðr. Kálfr svarar, at hann ætti ekki refsing á þessu: lát mik fara á fund Áskels, ok vil ek gjarnan, at hann gjöri minn hlut, sem hann vill. Nú fara þeir á fund Áskels, Kálfr, ok segir Vemundr honum þat, sem um var. En Áskell sagði, at ekki skulu þeir um þetta deila þurfa, ef verðit gyldist; vil ek nú, segir Áskell, gefa þèr, Kálfr! kúna, ok biðr hann nú afla sèr heyja um sumarit, ok sækja sèr aðra kú heim til sín, ok kvaðst þá vilja gefa honum, ok kendi sèr völd um þat harðrètti, er hann hafði þolat af Vemundi, ok virði þat til vorkunnar við Kálf. Ok jafnan sýndi Áskell þat, at hann var fáum mönnum líkr sakir rættðæmis, er hann hafði manna ámillum, ok drengskapar við hvörn mann.



8. En at<sup>1)</sup> vori það Vemundr Áskel ferju sinnar til Grimseyjar á reka þeirra Áskels; sá maðr er nefndr Máni, er geymdi rekann þann, er Áskell átti þar. Ok nú segir Áskell Vemundi, at hann hafði mælt við Mána á vorþingi, at hann skyldi selja rekana, ef hann gæti, en ef nú væri eigi seldt, þá skyldi Vemundr meðfara. Vemundr kom nú til Grimseyjar, ok dró upp skip í varir Áskels; en þar lágu skip fyrri, ok tekr Vemundr þat ráð, at hann hratt út skipinu, ok lét fljóta um ýla; gengu síðan til Mána, ok spyr eptir fánginu; en Máni kvaðst seldt hafa, sem Áskell skipaði áðr. Vemundr segir, at hann var nú eptir sendr fánginu, ok kveðr Mána nú illa hafa meðfarit, ok vill hann þá enn eigi fara erendislaust; tekr síðan hval framá ferjuna, er þeir áttu feðgarnir or Árskógi. Ok í því bili kom Þorsteinn í eyrna, ok mæltust þeir við nokkr orð, ok vill Steinn eigi róa eptir honum, ok skiljast þeir nú at sinni. Nú kemr Vemundr kögr á fund Áskels, ok segir honum, hvörsu farit hafði, ok bað honum af fánginu slíkt, er hann vildi. Lét Áskell illa yfir ferðinni, ok kvaðst aungvan hlut vilja hafa af því, er Vemundr stæli, en sagði Mána hafa svá meðfarit, sem hann hafði skipat honum, ok segir, at Vemundr vill þat opt ónýta, sem hann leggur til með honum, þótt honum gegndi hvergi verr þat at hafa. Ok nú segir Vemundr, at eigi skal hann hafa utan flutt farinn til þess, at engi njóti, lætr flytja í bú sitt, segir, at nýta skal fángit, þóat Áskell vill eigi hafa. Nú kemr Steinn at hitta Steingrím, mág sinn, ok

<sup>1)</sup> annat, B.



segir honum þau óskil, er þeim feðgum voru gjör af Vemundi um hvaltökuna. Steingrímur kveðr þá skulu gera eptir dæmum Áskels, ok segir, at þá skal ekki áskilja um hvalfjósir nokkrar, ok bað þá láta vera kyrt.

9. Þat er nú at segja, at skip kom í Eyja-fjörð eitthvört sinn við Knarareyri, [sem opt kann við at þera', þó helzt sè hér nokkut frá sagt at sinni; Þat skip var viði hlaðit at miklum hluta; ok annat skip kemr á Gásun mjök í þat mund, sem hit fyrra. Herjólfur frá Mývatni ok Vemundur, bróðir hans, koma til kaupa. Herjólfur átti skála á velli, ok vildi kaupa til góðan við, ok bauð nú um Vemundi, at vera fyri sína hönd. Hann fór nú, ok falaði viðinn at Austmanni fyrir Herjólf, ok þar var með kerviðr<sup>2</sup>, er hann vildi kaupa, ok var hvorutveggi góðr viðrinn. Ok nú segir Austmaðrinn, at Steingrímur frá Kroppi hafi áðr virðt' viðinu fyri 3 hundruð einlit, en hafði goldit áðr fyri kerviðinn í öðru lagi 6 aura. Vemundur hældt eun fram málinu, ok bauð har hálf verðit mórennt fyri viðinn, en allt mórennt fyri kerviðinu; sagði honum eigi verra við sik vera at kaupa, enn við Steingrím, en hefði þó verðit meira fyri. Austmaðrinn kvaðst mundu hafa seldt honum, ef hann hefði fyrri komit með þviliku verði, sem Steingrím: en segist nú ekki mundu taka litla mútu, til at bregða þessu kaupi mínu, þar sem ek hefi orðit áðr ásáttir við annann mann. Nú sèr Vemundur, at hann fær ekki atgjört at svá búnu, en vildi þó fyri hvern mun fá viðinn keypt-

<sup>1</sup>) b. v. B, C. <sup>2</sup>) kjörviðr, C, E, *allstæðar*. <sup>3</sup>) veðjat, B, C.



an; ok nú kaupir hann at einum manni<sup>1</sup>, ok gefir honum til eyri silfrs, at hann segði í hávaða þar við skipit, at Steingrímur hefði keypt við at Gás-um, ok hann mundi nú ekki þessa viðar þurfa, er hann hafði þar áðr varðat<sup>2</sup> fyri sína hönd; ok þegar er sjá saga kemst við veðri þar at skipinu, þá keypti Vemundur þá þegar viðinn þann, er hann hafði áðr falat. Ok nú segir Herjólfur honum til, er hann vill eigi hafa þenna við, er keyptr var í brygð við annann mann, ok kveðst munu ná enn þeim viði, er menn hefðu eigi áðr keyptan. Vemundur segir, at honum líkar þat vel, þótt hann vil eigi hafa viðinn, kvað ósýnt, at betra mundi hann viðtaka, eða betra kaup at fá, enn sjá var keyptr með þvílíku verði. Herjólfur kveðst betra þikkja, þótt hann fengi harðari kosti á um viðinn, ok væri ekki tvímæli á síðan, hvort hann ætti, eðr aðrir menn. Vemundur kvað því margan lítilmenni vera, at sèr lætr allt í augum vaxa, þótt smátt komi til. Vemundur geldr nú þegar fyri viðinn, ok þá lætr hann þegar heim flytja viðinn. Svá er sagt, at nú þrýtr hrossin fyri þeim, ok er kjörviðrinn eptir í Hnjóskudal á Vetrliðastöðum við þíngarvað<sup>3</sup>, en annar kemst heim. Nú verðr Steingrímur þessa brátt varr, hvörn veg farit hefir um viðinn, ok segir, at hann muni ekki kunna Austmann um þetta, ok þótti honum hafa vel farit; ok eigi vill hann hafa verðit, er hann hafði reidt fyri kerviðinn, kvaðst annathvort skyldu missa hvorutveggja, eðr hafa allan viðinn, þann er hann hafði keypt. Svá er

<sup>1</sup>) þriæl, B, C. <sup>2</sup>) verðat, B, C. <sup>3</sup>) Þíngsvað, E.



sagt, at Steingrímur sendi Þorleif melrakka ok Hrafn, verkstjóra sinn, at vitja viðarins, hvort Vemundr hefði látit heim draga viðinn. Ok nú er ekki at segja fyrr frá þessari ferð, enn þeir koma til Þingsvaðs, ok finna þar Þræla Vemundar; er sá sagðr fundr þeirra, at þeir Þorleifr drepa Þrælana Vemundar, en taka á burt kerviðinn, ok hafa heim með sér, ok segja Steingrими, hvat er þeir höfðu atgjört; en hann lét vel yfir þessari ferð, ok kvað þá ekki skulu síns í varðar<sup>r</sup> um þetta mál. Nú er þat at segja þessu nærst, at Vemundi þikkir mjök seinkast heimkoma Þrællanna, ok ferr nú síðan at leita þeirra, ok finnr þá við Þingavað drepna, ok hulda með viðinum, ok nú sér hann, at á burtu er kjörviðrinn; nú bregðr honum mjök í brún, ferr nú þegar at finna Áskel, kvaðst ekki una við svá búit, at eigi kæmi hær nokkut fyri, ok segir honum nú þat, sem á var orðit. Áskell sagði honum, at varla sýndist honum þann veg, kvað ekki meira at vorðit, enn honum þótti von at, svá illa sem Vemundr hafði þetta mál upptekit fyri öndverðu fyri viðakaupit. Vemundr bað nú Áskel at eiga hær nokkrn hlut í, svá at þetta mál mætti til skila gánga, svá at eigi hlytist verra af, enn nú var at orðit.

10. Þat var sagt, at á Möðruvöllum bjó Eyjólfur Valgerðarson; sendir Áskell honum orð, at hann komi til móts við hann at Tjörnum í Ljósavatnsskarði, ok vildi, at þeir semdi þetta mál milli þeirra Steingrims ok Vemundar, ok

<sup>1)</sup> virða, B, C.



Þótti, sem minna mundi af verða, ef þeir hittust eigi sjálfir, er hvorutveggi var kappsmaðr mikill, en miðlung góðgjarnir, ok sýndist þat sáttvænligra, at þeir Eyjólfir sendi þeirra ámilli; hann sendi ok þau orð, at Eyjólfir forvitnaðist af Steingrími, hvort hann mundi vilja una við svá búit, ok at Eyjólfir skipaði málum fyri hans hönd, sem honum líkaði, en Áskell taki málum fyri Vemund. En Steingrímur kvað þá allvel komit sínu máli, at Eyjólfir sæi fyri, ok setti niðr sem honum líkaði. Ok nú finnast þeir at ákveðinni stundu, Áskell ok Eyjólfir, ok ræða mál með sèr; ok var sú gerð þeirra, at jöfn skulu vera kjörviða taken, ok hvorr hafði tekit frá öðrum, ok þræla drápit, er heimamenn Steingríms höfðu drepit við þingvað. En svá er sagt frá orðum Vemundar, þá er hann vissi gerðina, at hann kvoðst eigi mundu rjúfa gerð þeirra, en segði þat þó með, at hann þóttist ekki hafa fyri þrælana sjálfa. Nú býðr Áskell honum af sèr at þiggja hvort er hann vill, fè fyri þræla sína, eða þrælana sjálfa; en Vemundr kvoðst hvorki þiggja vilja af honum fè, nè mansalsmenn, ok kvaðst heldr við svá búit una mundu, sem honum var þá ætlat.

11. Þat er nú at segja, at Háls kemr á fund Áskels, frænda síns, at hann vildi láta biðja konu til handa sèr. Áskell spyr, hvar hans hugr leikr á um þetta mál. Háls svarar, at hann vill fá þeirrar konu, er Helga hèt, ok var Granadóttir, er bjó á Granastöðum<sup>1)</sup> í Eyjasjarðardölum, ok biðr Áskel vera fulltingismann þessa máls fyri

<sup>1)</sup> Árnastöðum, B, C.



sína hönd. Ok Ákell ferr með Hálsi, ok vekr um bónorðit við Grana, ok bað hann gera sinn vilja um þetta mál, ok gefa Hálsi konuna. Grani svarar, at Áskell skyldi ráða þeim nokkra staðfestu, ok vera þeim jafnan ásjáandi, lét þess þurfa mundu fyri sakir ofstopa Háls ok hlutdeilni; ok nú takast þessi ráð, ok ræð Áskell undir þau Helgastadi; tókust nú ástir með þeim, ok voru þau þó eigi samlik í lundarfari. Nú er þat fyrst at segja, at Hrafn á Hóli á Kræklingahlíð skyldi fá dóttur þess manns, er Atli hét; hann bjó á Grund í Bárðardal; ok nú biðr Hrafn, at Steingrímr fari með honum í brúðferðina, ok svá gerði hann; fara nú til þess, er þeir koma til Atla. Sá maðr er nefndr til sögunnar, er Örnólfr hét, hann var kallaðr hrella; hann bjó á þeim bæ, er heitir á Álstöðum; Örnólfr var maðr auðigr at gripum ok lausafè. Þat er sagt, er Hrafn var at brullaupi sínu, er Atli gipti dóttur sína, at Steingrímr falaði yxni tvö rauð at Örnólfi, 6 vetra gömul, þat voru góðir gripir; en hann mat yxnin fyri 5 hundruð; en Steingrímr bauð við stóðhross, ok varð kaup þeirra, at Steingrímr skyldi gefa til hálförk silfrs, at hann næði kaupinu. Eigi vildi Steingrímr á brutt hafa yxnin, fyrr enn Örnólfr sæi hrossin. Steingrímr sendir nú húskarla sína 2, at færa Örnólfi hrossin 2, ok hafa þeir nú á burt með sèr yxnin, ok ætluðu heim með at fara til Steingríms. Þeir koma til Lauga í Ljósavatnusskarð um kveldit, ok setja inn yxnin, eru þeir þar um nóttina. En þá var haustboð undir Felli at Vemundar, ok



kvomu þángat gaungukonur 2, ok sögðu Vemundi yxna kaupit. Nú kemr Vemundr at máli við Háls, ok bað hann, at halda þar nú háttum at boðinu, en hann kvaðst eiga heimanferð fyrri hendli; hann ferr nú við 4ða mann á Jarlstaði til Örnólfs, ok kvaðst vilja kaupa yxnin til þess, at gefa Áskatli, kvaðst engin yxn eiga þau áðr, at honum þætti honum gefandi. Nú segir Örnólfr kaup þeirra Steingrims, ok þat með, at þeir hefði þegar í burtu farit með yxnin. Þá brást<sup>1</sup> við gríðkona ein, ok kvaðst hafa sèt yxnin á stöðli um dagin, ok kvað þat aungvu gegna, er hann segði. Örnólfr kvað þat verit hafa hinu hvítu, enu 5 vetra gömlu yxnin, ok hældt einninn sögu sinni, sem áðr; þótti einskis örvænt fyrri Vemundi, ef hann vissi eigi hit sanna, en hugði, at hann mundi heim snúa þaðan, ok vildi hann þat eina láta af sèr hljótast um mál þeirra, at honum mætti ekki um kenna. Vemundr ferr nú at leita yxnanna, ok grunaði sögu hans. Þeir koma nú til Tjarna, ok svá til Lauga, ok var nær, sem þeim væri vísat til yxnanna; taka í bruttu, ok hafa heim með sèr undir Fell um morguninn. Vemundr vildi gefa Áskatli yxnin; hann spyr Vemund, hversu hann hefir fengit; hann sagði, sem farit hafði. Áskell vill fyrri aungvan mun þiggja, þegar hann veit, hversu farit hafði. Nú tekr Vemundr til sín yxnin, ok lætr ala til jóla, ok skal Svartr vaka yfir um nætr. Áskell lét illa yfir, ok kvað Vemund mundu eigi fyrr afláta óspektinni, enn nokkut illt hlytist af honum, ok kvað þat líkara, at Steingrinn mundi

<sup>1</sup>). vaðst, B, C.



eigi vilja hafa svá búit þvílíka svívirðing, sem þú hefir nú gert honum. Vemundr kvaðst eigi síðr eiga at sjá til síns hlutar við Steingrím, ok kvaðst gjarnan vilja, at hann findi þat nokkut sinn. Askell bað Vemund, at hann skilaði aptr yxnunum; en hann kvað þat mundu fjærri fara, at hann vilì hafa sókta þá til einskis annars, enn at senda þá nú aptr þegar, ok kvað Steingrími svá munu þikkja, sem hann mundi nú eigi þora at halda þeim, ok kvaðst ekki þat gera. Nú skiljast þeir Askell ok Vemundr, ok þikkir sinn veg hvorum þeirra. Nú koma þeir heim hús-karlarnir, þeir er Steingrímr hafði sendt eptir uxunum, ok segja honum til svá búins, hvat af þeim var orðit; en hann lèt þegar leita eptir, fèkk hann til ferðarinnar Þorleif melrakka; hann kaus Hrafn verkstjóra at fara með sèr. Nú fara þeir til þess, er þeir koma til Vemundar, ok gánga til fjóss. Þorleifr spurði Hrafn, hvort hann vildi taka uxana, eða varðveita þann manninn, er vakir; Hrafn kaus, at sjá fyri manninum. Nú ráðast þeir inni fjósit, ok leiðir Þorleifr út uxana; en Hrafn gengr nú fyrst þartil, er Svartr var, ok varðveitir hann á þá leið, at hann rak öxi í höfuð honum, ok veitti honum þegar banasár, ok kvaðst þat ætla, at hann mundi eigi segja Vemundi frá þeirra ferð. Nú ráðast þeir á veginn ok fara óþyrmiliga með uxana yfir heiðina, er heitir Fljótsheiði; kom þeim þat eina í hug, at Vemundr mundi eptir þeim fara, ok vilja því firrast hann, sem þeir mega; ok er lýsa tekr nokk-



ut, en uxarnir þreyttust, víkja þeir af götunni, ok leita sér hælís undir bökkum, þar er sízt mátti þá sjá. Nú er frá því at segja, at einhver gríðkona fór í fjós at Vemundar, ok vildi vekja Svart, ok kvað hann eigi vera trúlyndan, er hann vakti svá ódyggiliga; en hann vaknar eigi við kall hennar; nú þrífir hún á honum, ok verðr vör við, at hann er drepinn, hleypr inn með ópi miklu, ok segir Vemundi, at Svartr var dauðr, ok þóttist Vemundr þegar vita, hverju gegna mundi; býst nú þegar til ferðar við 12ta mann, ok ætlar, at leita þeirra, er verkit hafa unnit; hann sendir þegar eptir Konáli á Einarstaði, at hann kcmi til liðs við hann; Konáll fór ok við 12ta mann; ok er þeir finnast, fagnar Vemundr honum vel, ok skipta þeir liði, ok riðu þeir Konáll götur til Ljósavatnsskarðs yfir fljótit; en Vemundr leitar á Fljótshæði, ef þeir hefði eigi komizt yfir fljótit; hann hafði sporhunda, er Konáll hafði átt; ok nú finna hundarnir uxana; þá spruttu þeir þorleifr upp ok útá fljótit, ok höfðu allt á kafi. Þeir Vemundr hleyptu nú eptir þeim, en þeir þorleifr fóru á hól nokkrn; þá kvomu þeir Vemundr þar, ok sækja at þeim. Vemundr skaut spjóti á hólinn, ok kom á þorleif<sup>1</sup> miðjan, ok slaug ígegnum hann. Hrafn þrífir spjótit, ok sendir ofan aptr at þeim, ok steyptist sá dauðr af baki, er fyri varð. Hrafn hljóp á bak hesti sínum, ok hleypir, sem mest má hann, þartil er hann kom heim, ok sagði Steingrími um sína ferð, sem vorðit var. En þeir hverfa aptr með uxana,

<sup>1</sup>) þrælinn, B, C.



ok hjó (Vemundr) höfuð af hvorutveggja nautinu, ok sagði, at Steingrímur skal aldrei þeirra njóta þaðanaf. Ok nú ferr Vemundr á fund Áskels, ok segir honum, hvat milli þeirra Steingríms hafði þá borit. Áskeli þótti farit hafa, sem honum koin í hug, ok von var, ok býðst enn til at sætta þá, ef hann skal ráða fyri hönd Vemundar; nú játar Vemundr hans ummælum. Þá sendi Áskell orð Eyjólfu Valgerðarsyni, at taka málum fyri hönd Steingríms, ok koma til móts við hann at Laugum í Ljósavatnsskarði; ok þar finnast þeir, eptir því, sem Áskell beiddist; ok nú tóku þeir til at tala um málin, ok var sú sættargerð þeirra, at vígin ástandast, Þorleifs melrakka ok þess manns, er Hrafn vó með því spjóti, er Þorleifr hafði bana af fengit; en fyri uxana 6 hundruð, ok virðit til vöru; en Svartur skal koma fyri þat, er teknir voru uxarnir frá Steingrími í fyrstunni, ok skapraun, sem Vemundr gjörði honum. Ok nú segir Vemundr, at hann þikkist enn aldrei bætr hafa haft fyri þrælana, þá er drepnir voru við þingsvað; en Áskell bað hann láta þat eigi ofarr komast, ok sagði, at hann mátti vel viðuna, er menn yldu honum jafnán sáttar unna, hver endimi sem hann tæki til bragðs, ok kvað hann eigi vera meðal-óspektarmann; ok eru nú sáttir enn um sinn.

12. Svá er sagt, at eithvert sumar skyldi Steingrímur etja hestum sínum á Ljósvefningaleið við Hnjóskdælskan mann nokkrn; þar koma þeir Reykdælar, Áskell ok Vemundr ok Fjörleifarsynir. Þeir Vemundr ok Háls koma til þeirra



manna, er at soðning voru, ok beiddi Vemundr þá, at þeir mundu gefa honum hrútshöfuð hvítt, er var hjá þeim; þeir spyrja, hvat honum skal þat, en kváðust þó eigi mundu spara við hann, ef honum þætti máli varða, at hann næði því; hann kvað þeim fara vel; ok nú sviðr hann litt um höfuðit, ok varðveitir síðan þat sem honum sýndist. Þeir fara nú á burt þaðan, finna þann mann, er Þorgeirr er nefndr, ok er kallaðr smjörhringr; frá honum er þat sagt, at engi fæða væri (honum) jafngóð, sem smjör ok brauð; hann var kallaðr litill skilamaðr; ok nú segir Vemundr til Þorgeirs: þat er vel, at ek hefi þik fundit, ok kallar hann frænda sinn: vil ek gjarna gefa þèr mat, meðan við erum hèr, ok kvað þat makligast vera, at hann rækist ekki þar á öðrum mönnum; en Þorgeirr tekr því vel, ok kvað Vemundr mundu góðan dreng vera. Þat er sagt, at Áskell varð varr við þetta, ok kvaðst eigi vita von í, at Þorgeirr væri þeim nokkut skyldr, ok kallar þat óvitsamligt, at gefa slikum óvendismanni mat sinn, sem Þorgeirr var, kvaðst eigi vita, hvat undir slíku bjó. En Vemundr gaf aungvan gaum at orðum hans, ok sitr nú á tali við Þorgeir, svá sem hann væri dygandismaðr, ok þat varð í ræðum þeirra, at Vemundr gjörði honum kaupakost; Þorgeirr spurði, hvern sá væri, kvaðst gjarnan vilja við hann kaupa. Vemundr kögr svarar, at hann mun fá honum vetrvist, ef Þorgeirr vill þat vinna til, at ljósta Steingrím um daginn með sauðarhöfði fyrir augum öllum mönnum. Þorgeirr bað hann gefa ráðit til, en kvað sèr eigi munu áræðit bila.



Vemundr kvað svá vera skyldu; ok nú segir hann Þorgeiri, at þar skal etja hestum um daginn, ok Steingrímur á hest at etja: skal ok nú ráð tilleggja með þèr, at þú dragir sauðarhöfuðit, er ek fæ þèr, á staung þína, ok gángir mjök at hestavígunum, sem þú ert vanr, en kvað Steingrím fylgja hesti sínum, ok vera í hvítu skyrtu, ok hafa hlaðbúna húfu á höfði, ok kvað hann vera skrautmenni hit mesta; ok þá bað hann Þorgeir láta ríða staung sína at höfði Steingríms, svá at sauðarhöfuðit kæmi á háls honum, sem harðast: en ek mun vera nær at duga þèr, segir Vemundr. Þorgeirr svarar: vitr maðr ertu, ok er þetta ráð af mikilli fyrirhyggju sett; ok nú var þetta kaup ráðit með þeim. Þat er sagt, at Áskell mælti við Vemund, áðr hestarnir voru framleiddir, at hann sæti hjá kyrr um daginn, ok ætti aungvan hlut í um hestakeyrslunnar, ok þótti þat þá líkara, ef hann sæti hjá, ok skipti sér ekki af. Vemundr sagði: opt þikki þèr ek ekki ráðþægr um þá hluti, er þú villt mèr kenna, þótt mèr væri þat betra at hafa, ok nú finn ek, hvörsu óvitrligt þat er, ok nú vil ek svá gera, sem ek ætti jafnan, at taka með þökkum þín heilræði, kvað svá vera skyldu, sem hann vildi. Ekki vissi Áskell kaupit þeirra Vemundar ok Þorgeirs. Ok nú leiða menn saman hestana, ok fór þat eptir því, Vemundr gat til, at Steingrímur keyrði hest sinn sjálf, ok er vigit gott; hleypr Þorgeirr þar hjá, ok er málóði mjök; menn gefa at því aungvan gaum, ok þikkir ekki nýtt um þat. Ok í einhverri hvíld, þar er menn varði minust, þá



lýstr Þorgeirr Steingrím mikit högg með sauðarhöfðinu á hálsinn, ok kallar nu á Vemund, at hann skyldi duga honum; en Steingrímur hleypr þegar eptir honum, ok mágar hans með honum, Steinn ok Helgi, ok vó Steingrímur Þorgeir, ok fékk honum nú vetrvistina, ok tók þar nú starf af Vemundi; nú snýr hann aptr, ok kvaðst þessa höggs hefnt hafa. Vemundur hafði nú vel hlýdt ráðum Áskels, ok hafði setit kyrr hjá um daginn; en nú þóttust allir vita, at þetta voru hans ráð, er Þorgeirr bað hann dugnaðar eptir höggit. Nú var þar þraung mikil af mönnum, ok býðr nú Áskell enn sætt fyrri þetta. En Steingrímur sagði, at jafnan hefði hann sæzt, ok kvað þá aungva sætt hakka vilja, ok segir, at nú mun ekki af verða sættinni, ok kvað eigi mega þá verr verða, enn áðr, þá er þeir voru sáttir kallaðir. Ok nú vill Áskell gefa Steingrími 3 gripi, sverð ok skikkju ok gullhring, ok voru þat miklar gersemar; en hann vill aungvan þiggja; nú hefir Eyjólfur tekit við gripunum, er Áskell bauð honum, þvíat Steingrímur vildi eigi viðtaka. Fara menn nú heim at leiðinni með aungri sætt, ok una nú hvorugir vel við sinn hlut; þóttist Steingrímur aungva sætt hafa haft fyrri skömm þá, er honum var ger; en Vemundur þóttist nú verr vera orðinn í miklum óþokka við Steingrím, ok þó telur hannekki at því, ok þat líkar honum illa, ef eigi skulu bætr koma fyrri Þorgeir, ok kallar hann fyrri sér drepinn hafa verit. Áskell bað hann þat aldrei gjöra, at heimta bætr fyrri mannfýlu þá, ok kvað hann svá mega

<sup>1)</sup> þannig, líkliga réttara B, C; Steinn, A, E.



gjöra sik berastan at því, at Þorgeirr hafði hans ráðum framfarit; ok unir nú Askell illa við þat, er honum þikkir Vemundr jafnan valda því, er illa er, en þótti þat þó illa, er hann fékk aungvum sættum ákomit milli þeirra; ok skilja þeir nú at sinni.

13. Þat var 2 vetrum síðarr, enn þat, sem nú var frásagt, eptir alþing um sumarit, at Steingrímur kvaddi Hrafn verkstjóra til selgerðar, ok kvað á, hvörsu lengi hann skal at vera. Hrafn [segir, at<sup>1</sup> þat var 2 vikna verk, ok sagði at hann lét eigi vinna þat, er meira lá við, enn riga at slíku. Steingrímur spyrr, hvat þat er. Hrafn svarar: at hefna sauðarhöfuð-höggsins, er þú vart lostinn með á leið um sumarit fyri 2 vetrum af Þorgeiri smjörhring. Steingrímur kvað hann eigi mega meira fyrigjalda, enn lifit; en Hrafn sagði þá eigi ómakligri at kenna af nokkrs, er Þorgeir höfðu þess eggjat, ok kvað hann ekki þat af sjálfum sér hafa tekit. Steingrímur kvaðst eigi þat vita: en þó hefi ek annat hugsat þer verkit, enn ek sagða þer; Hrafn spyrr, hvört þat er. Nú vil ek senda á Hól í Kræklingahlíð eptir Hrafn, bið hann at koma á minn fund; þú skalt ok koma í Hörgárdal eptir þeim manni, er Gnúpr heitir, hann býr á þeim bæ; er á Öxnóli heitir, ok er góðr bóndi; síðan far þú á Gálmaströnd eptir þeim mágum mínum, Steini ok Helga, ok bið þessa menn alla at koma á minn fund. Hrafn kvað sér þetta betr hendt, enn vera at selgerðinni; nít ferr hann á fund þessara manna,

<sup>1</sup>) þannig B, C; en, A.



ok sagði þeim sitt örendi; voru þeir þegar uppi, er Steingríms orð komu til; ok svá er sagt, at Gnúpr mundi farit hafa fyrri, þótt fyrr neðdi komit verit, at því er hann sagði Hrafni; fara þeir nú allir á fund Steingríms; hann fagnar þeim vel. Nú riður hann heiman við 20asta mann, ok norður til Reykjardals, ok riðu snemma aptans heiman, taka hvíld á Fljótsheiði, gagnvart Öndórstöðum, ok áðu þar, ok er svá sagt, at þeir sofnuðu allir. Smalamaður Konáls fór í þat mund þar nærri at fê sinu; ok nú sèr hann hesta marga, en vissi ekki von manna ferða, snýr nú heim þegar, ok segir Konáli þat, sem hann hafði sèt. Konáll þóttist vita, hvörir vera mundu, ok býst nú við, ok sendir eptir Vemundi, ok hann fór þegar á fund Konáls, ok hafa þeir nú 20<sup>1</sup> manna báðir saman. Nú er þat at segja, at nú vaknaði Steingrímr, ok sjá nú manna farir til Öndórstaða, ok þikkjast þeir nú skilja, at menn hafa orðit varir við þá, taka nú hesta sína, ok fara nú á bak, ok sjá eigi færi sitt á Vemundi at sinni, ok þótti Steingrими þat ráðligt, at þeir snöri heimleiðis. En þeir Gnúpr ok Steinn svörðu, at aldrei vildu þeir við þetta heim snúa, ok þóttust vita hæðilig orð Vemundar við þá, ef þeir snúa aptr við þetta; kvóðu nú vænna, at snúa til Mývatns ok drepa Herjólf, síðan þeir náðu eigi Vemundi; ok þángat riðu þeir um nóttina, ok fengu þat ráð, at þorsteinn blindíng, heimamaður Steingríms, skyldi riða til húss, ok hafa lýng eða mosa í sekkjum, ok láta vísa sèr

<sup>1</sup>) margt, B, C.



til Möðrudalsheiðar, svá sem hann ætlaði sér til skips, ok teygja Herjólf svá út; ok þetta ráð gekk svá fram, sem þeir ætluðu, at þann veg varð honum útkomit; þeir Gnúpr ok Steinn hlaupa nú at honum, ok leiða hann frá dyrunum; en Þorsteinn gætti hurðarinnar, at engi mætti útkomast, þótt vildi. Svá er sagt, at Gnúpr mat ekki við aðra menn, at vega at Herjólf. Ok nú riðu þeir heimleiðis; þeir koma til Fjörleifar-tópta í Bárðardal; Hrafn af Hóli lýsti þar víginu Herjólfs fyrri Fjörleifu, móður hans, ok lét, sem hann skyldi drekka, ok fékk sér þat til örenda. Hún sagði, at Herjólf mun goldit hafa Vemundar, ok kvað hann ok hefna mundu, ok sagði, at varla var hún enn frændlaus eptir, kvoðst við þat mundu una, at hefnt mundi verða. Nú riða þeir Steingrímur á fund Eyjólf, ok segja honum vigit; en honum kvoðst þat illa þikkja, at eigi var Vemundur heldr fyrir orðinn, eðr Háls; en Steingrímur sagði, at eigi hefði þeir náð Vemundi: en þó vildu vér, at hann hefði fyrir orðit. Eyjólfur kvaðst ekki mundu at þessu telja, ok bauð, at leita um sættir milli þeirra. Steingrímur kvoðst nú sættast, ef þeir vildi, en sagði þó þat með, at eigi hefði þeir þá haldit sættina, er líkara var til. Svá er sagt, at Eyjólfur sendi orð Áskatli, at þeir hittist at Laugum<sup>1</sup>, ok sagði, at Steingrímur vildi nú sættast á öxamálit. Áskeli þótti þat enn vænligast, at taka sætt af Steingrími, ok mætti enn svá niðrfalla ófriðrinn at sinni ámilli þeirra; ok fór hann til fundar við Eyjólf. Var sú sættar-

<sup>1</sup>) lögum, B, C.



gjörð þeirra, at gjalda hundrað silfrs fyri víg Herjóls, en Gnúpr ok Þorsteinn skal fara utan, ok aldri útkvæmt eiga; ok þat esnir Þorsteinn; en Steinn ok Hrafn af Hóli skyldu vera utan 3 vetr; þessi sekt skal áfalla hit 3ja sumar á Eyjafjarðarleið, þá skyldu þeir útlægir falla. Ok nú liðr sjá stund, ok er ekki sagt frá viðrskiptum þeirra á þessu máli, til leiðar hit 3ja sunar. Ok þegar er sú stund er liðin, þá er þat sagt, at Vemundr kögr mælti við konu sína, þegar eptir leiðina, at hún skyldi sjá um bú þeirra, en hann kvoðst mundu ríða til Eyjafjarðar, ok þræll hans með honum. Nú ríða þeir til frændkonu Vemundar, er Þorgrima hêt; hún bjó á Vindheimum í Hörgárdal; Vemundr kögr spurði at Gnúpi, ef hann væri heima at búi sínu. Hún kvoðst þat gjörr vita um morguninn, ok sagði, at hann ætlaði at fara eptir fiskum til Gása, ok spurði, hvört Vemundr vill fara; en hann sagðist eiga örendi við Gnúp, ok kvoðst hann hitta vilja. Ok nú fèkk hún honum þræl, er hún átti, er nefndr er Melkólfr; ok nú fara þeir Vemundr 3 saman, ok hitta Gnúp fyri utan Laugaland á Melunum, ok voru þeir 3 saman, höfðu farit með honum þrælar hans 2; ok þar sló þegar í bardaga; þrælarnir börðust á. Vemundr batt áðr hesta sína, ok kvað nú vera makligan fund þeirra, at þeir voru jammargir; Gnúpr kvaðst eigi mundu átelta þat; hvorutveggi þeirra hafði skjöld; þeir sóktust lengi. Ok um síðir hjó Vemundr undan Gnúpi fótinn; ok nú stóð hann á knjám, ok bauð enn bardagann; en Vemundr kvað þá hætta mundu at



sinni, ok nú sendir hann heim Melkólf, ok sagði hann vel hafa dugat. Vemundr ríðr nú, ok Þræll hans með honum útá Gálmaströnd í Arnarnes, ok spurði at þeim Steini ok Helga, mágum Steingríms; en honum var sagt, at Helgi var at smið í Skagafirði, en Steinn var farinn úti Hrísey til veggjahlöðslu. Vemundr bað Galta skips, er þar bjó, at hann mundi ljá honum út til Gríms-eyjar, ok vildi, at færi með honum Þorvaldr, son Galta; ok hann lèði honum hvorutveggja. Fara þeir nú 3 út til eyjarinnar; ok þar hittu þeir svein einn í eyjunni, ok spurði Vemundr, hvörs son hann væri; en hann kvoðst vera son móður sinnar. Ok nú áttu þeir kaup saman, Vemundr ok sveinninn, at Vemundr skal gefa honum höðnukið til þess, at hann segi honum, hvort Steinn ok húskarlar hans liggja at naustinu 'um nóttina, eðr heima á bænum'; sveinninn skal gneggja þar á höfðanum um kveldit, ef þeir fara til naustsins, en fara hvergi, ef þeir væri heima. Ok um kveldit, er hann hafði rekit fè á brott, þá kom hann á höfðanin fram, ok gneggjaði, sem hann mátti mest. Nú þikkist Vemundr vita, at Steinn man hafa farit til naustanna, ok bregða þeir nú við skjótt, ok fara hvatliga til naustsins; ok þá sá hvorir aðra, ok voru nú hvorirtveggju á ferð til naustsins, sem þeir megu. Svá er sagt, at Vemundr skaut snærisspjóti, ok kom á skjaldar-sporðinn Steins, ok nísti hann við rist honum skjöldinn. Steinn laust í sundr spjótskaptit með öðrum. fætinum, ok ranni til naustsins síðan, sem

\*) Hér byrjar skinnbókarbrottit D, sem framvegis er fylgt.



hann mátti; Vemundr bað hann eigi renna; en Steinn gaf at því aungvan gaum. Ok nú er svá at segja, at Þorvaldr, son Galta or Arnarnesi<sup>1</sup> fèll í naustdyrunum fyri Steini; ok þá vildi Steinn laupa útá ferjuna, ok ætlaði at verjast þaðan; en þá kom Vemundr kögr at í því, ok veitti Steini þegar banasár. Ok nú fara þeir Vemundr þegar á brott, ok hafa með sér lík Þorvalds; ekki gjöra þeir at húskörlunum. Vemundr hittir nú Galta, ok segir honum tíðendin, ok ræð honum þat, at fara til Laufáss á skipi með fè mikit ok allt skuldalið sitt, ok þaðan í Reykjardal til fundar við sik, ok hèt honum bótum fyri víg Þorvalds, sonar hans. Vemundr vildi fara it iðra<sup>2</sup>, ok riðr hann í Kræklingahlíð, ok varð varr við, at Rafn<sup>3</sup> af Hóli var í einhverjum starfa, ok vildi taka hesta sína ok [skera mön<sup>4</sup> á; ok nú víkr Vemundr (þánga- at), ok kvað Rafn hafa sýnt sik í mótgáangi jafnan við sik, ok þá frændr alla, kvað hann nú skulu hafa fyri þat nokkut, þótt eigi væri mikit; hleypr síðan Vemundr at Rafni, ok hjó af honum hönd- ina, ok kvað hann þó øflitit hafa; snýr hann nú síðan heim norðr, ok segir Áskeli allt af ferðum sínum. En þar er frá at segja nokkut, at húskarl- arnir þeir, sem verit höfðu hjá Steini í eyjunni, þeir fara nú á fund Þorbjarnar, föður hans, ok segja honum tíðendin; hann bregðr við skjótt ok ferr til Galta; ok er hann kom þar, var hann allr á brottu; ok nú ferr hann þegar yfir fjörðinn, ok ætlaði, at þeir Vemundr ok Galti mundu hafa farit báðir samt. En Galti tók þat ráð, sem Vemundr

<sup>1</sup>) Arnarholti, hin. <sup>2</sup>) neðra, hin. <sup>3</sup>) þannig allst. D. <sup>4</sup>) manskera, hin.



lagði til með honum, ok var nú kominn á leið með lausafè sitt, ok ætlaði at flytja til Reykjardals. Ok nú koma þeir Þorbjörn eptir Galta; ok þótti Þorbirni hann hafa mjök esldan Vemund til þessara verka, er hann fèkk honum bæði skip ok son sinn til ferðarinnar, ok kveðst þó skyldu bæta honum sonar dauðann með því, at hann högr Galta banahögg, en tekr upp lausafèit allt, ok flytr heim til sín. Nú spurðust víða þessi tíðendi. Svá er sagt, at Áskell sendir orð Eyjúlfi, at þeir fyndist í Ljósavatnsskarði á Hálsi; Eyjólfr kom til mótsins. Sú var sættargjörð þeirra, at Gnúpr ok Rafn skyldu báðir bótalausir, er þeir höfðu ekki á brott farit, sem skyldt var; Steinn falli úhelgr, en víg Þorvalds skal vera til sýknu Helga Þorbjarnarsonar, en Galta skal bæta hundraði silfrs; þeir Vemundr ok Háls skulu falla úhelgir um Eyjafjörð, nema þeir fylgi Áskatli; Helgi skyldi ok falla úhelgr fyri norðan Hnjóská, nema hann væri í för með Eyjúlfi Valgerðarsyni.

14. Maðr<sup>1</sup> hét Narfi, hann var frændi þeirra Vemundar, ok bjó í Laxárdal. Svá er sagt, at maðr hèt Hafsteinn, ok var þengilsson, hann bjó á þeim bæ, er at Höfða heitir; hann átti dóttur, er Þóra er nefnd, hennar hað Helgi, son Þorbjarnar or Árskógi, ok var hún honum föstnuð, ok ákveðin brúðlaupsstefna, ok skal Hafsteinn [inni hafa boðit<sup>2</sup>. Svá er sagt, at Vemundr kom at máli við Narfa, frænda sinn, ok taldi um fyri honum, at honum væri þat til, at kvænast, ok

<sup>1</sup>) Vemundr tók brúðina, *fyrirögn kap. í D.* <sup>2</sup>) hafa tilboðit, *A.*



kveðst hann vera mundu fulltingsmaðr áðr<sup>1</sup>, ef hann vill, ok nefnir til Þóru, dóttur Hafsteins í Höfða. Narfi kvað þat vera óvænt stofnat: Því-at hún er áðr, segir hann, föstnuð Helga or Árskógi, en líkar mër, segir hann, kvontángit, ef þú mátt ná til handa mër þessi konunni. Ok um haustit fara þeir Vemundr 10 saman úti Höfðahverfi á þann bæ, er heitir at Borðatjörn<sup>2</sup>, þar bjó sú kona, er Ísgerðr heitir; þar taka þeir gisting; hún var mikil fyri sèr, ok fjölkunnig mjök; svá er sagt, at hún var vinkona Vemundar; hún lagði þau ráð til, at þeir færi til nausta, ok biði þar, ef nokkura veiði bæri í hendr þeim um morguninn, ok kvað þá koma mundu brúðmennina: man ek, segir hún, vera í umsjá um yðvart mál. Ok nú fara þeir Vemundr, sem fyri þá var lagt. Steinfjörðr hèt maðr, hann var fróðr maðr ok fjölkunnigr nokkut; honum Steinfinna var boðit til boðsins til skemtunar mönnum. Svá er sagt, at brúðrinn sat úti í dýngju sinni um daginn, ok margt kvenna hjá henni. Ok þá er búit var til, at þær komi inn konurnar, þá sendi Hafsteinn húskarl sinn eptir þeim, at þær færi inn or dýngjunni. Húskarlinn tók í hönd henni<sup>3</sup>, ok leiddi ok hana eptir sèr; ok [er þau komu út, þá gjörði<sup>4</sup> á myrkr svá mikit, at þau máttu ekki sjá fyri sèr; ok þá var húskarlinn sleginn mikit högg meðal herðanna ok um höfuðit, en bilr mikill kom at henni, svá at hún fauk í einu allt ofan til naustanna; þá kom kall mikit í naust-

<sup>1</sup>) at, *A*. <sup>2</sup>) Bárðatjörn, *B*, *C* hér og frv. <sup>3</sup>) Þóru, *hin*.  
<sup>4</sup>) þá þau skyldi gánga, kom, *B*, *C*.



dyrnar, ok var um rædt, at þeir skyldu hafa hendr á henni þóru, ef þeim væri svá mikit um, at varðveita kost hennar, sem þeir hefðu látit. Þeir Vemundr hlaupa nú or naustdyrum, ok fara á bak. Vemundr setti þóru í knè sér, ok riðu þeir nú á brott með brúðina, ok fara þartil, er þeir koma í Hnjóskadal, ok mjök svá til þverár; þar bjó sá maðr, er Gunnsteinn hét; en þá dvaldist ferð þeirra, ok var þat af fjölkýngi Steinfinns, sem enn man sagt verða síðarr. Ok er þeim Hafsteini þótti í úvænt efni komit vera, þá er húskarlinn sagði þeim sögu sína, at hann var lostinn mikit högg, en brúðurin á brottu tekin, ok þá sagði hann gjöra svá mikit myrkr, at aldrei vissi hann, hvert hún hvarf; en þeir Hafsteinn þóttust þat vita, at af fjölkýngi mundi verit hafa myrkr, ok af ráðum Vemundar ætluðu þeir þetta mundu verit hafa, ok ræddu margt um þetta sín ámilli. Svá er frá Steinfinni at segja, at hann sat<sup>1</sup> upp<sup>2</sup>, ok horfði í jörðina fyrri sik fram, ok mælti við engan mann. Þá spyrja þeir, ef hann þóttist nokkut tilvita, hvat af þóru var orðit; en hann kveðst þat gjörla mega vita, ok sagðist þó eigi mundi segja þeim, nema þeir gefi honum til 3 merkr silfrs. Þeir sögðu, at þat þótti þeim lítit til at vinna, ef nokkut mætti þá þessi svívirðing afþvost þeirra máli; en Helgi segir þat fè vel komit, er honum var gefit. Steinfinnr segir mörgum mein at heimskunni, ok kallar þat úvitrligt, er þeir þóttust ekki tilvita, hvat af brúðinni var orðit. Ok

<sup>1</sup>) sá, B, C. <sup>2</sup>) vi i hin.



nú segir Steinninn, at Ísgerðr hafði þar komit frá Borðatjörn, ok rekit fótaskinn sitt um höfuð honum húskarlinum, ok af því varð myrkrit, ok svá vindrinn sá, er henni feykti ofan til naustanna; hann sagði, at þeir Vemundr höfðu þar verit í naustinu, ok tóku þar við þóru ok reiddu brott; ok nú kvað hann heldr mundu seinka ferðinni þeirra Vemundar. Helgi fór nú [við 20asta mann<sup>1</sup>]; en þeir voru allir eptir, Hafsteinn bóndi, ok Steingrímur ok Þorbjörn or Árskógi, faðir Helga. Nú fara þeir Helgi, ok sína þá Vemund við þverá, ok sló þegar í bardaga þar í brekkunni við þá Vemund ok hans förunauta; þar féllu 3 menn af liði Vemundar, en 2 af Helga. Húskarl Gunnsteins frá þverá var þar skamt brott frá, er þeir börðust; hann hljóp heim, ok sagði Gunnsteini til; en hann fór þegar at skilja þá, ok sagði, at hann mundi Vemundi veita, ef Helgi vildi eigi frá hverfa með festarkonu sína; ok nú skiljast þeir; fór Helgi heim með konuna, ok gjörði brúðlaup til hennar. Vemundr fór til Áskels, ok sagði honum til svá búins, ok varð Áskeli illa við, ok þótti hann mjök kleins<sup>2</sup> hafa til þessa máls, ok kvað hann jafnan láta skamt á milli óspektanna. Ok nú sendir Áskell enn orð Eyjúlfi Valgerðarsyni, at hann komi til móts við hann, ok fyndist at Hálsi; ok nú tala þeir um málin, ok var sú gjörð þeirra, at jafna saman vígunum, en víg Narfa skal koma fyrri heimsóknina ok [burttöku konunnar<sup>3</sup>]; en hinir menninnir 4, skolu vera jafnir, er þar féllu.

<sup>1</sup>) með 20 manna, B, C. <sup>2</sup>) þannig D; dyrfst, hin. <sup>3</sup>) þannig A, B, C, E; brott taka konuna með, D.



15. Svá<sup>1</sup> er sagt, at Helga Granadóttir ljóp nú frá búi Háls, bónda síns, ok heim til föður síns, ok hitti ekki Áskel. Háls ferr nú á fund Áskels, ok biðr hann eiga lut at við Helgu, at hún færi heim apr til búss síns; en Áskell segist mundu engan lut at eiga með þeim, svá ferliga sem þau létu jafnan, ok kvað þau ekki vilja af því hafa, er þeim var ráðlagt. Vemundr ferr nú einhvern dag á Jarlstaði til fundar við Örnólf rellu, ok falar gripi at honum, ok svá beiddist hann, at taka mál af honum á hönd Steingrími um hálfá mörk silfrs, þá er eptir hafði verit öxna verðsins, þeirra er hann hafði seldt Steingrími; en Örnólfr segist eigi munu selja honum málit, nema Áskell vill þat. Þá beiddist Vemundr, at Örnólfr færi á fund Áskels með honum, ok vildi [vita, ef Áskell samþikti þat, at Vemundr taki við<sup>2</sup> málinu; ok nú fara þeir á hans (fund), ok bera upp fyrir honum. Áskell kveðst eigi vilja, at Vemundr tæki við málinu af Örnólfi; [ok bauð Áskell nú at taka við málinu af Örnólfi<sup>3</sup> á hönd Steingrími, ok kvaðst vildu, at þeir Vemundr ok Steingrímr ættist ekki illt við, ef svá mætti vera. Örnólfr bað Áskel með fara, sem hann vildi; ok nú lét Áskell hann hafa 2 merkr silfrs, ok skiljast nú við svá brúit. Þat er sagt, at Vemundr kom at máli við konu sína einhvern dag, ok segir, at hann mundi fara á brott erenda sinna, ok kveðst ekki heim mundu

<sup>1</sup>) Af Vemundi kögr ok Steingrími, *fyrirögn kap. í D.*

<sup>2</sup>) þannig A, B, C, E; hann gjarna viðtaka, D. <sup>3</sup>) v. í hin.

Íslendinga sögur, 2 bindi.



koma í bráð, sagðist þá mundu fara til Vöðlaþings með Áskeli. Hann ferr nú heiman, ok þartil, er hann kemr í kaupáng til manns, er þórðr hèt; hann bjó á Völlum, ok var góðr bóndi; en nú nefndist Vemundr Björn, ok kveðst vera rekunarmaðr einn, ok sagðist þar vildu biða þings, ok beiddi hann bónda viðtöku þessa stund. Þórðr bóndi bað hann kaupa sèr mat með sverðinu því, er hann hafði í hendinni. Hattarmaðr<sup>1</sup> vill eigi vera vopnlauss, ok vill heldr vinna til matar sèr torfverk. Bóndi þóttist þurfa, at láta gjöra garð um tún sitt fyri þingmönnum, at eigi beittu þeir upp völinn. Tók Björn nú við verkfærum; en bóndi átti heimanferð fyrir höndum, ok vísar hann nú gestinum á verkit, ok sagði honum, hvat hann skyldi vinna. Ok nú feldi Björn gaslað í búðartópt Steingríms, ok síðan rak hann þángat naut í búðartóptina, ok gjörði þar, sem hann mátti, úreinigast. Nú koma þángat húskarlar Steingríms, ok skyldu tjalda búðina, en þeir höfðu engi verkfæri haft með sèr; nú þótti þeim eigi vel í hendr sèr búit, at tóptin var full af torfi ok grjóti. Björn bauð at ljá þeim verkfærin, er hann fór með; en þeir vildu þat gjarna. Nú segir hann þeim, at þar var rétt at grafa torfit á vellinum til búðarinnar; en þeir tóku þat ráð, ok þikkir þat starfmiana, enn sækja til lengra, ok gjöra nú svá, þartil er upp var gjör tóptin. Nú kom bóndi heim, ok taldi mjök á höndr Birni, er þetta hafði af hans völdum verit, ok segir þar gjört mikit jarðarspèll ok

<sup>1</sup>) hinn komni maðr, *hin*.



lagabrot í þeim lut. En Björn kvað svá mundu um verða húit, at bóndi mætti þessu vel una, tók nú ofan hattinn, ok kendi bóndi þar Vemund kögr, ok bauð hann at taka málit til meðferðar ok eptirkæru, segir, at þetta hefir af honum hlotizt, ok væri þat makligast, at hann rætti lut bónda; ok nú handsalaði bóndi honum landit, ok er nú við hann at eiga um þetta mál. Húskarlarnir segja nú Steingrími til þessa, ok hann þóttist þegar vita, at þetta voru ráð Vemundar. Nú koma menn á þing, Áskell ok frændr hans, þar kom ok Steingrím. Svá var sagt, at Steingrím átti þann bróður, er þorvarðr hét, hann var Örnólfsson ok Ýngveldar, ok kölluð allra systir; hann bjó á þeim bæ, er í Kristnesi heitir; hann var vitr maðr, en miðlúngi þótti hann góðgjarn. Nú finnast þeir á þinginu, Áskell ok Steingrím, ok segir Áskell Steingrími, at hann hafði tekit sök á hönd honum; en Steingrím segir þat mundu með engum vandræðum verða skulu sinna vegna, ok hað Áskel fyriráða þann veg, sem hann vildi, ok galdt Áskeli 2 merkr silfrs; en Áskell bauð Vemundi at hafa fè þat, en hann vill eigi hafa fè Áskels. Áskell vill nú, at niðrfalli sökin Vemundar við Steingrím; ok þetta lét Vemundr sèr líka fyri bæn Áskels, ok fara nú heim sáttir af þinginu<sup>1</sup>.

16. Nú er frá því at segja, at Háls kemr einhverju sinni á fund Áskels, ok berr upp vanræði sín fyrir hann, segir, at varla þóttist hann

<sup>1</sup>) Vig Steingríms ok Áskels goða, fyrirögn næsta kap. i D.



meða búi hakla, ef Helga, kona hans, kemr eigi heim, ok biðr Áskel nú lut í eiga, ok vita, ef hún vildi enn láta at hans orðum. Áskell hèt nú, at eiga lut í með þeim, ef Háls vill því heita í móti, at láta batna samfararnar við hana. Svá er sagt, at Áskell bjóst til ferðarinnar með [20asta manu<sup>1</sup>, ok var í ferð með honum Vemundr ok Háls. Ok nú fara þeir þartil, er þeir koma þar, sem heitir Leyningsbakki; ok þá mælti Áskell, at þar vildi hann vera grafinn, þá er hann andaðist, ok þótti þar vera gott landsleg, ok sagði, at hann vildi ekki fê hafa með sèr. Nú svara þeir frændr hans, at þess skyldi langt at bíða, at hann þyrfti niðr at grafa. Síðan aka þeir til Eyjafjarðar ok upp með Eyjafjarðará, ok nær gagnverðt Stokkalöðum. Vemundr ok Háls riða framfyrir, ok sjá þeir, at menn gánga brott or laugunni, ok kenna, at þar var Steingrímr ok nokkurir menn með honum; ok þá mælti Háls: við hefir Steingrímr enn leitast, at þvá af sèr svívirðingina, er þú læzt ljósta hann með sauðarhöfðinu, ok þó man honum þat tregt veita, áðr hann fá alla afþvegit. Ok nú segir Áskell, at honum þótti helzt tröll toga túngu or höfði honum, er hann mælti slíkt, segir, at meiri von væri, at þeir hefði heyrt, hvat hann hafði mælt, er hann var forviðris, en Áskell kveðst heyra í gegn veðrinu, ok var mjök laung stund fram til þeirra Vemundar, en þó kvað hann nú svá búið vera mundu. Þeir riða nú í Eyjafjarðardal til Grana, ok voru þar um nóttina. Nú beiðir Áskell Grana,

<sup>1</sup>) 20 manns, *hín*.



at Helga, dóttir hans, mundi verða í ferð með þeim, ok hét nú því á mót, at Háls skyldi betr við hana vera hëðanaf, enn áðr hafði hann verit, en elligar kveðst hann mundu heimta út peninga hennar, ok láta hana þá heim fara, ef eigi betradist um af hans hendi; ok Grani vill enu gjöra, sem Áskell beiddi. Nú bjuggust þeir á brott þaðan sneimna um morgininn, ok var Helga í þeirra ferð, ok Grani lét aka Áskeli til Vöðlaheiðar. En er þau koma gagnverðt Kroppi, þá sá þau 30 manna renna til áriunar; ok nú bað Áskell, at þeir skyldu undir stakkgarðinn, er þar var hjá þeim, ok æja hestum sínum, en síðan bað hann þá gánga fram á bakkann ok verjast þaðan, ef eigi væri allt friðt af Steingríms hendi, ok þótti nú vera mega, at eigi þyrfti nú at dyljast við, hvort Steingrímr hefði heyrt fyrra dags þat, sem Háls mælti. Ok nú gánga þeir fram á bakkann; en svá er sagt, at áin var ísuð, ok var ótraustr ísinn á ánni. Áskell spurði þá, hvat Steingrímr vildi, er hann fór svá hvatliga; en Steingrímr kvað nú mál, at efna heitstrenging sína, ok kvað nú fleiri munu gjalda Vemundar, enn þá, er þess væri makligir. Nú er svá sagt, at þar sló þegar í bardaga, er þeir voru kominir í skotmál. Þá sá Steingrímr, at seint mun at vinnast, meðan þeir gangast eigi nærr, enn svá, sem þá var, ok þikkir nú þat eina til, at þeir leiti yfir ísinn at þeim Áskeli. Nú mælti Áskell til Steingríms, ok bað hann varliga fara á ísinn, ok kvað hann ótraustan. [En Helgi or Árskógi svaraði, ok kvað þá munu sára mjök, Áskel ok förunauta hans, ok



hann mundi fyr því slíkt mæla, ok letja þá atgaungunnar. Þá segir Örnólfr Þorvarðsson<sup>1</sup>, at honum þikkir atsóknin þeirra Steingríms úvænlig<sup>2</sup>. Þá tók Helgi or Árskógi þat bragða, mágr Steingríms, at hann stakk spjótskaptinu niðr á ísinn, ok hljóp svá á bakkann upp at þeim Áskeli. Háls hjó þegar framan í fang Helga, svá at hann féll á bak aptr útá ána, ok fékk þegar bana. Svá er sagt, at nú hjóst niðr spaungin undir þeim Steingrími. Sumir vilja þat segja, at Vemundr skyti til Steingríms með spjóti, þá er hann vildi upp or vökinni á ísinn, ok yrði honum þat at bana, en sumir segja, at hann druknaði þar í vökinni; 2 menn druknuðu aðrir, enn Steingrímr, 2 menn voru ok drepnir af hans förunautum, Helgi, mágr hans, ok einn maðr annar. Svá er sagt, at Áskell bað þá nú hvata í brott, sem þeir mega; ekki er þess getit, at hann týndi neinum manni í bardaganum; ráðast þau nú til ferðar. Þeir riða nú fyrri, Vemundr ok förunautar þeirra, ok ræða um, at mjök vel helði atborizt, er Steingrímr var afráðinn, ok þótti þeim vel hafa gengit leikrinn. Frá því er at segja, at sá maðr hafði verit í ferðinni með Steingrími, er Þórir er nefndr, hann var son Ketils flatnefs; hann hafði rennt fótskriðu yfir ísinn, ok leyndist þar þá, er hann sá, hversu Steingrími hafði farizt; þar heitir því Kárapollr<sup>3</sup>, sem hann var staddr; nú, er hann þóttist vita, at þeir Áskell mundu brott farnir frá ámni, þá hljóp hann undan ísinum ok uppá bakkana. Þá Vemund

<sup>1</sup>) réttara mun: Þorvarðr Örnólffsson, *sbr. bls. 275.* <sup>2</sup>) frá [ v. í hin. <sup>3</sup>) Káravöllr, *A.*



hafði nú mjök brátt borit undan fram. Þat er frá Þóri at segja, at hann hleypr nú fram eptir þeim Áskeli; ok er hann kom at sleðanum, þar sem (þau) óku, þá hjó hann þegar til Áskels goða, ok kom í höfuðit; hann snýr nú þegar aþr til árinna, ok rennir enn fótskriðu yfir isinu, ok ferr nú til sinna förunauta, ok sagði þeim frá sinni ferð; þeim þótti hann hafa haft gott erendi; fara þeir nú heim, ok una sinni ferð illa. Frá Áskatli er þat at segja, at hann bað Helgu binda um höfuð sèr, ok ekki skyldi hún gjöra vart við um áverkann, ok kveðst gjarna vilja, at hær lytist ekki illt af, ef hann mætti því viðkoma; ok hún gjörði, sem hann beiddi, ok gat ekki um þetta, ok vissu þau tö ein þenna atburð; þau komust á Háls um aptaninn. Ok um morgininn snemma vekr Áskell þá, ok biðr uppstanda hvatliga, ok kveðst heim vilja til dagverðar um daginn; ok nú fara þau, ok komast yfir Fljótshéiði. Nú sagði hann þeim, at hann hafði sár fengit, ok hversu þat hafði atborizt, ok kveðst fyri því eigi fyrr hafa tilsagt, at hann vissi kapp frænda sinna um þat, at þeir mundu eigi hafa skillit við svá húit, ef þeir vissi þá þegar; en hann kveðst gjarna vilja, at engir menn hlyti illt af vígi hans, ok bað þá vera sáttgjarna, frændr sína, ok kvað þá þat bezt af at gjöra, at stöðva óhöppin sem mátti; sagði ok, at hann þóttist þat jafnan gjört hafa um þeirra mál, at firra þá vandræðun, sem hann mátti, ok bað þá nú þess minnast um þenna lut, er honum þótti svá miklu máli skipta; segir ok, at hann vildi gjörð þeirra



Eyjúlfs Valgerðarsonar ok Hávarðs, ok hafði hann þegar sett ráðit allt fyrir Hávarði um gjörðina, hvern veg hann vildi vera láta. Nú andast Áskell goði, ok þótti mönnum þat mikill mannskaði, þvíat hann hafði verit mikill höfðingi ok vinsæll; nú veita þeir honum þvílíkan umbúnað, sem hann hafði fyrirsagt, ok þótti nú þessi tíðendi helzti fljótt at hendi hafa komit. Þessi tíðendi spyrjast ná víða, ok þótti öllum mikit atorðit í fráfalli slíkra manna, þótt Áskell væri mörgum mönnum meirr harmdauði, enn Steingrímur, þá var þó hvortveggi mikill höfðingi. Nú er svá sagt, at Eyjúlfr sendi orð Hávarði, ok svá Þorsteini, syni Askels, ok Vemundi, ok öðrum frændum hans, þeim sem nokkrs voru verðir, skyldu þeir koma á Möðruvöllu til sáttarfundar; en því er Skútu Áskelssonar ekki hér viðgetit, at hann var þá ekki á Íslandi, ok hafði hann verit utan um hrið. Ok nú koma menn til fundarins; er svá sagt, at Einar Konálsson, fóstri Eyjúlfs, átti mikinn lut í sáttmálum millum manna; er nú umleitazt, ef Þorsteinn eða frændr hans vildu sættir taka. Þorsteinn segir: at því hefir ek jafnan hugan, þá ek hefi verit viðstaddr, þá er faðir minn var við málaferli manna, at jafnan vildi hann firra menn vandræðum, heldrenn æsa þá fram at óhöppunum, ok svá mikinn hug, sem hann lagði á jafnan, at sætta menn, þá lízt mér, segir hann, sem gjarna mundi hann vilja, at hér gjörðist eigi vandræði af á milli manna þessu máli, er hann tekr svá mjök sjálfan; nú man ek eigi hitta mér betra ráð, enn líka sem



mest eptir því, sem ek vissi, at hann gjörði, ok mun ek eigi níta<sup>1</sup> sættunum. Kemr nu þar, at menn vilja, at Eyjúlfr ok Hávarðr gjöri um málin eptir því, sem Áskell hafði beidt fyrir öndverðu. Ok er þeir höfðu sáttir á vorðit á málit, þá biðja þeir Þorstein koma til sín, ok (með) öðrum mönnum þeim, sem þar voru viðstaddir. Varsúsættargjörð þeirra Hávarðar ok Eyjúlfs, at vigin Áskels ok Steingrims skyldu ástandast, en hinir 3 förnautar Steingrims, er þar létust, skulu koma fyrir tilferðina þeirra Steingrims, en goldin aptr eyin mikla fyrir víg Helga or Arskógi; ok voru nú veittar trygðir á milli manna, nema fyrir Skútu, hann var utanlands; þeir skyldu fara utan, ok vera aldri í Norðlendinga fjórðungi, meðan Fjörleifar synir væri á lífi. Eyjúlfr seldi nú gripina í hendr Þorsteini ok Hávarði, þá er Áskell hafði honum selda eptir rútshöfuðs höggit. Ok nú skiljast menn vel sáttir, ok undu nú vel þessum málalyktum. En frá Vemundi kögr er þat at segja, at hann varð sótt dauðr, en þótti þó vera inn mesti garpr, meðan hann lifði<sup>2</sup>.

17. Þat er nú fyrst at segja, at Þorsteinn býr í Hvammi eptir Áskel, föður sinn, ok var hann vinsæll maðr; hann seldi af hendi goðorð þeirra Skútu. Svá er sagt, at annat sumar eptir kom Skúta til Íslands, ok var hann með Þorsteini, bróður sínum, um vetrinn, ok var laungum hljóðr á þeim vetri, ok þikkir sér nær höggvit hafa verit, ok þóttist engar bætr haft hafa

<sup>1</sup>) neita, *hín*.

<sup>2</sup>) Saga Vigaskútu, sonar Áskels, *yfirskrif narsta kað. i D.*



fyrir víg föður síns. Ok um vorit eptir-skiptu þeir bræðr fê sínu ok föðurarfi; skal Skúta hafa lausafê or skiptinu, ok hann var til þess ætlaðr, at hefna föður þeirra, ef hann mætti, þvíat hann var í engum trygðum við menn um þessa sök; en Þorsteinn skal hafa landit í Hvammi ok halda búinu. Nú kaupir Skúta sêr land at Mývatni, ok bjó þar, sem nú heitir at Skútustöðum, gjörðist brátt mikilhæfr maðr í mörgu lagi, sem enn man heyra mega síðarr í sögunni. Þorbergur hêt maðr, ok var kallaðr höggvinkinni, ok ekki vinsæll við alþýðu manna; hann átti 2 sonu, hêt annar Þorsteinn, en annar Ölvir enn spaki. Geiri Austmaðr<sup>1</sup> bjó á Geirastöðum fyrir norðan Mývatn; hann átti 3 sonu, er enn eru nokkut við þessa sögu hafðir, hêt son hans [einn Örn<sup>2</sup>, annar Glúmr, enn þriðri Þorkell; þeir voru allir miklir menn fyrir sêr. Arnórr hêt maðr ok var Þorgrímsson, ok bjó í Reykjahlíð fyrir norðan Mývatn; hans synir voru þeir Þorfinnr ok Böðvarr; Arnórr var mikill kappi ok góðr bóndi, ok jafnan er frá honum vel sagt, þar sem hann kemr við sögur ok málaferli manna. Hallr hêt maðr, er bjó at Sandfelli við Mývatn, skamt frá Geirastöðum; hann átti dóttur, er Þorkatla hêt<sup>3</sup>.

18. Eitthvert sumar kemr skip af hafi í Húsavík, þóat svá bæri optarr at; þat skip áttu bræðr 3, Vagn hêt einn, ok var kallaðr spjót, annar Nafarr, ok var kallaðr sax, Skefill inn þriðri, ok var kallaðr sverð; þeir voru miklir menn fyrir

<sup>1</sup>) hêt maðr, *hin*. <sup>2</sup>) þannig B, C; v. í A, D; einn Annar, E. <sup>3</sup>) Frá Glúni, *sýrisögu nærsta kap. í D.*



sér. Svá er sagt, at hverr þeirra bræðra átti þat vopn, sem við var kendr; þeim þótti þau í bezta lagi sinnar eigu, ok létu sér aldri hendi fyrigánga, ok þat segjamenn, at öll þessi vopn væri forkunnar góð. Þeir voru kunníngjar Glúms Geirasonar, ok ætluðu þáingat til vistar til þeirra feðga, Geira ok Glúms, þvíat Glúmr hafði boðit þeim þáingat til vistar. Nú áttu þeir annríkt mjök, ok varð eigi tóm, at sækja Austmennina, sem ætlat hafði verit, ok þótti þeim feðgum, sem þat mundi engu skipta, þótt þeir kæmi nokkurum nóttum síðarr, enn þeir höfðu umrædt í fyrstu. Svá er sagt, at (þess) varð varr þorbergr at Mývatni, eðr enn heldr Arnarvatni<sup>1)</sup>, ok ferr hann þegar til skips, ok bauð Austmönnum til sín; en þeir segja, at þeir munu fara til Glúms. Já, segir þorbergr, er ekki þat, sem mik grunar, at nú mun vera liðinn sá tími, er til var tekinn, at eptir þeim skyldi hafa farit verit? Þeir sögðu, at svá var: kann vera, segja þeir, at Glúmi sè annsamt, ok eigi hann eigi tóm at koma eptir okkr, en hann mun þíkkjast vita, at svívirðingarlaust mun vera. En hitt þætti mér líkara, sagði þorbergr, at honum mundi þat í hug koma, at þeir væri lítt tilfærir, at taka við frjálsum mönnum þeim, er nokkuru skipti, hversu við var gjört, þvíat svá eru þeir feðgar fátækir at fémunum, segir þorbergr, at nær er úti annar þíi, þá er annar er etinn. Nú hlýða þeir nokkut á þetta, sem hann sagði; ok þartil taldi hann um fyrri þeim, at þeir játta, at fara þáingat til vistar

<sup>1)</sup> Arnvatni, B, C.



til Þorbergs; ferr hann nú heim, ok lætr vel yfir sinni ferð. Nú er svá sagt, at Glúmr kemr til skips annann dag, ok sagðist þá vera kominn eptir þeim bræðrum, ok vildi þá heim flytja til sín; en þeir sögðu, at Þorbergr hafði þar komit um daginn áðr, ok sögðust nú vera ráðnir, at fara þángat til vistar, ok kvoðust nú eigi vildu því bregða. Þá svarar Glúmr, er þeir höfðu sagt honum umtalit Þorbergs, ok svá þat, hversu hann hafði átekit þeim feðgum, þá segir Glúmr: engi maðr mun þat kunna at segja, at honum Þorbergi verði fèskortrinn, en fleiri munu þat segja, at hann láti færrum mönnum verða gagn at sínu fè; ok þótti honum illa, er þeir skyldu vera með svá vándum manni, sem Þorbergr var. Nú lætr Þorbergr bráðt koma eptir kaupmönnum, ok lætr flytja þá heim til sín, ok var við þá forkunnar vel. Svá var sagt, at Þorbergr sendi Ótrygg, heimamann sinn, at færa úti eyjar fè þat, er slátrat skyldi til jóla, ok svá naut ok kapla; ok áðr hann færi heiman, bað hann Ótrygg færa eina merina í hlöðu Glúms á náttarþeli, ok haga svá til, at enginn yrði varr við. Nú ferr hann, sem fyri var mælt, ok vissi þó enginn, hvat þessu skyldi, kemr heim síðan, ok segir honum til svá búins; ok nú þikkir Þorbergi hann hafa vel gjört. Um morgininn kemr Þorbergr snemma inn, ok vegr menn upp, ok segir, at honum var horfit merhryssi gott, ok vill, at menn fari at leita: ok mun svá eptir at sjá, segir hann, at af manna völdum mun vera, ok get ek, at stolit sè hrossinu. Þá svara sumir, at aungva menn



Þóttust (þeir) sjá líkliga til þess. Eigi má þat vita, segir hann, þar sem hær sitja þrotsmenn samtýnis hjá oss, ok eru þeir feðgar líkligastir til, at valda þessu, Geiri ok synir hans, þvíat þeir eru áraðismiklir, ef þeir þurfa nokkrs við, ok munu vær þángat fara at rannsaka. Svá er sagt, at Þorkell Geirason var nú ekki hær við þessi mál, þvíat hann var útlendis. Nú biðr Þorberggr Austmennina verða í ferð með þeim at rannsaka, kvað þá nú sjá mega, at því var vel ráðit, er þeir höfðu heldr haft þessa vistina, enn með Glúmi. En Austmenn kvoðu þat vera verra manns bragð, enn Glúms, at stela frá mönnum, ok segjast eigi mundu þángat fara til at rannsaka. Er svá sagt, at Þorberggr ferr nú ok menn með honum; ferr hann nú ok heldr djarfliga, er hann þóttist vita, hversu takast mundi ferðin, ok koma nú til Glúms, ok beiða hann rannsókna; ok þeir feðgar láta uppi rannsókna; leitar hann nú vannliga, ok hittir ekki, þartil er hann kemr at einhverri hlöðu, ok þar í löðunni fann hann merina, ok kvað þá vera verri menn, enn þeir létu yfir, eða margir aðrir, er þeir skyldu vera sannreyndir at þjófskap. Þá svaraði Glúmr, ok kvað sèr á þessu engan kunnleika vera, ok kvað hann vera sjálfan líkligastan til, at hafa þetta bragð gjört, en snúa nú síðan á aðra menn, ok kvað mönnum þat miklu kunnara, at hann var vondr maðr. Öllum þótti þetta illa vera orðit, þvíat þeir voru vinsælir menn, frændr. Nú spurði Þorberggr, ef Glúmr vildi nokkuru bæta fyri þetta, ok félli þar málit niðr, sem nú var komit; en Glúmr



kvað þat fjarri fara, at hann mundi hær neinu fyri bæta, er hann mátti engan grun vita sèr á hendr. Þorbergr kvað þó hær mundu verða nokkut fyrir at koma, þóat honum væri leiðennt<sup>1</sup> gjört um bótina. Glúmi kvaðst því betr þikkja, er meira kæmi fyrir, ef sá gyldi, er makligastr væri. Ok nú skilja þeir ræðuna at sinni, ok ferr Þorbergr nú heim, ok þikkist vel hafa leikit. Spurðist þetta nú víða, ok þótti mönnum þetta illa orðit, þvíat fleiri menn unnu góðs lutar Glúmi, enn Þorbergi, ok vænta enn, at hær muni önnur raun á verða um þetta mál, enn nú var fyrst orðrædt af alþýðu. Nú sitja hvoritveggju í kyrðum um vetrinn. Svá er sagt, at Þorbergr hittir Þorgeir goða<sup>2</sup> frá Ljósavatni, þvíat vinátta var milli þeirra, ok segir<sup>3</sup> hann ráða um þetta mál, hversu með skal fara; segir, at hann þikkist þar eiga mikit traust um ráðagjörðir sínar, sem hann var. Þorgeirr bauð, at húa til málit á hönd Glúmi; en Þorbergr kvað [þá þann upp kominn, sein honum var mest at skapi<sup>4</sup>; ferr nú heim síðan. Ok er voraði, bjóst hann at fara stefnuför til Glúms, ok biðr nú menn til fararinnar með sèr; hann ræðir um við vetrtaismenn sína, ef þeir vilja verða í ferð með honum; en þeir voru þó tregir til, ok fóru þó um síðir við fortölur Þorbergs. Býst hann nú heiman, ok voru þeir 18 saman; þeir höfðu kaldt veðr um daginn; fara þeir nú þartil, er þeir koma á Geirastaði. Þeir Glúmr sátu við eld, þá er þeim var sagt, at

<sup>1</sup>) þannig (leiðennt), D; leiðint, *hín*. <sup>2</sup>) hófgoða, B, C.  
<sup>3</sup>) beiddi, *hín*. <sup>4</sup>) hann þá hafa fengit anann fyrri sik, B, C.



menninnir fóru at bænum; nú laupa þeir til klæða sinna, ok vopnast, ok gánga síðan í dyr út; ok nú senda þeir eptir mönnum, at veita þeim lið. Svá er sagt, at þeir Glúmr voru 8 saman þar fyrri, þá er Þorbergr kom. Nú koma þeir Þorbergr at bænum, ok riða þegar í túnit, ok stefnir Þorbergr þegar Glúmi um þjófskap. Svá er sagt, at þá er hann hóf stefnuna, hljóp hann Geiri or dyrunum út ok at honum Þorbergi, ok hjó til hans; en Þorsteinn, son Þorbergs, brá við skildi; ok þá hljóp Glúmr at, ok hjó til Þorsteins, ok veitti honum þegar bana; nú laupa út allir þeirra menn, ok til bardagans; ok nú veitir Þorbergr Geira sár á fæti. Þá kom at Hallr frá Sannfelli<sup>1)</sup> við 10da mann, ok fór þegar til með Glúmi, ok þeir 10, sem með honum voru. Ok nú var skaamt at bíða, áðr Skúta kemr þar til með 10da mann; ok nú ræðir hann til sinna manna, at þeir skulu gánga á hæð nokkura, er þar var hjá þeim, ok vildi hann horigum veita, ok kvað þeim betr gánga, sem skyldi, segir ok, ef sá yrði brott gjörr af vígunum, at þá mundi reynast bráðt, hverr ríkastr væri at Mývatni. Þá kom Þorfinnr Arnórsson at ríðandi, ok ferr þegar til bardagans með Glúmi; ok svá er, at Þorfinnr hjó framan í andlit Þorbergi, ok var af því hann kallaðr höggvinkinni. Í þessu bili kemr at Arnórr or Reykjahlíð með 12ta mann, ok gengr hann þegar í milli manna, ok skildi þá. Þar féllu allir Austmenninnir, en sinn húskarl var fallinn af hvorum; en Ótryggr, er áðr var frásagt, var

<sup>1)</sup> Sandfelli, hin.



særðr til ólífis, ok græddi Glúmr hann, þvíat hann sagði, hversu farit hafði um merina, þá er þorbergr bauð honum at leiða hana í hlöðu Glúms; ok varð nú bert illmælit af þorbergs hendi við Glúm. Er nú leitat um sættir milli þeirra, ok kom svá, at þeir skulu gjöra um málin, þorgeirr goði frá Ljósavatni ok Arnórr or Reykjahlíð. Sú var gjörð þeirra, at ágengust vígin húskarlanna; en áverki Ótryggs, er hann var særðr til ólífis, ok enn aðrir 2 menn líflátnir af liði þorbergs, skulu koma fyrir áverka Geira; en sá áverki, er þorbergr hafði fengit, skal vera fyri tilförina ok ill málaefni, er hann hafði með svikum at farit; þeir voru ok allir drepnir Austmenninnir, er með þorbergi voru, ok lágu þeirra víg kyrr, svá at engi þeirra var fè bætt; þeir voru brott gjörvir þaðan or sveitinni Geiri ok Glúmr, feðgarnir, ok er svá sagt, at Geiri bjó í Krossfirði á Geirastöðum. Svá er sagt, at Glúmr fèkk Ingunnar þórólfsdóttur, Veleifssonar<sup>1</sup>; þeirra son var Þórðr; ok þótti Glúmr vera mikill maðr fyri sèr, sem enn má nokkut marka í þessum frásögnum<sup>2</sup>.

19. Þat er sagt, at Þorkell Geirason kom út um sumarit í Húsavík, vetri síðarr, enn þessir atburðir voru, er nú var frásagt, ok fór hann til vistar til Ófeigs í Skörð. Ófeigr var þá 18 vetra gamall, ok þat segja menn, at þeir Þorkell væri jafnganlir. Maðr er nefndr þorsteinn, ok var kallaðr varastafr, hann bjó í Laxárdal;

<sup>1</sup>) þannig (Vel. s.), D; v. í hin. <sup>2</sup>) yfirskrift næsta kapitula  
 1 D: Af Þorkeli Geirasyni.



hann var hólmgangumaðr mikill ok illr viðr-  
eignar. Þat er sagt, at hann gjörir heimanferð  
sína einhverju sinni þess erendis, at biðja þor-  
kötlu, dóttur Halls frá Sandfelli; en Hallr sagði,  
at hann mundi eigi gipta dóttur sína svá vondum  
manni, sem hann var, ok kvað þat mörgum  
mönnum kunnigt vera, at varla fèkst meiri  
ójafnaðarmaðr, enn þorsteinn var. Nú bauð  
þorsteinn Halli hólmgangu, sagði þá reyna  
mundu, hvorr ráða skal kosti konunnar; en Hallr  
nennir varla at gánga undan því, en þóttist þó  
vera vanfærr, at gánga í mót því líkum berserk,  
sem þorsteinn var. Ok nú finnast þeir Hallr ok  
þorkell Geirason, ok sagði Hallr þorkeli, hvern  
vanda honum hefir til handa borit, ok svá, at  
ráðin var hólmgangan með þeim þorsteini vara-  
staf. Þorkell kvað Hall nú missa Glúms, bróður  
síns, ok sagði hann þá eigi mundu þurfa at  
gánga á hólmi við þorstein, ef hann væri hær,  
svá vingott<sup>1)</sup> sem með ykkur var. Nú bauð þor-  
kell, at hann skyldi gánga á hólmi fyrir hönd Halls;  
en hann kvaðst þat gjarna vilja þiggja af honum.  
Hallr lét nú taka sverðit Skefilsnaut; ok er þor-  
kell skyldi á hólmi gánga, fèkk Hallr honum  
sverðit í hendr, ok kvað þat bita mundu. Þat  
er nú at segja, at þeir Ofeigr ok þorkell söfnuðu  
at sér mönnum, ok bjuggust nú til hólmsins, ok  
voru þeir saman 40 manna [ok hældt Ofeigr skildi  
fyri þorsteini [eða þorkatli<sup>2)</sup>; þorsteinn hafði ok  
40 manna. Þorsteinn hæt maðr, ok var kallaðr

<sup>1)</sup> þannig A, B, C, E; þingott, D. <sup>2)</sup> v. i hin.



kjúgr<sup>1</sup>; hann var vanr at halda skildi fyrir nafna sínum, ok svá var þá. Ófeigr hældt nú skildi fyrir þorkatli, ok gánga þeir nú á hólminn; er svá sagt frá viðskiptum þeirra, at þorkell hjó þorstein banahögg. Ok þegar er þorsteinn var fallinn, þá mælti Ófeigr til þorsteins kjúgs, at nú vill hann, at þeir gáangi á hólminn, ok reyni með sèr: höfu við nu áðr haft skemtan af þeirra bardaga, skulu við nú skemta öðrum mönnum nokkura stund; en þorsteinn vill fyrir engan mun í móti mæla, er honum var svá á hólmi skorat. Ok nú gánga þeir á hólminn, ok lauk því máli svá, at þorsteinn fellr fyrir Ófeigi. Svá er sagt, at þorkell vill nú láta bera aptr sverðit í kumlit, þar sem þat var tekit til handa honum; en Hallr kvað þat fjarri skulu fara, at engi maðr skuli njóta svá góðs gripar, ok segir, at eigi skal aptr bera sverðit; en þorkell ræð, at sverðit var þángat borit. Fara menn nú heim af hólmostefnunni, ok þótti mönnum þat vera landhreinsan, at þeir nafnar voru drepnir. Svá er sagt, at um nóttina eptir ena nærstu bar þorkeli Skefil í drauma, ok kvað þorkel muna vera góðan dreng, ok þakkaði honum, hve hann hafði drengiliga dugat, ok svá sverðit haft: en ef þú hefðir eigi viljat, at aptr hefði verit borit sverðit, þá mundir þú hafa goldit þess í nokkuru, en nú man fara með okkr annann veg, þvíat nú skal hvorgi illa hafa, svá vel sem þèr hefir farit, ok vil ek gefa þèr sverðit, þvíat ek þarf þess nú ekki, en þú ert svá vaskr maðr, at ek ann þèr

<sup>1</sup>) kúgr, A; kroggr, B, C.



allvel at njóta. Ok nú vaknar Þorkell, ok var þar komit sverðit, ok þótti honum þat allgóðr gripr, ok barr þat lengi æfi. Þorkell setti brú saman, ok bjó hann þar í enum ytrum Skörðum, ok þótti inn bezti bóndi. Spjótit Vagns-naut átti síðan Þorvarðr Þorgeirsson. Saxit var ok upptekit or kumli Nafars, ok þótti öll vopn-in vera forkunnar góð, sem jafnan bar raun á, ef þau voru til nokkrs höfð; enn eru hær nokkr merki til sögð. Svá er sagt, at skip kom út við Knarreyri' eithvert sumar, ok Skúta ferr til skipsins, ok vo hann þann fyrstan mann í hefnd föður síns; sá maðr hafði verit í ferð með Steingrími, þá er þeir Áskell börðust ok Steingrímur, sem sagt er fyrr í Reykdæla sögunni frá viðskiptum þeirra; annann mann drap hann litlu síðarr, er þar hafði verit á þeim fundi. Eptirmál var veitt um þessa menn háða, ok bætti Þorsteinn þá, bróðir Skútu, með sínu fè, sem rædt var í máldögum með þeim bræðrum. En ekki kunnu vær með sannendum at segja athurð um líflát þessara manna; en þat vitu vær, at þetta var in fyrsta hefnd Skúta eptir Áskel goða, föður hans<sup>2</sup>.

20. Þórir<sup>3</sup>, son Ketils flatnefs, er fyrr var frásagt at vo Áskel goða, hann varð sekr eptir vig Hróars Túngu-goða [sunnan um land<sup>4</sup>, er hann hafði at verit með þeim Móðólfssonum í þeirri sveit, er heitir Skagahverli, er þeir börðust þar, sem nú heitir Hróa-stúnga, þat er í milli Fors<sup>5</sup>

1) Knarreyri, C. 2) fyrirögn næsta kapitula í D: Skúta vo Þóri á þingi. 3) Þorsteinn, E allstaðar. 4) fyrri sunnan land, hin. 5) Þors, A, B, E.



ok Hörstaða<sup>1</sup>, ok á milli lækja tveggja, er þar falla ofan af heiðinni. Svá er sagt, at Þórir ferr á fund Eyjúlfs Valgerðarsonar, at vita um héraðs vist<sup>2</sup> norðr þar, þvíat hann var nokkut skyldr honum ok þó lítt; nú biðr hann Eyjúlfr, at staðfestast þar í héraðinu, er hann kom út<sup>3</sup>. Eyjúlfr bað lýsa sýknu hans á Hegraness leið<sup>4</sup>, ok taldi hann vera sýknan, ef engi talaði á móti, ok svá á Vöðla leið; svá var gjört, ok fækst þar hvortveggja sýknan, þegar er beidt var; síðan skal biðja á Ljósvetninga leið, ok þótti Eyjúlfi þat líkast, at þar mundi í móti mælt sýknu hans, en taldi hann vera frjálsan, ef þar fengist [sýknu hifit<sup>5</sup>. Þar kom Eyjúlfr til leiðarinnar, ok svá þorgeirr frá Ljósavatni, ok sat Þórir í milli þeirra höfðingjanna. Svá er sagt, at Skúta kemr nú at máli við Þorstein, bróður sinn, ok spyrr, hvort hann vill heldr vinna á þóri, eða setja ráðin til, ok sagði þá eiga honum mikla harma at gjalda, er hann hafði drepit föður þeirra: skaltu fyri því kjósa um, sagði Skúta, at ek mun gjöra þat, sem þú vill síðr, þvíat eigi mun auðveldt þikkja at svá búnu, at komast yfir hann, ok eigi berr okkr at minni nauðsyn til, þótt torveldt sè at ná honum, at reka okkara harma við hann; en Þorsteinn þóttist til hvorskis vera vel fær. Ok nú þóttist Skúta sjá, at þetta mundi verða meirr til hans taka, ok setti þau ráð til, at Þorsteinn skal bjóða þorgeiri sætt fyri sekt þess manns, er hann hafði fyri ráðit, ok lúka þegar fyri

<sup>1</sup>) þannig: Horst<sup>1</sup>, D; Hörshliðar, hin. <sup>2</sup>) sína, h. v. C. <sup>3</sup>) v. ( B, C. <sup>4</sup>) þingi, hin. <sup>5</sup>) þannig D; sýkna hans, hin.



sakir fjölskyldar þeirrar, er hann átti at' annast; ok nú verðr svá, sem hann setti ráð til, at Þorsteinn bauð fyrri vottum sættina, ok Þorgeirr kvaðst vilja, at Þorsteinn gengi til handsalanna, ok þó með fá menn. Skúta var þar með Þorsteini, ok duldist hann. Ok nú, þegar at Skúta mátti atkomast, þá hjó hann þegar til Þóris með öxinni Flugu, ok veitti honum banasár. Þá mælti Skúta: veiddi<sup>2</sup> Fluga Flatnefjúnginn<sup>3</sup>, þótt hann sæti milli tveggja goðanna. Ekki mátti nú lúkast handsölin fyrri þraung þeirri, er þar var. Svá er sagt, at Skúta komst í burtu or þraungiuni, ok á bak hesti sínum, ok hleypti þegar í brutt í skóginn, ok var bæði runnit ok riðit eptir honum, ok varð honum þó ekki náð, ok komst hann svá undan. Fara menn nú heimleiðis, ok undu þeir Eyjólfir illa við þenna atburð, ok Þorgeirr, þviat þeir vildu hafa haldit hendi yfir manningum. Annann dag eptir, þá er smalamaðr Þorgeirs goða hafði rekit fè sitt, þá hittir hann mannt þann, er finna vildi Þorgeir, ok kvaðst vera sekr, ok vildi biðja hann dagnaðar ok viðtöku, en Þorði þó eigi at láta sjá sik, ok biðr hann koma þángat í skóginn, ok kvaðst þar mundu biða, en bað hann þó aðra menn ekki láta vara verða við þetta, enn Þorgeir. Smalamaðr ferr nú, sem honum var boðit, ok segir Þorgeiri; en hann grunaði hverju gegna mundi, ok fór nú til skógar við 10da mann, ok lætr hann eptir

<sup>1</sup>) hér byrjar en máða og ólasiliga séða í skinnbrotinu D, er því A fylgt. <sup>2</sup>) náði, B, C. <sup>3</sup>) þannig E; flatnefjúnginn, A, B, C.



mennina við skógiun. En þeir fóru 2 einir í skóginn, Þorgeirr ok smalamaðr hans, ok fundu nú hvergi hinn seka manning, ok ferr Þorgeirr nú heim aptr við svá búit.

21. Nú er þar til at taka, at Grímr heitir maðr, er Þórðr gellir hafði sektan um áverka eitthvert sumar á Þingi; hann kemr á fund Þorgeirs einhverju sinni, ok bað hann at taka við sèr, ok kvaðst mjök vera þurfandi dugnaðar, en kvaðst þat hafa frètt, at Þorgeirr væri góðr drengr, ok sagðist því fyrst hafa á hans fund sókt, at hann vænti af honum nokkurra hjálpráða. En Þorgeirr kvaðst mundu veita honum úsjá, ef hann vægi Skútu; nú kaupa þeir þessu saman. Síðan sendi Þorgeirr Grím til Þorbergs höggvinkinna, at hann ræði honum ráð til at drepa Skútu. Sú var ráðagjörð; at Grímr skal fara á fund Skútu, ok biðja hann dugnaðar, ok segja sèr alla<sup>1</sup> af hendi vera, ok at engu gagni vilja koma, ok biðja hann þar vistar ok úsjá, ok bað hann vera færivandan. Nú ferr hann, sem fyrir hann var lagt, ok barr upp erendi sín fyri Skútu, ok bað hann þar vistar ok úsjá, ok kveðst mjök þurftygr vera; ok svá kemr, at Skúta tekr við honum, ok hèt, at hann mundi þar vera um vetrinn; ok þar var hann þann vetr, ok veitti Skúta honum vel vistina, enda kunni Grímr vel at þiggja, ok leitaði hann aldrei til, at vinna á Skútu. Um vorit, er þat sagt, at þeir fara til netja báðir saman, einhvern dag, Skúta ok Grímr, er þar var í vatninu; ok er þeir hafa farit um hrið, þá

<sup>1</sup>) hér byrjar aptr brotið D.



losnar skóþvengi Skútu, ok dvaldist hann at, ok batt þvenginn; ok þá veitti Grímur honum tilræði, ok hjó til Skútu; en Skúta var þann veg búinn, at hann var í kufli, ok hafði brynju undir kuflinum; festi öxi Gríms í kuflinum, en Skúta sakaði ekki; ok nú greip hann Grím höndum, ok spurði, hve hann var svá hverflyndr ok ótrúrr. En hann segir þegar, at Þorgeirr hafði hann þángat sendt at drepa Skútu, ok nú bað hann sèr gríða; en Skúta hèt honum aungu um þat, en vita þóttist hann, at þetta voru ráð Þorbergs<sup>1</sup>. Svá er sagt, at Skúta færði Grím úti einn hólmi í Mývatni, ok alnaktan; síðan batt hann hann þar í hólminum við einn staur, ok kvað hann þar mundu búa verða um hríð, nema Þorgeirr byrgi honum. Nú ferr Skúta heim, ok sendi Þorgeiri orð um þetta. En Þorgeirr spurði, ef þeir vildi nokkut viðhjálpa mannum; en þeir kváðust aldri hirða, hvar hann var, ok kvóðust eigi mundu duga honum; ok lét hann þar líf sitt í hólninum, ok ágraði mest sultr ok mýbit, er hann var í engum klæðum<sup>2</sup>.

22. Maðr hèt Ólafr, ok annar Þorgautr; þeir voru sekir menn, ok þó var þeim margt vel gefit: þeir voru menn vænir ok kurteisir ok góðir fardrengir. Svá er sagt, at þeir koma einhverju sinni á fund Þorgeirs goða, ok báðu hann ásjá; ok var kaup þeirra með sama móti, ok þeirra Gríms hafði verit, at hann mun veita þeim ásjá, ef þeir dræpi Skútu. Ok nú sendir

<sup>1</sup>) þannig A, B, C; Þorgríms, D, E. <sup>2</sup>) fyrirögn narsta kapisula í D: Ean svik við Skútu.



hann þá til Þorbergs höggvinkinna, vinar síns, með þeim erendum, sem fyrr, at hann gæfi enn ráð til, at ná Skútu; ok nú koma þeir á hans fund, ok sögðu honum sín erendi, þau sem Þorgeirr hafði boðit til hans. Gott þótti Þorbergi, at Þorgeirr lét eigi fyrirvinnast um þetta mál, kveðst at vísu enn skulu til gefa nokkr ráð; nú var önnur ráðgjörð hans, enn it fyrra sinn: þeir hafa nú varning Norrænan með sér frá Þorbergs, ok skulu segjast hafa komit út á Eyrum suðr, ok teljast vera frændr þeirra Skefils, ok segja, at því fóru þeir norðr þángat, at þeir vilja bæði heimta bætr fyri vígin, ok svá fê þat, sem þeir höfðu átt bræðr, ok Þorbergr vildi eigi láta aftakast: skorið þá til vistar við Skútu, ok ásjá um mál ykkat; farið fyrst suðr um vatnit, ok þaðan at húsi. Ok nú fara þeir svá með öllu, sem þeim var fyrir sagt, koma nú á fund Skútu, ok bera upp erendi sín, ok tók hann við þeim, sem þeir leiddu. Svá var sagt, at þar voru þeir, ok vár Skúta vel til þeirra, ok hverjum manni likar vel við þá. Ok um jól um vetrinn, eða litlu fyri jólin, fellr þar voðmeiðr, ok kemr einhver kona at Skútu, ok bað hann atgjöra; ok hann ferr til þegar, ok þeir með honum vetr-taksmenn hans; tekr nú Skúta, ok styðr herðum sínum undir miðt trèit, en þeir Ólafr ok Þorgautr setja nú kvíslatrè undir endana; þá hjó Ólafr til Skútu. Skúta hljóp nú undan trènu, ok fell þat niðr á milli þeirra, ok kom eigi á hann höggit; hann var þá vopnlaus, þvíat Fluga stóð við vegg; þá hljóp Þorgautr at honum



með reidda öxina, ok vildi þegar höggva til hans. Ok nú þreif hann upp eitt trè, er lá hjá honum, ok laust við öxinni með víflinni, er konur voru vanar at hafa til þvottar, ok svá laust hann harðt við, at öxin hrott brott or hendi honum þorgauti; ok þá er svá sagt, at Skúta greip þegar öxina, ok hjó þegar Ólaf banahögg með þeirri öxi. En frá lífláti þorgauts segja menn misjafnt; sumir segja, at Skúta lèti hann koma í Hrafnaskèr, ok sendi þorbergi orð, at hann veitti honum nokkura björg, ef hann vildi; en sumir segja, at hann dræpi hann þegar; ok hvort sem þat var heldr, þá hefir hann bana af fengit. Nú eignast Skúta fè allt þat, sem þeir höfðu þángat haft. Nú verða þeir visir þorgeirr ok þorbergr, ok þótti þeim miklu viðauka sína svivirðing, er þeir fengu, því heldr sem þeir lögðu meiri stund á at ná Skútu, ok una nú stórilla sínum lut, en lètu þar fè mikit, ok þótti þeim þat þó miklu verra, er Skúta skal njóta mega fjárens, en kunna þó eigí tilkall at veita, ok þóttust þá verða berir í svikum við hann, ef þeir kallaði til fjárens; ok varð nú af því þar niðr at falla þessi mál, sem þá var komit<sup>1</sup>.

23. Þormóðr hèt maðr, er bjó í Laxárdal á Máfahjalla<sup>2</sup>, hann var kvongaðr maðr, ok hèt kona hans þorbjörg, hún var systir Vigaskútu. Þau þormóðr áttu son, ok var nefndr Eyjúlfr; hann var vænligr maðr, ok óx þar upp heina með feðr sínum ok móður. Maðr hèt þorsteinn,

<sup>1</sup>) fyrirsögn næsta kapitula í D: Vig Bjarna. <sup>2</sup>) þannig (Máfahjalla) D; Mánahjalla, hin.



hann bjó á þeim bæ, er á Mýri heitir; hann var ok kvángaðr maðr, ok átti þá konu, er þorgerðr er nefnd, hún var systir Vigaglúms at þverá or Öxarfirði; þau áttu þann son, er Bjarni hêt; hann var mikill maðr þegar á unga aldri, ok ramr at afli. Þau Bjarni voru því vön jafnan um haustum, at fara til þverár at heimboði, ok nú gjöra þau enn svá á einhverju hausti; tekr Glúmr við þeim forkunnar vel, ok voru þar þá stund, sem þeim líkaði. En er þau búast heim at fara, þá gaf Glúmr Bjarna, frænda sínum, hest rauðan, 6 vetra gamlan, ok kveðst mundu fá honum annann hest, ef nokkurir væri hvassari enn sjá. Ok nú fara þau heim frá heimboðinu, ok setr Bjarni þegar hestinn tilheys, ok var allvel varðveittr; ok um sumarit eptir var honum mikil forvitni, hve bitast vildi hestrinn; ræddi hann um, at hann vill etja við hest, er átti þorkell Geirason or Skörðum, ok var ákveðit, at þeir skulu etja at miðju sumri hestunum á Máfahjalla; en feðgar áttu grán hest föxóttan, ok seldi mönnum jafnan hross undan [til slátrs<sup>1</sup>, en áttu ekki skap til, at etja hestinum. Svá er sagt, at saman koma hestarnir einhverju sinni þeirra þormóðar ok Bjarna, ok bitust svá, at í blóði var hvorttveggi. Húskarl Bjarna kemr nú á fund hans, ok segir hann frá, er (hann) hafði sèt báða hestana albitna, ok kvað hvorutuggja vera hestinn alrauðan<sup>2</sup>. Ok þá sendi Bjarni orð þorkeli, at eigi mundi þeir etja hestunum, segir ok, hvat tilbar, at hans hestr var nú ekki ötufærr. Þat ætlaði

<sup>1</sup>) v. í hin. <sup>2</sup>) einnin, hin.



Bjarni, at þeir Eyjúlfr mundi hafa att hestunum, ok þormóðr, faðir hans, ok því mundu þeir þann veg vera, at af mannavöldum mundi orðit hafa, ok því bauð [hann þeim at 8 viknum sumars<sup>1</sup>; en þormóðr bað Eyjúlfr, son sinn, fyriráða, hvort etja skal, eðr eigi; en hann vill etja láta. Nú voru hestarnir framleiddir, ok voru góð vigin, þartil er gengnar voru 11 lotur; þá tekr hestr Eyjúlfs undir kinmarkjálka á hesti Bjarna, ok hældt þar lengi, þartil at Bjarni fór til, ok laust hestinn af takinu; en Eyjúlfr snèrist nú við, ok laust hestinn, ok hraut stafrinn harðt af hestinum, ok kom á öxl Bjarna; ok nú voru þegar skildir hestarnir; gengr Eyjúlfr at Bjarna, ok mælti, at þetta hefir honum verr tekizt, enn hann vildi: skal ek, segir hann, raun tilgjöra, hvort mèr var þetta voðaverk, eðr eigi; nú vil ek, segir hann, gefa þèr 60 geldinga til þess, at þú kunnir mik eigi um þetta, ok máttu þá skilja, at ek munda eigi vilja, at svá hefði atborizt. Bjarni kveðst þessu litlu síðr valdit hafa; þikkist hann nú vita, at þeir munu eigi att hafa hestunum; fara menn nú síðan heimleiðis. Ok um haustit at rèttum, drógu þeir Eyjúlfr út 60 geldings. Nú spyrr þormóðr, hvat sauðir skulu þeir, sem út voru dregnir; en Eyjúlfr kveðst hafa gefit Bjarna sauðina. Þá segir þormóðr: bæði ætla ek, segir hann, at höggit var mikit, enda er miklu launat; ok þegar eptir, er hann hafði þetta mælt, þá snýr hann Bjarni at honum, ok hjó hann

<sup>1</sup>) Bjarni þormóði, at etja hestunum við hann at 46u viku sumars, *hín*.



banahögg; ok nú vill hann eigi þiggja geldingana. Eyjúlfr var nú fámennr, svá at hann mátti ekki ná Bjarna; ok nú segir hann móður sinni, at hann má finna Þorstein<sup>1)</sup>, frænda sinn, at um þetta mál, ok svá Einar Konálsson, ok beiða þá ásja um með sér. En Þorbjörgu, móður hans, þótti mest traust at Skútu, ok kvað honum verr mundu þikkja, ef aðrir væri fyrr atsóktir, enn hann. Nú gjörir hann svá, at hann hitti Skútu, ok segir honum sín erendi; ok hann tekr við honum forkunnar vel, ok hèt þegar sinni ásja um þetta mál, tók hann nú við Eyjúlfi. Nú ferr Bjarni á fund Glúms at Þverá, frænda síns, ok segir honum vigit. Glúmr segir, at hann vill, at Bjarni sè þar með honum um vetrinn, ok til þess, er lyki málum þessum, ok þótti vera gagnsakir í málinu. Bjarni sagði, at honum þótti litilmannligt, at flýja bú sín, ok fór hann af því heim; en þó vildi Glúmr, at hann hefði eigi heim farit á því mæli. Eyjúlfr vekr nú til við Skúta, frænda sinn, þrjá tíma um tilbúnað málsins, ok tók hann vel it fyrsta sinn, ok kvað enn vera gott tóm til þess; en í annat sinn kvað hann munu finnast gagnsakir í málinu; ok it þriðja sinn, þá Eyjúlfr hafði þetta mál upp við Skútu, þá kvaðst Skúta vilja hefnd láta fyri koma. Ok þá beiddist Eyjúlfr at taka við málinu, en hann hafði áðr Skútu í hendr fengit; en hann varnaði honum þess; ok nú verða þeir frændr andorða um þetta, ok við þat skilja þeir, at sinn veg þótti hvorum. En bráðliga eptir tal þeirra, ferr Eyjúlfr heiman einn-

<sup>1)</sup> Þorkel Áskelsson, C.



saman, ok þartil er hann kom á Mýri<sup>1</sup>, ok nemr þar staðar undir garði einhverjum háfum; ok nú sèr hann, hvar Bjarni fór einnsaman til sauðahúss, ok skal rýja sauði [fyrr enn aðrir menn<sup>2</sup>; nú setr hann hurð fyrir húsit. Eyjúlfr gengr nú þángat, ok þokar hann hurðinni frá dyrunum; þá tók Bjarni til hendinni, ok vill láta fyrir dyrnar; þat sèr Eyjúlfr, ok er svá sagt, at hann höggf af Bjarna höndina, er hann rætti út hjá hurðinni, fyrir framan úlfliðinn. Bjarni hljóp nú út með öxi, ok bað Eyjúlfr biða sín; ok svá gjörði hann. Ok þegar er Bjarni kom eptir, þá hjó hann til Eyjúlfs með annari hendi, ok þegar af honum skjöldinn ok í jörðina niðr síðan; þá hjó Eyjúlfr milli herða Bjarna, ok var þat banahögg. Nú ferr Eyjúlfr á fund móður sinnar ok Skútu, ok sagði þeim til þessa. Svá er sagt, at nú likar Skútu forkunnar vel, ok þikkir nú gott lut í at eiga með honum, er hann vildi nokkut at manna vera sjálfr, ok kallar hans ferð góða vera<sup>3</sup>.

24. Svá er sagt, at Þorgerðr, móðir Bjarna, ferr þegar á fund Glúms, bróður síns, ok segir honum þessi tíðendi, ok svá selr hún honum vígsmálit, ok biðr hann taka við eptirmálinu; hann gjörir svá. Glúmr harmaði þetta mjök, ok þótti vera ill tíðendi, ferr nú á fund Eyjúlfs Valgerðarsouar, ok segir honum atburðinn. Eyjúlfr vill, at þeir fari allir í málatilbúnaðinn, kvað vera nauðsyn, at slik mál lægi eigi kyrr. Svá er sagt, at Glúmr ferr nú fyrir í njósn með 10da mann til

<sup>1</sup>) háfan hól, hin. <sup>2</sup>) v. í hin. <sup>3</sup>) fyrirögn nærsta kapítula í D: Vig Hávarður.



Hnjóskadals, ok þaðan til Gnúpsskarðs<sup>1)</sup>, svá í Bárðardal, ok átu dagverð þar í dalinum at þess manns, er Áslákr hèt; þar var stafkarl einn á búi, ok þótti förunautum Glúms gaman, at glettast við karl; Glúmr bað þá ekki glettast við hann, meirr enn hann vildi, kvað þat vera lítilmannligt at erta gamalmenni; ok nú láta þeir hann lausan. En karl fór þegar á brott, er hann mátti í sjálf-ræði vera, ok þartil, er hann kom á þann bæ, er heitir í Ísólfstúngu, en þar bjó sá maðr, er Hávarðr hèt, ok móðir hans. Nú sagði hann Hávarði, at allólíkr var hann þó öðrum mönnum Glúmr, ok kvað hann engan einn lut til þess hafa, at honum væri betr farit, enn öðrum. Mikit tekr þú af, sagði Hávarðr, eðr hvat er nú svá nýtt um þetta? Nú sagði karl honum, hvaðan hann var atkominn, ok hve farit hafði með förunautum hans (Glúms) ok honum, áðr Glúmr átti lut í með oss, ok lofaði hann Glúm í hverju orði, sem hann kunní. Ok nú bað Hávarðr móður sína gefa karli mat; en hann bjóst heiman, ok fór á fund Skútu, vinar síns, ok sagði honum um ferðir Glúms, þat sem hann vissi til. Vel þætti mér þat, sagði Skúta, at Glúmr kæmi hingat til vor, ok vildi ek gjarna, at hann fengi erendi, ef hann kemr hér. Nú riðr Glúmr yfir fjallit ok hans förunautar. Svá er sagt, at maðr hèt Gautr, hann bjó þar, sem heitir í Gautlöndum; hann átti góðan hund, er Flóki hèt; ok þat sama kveld gó Flóki einart á fjallit upp; ok þá þóttist Gautr vita, at manna mundi von af fjallinu ofan; ok nú sendi hann þegar hjón sin

<sup>1)</sup> Gnúpsdals, *hin*.



öll til Skútu, ef hann þyrfti nokkut manna við. Ok nú er þeir Glúmr koma þar í nánd, heyrir hann manna mál, ok skilr, at nokkr njósn man kominn vera um þeirra ferð, en vildi eigi láta teppa sik þar, svá at hann mætti eigi þegar aptr, at hann vildi; ok snúa þeir nú aptr á leið, þartil er þeir finna Eyjúlfr ok förunauta hans á Hálsi. Skúta segir nú, at honum þótti Gautr minna hafa veitt sèr í njósninni, enn hann mundi vilja, þá er seinkaðist kvoman Glúms; þóttist hann nú vita, at Glúmr man hafa vorðit varr við mannfaraðnar, ok snúit þá aptr, er hann skildi njósnina komna vera fyri þeim. Svá er sagt, at Skúta vill nú verja þeim vaðit á fljótinu, ok hafði hann nær hundrað manna, áðr þeir koma til móts við hann, Einarr ok Þorsteinn bróðir hans, eptir orðsending Skútu. Nú koma þeir Eyjúlfr ok Glúmr til vaðsins með 2 hundruð manna; ok því nær var sagt, at þeir Skúta hefði ok, þvíat Arnórr or Reykjahlíð veitti honum. Þat er sagt, at þetta var við Eyjarvað, ok voru nú sínumegin hvorir með flokkana. Eyjúlfr talar til Glúms, at rétt var, at búa þar mál til, er þeir mætti framast komast, svá at þeim væri úhætt. Ok nú íhugar Glúmr málit, ok fèkk hann nú þat ráð, at þeir skulu heyjast við Skútu þeir Eyjúlfr: en Márr, son Glúms, er þá var 18 vetra gamall, skal ríða til Mývatns við 10da mann, at stefna Eyjúlfi þormóðssyni; hann kom þar snemma um morgininn, ok barði á hurð; en Hávarðr or Ísólfstúngu var þar þá, ok gekk hann þá til hurðarinnar; en Márr rak á honum spjótit, Hávarði, ok vo hann þar; en síðan stefnir hann Eyjúlfi. Eptir



Þat ferr hann á fund föður síns, ok segir honum til, hvat hann hefir atsýst á þeirri stundu, sem hann hefir á brottu verit. Vel likar þeim Glúmi ok Eyjúlfi förin Márs, ok báðu hann hafa þökk fyri, segja nú Skútu, at Hávarðr mun eigi bera optarr njósnina. Skúta skaut nú yfir vaðit snærisspjóti, ok kom á þann mann, er þrándr hét, hann var góðr bóndi, ok er svá sagt, at hann fèkk þegar bana. Nú mælti Eyjúlfr, at þar væri þann veg varit mönnum í hvorumtuggja stað, at mannskæð mundi verða deilan þeirra. Ok nú eiga þeir lut í Eyjúlfr ok Einarr, at þeir mundi vilja sættast á málit, ok þar kom, at þeir játtuðu báðir þeirra ummælum þessara mála. En sú var sættargjörð þeirra Eyjúlfs ok Einars, at stafshöggit, er Eyjúlfr laust Bjarna, ok orðin þormóðar, skulu óhelgá hann sjálfan: Eyjúlfr skal vera utan 3 vetr, ok fara þá til búa sinna, er hann keimr apr: Bjarna skal bæta hundraði silfrs, þat skal Glúmr láta koma í hendr þorgerði, systur sinni, en móður Bjarna. En þat var ráðit á laun, at Skúta skal fá þorlaugar, dóttur Glúms, ok skal Skútu svá heima standa hundraðit, at Glúmr gyldi því minni heimanfylgjuna, en þó vissi þat ekki fyrst alþýða manna; ok nú skiljast þeir at sinni vel sáttir. Svá er sagt, at Skúta bað þorlaugar, ok fèkk hennar; þá var Álfildr önduð, er Skúta hafði fylgt áðr, ok Kolli hafði átt á Sauðanesi. Þat segja menn, at þorlaug hafi átta 3 bændr; fyrst átti hún Skútu, þarnærst þann mann, er Eldjárn hét, ok var kallaðr enn mildi, hann var farmaðr ok góðr drengr; síðarst átti hana Arnórr kerling-



arnef, ok eru göfgir menn frá þeim komnir, ok þótti hún vera mikill skörungur<sup>1</sup>.

25. Nú er þat fyrst at segja, at Þorgeirr, son Þóris flatnefs, kemr at máli einhverju sinni við Þórodd goða af Hjalla í Ölfusi, frænda sinn, at hann gæfi honum nokkut ráð, til þess at koma Skútu til alþingis, ok þóttist Þorgeirr eiga at sjá þar til föðurhefnda við Skútu. Þóroddr kvaðst eigi mundu batna við hans kvomu, enn sjá þikkist hann bragð til þessa, segir, at búðir þeirra standa it nærsta fyrri vestan á; ok nú gaf hann þat ráðit til, at þeir skulu hafa búðartópt Skútu fyrri gang<sup>2</sup> um sumarit, ok svá bað hann Þorgeir reisa þar upp ás, ok skera á karlhödda<sup>3</sup> á endanum: ok væntir mik, segir Þóroddr, at Skúta mundi koma til þingins<sup>4</sup> at sumri, ef þann veg er meðfarit, þviat svivirðing man honum at þikkja, þá er hann veit. Þessa meðferð hefir Þorgeirr, sem nú var frásagt. Ok er menn koma heim í hæröð, var mjök fjölraedt um þetta, hvort Skúta man þola Þorgeiri þessa svivirðing, ok þikkir þat hvergi ólikara, at hann mundi hefna vilja, svá sem hann er áðr farinn<sup>5</sup> við flesta menn, þóat minna væri tilgjört við flesta menn, enn nú var. Þat er sagt, at þetta kemr til eyrna Skútu, ok lét hann, sem hann vissi eigi, allt þartil, er menn búast til þings annat sumar eptir, þá ferr hann á fund Arnórs or Reykjarhlið, ok segir honum, at hann vill, at þeir riði til þings um

<sup>1</sup>) *fyrirögn nærsta kap. í D: Skúta drap Þorgeir.* <sup>2</sup>) þing, hin. <sup>3</sup>) eða karlhödda; karlhöfða, hin. <sup>4</sup>) þannig D. <sup>5</sup>) framr, hin.



sumarit; ok nú safna þeir at sèr mönnum, riða heiman, sem leiðir liggja til þingsins. En er þeir koma á völlum efri, þá bað Skúta Arnór riða til búðar með liðinu, en hann kveðst eiga annat erendi af út at snúa. Nú reið Arnór með flokkinn til búðar Skútu, ok tjalda búðina. En Skúta snýr þángat, sem hann sá mann gánga með viðar byrði; ok nú skiptir hann klæðum við þenna mann, en tekr upp byrðina, ok gengr vestr yfir á með, ok hefir viðaröxina í hendi sèr. Þeir hlupu nú at, menn þorgeirs, ok föluðu viðinn, en færa hann í reikoð; ok nú sèr hann þorgeirr, ok bað þá vera láta; ok þá er hann átti lut í þessu, þá fell ofan byrðrinn, ok í því reiðir hann upp öxina, Skúta, ok veitti þorgeiri þegar banasár. Nú hljóp Skúta þegar til sinna manna, ok fara þeir á bak, ok riðu brott af þinginu; fara nú þartil, er Skúta var kominn or allri hættu; þá riðr Skúta heim til búss síns; en Arnór snýr apr til þingsins með allan flokkinn, ok svá til búðarinnar. Mál eru nú tilbúin á hönd Skútu, ok Glúmr galdt fyrir hann hundrað silfrs þar á þinginu. Fara menn nú heimleiðis. Ok er þeir finnast Skúta ok Glúmr, sagði Glúmr honum, hvar þá var komit, at sæzt var á málit, ok hann hafði goldit fyrir vígit. Skúti sagði, at þat mundi hann aldri gjört hafa, ef hann' hefði ráðit, ok kveðst honum eigi þökk fyrir kunna. Glúmr kvað hann meiri svívirðing af mundu hafa fengit, ef eigi hefði þetta verit atgjört, sem nú var frásagt, ok þótti sinn veg hvorum, sem jafnan voru



Þeir eigi samlyndir mágar. Eldjárn inn mildi Áskelsson kom út á skipi sínu í Eyjalirði nokkuru síðarr, hann var farmaðr mikill; ok hann kemr á fund Glúms, ok sitja þeir á tali allan dag, svá at engi vissi, hvat þeir töluðu. Ok litlu síðarr sendi Glúmr mann til Mývatns, ok bauð hann Þorlaugu, dóttur sinni, til boðs, ok bað hana hafa gripi sína með sér, ok svá nokkut lausafé; en sumir menn vilja þat segja, at Skúta sendi hana heim til Glúms, þá er vesnaði með þeim, ok þóttist Skúta gjöra þat til svivirðingar Glúmi. En hin frásögn er hér höfð, at Skúta væri eigi heima, þá er sendimaðrinn kom eptir Þorlaugu, ok var hann farinn norðr á Strandir at rekum; hún ferr nú á fund föður síns at hans orðsendingu. Nú urðu menn bráðt varir við, hvat verit hafði í talinu þeirra Glúms ok Eldjárns, þvíat þá gipti hann Þorlaugu, dóttur sína, Eldjárni, ok fóru þau þegar á brott ok utan, ok þótti mönnum þetta vera mikil tíðendi, ok þóttust vita, at Skúta mundi þessa hefna, ef hann mætti því viðkoma.

26. Ásbjörn hét maðr, hann var frændi Þorlaugar ok ónytjúngr mikill; hann varð sekr á vorþingi í Skagafirði; hann kemr nú á fund Skútu, ok biðr hann dugnaðar, þvíat þau Þorlaug höfðu veitt honum fyrri í ásjá; ok Skúta hét honum ásjá, ef hann færi sendiför hans til Glúms. Ásbjörn kveðst eigi vilja vera flugumaðr. Skúta sagði þat eigi vera hans færi: þú skalt fara

<sup>1)</sup> fyrirögn næsta kap. í D: Af Glúmi.



á hans fund, ok mæla þessum orðum, at þú þikkiest þurfsandi, at hann gjörist forsjámaðr ráðs þíns, ok seg, at þitt vandræði er mikit, er þú hefir beðit af vígaferlinu, ok get ek, at þann veg beri til um fund ykkarn, at hann sè í þíngreið; en hans skaplyndi er þat, at hann er maðr þrautgóðr, ef menn þurfa hans, ok enn mætti svá verða, ef þú gjörir þitt mál líkligt, enda viti hann, at þú ert hjálplauss, at hann mælir, at þú farir til þverár, ok biðir hans þar, til þess er hann kemr heim af þínginu; þá skaltu svá svara, at meirr er þreyngt mínu máli, meðr því, at hugr býr lítill í brjósti: seg, at þú hræðist mennina, ok vildir heldr koma á hans fund, er þú hittir hann einnsaman; ok með því, at Glúmr er armvitegr<sup>1</sup> ok vel skapi farinn, kann vera, at þar leggi hann til nokkut ráð; ok þess skaltu biðja, at finna hann í Mjaðmardal<sup>2</sup>, er gengr upp frá bænum at þverá, ok sel hans standa; lát þat þar sýnast, sem þú mant hugboðit hafa, at finna hann at ákveðnum degi ok stund; ok ef þetta gengr fram, skaltu njóta frá mèr, ok mun ek þá veita þèr dugnað, enda vinn þú þat eina til, at þèr samir vel; ok þessu játtar Ásbjörn. Svá er sagt, at hann hittir nú Glúm, þá er hann var kominn á leið á Öxnadalshéiði, ok ríðr hjá honum, ok segir sitt erendi, ok þau orð öll, er áðr voru sögð. Glúmr kveðst eigi þat vita, at hann ætti honum góða luti at launa: en fyri þá sök, at þú sýnir þik vinlausan, ok lætr, at hèr liggi við

<sup>1</sup>) þannig D; góðbrjóstaðr, hin. <sup>2</sup>) dalnum, hin.



líf þitt, þá vil ek, at þú farir norðr til Þverár, ok biðir þar minnar heimkvomu. Hann svarar: vel er leyst vandræðit ok mikilmannliga, en þó hefir ek eigi dyrfð til, at sækja þángat, er margir menn eru fyrir, ok aldri örvænt, hvörr úvinum mætir. Glúmr svarar: þú ert blauthugaðr: en at þú skilir, at ek vil þèr hjálpir veita, þá kom þú í Mjaðmardal<sup>1</sup> at ákveðinni stundu til selja minna, þvíat þar man eigi fjölmenni fyrir. Hann svarar: þann kost hefir þú boðit, er mèr líkar; skiljast þeir nú. Ferr Glúmr til þings, en Ásbjörn ferr til Skútu, ok segir honum, hvar komit er. Skúta segir: vel hefir þú leyst þitt erendi, ok ver nú með mèr. En er atliðr þessum tíma, þá býst Skúta heiman, ok þeir Arnórr, með 30 manna; þeir ríða nú norðan, ok koma vestr yfir Vöðlaheiði, ok á hjalla þann, er heitir Rauðahjalli; þar stíga þeir af baki. Þá mælti Skúta til Arnórs: nú munu þèr eiga hèr dvöl um hríð, en ek man ríða inn með hliðum, ok vita, ef nokkut verðr til fengjar, langt hefir nú verit, síðan vær höfum hitt menn or hèröðum. Hann ríðr með vopnum sínum, ok sèr, er hann reið í dalinn, at maðr ríðr neðan eptir dalnum upp frá Þverá, mikill, í kápu grænni, ok kennir hann þar Glúm. Þá stígr Skúti af hestinum; hann hafði vesl yfir sèr tvískipt, svart ok hvítt; hann lét hestinn í rjóðr eitt, ok gengr síðan upp til selsins, ok var Glúmr þá kominn í selit; þat var þann dag, er þeir skyldu finnast, Glúmr ok sendimaðr Skútu.

<sup>1</sup>) Mjaðardal, A, B; Meitardal, C.



Skúta hafði Flugu í hendi ok hjálm á höfði; þar segja menn eigi einn veg frá; sumir segja, svá sem hér er sagt, at þat væri öx, ok heiti Fluga, en sunir segja, at þat væri sverð, ok hēti Fluga; en hvort heldr var, þá hafði Skúta þat vopn jafnan í hendi, ok svá var nú þetta sinn. Nú gengr Skúta at sels dyrunum, ok laust á vegginn, ok vikr síðan hjá selinu aptr. Glúmr gekk þá út, ok hafði ekki í hendinni, ok sèr nú eigi manninn; hann snýr þá hjá selinu, ok kom í hug, at maðrinn var údjarfr, at hann mundi eigi traust til bera, at gánga at sels dyrunum. Nú vikr Skúta milli hans ok dyranna; ok er Glúmr sèr þat ok kennir manninn, þá hopar hann undan, en ár-gljúfr voru nær selinu; Skúta biðr hann bíða. Glúmr segir, at þat mundi mælt, at eigi væri tjarri, hvorr þeirra betr væri vígr, ef þeir eru jafnbúnir til: en eigi vil ek gánga á vopn þín, ok hopar hann at gljúfrinu; en Skúta sækir nú at honum. Ok er Glúmr kom at fram, þá steyptist hann ofan fyri gljúfrin. En Skúta leitar þar ofan, er gánga mátti, ok sèr í gljúfrinu, hvar kápuna rak ofan; hann leypr at, ok leggr til kápuunnar; þá heyrir hann, at mælt er yfir honum uppi: þat er litil fremd, segir sá, at spilla klæðun manna. Skúta leit upp, ok kennir þar Glúm; hafði hann vitat raunar, at þar var tó undir, er hann fór ofan, ok reð hann því til, at hann sá eigi færi at bíða. Þá mælti Skúta: á þat áttu at minnast, Glúmr! at nú hefir þú runnit ok beðit eigi Skútu. Satt er þat, segir Glúmr, en vilja



munda ek, at þú rinnir eigi skeinra, áðr sól sett-  
ist í kveld. Þá kvað Glúmr þetta:

Hálfs<sup>1</sup> eyris met ek hverjan  
hrísrunn fyrir á sunnan,  
vel hafa viði<sup>2</sup> skógar  
vargfæðanda<sup>3</sup> borgit.

Þar skilr með þeim; ferr Glúmr heim, ok safnar  
liði, ok segir, hvert vèlræði var fyrir hann sett af  
úvina hendi, læzt ok vilja, at þat mætti bráðt  
gjaldast; hann fær á litilli stundu 60 manna, ok  
riða síðan upp í dalinn. Skúta gekk til hests  
síns, ok reið með hliðinni, ok gat nú at sjá, hvar  
fjöldi manna reið, ok veit, at þat má honum eigi  
endast, ef þeir fá staðit hann, leitar nú ráðs:  
brýtr af skaptinu spjótit, ok hefir fyrri staf: tekr  
af hestinum söðulinn, en snýr veslinu, ok reið  
nú at sauðum, ok hóar fast á fèit. Nú koma þeir  
eptir honum förunautar Glúms, ok spyrja, ef  
hann hefði sèt mann nokkrn sköruligan ok með  
vopnum riða fram um leitit. Skúta kvaðst vist  
sèt hafa manninn riða fram um leitit, hann kvaðst  
sjá, at maðrinn fór hvatliga, ok dró þá í sundr,  
er leitit bar í milli þeirra. Þeir spyrja, hvat er  
hann hèt. Skúta segir: ek heiti Margr at Mý-  
vatni, en Fárr í Fiskilækjarhverfi. Þeir sögðu: af  
skætingu villtu svara oss ok spotti. Skúta segir:  
ek kann aldri sannara at segja; ok þá skilr með  
þeim. Þat er sagt, at Skúta tekr vopn sín, ok  
reið hvatliga til sinna manna. En hinir finna Glúm,  
ok segja honum, at þeir fundu þann mann, er þeim

<sup>1</sup>) háls, *D.* <sup>2</sup>) viðr, *A;* viðir, *hin.* <sup>3</sup>) vargi opt um, *hin.*



svaraði með spotti, ok kvaðst heita Margr í Mývatnshverfi, en Fárr í Fiskilækjarhverfi. Glúmr segir: nú hefir yðr orðit ráðfátt nokkut: þar hafi þær hitt Skútu; eðr hvat mátti hann sannara segja, þvíat í Mývatnshverfi er hverr skúti við annann, en í Fiskilækjarhverfi hittir hvergi skúta, ok hefir nú nær lagt með oss, ok eptir skulu vær enn riða; ok koma nú at hjallanum, ok eru þeir Skúta þar fyrir; en þar var einstigi upp at gánga, ok er þar betra at verja með 30 manna, enn sækja at með 60. Þá mælti Skúta: svá er nú, Glúmr! at þú hefir kost tilgefitt at sækja eptir mæ, má nú vera, at þú þikkist þín eiga í at hefna fyrir undanhaldit, þvíat allknálíga hëlttu undan, ok bart gott áræði til at hlaupa í gilit. Glúmr segir: satt er þat, at mæ leizt þat ráð, en kunnir þú hræddr at verða, þá er þú læzt vera sauðamaðr Eyfirðinga, ok leyndir vopnum þínum, ok ætla ek, at eigi rinnir þú skemri leið. Skúta segir: hversu sem hertil hefir verit, þá sæk nú at með hálfu fleira lið, en vær munum hær bíða, ok eltast eigi lengra. Glúmr segir: ek ætla, at vær munum nú skilja at sinni, verðr nú virðt, sem má, í hverjum stað. Nú riðr Glúmr heim til þverár með sínum mönnum, ok ekki bjó hann þetta mál til. Skúta kveðst ætla, at eigi mundi honum auðit verða at koma Glúmi fyrir, ok sagði, at þat mundi undan bera, at hann yrði honum at skaða, ok ferr hann nú heim við sínum mönnum<sup>1</sup>.

<sup>1</sup>) fyrirögn nærsta kap. í D: Svik við Vigaskútu.



27. Nú er þat fyrst at segja, at Þorbergr höggvinkinni gjörir heimanferð sína til fundar við þann mann, er Arnórr hèt, hann var at, ok smíðaði skot um skála Skútu, ok gaf honum hálf hundrað silfrs til, at hann skyldi leyna þeim mönnum þar í skotinu hjá sèr, er annar hèt Játgeirr, en annar Eyjúlfr; þeir voru sekir menn, ok hafði Þorbergr þá sendt til at vinna á Skútu; ok nú var þetta kaup þeirra Arnórs ok Þorbergs. Eigi var Skúta heima, þá er Þorbergr hafði þar komit; hann kemr nú heim, ok var honum vel fagnat, sem líkligt var; gengr Skúta nú til, ok lítr á smíðina Arnórs, ok hefir hann ekki vopna í hendi. Arnórr telgdi þá með knífi, en tálgöxin lá þar hjá honum. Núhleypr ofan þilit ok menninnir fram; þikkist Skúta nú sjá bragð þeirra, varð honum nú þat fyrir, at hann þreif upp tálgöxina, ok hjó hann Arnór hanahögg, ok kvað hann eigi optarr sik svikja skulu. Ok nú kallar Skúta á sína menn, ok segir þeim, hvert vèlræði var fyrir hann sett; en húskarlar hans hlupu til, ok drápu flugumennina; en Skúta hefir silfrit, þat er Arnórr hafði haft af Þorbergi höggvinkinna. Þetta mál var tilbúit á hönd Þorbergi til Eyjarþings, ok var þar sæzt á málit: skal Þorbergr gjalda fyri fjörráðit hálf hundrað silfrs, en Þorbergr skal fara á brott þaðan or sveitinni, ok til Lundarbrekku í Bárðardal, ok þótti þá líkligra til, at af mundi taka óþokkan milli þeirra, ef þeir sætist eigi svá nær, sem áðr hafði verit; ok færir Þorbergr þegar bú sitt'.

\*) Jyrisögn nærsta kap. í D: Einn flugumaðr sendr.



28. Maðr er nefndr Auðgisl<sup>1</sup>, hann var frændi Þorbergs höggvinkinna, ok hinn mesti únytjúngr þótti hann vera; hann kemr eialhverju sinni á fund Þorbergs, frænda síns, ok skorar á hann til nokkurra tillaga við sik. En Þorbergr kvað hann eigi verr tilfallinn at afla sér fjár, enn sik, ef hann hefði þrifnað til, en ~~si~~ kveðst hann mundu til utanferðar honum, ef hann vægi Skútu. En Auðgisl kveðst litlu verra eiga at launa Skútu, enn honum, en kvaðst þó [nær mundu honum leggja<sup>2</sup>, ef hann vildi; ok nú setti hann sjálfr þau ráð til, at hann man brjóta fatakestu Þorbergs, ok taka á brott feld hans ok kyrtil ok sverð, gánga síðan fyrir hann, ok heitast við hann sjálfan, ok taka meira, ef hann vildi eigi þetta gefa honum, en fara síðan til Skútu, ok biðja hann ásjá, ok sagði hann eigi gruna mundu, ef hann færi þann veg með. Þorbergi kveðst þetta þikkja fæfrekt, en kvað þó líkligt, at svá mundi gánga, ok vill hann fyrir því þenna kost. Svá ferr Auðgisl með sínu máli, sem áðr var frásagt, ok kemr á fund Skútu, ok beiddi hann viðtöku ok ásjá; spurt hafði Skúta, at sönn var saga hans, ok tók hann við honum. Svá er sagt, at Skúta hafði látit gjöra sér lokrekkju; en þar var svá umbúit, at ketill var upp yfir rekkjuna, ok reist upp haddan yfir katlinum, ok voru þar á festir hringar, til þess, at eigi mætti svá<sup>3</sup> at koma rekkjunni, at

<sup>1</sup>) Auðgils, *A, C, allstaðar.* <sup>2</sup>) verr mundu öðrum veita, eum sér, hin. <sup>3</sup>) hér endur höfuðskinnbókar-brotið *D*, og er því *A* fylgt apr.



Skúti yrði eigi varr við; var af því haddan upp-reist, at hann vaknaði við, ef hún félli; ok jarð-hús átti hann undir rúmi sínu, ok annann jarð-hússmunna í sauðahúsum sínum. Ekki vissu þetta fleiri menn, enn Skúta, ok fóstra hans, er Sigríðr hét, at væri þann veg unbúit, ok svá unni hann henni mikit, at hann trúði henni einni, at vita með sér slíka hluti. En er Auðgils hafði þar verit hálfan mánuð, þá var þat um eina nótt, at Skúta gekk or rúmi sínu, ok læsir hlemminn, er hann kemr aptr til rúmsins, ok leggst nú niðr; síðan ræð Auðgils til, er hann var sofnaðr, ok stè í rekkjugólfit, ok þegar hljóp niðr gólfit und-ir honum; þá féll haldan á katlinum, þvíat hann hafði komit við festina. Ok nú vaknar Skúta í því bili við þetta allt saman; ok nú leggr hann á Skútu miðjum; en Skúta bregðr upp fætinum, ok lagði hann í fótinn á honum; nú hljóp Skúta þegar upp, ok veitti honum banasár, en tekr nú til sín gripina, þá er Þorbergr hafði átt, ok eptirleitar hann við Þorberg, ef þetta væri nokkut af hans ráðum; en hann kvað þat fjarri fara, ok kvað Auðgils stólit (hafa) frá sér grip-unum, en barit á honum á svá gert ofan. Nú bjó Skúta þetta mál ekki til, ok féll þetta þar niðr.

29. Einhverju sinni kemr Þorbergr á fund Þorgeirs goða, ok sagði, at honum þótti eigi vel veita við Skútu, þóttist lá mikit manntjón af honum, en fengit aungvar bætrnar, ok biðr nú Þorgeir, at eiga hlut í um, sin sakir, at Skúta yrði



afráðinn; honum kvoðst illa hugr um segja, en játar þó at vita, hversu til vill takast um sinn. Um vorit á vorþingi safnar Þorgeirr at sèr mönnum, ok fór upp í Reykjardal á laun, ok hafði 2 hundruð manna til Lauga, ok ætlaði at sitja þar fyri Skútu, er hann riðr til Eyrarþings. Skúta hafði 60 manna, ok vissi hann aungva von til ferðar Þorgeirs. Nú sèr Skúta hrossfjölda mikinn, ok þikkist eigi vita, hverju gegna mundi, bað nú Arnór or Reykjahlíð vera fyri liðinu, en hann vill riða til húss at Reykjum; nú ferr hann til bæjarins einnsaman, ok síðan at hrossum Þorgeirs, ok hittir hann einn mann þar af liði Þorgeirs, er gætti hrossana. Sá maðr sagði allt, hvörju gegndi um farir Þorgeirs, ok spurði, ef hann vissi nokkut til Skútu; en hann kvað þat fjarri fara. Nú spurði Skúta, hvörir þar sæti í brekkunni stund frá þeim; en maðrinn kvað þann heita Vestmann, er fyri þeim var, ok í litklæðum var: en hinir 2 fengnir honum til fylgðar við hann, ok skulu þeir, segir hann, njósna um ferðir Skútu, þvíat Þorgeirr vill finna hann. Nú skiljast þeir, ok reið Skúta hjá þeim Vestmanni; hann var í kufli; ok nú fleygir Skúta til Vestmanns spjóti, ok kvað hann nú mega sjá þann manninn, sem hann hafði áðr at leitat; en spjótit kom á Vestmann miðjan, ok fèkk hann þegar bana. Skúta hleypti nú á burt ok til sinna manna; en hinir fóru á fund Þorgeirs, ok segja honum til svá húins. Nú eggjar Þorbergr mjök, at riða eptir Skúta; en Þorgeirr vill þat eigi, ok



kvoðst eigi mundu optarr til leita við Skútu. Þetta mál var nú borit til Eyrarþings, ok sættust þar á þinginu: guldu þeir Þorbergr ok Einarr hundrað silfrs fyri vígit Vestmanns; ok þá lét Þorgeirr þat til, at ef hann næði bótunum, at sitja aldrei síðan um líf Skútu. Nú fara þeir heim af þinginu, voru nú sáttir, ok efndi Þorgeirr þat vel, at hann setti aldrei fjórráð fyrí Skútu.

30. Svá er sagt, at þeir koma at máli við Þórodd goða Eyvindarson, frænda sinn, synir Þóris flatnefs, hèt annar þeirra Þórðr Illugi, en annar Björn; þeir báðu hann ráðagjörðar til at drepa Skútu Áskelsson, þvíat hann hafði drepit föður þeirra ok bróður hans. Þóroddr vill nú þreifa um þá, ok þóttist gjörr vita, hvat þeir voru, ok þótti honum Þórðr Illugi ólíkligr til hefnda, ok bað þá koma önnr misseri í þat mund, ok sagðist þá munu gjörr vita hýbýli Vigaskúta, ok sagðist þá heldr mega vita, hverja meðferð hafa skyldi. Burt fara þeir at sinni bræðr, ok ætla at vísu at koma á hans fund á nefndri stundu, ef nokkut mætti þeir reka rættir sinnar svívirðingar. Nú kemr Þóroddr at máli við þann mann, er Þorgrímr hèt, hann var Óttarson, Þorgrímssonar, ok systrúngr Þórodds at frændsemi; nú segir hann Þorgrími, at hann var heitbundinn í við þá bræðr, frændr sína, ok sonu Þóris flatnefs, ok kunna at segja þeim nokkut af hýbýlum Vigaskútu at Mývatni, ok ráðit þeim ráð til hefnda eptir föður sinn ok frændr: en



mèr er þar ókunnigt, segir hann, at svá búnu; nú trúi ek þèr bezt, at fara með mínum örendum vestr þáingat; en þat skal vera með því móti ok tilstilli, at ek vil, sagði þóroddr, at þú látir þik áskilja við einhvörn húskarl minn, ok vinna á honum, síðan skaltu hlaupast í burtu ok til Skútu, ok biðja hann ásjá, ok skaltu fíflast á Sigríði, fósturu hans, ok gefa henni margt, en tala aldrei um Skútu við hana, ok far til þings at sumri til fundar við mik. Þorgrímr mælti mjök í móti, en fór þó með öllu, sem þóroddr mælti fyrri: vinnr nú á húskarlinum, ok hleypr á burt síðan, ok norðr á fund Skúta, ok bað hann viðtöku. En Skúti segir, at honum þikkir kynligt, at hann fór norðr þáingat, sagði sèr margt vera torsóttligt sagt frá þóroddi, en tók þó við honum, ok var hann þar vel haldinn. Hann tekr sèr bráðt af at skipta við Sigríði, fósturu Skúta, ok gat ástir hennar, þvíat Skúta bannaði þat ekki, en þó grunaði hann Þorgrím; var hann þar um vetrinn. Ok um sumarit vill hann fara til þings at hitta þórodd; ok nú ferr hann, ok segir þóroddi til þessa, þat er hann mátti afvita um háttu Skúta, ok þótti þóroddi ekki færi at svá búnu. Íllt þótti Þorgrími at starfa í þessu, þvíat Skúta var vel til hans. Þóroddr ræð þeim Illuga ok Birni at fara til Ölvis hins \* \* \* \* \* gánga þeir Illugi ok Björn í jarðhúsið með ljósi, en Ölvir var hjá jarðhúss munnanum. Þeir gánga nú eptir jarðhúsinu, ok koma at þar,

<sup>1)</sup> Hér enda at fullu A, B, C; í D, sem enn hefir 1 blað ærilagi, af hvörtju fyrri síðan þó er gjörmúð og öldúngrís ólæsileg,



sem um festina var búit; ok nú skáru þeir festina, ok létu síga hógliga niðr hödduna; nú lúka þeir upp jarðhúss munnanum, ok þá kom kaldr blær á Skúta or jarðhúsinu, ok vaknar hann við, ok stóð nú upp. Ok í því bili lagði Illugi spjóti á Skútu; en Skúta hjó yfir höfuð Illuga ok í höfuð Birni, ok mælti í því, at eigi hefði allir haldin-orðir verit; ok nú var hann þó því sári særðr, er hann leiddi til bana. Illugi barr nú Björn, bróður sinn, á brott af jarðhúsinu, ok var hann mjök sárr; ferr hann nú síðan á brott, ok þeir Ölvir allir saman, ok andaðist Björn bráðliga af því sári, sem Skúta hafði veitt honum. Þorgrímur bauð nú Sigríði með sér at fara; en hún ásakaði hann mjök um þetta, ok kvað þá Skútu hafa újafnt viðhaft: er hann trúði þær vel, en þú hefir nú svikit hann; ok þó ferr hún nú brott með honum á þeirri nótt, ok giptist honum síðan. Nú er þat sagt, at mál var tilbúit um víg Skútu, ok varð Þórðr Illugi sekr um vigit Skútu, ok skal hann vera utan 3 vetr; en þeir halda upp bótum fyri raðin ok tilförina vígs Skútu, Þóroddr goði ok Ölvir enn spaki, sonr Þorbergs höggvinkinna, ok voru nú sáttir at kalla. Þótti mörgum mönnum þat eigi fyrr hafa at hendi horit, enn líkligt var, um málit Skútu, at hann væri afráðinn; en þó er þat eina satt af honum at segja, at hann var vitr maðr ok inn mesti fullhugi, ok margir

er niðrlag sögunnar, sem hér fylgir; en eigi er líkligt, að hér vanti meira í, enn ólæsilegu síðuna, álíka og 1½ bls. prentaða; E hefir og niðrlagsbrotið.




gengu ekki betr, enn til jafns við hann, þótt milkir þættist fyri sér vera, en eigi þótti hann öllum jafnaðarmaðr vera. Höfu vær nú hær lok þessarar frásagnar, ok þakki nú hverr, sem verðr þikkir!



VÍGAGLÚMS SAGA.







---

## Hér hefr Vígaglúms sögu.

---

ÍNGJALDR hét maðr, son Helga hins magra, hann bjó at þverá í Eyjafirði<sup>1</sup>; hann var forn goðorðsmaðr ok höfðingi mikill, ok þá aldraðr mjök, er sagan gerðist; hann var kvángaðr maðr, ok átti 2 sonu, Steinólf ok Eyjólf; þeir voru menn vel mannaðir, ok voru báðir fríðir sýnum. Íngjaldr var einlyndr ok fálátr, údæll ok fastækr; hann lagði litinn huga á kaupmenn, vildi ekki yfir sér hafa þeirra ofsa, ok ef hann girnist af kaupmönnum nokkut at hafa, þá sendi hann aðra menn til, en fór eigi sjálfr. Skip kom enn<sup>2</sup> eitt sumar í Eyjafjörð; Hreiðarr hét stýrimaðr, ættstórr, hann átti bú á Vors í Noregi, manna vaskastr ok vinsælstr. Eyjúlfr Íngjaldsson var opt við skip um sumarit, ok áttu þeir Hreiðarr margt

<sup>1</sup>) Helgi hét maðr, ok var kallaðr Helgi hinn magri, hann var son Eyvindar Austmanns ok Raförtu, dóttur Kjarfals Ira konungs; Helgi átti Þórunni hynnu, dóttur Ketils flatnefs, sonar Bjarnar bunu, hersis í Noregi; hann var ríkr ok kynstórr, ok bjó í Raumsdal í Raumdælafylki, þat er milli Suðr-mæra ok Norðmæra. Helgi hinn magri nam Eyjaförð allan frá Siglunesi, bjuggu þau Þórunnu hynna, kona hans, í Kristunesi í Eyjafirði, ok eru frá þeim komnir Eyfirðingar; þau áttu son þann, er Íngjaldr hét, hann bjó at þverá í Eyjafirði, sem nú er kölluð Múkaþvera, í stað þess undanfarna þannig C. <sup>2</sup>) v. i C.



saman í vinfengi; Hreiðarr sagði honum, at hann vildi hær vistast um vetrinn, kveðst vera fúsastr til Íngjalds at frásögn annarra manna; Eyjúlfr segir föður sinn ekki hafa þat í vanda lagt, en þó læzt hann mundu umsýsla. Ok er hann kemr heim, ræddi hann um við föður sinn, at hann skyldi taka við stýrimanninum, ok kveðst ætla góðan dreng vera ok mikils verðan, ok tjáði málit fyrir honum vel um stýrimanninum. Íngjaldr segir: ef þú hefir boðit honum áðr, hvat mân þá tjá við at mæla? mun ek þá hljóta fè at kosta, en þú munt hafa starf fyrir, ok læzt aldrí útlendan mann með sèr haft hafa, ok læzt einn ófúss vera. Þá segir Eyjúlfr: eigi er enn við honum tekit utan þitt ráð, en þat er ok bæði, at ek hefir lítt til ráða hlutast, ok vill þú, at ek ráða litlu, ef sá maðr skal hær eigi vist hafa, er ek hefi hegat boðit. Íngjaldr segir: nú skaltu ok ráða þessu, sem þú vill, at stýrimaðr fari hegat við annann mann, ok vil ek ekki á leggja við hanu fyri þínar sakir, en þú skalt hafa allan starfa fyri þeim, en ek mun kostnað framleggja; hann segir: þetta likar mèr vel at svà sè. Ferr hann annann dag ok hittir Hreiðar, ok segir honum málavöxt; hann lætr vel yfir; er hann þagat sluttr með varning sinn. Ok er þeir höfðu verit eigi lengi, þá varð Hreiðarr varr við, at þar skyldi vera jólaveizla fjölmenn; Íngjaldr var fárr við hann, ok þó vel. Einn dag kallar Hreiðarr Íngjald í útibúr, þar sem varningr hans var inni; ok hann [gerir su'. Þá mælti Hreið-

1) gekk þángat, C.



arr, ok bað hann velja af varninginum þat, er hann vildi. Ingjaldr læzt engis girnast fjár hans, en kallar honum vel fara. Hreiðarr segir: ek hefi þó hugleidd nokkut, hvat þú þarft af oss at þiggja; ek hefi komit á nokkura bæi hér í Eyja-firði, þá er beztir eru, ok sè ek engi herbergi slik sem hér, en skálabúnað hefir þú eigi svá góðan, at eigi sè þvílíkr á öðrum bæum; hann tók or sínum hirzlum svá góðan skálabúnað, ok gaf Ingjaldi, sem engi hafði betri áðr komit heg-at til Islands. Ingjaldr þakkaði honum vel, ok var nú allgott vinfengi þeirra í millum. Síðan um vetrinn segir Eyjúlfr, at hann vill utan fara með Hreiðari um várit; hann svaraði því óbráðt. Eyjúlfr segir: hvi villtu eigi flytja mik? líkar (þèr) eigi vel við mik? Allvel, segir hann, en litil munu föður þínum þikja vistarlaun mín, en eigi mun ek honum illu launa, at flytja son hans á brott, er honum er hverr sómi at; en ef faðir þinn lofar, þá flyt ek þik gjarna á brott, ok kann ek þökk mikla, at þú farir þá. Nú bjuggu kaupmenn ferð sína; ok er þeir voru búnir, leitar Eyjúlfr enn eptir um utanferð sína við Hreiðar; hann sagði honum sinn vilja: læzt ekki vilja gera í móti föður hans um hans utanferð. Síðan segir hann föður sínum farfýsi sína, ok svá, hversu farit hafði með þeim Hreiðari. Ingjaldr segir, at fáir drengir munu slikir, sem Hreiðarr: ok með þessi þinni meðferð, ok at' reyndum drengskap, leyfi ek þèr ferðina, ok þikja betr, at þú farir með honum, enn með öðrum.

<sup>1</sup>) hans, b. v. B.



2. Síðan fóru þeir utan, ok komu við Nor-  
eg. Hreiðarr bauð Eyjúlfi marga kosti um vist-  
artekjur; en hann vildi eigi þiggja þat, er hann  
bauð. Hreiðarr mælti: hvat villtu þá þinna ráða?  
Hann segir: eigi veit ek. Þá segir Hreiðarr:  
girnist þú ekki til konunga, eða annarra höfð-  
íngja, er þar heimill várr tilbeini; þá var Hákon  
Aðalsteinsfóstri [yfir Noregi<sup>1</sup>: sýnist mér slik-  
um höfðingjum gott at þjóna, yðr stórum mön-  
um ok líkligum til góðrar fylgdar. Hann seg-  
ir: vanfærr em ek at fylgja konungum, en þó  
kann vera, at þat gengist eptir mínum vilja, en  
þó neita ek því. Hreiðarr spyr: hvat villtu  
þá? Hví dregr þú undan at bjóða mér til þín,  
þvíat þat vil ek? Lítill hugr er mér á því, segir  
Hreiðarr. Eyjúlfr spyr: hví sætir þat? Ek  
nenni eigi at veita þat, sem þer er eigi gott at  
þiggja, þar er mér þikir þú góðs eins verðr  
frá mér. Forvitni er mér á, hví þat sætir. Þat  
muntu nú vita verða, þó samir mér illa frá at  
segja: bróður á ek mér þann, er Ívarr heitir,  
við egum bú báðir saman ok allan fjárlut, ok  
unnumst við mikit, en við erum þó eigi skap-  
glíkir um þat, at honum þikja illir Íslenzkir  
menn, svá at þeim er eigi vært þar<sup>2</sup>; en hann  
er í vikingu hvert sumar; en þá er hann kemr  
heinn, ferr hann með [10da manni eða tólfta<sup>3</sup> til  
mín, ok skulu allir þeim þjóna, þeir er fyrir  
eru, ok munu þeir allir til þín vera svá illa, at  
þar er þer at engum kosti vært. Hann segir.

<sup>1</sup>) b. v. C. <sup>2</sup>) er hann er, b. v. B, C. <sup>3</sup>) 10 menn eða  
12, B, C.



forvitni er mēr á, hversu þeir láta, ok ertu saklauss, ef þú lætr uppi vistina. Hreiðarr segir: mēr er vandt við bróður minn, er mēr færir gjafar þær, sem hann færir mēr, ok hann fær beztar til, at eigi skili okkr á um þik, en mēr mun þúngt þikja, ef þeir gumsa þik ok spotta. Mjök villtu þat undan draga, segir Eyjúlfr, at ek fara til þín, eða hverneg mun hann við mik vera? eigi mun hann berja á mēr. Hreiðarr segir: bardaga verra mun þat: hann hefir marga vanda menn með sér, allt þat, er þú mælir eða gerir, munu þeir afleiðis færa fyri þér. Eyjúlfr segir: engi skapraun er þat, ef maðr veit nokkut af áðr, er þat úvizka, at bera eigi slíkt, ok mun þat ekki viðnema. Hreiðarr segir: vandi er þá á báðar hendr: þú ert vinr minn, en hann er bróðir minn, ok ann ek honum mikit. Þat varð, at hann fór heim með Hreiðari til vistar á Nes. Ok þá er Ívars var heim ván, þá tók Eyjúlfr loðkápu, ok hafði hvern dag, en hann var mikill maðr, ok sat hjá Hreiðari jamnan.

3. Nú kemr Ívarr heim, ok er gengit í mót honum vegliga ok fagnat með bliðu. Þá spurði hvárr þeirra annann tíðenda, eða hvar Hreiðarr hefði verit um vetrinn; en hann læzt á Íslandi verit hafa; en þá spurði Ívarr engra tíðenda; en hvárt er, kvað hann, þar hjá þér maðr, eða kvikendi? þat er hrúga eigi litil. Eyjúlfr segir: ek em Íslenzkr maðr, ok heiti ek Eyjúlfr, ok ætla ek hær at vera í vetr. Þess get ek, kvað Ívarr, at eigi sè úhapplaut hær á bæ, ef Íslenzkr maðr skal hær vera. Hreiðarr segir: ef þú ert



illa við hann, svá at honum er eigi við vært, þá mun okkur frændsemi eigi góð vera. Illu heilli hefir þú til Íslands farit, ef af þeim sökum skulu vèr þjóna Íslenzkum mönnum, eða láta ella frændr vára eða vini, ok ek veit eigi, hví þèr sýnist at fara til ennar vestu þjóðar, ok frelst hefir þú þik um tíðenda sögn við mik. Annann veg er, kvað Hreiðarr, þar eru heldr margir góðir drengir. Ívarr segir: eigi er sjá þó sæmiligr í öndveginu totabalsinn<sup>1</sup>; en þá er Ívarr sá, at bróður hans þótti miklu varða um mann þenna, þá tók hann minna af, enn áðr, við Íslendinga: en hvat muna ek þá heldr, enn kalla hann Hrígu? En Eyjúlfr læzt því nafni mundu vel kunna; en allt þat, er hann gerði eða mælti, þá færðu þeir afleiðis. Vigfúss hét maðr, hann var hersir, ok ræð fyrir á Vors; hann var Sigurðarson, Víkingakárasonar; hann átti dóttur þá, er Ástriðr hét. Vinátta var þar mikil í millum þeirra bræðra ok Vigfúss, ok höfðu sinn vetr hvárir jólaveizlu með öðrum, ok skulu þeir bræðr nú búast við jólaveizlu; en allt hafði Hreiðarr fyrirúið, ok skyldi hann þá bjóða mönnum, ok bað Eyjúlfr fara með sèr: ok er mèr eigi<sup>2</sup> forvitni á, hversu þeir láta at þèr. Mèr er þúngt, segir Eyjúlfr, ok má ek eigi fyrri því fara. Aptan þann, sem hann var heiman farinn, ok þeir koma í sæti, þá mæltu förunautar Ívars: nú er Hríga heima, en Hreiðarr eigi, nú munu vèr hafa gleði sem oss sýnist. Vèr skulum nú, segir Ívarr, hyggja at nokkut, hvat oss hæfir: hèr erum við bræðr,

<sup>1</sup>) þannig A; töttrabassinn, B; totabassinn, C. <sup>2</sup>) v. í C.



ok egum fè báðir saman, ok herra hann alla úhyggju fyrir, en ek enga, en sá er einn maðr, er hann vill veita, ok gerum vèr svá, at honum er varla við vært, en hann er við oss saklauss, ok skal engi maðr mæla í mein honum, meðan Hreiðarr er eigi heima. Þeir segja nú vel fallit til gamans at hafa nokkut. Þá mælti Ívarr: af litlum manndóm tali þèr, hèr þjóna oss allir, ok höfum vèr gaman af öllu, sem oss lystir, en aðrir hafa starfa ok úhyggju; ok þótt sjá maðr hefði drepit bróður minn, þá ætta ek ekki at gera honum til meins fyrir Hreiðars sakir, ok engum skal hlýða at gabba hann, ok nú skal hann eigi Hríga heita lengr. Ok um morgininn mælti Ívarr við Eyjúlfr: villtu fara í skóg með oss ok skemta þèr? Ok hann játti því, ok ferr með þeim, ok höggva þeir sèr trè ok flytja heim. Eyjúlfr hefir sverð ok handöxi. Ívarr mælti: þat ræð ek þèr, Íslendingr! ef sèr ferr hverr varr, at þú farir heim fyri myrkr. Síðan ferr sinn veg hverr um skóginn, ok fór Eyjúlfr einn sèr; þá ferr hann af loðkápunni, ok lagði á ofan sverð sitt, er hann hafði í hendi; en hann gekk í skóginn ok skemti sèr, ok hafði exi, ok hjó trèin þau, sem honum sýndist. En er áleið daginn, tók at drifa, ok vill hann þá heim, ok kom þar, er loðkápan hafði legit, ok var hún á brottu, en sverðit var eptir; hann sèr sópat snjánum, sem kápan hefði dragnat, en viðbjörn<sup>1</sup> hafði komit ok dregit kápuna, hafði varla aflit til haft upp at halda, er björninn var úngr ok

<sup>1</sup>) líðbjörn, B; urðbjörn, C.



nýkominn or híðinu, ok eigi mannsbani vorðinn. Síðan fór hann, ok sá, at björninn sat fyrir honum, brá hann sverði, ok hjó af trýnit við augun uppi af dýrinu, ok hafði þat í hendi sèr heim. En Ívarr kom heim fyrri, ok saknar Eyjúlfs, ok mælti: ógegnliga<sup>1</sup> höfum vèr farit, ok illa skilizt við várn förunaut, honum er ókunnigt á skóginum, en þar vån margra skæðra dýra, ok mun margrædt um, ef hann kemr eigi heim, svá sem áðr voru vèr við hann, ok ræð ek, at vèr leitim hans, þartil er vèr finnum hann. En er þeir komu útfyri dyr, þá kom Eyjúlfr í mót þeim, ok fagnaði Ívarr honum vel, ok spurði, hví hann væri blóðugr; en hann sýndi þeim þat, er hann hældt á. Þá mælti Ívarr: þat uggi ek, at þú sèr sárr. Ver kátr fyri þat, ekki sakar mik. Þá mælti Ívarr: úvitrligt bragð, at spotta úkunna menn! hann hefir sýnt vaskleik í þessum hlut, þar er ek veit eigi, hvárt nokkr várr mundi til verða. Ok annann aptan kom Hreiðarr heim. Ívarr mælti: hví ertu svá hljóðr, bróðir? ertu hugsjúkr um hann Hrúgu? hvat væntir þik, hversu ek mun við hann hafa búit? Hreiðarr segir: þat mun nú okkr víst máli skipta, hversu þú hefir þat gert. Hann segir: hvat muntu nú tilvinna, at ek sè við hann sem þú? Hann segir: ek mun gefa þèr gullhring þann, er við egum báðir saman, ok þèr hefir góðr þótt lengi. Hann segir: eigi mun ek ágirnast föðurarf þinn, en við hann mun ek vera hèðanaf sem við þik sjálfan, ok skal hann nú sitja hjá mèr, en

<sup>1</sup>) ógegniliga, B.



eigi hjá þær. Síðan virðu þeir hann vel báðir, ok sá, at þat rúm var vel skipat, er hann sat í; ok leið nú svá fram<sup>1</sup>.

4. Nú koma menn til jólaveizlu til þeirra bræðra; en þá er tólfmenningr var skipaðr til at sitja, ok settir hlutir til, hverr nærst skyldi sitja Ástriði, dóttur Vigfúss hersis, ok hlaut Eyjúlfr ávallt at sitja hjá henni, en engi maðr sá þau fleira viðtalast, enn aðra menn; en þat ræddu margir, at því mundi þann veg í móti berast, at honum mundi þar konu auðit verða; slítr veizlu þeirri, ok var hún veitt stórmannliga, ok menn með gjöfum á brott leystir. Eyjúlfr var 4 sumur í vikingu, ok þótti enn mesti garpr ok framgaungumaðr, fèkk gott orð ok mikit fè. Þat var einn vetr, at sá maðr kom þar á Vors, er Þorsteinn hèt, ok var frændi þeirra bræðra, ok átti bú á Upplöndum; hann sagði til vand-ræða sinna, at berserkr sá, er Ásgautr hèt, hafði skorat á hann til hólmgangu fyri þá sök, at hann synjaði honum systur sinnar, ok bað þá fjölmenna<sup>2</sup> sik til hólms, at eigi gengi sjá vík-ingr á efni hans, sagði hann þó fellt hafa marga menn<sup>3</sup> sína, sagði, at hann mundi láta systur sína, ef þeir vildi hann eigi efla: em ek ekki traustr til hólmgangu, nema ek njóta yðvarrar<sup>4</sup> gæfu við; þeir nenntu eigi at synja honum fararinnar. Nú fóru þeir með honum á Upplönd, ok höfðu 30 manna með sér, ok koma í þann stað, er þeir skulu finnast; þá leita þeir við menn sína, hverr

<sup>1</sup>) til jóla, *b. v. B.*; um hrið, *b. v. C.*    <sup>2</sup>) fulltingja, *B.*  
<sup>3</sup>) vini, *C.*    <sup>4</sup>) yðvarra ráða ok, *C.*



Þat vildi vinna sèr til konu, at gánga á hólum við Ásgaut; en þótt konan þætti fýsilig, þá varð þó engi búinn at vinna þetta til. Þá beiddu þeir bræðr, at Eyjúlfr myndi halda skildi fyrir hann; þá segir Eyjúlfr, kvaðst þat við engan mann gert hafa, ok eigi fyri sik sjálfan: ok mán mèt eigi gott þikja, ef hann er drepinn í höndum mèt, þiki mèt engi fremd í þessu; en ef sveinn sjá verðr drepinn í höndum oss, skulum vèt þá heim fara með svá guru, eða skal þá tilfá annann ok enn þriðja? ok vex þá svá vár úvirðing, svá sem margir falla fyrir oss, ok litil virðing mun á för várri, ef vèt förum við þat aprtr, at hans sè úhefnt, ef hann fellr fyrir oss; biðr þèr mik, at ek gánga heldr á hólum við berserkinn, þat er veitanda vinum sínum, en þetta vil ek eigi veita. Þeir þakka honum vel, ok þótti þeim þó mikit í ábyrgð, er hann var. Hann segir: svá sýnist mèt, sem engum várum sè aprtrkvæmt, ef hans er eigi hefnt, ok þiki mèt þá verra at berjast við berserkinn, ef frændi yðvarr er áðr drepinn; síðan gengr hann fram, en Ívarr bauð at halda skildi fyrir honum. Eyjúlfr segir: vel er þat boðit, en mèt mun mest umhugat, ok er satt it fornkvæðna, at sjálfs hönd er hollust; gengr á hólum síðan. Berserkinn mælti: skal sjá við mik berjast hrúnkinn? Eyjúlfr mælti: er eigi þat, at þèr ægi við mik at berjast? kann þat vera, at þèr sè eigi vel farit, er þú æðrast mikinn mann, en gambrar yfir litlum. Ekki er mèt þat eignat, segir hann, en lögin

1) hrúnkinn, B.



mun ek þér segja upp um hólmgöngu: sex<sup>1</sup> merkr skal mik leysa af hólmi, ef ek verð sárr. Eyjúlfr segir: óskyldt ætla ek vera at halda lögum við þik, er þú dæmir sjálfr, hvers þú ert verðr, fyri því at á váru landi mundi slíkt þikja þræls gjöld, er þú gerir um sjálfart þik. Eyjúlfr átti tyrir at höggva, ok hjó þat it fyrsta, at sverðit kom á skjaldarsporðinn, ok gekk af sporðrinn ok fótrinn<sup>2</sup> af berserknum. Eyjúlfr fékk af þessu verki mikit ágæti, ok fór heim síðan með þeim bræðrum; nú var honum boðit fè mikit at þiggja; en hann læzt þetta ekki til fjár hafu gert, nè til konu, heldr af vinfengi við þá bræðr. Ásgautr leysti sik af hólmi, ok lifði við örkuhl. Síðan bað Eyjúlfr Ástriðar Vigfússdóttur; nú er til at flytja málit Ívarr ok Hreiðarr, segja hann ættstóran mann, ok eiga göfugt ráð á Íslandi, ok mikinn frænda afla, ok kölluðu líkligt, at mikit yrði hans forlag. Þá mælti Eyjúlfr: vera kann, at frændum Ástriðar þiki ofsi mikill í váru máli, en margir vitu á Íslandi, at vèr egum göfugt forellri ok mikit fè. Vigfúss segir: þetta mun vera forlög hennar, þótt til væri ætlat ekki óframarr um frændkonu vára; hún var honum gefin, ok fór út til Íslands með honum.

5. Böðvarr hèt maðr, hann var son Víkingakára, ok bróðir Sigurðar, föður Vigfúss; hann var faðir Ástriðar, móður Eiríks, föður Ástriðar, móður Ólafs Tryggvasonar. Víkingakári var son Eymundar<sup>3</sup> askaspillís<sup>4</sup> Þórissonar. Böðvarr var faðir Ólofar, móður Gissorar hins

<sup>1</sup>) 5, B, C. <sup>2</sup>) eða fæta, A. <sup>3</sup>) Eyvindar, B, C. <sup>4</sup>) þann-  
ig C; askaspillís, A.



hvíta. Þá er þau Eyjúlfr ok Ástriðr komu út til Íslands, var Íngjaldr þá andaðr; þá tók Eyjúlfr við búi ok goðorði. Úlfeidr hét dóttir Íngjalds, hana átti Hríseyjar-Narfi. Börn þeirra Eyjúlfs ok Ástriðar voru 4 nefnd: Þorsteinn hét son þeirra enn elzti, ok var hann leystur af arfi, þá er hann kvændist, ok bjó hann at Hólum í Eyjafirði, meðan hann lifði, ok verðr hann litt við söguna riðinn; Vigfúss hét annar; hann fékk Hallfríðar Þorkeldsdóttur ens háfa frá Mývatni; Glúmr hét enn yngsti son þeirra, en Helga dóttir, hún var gipt Steingrímí í Sigluvík; þeirra son var Þorvaldr tasald<sup>1)</sup>, er síðarr kemr við málit. En Vigfúss andaðist litlu síðarr enn hann kvængaðist, ok átti barn eitt, ok lifði þat litlu lengr enn hann, ok bar af því undir Hallfríði allt fè til helmings við þau Glúm ok Ástriði; en Eyjúlfr var andaðr, þá er hær var komit. Þá ræðst Þorkell enn háfi til Þverár, ok Sigmundr son hans, ok var hann mikill maðr lyri sèr, ok ætlaði, at hann mundi höfðingi gerast, ef hann fengi gott kvænfáng ok mágastoð. Þórir hét maðr ok bjó á Espihóli, hann var son Hámuundar heljarskinns ok Íngunnar Helgadóttur ens magra; hann átti Þórdisi Kaðalsdóttur; þeirra börn voru Þórarinn ok Þorvaldr krókr, er bjó á Grund í Eyjafirði, ok Þorgrímur, er bjó í Möðrufelli, ok Íngunn, er átti Þórðr Freys-goði, ok Vigdís, er átti Sigmundr. Síðan tóku þeir Þorkell ok Sigmundr at úhrægja Ástriði bygðina, ok var skipt landinu í helminga, ok hlutu þau Glúmr

<sup>1)</sup> Tasaldi, B.



ok Ástriðr þann luta landsins, er ekki var hús-  
aðr, ok gerðu þau hní á Borgarhóli. En Glúmr  
skipti sér ekki af um búsyslu, þótti heldr óbráð-  
gjörri í uppruna; hann var fámálugr ok fálátr  
jafnan, hárr maðr vexti, ok nokkut skolbrúnn,  
hvítr á hár ok ræthárr, krakligr<sup>1</sup>, ok þótti heldr  
seinligr maðrinn, fór ekki til mannamóta. Nú  
eyðist fè fyrri þeim Ástriði, ok gerist ráðahagrinn  
úhægr; en Sigmundr ok Þorkell bægia þeim, ok  
höfðu þau it minna af öllu. Hof Freyss var  
þar fyrri sunnan ána á Hripkelsstöðum. Þórar-  
inn á Espihóli var maðr vitr ok vinsæll. Þor-  
valdr krókr var hólgaungumaðr ok údæll. Sig-  
mundr Þorkelsson þóttist maðr mikill fyrri sér,  
er hann kom í mægðir við Esphælinga. Glúmr  
segir móður sinni, at hann vill utan ráðast: sè  
ek, at þroski minn vill engi verða, en þat má  
vera, at ek hljóta gæfu af göfgum frændum  
minum, en ek nenni eigi at þola ágáng Sig-  
mundi, en ek sè mik enn vanfæran í mót hon-  
um; en lógaðu eigi landinu, þóat þraungt verði  
kosti þínum. Þá var Glúmr 15 vetra, er hann  
fýstist utan.

6. Nú er at segja frá utanferð Glúms: Þeg-  
ar, er hann kom við land, fór hann uppá Vors  
til Vigfúss; ok er hann kom at bænum, þá sá  
hann þar mikit ljölmenni ok margskonar skemt-  
an ok leika, ok þat þóttist hann sjá, at þar  
mundi á öllum lutum stórmennska vera; en þar-  
sem hann sá marga menn merkiliga, þá vissi  
hann eigi, hvar Vigfúss mundi vera, frændi hans;

<sup>1</sup>) krokliggr, C.



Þat mark hafði hann til hans, at hann sá mann mikinn ok vegligan í öndvegi í skautfeldi blámi, ok læk sèr at spjóti gullreknu, gekk síðan at honum, ok kvaddi hann; en hann tók vel kveðju hans. Vigfúss spurði, hvat manna hann væri; en hann kvaðst vera Íslenzkr ok Eyfirzkr. Þá spurði Vigfúss at Eyjúlfi, mági sínum, ok Ástriði, dóttur sinni; en hann kvað hann andaðan: en Ástriðr lifir; Vigfúss spurði, hvat barna þeirra lifði; en Glúmr sagði honum til syskina sinna, en síðan sagði hann honum, at þar var einn son þeirra kominn fyrir hann; en er hann sagði þat, þá reitist<sup>1</sup> ekki af umtalit við hann. Glúmr bað hann vísa sèr til sætis; en Vigfúss kvaðst eigi vita, hvat satt væri af því, er hann sagði, ok vísaði honum til sætis á hinn óæðra bekk utarlíga, ok veitti honum litla virðing; hann var fámálugr ok ósiðblendr; þá er aðrir menn drukku, eða höfðu aðra gleði, þá lá hann, ok hafði feld á höfði sèr<sup>2</sup>; hann þótti þar fól eitt. Þar var veizla búin at vetrnóttum, ok gjört disablót, ok allir skulu þessa minning gera; Glúmr sitr í rúmi sínu, ok gengr eigi til. Ok er áleið kveldit, er menn voru komnir, þá var eigi svá mikil gleði, sem líkligt mundi þikja fyri fagnaðar sakir ok vina fundar<sup>3</sup>, er þar voru margir samankomnir. Ok þann dag, er menn höfðu komit til boðsins, hafði Glúmr eigi útgengit í móti mönnum, ok bauð engum at sitja hjá sèr, eða í hans rúmi. Ok er menn voru komnir undir borð,

<sup>1</sup>) lík. reitist; röttist, B, C. <sup>2</sup>) ok gerði sèr aldrei glatt, E. r. B. <sup>3</sup>) fjölda, B.



Þá var sagt, at sá maðr var kominn at bænum með 12ta mann, er Björn hèt ok kallaðr járnhauss; hann var berserkr mikill, ok var því vanr at koma til mannboða fjölmennra, ok leitaði þar orða við menn, ef nokkr vildi þat mæla, at hann mætti á þiggja, ok skoraði á menn til hólmgangu. En Vigfúss bað þess, at menn skyldu vel stilla orðum sínum: ok er þat minni læging, enn taka meira illt af honum; ok hētu menn honum góðu um þat. En Björn gekk í skálann inn, ok leitaði orðheilla við menn, ok spurði á enn æðra bekk enn yzta mann, hvárt hann væri jamsnjallr honum; en (sá) kvað fjarri þat fara; síðan spurði hann hvern at öðrum, þartil at hann kom fyrir öndvegít; ýmissa orða leituðu menn sèr, en þar kom niðr, at engi kveðst jamsnjallr honum. En er hann kom fyrri Vigfús, þá spurði hann, hvar Vigfúss vissi slíkra garpa vánir; en hann læzt eigi vita hans jafningja. Þá mælti hann: vel er svarat ok hyggiliga, sem ván var at, þú ert virðingamaðr mikill, ok gengit lengi at óskum líf þitt, ok engi hnekking komit vegs þíns ok sóma; nú er þat vel at ek er, ek þarf ekki við þik annat at mæla, enn gott eitt, en spyrja vil ek þik, ef þú þikist jamm við mik. Hann svarar: þá er ek var úngr ok í vikingu, ok vann nokkut til frama, nú veit ek eigi, hvárt ek mætta þá við þik jammast, en nú hálfu síðr, at ek em gamall ok öryvasi. Hann snýr á brott þaðan, ok ferr utarr með öðrum bekk, ok spyr enn, ef þeir þikjast jamsnjallir honum; en þeir kváð.



ust eigi jamsnjallir honum; Þá kom hann at þar, er Glúmr lá í pallinum: hví liggir sjá maðr svá, kvað Björn, en sitr eigi? Sessunautar hans svara, ok veittu honum orða fullting, ok kváðu hann svá óvitran, at ekki mark mátti at þikja, hvat hann mælti. Björn spyrnir á honum fæti sinum ok mælti, at hann skyldi sitja upp, sem aðrir menn, ok spurði, ef hann væri jamsnjallr honum. En Glúmr kvað hann ekki þurfa at eiga við sik, ok kveðst eigi vita um snilli hans: ok vil ek af því engu við þik jammast, at útá Íslandi mundi sá maðr kallaðr fól, er þann veg lèti, sem þú lætr, en hær hefi ek vitat alla bezt orðum stilla; hleypr upp síðan, ok at honum, þrífir af honum hjálminn, síðan hnykkir hann upp eldistokki, ok keyrir á milli herða honum, ok lýtr kappinn við, ok þegar annat, ok hvert at öðru, svá at hann fèll; ok þá er hann vildi á fætr færast, þá laust hann í höfuð honum, ok lèt svá<sup>1)</sup>, þartil at hann kom út fyri dyr. En þá er Glúmr vildi til sætis, er Vigfúss kominn á gólfrit, ok allir þeir, ok fagnaði þá vel frænda sinum, kvað hann nú hafa raun til gert, at hann var hans ættar: skal ek nú virða þik sein okkr sómir; læzt þat til hafa gengit í fyrstu, at honum sýndist hann eigi bráðgerviligr: vilda ek þess atbiða, er þú færðir þik með skörúngskap í þína ætt; leiðir nú hann til sætis hjá sér. Glúmr kveðst þiggja mundu þat sæti, þótt fyrr væri. Annann dag eptir er sagt andlát Bjarnar. Vigfúss bauð Glúmi at taka ríki eptir sik ok virðing; en

<sup>1)</sup> gánga, b. v. B.



Glúmr kveðst þiggja vilja, en fara þó út fyrst til Íslands, at eigi eignaðist þeir föðurleifð hans, er hann ann eigi at njóta, kveðst aptr munu koma sem fyrst. Vigfúss kveðst ætla þat forlög Glúms, at auka sína ætt ok sóma á Íslandi. At sumri lætr Vigfúss búa skip til handa Glúmi, ok gefr honum farminn á ok mikit fè i gulli ok silfri, ok mælti: svá segir mèt hugr um, at við sjáimst eigi síðan, en einkagripa vil ek þer gefa: feld ok spjót ok sverð, er vèr höfum mikinn trúnað á haft frændr, ok meðan þú átt gripina, vænti ek, at þú týnir eigi virðingu, en þá em ek hræddr um, ef þú lógar þeim. Síðan skiljast þeir.

7. Nú ferr Glúmr út til Íslands ok heim til þverár, ok móður sína hitti hann bráðt, ok fagnaði hún honum vel, ok sagði ójafnað þeirra feðga, ok bað hann þó hafa við þolinmæði, en kveðst til litils umfær at gánga þeim í móti. Síðan reið hann heim at garði; þá sá hann, at færðr var garðrinn ok gengit á hans hlut, ok þá kvað hann vísu:

Nærr gengr mèt ok mínum,  
mendöll! hjúum<sup>1</sup> öllum,  
þverr við glaum, inn græni<sup>2</sup>  
garðr, enn of varði;  
verðr hróðr skotat harðla,  
hèr tjái<sup>3</sup> ek þat, mínum,  
munat enn of styr stála  
starflauss föður-arfi.

<sup>1</sup>) hiñ, A; hinum, hin. <sup>2</sup>) græna, C. <sup>3</sup>) tñi, D.



En þat hafði vorðit til tíðenda út hær meðan: Sigmundur úhægði Ástriði, ok vildi koma henni af staðfestu; um haustit, varð vant kvígna tveggja, er Glúmr hafði utan verit, þeim þorkatli ok Sigmundi, ok hugðu þeir, at stólit mundi vera, ok létu líkligsta til þræla<sup>1)</sup>, er Ástriðr átti, ok segja þá einætum eit hafa, ok stefndu þeim um vârit um stuld. En þessir þrælar voru miklu hollastir Ástriði fyrir umsjá ok verknað; hún þóttist varla mega búi sínu halda, ef þeir færi frá, ok ferr á fund þorsteins, sonar síns, ok segir honum, hvern úgáng þeir veita, 'biðr hann svara fyri þrælana: vil ek heldr fê bæta fyri þá, enn þeir verði sekir um álygi, ef eigi er betri faung á, ok þætti mër þú nú eiga at vera brjóst fyrir oss, ok segjast svâ í góða ætt. Þorsteinn læzt þat ætla, at mál muni svâ uppborit af þeirra hendi, at þeir munu ætla at fylgja með afla mága sinna: sýnist mër þat ráð, ef þessir menn halda upp ráði þínu, at vèr eigim hlut í fêbótum, at þeim komi við. Hún segir: svâ segir mër hugr um, at þær einar fêbætr verði, er oss mun meins í leitit; en fyri því, at þar er til lítillar liðsemdar at leita, er þú ert, mun verða at leggja á þeirra vald. En þau gæði fylgdu mest þverár landi: þat var akr, er kallaðr var Vitazgjafi, þvíat hann varð aldregi úfrærr, en honum hafði svâ skipt verit með landinu, at sitt sunnar höfðu hvarir. Nú segir Ástriðr þeim feðgum, at mër lízt, at þið vilð mjök fyrikoma mínu ráði, ok sjáið þat, at hær þrýtr forystu, en heldr

<sup>1)</sup> tvo, b. v. B.



enn þrælarnir sè uppgefnir, vil ek þetta mál leggja á ykkarn dóm; þeir kváðu þat vitrligra ráð. Gjöra þeir nú ráð sitt; en sú var ráðagerð þeirra, at hafa sjálfðæmi fyri þrælana, eða sekja þá. En þorsteinn fylgdi eigi betr málinu, enn þeir höfðu sjálfðæmi, ok gerðu til handa sèr akrinn, at þeir skyldu hann einir eiga, ok ætla svá at komast at landinu öllu, at kippa undan þeirri stoð, er áðr hældt mest upp ráði hennar. Ok þat sumar, er þá fór í hönd, átti hún at hafa akrinn, ef at réttu færi. En um sumarit, er menn fóru til þings, er þessu máli var sett, þá fór nautamaðr um haga, ok fann kvígurnar í einu jarðfalli, ok hafði fokit yfir öndverðan vetr, ok varð nú bert illmælit við þrælana. Ok er þeir feðgar spurðu, at kvígurnar voru fundnar, þá buðu þeir fè at gjalda fyrir akrinn, en þeir vildu eigi láta handsöl sín af akrinum. En Ástriðr segir, at eigi muni þó ofmikit koma fyrir illmælit, þóat hún hefði sitt: ok vil ek annathvært hafa þat, er ek á, eða missa; þó, vilja engir rétta málit, þá skal enn bíða, ok vænti ek, at Glúmr muni út koma, ok leiðrétta vårt mál. Sigmundr segir: [seint til vagnar sá mân erja<sup>1</sup>, sitr sá nú íhjá, er líkligri væri til, þinna sona. Hún segir: illa sezt opt ofsinn<sup>2</sup>, Sigmundr! ok rángendi, kann ok vera, at þat hendi þik. Ok litlu síðarr sumars kom Glúmr út, ok er litla ríð við skip, ferr til búss síns með auð fjár; en it sama skaplyndi hafði hann sem fyrr: var fálátr, ok lét sem hann heyrði

<sup>1</sup>) at seint sè til vonar um þá mann-erju, *B*; seint er til vonar, at sá muni erja, *C*. <sup>2</sup>) ofsi þinn, *C*.



eigi þat, er gjörzt hafði út hær meðan; hvern morgin svaf hann til dagmála, ok annaðist ekki um bú. Þat sumar áttu þau Glúmr akrinn at hafa, ef at réttu færi; fè Sigmundar gekk þeim at meini mjök, ok var hvern morgin í tóni þeirra. Einn morgin vakti Ástriðr Glúm, ok sagði, at nauta fjöldi Sigmundar var kominn í tún, ok vildi brjóta andvirki: en ek hefi eigi fráleik til at reka í brott, en verkmenn at vinnu. Hann segir: litt hefir þú mik til vinnu kvadt, ok skal eigi illa við verða; sprettr hann upp, ok tekr hest sinn, ok í hönd sér trælurk, ok keyrði nautin knálíga, ok barði þau mjök, þartil er þau koma í tún Þorkels ok Sigmundar, lætr þau þar spilla, sem þau vildu. Þorkell gætti heima andvirkis um morgna, en Sigmundr fylgdi húskörlum. Þorkell mælti við Glúm: þess áttu ván, at menn munu þat eigi sitja þær, ef þú meiðir fè manna, þóttú þikist hafa framit þik utanlendis. Glúmr kvað ómeidd vera öll naut hans nú: en ef þau koma optarr oss at meini, þá munu eigi öll úlamit, ok láttu þó vel yfir, þú kemr því einu við, munu vèr ok eigi lengr hafa mein af fè yðru. Þá mælti Sigmundr: stórlíga lætr þú nú, Glúmr! slíkr glópaldi þikir oss þú nú, sem þá, er þú fórt utan, ok munu vèr ekki vart ráð gera eptir geipun þinni. Glúmr veik heim, ok setti at honum hlátr, ok brá honum svá við, at hann gerði fólvan í andliti, ok hrutu or augum honum tár þau, er því voru lík, sem hagl þat, er stórt er; ok þann veg brá honum opt við síðan, þá er víghugr var á honum.



8. Þat er sagt, þá er áleið á haustit, at Ástriðr kom enn at máli við Glúm einn morgin, ok vakti hann, ok bað hann skipa til verks, kvað nú heyverkum lokit verða í dag, ef svá væri tilskipat sem hæfði; lokit höfðu þeir Sigmundr heyverkum fyrri stundu: ok fóru þau Sigmundr ok Vígðís snemma í morgin til akrs Vitazgjafa, ok munu þau vel hyggja, er þau hafa akrinn, er vèr ættim, ef at réttu færi. Þá stóð Glúmr upp, ok varð þó eigi fyrr búinn enn at dagmálum; hann tók þá feldinn blá ok spjótit gullrekna í hönd sèr, lét söðla hest sinn. En Ástriðr sagði: mjök vandar þú nú, sour minn! búning til heyverksins. Hann segir: eigi fer ek opt til at vinna, en bæði skal þá gera mikit at, ok búast vel til, ok kann ek þó ekki vel til verksins at skipa; mun ek ríða til Hóla upp, ok þiggja heimboð at Þorsteini, bróður mínum. Síðan reið hann suðr yfir ána; en þá er hann kom til akrsins, þá tók hann dálkinn or feldinum; en þau voru í akri Vígðís ok Sigmundr; ok er hún Vígðís sá hann, gekk hún í mót honum, ok bað hann heilan koma: þikir oss þat illa, er svá fátt er í frændsemi várri, ok viljum vèr eiga í allan hlut, at fleira sè um. Glúmr segir: ekki er enn þess atorðit, er eigi megi vel verða í frændsemi várri; en því veik ek hingat, at dálkrinn er or feldi mínum, ok vil ek, at þú saumir á nistíng; hún læzt þat gjarna vilja, ok! gerði hún þat. Glúmr leit yfir akrinn, ok mælti: eigi brást hann Vitazgjafi enn; síðan fór hann í feldinn, ok tók spjótit í hönd sèr; síðan snarar hann at hon-



um Sigmundi, ok brá spjótinu; en hann spratt upp í móti; en Glúmr hjó þegar í höfuð honum, ok þurfti Sigmundur eigi fleiri. Þá gekk hann at Vigdasi, ok sagði, at hún skyldi heim fara: ok seg þorkatli, at Sigmundur er eigi einfærr af akrinum. En Glúmr reið upp til Hóla, ok segir bróður sínum engi tíðendi; en er þorsteinn sá gerðar hans, er hann hafði bæði feld ok spjót, þá fann hann blóð í málunum, ok spyrr, ef hann hefði höggvit með því fyri skömmu. Hann segir: þat er satt: eigi hefir mér í hug komit at segja, kvað Glúmr, at ek drap Sigmund Þorkelsson í dag. Þorsteinn segir: þat mun þeim tíðendi þikja þorkatli, eða Esphælingum, mágum hans. Glúmr segir: þat er fornt mál, at blóðnætr eru hverjum bráðastar, ok mun þeim þikja litils verðt um, er fráliðr. Glúmr var þar 3 nætr at kynni sínu, en þá býst hann heim; þorsteinn býðr at fara með honum; Glúmr segir þess eigi þurfa: gættu búss þíns, en ek mun riða rétta leið mína til þverár, munu þeir ekki svá mjök eptir þessu gánga. Ferr Glúmr heim til þverár. En er tíðendi þessi spyrjast, ferr þorkell á fund þórarins, ok leitar þángat ráða ok meðferðar. Hann segir: vera má nú þá, at hún segi, Ástriðr, at hann hafi eigi til engis risit á legginn. Þorkell segir: þat ætla ek, at hann hafi á þann legg risit, er hann fær eigi á stigit. Þórarinn segir: þat er nú sem gerist, hafi þær lengi sýnt þeim újafnað ok ætlat at færa þau við útgarda, ok litit eigi á þat, hver vau væri á um afkvæmi slíkra manna, sem Eyjúlfr var, er



bæði var ættstórr ok enn mesti garpr; en oss er vandi á mjök mikill við Glúm, fyri frændsemis sökum, en við yðr um mægðir, ok óhógligt sýnist mēr málit, ef Glúmr fylgir, sem ek get at vera muni. Þá fór Þorkell heim, ok voru þessi mál kyrr um vetrinn. Glúmr hafði nokkuru mannfleira, enn hann var vanr, um vetrinn.

9. Þat er sagt, at Glúm dreymdi eina nótt: hann þóttist vera úti staddr á bæ sínum, ok sjá út til fjarðarins; hann þóttist sjá konu eina gánga utan eptir héraðinu, ok stefndi þángat til Þverár, en hún var svá mikil, at axlirnar tóku út<sup>1</sup> fjöllin tveggja vegna; en hann þóttist gánga or garði á mót henni, ok bauð henni til sín, ok síðan vaknaði hann; öllum þótti undarligt; en hann segir svá: draumr er mikill ok merkiligr, en svá mun ek hann ráða, at Vigfúss, móðurfaðir minn, mun nú vera andaðr, ok mundi kona sjá hans hamingja vera, er fjöllum hærra gekk, ok var hann um aðra menn fram um flesta luti at virðingu, ok hans hamingja mun leita sèr þángat staðfestu, sem ek em. En um sumarit, er skip komu út, spurðist andlát Vigfúss; þá kvað Glúmr vísu:

Fara sá ek hólms und hjálmi  
 hauks í miklum auka  
 jörð at Eyjafirði  
 ísúngs firadísi<sup>2</sup>;  
 þá svát dóms í draumi  
 dals ótta<sup>3</sup> mēr þótti  
 felliguðr með fjöllum

<sup>1</sup>) úti, B. <sup>2</sup>) firra dísi, B. <sup>3</sup>) duls óttu, B.



fólk [vandar bjóð<sup>1</sup> standa<sup>2</sup>.

Um vârit hitti Þorkell Þorvald krók ok aðra sonu Þóris, leitar<sup>3</sup> eptir, at þeir muni fylgja þessu máli; en hann taldi til skyldu við dóttur sína, ok marga aðra vináttu, er hann hefir þeim gjört, ok Sigmundr, son hans. Þorvaldr hinn þórarinn, segir, at ámællissamt mun verða, nema þeir fylgi máli mágs síns; hann læzt vilja slíkt allt atveita, sem hann hefir faung á: ok þat er nú auðsætt, at Glúmr ætlar at miklast af vígi Sigmundar, en vèr unnum oss eigi verr metorða í héraðinu. Þórarinn segir: svá lízt mèr, sem vandt muni svá málinu at fylgja, at örugt sè, at vèr vaxim af, ok enn við uppgáng Glúms er þat eigi örvænt, at honum kippi í kyn ok ætt sína; fer ek því tregari at, enn þèr, at mèr sýnist óvís virðingin at deila við Glúm, en mèr þikir ok eigi gott, ef aukast vill úvirðing vár. En með áeggjun þá bjó þórarinn Þórisson mál til alþingis á hendr Glúmi um víg Sigmundar. En Glúmr bjó mál til á hendr Þorkatli enum háfa um illmæli við þrællana, ok annat bjó hann á hönd Sigmundi, ok stefndi honum um stuld, ok kveðst hann drepit hafa á eign sinni, ok stefnir honum til óhelgi, er hann féll á hans eign, ok gróf Sigmund upp. Síðan fóru mál til alþingis við svá búit, ok sótti Glúmr þá frændr sína at liðveizlu, Gizor hvíta ok Teit, son Ketilbjarnar frá Mosfelli, ok Ásgrím Elliðagrímsson, ok segir þeim allan málavöxt, ok ágáng þeirra feðga ok ránglæti ok marga svívirðing, kveðst hann þar vetta eflingar til

<sup>1</sup>) vandat hljóð, B. <sup>2</sup>) vls. v. i C. <sup>3</sup>) leita, A.



rèttra laga, er þeir voru, en hann væri sjálfr fyrri. Þeir kváðust allir þess skyldir, at hans lut lægi eigi í óvina hendi, kváðust fegnir því verða, ef hans uppreist yrði í þeirri ætt. Líðr þingit at dómum fram, ok hafa Esphælingar fram vígsmálit með áeggjun þeirra, er harma sinna áttu at miunast, en víst væri, at eigi mundu spjöllin á vera. Glúmr hefr málit á hendr þorkatli, ok komu sakar í dóm, hafði Glúmr mikinn frændaafla ok vina. Ok er til varna var boðit, segir Glúmr: á þá leið er, at þat má mörgum kunnigt vera, at þær hafði málit meirr tilbúit með úskapi, enn eigi sè spjöllin á, þvíat Sigmund drap ek á mínu fè, ok áðr ek riða til þings, stefnda ek honum til óhelgi; hann nefndi sèr at því vátta, ok verr svá sökina, ok veittu þeir frændr honum svá, at Sigmundr fèll úheilagr. Síðan hefr Glúmr mál fram á hendr þorkatli um bekráð<sup>1)</sup> til fjár síns, ok horfir þar úvænt þorkatli, þvíat vitni gengu at með Glúmi, ok finnast þar eigi lögvarnir í móti, ok horfði til þess, at þorkell mundi verða sekr; var leitit um sættir við Glúm. Hann segir þá tvá kosti vera, at hann mundi sök fram hafa, eða þorkell seldi honum þverár land með slíku verði, sem hann vildi ákveða, ok var þat eigi betr enn hálfvirði: má ok þorkell þat ætla, ef hann verðr sekr, at við skulim eigi báðir á þingi annat sumar. Ok nú áttu lut í vinir þorkels, at hann sættist, ok tók þorkell þat ráð, sem honum hæfði: sættist á mál ok seldi Glumi landit, skyldi búa þau missari,

<sup>1)</sup> brekráð, B.



ok voru þá sáttir at kalla, ok undu Esphælingar illa við málalok; ok hëðan frá grëri aldregi um heilt með þeim Glúmi ok Esphælingum. Ok áðr Þorkell fór á brott frá Þverá, þá gekk hann til hofs Freyss, ok leiddi þagat uxa gamlan, ok mælti svá: Freyrr! sagði hann, er lengi hefir fulltrúi minn verit, ok margar gjafar at mër þegit ok vel launat, nú gef ek þër uxa þenna til þess, at Glúmr fari eigi únauðgari af Þverár landi, enn ek fer nú, ok láttu sjá nokkurar jartegnir, hvártú þiggr eða eigi. En uxanum brá svá við, at hann kvað við, ok féll niðr dauðr, ok þótti (Þorkatli) vel hafa viðlátit, ok var nú hughægra, er honum þótti sem þegit mundi heitit; hann fór síðan norðr til Mývatns, ok bjó þar, ok er hann or sögunni.

10. Glúmr tók nú virðing mikla í hëraðinu. Sá maðr bjó at Lóni í Hörgárdal, er Gunnsteinn hët, mikilmenni ok auðigr, ok taldr með hinum stærrum mönnum; hann átti konu þá, er Hlíf hët; Þorgrímr hët son þeirra, ok var kendr við móður sína ok var kallaðr Hlífarson, fyri því, at hún lifði lengr enn Gunnsteinn; hún var skörúngr mikill; Þorgrímr var mannaðr vel, ok gerðist mikilmenni. Grímr hët annar son þeirra, er kallaðr var eyrarleggr. Halldóra hët dóttir þeirra, hún var væn kona ok vel skapi farin; sá kostur þótti vera einhverr beztr, fyri sakar frænda ok mest kunnostu<sup>1</sup> ok framkvæmdar hennar. Þessar konu bað Glúmr, lèzt hann litt þurfa mundu [frænda at segja ætt<sup>2</sup> sína, nè svá fjárluti eða

<sup>1</sup>) kunáttu, B; C. <sup>2</sup>) at segja frænda-ætt, B.



atferð: þat mun yðr kunnigt vera, en ráðakost þenna hefi ek mèt ætlat, með því at frændr hennar vilja. Honum var vel svarat þessu máli, er hún föstnuð Glúmi með miklu fè, ok gert brullaup þeirra vel, ok nú er hans ráð enn virðuligra enn áðr. Þorvaldr hèt maðr Reimsson<sup>1</sup>, er bjó at Barði í Fljótum, hann átti Þuriði, dóttur Þórðar frá Höfða; börn þeirra voru Klaufi ok Þorgerðr, er átti Þórarinn á Espihóli. Þorvaldr krókr á Grund átti Þorkötlu or Þjórsárdal. Hlenni enn gamli Örnólfsson töskubaks bjó í Viðinesi, ok átti Oddkötlu Oddkelsdóttur or Þjórsárdal. Gizorr hèt maðr ok var Kaðalsson, hann bjó at Tjörnum í Eyjafjarðardal; hann átti konu Þá, er Saldís hèt, hún var gild húspreyja; Gizorr var ok í enu stærra bónda tali, vel fjár eigandi; dætr þeirra eru 2 nefndar, Þórdís ok Herþrúðr, konur vænar ok oflátar miklir, Þóttu vera kostir góðir, óxu þar upp heima. Bróðir Gizorar hèt Runólfr, hann var faðir Valgerðar, móður Eyjólfis á Möðruvöllum. Þórdís var dóttir Kaðals, er átti Þórir á Espihóli, [ok þeirra börn voru þau, sem sagt var fyrr<sup>2</sup>. Þorgrímr Þórisson var eigi Þórðisarson ok þó skilgetinn; Þorgrímr var mikilmenni ok vel at sèr; hann riðr á fund Gizorar þess erendis, at biðja Þórðisar, dóttur hans, sèr til egin konu; voru flytèndr þessa máls bróðir hans ok vinir, frændr konunnar: Þóttust vera nærr komnir at ráða fyri kosti frænd konu sinnar, ok leizt þeim allvænliga stofnat. En Þorgrími var synjat konunnar; en öllum

<sup>1</sup>) Reimsson, C. <sup>2</sup>) föður Þórarins ok Þorvalds króks, C.



Þótti hann hafa mælt til jamræðis, ok fyri þótti bræðrum hans ok frændum.

11. Sá maðr er nefndr til sögunnar, er Arnórr hêt, ok var kallaðr rauðkinnr<sup>1</sup>, hann var Steinólfsson, Íngjaldssonar, ok bræðrúngr Glúms at frændsemi; hann hafði lengi í förum verit, ok var vel metinn, ok var með Glúmi jamnan, er hann var út hêr; hann veik til við Glúm, at hann biðði konu til handa honum. Glúmr spýrr, hvernarr konu hann vilði biðja. Arnórr segir: Þórdisar Gizorardóttur, er Þorgrimi Þórisssyni var synjat. Glúmr segir: óvænt þiki mêr þat horfa, þviat mêr þikir ykkar engi munr, en Þorgrímr á bústað góðan ok auð tjár, frændasla mikinn, en þú átt engan bústað ok ógnóg fê; en ek vil eigi ójafnað bjóða Gizori, svá at eigi ráði hann fyri dóttur sinni sem hann vill, þviat Gizorr er góðs verðr frá mêr. Arnórr segir: þá nýt ek góðra frænda, ef ek get þá betra kost, at þú flytir mitt mál; heittu honum vinfengi þínu, ok mun hann þá gefa konuna, þviat þetta mundi jamræði kallat, ef eigi hefði svá friðum manni verit frávisat áðr, sem Þorgrímr er. Glúmr lét ateggjast, ok fór með honum á fund Gizorar, ok tjár málit fyrir honum. Gizorr svarar: vera kann þat, Glúmr! segir hann, at þat verði mælt, at mêr mislítist, ef ek gef dóttur mína Arnóri, frænda þínum, en mêr sýndist eigi at gefa Þorgrimi. Glúmr segir: rétt er mælt, en þó er þvi at lýsa, ef þú vill vârt mál virða, at þar í mót mun mitt vinfengi koma.

<sup>1</sup>) rauðkinn, B, C.



Gizorr segir: Þat þiki mèt mikils verðt, en grunar mik, at þá komi í mót óvinfengi annarra manna. Glúmr segir: Þú sèt ok ráð þitt, en miklu mun hèt um skipta minn þótta, hvárt þú gerir. Þá segir Gizorr: eigi skaltu erendlaust fara þetta sinn, ok rètti fram höndina, ok festir Arnórr sèt konu. En Glúmr segir, at hann vill þat tilleggja, at brullaup skal vera at þverá um haustit; ok skilja þeir nú við svá búit. Arnórr átti malt út at Gásum, ok skyldi hann sjálfr sækja ok húskarl einn með honum. En Þorgrímr Þórisson fór þann dag til laugar, er þeirra var utan vãn með maltit, ok voru at Hrafnagilslaugu, ok 6 húskarlar hans með honum. En er þeir komu utan ok vildu riða yfir ána, þá mælti Þorgrímr: mun eigi nú mjök vel fallit at hitta þá Arnór? missum eigi maltanna, ef vèt skulum þó missa konunnar; gingu þeir Þorgrímr í móti þeim með brugðin sverð. Ok er þeir Arnórr sá þat, hverr liðsmunr var, þá hleypti hann á kaf ok svá yfir ána, en klyfjahestarnir voru fyri vestan ána. Þá mælti Þorgrímr: eigi berum vèt til alls úgíptu, ölit skulum vèt drekka, en þeir munu ráða kosti konunnar. Þorgrímr ríðr til Espihóls hins syðra; Þórir var þá sjónlauss; en þeir förunautar Þorgríms voru allkátir, ok hlóu mjök, ok spyrr Þórir, hvat þeim þætti svá hlaugligt. Þeir sögðust eigi vita, hvárir fyrr mundu veizluna halda, sögðu þar saungin, en þá frá elta, er áttu, en brúðgumiinn á kafi. Ok er Þórir heyrir þetta, þá mælti hann: þikir yðr vel komit málinu yðru,



er þer hlæið svá mjök? eða hvert mun nú úr-  
 ræði yðvart? ætli þer hær í nótt at sofa, ok eng-  
 is annars viðþurfa? eigi kunni þer þá skap-  
 lyndi Glúms, ef honum þikir góð för frænda  
 síns; ek kalla ráð at safna mönnum, meiri ván,  
 at Glúmr hafi nú samandregit marga menn. Þar  
 var þá vað á ánni, er nú er ekki. Þeir söfnuðu  
 nú at sèr 80 vígra manna um nóttina, ok bjugg-  
 ust við á hólínum<sup>1</sup> framanverðum, þviat þar var  
 vaðit á ánni við hólinn sjálfan. En frá Arnóri  
 er at segja, at hann finnr Glúm, ok segir hon-  
 um frá förum sínum. Hann segir: ekki kom  
 mæ'r þat at úvörum, at þeir lèti eigi kyrt, ok er  
 nú á vandi nokkr: svívirðing, ef kyrt er, en  
 allósýn er virðing, ef við er leit at rétta, en  
 þó skal nú safna mönnum. Ok er ljóst var um  
 morgininn, þá kom Glúmr at ánni með 60 manna,  
 ok vildi riða yfir ána. En þeir grýttu á þá Esp-  
 hælíngar, ok gekk eigi fram reiðin, ok hvarf  
 Glúmr apr, ok börðust yfir ána með grjóti ok  
 skotum, ok urðu þar margir sárir, en engir eru  
 nefndir. Ok er héraðsmenn urðu varir við, þá  
 drifu þeir til um daginn ok gengu í milli, ok  
 var á komit sættum, ok leit at, hvat Esphælíngar  
 vilja bjóða fyrir úsæmdarhlut þann, er þeir höfðu  
 gjört Arnóri. En þau komu svör í móti, at ekki  
 mundu bætr fyri þat koma, þóat Arnórr hleypti  
 frá maltklyfjum sínum. Þá var leit at, at Glúmr  
 mundi eiga hlut í, at biðja Arnþrúðar Gizorar-  
 dóttur til handa þorgrími, ok skyldu því at eins  
 ráð takast með þeim Arnóri ok þórdísi, nema

<sup>1</sup>) hólminum, B.



Glúmr geti konu þessa til handa Þorgrími, ok þótti sú betr gefin, er Þorgrímr ætti. Nú með því at margir áttu hlut í, þá heitr Glúmr sinni umsýslu, hittir Gizor, ok vekr þetta mál, ok mælti: þat má virðast hlutgírni, ef ek bið bæði konu mínum frændum ok Esphælingum, en at óhöpp stöðvist í héraði, þá þikjumst ek skyldr at veita þér mína hollustu, ef þú gerir at mínum vilja. Gizor segir: svá sýnist mér bezt, at þú ráðir, þvíat mér sýnist vel boðit dóttur minni, at þetta sè. Takast nú ráðin hvárratveggju; gjörði Arnórr bú at Uppsölum, en Þorgrímr bjó í Möðrufelli. Litlu síðarr andast Gizorr; þá færði Valdís' bygð sína á Uppsali. Arnórr gat son við þórdisi, er Steinólfr hét; annann son átti Þorgrímr, ok hét sá Arngrímr, ok var efniligr maðr í uppvexti sínum öllum.

12. Valdís' bauð heim dótturson sínum hvárumtveggja. Arngrímr var 2 vetrum ellri enn Steinólfr, ok óxu eigi vinsælli menn upp í Eyjafirði, eða allbetr væri at sèr gervir, ok unnust allmikit. Þá er annar var 4 vetra, en annar 6 vetra, léku þeir sèr um dag, ok bað Steinólfr Arngrím ljá sèr messingar-hest. Arngrímr svaraði: ek mun gefa þér, þvíat þat er nú heldr þitt leika, enn mitt, fyrir aldrs sökum. En Steinólfr sagði fósturu sinni, hve góða gjöf hann hafði þegit; hún kvað þat vel vera, at hvárr þeirra var svá vel til annars. Kona sú fór þar um hérað, er Oddbjörg hét, gleðimaðr, fróð ok fram-

<sup>1)</sup> réttara mun Saldís, sjá 10da og 12ta kap.



sýn; þótti mikit undir, at húspreyjur fagnaði henni vel um héraðið, sagði nokkut vilhellt, sem henni var beini veittr; hún kom til Uppsala, ok tók Saldis<sup>1</sup> vel við henni, ok bað hana spá nokkut um þá sveinana; ok spá vel. Hún segir: vænligir eru þessir sveinar, ef þeim vinnst gæfan, þat er mér vansæt. Saldis mælti: eigi ætla ek þér nú allgóðan þikja beinann fyrri skútu þessa. Hún segir: ekki mun þetta ráða verðgetum<sup>2</sup> þínum, ok þarftu eigi svá orðvönd at vera. Saldis mælti: fámælt skaltu þar um vera, ef þér segir eigi vel hugr um. Hún segir: ekki hefi ek enn ofmælt hêrum, en eigi ætla ek lengi ástúðigt með þeim. Saldis mælti: annars þættumst ek makligri fyrri góðan beina, ok muntu vera rekin í brott, ef þú ferr með illspár. Oddbjörg segir: ek ætla nú eigi þurfa at hlífast við, er þú lætr svá um enga sök, mun ek þik ok eigi optarr heimsækja, en þú uni við svá vel, sem þú vill: en þat kann ek þér at segja, at þeir munu banaspjót eptir berast, ok mun hvat öðru verra af hljótast hêr í héraði; ok er Oddbjörg or sögunni.

13. Þat gerist eitt sumar á alþingi, at í Fångabrekku gengust menn at sveitum, Norðlendingar ok Vestfirðingar, gekk Norðlendingum þýngra, var fyrri sveit þeirra Márr, sonr Glúms; kemr þar at maðr einn, er Ingólfr hêt, son þorvalds, faðir hans bjó á Rångárvöllum. Márr mælti: þú ert þrekligr maðr, muntu vera sterkr, veit mér atgáng at fángs! Hann segir: þat mun ek gera fyrri þínar sakir. Sá fêll, er í móti var;

<sup>1</sup>) Valdis, C *allst. frv.* <sup>2</sup>) verða gátum, C.



gengr til annar, ok enn þriði, ok fór svá; nú hugnaði Norðlendingum. Þá mælti Márr: ef þú þarft míns formælis, skal ek þèr at liði verða, eða hvat skal nú ráða þinna? Hann segir: ekki hefi ek ráðit, ok vilda ek helst norðrum, ok taka verknað. Márr segir: þat vil ek, at þú farir með mèr, ok mun ek fá þèr vist. Íngólfr átti stóðhross góð, ok kallaði hestinn Snækoll; hann fór norðr af þingi til þverár, var þar um stund. Einn dag spurði Márr, hvat Íngólfr ætlaði fyrir: hèr þyrfti verkstjóra, ok væri hagr nokkut, hèr er sleði einn, er þú skalt gera, ok ertu bjarghagr, ef þú kannt þetta. Íngólfr segir: til þessarar vistar væra ek fúsastr, en þat hefir orðit stundum, at mein hefir þótt at hrossum mínum í búfjárhögum. Márr segir: ekki mun hèr at slíku talit. Íngólfr gerir nú at sleðanum, ok kemr Glúmr ok lítr á smíðit; þetta er vel gert, segir Glúmr, eða hvat er ráða þinna? Íngólfr segir: ek hefi ekki ráðit. Glúmr segir: mik vantar verkstjóra, eða ertu nokkut við þat brugðinn? Hann segir: litt í slíkum stöðum, en fúss væra ek með þèr at vera. Glúmr segir: hví skal eigi þat? sè ek, at þið Márr leggið lag ykkart saman. Nú kemr Márr heim, ok segir Íngólfr honum. Hann segir: gott þiki mèr, ef þetta verðr vel, ok segja mun ek þèr þrem sinnum, ef föður mínum mislíkar, en ef þá gerir þú eigi at, mun ek hætta. Íngólfr tekr nú til umsýslu, ok líkar Glúmi vel. Einn dag ferr Glúmr til hestaþings ok verkstjóri hans, riðr hann meri, en hestr hans rennr hjá, er þar skemtan góð. Þar var Kálfr



frá Stokkahlöðu, hann átti hestklár einn gamlan, en hann kom hverjum hesti fyrir; hann mælti: hví skal eigi þenna hær í móti leiða dýrkálkinn<sup>1</sup> þeirra þveræinga? Glúmr segir: þat er újamligt, hestr sá ok klárr þinn. Hann segir: því munu þær eigi vilja, at engi hugr mun í vera, kann vera, at sanni it forukveðna, at fè sè drottni glíkt. Glúmr segir: þat mun þær ókunnigt, mun ek ok eigi neita fyrir hans hönd, en at mun vera eigi lengr, enn hann vill. Kálfr segir: vånir má þess vita, at fátt mun í móti yðrum vilja. Voru hestar framleiddir ok bitust vel, ok þótti öllum hestr Íngólfs betr gánga, ok vill Glúmr þá skilja; riða heim; er Íngólfr þar þau missari, ok hugnar Glúmi vel við hann. Samkváma var við Djúpaldalsá, þar kemr Glúmr ok Íngólfr með hest sinn; Kálfr kemr þar, hann var vinr Esphælinga, þar var hestr hans, ok býðr, at nú skulu þeir til þrautar leggja hestaatit. Glúmr kveðr Íngólf ráða skulu; hann læzt ófúss vera, en nennti eigi undan at gánga. Eru hestar framleiddir; keyrir Kálfr hest sinn; gengr hestr Íngólfs betr í öllum lotum. Þá keyrir Kálfr stafinn við eyra hesti Íngólfs, svá at hann svimrar, ok þegar eptir ræð hann á. Glúmr gekk þá at, ok náist jafnaðr, ok lýkr svá, at hestr Kálfs gekk út, varð þá óp mikit. Ok at skilnaði laust Kálfr Íngólf með stafnum; standa menn nú á milli. Glúmr mælti: gefum engan gaum at sliku, svá lýkr hær hverju hestaþingi. Márr mælti við Íngólf: svá mun faðir minn tilætla, at þær verði engi svivirðing at þessu höggi.

<sup>1</sup>) dýrkjálkann, B, C.



14. Þorkell hèt maðr, er bjó á Hamri, þáng-at ferr Íngólfr, ok hinnir dóttur bónda, hún var frið kona; faðir hennar hafði vel fè, ekki var hann mikilmenni; þó geymir Íngólfr vel umsýslu heima, en smíðar færra, enn var. Márr ræddi um við hann um sinn: nú finn ek, at föður mínum mislikar, er þú gengr frá húsi. Íngólfr svarar vel, en þó dregr til sama munar. Márr talar til öðru sinni ok it þriðja sinn, ok stoðar þó ekki. Þat var eitt kveld, er hann kom síð heim, ok voru menn mettir, þá mælti Glúmr: nú skulum vèr taka oss fulltrúa, ok skemtum oss, mun ek kjósa fyrst, ok eru 3 mínir fulltrúar, einn er fésjóðr minn, annar ex mín, þriðri stökkabúr. Þá kaus annar at öðrum. Þá mælti Glúmr: hvern kýs þú, Íngólfr? Hann segir: Þorkel at Hamri. Hann Glúmr sprettr upp, ok hefir sverðshjöltin fyri sèr, ok gekk at honum, ok mælti: makligan fulltrúa kaustu þèr. Allir sá, at Glúmr var reiðr; hann gekk út ok Íngólfr með honum; þá mælti Glúmr við Íngólfr: far þú nú til fulltrúa þins, ok seg, at þú hafir vegit Hlöðu-Kálf. Hann segir: hví muna ek því ljúga á mik? Svá skaltu gera, sem ek vil. Ok nú gengu þeir báðir saman; ok nú víkr hann Glúmr [í hlöðu út', ok sá þar kálf einn, ok höggr í höfuðit, ok fær honum sverðit blóðugt: gakk nú suðr yfir ána, ok seg, at þú væntir þar at eins trausts, ok sýn honum blóðugt sverðit, at jartegnir sè skýrar. Hann gerir svá, finnr Þorkel, ok sagði honum tíðendia, at hann minutist höggs þess, er

1) b. v. C.



Kálfr laust hann, ok kveðst hafa drepit hann: ok leita ek mēr hegat til trausts, sem þú hefir mælt. Hann segir: þú ert glópr mikill, drepa góðan dreng, ok dragst út sem skjótast, eigi vil ek, at þú sèr drepinn í húsum mínum. Hann ferr heim, ok kemr á fund Glúms, ok spyr hann: hversu gafst nú fulltrúinn? Íngólfr segir: eigi gafst vel. Glúmr segir: reyn þú nú minn fulltrúa þá, ok fylgdi honum í stokkabúr út: vandhæfr muntu verða, ef hann er drepinn, Hlöðu-Kálfr. Annann dag eptir er sagt víg Hlöðu-Kálfs frá Stokkahlöðu; ok nú segir Þorkell, at sá maðr hafði þar komit, er því úhappi lýsti á sik; hafa allir þat fyri satt; liðr nú vetr sá. Glúmr sendir Íngólf norðr til Einars Konálssonar, ok fèkk honum 9 hundruð vaðmála, ok mælti: þú hefir ekki kaup haft með mēr, ok við fægætni þína þá máttu þessu koma þèr í gagn; en mál þetta, er þèr er kennt, mun ek annast, ok mun þik ekki saka, galdt ek þèr þat fyri þrályndi þína, ok ef þú kemr út, máttu mín vitja. Íngólfr mælti: þess bið ek, at þú látir eigi gipta konu frá mēr, [því væni ek þèr!; hross hans voru þar eptir. Einarr Konálsson kom Íngólfi utan. En Þorvaldr bjó mál eptir Kálf til Hegraness þíngs, ok horfði til þess, at Íngólfr mundi verða sekr. Glúmr var ok þar, ok frændr Íngólfs nokkurir; þeir hitta Glúm, ok biðja hann ásjá, ok kváðust til mundu leggja ok bæta fyrir hann. Glúmr segir: ek mun ásjá þetta mál fèbótalaust. Þá er dómr fór út ok til varna var boðit, þá

1) því heiti ek þèr, segir Glúmr, B.



sagði Glúmr, at ónýtt var málit: hafi þær öðrum manni á hendr búit málit enn vegit hefir, en víginu veld ek; síðan nefnir hann vátta, at ónýtt er málit: en þóat Íngólfr dræpi hlöðukálf, gaf ek honum enga sök á því; nú mun ek bjóða sætt, meirr eptir því, sem maðr var verðr, enn eptir ofsa yðrum, Esphælinga. Fóru menn heim af þingi. Íngólfr var utan þann vetr, ok undi því eigi lengr, verr fè sínu ok kaupir góða gripi ok tjöld þau, er góðir gripir voru; Glúmr hafði gefit honum feld góðan, þann skipti hann í skarlat's kyrtil. Ok þat sumar, er hann fór utan, kom út sá maðr, er Þjóðólfr hét, móðir hans bjó á Æsustöðum; hann ferr til Hamars, ok hittir Helgu. Einn dag hafði Glúmr riðit upp til Hóla; ok er hann reið ofan til Saurbæjar, kom þar í móti honum Þjóðólfr. Þá sagði Glúmr: um kvámur þinar er mæ'r ekki til Hamars, ok ætla ek mæ'r at annast um ráð Helgu, en ef þú lætr eigi af, mun ek bjóða þær hólungaungu. Hann segir, ok kveðst ekki mundu keppa við Glúm, ok lætr af kvámum.

15. Nú kemr út Íngólfr ok ferr til þverár, ok tekr Glúmr við honum, ok bauð með sér setugrið; þat þiggr hann. Einn dag mælti Íngólfr: nú vil ek, Glúmr! at þú sjáir yfir varning minn; hann gerir svá, ok sýnist honum vel varit vera. Þá mælti Íngólfr: þú fékkt mæ'r fararefni, nú kalla ek þik eiga þetta fè. Þá segir Glúmr: þat eitt fè hefir þú, at ek ætla ekki mæ'r þat. Hæru þó tjöld, er ek hefi keypt til handa þær, þau skaltu þiggja, ok hær er einn kyrtill. Glúmr



segir: Þiggja skal ek gjafar þínar. Einn dag spurði Glúmr, hvárt Íngólfr vildi vera heima með honum. Íngólfr segir: Þat er í hugnum, at skiljast eigi við þik, ef þess er kostr; stóðhross mín vil ek þèr gefa. Glúmr segir: ek mun þiggja hrossin, en nú skulum við finna þorkel á Hamri í dag; svá gera þeir. Þorkell fagnar vel Glúni. Þá mælti Glúmr: þú hefir gert sakar við Íngólfr, en nú máttu bæta þat með þeim hætti, at gipta honum dóttur þína, er hann þess ráðs makligr, en ek mun fè tilleggja með honum, ok ek hefi hann reynt at góðum dreng; en ef þú gerir eigi svá, muntu missmíði ásjá. Þessu játir hann, ok fær Íngólfr þessar konu, ok gerist búmaðr ok nýtr drengr.

16. Glúmr gipti þorlaugu, dóttur sína, Vígaskútu at Mývatni norðr, ok fyri sakar þeirra sundrlyndis, þá lét hann hana fara heim til þverár, ok lét hana eina; þat líkaði Glúmi þúngt; síðan bað hennar Arnórr kerlíngarnef, ok átti hana; frá þeim eru komnir göfgir menn; síðan var með þeim Glúmi ok Skútu fæð mikil. Eitt sumar kom einn einhleypingr á fund Skútu, ok bað sèr viðtöku; hann spurði, hvat honum var á höndum; hann læzt vera vígamaðr, ok eiga úvært í sínum hèruðum. Skúta segir: eigi veit ek mèr vanda á við þik, eða hvat villtu tilvinna ásjá minnar? Hann segir: til hvers mælir þú? Skúta segir: þú skalt fara sendiför mína til Vígaglúms, ok mæla þessum orðum við hann, at þú þikist þurftugr, at hann sè forstjórnarmaðr þíns ráðs; ek get, at nú beri svá til um fund ykkarn, at



hann sè í Þíngreið; hann er þrautgóðr, ef menn þurfa hans, ok má vera at hann mæli, at þú farir til þverár, ok biðir hans þar; þú skalt segja, at meirr sè þèr þraungt, ok þú vildir heldr mega tala við hann einnsaman, ok með því kann vera, at hann leggi nokkur ráð til; þess skaltu beiðast, at hitta hann í Miðárdal<sup>1)</sup>, er gengr upp frá bænum at þverá, ok sel hans standa í, lát þèr þar líka at finna hann at ákveðnum degi. Þessu játir hann, ok gengr nú allt þetta eptir því, sem Skúta setr ráð til. Þessi flugumaðr kemr nú aptr til Skútu, ok sagði honum. Hann segir: þá hefir þú vel leyst þitt erendi, ok ver nú með mèr. Nú líða stundir. Ok er þar kemr tíma, sem Glúmr hafði heitit sendimanni, at þeir mundi finnast, þá býst Skúta heiman með 30 manna; hann ríðr norðan, ok kemr vestr yfir Vöðlaheiði, ok á hjalla þann, er heitir Rauðahjalli; þar stiga þeir af baki. Þá mælti Skúta: hèr munu þèr eiga dvöl um hrið, en ek mun ríða inn með hliðinni, vita, ef nokkut verði til fengjar. Hann sèr, er hann sækir í dalinn, at maðr reið upp frá þverá, mikill ok í kápu grænni, ok kennir, at þar ríðr Glúmr; þá steig hann af hestinum; hann hafði vesl yfir sèr tvískipt, svart ok hvítt; hann lèt hestinn í rjóðrit, ok gengr síðan til selsins, ok var Glúmr þá kominn í selit. Skúta hafði sverð í hendi, þat er Flugahèt, ok hjálm á höfði, gengr at selsdyrunum, ok laust á vegginn, ok vikr síðan hjá selinu. Glúmr gengr út, svá at hann hafði ekki í

<sup>1)</sup> inöjum Árdal, B; Mjadmardal, C.



hendí, sèr engan mann, snýr hjá selinu; komst þá Skúta í milli hans ok seisdyranna. Þá kennir Glúmr manninn, ok hopar undan, en árgljúfrin voru nærr selinu; Skúta biðr hann bíða; hann telr þat jafnligt, ef þeir væri jambúnir við. Glúmr hopar at gljúfrunum, en Skúta sækir eptir. Glúmr steypist ofanfyri gljúfrin. En Skúta leitar þar ofan, er gánga mátti, ok sèr í gljúfrunum, hvar kápuna rak, ok hleypr til, ok leggr þegar til; þá heyrir hann mál yfir sik: lítil fremd, at spilla klæðum manna! Skúta sèr upp, ok kennir þar Glúm; hann hafði raunar vitat, at þar var undir tó ein, er hann fór ofan. Þá mælti Skúta: á þat áttu at minnast, Glúmr! at nú hefir þú runnit, ok heiðt eigi Skútu. Glúmr segir: satt er þat, en vilja munda ek þat, at þú rynnir eigi skemra, áðr sól settist í kveld. Þá kvað Glúmr þetta:

Hálfs eyris met ek hvern<sup>1</sup>  
 hrisrunn fyrir á<sup>2</sup> sunnan,  
 vel hafa viðir skógar  
 vargi opt um borgit.

Þar skilr með þeim því sinni. Ferr Glúmr heim, ok samnar sèr liði, ok segir, hvert veitræði fyrir hann var sett, læzt ok vilja, at brátt gyldist; hann fær á skammri stundu 60 manna; riða upp í dalinn. Skúta gekk til hests síns, þá er þeir Glúmr skildu, ok reið með hliðinni, ok sèr nú manna-reiðina, ok veit, at þat má honum eigi endast at finna þá, leitar sèr ráðs: brýtr spjótit af skapti ok hefir fyri staf, tekr af söðulinn ok riðr berbakt, snýr veslinu, riðr at sauðum ok æpir hátt.

<sup>1</sup>) hverjan, B, C. <sup>2</sup>) v. i C.



Þeir koma eptir, ok spyrja, ef hann sæi nokkurn mann ríða um leitit fram með vâpnum, sköruligan; hann kveðst sèt hafa. Þeir spurðu: hvat heitir þú? Hann segir: ek heiti Margr í Mývatnshverfi, en Fârr í Fiskilækjarhverfi. Þeir segja: skætingu ok spotti villtu svara oss. Hann læzt eigi sannara kunna at sâja, ok skilr með þeim; ok þegar þeir voru skildir, tók hann vâpn sín ok söðulreiði, reið hvatliga til manna sinna. Þeir finna Glúm, ok sögðu, at þeir fundu mann, er þeim svaraði spotti einu, ok sögðu, hvat er hann nefndist. Nú hefir orðit ráðfâtt, segir Glúmr, þar hafi þer Skútu fundit, eða hvat mátti hann sannara segja? Þvíat í Mývatnshverfi er margr hellis-skúti, en í Eyjafirði í Fiskilækjarhverfi hittir engi skúta, ok hefir nú nærr haft með oss, ok eptir skulum vèr enn ríða; koma at hjallanum, ok eru þeir þar fyrir; en þar er einstigi at, ok er þar betra at verja með 30 manna, enn sækja at með 60. Þá mælti Skúta: kostgæft hefir þú nú mjök at sækja eptir mèr, má nú vera, at þú þikist þess eiga í at hefnast fyrir undanhaldit, ok gott áráði bartu til at hlaupa í gilit, ekki vartu þá ófóthvatr. Glúmr segir: satt var þat, kunnir þú ok hræddr at verða, þá er þú læzt vera sauðreki þeirra Eyfirðinga, ok leyndir vâpnum þínum, en þú brauzt sum, ætla ek, at eigi rynnir þú skemri leið enn ek. Hversu sem hèr til hefir farit, þá sæk nú með hálfu fleira lið! Glúmr segir: ek ætla, at nú munim við skilja at sinni, verðr nú virðt sem má í hvârn stað.



17. Skúta riðr nú norðr, en Glúmr heim til Þverár. Þá er Þórir andaðist, gerði Þórarinn bú fyrri norðan Espihól, ok bjó þar. Glúmr gat börn við konu sinni, hèt Márr son hans, sem var getit, annar Vigfúss, voru báðir efniligir ok all-ólikir; Márr var hljóðr ok spakr, en Vigfúss hávaðamaðr mikill, újafnaðarmaðr, rammr at afli ok fullhugi. Sá maðr var með Glúmi, er Hallvarðr hèt, lausíngi hans ok fóstri Vigfúss; hann rakaði fè saman, refjusamr í fjárreiðum; hann handsalaði Vigfúsi fè sitt; ekki var hann orðsæll; hann gerði bú á bæ þeim, er at Tjörn heitir, uppi í Eyjafjarðardal, ok batnuðu ekki vinsældir hans við þat, ok var svá mjök hendisamr í afréttum; en Vigfúss var farmaðr mikill. Sá maðr bjó á Jórunnarstöðum, er Halli hèt, ok var kallaðr Halli enn hvíti, hann var Þorbjarnarson; móðir hans hèt Vigdís, hún var dóttir Auðunar rotins; hann hafði fóstrat Einarr Eyjólfsson, er þá var kominn bygðum í Saurbæ. Halli var sjónlauss; hann var við öll sáttmál riðinn í héraði, þvíat hann var bæði vitr ok réttdæmr; hans synir voru þeir Ormr ok Brúsi<sup>1)</sup> skáld, ok bjuggu þeir í Torfufelli, en Bárðr bjó á Skáldstöðum; hann var hávaðamaðr ok újafnaðarmaðr mikill, ok vígr hverjum manni betr, örmálugr ok ákasta-samr<sup>2)</sup>; hann átti Unu Oddkelsdóttur or Þjórsárdal. Haust eitt hurfu Halla enum hvíta or afrétt 10 eða 12 geldíngar, ok fundust eigi; ok er þeir Bárðr feðgar fundust, spurði Halli, hvat hann ætlaði af geldíngum hans orðit. Bárðr

<sup>1)</sup> Brúin, C. <sup>2)</sup> ákafasamr, C.



segir: ekki undrumst ek, þóat sauðir hverfi, er Þjófar sitja í nærsta húsi, síðan er Hallvarðr kom hingat í sveit. Halli segir: þat vil ek, at þú býir mál til á hendr honum, ok stefnir honum um stuld, ok get ek, at Glúmr beri eigi af honum tólfarkviðinn, ef ek læt búa Þjófsök á hendr honum. Bárðr segir: torsótt mun at sækja tólfarkviðinn at þeim feðgum.

18. Nú býr Bárðr mál til; ok er Vigfúss veit þat, segir hann föður sínum, at eigi mun honum hugna, at menn búa Þjófsök á hönd fóstura hans. Glúmr segir: veiztu at hann er ótrúrr, ok mun óvinsællt verða málit at bera af honum kviðinn. Vigfúss segir: um stærra vilda ek at þá væri at mæla. Glúmr segir: betra þiki mēr at gjalda fyrir hann, ok fari hann hingat ok bregði býi, heldr enn leggja fyri slíkan mann virðing mína. Nú koma menn til þings ok málit í dóm, ok á Glúmr at bera tólfarkvið; þá varð Vigfúss varr við, at hann ætlaði á' at bera kviðinn, ok gekk at dómnum, ok kveðst vilja mundu, ef fósturi hans yrði sekr, at Glúmi þætti þat alkeypt, ok varð svá, at Glúmr ónýtti málit, ok berr af honum kviðinn, ok fèkk af úvirðing. En er þaðan leið vetr, eða 2, þá hvarf Halla túngöltr svá feitr, at, trautt mátti rísa. Þá kom Bárðr um dag, ok spurði, ef galti væri drepinn; Halli sagði horfinn vera. Bárðr segir: hann mun farinn at leita sauða þeirra, er stólit var it fyrra haust. Hann segir: þess get ek, at eina leið hafi farit, muntu stefna vilja Hallvarði. Bárðr

<sup>1)</sup> eigi, B.



segir: svá skal vera, þvíat nú mun Glúmr eigi af honum bera kvíðinn, þvíat Vigfúss olli þá, er af var borinn, en nú er hann eigi hér á landi. Bárðr tekr málit, ok ferr í stefnuför; ok er hann finnr Hallvarð, hefir hann skjót málalok, höggur af honum höfuð, sagði síðan föður sínum; hann lét illa yfir, ok ferr þegar á fund Glúms, ok sagði honum atburðinn, ok býðr honum eindæmi. Glúmr þiggur þat, gerir lítit fè, en lét gjalda fyri göltinn ok sauðina, ok mælist þat vel fyrir. En er Vigfúss kom út, varð hann illa við dráp Hallvarðs. Glúmr segir: eigi skal hlýða at bregða þessi sætt, er nú er ger. Nú áttust þeir ekki við, þóat þeir fyndist, Bárðr ok Vigfúss. Annat sumar var stofnat hestaþing, þat er öllum hestum skal etja, þeim er til voru í héraðinu, ok skyldu þeir í mót or enum efra hrepp ok enum neðra, ok skyldu sinn mann hvárir til taka, ok kveða at, hvárir betr hefði, ok skulu þeirra atkvæði standa, er til voru kosnir; ofan or hrepp var Bárðr tilkosinn, en or neðra hrepp Vigfúss Glúmsson; var þar fjöldi hesta ok góð skemtan, ok mjök jamvígi, ok voru mörg hestavíg senn um daginn; en svá lauk, at jammargir höfðu vel bitizt, ok jammargir runnit, ok urðu þeir á þat sáttir, at jamvígi væri. En þá lét Vigfúss eiga hest, er eigi var att: ok er sá beztr þeirra, er hér hafa í dag komit, leiði þær þar í mót nokkurn. Bárðr segir: vándr lízt oss sjá, munum vèr engan þar í mót láta, ok köllum þó jamvígi. Vigfúss segir: skortir yðr þá, ok muntu eigi þat vilja, at mælt sè, at þær



hafið eigi við. Vel hefir þú einurð haldit hertil, en nú skýjar á heldr, ok finnst nú þat á, at þú munt optarr hafa staðit nærr búrhillum, ok ráðit um matargjörð með móður þinni, eun gengit at hestavigum, ok er þann veg litt skegg þitt eigi siðr. Vigfúss hló at ok margir aðrir. Kemr húskarl Halla heim, ok spurði hann at hestapínginu. Húskarlinn segir: jamvigi þótti þeim. Halli spurði: urðu þeir ásáttir, Bárðr ok Vigfúss? Hann segir: víst vel, þó mælti Bárðr orð eitt við Vigfús. Hann spurði: hvert var þat? Hann segir. Halli mælti: þat er ills efni. Húskarlinn segir: hló Vigfúss at. Halli segir: þat er vani þeirra feðga at hlæja, þá er vighugr er á þeim. Finnast þeir feðgar, Halli ok Bárðr, ok spýrr Halli, hví honum yrði þat fyrir, at mæla svá ferligt: ok uggir mik, at dragi til mikillar úgíptu; mun þat eitt ráð, at þú farir utan ok sækir þèr húsavið, ok ver utan 3 vetr, ella muntu feigr. Bárðr segir: [ekki lag væri at<sup>1</sup>, ef þú værir eigi ragr, slikt gerir ellin, at hræðist um sonu þina. Halli segir: þóttú sèr hetja mikil, mun þèr torsótt at halda þik í héraðinu. Hann gerir eptir ráðum föður síns, ok ferr utan. Síðan kaupir Halli at einum einhleypíngi, at fara í Skagafjörð, eða vestr þaðan, ok segja, at Bárðr færi af því utan, ok treystist eigi öðru fyri þeim feðgum, enn fara utan fyrir eitt orð: ok engi þorir þeim í mót at gera í héraðinu; hann gerði sem Halli bað. Þetta bragð var til þess gert, at frændr Bárðar sæti í friði fyrir hans

<sup>1</sup>) vel er lagit, *D*; ekki lagi at, *C*.



sakar. Bárðr var einn vetr utan, ok kom þá út til búss síns.

19. Halli hafði varðveitt bú Bárðar, meðan hann var utan, ok hafði látit höggva í skógi timbr í Miðárdal<sup>1)</sup>, er Bárðr átti, hann hafði ok út mikla við; hann var stundum at búi sínu, stundum með feðr sínum. Bárðr segir, at hann vill sækja timbr sitt. Halli segir: þat vilda ek, at þú færir eigi sjálf, ok mun þeim eigi gott at trúa feðgum. Bárðr segir, at menn mundu ekki verða varir við för þeirra. Hann fór, ok húskafl með honum, at sækja timbrit, ok höfðu fjölda hrossa; en Una, kona hans, hafði farit í Viðines til Oddkötlu, systur sinnar, ok kom Bárðr þar, ok bauð Hlenni honum at fá mann annann í skóginn, en hann biði þar, þótti þat meiri varúð; hann kvað þess eigi þurfa. Þær systir leiða hann or garði; en er þær hurfu aprtr, leit Una aprtr um öxl eptir honum ok fèll í óvit; en er hún vitkaðist, spurði systir hennar, hvat hún hafði sèit. Ek sá dauða menn gánga á mót honum Bárði, ok mun hann feigr vera, ok munu við eigi sjást síðan. Nú fara þeir Bárðr, ok leggr þoku yfir, er þeir koma í skóginn, ok binda þeir drögur, ok hepta hross. Um morguninn snemma var smalamaðr á fótum at þverá; þat var opt, at Vigfúss hitti smalamann, ok spurði tíðenda, ok svá var þenna morgin, ok mælti: undarligt er þat, at þú finnr jafnan fè í slíku myrkri, aldri munda ek fè finna í slíkum myrkva. Hann segir: lítit varð mèr fyrir at

<sup>1)</sup> Mjaðmardal, C.



hitta fèit, meira varð þeim fyrir at finna hrossin í morgin, er ek sá í skóginum, ok stóðu nær hjá þeim sjálfum, ok létu þeir þó vænt yfir sèr, ok var annar í grænum kyrtli ok hafði skjöld á hlið. Vigfúss segir, ef hann kendi manninn. Hann kveðst ætla, at Bárðr væri: því at hann á skóginn, er þeir voru í. Vigfúss mælti: sæk þú hesta mína 3. Austmenn voru þar 2 á vist, þá bað Vigfúss riða með sèr, ok kveðst mundu riða til laugar; hann stefnir suðr or garði um Laugardal. Þá mæltu Austmenn: hvert villtu nú riða? Hann segir: riða at erendum mínum fyrst, ok reið sýnu fyrir enn þeir, ok fóru fyrir ofan bæi suðr, þartil er þeir sá Bárð fara or skóginum með dragnahrossin. Húskarl Bárðarsá eptirreiðina, ok mælti: harðt riða þessir eptir, segir hann. Hver tíðendi eru þat? segir Bárðr. Hann segir: þat er Vigfúss, ok vilda ek, at við riðim undan, ok er nú svívirðingarlaust, meðan við vitum eigi hvat þeir vilja. Bárðr segir: eigi mun Vigfúss ráða á mik við 3ðja mann, ef þú ert eigi með mèr. Hann segir; fúsari er ek at fara með hestana, en þú riðir í Viðines, er þat eigi ámælisverðt, er þú riðr þangat, er þú átt erendi, enda veiztu eigi vist þeirra erendi, er eptir riða, en Hlenni mælti, at þú skyldir eigi trúa þeim. Bárðr segir: þú skalt riða fyrir, ok gera menn vara við, ef för mín verðr seinni, enn likendi sè á, þvíat ekki mun skjótt umskipta með okkr Vigfúsi, ef við skulim tveir ásjást, en hann er betri drengr, enn hann muni



með 3ðja mann at mēr gánga; en ef við erum 2, en þeir 3, þá munu þeir njóta liðsmunar. Nú gerði hann sem Bárðr mælti; en Bárðr leysti skjöld sinn, ok bjóst við sem honum þótti vænst; ok er þeir fundust, þá spyrr Bárðr, hvert erendi þeirra væri. Vigfúss sagði, at þeir myndi eigi báðir af þeim fundi fara lifs; en Bárðr kveðst búinn þess, ef þeir skyldu 2 viðleikast: en þat er engi vaskleikr, at 3 gáangi at einum. Þá mæltu Austmenn, at þeir mundu heima hafa setit, ef þeir vissi erendit, en létust þó ekki lið veita mega, ef menn kæmi til fulltings við Bárð, er förunautr hans hleypti í brott. Vigfúss bað þá sjá fyrst, hversu færi. Síðan börðust þeir lánga hrið, ok varð hvárgi sárr, en Vigfúsi horfði því úvænna, at hann varð at hopa í hverju sinni, áðr hann næði höggfæri. Bárðr hafði sverð, ok varði sik ágæta vel, ok varð ekki sárr. Austmönnum sýnist úfarnaðr mikill, ef Vigfúss er at jörðu lagðr, en þeir standi hjá, en menn komi til fulltings við Bárð; þá hlaupa þeir at Bárði ok drepa hann, ok var hann erendr, er þeir Hlenni (komu). En þeir Vigfúss riðu heim, ok lét Glúmr illa yfir verkinu, ok kveðr mikinn vanda hafa aukizt í héraðinu. Halli ferr á fund fóstora síns, Einars í Saurbæ, ok biðr hann taka við málinu; hann læzt þess skyldr, at mæla eptir frænda sinn ok fóstbróður sinn; riða síðan á fund þórarins ok biðja hann liðveizlu. Þórarinn segir, at hann veit eigi vánir þess manns, at hann vil heldr viðeiga, ok bundu sitt vinfengi með særum, þetta mál ok hvert annat. Fóru mál



til þings, ok var leitat um sættir; en þar var svá þúngt fyrir, at engi voru vól á því, þviat í móti voru lögvitir menn ok hugdjarfir, Möðruvellingar ok Esphælingar. Lauk þessu máli svá, at Austmenn urðu sekir, ok var gefit fê til farníngar; [Vigfúss skyldi ok ' 3 sumir leita við utanför, ok hafa 3 heimili á hverjum missarum, ok var hann þá ljörbaugsmaðr; en hann mátti eigi heima vera fyrir helgi staðarins, ok var hann at Uppsölum laungum, ok ætlaðu, at hann mundi vera í öðrum fjórðungum landsins, ok vildi hann eigi utan fara á því meli, varð hann þá alsekr, ok hêldt Glúmr hann á laun; en því skyldu eigi sekir menn þar vera, at Freyrr leyfði eigi, er hof þat átti, er þar var; fór því fram 6 vetr.

20. Nú er þar til máls at taka, er þeir vaxa upp fóstbræðr, Arngrímr ok Steinólfr. En þá er þorgrímr andaðist í Möðrufelli, fór Arngrímr til búss síns ok Steinólfr með honum, ok var þá svá ástúðigt með þeim, sem þá er bzt hafði verit. Arngrímr kvángaðist ok átti þórdísi Bjarnardóttur, systur Arnórs kerlingarnefs. Steinólfr var í kaupförum, en var með Arngrími, er hann var út hêr. Þat var eitt sumar, er hann kom út í Eyjasfirði, at Arngrímr bauð honum eigi til sín, ok mælti ekki við hann, þótt þeir sæist, ok fann þat til saka, at hann hefði fleira talat við þórdísi, konu hans, enn skapligt væri, en þat er flestra manna sögn, at lítit væri tilhaft,

<sup>1)</sup> þannig B, C; V. ok skyldi, A.



eða ekki; þá bauð Glúmr honum til sín, ok var svá þá nokkur missari, at hann var með honum, at hann var út hær, ok var ástúðigt í frændsemi þeirra; Steinólfr var atgervinaðr mikill. Eitt sumar bauð Glúmr honum eigi til sín, ok kveðst vilja, at hann væri at Uppsölum með feðr sínum: en því býð ek þær eigi, at mæð þikja eigi góðar húsgangur, en ef þú ert með feðr þínum, þá muntu hingat gánga til þverár, ok verð ek þá feginn, er við finnumst. Nú ferr því fram nokkura vetr, at Vigfúss var at Uppsölum með Arnóri rauðkinn, þá er hann í sekt var, enda var Steinólfr þar. Eitt haust gipti dóttur sína búandi í Öxnafelli<sup>1</sup>, ok bauð til öllum búendum þeim, er mestháttar voru í Eyjafirði; Steinólfi var ok boðit, hann kom til þverár, ok vildi fara með Glúmi; hann læzt eigi mundu fara. Steinólfr mælti: þat þiki mæð at, er þú est lausmáll. Glúmr segir: minna mein mun at lausmælgji minni, enn at úvarleik þínum, ok kem ek þar eigi; mikit ráð, segir Glúmr, einum búanda, at kalla til sín svá marga stóreflismenn, ok fylgi því engi slægð! er mæð á grunn, hvat undir býr þessu boði, eigi tekr búandi þetta af sjálfum sèr, ok betr þiki mæð, at mínir vinir fari eigi. Fór Steinólfr til boðsins, ok þeir, er boðit var, utan Glúmr. Þeim var tíðrædt Einari Eyjólfssyni ok Þorvaldi ok Steingrими<sup>2</sup>. Þann dag, er menn skyldu á brott riða, þá talaði Einarr lángrt erendi um héraðsstjórn, ok kvað hæfa jamnan, at ljölmenni kæmi saman, at nokkut

<sup>1</sup>) Gjáfelli, B. <sup>2</sup>) Arngrimi, *líkl. réttara* í 565 b. í 461f.



væri þat mælt, er þá væri mest nauðsyn til, ok þá væri betr enn (áðr): en (hèr) hefir lengi úfriðr álegit með ofrkappsmönnum; en mín orð koma þartil, er þeir frændr eru, Arngrímr ok Steinólfr, fæð hefir verit á með þeim, en vèr hyggjum at lýgi hafi verit ok óvina mál; nú vill Arngrímr hjóða Steinólfi til sín, ok gera för hans sæmiliga, ef hann vill þiggja, ok leggið niðr óvingan. Steinólfr kveðst þat vilja gjarna, læzt enga sök vita sèr á hendr, kveðst Arngrími mest manna unna. Síðan fór hverr til síns heimilis, en Steinólfr fór með Arngrími, ok var hann þar nokkurar nætr við mikla sæmd.

21. Einn dag spurði Arngrímr Steinólfr, ef hann vildi fara með honum á Grund ofan til skytnings<sup>1</sup>, ok vera þar nætr 2 eða 3. Hann segir: ek mun heima vera meðan, en fara í amat sinn, er þú ert heima. Arngrímr læzt vilja, at hann biði hans heima, ef hann vill eigi með honum fara. Nú fór Arngrímr á Grund, en Steinólfr var eptir í Möðrufelli um nótt; en um morgininn sat Steinólfr við eld, ok hafði smíð nokkura fyrir hendi, var þat buðk<sup>2</sup> nokkurr, er húsfreyja átti. Í þat mund kom Arngrímr heim ok þorvaldr krókr með honum; ok er þeir komu í eldahúsit, laut Steinólfr niðr; þá högg Arngrímr til hans í höfuðit, svá at hann fékk bana þegar. Þá gekk húsrúin hjá honum ok mælti: högg þú manna armastr! Þetta eru ráð þèr vitrari manna, en frá þessum degi skal ek aldri þín kona vera; ferr hún nú til Arnórs

<sup>1</sup>) skilmúngs, B; skytnings, C. <sup>2</sup>) bauðtr, E.



kerlingarnefs, ok kom aldri í sama sæng Arngrimi, ok mælti, áðr hún reið á brott: þat mun til bóta, at þú munt, Arngrímr! fá lifdaga eiga, þvíat þeir munu verri, er síðarr koma yfir þik, ok átti hana síðan Ásgrímr Elliðagrímsson. Þeir Arngrímr riðu til Espihóls, ok sögðu þórarni þessi tíðendi ok báðu hann ásjá, ok létust hvárki tilhafa vitsmuni nè vinsæld at sitja fyri Glúmi, en þórarinn var bæði vitr ok vinsæll. Hann segir, kveðst verkit litast íllt, ok lèzt ugga, at íllt mundi afstanda. Þorvaldr lét ekki tjóa at sakast um verkit, ok lèzt hyggja, at brátt mundi hann eiga um meiri vandræði at fæta, ef hann veitti þeim enga ásjá, létu vera mega, at fengist fulltíngsmenn, ef hann legði sín orð til. Þórarinn segir: þat er mitt ráð, at þið flytið hingat búin bæði af Grund ok Möðrufelli, ok söfnum at oss mönnum sem tíðast, ok komum saman búum várum, áðr Glúmr verði varr við. Þeir gera svá, áðr Glúmr spyr þetta; ok er hann fregnar, safnar hann liði, fara at þeim þegar; en engi urðu faung á, þvíat Esphælingar urðu fjölmennri, ok sátu um vetrinn um kyrt. En Glúmr varð aldri á þeim vetri (unninn); hann var svá varr um sik, at hann hittist aldri í þeirri rekkju, sem honum var búin; opt svaf hann litit um nætr, ok gengu þeir Márr ok ræddu um málaferli; eina nótt spurði Márr, hversu hann heildi sofit. Glúmr kvað visu:

Eigi sofna ek Ofnis  
ysheims í bæ þeima,  
munat eldviðum öldu



auðbætt við mik, sætan<sup>1</sup>;  
 áðr grindlogi göndllar  
 gellr í hattar-felli<sup>2</sup>,  
 opt vá ek mann of minna,  
 meirr nokkurum þeirra.

Nú skal segja þér draum minn: ek hugðumst  
 ganga hær or garði einnsaman ok slyppr, en  
 mæð þótti þórarinn ganga at móti mæð ok hafa  
 harðstein mikinn í hendi, ok þóttumst ek van-  
 búinn við fundi okkrum, ok er ek hugðag at, sá  
 ek annann harðstein hjá mæð, ok ræðumst ek í  
 mót; ok er við fundumst, þá vildi hvárr ljósta  
 annann, en steinarnir komu saman, ok varð af  
 brestr hárr. Márr spýrr: hvárt þótti þér heita  
 mega hibýla-brestr? Glúmr segir: meiri var  
 enn svá. Þótti þér heita mega héraðs-brestr?  
 Glúmr segir: vel er því tiljafnat, þvíat ek þótt-  
 umst vita, at heyrði um allt héraðit; ok er ek  
 vaknaða, kvað ek vísu:

Harðsteini lét húna<sup>3</sup>  
 harðgerðr<sup>4</sup> Limaljarðar,  
 [þat sá dóms<sup>5</sup> í draumi,  
 dynnjörðr mik barðan;  
 en ek þrádráttar þóttumst  
 þjósti keyrðr of<sup>6</sup> ljósta  
 sefar<sup>7</sup>-hrafns, í svefni  
 snarr, beinanda<sup>8</sup> steini.

Márr kvað þat líkligt, at sannast mundi forn-  
 kveðit mál, at hvárr ykkarr mun ljósta annann ill-  
 um steini, áðr létli. Glúmr segir: eigi er úvænt

1) sættan, B; sættum, C. 2) pélli, C. 3) húna, B. 4)  
 hiðgarðr, B. 5) þá sá dóm, B. 6) af, B. 7) sefar, B. 8) bein-  
 janda, C.



at slikt sè, berr nú margt fyrir; er enn annar draumr at segja þær: ek þóttumst úti staddir, ok sá ek konur 2, þær höfðu trog í milli sín, ok námu þær staðar á Hrisateigi ok jósu blóði um hëraðit allt, ok vaknaða ek síðan, ok hygg ek fyri tíðendum vera, ok kvað vísu:

Menstiklir sá mikla<sup>1</sup>,  
mun sverða-brak verða,  
komin er grárra geira,  
goðreið, af<sup>2</sup> tröð<sup>3</sup> kveðja;  
þar er ósynjur<sup>4</sup> jósu  
eggmóts of fjör<sup>5</sup> seggja,  
vinir fagna því vagna<sup>6</sup>,  
[vigmóðar fram<sup>7</sup> blóði.

Þann morgin fór Márr í Möðrufell með 18da mann at stefna Arngrimi um vígit, en Glúmr var heima við 6ta mann, ok bað þá skjótt heim koma. Jöðurr var heima hjá Glúmi ok Eyjólf, son Þorleifs ens háfa, Þorvaldr tasaldi, systurson Glúms, ok þrælar 2.

22. Helga, systir Glúms, er átt hafði Steingrímr í Siglúvik, var þá komin á Laugaland, hún var móðir Þorvalds tasalda, ok var hann þá 18 vetra. Þorvarð<sup>8</sup> hèt maðr, Örnólfsson ok son Ýngvildar, er kölluð var allra-systir, hann bjó í Kristnesi; Guðbrandr hèt son hans, 12 vetra gamall. Þorvarð<sup>8</sup> var vitr maðr ok var þá gamall, meðallagi góðgjarn; hann var snemma á fótum þann morgin, ok bað sveininn taka hesta,

<sup>1</sup>) miklu, B. <sup>2</sup>) of, C. <sup>3</sup>) trað, B. <sup>4</sup>) ásymr, B; ásynjur, C. <sup>5</sup>) för, B, C. <sup>6</sup>) vagni, B; vegna, C. <sup>7</sup>) vigmóðar färim, C. <sup>8</sup>) þannig leiddur; Þorvaldr, hër, tvisvar fyrst, A, en síðan jafnan Þorvarðr; Þorvaldr, vðarst B.



ok riða síðan til Þverár; ok er þeir komu þar, var Márr nýfarinn á brott. Glúmr fagnar vel þorvarði; hann spyr, hvárt nokkut væri leitat um sáttir milli manna; Glúmr kvað ekki þat vera. Þorvarðr segir: er tilbúit málit? Glúmr kvað þat eigi vera. Slíkr dagr væri vel tilfallinn, þoka er mikil, ok mun eigi verða vart við, ef menn fara hljóðliga. Síðan segir Glúmr hvar þá var komit, ok segir, at 6 menn einir voru heima. Þorvarðr segir: heldr ertu fámennr, en þetta ráð mun þó duga, er þú hefir haft. Nú ríðr þorvarðr til Espihóls, ok voru menn eigi upp-risnir, er þeir komu þar; hann hitti þórarinn, ok spyr: hverja meðferð ætli þèr at hafa, skulu þèr nokkura sætt bjóða Glúmi um vígsmálit? Þórarinn segir: vant ætlu vèr þat, at bjóða Glúmi sætt. Þorvarðr segir: hvárt er tilbúit vígsmálit? Þórarinn segir: ekki hefi ek tilspurt, eða hvað veiztu af? Hann segir: Márr fór í morgin með 18da mann í málatilbúnað, en Glúmr sat við setta mann heima, ok væri nú fullgóð faung á at rétta lut sinn, ok því tekst yðr litt, at þèr gerið eigi slík hvatræði sem Glúmr. Þórarinn segir: ekki nenni ek at búa tyllisakir hèr í móti. Þorvarðr segir: á þat er at lita, hvárt nokkr var sökin eða engi, áðr Steinólfr var drepinn, hefir hann eigi fíflt konu hans? víst ætla ek, at slík mál þiki eigi engis verð. Þórarinn segir: illt þiki mèr með slíku máli at fara. Hann segir: hvað er slíkt at tala? kom Glúmi fyr nokkut, er hann úhelgaði Sigmund, mág yðvarn, ok er nú ok einsætt at láta eigi svá auðvirdast<sup>1</sup>. Þórar-

<sup>1</sup>) ávirðast, C.



inn segir: eigi munda ek vita nema þat væri ráð. Síðan stóðu menn upp, ok eggjar Þorvaldr krókr at ríða til Uppsala ok stefna Steinólfi til óhelgi. Þórarinn segir: eigi er þat ráðligt, en þat munu vèr þó gera. Þeir urðu saman 15; 7 eru nefndir: Þórarinn ok Þorvaldr krókr, Ketill, son hans, Arngrímr ok Berserkr, ok Þórðr Rafnsson, er bjó at Stokkahlöðum ok átti Vigdís Þórisdóttur, er Sigmundur hafði átt fyrr, Eysteinn Austmaðr, hann var vistum með Þórði. Nú fóru þeir til Uppsala, en Þorvarðr fór á Aungulstaði, þar bjó góðr búandi, Halli enn digri, en sendi son sinn til Þverár, ok bað segja Glúmi fyrirætlan þeirra Esphælinga: en ríð til móts við mik síðan hvatliga. En er Þorvarðr kom á Aungulstaði, þá spurði Halli, hvat hann sagði tíðenda? Ekki enná<sup>1</sup>, sagði hann; síðan sagði hann Halla, hvar þá var komit; en Halli þóttist sjá at glikendum, at hann mundi þessu öllu á leið hafa komit, sagði, at slikir menn væri til mikils úfarnaðar, at hann vildi, at allir ætti illt saman: ok væri þat makligt, at þú værir drepinn. Halli fór skyndiliga með allá sína menn, þá er hann fèkk, karla ok konur, ok vildi gánga milli manna, ef þyrfti. Guðbrandr kom til Þverár, ok sagði, at faðir hans hafði hann þagat sendt, sagði honum tíðendin: ok læzt hann vera þess skyldr, at segja þer þat, er þik varðar, at Esphælingar ætla at stefna Steinólfi til úhelgi. Glúmr segir: hví kom faðir þinn eigi sjálr? Hann segir: ek kalla allt eitt, hvárr okkarr sem

<sup>1</sup>) neitt, B; nýrra, C.



fór. Glúmr segir: vel hefir faðir þinn gert, er hann sendi þik hingat, ef vèr þyrftim manna við; hann tók sveininn af baki ok fjötraði hest hans. Þá mælti Guðbrandr: Þat mælti faðir minn, at ek skylda skynda heim. Glúmr segir: ekki er þat, heldr vill faðir þinn, at þú sýnir vaskleik þinn í dag. Nú tekr þorvarðr til orða: seinn er Guðbrandr, son minn. Halli segir: hvert fór hann? Þorvarðr segir: ek senda hann til þverár. Halli segir: þat er vel, at þú hittir fyrir nokkura brögðótta, ok er þetta hæf-ilig. Esphælingar riðu yfir ána, sá Glúmr för þeirra, ok ætluðu yfir at Knarrarvaði. Þá mælti Glúmr, at Márr væri heldr til seinn. Síðan rann Glúmr or garði eptir þeim, ok þeir með honum, sem til voru, 6 karlar með Guðbrandi. Glúmr hafði skjöld sinn ok höggspjót, gyrðr sverði, rennr á leiðina fyri þá, ok menn hans eptir honum. Ok er þórarinn sá ferð hans, biðr hann, at þeir riði leið sína, ok hvárki skjótara nè seinna: ok má oss eigi um þat hallmæla. Þórðr Hrafnsson spurði þórarinn, hvárt þeir skyldi eltast láta með 20asta<sup>1)</sup> mann undan Glúmi, þótt hann sè með setta mann? Þórarinn segir: riðum! Þvíat Glúmr vill dvelja oss ok biða svá sinna manna. Þórðr segir: þvi er eigi kynligt, at vèr berim opt lágan hlut fyri Glúmi, þá er hann stendr jafnt at vígi sem þèr, þarsem þèr þorið nú eigi at biða hans, er hann hefir fá menn, enda skal hann eigi mik elta, ok steig af baki. Eysteinn berserkr<sup>2)</sup> segir, at hann vill eigi undan

<sup>1)</sup> 15da, B. <sup>2)</sup> Aultmaðr, C.



riða: ok kalli þeir, at þeir elti oss. Þórarinn segir: þat sýnist mér úráðligt. En er Glúmr sá, at þeir fóru eigi, þá fór hann seinna, ok kastaði orðum á Þórarinn, ok spurði, hvert erendi þeirra væri til Uppsala. Þórarinn segir, at þeir höfðu stefut Steinólfi til óhelgi. Þá mælti Glúmr: er eigi því mjök til kapps haldit? skulu eigi boð koma fyrir, ok mættim vèr ráða um nokkut, at málit gengist? Þórarinn sá, at Glúmr vildi dvelja þá, ok bað menn riða, ok þeir gerðu svá. Glúmr spurði: við hokið þèr enn? þeir fóru undan, ok því seinna sem þeir fóru, (því) seinna fór Glúmr ok beið manna sinna, ok mælti: eigi mun vinsælt verða málit, ef þèr hafið lognar sakir uppi, ok verðr þá svivirðing í. Ekki mun nú farit at því, erfitt verðr við þik at eiga. Glúmr komst hjá þeim fram, ok talar svá við þá, en þeir riðu, ok dvaldi svá; en er hann sá, at ekki mátti dvelja þá, en veit von sinna manna, þá skaut hann spjóti til Arngríms, ok kom í gegnum háða söðulbogana ok lærit, ok var Arngrím illa vígr um daginn. Síðan hljóp Eysteinn fyrstr manna at Glúmi, en Þorvaldr talsaldi í mót honum, ok lækust þeir 2 við, ok þóttust þeir balt hafa, er first voru þeirra samgangi, ok var hvárrtveggi þeirra fullhugi ok rammr at asli, veitti stór högg ok mörg hvárr þeirra öðrum. Þorvaldr krókr sótti fast at Glúmi ok margir með honum; en Glúmr hopaði undan ok þeir menn, er honum fylgdu, ok hlífðu sér; en Þórarinn steig eigi af baki, ok þótti honum þó ærit margir um einn.



23. Sá maðr kom athlaupandi þar, er þeir börðust, er var í skinnkufli ok hafði sverð í hendi; hann kom at þar, er Þorvaldr tasaldi féll fyrir Eysteini, ok þegar hleypr hann at Eysteini, ok höggv hann banahögg; síðan fór hann í lið með Glúmi, ok þá mælti Glúmr þetta: kom heill, þú þundarbenda! gott kaup var þat, er ek keypta þik, þú munt nú vel gjalda verð þitt í dag. Glúmr átti þræl þann, er svá hét, því mælti hann þetta, en þar var þó raunar Vigfúss, son hans, ok kendu hann fáir eða engvir, nema Glúmr, þvíat hann hafði þá 3 vetr verit í sekt ok í leyndum, ok ætluðu flestir, at hann væri utan farinn. Svá barr at, er Glúmr hopaði, at hann lá failinn, en þrælar hans báðir lögðust á hann ofan, ok voru þar stangaðir spjótum til bana; en þá kom Márr at í því með sína menn. Þá fór Þórarinn af baki, ok börðust þeir Márr, svá at aungvir áttu hlut í með þeim. En Glúmr spratt upp ok barðist þá frýjulaust, ok var þá liðsmunr engi. Eiríkr hét húskarl Þórarins, hann var at verki sínu um morguninn, hann hafði enga hlíf nè vápn; hann fær sèr trèlurk í hönd, ok fór til fulltings við Þórarinn, ok varð Glúmi ít mesta ólið at honum, þvíat menn ok hlifar meiddust fyri trè því, er hann hatði at vega með. Þess er getit, at Haldóra, kona Glúms, kvaddi komur með sèr: ok skulum vèr binda sár þeirra manna, er lifvænir eru, or hvárra liði sem eru; en er hún kom at, þá féll Þórarinn fyri Mávi, ok var ösclin höggin frá, svá at lúngun fèllu út í sárit; en Haldóra batt um sár hans, ok sat yfir



honum til þess, er lokit var bardaganum. Halli enn digri kom fyrstr til meðalgaungu ok margt manna með honum, ok lauk svá bardaga, at 5 menn voru fallnir af Esphælingum: Þorvaldr krókr ok Arngrímur, Eysteinn ok Eiríkr, ok Eyvindr Austmaðr. En af Glúni var fallinn Þorvaldr tasaldi ok Eyjólfir Rölleifsson, ok Jöður ok Þrælar 2. Þóræinn fór heim með förunautum sínum. Glúmr fór ok heim með sína menn, ok lét færa ena dauðu í úthýsi eitt, ok var búit um Þorvald virðuligast, þvíat klæði voru borin undir hann, ok var hann rifaðr í húð. En er menn voru heimkomnir, þá mælti Glúmr við Haldóru: för vár mundi hafa orðit góð í dag, ef þú hefðir heima verit, ok hefði Þórarinngi eigi lífs brott komizt. Hún segir, at Þórarni væri litil von lífs: en þó muntu eiga skamma stund herraðvært, þótt hann lífi, en ef hann deyr, muntu eiga aldre landvært. Síðan mælti Glúmr við Guðbrand: þú hefir mikillar frægðar aflat þer í dag, er þú lagðir at jörðu Þorvald krók, ok mikit lið veittir þú oss í dag. Hann segir, ok kvað ekki á þá leið verit hafa, enda varit hendr sínar. Glúmr segir: sá ek glögggt, hvat tíðt var: barn at aldri, en vegit slíka hetju, sem Þorvaldr var, ok muntu verða frægr af þessu verki; af því fékk ek sóma utanlendis, er ek vá berserkinn. Hann segir: ekki hefi ek Þorvald vegit. Glúmr segir: eigi er at dylja þessa, vinr! þú veittir honum banasárit, first þú eigi gæfu þína! Til þess þrætti hann við Guðbrand, at hann trúði ok gekk við, ok þótti virðing at; hann mátti ok eigi



dylja, at eigi væri þetta fyri satt haft; ok þá var honum á hendr lýst víginu, ok þótti þá minni slægja í, enn þeir ætluðu, er keyru þorvald til eptirmáls. Þat segja menn, at Glúmr mælti: þat þiki mér illa, er Márr lætr binda um, þóat hnekkistikill sé gjörr í höfði honum; þat kallaði hann svá, er í kross var sprúngit. Márr segir: ek munda þess minnr þurfa, ef ek legðumst niðr ok hefðag þræla mína at skildi. Þá mælti Glúmr: harðslægr var Hrisateigr nú í dag, sveinar! sagði hann. Márr segir: fyri þat mun þér gánga, sem harðslægr hafi verit, þviat nú muntu þverárland hafa slegit<sup>1)</sup> or hendi þér. Glúmr segir: þat ætla ek, at þú vitir þat ógjörla. Márr segir: vera má, at vita eigi, fyri þat mun þér gánga, sem ek vita. En er Helga spurði tíðendin, systir Glúms, þá fór hún til þverár, ok spurði, hversu sonr hennar hefði framgengit. Glúmr segir: eigi fèkk hraustara mann. Þá mælti hún: sjá vilda ek hann dauðan, ef eigi eru önnur faung á; þat var henni veitt, ok lét hún hefja hann í vagn, ok búa hógliga um; ok er hún kom heim, fægði hún sár hans ok batt síðan, ok kom svá ráði hans, at hann mælti við menn. Þat voru lög þar, at menn fèllu jammargir, at þat skyldi kalla jamveggit, þótt mannamunr þætti vera, en þeir, er ávíga urðu, skyldu kjósa mann til, eptir hvern mæla skyldi; en þótt nokkut kynni þat í málum at gerast síðarr, er betra þætti, at hafa annann veg kosit, þá skyldi eigi skipta keyrinu. En er þórarinn spurði, at þorvaldr tas-

<sup>1)</sup> hlegit, rángt A.



aldi var lífs, þá kaus hann þorvald krók, bróður sinn, til eptirmáls; en litlu síðarr spurði hann þat, at Guðbrandi var eignat þat vígit, ok vildi hann þá heldr hafa annann tilkosit, en þó varð nú þessu fram at halda, sem fyrr var kosit. Þeir hitta nú Einar Eyjólfsson; lætr þórarinnu, at nú muni hann taka til þeirra mála, er þeir höfðu með sèr talat. Hann segir: slikt er mèr í hug þar, sem fyrr, at Bárðr var veginn. Tók nú Einarr málit til meðferðar á þingi um sumarit, ok sótti Glúm. Þórarinn lá í sárum allt sumarit, ok svá þorvaldr tasaldi, ok urðu báðir græddir. Glúmr hafði mikinn liðsafla á þinginu, ok svá hváirtveggju. Var nú leitat um sættir af göfgum frændum hvárratveggju, ok varð þat at sættum, at hæta skyldi víg Steinólfs svá, at fram væri færð sýkna Vigfúss Glúmssonar. En Guðbrandr var sekr um víg þorvalds, ok kom Glúmr honum utan, ok fóru við svá búit heim, ok undu þeir þorvarðr ok þórarinn illa við, ok þóttist þórarinn enga sæmd hafa fyri víg þorvalds, bróður síns; sat nú Glúmr í virðingu. Um vetrinn eptir kom upp vísa, er Glúmr hafði þá nýort:

Virkis spyrr at verkum  
 [vínshirðis-sif<sup>1</sup> mínum,  
 erat [at manna máli<sup>2</sup>  
 morð voru þau<sup>3</sup> forðum;  
 liggir þeim, er hrafn of huggar<sup>4</sup>  
 hörveig<sup>5</sup>, talit gerva;

1) vinkirðir sízt, B. 2) á manna móti, B. 3) sögð, B.  
 4) hyggju, B. 5) herveig, C.



[munat svá málin láta  
myrk, at sem fæst um yrkjum<sup>1</sup>.

24. Einn dag, er menn voru at Hrafnagils-laugu, kom Þar Þorvarðr, hann var gleðinn þr mikill, ok hendi at mörgu gaman; hann mælti: hvat er komit þeirra manna, er skemta kunni nýjum fræðum? Þeir segja: Þar er skemtun öll ok gaman, er þú ert. Hann segir: ekki þiki mēr nú meira gaman, enn kveða vísur Glúms, en Þar hygg ek at, hvat honum þikir vantalit í einni vísu, at hann mundi skorta á um vígin; hvat skulum vēr ætla, hvert þat muni vera, eða hvárt er líkara, at Guðbrandr muni vegit hafa Þorvald, eða Glúmr? Þetta þikir mörgum áráðiligt. Hann reið nú á fund Þórarins, ok mælti: hugleidd hefi ek nokkut, ok sýnist mēr sem eigi muni it sanna uppi um víg Þorvalds króks, þviat hittast mun í kveðskap Glúms, at nokkut þikir honum vantalit vera um vígin. Þórarinn segir: varla kann ek nú upp at taka málit öðru sinni, þótt þetta væri satt, mun nú vera kyrt. Þat er óráðligt, ok þó mætti kyrt vera, ef eigi hefði um verit grafit, en nú mun ek bera upp fyri menn, ok munu þær svivirðing af fá, svá at engi mun önnur meiri orðit hafa. Þórarinn segir: óhógligt lizt mēr málit at slytja til alþingis við frænda-afla Glúms. Þorvarðr segir: Þar kann ek ráð til leggja: stefn honum til Hegranessþings, þar áttu frænda-afla, ok mun þat tor-sótt at verja málit. Þórarinn segir: þat ráð

<sup>1</sup>) v. i A, C; tekis úr B



mun haft verða; skiljast at því. Nú vârar illa, ok verðr torsótt allt at fá. Um vârit bjó þórarinn mál á hönd Glúmi til Hegranessþings, þvíat allir samþingisgoðar, þeir er því þingi áttu at halda, voru bundnir í nauðleytum við þórarinn, en hestum mátti trauðt koma yfir heiðar fyri snjó. Glúmr tók þat til ráðs, at hann fèkk byrðing einn mikinn í hönd þorsteini, bróður sínum, ok skal hann halda vestrfyri ok koma til þings með herklæði ok vistir; en er þeir koma fyrir Úlfsdali, þá brutu þeir skipit í spón, ok týndist þar allsaman, menn ok fjárlutr. Glúmr gekk til þings með hundrað manna, ok náði eigi nærr at tjalda enn í fjörbaugsgarði; þar var kominn Einar Eyjólfsson með þeim Esphælingum; voru Glúmi send orð, at hann skyldi tilfara ok færa fram lögvörn fyri sik. Nú gengr Glúmr, en eigi var meira rúm gefit, enn einn maðr mátti gánga, en þar var fylkt liði tveim megin hjá, en Glúmi var boðit at gánga í kviarnar, ef hann vildi til dómsins; en þat sýndist honum óráðligt, ok mælti til sinna manna: auðsætt er nú þat, at þeir þikjast í hendi hafa vârt ráð, má ok vera at svâ sè; nú vil ek þó, at þèr snúid aptr, mun ek gánga fyrstr, en þá 2 nærst mèr jamfram, [en þeim 4 jamfram', ok skulum vèr renna at ok hafa spjótin fyrir oss, ok mun klambrarveggrinn gánga, ef fast er fylgt. Þeir gerðu svâ, ok runnu at í einu skeiði í dómhringinn, ok var lengi nætr, áðr þeim varð bægt frá í brott, ok gerðist þar svâ mikil þraung ok

1) v. í B, C.



föst, ok varð þat um síðir, at dómrinn var settr í annat sinn. Ok er þeir tóku at reifa málit, þá gengr Glúmr í þingbrekku, ok nefnir vátta, at sól væri þá komin á þingvöll; síðan varði hann mönnun í dóm lýriti at dæma um sakarnar, ok varð þar niðr at falla hvert mál, sem þá var komit; riða menn í brott, ok undu Esphælingar stórilla við, kallar þórarinn hann hrakligt gert hafa fyri þeim. Einarr segir: eigi lizt mér svá stórljótt sem þær, þviat þar (er) til máls at taka, sem frá var horfit. Síðan riða þeir til alþingis Esphælingar með Einari ok margir vinir þeirra, er þeim höfðu heitit liðveizlu í móti Glúmi. Frændr Glúms veita honum at málum til rættra laga, ok er þat af gjört með vitra manna ráði, ef Glúmr vill vinna eið fyri málit, at eigi vægi hann þorvall krók. Ok er margir áttu hlut í, þá sættust þeir at því, at Glúmr skyldi vinna eið, at hann hefði eigi vegit þorvald krók, ok var ákveðit nær eiðrinn skyldi unninn vera, um haustit at 5 vikum, ok er nú svá ríkt fylgt málinu, at þeir skyli fram hafa málit, eða hann vinni eiða í þremr hofum í Eyjafirði, ok eiðfall, ef þá kemr eigi fram. Margrædt var um þetta mál, hversu eiðar Glúms myndi vera eða framfara.

25. Nú riða menn heim af þingi, ok er Glúmr heima um sumarit, ok er kyrt allt í héraðinu; liðr til leiðar, ok riða menn til leiðar, en af leið hvarf Glúmr, svá at ekki spurðist til hans. Márr sat heima í húnu. En um haustit at 5 vikum, þá bauð Márr mönnum, ok var þar stofu-



at brullaup, ok komu þar eigi færri menn til boðs enn hundrað; öllum þótti kynligt boð þetta, þvíat þeir voru lítills verðir, er í hlut áttu. Þar sá menn þann aptan, at or dölum öllum Eyjafjarðar riðu 2 menn saman eða 5, ok safnaðist saman liðit, er ofan kom í héraðit, ok var þar kominn Glúmr ok Ásgrímr ok Gizorr með 3 hundruð manna, ok komu heim um nóttina ok sátu þar at boði. En um morgininn eptir, sendi Glúmr eptir þórarni, ok bað hann koma í Djúpadal, eigi síðarr enn at miðjum morgni, at heyra eiðana. Þórarinn veikst við, ok fékk hundrað manna. En er þeir komu til hofsins, þá gengu 6 menn í hofit með Glúmi, Gizorr ok Ásgrímr, en með þórarni, Einarr ok Hlenni enn gamli. Sá maðr, er hofseið skyldi vinna, tók silfrbaug í hönd sér, þann er roðinn var í nauts blóði þess, er til blóta væri haft, ok skyldi eigi minna standa enn 3 aura. Þá kvað Glúmr svá at orði: at ek nefni Ásgrím í vetti, amann Gizorr í þat vetti, at ek vinn hofseið at haugi, ok segi ek þat Æsi, at ek vark-at þar, ok vák-at þar, ok rauðk-at þar odd ok egg, er þorvaldr krókr fékk bana; líti nú á eið, þeir er speki-menn eru ok við eru staddir! Þeir þórarinn urðu eigi búnir at lasta, en kvaðust eigi fyrri þann veg heyrt hafa at orði kveðit. Með slíku móti voru eiðar unnir í Gnúpafelli ok svá at þverá. Þeir Gizorr ok Ásgrímr voru nokkurar nær at þverá, ok at skiluaði gaf Glúmr Gizori feldinn blá, en Ásgrími spjótit gullrekna, ok skildust ymir. Um vetrinn hittust þeir þorvarðr ok



Þórarinn, ok spurði Þorvarðr: vann Glúmr vel eiðinn? Þórarinn segir: ekki fundu vèr at. Hann segir: undarliga verðr slíkt um vitra menn, er svá missýnist! Þat hefi ek vitat, at menn hafa lýst vígum á hendr sèr, en hitt hefi ek eigi vitat eða heyrt, at menn hafi svarit um þat sjálfir, at þeir hafi vegit menn, sem Glúmr hefir gert, eða hversu mátti hann meirr atkveða, enn segja, at hann vægi þar at, ok væri þar at, ok ryði þar at odd ok egg, er Þorvaldr krókr fell á Hrisateigi, þótt hann leiddi eigi svá, sem tíðast er, ok mun sjá sneypa jafnan uppi síðan. Þórarinn segir: ekki hefi ek fundit þetta, enda mæðumst ek á at eiga við Glúm. Hann segir: ef þú þikist mæðast, sakir vanheilsu, þá láttu Einar taka enn málit, hann er vitr ok kynstórr, munu honum margir fylgja, eigi sitr Guðmundr hjá, bróðir hans, ok er sá hlutrinn, at hann er gjarnastr til, ef hann kemst at Þverá. Eptir þetta hittast þeir Einarr ok bera ráð sín saman, ok mælti Þórarinn: ef þú vill fyri málinu vera, munu margir þèr veita, munu vèr þat ok tilvinna, at kaupa þèr landit eigi meira verði enn Glúmr keypti at þorkatli háfa. Einarr segir: Glúmr hefir nú lógat þeim lutum, feldi ok spjóti, er Vigfúss, móðurfaðir hans, gaf honum, ok bað hann eiga, ef hann vildi halda virðingu sinni, en kvað þaðanfrá þverra mundu; nú mun ek taka við málinu ok fylgja.

26. Nú býr Einarr til vígsmálit af nýju til alþingis, ok fjölmenna hvárrtveggju. En áðr



Glúmr riði heiman, dreymdi hann, at margir menn væri komnir þar til þverár at hitta Frey, ok þóttist hann sjá margt manna á eyrunum við ána, en Freyr sat á stóli. Hann þóttist spyrja, hverir þar væri komnir. Þeir segja: Þetta eru frændr þínir framliðnir, ok þiðjum vèr nú Frey, at þú sèr eigi á brott færðr af þverár-landi, ok tjóar ekki, ok svarar Freyr stutt ok reiðuliga, ok minnist nú á uxa-gjöf þorkels ens háfa. Hann vaknaði, ok læzt Glúmr verr vera við Frey alla tíma síðan. Ríða menn til þings, ok verða þau málalok, at Glúmr gengr við viginu; en í því áttu hlut vinir hans ok frændr, at heldr skyldi sættast, enn sekt kæmi á eða utanferð; ok sættust þeir á þingi at því, at Glúmr galdt þverár-land, hálf Katli, syni þorvalls króks, í föðurbætr, en seldi hálf við verði, ok skyldi þó búa á þau missari, ok varð héraðssekr, ok búaeiginærr, enn í Hörgárdal; fóru síðan af þingi; síðan keypti Einarr landit, sem honum var heitit. Menn Einars komu þagat um várit at vinna landit, ok mælti Einarr, at þeir skyldi segja honum hvert orð þat, er Glúmr mælti. Einn dag kom Glúmr at máli við þá, ok segir svá: auðsætt er þat, at Einarr hefir vel sèr fengit verkmenn, ok er vel unnit á landinu; nú skiptir miklu, at sínátt ok stórt sè tilhent: nú skulu þèr hèr reisa við ána vaðmeið, ok er konum hægt til þvátar at hreinsa stórföt, en heimabrunnar eru vándir. Nú koma þeir heim, ok spyr Einarr, hvat þeir Glúmr mæltist við. Þeir segja, hve hugkvæmr hann var at öllu, at unnit væri. Hann segir:



Þótti yðr þat vera, at hann vildi vel búa í hendr mèt? Þeir segja: svá þikirk okkr. Einarr segir: annann veg lizt mèt: þat hygg ek, at við þann meid festi hann ykk upp, en ætli at reisa mèt nið; nú skulu þer eigi fara þó. Einarr færði þagat bú sitt um vârit, en Glúmr sat þar til ens efsta fardags; en er menn voru í brott búnir, þá settist Glúmr í öndvegi, ok gerði eigi á brott gânga, þótt at honum væri kallat; hann lætr tjalda skálann, ok vill eigi svá skiljast við landit sem kotkarlar. Hallbera, dóttir þórodds Hjálmssonar, var móðir Guðmundar ok Einars, hún bjó þá at Hanakambi; hún kom til þverár, ok kvaddi Glúm, ok mælti: sittu heill, Glúmr! en ekki er hær nú lengr at vera, komit hefi ek nú eldi á þverárland, ok geri ek þik nú á brott með allt þitt, ok er helgat landit Einari, syni mínum. Glúmr reis upp þá, ok mælti, at hún skyldi gleipa<sup>1</sup> kerlinga örmust; en þó reið Glúmr þá í brott, ok varð litit um öxl til bæjarins, ok kvað visu:

Rudda<sup>2</sup> ek sem jarlar<sup>3</sup>,  
 orð læk á því forðum,  
 með veðrstöfum Viðris  
 Vandils<sup>4</sup> mèt til handa;  
 nú hefi ek Valþögnis vegna  
 varrar<sup>5</sup> skiðs<sup>6</sup> um síðir  
 breiða jörð með börðum<sup>7</sup>,  
 bendist<sup>8</sup> mèt, or hendi.

1) fleipra, B. 2) rulla, C. 3) æddi, B. 4) vandar, B; vendist, C. 5) varar, C. 6) skeiðs, B. 7) harða, B; börðum, C. 8) bondíz, A; henda, B.



Glúmr bjó á Möðruvöllum í Hörgárdal við Þorgrím fjúk, ok undi því eigi lengr enn einn vetr; þá bjó hann 2 vetr í Myrkárdal, þá hljóp þar skriða nærr bænum, svá at tók sum húsin; þá kvað Glúmr vísu:

[Mál er mun-at enn sælu<sup>1</sup>  
menbrjótandi hljóta,  
oss kom breiðr í búðir  
höggr af einu höggi;  
þá er [fley-marar<sup>2</sup> fjóra<sup>3</sup>  
fullkátir vèr sátum,  
nú er, mógrunnir<sup>4</sup>, minna<sup>5</sup>  
mitt<sup>6</sup> sex tigu vetra.

Þá keypti Glúmr land at Þverbrekku í Öxnadal, ok bjó þar, meðan hann lifði, ok varð gamall ok sjónlauss.

27. Narfi hét maðr, er bjó í Hrísey, hann hafði átt Úlfeiði, dóttur Ingjalds Helgasonar hins magra; þeirra synir voru þeir Eyjólftr ok Klængr, Þorbrandr ok Þorvaldr; allir voru þeir mikilhæfir menn, frændr Glúms; þeir Klængr ok Eyjólftr bjuggu eptir föður sinn í Hrísey. Sá maðr bjó í Haga, er Þorvaldr hét, ok var kallaðr menni, ok átti dóttur Þórðar Hrafnssonar frá Stokkahlöðu, er Helga hét. Eitt vár kom Þorvaldr or Haga við Hrísey á byrðingi, ok ætlaði at halda til fengjar, ok er Klængr varð varr við, ræðst hann til ferðar með honum; en er þeir komu út or firðinum, fundu þeir reyði nýdauða,

<sup>1</sup>) mál er, v. 1 A; tekið úr B; munat hefi ek mestu sælu, C. <sup>2</sup>) fleyvara, B; fley marir, C. <sup>3</sup>) fjórir, C. <sup>4</sup>) mögrunnir, B; mögrunar, C. <sup>5</sup>) meira, C. <sup>6</sup>) mett, B.



keyrðu í festar, ok sigldu með inn eptir firðin-  
um um daginn; vildi Klængr flytja til Hríseyj-  
ar, þvíat þat var skemra enn í Haga, en Þorvaldr  
vildi til Haga flytja, ok lét þat jamrètt. Klængr  
segir, at eigi sè þat lög at flytja eigi þagat, er  
nærst eigu flutningarmenn land. Þorvaldr kveðst  
hafa rètt at mæla, ok lét þá frændr Glúms ekki  
þurfa at ganga á rèttan hlut við þá: ok hvat sem  
lög eru, þá munu enir ríkari nú ráða. Þor-  
valdr var fjölmennari því sinni, ok tóku þeir  
af Klængi rekaldit nauðgum, en hvárttveggi þeirra  
var landegandi. Klængr fór heim, ok undi illa  
við. Þorvaldr ok þeir hlögu at þeim Klængi,  
ok töldu, at þeir treysti eigi á at halda. Einn  
morgin reis Klængr snemma upp, ok fór við 4ða  
mann inn í Haga, kom þar snemma, svá er menn  
voru í svefni. Þá mælti Klængr: ráðs skulum  
vèr nú leita: hèr eru naut hjá garði, ok skulu  
vèr þau reka á húsinn, þar sem Þorvaldr hvilir  
undir, ok teygjum hann svá út. Þeir gerðu  
svá, ok vaknar Þorvaldr ok hleypr út; Klængr  
hleypr at honum, ok veitti honum banasár,  
fór brátt síðan, ok treystist eigi þar at lýsa víg-  
inu, þvíat þar var fyrri mannmargt, fór heim  
út til eyjar, ok lýsti þar víginu. Nú eigu  
eptirmálit þórarinn ok þórðr, þeir kölluðu morð  
verit hafa. Ok er þessi mál komu til þings, sat  
Glúmr heima, en um þingit fór hann út í Fljót  
ok í Svarfaðardal, ok bað liðs til fèranslóms,  
ok þó bað hann leyna þessi fyrirætlan. Klaufi  
at Barði segir: vist viljum vèr veita Glúmi lið;



hann átti Haldóru, dóttur Arnórs rauðkiens, ok margir hētu aðrir Glúmi sínu liði. Nú fór Glúmr heim. Mál fóru fram á þingi; en eptir þingit búast þeir til fêransdóms, ok höfðu 4 skip ok 30 manna á hverju skipi, ok ræðu þeir Einarr ok Þórarinn ok Þórðr fyrri skipunum, ok komu innan at eyjunni í nætrelding, ok sá reyk yfir húsunum, ok spurði Einarr, hvárt þeim sýndist svá sem honum, at reykriinn væri eigi allblárr. Þeir sögðu, at þeim sýndist svá. Einarr sagði: svá lizt mër á reykinn, sem fjölmennt muni vera í húsunum, ok mun af mönnum leggja reykinn; en æf þat er, þá munu vèr gera raun til, ok róa undan eyjunni þjóðsýnliga, ok munu vèr þá visir verða, ef fjölmenni er í eyjunni; ok svá gerðu þeir. En er eyjarmenn sá þetta, þá hljópu þeir út ok til skipanna, ok lögðu eptir þeim, ok var Glúmr þar kominn með 2 hundruð manna, ok eltu þá inn allt at Oddaeyri, ok varð eigi háinn fêransdómriinn, ok fengu þeir af úvirðing Eyfirðingar. Sitr Glúmr um sumarit í búi sínu; hann átti ok at helga haustþing, en þingstöðin er fyrir austan fjörðinn, skamt frá Kaup-áangi, ok fjölmenntu Eyfirðingar mjök, en Glúmr hafði 30 eina manna. Margir töluðu við Glúm, at haun skyldi eigi fámennr fara. Hann segir: lifat mun nú it fegrsta, en við þat uni ek, at ekki hafa þeir eltan mik svá, at eigi færa ek rættleiðis. Glúmr fór á skipi inn eptir firði, ok gekk á land ok til búða; en þar eru melar brattir ok lausgrýttir á milli fjarðarins ok búð-



anna. En er Glúmr kom gagnvert búð þeirri, er Einarr átti, þá hlupu menn frá búðunum, ok báru skjöldu at þeim, ok hrundu þeim af melunum, ok fèll Glúmr ok veltist með skjöld sinn á eyrina ofan, ok varð ekki sárr, en 3 spjót hafði fezt í skildi hans. Þorvaldr tasaldi var þá kominn at landi, ok sá, at Glúmi horfði þá úvænt, ok hljóp svá á land, at hann tók ár í hönd sèr, ok rann í melinn upp, ok skaut árinni til Guðmundar ríka, ok kom á skjöldinn, ok gekk hann í sundr, ok kom árar-hluttrinn<sup>1</sup> fyri brjóst honum, ok fèll hann í óvit, ok var borinn í fjórum skautum til búðar. Síðan eggjuðu hvárir aðra atgaungu, ok skutust á, ok hörðust grjóti, ok varð hörð hrið, ok urðu margir sárir, ok allir sögðu á eina lund, at eigi mætti fáir menn vaskligarr verjast, enn þeir Glúmr. Þeir Einarr sóttu at fast. Þá gengu menn í milli, ok lauk svá, at 2 menn fèllu af Glúmi: Klængr Narfason ok Grímr Eyyrarleggr, bróðir Haldóru, konu Glúms. Þá kvað Brúsi Hallason vísu þessa:

Höfum vèr<sup>2</sup> af vígum,  
 veit ek orð á því, borða-  
 stóðs<sup>3</sup> við stýrimeiða<sup>4</sup>,  
 stafngöndul! lut jafnan;  
 þó hykk [fur-viðu<sup>5</sup> fóru  
 fleygarðs<sup>6</sup>, enn mik varði,  
 beiði hlökk! fyri brekku,  
 blikis, harðara miklu.

<sup>1</sup>) hlunnrinn, B. <sup>2</sup>) veg, b. v. B. <sup>3</sup>) staðs, B. <sup>4</sup>) meiði, B. <sup>5</sup>) forviðu, C. <sup>6</sup>) fleygarð, C.



Einarr kvað vísu:

Þraungvir<sup>1</sup> varð á þingi  
 Þremjalinns<sup>2</sup> at rinna<sup>3</sup>,  
 varat í ála-èli  
 auðlattr, fyri mel brattan;  
 Þá er marstèttar máttið  
 Mæfils við þröm sæfar  
 geiranjótr<sup>4</sup> á grjóti  
 Gestils klauf of festa.

Þá kvað Glúmr vísu í móti:

Lattist herra með hættu<sup>5</sup>  
 Hángatýss at gánga,  
 Þó tjáir þeim at hætta  
 Þekkiligt fyri brekku,  
 Þá er dynfúsar dísir  
 dreyra-svells á eyri,  
 breið óx brögnum mæða,  
 blóðs skjaldaðir<sup>6</sup> stóðum.

Svá var sett málum, at í faðma fèlst víg Klængs ok Þorvalds or Haga; þat var ok jafut látit, víg Gríms Eyyrarleggs ok áverki við Græðmund, ok undi Glúmr illa við málalok, sem hann kvað í vísu þeirri, er hann orti síðan:

Íllt er á jörð of orðit,  
 aldr bölnar mjök skáldi,  
 liðit er mest it meira  
 mitt líf Hèðins drifu;  
 er óvegins<sup>7</sup> eigi  
 Eyyrarleggs fyri seggjum

<sup>1</sup>) Þraungvat, B. <sup>2</sup>) Þremmalins, B. <sup>3</sup>) reina, C. <sup>4</sup>) geiramót, B. <sup>5</sup>) þ. e. hettu; höttu, B, C. <sup>6</sup>) skuldaðir, B. <sup>7</sup>) úvegnis, B.



Gríms í göndlar flaumi  
Gefnar má ek of hefna.

28. Þat var eitt sumar, er þeir riðu af þingi bræðr, Guðmundr ok Einarr, at Glúmr bauð mönnum til sín, ok sendi menn upp til Öxnadalsheiðar at bjóða þeim bræðrum heim, ok læt vilja, at nú sættist þeir heilum sáttum: þvíat ek em nú fyrir elli sökum til engis færr, ok mun ek þeim eigi til matar eins bjóða. Glúmr var þá sjónlauss; hann lét vörð halda á um ferð þeirra. Guðmundr vildi þiggja boðit, en Einarr vildi eigi, ok reið sínum megin ár hvárr þeirra; var Glúmi sagt, at annar flokkrinn reið þángat. Þá mun Einarr eigi vilja þiggja boðit, hann er svá tortryggr, at hann trúir engum manni. Þat er sagt, at Einarr kallaði á Guðmund, ok mælti: Þar mun ek koma á morgin, ef þú kemr í kveld; en Guðmundr huxaði þat, er hann mælti: Þá mun þat ætlan þín, at þú eigir at mæla eptir mik; snýr hann nú eptir Einari. Þetta er sagt Glúmi, at hvárgi snýr þagat. Þat er illa þá, kvað Glúmr, þvíat þat hafða ek ætlat, ef ek gengja móti þeim, at ek skylda eigi heggja missa; hann hafði sax brugðit undir skikkju; ok voru þau lok viðskipta þeirra Glúms ok Eyfirðinga. En þá er kristni kom út húngat, tók Glúmr skírn, ok lifði 3 vetr síðan, ok var biskupaðr í banasótt af Kol biskupi, ok andaðist í hvítaváðum. Þá bjó Márr Glúmsson í Fornhaga, ok hafði þar látit kirkju gera, ok var Glúmr þar jarðaðr, ok svá Márr, þá er hann



andaðist, ok margt annarra manna, þvíat lánga hrið var engi kirkja í Hörgárdal, nema sú ein. Þat er (mál) manna, at Glúmr hafi verit 20 vetr mestr höfðingi í Eyjafirði, en aðra 20 vetr engvir meiri enn til jams við hann; þat er ok mál manna, at Glúmr hafi verit bezt um sik allra vígra manna, hær á landi. Ok lýkr þar sögu Glúms.

---



## REGISTR

yfir öll manna ok þjóða nöfn, o. s. frv., sem  
finnast í þessu bindi.

- A**kraskeggi, *s/d*: Þórir Akra-  
kall.  
Akraþórir, *s/d*: Þórir Akrakall.  
Álfdis Koðránsd., k. Bruna,  
63, 66.  
Álfhildr, 304.  
Álfr úr Dölum, 93.  
Álrekr, faðir Ljótólfs goða,  
197.  
Arnginnur Þorgrimss., 363,  
371-82.  
Arnórr, 3, 5-13.  
— kerlingarnef, 99, 304,  
360, 371-74.  
— randinnur Steinólfs.,  
350-53, 372, 394.  
— smiðr, 313.  
— Þorgrimss., 282, 87-88,  
302-9, 316.  
Arnþrúdr (líkl. sú sama sem  
Herþrúdr) Gizrsd., 352.  
Arnsteinn, 10, 13.  
Ásbjörn, frændi Þorlaugar,  
307-9.  
Ásgautr berserkr, 331-33.  
Ásgeirr rauðfeldr, 139, 150-  
59, 166-68.  
Ásgrinnr Elliðagrimss., 346,  
374, 88.  
Áskell goði Eyvindars., 232-  
81, 291.  
— Fjörleifars., 232.  
Áslákr í Bárðardal, 302.  
Ásmundr, 215-16.  
Astriðr Böðvarsd., 333.  
— Eiríksd., móðir Ólafs  
Tryggvas., 333.  
— Viglússd., 328, 31-36,  
340-44.  
— Þorbjarnard., 242.  
Auðinn rotinn, 364.
- Atlanautr (sverð), 158, 163,  
191.  
Atli bóndi, 80-81.  
— á Grund, 255.  
— hinn rammi, 35.  
— víkingr, 146.  
Auðgisl, 314-15.  
Austfirðingar, 32.  
Austmenn, 5, 22-23, 216.
- B**árðr, 103.  
— greipr, 133.  
— á Skáldstöðum, 364-70,  
384.  
— sterki, 169.  
— stýrimaðr, 184-85.  
Berserkr, 378.  
Bessi Hallason, 205, 210-21,  
225.  
Birna, 143.  
Bjarni Broddhelgas., 29-35.  
— Rólfsson, 196.  
— Þorsteins., 298-304.  
Björgólfr víkingr, 185-86.  
Björn, 149.  
— buna, 323.  
— digri, 198.  
— frændi Fjörleifarsona,  
234-39.  
— járnhaus, 337-38.  
— Skiðas., 170, 181.  
— húskarl Þórðar, 145.  
— Þorgrimss. at Hofi, 207,  
214, 218-27.  
— Þóroddss. goða, 317-19.  
Brandr Gunnsteins., 71-107.  
— Þorkelss., 22-29, 35.  
Broddhelgi, 13.  
Broddi Sörlason, 16.  
Bruni í Gnúpuelli, 36, 63-64.



Brúsi skáld Hallas., 364, 95.  
 Brynjúlfur, 189.  
 Búðvar Arnórss., 282.  
 — Eyólfss. breiðhöfna, 192.  
 — gipr Sigmundars., 201-5,  
 215-21, 225.  
 — Vikinga-Káras., 333.  
 Bögguver Klaufason, 192.

**D**agr, 95.

**E**ighu-Halli, br. Karls únga,  
 192.

Einarr, 317.  
 — Arnórss., 72, 79, 85.  
 — Eyólfss., 13-21, 32-56,  
 69-70, 91-94, 206, 364,  
 370-72, 384-97.  
 — Járnkeggjas., 86-87, 103.  
 — Konálss., 40, 43, 62, 232,  
 280, 300, 358.  
 — Reykdælski, 25-26.  
 — Sörlason, 16.  
 — br. Vigaskútu, 302-4.  
 Eiríkr afi Ol. Tryggvas., 333.  
 — húskarl Þórarins Þórisss.,  
 381-82.  
 Eldjárn Arnórss., 99-100.  
 — mildi Áskelss., 304, 307.  
 Emma (brynju nafn), 107.  
 Esphælingar, 335, 344-59,  
 371-87.  
 Eyör í Ási, 89.  
 Eyfirðingar, 21, 84, 214, 224,  
 323, 363, 394, 397.  
 Eyjólfur, 313.  
 — bóndi, 104.  
 — Guðmundss. ríka, 70-112.  
 — Ingjaldss., 323-44.  
 — á Möðruvöllum, 201-5,  
 253-59, 262-301, 349.  
 — breiðhöfði Þorgilss., 192.  
 — Narfas., 392.  
 — Þorleifss. háfa, 376.  
 — Þormóðss., 297-304.  
 — Þorsteinss. á Tjörn, 219-  
 20.  
 Eyllifur, 103.  
 — í Gnúpufelli, 63-66.

Eyllifur skyti, 36.  
 Eymundur askaspillir Þórisss.,  
 333.  
 Eysteinn Austmaður, 378-82.  
 — Mánas., 232-33.  
 Eyvindur Austmann, 196, 323,  
 382.  
 — Þorsteinss., 231-32.

**F**innbogi rammi, 80.  
 Finni, 67-71.  
 — Þorgeirss., 7-8, 104.  
 Fjall-Oddur, 86.  
 Fjörleif Eyvindard., 232, 265.  
 Fjörleifarsynir, 232, 259, 281.  
 Flóki hundur, 302.  
 Flugá (spjót), 310, 361.  
 Fornir, 3, 5.  
 — bóndi, 103.  
 Freyr, 345, 348, 371, 390.  
 Friðgeirr bóndi, 71.  
 Friðgerður Friðgeirsd., 71.  
 — Isólfss., 73-77.

**G**alti, 267-69.  
 Garðar, 231.  
 Gauti Armóðss., 109.  
 Gautur, 302-3.  
 Geirdís, 171.  
 Geiri Austmaður, 282-88.  
 — Geirdísars., 171.  
 Geirlaug, k. Þóris Helgason,  
 36-38.  
 Geirrekr, 245.  
 Geitissynir, 35.  
 Gellir, 71, 89, 93-97, 105-6.  
 Girðir, 80.  
 Gizur biskup, 108.  
 — hvíti, 333, 346.  
 — Kaðalss., 349-53, 388.  
 Glúmr (Viga-Glúmr) Eyólfss.,  
 204, 298-312, 334-98.  
 — Geiras., 282-89.  
 Gnúpu-Bárður, 232.  
 Gnúpr á Óxnahóli, 263-69.  
 Goðrún Þorsteinsd., 195.  
 Grani á Granastöðum, 254-  
 55, 276-77.  
 Greifi þræll, 112.



Grettir, 3.  
 — Asmundss., 109.  
 Grimr, 294-95.  
 — Eyrarleggr, 348, 395-96.  
 — Sköðason, 170.  
 Griss, 138-63.  
 Grundarinn, 163.  
 Guðbrandr Þorvarðss., 376-85.  
 Guðdællir, 89, 95.  
 Guðmundr ríki Eyólfss., 6-78,  
 201-28; 389-97.  
 — gamli, 167.  
 — Oddss., 108.  
 Guðriðr, 16.  
 — móðir Þorkels háks, 63.  
 Guðrún, k. Haldórs, br. Þor-  
 varðs Höskuldss., 92.  
 — Kolbeinsd., 16.  
 — matselja, 36-37.  
 — Þórarinsd. sælings, kona  
 Skeggbrodda, 90.  
 — dóttir Þorkels háks, 60, 84.  
 Gunnarr stýrimaðr, 171-76.  
 Gunnsteinn, 271-72, 348.  
 — Þórðarson, 72, 84-88.

**H**afsteinn Þengilss., 269-72.  
 Hafþórr Ljótss., sjá: Snækollr,  
 Hákon Abalsteinsfóstri, 326.  
 — jarl, 6.  
 — jarl Ívarss., 71, 106.  
 Haldór Guðmundss. ríka, 66,  
 71, 85.  
 — Höskuldss., 92.  
 Haldóra Arnórssd., 394.  
 — Einarsd. Þveræings, 90.  
 — d. Gunnsteins ok Hlifar,  
 kona Vigaglúms, 348-49,  
 381-82, 395.  
 Hallbera Þóroddsd., 391.  
 Hallfríðr Þorkelsd. háfa, 334.  
 Halli enn digri, 378-92.  
 — enn hvíti, Þorbjarnarson,  
 364-70.  
 — (Hreðu-Halli) Sigmundss.  
 201-14.  
 Hallketill Fjörleifars., 232, 237  
 Hallr Ótyggss., 71, 84-106.  
 — at Sandfelli, 282, 287-89.

Hallvarðr Arnórss., 5.  
 — fóstri Vigfúss, Glúmsson-  
 ar, 364-66.  
 Háls Fjörleifars., 234-78.  
 Hámundr heljarskinn, 197,  
 334.  
 Hánefr bóndi, 240-48.  
 Haraldr konungur hárfagri,  
 115, 195-96.  
 — konungur Sigurðars., 71,  
 106-7.  
 Hárekr, 24-25, 90.  
 Hávarðr Austmaðr, 220.  
 — Fjörleifars., 232-36, 280-  
 81.  
 — í Isólfsstúngu, 302-4.  
 — or Þorvaldsdal, 144, 166.  
 Hæðinn or Hæðinsfirði, 137.  
 Heklu-Skeggi, 142, 144, 158,  
 167.  
 Helga Eyjúlfsd., 334, 376, 383,  
 — Granad., 254, 273-79.  
 — Þórðard., 392.  
 — Þorkelsd., 359.  
 Helgi Arnsteins., 40-44.  
 — Eyvindars., 232.  
 — bróðir Hróa, 247-48.  
 — hinn magri, 17, 36, 148,  
 196-97, 323, 392.  
 — Valþjófss., 36.  
 — Þorbjörnss., 242, 262-81.  
 Herðis Haldórsd., 85.  
 — Þórðard., 35.  
 Herjólfur Fjörleifars., 232, 251-  
 52, 264-66.  
 Hermundr Illugason, 222.  
 Herrauðr jarl, 127-36, 194-96;  
 Hærprúðr Gissursd., 349.  
 Hildir Gautad., 109.  
 Hjalmr Arnórss., 85-91, 105,  
 Hjalti, 156.  
 — Eirikss., 63.  
 Hlenni hinn spaki í Saurbæ,  
 62-72, 81.  
 — enn gamli Örnólfs., 349,  
 368-70, 388.  
 Hlíf, kona Gunnsteins, 348.  
 Hnjóskdællir, 75.  
 Hrafn bóndi, 240-43.  
 — á Hóli, 265, 263-69.



- Hrafn Klaufason, 192.  
 — verkstjóri, 253-63.  
 Hrani í Birnunnesi, 143-44.  
 Hreiðarr stýrimaðr, 323-33.  
 Hríseyjar-Narfi, 334.  
 Hrotgeirr lúti Hrafuss., 197.  
 Hrói bóndi, 244-48.  
 — Tungugöbi, 291.  
 Hrólf bóndi, 208.  
 — Helgason, 17.  
 — Ingjaldss., 63.  
 — neiglita, 145, 148-53.  
 — Sigmundss., 201-5, 214-19, 225-27.  
 — Þorkelss., 104-5.  
 Hrækr, 107-9.  
 Hræringr, 156-57.  
 Hörgdællir, 52.  
 Höskuldr lögmaðr, 137-38, 144.  
 — Þorgeirss., 7-13, 62, 70-73.  
 — Þorvarðss., 70-107.

- J**  
 Járnскеggi, 100-2.  
 Játgeirr, 313.  
 Jögibjörg Herraúsd. jarls, 134-46, 195.  
 Ingjaldr í Gnúpufelli, 201-7.  
 — Helgas. magna, 197, 323-25, 334, 392.  
 Ingólfr Þorvaldss., 354-60.  
 Ingunn Helgad. magna, 197, 334.  
 — Þórisd., 334.  
 — Þorólfsd., 288.  
 Ingöldr fagrinn Ásgeirsd., 139, 150-59, 168-75, 181-90.  
 — Klaufad., 192.  
 Islendingar, 327-28.  
 Írar, 189-90.  
 Ísgerðr, 270-72.  
 Ísleifr biskup, 77.  
 Ísólfr, 73-79.  
 Ívarr, 110.  
 — bróðir Hreiðars stýrimanns, 326-33.  
 Jöðurr, 376, 382.

- K**  
 Kaðall, 349.  
 Kálfr, 249.  
 — (Hlöðu-Kálfr), 355-58.  
 — hinn kristni, 97-102.  
 Karl úngi Karlss., 176-92.  
 — rauði Þorsteinss., 137-76, 191-98.  
 — afi Valla-Ljóts, 212.  
 Ketill biskup, 108.  
 — bóndi, 104.  
 — flatnefr, 278, 323.  
 — sjá: Hall-Ketill.  
 — Hörzki, 231.  
 — Möðruvellingsprestr, 77-78.  
 — Þorvaldss. króks, 378, 390.  
 Kjarvall, Ira konúgr, 196.  
 Klaufi Snækollss., 140-67, 173, 191-92.  
 — Þorvaldss., 349, 393.  
 Klængr Narfas., 392-96.  
 Knútr konúgr, 108.  
 Koðrán Guðmundss. ríka, 70-72, 81-89, 97-107.  
 Kolbeinn, 150-56.  
 — Flosason, 16.  
 Kolli á Sauðanesi, 304.  
 Kolr biskup, 397.  
 Konáll Ketilss. Hörzka, 232, 258, 264.  
 Kristr, 197.

- L**  
 Ljósvefningar, 62, 70, 88.  
 Ljótólfr goði Nefglitas., 137-41, 148-98, 207.  
 Ljotr hinn bleiki, 121-28, 132, 194-96.  
 — hofgöbi at Þverá, 245, 248.  
 — Ljótólfs. sjá: Valla-Ljotr.  
 — Ljótólfs., 207.

- M**  
 Magnús konúgr, 106-7.  
 Máni, 250.  
 Márr, 98-99.  
 — Glúmss., 303-4, 354-64, 374-87, 397.



Melkólfr þræll, 266-67.  
 Móðólfssynir, 291.  
 Moldi víkingr, 128-34, 193-94.  
 Mýlaugr, 232-33.  
 Möðruvellingar, 71, 90, 106,  
 205, 371.

**N**afarr (sax), 282-91.  
 Narfi, 216, 220-23, 392.  
 — frændi Vemundar, 269-72.  
 — Nättfari, 231.  
 Norðlendingar, 224, 354-55.

**O**ddbjörg spákona, 353-54.  
 Oddi Grimss., 81-86, 97, 107-9.  
 — Þorgeirss., 86.  
 Oddkatla Oddkelsd., 349, 364.  
 Oddketill or Þjórsárdal, 349,  
 364.

Ófeigr Járngerðarss., 3-34, 67-  
 68, 288-90.

**Ó**lafr, 295-97.  
 — Asgeirss., 139, 151-59,  
 165-69.  
 — konungr, 110-11.  
 — or Ólafshrói, 137, 172-73.

— Tryggvas., 333.

Ólöf Böðvarsd., 333.

Ormr Hallas., 364.

Óspakr, 100-2.

Osvifr, 100-2.

Otrygg, sáðir Halla, 71, 84-  
 85, 97.

— i Óðslu, 79.

— heimamaðr Þorbergs, 284-  
 88.

Óttarr Þorgrimss., 317.

**P**étr postuli, 71, 106.

**R**afarta Kjarfalsd., 323.

Rafn, son Þorkels háks, 70,  
 79, 82-93.

Rundólfr, br. Gizrs Kaðals.,  
 349.

Ragnhildr, 168.

— Ljótisd., 192.

Rauðr, 188.

Reykdælir, 19, 21, 248-49.  
 Rindill, *sjá*: Þorbjörn rindill.  
 Rólfr frá Anu, 196.  
 — Helgason magra, 197.

**S**alds, kona Gizrs Kaðals.,  
 349, 354.

Sigmundur Karlss. rauða, 201-2,  
 214-25.

— Þorkelss. háfa, 334-47,  
 378.

Signý Bessad., 205.

Sigríðr Snækollsdóttir, 140-41,  
 150, 160-67.

— Þorgeirsd. goða, 95.

— fóstura Víga-Skútu, 315-19.

Sigurðr, 149.

— farnaðr, 112.

— Norrænn, 5.

— Víkingakáras., 328, 333.

— Þrændski, 22-25.

Skapti Þoróddss., 215, 224-25.

Skefill (sverð), 282-91.

Skeggbroddi, 77, 90-109.

Skeggi hinn rammi, br. Álfs,  
 93-94.

Skíði, 148, 151, 165-90.

Skúta, *sjá*: Vigaskúta.

Snorri Hliðarmannagoði, 13.

Snækollr Ljótss., 140, 196.

— (hest), 355.

Solveig Þorbard., 70, 72.

Stari, son Þorgerðar Tjörfad.,  
 85-86.

Steinflögr, 270-72.

Steingrímur Órólfss., 242-81,  
 291.

— i Sigluvik, 334, 376.

Steinn Þorbjörnss., 242, 249-  
 50, 262-69.

Steindólfr Arnórss., 353, 371-84.

— Ingjaldss., 323, 350.

Svarfdælir, 204, 208, 214-22.

Svarthöfði, 137.

— Hósinss., 137, 166, 171-75.

Svartr þræll, 256-59.

Svinfellingar, 56.

Sæmundr hinn fróði, 16.

Sölmundur Víðarss., 3-13.



Sörli Broddhelgas., 13-16.  
Söxólfr Viðarss., 3, 5.

**T**eitr Ketilbjarnas., 346.  
Tjörfi Þorgeirss., 7-11, 62, 104.  
Torfi í Torfufelli, 201-4.

**Ú**lfheiðr Íngjaldd., 334,  
392.

Úlfr stallari, 100-2.  
Una Oddkelds., 354, 368.  
Uni, 135-37, 148-56.  
Urðarmenn, 192.

**V**agn (spjót), 282-91.  
Valdis, 3-3.  
Valgerður Runólfssd., 349.  
Valla - Ljótur Ljótólfss., 192,  
207-28.

Valþjófr Helgason, 36.  
Veisunenn, 82.  
Veisusynir, 73.  
Vemundur (Vermundur) Ólafss.,  
137, 166, 172.  
— kögr Fjörleifars., 232-81.  
Vestfirðingar, 354.  
Vestmann, 316.  
Viðarssynir, 3, 4.  
Viga-Glúmr, *sjá*: Glúmr Ey-  
jólfsson.

Viga-Skúta Askelss. goða, 232,  
280-320, 360-64.  
Vigdís Auðunsd. rotins, 364.  
— k. Þorgeirs óxarstafs, 86.  
— Þórisd., 334, 343-44, 378.  
Vigfúss Eyjólfss., 334.  
— móðurf. Glúms, 339.  
— hersir Sigurbars., 328-39,  
345.  
— Vigaglúms., 51-56.  
— Þorvalds., 143.  
Vikingakári, 328, 333.  
Vöðlu- (Vöðu-) Brandr, *sjá*:  
Brandr Þorkelsson.

**Ý**ngveldr allra-systir, 275,  
376.

**Þ**jóðólfr, 359.

Þór, 197.  
Þóra Hafsteinsd., 269-72.  
Þórarinn á Hellu, 143-44.  
— Höskuldss., 71, 103-4.  
— ofsi, 109-13.  
— Nefjúlffss., 15-16.  
— sælingr, 90.  
— Þóris., 334-35, 344-49,  
370-94.

Þórarina, 139.  
— Þorsteinsd., 195-96.  
Þorbergr höggvinkinni, 282-  
97, 313-19.

Þorbjörg Eyvindard., 232.  
— systir Vigaskútu, 297, 300.  
Þorbjörn, 17-18, 27-28.  
— í Askógi, 242, 249, 250,  
262-70.  
— rindill, 57-66.

Þorbrandr Narfason, 392.  
Þórdís Bjarnad., 371.  
— Gizorsd., 349-52.  
— Guðmundsd., 13-16, 167.  
— Kaðalsd., 334, 349.  
— skjaldkona, kona Eylifs í  
Gnúpufelli, 63.

Þórðr, 105, 144-45, 246.  
— fángari, 142.  
— Freys-goði, 334.  
— gapa, 151-52.  
— gellir, 294.  
— Glúnmsson, 288.  
— Hrólffs., 208.  
— frá Höfða, 35, 349.  
— Illugi Þóroddsson goða,  
317-19.  
— Ólafss., 137, 166, 172-73.  
— Rafnss., 378-79, 392-94.  
— slitandi, 242.  
— á Völlum, 274-75.  
— bróðir Þorgeirss., 70, 72.  
— frændi Þorgeirss., 8.

Þorfinnr Arnórss., 3, 7, 282,  
287.

Þorgautr, 295-97.  
Þorgeirr Hávarðss., 109-12.  
— goði, 3-13, 36, 63, 70,  
104, 238, 286-97, 315-18.



- Þorgeirr smjörhringr, 260-63.  
 — Þórisss. flatnefs, 305-6.  
 — óxarstafr Grenjaðars., 86.  
 — bóndi, 104.  
 Þorgerðr, k. Halls Ótryggss., 84.  
 — í Hraunskási, 244, 247.  
 — kona Karls rauða, 174-76.  
 — Ljótssd. eða Ljótólfsd., 217.  
 — Tjörfad., 85.  
 — systir Viga-Glúms, 298, 301-4.  
 — kona Þorkels háks, 59-62.  
 — Þorvaldsd., 349.  
 — Þorvarðsd., k. Háreks, 90.  
 Þorgils, félagi Grettis, 109.  
 — mjök-siglandi, 192.  
 Þorgnýr, 115-22, 194-95.  
 Þorgríma, frændkona Vemundar, 266.  
 Þorgrímur, 207.  
 — fjúk, 392.  
 — grái, 148, 155.  
 — Gunnsteinss., 348.  
 — bróðir Karlssona, 179.  
 — Óttarss., 317-19.  
 — Þórisss., 334, 349-53, 371.  
 — trölfi, 111.  
 — bróðir Valla-Ljóts, 207, 217-22.  
 Þórhalli, 69, 70.  
 Þórhallr í Hafrafellstúngu, 247.  
 Þórhildr, móðir Ingoldar fagrkinnar, 151.  
 — Vaðla-ekka, 68.  
 Þórir, 109, 110.  
 — Akrakall, 40-53.  
 — flatnefr Eyvindars., 305, 317.  
 — Finnbogass., 80, 82.  
 — geitbeggr, 245.  
 — frændi Halls Vemundars., 207-11.  
 — Hámundars. heljarskinns, 334, 346-52, 364.  
 — Helgas., 36-56.  
 — á Hrossá, 109.  
 — Ketilss. flatnefs, 278-79, 291-93, 305.  
 Þórir leðrháls, 232.  
 Þorkatla hin gamla, 143.  
 — Hallsd., 282.  
 — Vemundard. kögrs, 239.  
 — k. Þorvalds króks, 349.  
 Þorkell bóndi, 22-23, 28.  
 — Eyólfss., 222.  
 — Geirason, 282-91, 298.  
 — Geitiss., 25-35, 105.  
 — enn háfi, 376.  
 — Hallgilss., 70-78, 88, 94, 97.  
 — á Hamri, 357-60.  
 — í Hlíð, 98.  
 — Skeggjas., 138.  
 — Skibás., 170, 176-78.  
 — Tjörfas. Þorgeirss., 104.  
 — hákr Þorgeirss., 36, 40, 58-62, 67, 70-71, 84-85.  
 — Þorgeirss., 7, 235, 238.  
 — Þorgerðars., 244-48.  
 Þorlaug Atlad., 35-39, 63, 66, 70.  
 — Glúmsd., 99, 304, 307, 360.  
 Þorleifr Ásgeirss., 139, 157-69.  
 — háfi, 376.  
 — melrakkí, 240-49.  
 Þormóðr, 297-304.  
 — Ásgeirss., 71, 106-7.  
 — kolbrúnaskáld, 111.  
 — í Laxárdal, 232.  
 Þóroddr, 81.  
 — Arnórss., 85, 87, 91.  
 — goði Eyvindarson, 305, 317-19.  
 — harðjaxl, 245-47.  
 — Hjálms., 391.  
 Þórólfr, 80.  
 — Veleifss., 288.  
 — Þorgnýrss., 115-28, 194.  
 — Þorsteinss., 136, 196.  
 Þorsteinn, 298.  
 — Askelss. goða, 232, 280-300.  
 — blindingr, 264.  
 — bollkamr, 233-36.  
 — draflí, 73.  
 — Eyjólfss., 334, 340-44, 386.  
 — Gnúpu-Bárðars., 232.



- Þorsteinn, heimamaðr Gunnsteins, 86.  
 — verkstjóri Gunnsteins., 36-39, 103-9.  
 — höfði, 231. ●  
 — frændi Hreiðars, 331-32.  
 — bróðir Karls Karlss., 179.  
 — kjúgr, 289-90.  
 — ramni, 80, 82-85.  
 — Siðn-Halls., 28-34.  
 — á Tjörn, 219-20.  
 — varastafr, 288-90.  
 — Þorbergss., 282, 287.  
 — svöfr Þorgnýrss., 115-56, 166, 194-98.
- Þórur hyrna, Ketilsd. flatnefs, 323.
- Þorvaldr Galtason, 267-69.  
 — Hrólfss., 208.  
 — br. Karls Karlss., 179.  
 — líkþráj, 98.  
 — menni, 392-93, 396.  
 — Narfason, 392.  
 — Reimss., 349.  
 — ta. aldi Steingrimss., 334, 376, 380-83, 395.  
 — krókr Þoriss., 334-36, 349, 358, 372-90.  
 — í Þorvaldsdal, 143.
- Þorvaldr Þorvaldss., 143.  
 Þorvarðr, 384-89.  
 — Höskuldss., 70-106.  
 — lækur, 87, 88.  
 — Þorgeirss., 81, 291.  
 — Þorgrimss., 207, 214-18, 225.  
 — Örnólfss., 275, 278, 376-79.
- Þrándr bóndi, 304.  
 — í Grimsey, 225-28.
- Þundarbenda (Þræll), 381.
- Þurir Þórtard. frá Höfða, 349.
- Þveræingar, 73.
- Ö**gmundur Höskuldss., 137-38, 147, 161, 164-76.
- Ölver, 3-5.  
 — hinn spaki, 282, 318-19.
- Ömundr Hrólfss., faðir Ófeigs, 17.
- Örn Geirason, 282.  
 — húskarl Höskuldar Iögmans, 144.
- Örnólfur hrella, 255-56, 273.  
 — töskubak, 349.  
 — Þórðars., 242.  
 — Þorvarðss., 278.



## REGISTR

yfir landa, staða og fljóta nöfn, sem finnst  
í þessu bindi.

- A**kreymi, 29.  
 Akrshöfði, 246.  
 Alptafjörör, 28.  
 Álstaðir, 255.  
 Ardalur, 361.  
 Arnarnes, 267-68.  
 Arnarstaðir, 80.  
 Arnarvatn, 283.  
 Ás, 89.  
 Ás í Kelduhverfi, 90.  
 Áskógr, 242, 249, 250, 269,  
 272, 277.  
 Ásland, 148.  
 Aungulstaðir, 378.  
 Austrvegur, 103.
- B**akkagarör, 164.  
 Bakkavað, 163.  
 Barð í Fljótum, 349, 393.  
 Bárðardalur, 58, 79, 240, 242,  
 255, 265, 302, 313.  
 Beljarskarð, 83.  
 Birnunes, 143.  
 Blaðsgerði, 141.  
 Blakksgerði, 166.  
 Bleikjudalur, 164.  
 Bleikmýrardalur, 29.  
 Borðatjörn, 270, 272.  
 Borgarfjörör, 89.  
 Borgarhöll, 335.  
 Brekka, 151-59.  
 Brettingsstaðir, 71, 103.  
 Brynjúsbrekka, 61.  
 Eyrfellshús, 156.  
 Fæsa, 36-37.  
 Böggstaðir, 171, 192.
- D**alur, 93.  
 Dalsbær, 219.  
 Danmörk, 184, 186, 239.  
 Deildardalur, 136.  
 Djúpidalur, 388.
- Draflastaðir, 73, 80.
- F**inarstaðir, 232, 258.  
 England, 71, 106, 222.  
 Espihóll, 334-35, 349, 351,  
 364, 374, 377.  
 Eyjafjarðará, 276.  
 Eyjafjarðardalur, 254, 276, 349,  
 364.  
 Eyjafjörör, 17, 19, 23, 40, 56,  
 69, 88-89, 109-12, 196,  
 214, 233, 236, 242-44, 251,  
 266, 269, 276, 307, 323-25,  
 334, 345, 353, 363, 371-72,  
 387-8, 398.  
 Eyjarvað, 303.  
 Eykibrekka, 141.  
 Eykisik, 142.  
 Eyrar, 107, 182, 239, 296.  
 Eyrarskógr, 65.
- F**ángabrekka, 31, 354.  
 Fell, 67, 255-56.  
 Fellsmúli, 232.  
 Fiskilækjarhverfi, 311-12, 363.  
 Fjósatunga, 12.  
 Fjörleifartóptir, 265.  
 Flatey, 104, 249.  
 Flateyjardalur, 80, 88, 103.  
 Fljót, 167, 349, 93.  
 Fljótsheiði, 232, 257-58, 264,  
 279.  
 Fljótshverfi, 17.  
 Fornastaðir, 70-73, 83, 88, 98.  
 Fornhagi, 397.  
 Fors, 291.
- G**álmaströnd, 242, 263, 267.  
 Gásar, 78, 244, 251-52, 266,  
 351.  
 Gautelli, 122.  
 Gautland, 106, 193, 196.



Gantlönd, 301.  
 Geirastaðir, 282, 286, 288.  
 Geiravellir, 171.  
 Gerfi-nesá, 175.  
 Gnúpar, 3.  
 Gnúpsskarð, 302.  
 Gnúpufell, 36, 62-66, 201, 204,  
 388.  
 Gnúpufellsá, 205.  
 Grafarhús, 172.  
 Granastaðir, 254.  
 Grimsey, 156, 225, 250, 267.  
 Grimseyjarsund, 232.  
 Gritubakki, 84.  
 Grund, 140, 142, 147, 150-53,  
 158, 166-69, 176-82, 190,  
 197, 211, 253, 255.  
 — í Eyjafirði, 334, 349, 373-  
 74.  
 Grænland, 112.  
 Guðdalir, 10, 79.  
**H**afrafellstúnga, 247.  
 Hagi, 3, 5, 392-93.  
 Háleyri, 188.  
 Halfdánartúnga, 58-59.  
 Háls, 76, 88, 269, 272, 279, 303.  
 Hamar, 357, 359-60.  
 Hanakambr, 391.  
 Hæðinsfjörðr, 137.  
 Hegraues, 358, 385-86.  
 Helgastaðir, 231-32, 255.  
 Hella, 143.  
 Hellugnúpskarð, 58, 61.  
 Hestavað, 82.  
 Hetland, 195.  
 Hjalli, 222.  
 — í Ölfusi, 305.  
 Hlið, 98.  
 Hnjóská, 269.  
 Hnjóskadalr, 18, 23, 29, 72,  
 76, 79, 84, 252, 271, 302.  
 Hof, 142, 148, 152, 160, 165-  
 72, 183, 187, 190-91, 198,  
 207.  
 Hofsa, 218.  
 Hólar í Eyjafirði, 334, 343-44,  
 359.  
 Hóll í Kræklingahlöð, 255, 263,  
 265-68.  
 Holt hit ytra, 171.

Holt í Laxárdal, 245.  
 Holtsdalr, 171.  
 Hrafnagil, 72, 79.  
 Hrafnagilslaug, 351, 389.  
 Hrafnasker, 297.  
 Hrafnastaðir, 192.  
 Hranarek, 144.  
 Hraun, 138.  
 Hraunsás, 244.  
 Hripkelsstaðir, 335.  
 Hrisateygr, 376, 383, 389.  
 Hrisey, 41, 98-99, 197, 267,  
 392-93.  
 Hróatúnga, 291.  
 Hrossá, 109.  
 Hrossavík, 233.  
 Hrítafjörðr, 109.  
 Húsavík, 3, 46, 231-33, 237,  
 282, 288.  
 Hvamur, 232, 281-82.  
 Hyltinganaust, 175.  
 Hæringstaðir, 156.  
 Höfðahverfi, 84, 270.  
 Höfði, 81, 269-70, 349.  
 Hörðabrekka, 212.  
 Hörðaland, 231.  
 Hörgárdalr, 36-37, 44, 263,  
 266, 348, 392, 398.  
 Hörstaðir, 292.  
 Höskuldsstaðir, 148.  
**I**llugastaðir, 12.  
 Íngarastaðir, 192.  
 Írland, 189-90, 196.  
 Ísólfstúnga, 302.  
**J**arlstaðir, 256, 273.  
 Jörunnarstaðir, 364.  
 Jökulsá, 29, 246.  
**K**akalahóll, 71, 85.  
 Kaldakinn, 67.  
 Kambsrími, 137.  
 Kárapollr, 278.  
 Karlsá, 176, 197.  
 Karlstaðir, 192.  
 Karreyri, 291.  
 Kaupáng, 76.  
 Kelduhverfi, 90.  
 Kjölur, 107.  
 Klaufabrekka, 207-8.



Klaufabrekkur, 150, 157.  
 Klaufahlíð, 157.  
 Klaufanes, 150, 157.  
 Klifshagi, 244-46.  
 Knarareyri, 251.  
 Knarrarvað, 379.  
 Kolbeinsár-ós, 184.  
 Kolbeinsey, 156.  
 Kristsnes, 196, 275, 323, 376.  
 Krókamelar, 156.  
 Kroppr, 242, 251, 277.  
 Krossavík, 25-28, 35.  
 Krossdalr, 29.  
 Krossfjörðr, 288.  
 Kræklingahlíð, 255, 263, 268.  
 Kviabekkr, 215.  
 Kötlufjall, 143.

**L**angaland, 36, 39, 56.  
 Laufás, 77, 268.  
 Laugaland, 266, 376.  
 Laugar, 255-56, 259, 265, 316.  
 Laxárdalr, 232, 245, 269, 288,  
 297, 369.  
 Leyningsbakki, 276.  
 Ljósaland, 71.  
 Ljósavatn, 3, 18, 72, 79, 104,  
 235, 286, 288, 292.  
 Ljósavatnsskarð, 36, 58, 67,  
 234, 253-59, 269.  
 Lón í Hörgárdal, 348.  
 Lundabrekka, 70, 79, 90, 240,  
 242, 313.

**M**áfahjalli, 297, 299.  
 Mánahjalli, 245.  
 Melar, 149-50, 266.  
 Melshöfði, 147.  
 Miðárdalr, 361, 368.  
 Mjadmardalr, 308-9, 361, 368.  
 Miklabær, 92.  
 Miklagarðr, 107.  
 Mosfell, 346.  
 Mýlaugsstaðir, 232.  
 Mýri, 22, 298, 301.  
 Myrkárdalr, 392.  
 Mýrvatn, 29, 86, 232, 244, 251,  
 264, 282-83, 287, 295, 303,  
 307, 311, 317, 334, 347,  
 360.  
 Mývatnshverfi, 311-12, 363.

Möðrudalsheiði, 265.  
 Möðrufell, 70-72, 334, 3<sup>5</sup>3,  
 3<sup>3</sup>76.  
 Möðruvellir, 17-20, 41-42, 69-  
 74, 108, 112, 205, 210,  
 220, 253, 280, 349, 392.

**N**arfarsdalr, 164.  
 Naumudalr, 115, 128, 194.  
 Naust, 68.  
 Nes, 86.  
 Nes í Noregi, 327.  
 Niðarós, 139, 145.  
 Norðendinga fjórðungur, 281.  
 Norðmæri, 323.  
 Norðárdalr, 91.

**O**ddeyri, 37, 394.  
 Oðsla, 79.  
 Olafsfjörðr, 137, 172, 192,  
 215-16.  
 Orkneyjar, 56, 195.  
 Öpveginstunga, 239.

**R**angárvellir, 354.  
 Rauðahjalli, 309, 361.  
 Rauðalækr, 17.  
 Rauðaskriður, 232-34.  
 Raufarhöfn, 244.  
 Raumsdalr, 323.  
 Raumsdælafylki, 323.  
 Reyðarfjörðr, 25.  
 Reykjahlíð, 3-8, 282, 287-88,  
 305, 316.  
 Reykjahverfi, 17, 28, 245, 248.  
 Reykjardalr, 3, 18, 40, 231-34,  
 244, 264, 268-69, 316.  
 Reykir, 3, 17, 27, 316.  
 Risar, 219.  
 Róm, 71, 103, 106.

**S**andfell, 282, 287-89.  
 Sandr, 171.  
 Sandvík, 197.  
 Sauðadalr, 219.  
 Sauðanes, 304.  
 Saurbær, (3-64, 359, 354.  
 Saxland, 71, 106.  
 Seljadalr, 64.  
 Siglufjörðr, 137, 67.  
 Siglunes, 137, 323.



Sigluvík, 334, 376.  
 Silfrastaðir, 92.  
 Skagafjörðr, 56, 148, 184, 267,  
 307, 367.  
 Skagalverfi, 231.  
 Skáldstaðir, 354.  
 Skálholt, 77.  
 Skeggjastaðir, 133.  
 Skibadalr, 170, 181-82.  
 Skorðumýri, 142, 169.  
 Skútuastaðir, 282.  
 Skörð, 3, 4, 17-21, 28, 288, 298.  
 Sletta, 244.  
 Sólskel, 145.  
 Stafsholt, 135.  
 Steindyr, 133, 161, 167.  
 Stokkahláðir, 109, 276, 356,  
 358, 378 392.  
 Strandir, 307.  
 Strönd, 156, 171.  
 Suðrnmæri, 323.  
 Suðrriki, 185.  
 Svalbarð, 87-88.  
 Svarfaðardalsós, 97, 171, 187,  
 190.  
 Svarfaðardalr, 135, 165, 206,  
 216, 393.  
 Svarthöfðasteinar, 137.  
 Svinanes, 91.  
 Sviþjóð, 127, 288.  
**T**  
 Teigarhöfði, 155.  
 Teigsfjall, 149.  
 Tjarnir, 73, 234, 253, 256,  
 349, 354.  
 Tjörn, 219, 221.  
 Tjörnnes, 22, 58, 67, 231.  
 Torfufell, 201-2, 354.  
 Tungá, 149.  
 Tungugerói, 176.  
**Ú**  
 Úfsdalir, 386.  
 Upplönd, 331.  
 Uppsálar, 353-54, 371-72, 378,  
 380.  
 Uppsar, 166-76, 182, 187, 190-  
 92, 217, 221.  
 Urðarlús, 155.  
 Urðir, 192.

**V**  
 Vávilshorn, 111.  
 Vaðlar, 68.  
 Vaglar, 7.  
 Vallabær, 223.  
 Vallalang, 92.  
 Vatnsdalsá, 154.  
 Vatnsdalshölmur, 139.  
 Veisa, 70-72, 78, 80.  
 Vellir, 192, 211, 218, 274.  
 Vestmervatn, 231.  
 Vetrliðastaðir, 252.  
 Viðihölmur, 139.  
 Viðines, 349, 368-69.  
 Vík, 103, 239.  
 Vindheimar, 266.  
 Vitazgjafi, 340-43.  
 Vopnafjörðr, 25.  
 Vors í Noregi, 323, 328, 331,  
 335.  
 Vöðluheiði, 18, 81, 104, 277,  
 309, 351.  
**Y**  
 Ytri-Skörð, 291.  
**Þ**  
 Þingavæð, 183, 252-54, 259,  
 Þjórsárdalr, 319, 354.  
 Þorvaldsdalr, 143 44.  
 Þrándheimur, 139, 145, 187.  
 Þriðjungavæð, 83.  
 Þverá, 13-21, 32-36, 42, 45, 48,  
 84, 87, 204, 245, 248, 271-  
 72, 298, 300, 307, 309, 312,  
 323, 334, 339-40, 344 48,  
 351, 355, 359-61, 368, 372,  
 377-78, 388.  
 Þverárland, 383, 390-91.  
 Þverbrekka í Öxnadal, 392.  
**Æ**  
 Ærlækur, 10.  
 Æsustaðir, 359.  
**Ö**  
 Ölfus, 305.  
 Öndörstaðir, 244, 264.  
 Öxará, 36, 52, 59, 67.  
 Öxarfjörðr, 10, 244, 246, 298.  
 Öxnadalshéiði, 91, 303-9, 397.  
 Öxnadalr, 392.  
 Öxnafell, 372.  
 Öxnahóll, 263.









Biblioteka Główna UMK



300049576313